
Pátttaka Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA í einkavæðingu Búnaðarbanka Íslands hf. árið 2003

Skýrsla rannsóknarnefndar
Alþingis samkvæmt ályktun Alþingis
frá 2. júní 2016

Útgefandi:

Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt ályktun Alþingis frá 2. júní 2016 vegna þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA í kaupum Eglu hf. o.fl. á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. árið 2003.

Ritstjórn:

Finnur Þór Vilhjálmsson
Kjartan Bjarni Björgvinsson

Hönnun og umbrot:

Stefán Einarsson

Ljósmynd á kápu:

Jóhann Óli Hilmarsson

Ljósmyndir á innsíðum:

Bls. 20 © Ljósmyndasafn Íslands
Bls. 24 © Sveinn Þormóðsson / Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Bls. 50 © Skarphéðinn Haraldsson / Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Bls. 66 © Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Bls. 152 © Einar Karlsson / Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Bls. 160 © Einar Ólason / Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Merking tákna í tilvitnunum:

/ Skástrik, úrfelling á greinarskilum
[...] Úrfelling

Prentun og bókband:

Prentsmiðjan Oddi

Reykjavík 2017

ISBN 978-9935-9203-9-3

EFNISYFIRLIT

1. Um rannsókn nefndarinnar.....	7
1.1 Inngangur – tilefni og aðdragandi rannsókna.....	7
1.2 Viðfangsefni rannsóknarinnar	10
1.3 Málsmeðferð og rannsóknarheimildir	11
1.4 Um þagnarskyldu og birtingu trúnaðarupplýsinga	12
1.5 Skýrslutökur nefndarinnar, sbr. 8. gr. laga nr. 68/2011.....	13
1.5.1 Meginatriði úr munnlegum framburðum fyrir nefndinni	14
1.5.1.1 Ólafur Ólafsson.....	14
1.5.1.2 Guðmundur Hjaltason.....	15
1.5.1.3 Hreiðar Már Sigurðsson	16
1.5.1.4 Sigurður Einarsson	16
1.5.1.5 Aðrir skýrslugjafar	16
1.6 Skriflegar fyrirspurnir nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011	17
2. Efni og uppbygging skýrslunnar	21
3. Sala íslenska ríkisins á eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf.	25
3.1 Aðdragandinn að gerð kaupsamnings S-hópsins og íslenska ríkisins	25
3.2 Undirritun kaupsamnings og tilkynningar í kjölfar hans	36
3.3 Samskipti S-hópsins við Fjármálaeftirlitið í kjölfar kaupa á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. .	40
3.4 Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar	46
4. Síðari tengd atvik og opinber umræða varðandi þátt Hauck & Aufhäuser í einkavæðingu Búnaðarbankans.....	51
4.1 Sameining Búnaðarbankans og Kaupþings hf. og umfjöllun fjölmiðla um tildrög hennar	51
4.2 Sala Eglu hf. á 4,05% hlut í KB banka og erindi Eglu hf. til viðskiptaráðherra um afléttingu á hömlum á eignarhaldi.....	51
4.3 Athuganir Ríkisendurskoðunar og Fjármálaeftirlitsins í kjölfar opinberrar umræðu um aðkomu Hauck & Aufhäuser að einkavæðingu Búnaðarbankans.....	52
4.3.1 Opinber umfjöllun sumarið 2005 varðandi efasemdir um þátt Hauck & Aufhäuser í einkavæðingunni	52
4.3.2 Athugun Fjármálaeftirlitsins á fyrri hluta árs 2006.....	56
4.3.3. Athugun Ríkisendurskoðunar á fyrri hluta árs 2006.....	61
4.4 Umfjöllun frá síðari árum	61
4.4.1 Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis 12. apríl 2010	62
4.4.2 Þátttaka Hauck & Aufhäuser í einkavæðingu Búnaðarbankans sögð yfirvarp fyrir Kaupþing hf.	65
4.4.3 Opinber umræða í aðdraganda skipunar rannsóknarnefndarinnar	65
4.5 Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar	65
5. Upplýsingar rannsóknarnefndar um raunverulegan þátt Hauck & Aufhäuser í einkavæðingu Búnaðarbanka Íslands hf.	67
5.1 Inngangur.....	67
5.2 Baksamningar um hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf.	67
5.3 Aðdragandi baksamninga um hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf.	68
5.3.1 „The Puffin“ – Kaupþing hf. kemur til sögunnar.....	68
5.3.2 Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar	69
5.4 Janúar 2003: Gerð baksamninga um hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. og tengdar ráðstafanir.....	72
5.4.1 „Puffin“ – verkefnið.....	72
5.4.2 10. janúar 2003: Fyrstu fyrirbyggjandi drög baksamninga. Kaupþing útvegar aflandsfélag ..	76
5.4.3 11. og 12. janúar 2003: Ný drög baksamninga. Fyrstu drög að hluthafasamkomulagi o.fl. fyrir Eglu hf.	79
5.4.4 13. janúar 2003: Lánveiting Kaupþings hf. til Welling & Partners og tengd atriði. Ný drög og áframhaldandi gerð baksamninga	80

5.4.5	14. janúar 2003: Baksamningar nánast endanlegir. Upplýsingar um kaupverð Búnaðarbankans berast Kaupþingi hf.	83
5.4.6	15. janúar 2003: Endanleg drög baksamninga liggja fyrir.....	84
5.4.7	16. janúar 2003: Undirskrift baksamninga. Hækkun á fjárhæð láns Welling & Partners. Hagnaðarskiptingarsamningur Welling & Partners og Serafin Shipping Corp.....	86
5.4.8	Síðari atvik í janúar og febrúar 2003: Kaupþingsmenn ákveða að Welling & Partners krefjist ekki vaxta af veðsettri innstæðu. Samkomulag um gerðardóm	88
5.4.9	Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar	89
5.5	Nánar um efni baksamninganna	91
5.5.1	Söluréttarsamningurinn (e. Put Option Agreement).....	92
5.5.1.1	Aðfararorð	92
5.5.1.2	Efnisákvæði	92
5.5.2	Veð- og tryggingasamningurinn (e. Pledge and Security Agreement).....	95
5.5.2.1	Aðfararorð	95
5.5.2.2	Efnisákvæði	95
5.5.3	Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar	98
5.6	Önnur atvik á árinu 2003	102
5.6.1	Fyrri greiðsla Eglu hf. til íslenska ríkisins samkvæmt kaupsamningi um hlut ríkisins í .. Búnaðarbankanum.....	102
5.6.2	Uppskipting láns Kaupþings hf. til Welling & Partners Limited.....	104
5.6.3	Hlutfjárhækkun Eglu hf. vegna fyrri kaupsamningsgreiðslu til íslenska ríkisins	106
5.6.4	Fyrirspurnir endurskoðenda í sameiningarferli Kaupþings hf. og Búnaðarbankans um . málefni Welling & Partners Limited og KV Associates S.A.....	107
5.6.5	Síðari greiðsla Eglu hf. til íslenska ríkisins samkvæmt kaupsamningi um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.....	110
5.6.6	Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar	112
5.7	Atvik á árinu 2004.....	114
5.7.1	Minnisblað Ólafs Ólafssonar í janúar 2004 um ráðstöfun á hlutum Eglu hf. í .. Kaupþingi-Búnaðarbanka hf. og hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf.	115
5.7.2	Egla hf. selur hluti í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.....	116
5.7.3	Ósk Eglu hf. til viðskiptaráðherra um heimild félagsins eða hluthafa þess til að eiga viðskipti með hluti í félaginu.....	117
5.7.4	Kaupverð samkvæmt söluréttarsamningnum lækkað. Tölvupóstsamskipti Hreiðars Más Sigurðssonar og Ralf Darpe hjá Société Générale	117
5.7.4.1	Lækkun kaupverðs samkvæmt söluréttarsamningnum.....	117
5.7.4.2	Tölvupóstsamskipti Ralf Darpe og Hreiðars Más Sigurðssonar í mars 2004	119
5.7.5	Fyrri viðskipti Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners á grundvelli baksamninganna: Kaupþingur Kers hf. virkjar forkaupsrétt Welling & Partners	120
5.7.5.1	Martin Zeil sendir Guðmundi Hjaltasyni endanleg drög að tilboði Kers hf. í hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf.....	120
5.7.5.2	Guðmundur Hjaltason sendir Magnúsi Guðmundssyni hjá KBL og Hauck & Aufhäuser tilboð Kers hf. Hauck & Aufhäuser tilkynnir Welling & Partners um tilboðið	122
5.7.5.3	Excel-skjal Eggerts J. Hilmarssonar hjá KBL með útreikningum varðandi tilboð Kers hf.	123
5.7.5.4	Welling & Partners tilkynnir Hauck & Aufhäuser um beitingu forkaupsréttar	124
5.7.5.5	Gögn rannsóknarnefndar um aðra ráðagerð um þessi viðskipti með Eglu hf. sem kaupanda en ekki Ker hf.	127
5.7.6	Skuldir Welling & Partners greiddar upp að fullu.....	127
5.7.7	Fyrirhuguð kaup „Kers hf. og/eða hluthafa Kers hf.“, sem gengu ekki eftir, á eftirstandandi hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf.	128
5.7.8	Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar	131
5.8	Atvik á árinu 2005.....	133
5.8.1	Kaupthing Bank Luxembourg kaupir aflandsfélögin Huntsmead Marketing Limited og Jeff Agents Corp.	133
5.8.2	Síðari viðskipti Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners á grundvelli baksamninganna: Kaupþingur Kjalars ehf. o.fl. virkjar forkaupsrétt Welling & Partners.....	134
5.8.3	Hagnaður Welling & Partners af viðskiptum á grundvelli baksamninganna.....	137
5.8.4	Ráðstafanir Kaupthing Bank Luxembourg S.A. í aðdraganda skiptingar hagnaðar Welling & Partners vegna viðskipta á grundvelli baksamninganna	138

5.8.4.1	Uppsetning aflandsfélaga undirbúin. Kaupthing Bank Luxembourg S.A. kaupir Marine Choice Limited	139
5.8.4.2	Ófullgerð skjöl Kaupthing Bank Luxembourg S.A. um raunverulegt eignarhald Huntsmead Marketing Limited og Jeff Agents Corp.....	141
5.8.4.3	Viðskiptaflétta Kaupthing Bank Luxembourg S.A. um eignarhald Welling & Partners. Jeff Agents Corp. eignast Welling & Partners.....	142
5.8.4.4	Samkomulag um hagnaðarskiptingu milli Welling & Partners og Marine Choice Limited	143
5.8.4.5	Gögn um raunverulegt eignarhald Marine Choice Limited og upphaf viðskipta þess hjá KBL.....	144
5.8.5	Welling & Partners greiðir Hauck & Aufhäuser þóknun að fjárhæð 750.000 evrur	144
5.8.6	Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar	145
5.9	Atvik á árinu 2006.....	147
5.9.1	Welling & Partners greiðir 46,5 milljónir Bandaríkjadala til aflandsfélagsins Dekhill Advisors Ltd. í janúar 2006.....	147
5.9.2	Welling & Partners lokar reikningum sínum hjá Hauck & Aufhäuser og greiðir alla eftirstandandi innstæðu félagsins hjá bankanum til aflandsfélagsins Marine Choice Limited	148
5.9.3	Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar	149
6.	Ágrip um meginniðurstöður skýrslunnar	153
7.	Viðaukar (prentútgáfa)	161
Viðauki 1	Söluréttarsamningur (e. „Put Option Agreement“), dags. 16. janúar 2003, milli Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA og Welling & Partners Limited.	161
Viðauki 2	Veð- og tryggingasamningur (e. „Pledge and Security Agreement“), dags. 16. janúar 2003, milli Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA og Welling & Partners Limited.	169
Viðauki 3	Kaupsamningur um hlutfé milli íslenska ríkisins og Eglu hf., Samvinnulífeyrissjóðsins, Vátryggingarfélags Íslands hf. og Eignarhaldsfélagsins Samvinnutryggingar – Gerður 16. janúar 2003.....	174
Viðauki 4	Skrá yfir þá sem gáfu skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni á grundvelli laga nr. 68/2011.....	187
8.	Viðaukar (vefútgáfa).....	188
Viðauki 5	Drög að baksamningum (söluréttar- og veð- og tryggingasamningi) milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners frá tímabilinu 10. til 15. janúar 2003, ásamt tölvupóstsamskiptum og öðrum fylgiskjölum.....	188
Viðauki 6	Bréf með fyrirspurnum nefndarinnar til einstaklinga á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011 og svör við þeim bréfum.....	270

1. UM RANNSÓKN NEFNDARINNAR

1.1 Inngangur – tilefni og aðdragandi rannsóknar

Hinn 16. janúar 2003 undirrituðu Ólafur Ólafsson, f.h. Eglu hf., Margeir Danielsson, f.h., Samvinnulífeyrissjóðsins, Finnur Ingólfsson, f.h. Vátryggingafélags Íslands hf. og Axel Gíslason, f.h. Eignarhaldsfélagsins Samvinnutryggingar, samning við Geir H. Haarde fjármálaráðherra og Valgerði Sverrisdóttur viðskiptaráðherra, f.h. íslenska ríkisins, um kaup fyrrnefndra félaga á 45,8% hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. Í samningnum kom fram¹ að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA (hér eftir „Hauck & Aufhäuser“) ætti 50% hlutfjár í Eglu hf., sem keypti rúmlega tvo þriðju hluta, eða 71,19%, af hlutum. Heildarkaupverð samkvæmt samningnum var um 11,9 milljarðar íslenskra króna. Jafngilti þetta því að Hauck & Aufhäuser hefði í gegnum Eglu hf. keypt alls 16,3% hlut í Búnaðarbankanum en aðrir kaupendur samanlagt 29,5% hlut. Undir samninginn rituðu einnig Peter Gatti, f.h. Hauck & Aufhäuser, Kristján Loftsson, f.h. Kers hf. og Finnur Ingólfsson, f.h. Vátryggingafélags Íslands, sem eigendur alls útgefins hlutfjár í Eglu hf., meðal annars til staðfestingar tilteknum sérákvæðum samningsins sem vörðuðu félagið og fram komu í köflum 9, 11, 12 og 13 í samningnum.²

Eins og rakið verður nánar síðar í skýrslunni var þátttaka Hauck & Aufhäuser gegnum Eglu hf. í þessum kaupum á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum kynnt með þeim hætti beint og óbeint, bæði gagnvart viðsemjandanum við kaupin sem og íslenskum almenningi gegnum fjölmiðla, að um væri að ræða fjárfestingu þýska bankans sjálfs í Búnaðarbankanum fyrir alls um 4 milljarða íslenskra króna.

Allar götur frá þessum kaupum hafa ítrekað komið opinberlega fram efasemdir um að þátttaka þýska bankans hafi í reynd verið með þeim hætti sem kynnt var samkvæmt framangreindu. Hér á eftir fylgir stutt ágríp þar sem helstu atvik varðandi þetta eru rakin í grófum dráttum en nánar er fjallað um þau í síðari köflum skýrslunnar.

Nokkrum mánuðum eftir undirritun kaupsamningsins fóru að birtast í íslenskum fjölmiðlum vangaveltur um að aðrir aðilar hefðu staðið á bak við kaup þýska bankans í Búnaðarbankanum eða fjármagnað þau kaup en tilgreindir voru í samningnum. Stjórnarformaður Eglu hf., Ólafur Ólafsson, vísaði þessum fullyrðingum opinberlega á bug.

Rúmum tveimur árum eftir einkavæðingu Búnaðarbankans, á árinu 2005, hófst umfjöllun af þessum toga í fjölmiðlum á ný. Í júní það ár birtust opinberlega fréttir um að Hauck & Aufhäuser hefði selt sinn hlut í Eglu hf., sem eftir sölu á um 4% hlut í KB banka hf. í febrúar 2004 átti þá um 10% hlut í bankanum og var næststærsti hluthafi hans. Bankinn hafði þá fengið heitið Kaupþing banki hf.³ Í sama mánuði sögðu fjölmiðlar fréttir af staðhæfingum og nánari röksemdum Vilhjálms Bjarnasonar, þá aðjúnks við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, um að þýski bankinn hefði aldrei verið hluthafi í Búnaðarbankanum og að „íslenska þjóðin [hefði] verið blekkt með því að láta líta svo út að þýski bankinn [hefði] tekið þátt í kaupunum.“ Þýski bankinn hefði „aldrei ráðið nokkru um þennan meinta hlut, heldur hefðu aðrir farið með eignarhaldið“. Í því sambandi vísaði Vilhjálmur til ótilgreindra annarra aðila úr kaupendahópnum að hlutum í Búnaðarbankanum, það er hinum svonefnda S-hópi, eða Kaupþings hf. Í fjölmiðlum strax í kjölfarið birtust þá annars vegar yfirlýsing frá Eglu hf. og hins vegar yfirlýsing sem sögð var stafa frá Hauck & Aufhäuser þar sem staðhæfingar og röksemdir Vilhjálms voru bornar til baka. Nokkur frekari umræða varð um þetta, og tengd atriði, í fjölmiðlum á þessum tíma.

Þegar kom fram á árið 2006 voru uppi kröfur á Alþingi, að því er virðist aftur með vísan til staðhæfinga Vilhjálms og röksemda hans fyrir þeim, um að sala ríkisins á eignarhlutum í Búnaðarbankanum yrði rannsókuð. Forsvarsmenn Eglu hf. og Hauck & Aufhäuser höfnuðu

1. Sbr. grein 2.3 í samningnum. Þar kemur jafnframt fram að Vátryggingafélag Íslands keypt 12,71% hlutarins sem seldur var, Samvinnulífeyrissjóðurinn 8,47%, en Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar 7,627%.

2. Hér eftir er jafnan vísað til þessara viðskipta sem sölunnar á eignarhlut ríkisins í Búnaðarbankanum eða einkavæðingar Búnaðarbankans.

3. Nánar er greint frá þessum viðskiptum, sem og öðrum atvikum sem hér eru rakin í grófum dráttum, síðar í skýrslunni.

á ný framangreindum staðhæfingum opinberlega. Í mars 2006 aflaði ríkisendurskoðun gagna og vann samantekt um málið sem send var formanni fjárlaganefndar Alþingis. Niðurstaða stofnunarinnar var að við athugun hennar hefði ekkert komið fram sem stýddi staðhæfingar Vilhjálmis. Um sama leyti setti Ögmundur Jónasson, þáverandi alþingismaður, fram skriflega fyrirspurn til viðskiptaráðherra um hvort ráðherrann gæti upplýst með óyggjandi hætti hvort Hauck & Aufhäuser hefði verið meðal raunverulegra kaupenda og síðar eigenda að Búnaðarbankanum sem hluti af Eglu hf. Í svari viðskiptaráðherra, sem lagt var fram í maí 2006, var vísað til athugunar Fjármálaeftirlitsins sem ráðuneyti hennar hefði óskað eftir og tekið fram að niðurstaðan hefði verið að ekkert benti til annars en að Hauck & Aufhäuser hefði verið hluthafi í Eglu hf. í samræmi við veittar upplýsingar í tengslum við sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. í janúar 2003.

Eftir fjármálahrúnið í október 2008 setti Alþingi lög nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Samkvæmt lögnum skyldi sérstök rannsóknarnefnd á vegum Alþingis leita sannleikans um þessi atvik. Sú rannsóknarnefnd var sett á fót og skilaði skýrslu sinni 12. apríl 2010. Í henni var meðal annars fjallað um einkavæðingu ríkisbankanna, það er Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., í lok árs 2002 og upphafi árs 2003.⁴ Í þeirri skýrslu var vitnað til verulegra efasemda Sigurjóns Þ. Árnasonar, áður bankastjóra Landsbankans og forstjóra rekstrarsviðs Búnaðarbankans fyrir einkavæðingu, um að þátttaka Hauck & Aufhäuser í henni hefði í reynd verið með þeim hætti sem opinberlega var kynnt.

Á síðustu árum hafa svo ítrekað komið fram opinberar staðhæfingar í þá átt að nafngreina íslenska fjármálafyrirtækið Kaupþing hf. sem þann aðila er í reynd hafi staðið að baki Hauck & Aufhäuser við einkavæðingu Búnaðarbankans, nánar tiltekið að aðkoma Hauck & Aufhäuser hafi þá einungis verið yfirvarp fyrir þátttöku Kaupþings hf. í þessum viðskiptum.

Ljóst er að efasemdir og vangaveltur um viðfangsefni þessarar rannsóknar hafa haldið áfram að koma upp í opinberri umræðu um langt skeið eftir að samningur um kaup á Búnaðarbankanum var undirritaður 16. janúar 2003. Á þessum tíma hefur fyrrverandi framkvæmdastjóri Eglu hf., Guðmundur Hjaltason, ítrekað neitað eða borið til baka umfjöllun um að þátttaka Hauck & Aufhäuser hafi verið með öðrum hætti en greint var frá opinberlega.

Vikur þá að beinum aðdraganda þeirrar rannsóknar sem skýrsla þessi varðar.

Hinn 19. maí 2016 ritaði umboðsmaður Alþingis stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis bréf þar sem hann upplýsti að honum hefðu nýverið borist upplýsingar og ábendingar um hvernig leiða mætti í ljós hver þátttaka þýska bankans Hauck & Aufhäuser hefði í reynd verið í kaupum á eignarhluta íslenska ríkisins með aðild hans að Eglu hf. Þessum upplýsingum hefði verið komið til umboðsmanns undir þeim formerkjum að hann gætti trúnaðar um uppruna þeirra. Í bréfi umboðsmanns sagði auk þess eftirfarandi:

„Eðli máls samkvæmt kunna upplýsingar af þessu tagi að hafa þýðingu um réttmæti þeirra upplýsinga sem íslensk stjórnvöld byggðu á við sölu á umræddum eignarhluta, þ. á m. við val á viðsejanda um kaupin. Þá kann einnig að skipta máli hvort þau skilyrði sem fram komu í kaupsamningi um þessi viðskipti hafi að öllu leyti verið uppfyllt sem og þegar tekin var afstaða til beiðna kaupandans á síðari stigum um breytingar á samningsbundnum skyldum aðila. Í ljósi þess tíma sem liðinn er frá þessum atburðum tel ég ekki líkur á að þessar upplýsingar gefi, nema annað komi fram við frekari athugun á grundvelli þeirra, tilefni til rannsóknar þar til bærra yfirvalda vegna meintrar refsiverðar háttsemi. Ég hef því ekki talið skilyrði til að koma ábendingu um þetta mál á framfæri við þau yfirvöld.

Eftir að hafa starfað í rannsóknarnefnd um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, sem fjallaði m.a. um einkavæðingu bankanna, er mér hins vegar ljóst að lengi hafa verið uppi óskir um að aðild hins þýska banka að kaupunum verði skýrð nánar. Tilefnið eru efasemdir um að þáttur bankans hafi í raun verið með þeim hætti sem kynnt var af hálfu kaupenda eignarhlutans. [...] Ég þekki það úr starfi mínu í rannsóknarnefndinni að þar var reynt að fá fram gleggri upplýsingar en áður hafði tekist

4. Sjá 6. kafli 1. bindis skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði.

um tilefni og aðild þýska bankans að kaupum á hlutum í Búnaðarbanka Íslands hf. Þetta var liður í því að fá fram eins miklar upplýsingar og kostur var um einkavæðingu bankanna en athugun nefndarinnar beindist m.a. að því hvaða þýðingu erlend þátttaka í kaupum á hlut í Búnaðarbankanum hefði haft við ákvarðanir um val á kaupendum, sjá einkum bls. 250-261 í 1. bindi skýrslu RNA. Eftir þá vinnu, og með hliðsjón af því sem fram kemur í skýrslu nefndarinnar um þau atriði, tel ég að í reynd verði ekki bætt við upplýsingum sem hafa þýðingu um það hvernig staðið var að einkavæðingu bankanna nema annars vegar komi til nýjar upplýsingar af hálfu þeirra sem unnu að sölu bankanna til viðbótar því sem þeir hafa áður greint frá og hins vegar að upplýst verði hver hafi í raun verið þátttaka þýska bankans í kaupum á hlutum í Búnaðarbanka Íslands hf.“

Í bréfi umboðsmanns kemur fram að hann hefði talið ástæðu til að kanna upplýsingarnar sem honum hefðu borist nánar með tilliti til fyrri vitneskju sinnar um þessi mál og rannsókn þeirra og þess hvort á grundvelli þeirra væru líkur á að unnt væri leiða fram nýjar staðreyndir um hver þátttaka hins þýska banka hefði verið í reynd. Niðurstaða hans væri sú að frekari úrvinnsla þessara upplýsinga og tiltekna athuganir og gagnaöflun væri líkleg til þess. Hins vegar teldi umboðsmaður ljóst að hvorki lögbundnar starfsheimildir hans sjálfs né Ríkisendurskoðunar dygðu til að afla þeirra gagna sem þær upplýsingar sem hann hefði fengið vísuðu til, og jafnframt, eftir því sem þörf krefði, til að afla upplýsinga og skýringa hjá fyrirsvarsmönnum þeirra lögaðila sem kæmu við sögu í málinu. Markmið upplýsingaöflunar af þessu tilefni væri fyrst og fremst að draga saman og útbúa til birtingar samandregnar upplýsingar um hvernig atvik og aðkoma einstakra aðila að þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser í kaupunum hefðu verið, og þá með tilliti til þess að bera saman við þær upplýsingar sem kaupendurnir veittu íslenska ríkinu sem seljanda. Þar skipti m.a. máli að geta aflað þeirra gagna sem kynnu að vera tiltæk um tilflutning fjármuna í tengslum við kaupin.

Umboðsmaður tók í kjölfarið fram að í ljósi þeirrar reynslu sem hann hefði af því að hafa unnið að slíku verkefni undir áþekktum lagareglum og nú væri að finna í lögum nr. 68/2011, um rannsóknarnefndir, og í samræmi við það hlutverk sem stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis væri falið samkvæmt 1. gr. þeirra laga, hefði hann ákveðið að koma þeirri ábendingu á framfæri við nefndina að ef Alþingi teldi rétt að freista þess að fá fram og birta nýjar upplýsingar um þátttöku Hauck & Aufhäuser að kaupunum í Búnaðarbankanum væri eðlilegast að unnið yrði að því verkefni á grundvelli laga nr. 68/2011. Þá kynni jafnframt að vera tilefni til þess að bera nýjar upplýsingar saman við upplýsingar sem stjórnvöldum voru láttnar í té á sínum tíma og við skilyrði sem sett voru af hálfu ríkisins við kaupin. Með tilliti til efnis laga nr. 68/2011 tók umboðsmaður fram að í þeim upplýsingum sem hann hefði kynnt sér kæmi ekkert fram sem gæfi ástæðu til að ætla að þeir sem tóku ákvörðun um og unnu að sölu á umræddum eignarhluta ríkisins hefðu haft vitneskju um þau atriði sem kæmu fram í þeim upplýsingum sem vísað væri til í bréfi umboðsmanns.

Fjallað var um bréf umboðsmanns á fundum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis 20. og 24. maí 2016 og sótti umboðsmaður báða fundina. Á síðari fundinum var fjallað um drög að ályktun Alþingis um rannsókn á erlendri þátttöku í kaupum á 45,8% eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. Á fundi nefndarinnar 26. maí 2016 samþykktu allir viðstaddir nefndarmenn fyrirbyggjandi drög að slíkri ályktun.

Hinn 2. júní 2016 samþykkti Alþingi síðan ályktun í samræmi við ákvæði 1. gr. laga nr. 68/2011 um að fram færi rannsókn á þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA („Hauck & Aufhäuser“) í kaupum á 45,8% eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. 52 þingmenn greiddu atkvæði með ályktuninni en 11 voru fjarverandi. Var þar jafnframt mælt fyrir að rannsóknin yrði falin einum einstaklingi sem forseti Alþingis skipaði samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 68/2011, sem drægi saman og birti upplýsingar um málsatvik og aðkomu einstakra aðila að þátttöku þýska bankans í kaupunum með tilliti til þeirra upplýsinga sem kaupendur veittu íslenska ríkinu sem seljanda og stofnunum þess.⁵

5. Í þingsályktuninni var mælt fyrir um að rannsókninni skyldi ljúka svo fljótt sem verða mætti og eigi síðar en 31. desember 2016. Alþingi breytti síðan þeirri ályktun 15. desember 2016 þannig að tímamarkið 31. desember 2016 var fellt brott.

Með vísan til þessarar ályktunar Alþingis og í samræmi við 2. gr. laga nr. 68/2011 skipaði forseti Alþingis, Einar K. Guðfinnsson, Kjartan Bjarna Björgvinsson, dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, til að stýra rannsókninni. Í framhaldinu var komið upp skrifstofu og vinnuaðstöðu fyrir nefndina í húsnæði Alþingis að Austurstræti 14 og síðar í húsnæði þingsins við Kirkjustræti. Hinn 1. september var Finnur Þór Vilhjálmsson, saksóknari hjá embætti Héraðssaksóknara, ráðinn starfsmaður við rannsóknina. Meðal þeirra sem hafa veitt nefndinni liðsinni við ráðgjöf og ákveðin verkefni eru Heiðar Þór Guðnason, kerfisstjóri, dr. Páll Hreinsson, dómari við EFTA-dómstólinn, Sigríður Benediktsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, og Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis. Pétur Hrafn Árnason hafði umsjón með prófarkalestri og Anna Sigríður Guðfinnsdóttir aðstoðaði nefndina við útgáfu skýrslunnar. Þá veittu þeir Fjölfnir Sæmundsson, Guðmundur Halldórsson, Gústaf Anton Ingason og Ragnar Svanur Þórðarson, starfsmenn Héraðssaksóknara, aðstoð við upptöku á vitnaskýrslum fyrir nefndinni og fyrir dómi, auk þess að birta vitnum kvaðningar til að koma fyrir dóm þegar þess þurfti við. Loks er starfsmönnum Alþingis þakkað fyrir margháttaða aðstoð við störf rannsóknarnefndarinnar.

1.2 Viðfangsefni rannsóknarinnar

Við lestur þessarar skýrslu og frekari umræðu um störf nefndarinnar er nauðsynlegt að hafa í huga ákveðin grundvallaratriði sem gilda um störf rannsóknarnefnda sem Alþingi skipar. Um slíkar nefndir gilda lög nr. 168/2011, um rannsóknarnefndir. Samkvæmt þeim lögum er það meginhlutverk rannsóknarnefndar að afla upplýsinga og gera grein fyrir málsatvikum í tilteknu máli, eins og Alþingi hefur skilgreint það í umboði sínu til nefndarinnar, sbr. 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 168/2011.

Eins og áður er rakið tók Alþingi ákvörðun um þessa rannsókn í því skyni að leiða í ljós málsatvik og aðkomu einstakra aðila að þátttöku Hauck & Aufhäuser í kaupum á eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. með tilliti til þeirra upplýsinga sem kaupendur veittu íslenska ríkinu sem seljanda og stofnunum þess, og jafnframt að rannsakað yrði hvernig þátttöku Hauck & Aufhäuser var háttað með tilliti til þeirra upplýsinga sem kaupendur að hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. veittu íslenska ríkinu og stofnunum þess.

Af þeim sökum verður ekki hjá því komist að fjalla í þessari skýrslu um þær upplýsingar sem fyrirsvarsmenn Eglu hf., Samvinnulífeyrissjóðsins, Vátryggingafélags Íslands hf. og Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga, svo og umboðsmenn þessara aðila, veittu íslenska ríkinu fyrir og eftir undirritun kaupsamnings um kaup hlutabréfa í Búnaðarbankanum 16. janúar 2003, og einnig Fjármálaeftirlitinu í kjölfarið. Það fellur hins vegar utan marka þessarar rannsóknar að fjalla um hvernig íslensk stjórnvöld stóðu almennt að einkavæðingu ríkisbankanna á árunum 2002-2003. Um síðara atriðið er auk þess fjallað ítarlega í fyrrnefndri skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, „Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir“, sem út kom 12. apríl 2010.⁶

Í störfum rannsóknarnefnda almennt séð geta komið upp álitamál um hvort grundvöllur sé fyrir því að tilteknir einstaklingar eða lögaðilar skuli sæta refsíabyrgð eða sérstökum stjórnsluviðurlögum vegna háttsemi sinnar.⁷ Leggja verður áherslu á að rannsóknarnefndinni, sem stofnað var til með ályktun Alþingis frá 2. júní 2016 og skilar nú af sér skýrslu þessari, var ekki falið að taka neina slíka afstöðu, það er til þess hvort einstaklingar eða lögaðilar gætu hugsanlega borið lagalega ábyrgð með þeim hætti sem greinir í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 68/2011 vegna þeirra atriða sem rannsóknin beinist að. Með hliðsjón af þeim tíma sem liðinn er frá því að atburðir gerðust sem þessi rannsókn hefur beinst að, sem og eðli rannsóknarefnisins, verður jafnframt að leggja til grundvallar að sökum ákvæða IX. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um fyrningu geti ekki lengur komið til þess að

6. Sjá skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, 1. bindi bls. 227-306.

7. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 68/2011, má fela rannsóknarnefnd það verkefni að gefa álit á því hvort til staðar kunni að vera lögfræðileg atriði sem gætu varpað ljósi á hvort tilefni sé til þess að þar til bær stjórnvöld kanni grundvöll ábyrgðar einstaklinga eða lögaðila. Skal rannsóknarnefnd þá eftir atvikum tilkynna ríkissaksóknara eða viðeigandi stjórnvaldi um háttsemina samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 5. gr. laga nr. 68/2011.

einstaklingar eða lögaðilar yrðu dregnir til refsíabyrgðar vegna nokkurrar þeirrar háttsemi sem skýrsla þessi varðar, hvernig sem slík háttsemi þætti horfa við hugtaksskilyrðum refsíákvæða einum og sér á hverjum tímapunkti.⁸

Af þessum sökum er engin afstaða tekin til þess í þessari skýrslu hvort tilteknir einstaklingar eða lögaðilar hafi hugsanlega gerst sekir um refsiverða háttsemi. Þar sem enginn þeirra einstaklinga sem kvaddur var fyrir nefndina féll undir ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 168/2011 áttu ákvæði 10. gr. sömu laga ekki við um aðstæður neins þeirra. Í 1. mgr. 10. gr. laganna er fjallað um rétt einstaklinga til aðstoðarmanns að eigin vali en í 2. mgr. 10. gr. er mælt fyrir um rétt manna til aðgangs að gögnum málsins, á meðan það skaðar ekki rannsóknarhagsmuni.

1.3 Málsmeðferð og rannsóknarheimildir

Það leiðir af 1. mgr. 4. gr. laga nr. 68/2011 að rannsóknarnefnd er í störfum sínum óháð fyrir mælum frá öðrum, þar með talið Alþingi. Í sama ákvæði er einnig mælt fyrir um að nefndarmenn skuli jafnframt vera óhlutdrægir og óvilhallir gagnvart þeim stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og öðrum sem nefndin hefur til athugunar. Sama á við um starfsmenn og aðstoðarmenn rannsóknarnefndarinnar að öðru leyti. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. er það einnig í verkahring rannsóknarnefndar að skera úr um hæfi starfsmanna nefndarinnar. Um sérstakt hæfi nefndarmanna og starfsmanna fer eftir sömu reglum og fram koma í 3. gr. stjórnslulaga, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Á starfstíma nefndarinnar gerði Gísli Guðni Hall hrl., lögmaður Ólafs Ólafssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Eglu hf., og Guðmundar Hjaltasonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra sama félags, athugasemdir við hæfi Finns Þórs Vilhjálmssonar starfsmanns nefndarinnar til að koma að rannsókninni, á þeim forsendum að sambýliskona hans starfaði sem lögmaður hjá Advel lögmonnum, sem áður hét Fulltingi. Var þá vísað til þess að meðal eigenda þeirrar lögmannsstofu væri Kristinn Hallgrímsson, hrl., sem áður hafi verið lögmaður hins svonefnda S-hóps sem festi kaup á Búnaðarbankanum árið 2003.

Rannsóknarnefndin taldi umræddar athugasemdir ekki eiga við rök að styðjast. Leit nefndin þá meðal annars til þess að ekkert í gögnum hennar bendir til þess að sambýliskona Finns hafi tengst atvikum málsins eða fjallað um þau í starfi sínu, enda starfaði hún ekki sem lögmaður, og hafði raunar ekki lokið laganámi, á þeim tíma sem þau áttu sér stað. Enn fremur var það afstaða nefndarinnar að Kristinn Hallgrímsson hafi ekki komið að þeim atvikum sem rannsókn nefndarinnar laut að með þeim hætti að aðstæður væru fallnar til þess að draga óhlutdrægni Finns í efa vegna fyrrgreindra tengsla sambýliskonu hans við Kristin, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.⁹

Fjallað er um heimildir rannsóknarnefnda Alþingis í 7. og 8. gr. laga nr. 168/2011. Samkvæmt 7. gr. er sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té upplýsingar, gögn og skýringar sem hún fór fram á. Undir hugtakið gögn í þessum skilningi falla m.a. skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir, samningar og önnur gögn sem nefnd óskar eftir í þágu rannsóknar, hvort sem þau eru prentuð (skrifleg) eða á rafrænu formi. Þagnarskylda stendur ekki í vegi fyrir rannsókn nefndarinnar því að almennt er skylt að verða við kröfu hennar um að veita upplýsingar þó að þær séu háðar þagnarskyldu. Frá þessu gildir þó sú undantekning að

8. Áréttað er að með þessari athugasemd, sem sett er fram til skýringar, er ekki á nokkurn hátt tekin bein eða óbein afstaða til þess hvort þau atvik sem skýrslan varðar feli í sér háttsemi sem kynni á einhverjum tíma að hafa varðað við refsilöggjöf. Af þeim ástæðum sem fram koma í meginmáli litur nefndin svo á að slík álitafni séu nefndinni óviðkomandi.

9. Rannsóknarnefndin vekur í þessu sambandi athygli á að í umfjöllun um sérstakt hæfi dómara til meðferðar máls, þar sem mun strangari kröfur eru gerðar en til sérstaks hæfis starfsmanna stjórnslunnar samkvæmt 3. gr. stjórnslulaga, hefur ekki verið talið að sú staðreynd að maki dómara sé meðeigandi að lögmannsstofu með lögmanni sem flytur mál fyrir dómi leiði til þess að sá dómari teljist vanhæfur til meðferðar málsins, sjá hér til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Danmerkur sem birtur er í Ugeskrift for Retsvæsen 2011, bls. 3374.

Tekið skal fram að með bréfi, dags. 20. febrúar 2017, óskaði rannsóknarnefndin eftir því við Kristinn Hallgrímsson, með vísan til þess sem fram hefdi komið í bréfi Gísla Hall, að hann lýsti viðhorfi sínu til þess hvort hann teldi ástæðu til að gera athugasemdir við aðkomu Finns Þórs Vilhjálmssonar að rannsókn nefndarinnar með vísan til þeirra lagaákvæða sem giltu um sérstakt hæfi starfsmanna rannsóknarnefnda. Í svarbréfi lögmanns Kristins, dags. 27. febrúar 2017, voru ekki gerðar athugasemdir við hæfi Finns til að koma að yfirstandandi rannsókn.

lögmaður, endurskoðandi eða annar aðstoðarmaður verður ekki krafinn upplýsinga sem honum hefur verið trúað fyrir út af rannsókn nefndarinnar nema með leyfi þess sem í hlut á, sbr. 4. mgr. 7. gr. laga nr. 168/2011.

Samkvæmt 5. mgr. 7. gr. laganna er heimilt að bera ágreining um upplýsingaskyldu samkvæmt lögnum undir héraðsdóm á grundvelli XV. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ekki kom til þess í starfi nefndarinnar að mál væri lagt fyrir dóm til úrskurðar um upplýsingaskyldu.

Á grundvelli framangreindra rannsóknarheimilda fékk nefndin aðgang að upplýsingum úr gögnum sem lágu til grundvallar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá 12. apríl 2010 um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði og vistaðar eru hjá Þjóðskjalasafni Íslands. Þá fékk nefndin aðgang að upplýsingum úr kerfum Arion banka hf., Deloitte ehf., Fjármálaeftirlitsins, forsætisráðuneytisins, héraðssaksóknara (áður embætti sérstaks saksóknara), Íslandsbanka hf., Kauphallar Íslands hf., Kaupþings ehf. (áður slitastjórn Kaupþings), Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. og Ríkisendurskoðunar. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að eftir að rannsóknarnefnd Alþingis lauk störfum 12. apríl 2010 hefur umtalsvert magn gagna komið í vörslur ofangreindra stofnana og aðila sem varpað hafa skýrara ljósi á þau atvik sem þessi rannsókn tekur til. Allir þessir aðilar brugðust greiðlega við beiðnum nefndarinnar og færir hún þeim öllum þakkir fyrir veitta aðstoð.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 168/2011 var nefndinni heimilt að kveðja menn til skýrslutöku. Nánari grein er gerð fyrir atriðum varðandi skýrslutökur nefndarinnar í kafla 1.5 hér á eftir.

Á starfstíma sínum hafði nefndin heimasíðu þar sem veittar voru upplýsingar um skipan og störf hennar. Jafnframt var almenningi veitt færi á að koma að ábendingum til nefndarinnar um hvaðeina sem varðaði rannsóknina. Bárust nefndinni nokkrar ábendingar en engin þeirra varð þó tilefni frekari athugunar.

Rannsóknarheimildir nefndarinnar tóku ekki til erlendra stjórnvalda og einkaaðila. Nefndin lét eigi að síður á það reyna hvort afla mætti upplýsinga frá erlendum stjórnvöldum. Þannig var þýska fjármálaeftirlitinu (Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht, „BaFin“) ritað bréf 29. september 2016 þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvort stofnunin byggi yfir gögnum um raunverulegt eignarhald Hauck & Aufhäuser á Eglu hf. á tímabilinu janúar 2003 til loka ársins 2005. Í bréfi BaFin frá 18. nóvember 2016 bar eftirlitið fyrir sig þagnarskyldu um þau málefni og vísaði til þess að samkvæmt gildandi ákvæðum þýskra laga gæti stofnunin einungis miðlað upplýsingum um fjármálafyrirtæki sem ekki væru opinberar til Fjármálaeftirlitsins hér á landi. Fyrirspurn rannsóknarnefndarinnar um þetta atriði var því ekki svarað. Rannsóknarnefndin leitaði í kjölfarið til Fjármálaeftirlitsins um að það beindi sambærilegu erindi til BaFin og nefndin hafði áður sent. Fjármálaeftirlitið sendi tölvubréf með slíkri fyrirspurn 25. nóvember 2016. Með bréfi dags. 21. desember 2016 hafnaði BaFin erindi Fjármálaeftirlitsins.

1.4 Um þagnarskyldu og birtingu trúnaðarupplýsinga

Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 168/2011 er skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að veita upplýsingar þó að þær séu háðar þagnarskyldu, t.d. samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja, sérstökum reglum um utanríkismál, öryggi ríkisins eða fundargerð ríkisstjórnar og ráðherrafunda og fundargerðir nefnda Alþingis. Sama gildi um upplýsingar sem óheimilt var að lögum að veita fyrir dómi nema með samþykki ráðherra, forstöðumanns eða annars yfirmanns, jafnt hjá hinu opinbera sem einkafyrirtæki.

Vegna framangreinds lagaákvæðis fékk rannsóknarnefndin í hendur trúnaðargögn frá íslenskum stjórnvöldum og fjármálafyrirtækjum sem vörðuðu viðfangsefni rannsóknarinnar og um var beðið. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 168/2011 hvílir þagnarskylda á nefndarmönnum og starfsmönnum hennar um upplýsingar sem leynt eiga að fara. Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. sömu laga stendur þessi þagnarskylda nefndarmanna þó ekki í vegi fyrir því að nefndin geti birt upplýsingar í skýrslu sinni til Alþingis sem annars væru

háðar þagnarskyldu, ef nefndin telur slíkt nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður sínar. Nefndin skal þó því aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, að verulegir almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á.

Á grundvelli fyrrnefnds ákvæðis eru í skýrslu þessari birtar upplýsingar sem að öðrum kosti væru undanþegnar aðgangi almennings. Þannig er í skýrslunni gerð grein fyrir efni tölvupóstsamskipta milli starfsmanna fjármálafyrirtækja, vinnuskjölum, samningsdrögum og öðrum sambærilegum gögnum. Á sama hátt er fjallað um fjárhagsmálefni þeirra fjármálafyrirtækja sem undir rannsóknina falla og þeirra aðila sem komu að málinu á sínum tíma að því leyti sem þörf er á til að útskýra rannsóknarefnið og rökstyðja niðurstöður nefndarinnar. Í samræmi við fyrrgreint ákvæði er á hinn bóginn ekki fjallað um persónuleg málefni einstaklinga nema almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á að mati nefndarinnar.

1.5 Skýrslutökur nefndarinnar, sbr. 8. gr. laga nr. 68/2011

Á starfstíma nefndarinnar neytti nefndin heimildar í 8. gr. laga nr. 68/2011, um rannsóknarnefndir, til að taka skýrslur af einstaklingum. Nær allar skýrslurnar voru teknar upp í hljóði og mynd, þar á meðal allar þær sem rannsóknarnefndin taldi mikilvægastar í ljósi rannsóknarefnisins.

Fjórir einstaklingar, Ólafur Ólafsson, fyrrverandi stjórnarformaður Eglu hf., Guðmundur Hjaltason, fyrrverandi framkvæmdastjóri sama félags, Sigurður Einarsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings hf. og Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri sama fyrirtækis mættu ekki til boðaðrar skýrslutöku á vegum nefndarinnar.¹⁰ Af þeim sökum beindi rannsóknarnefndin því erindi, dags. 22. nóvember 2016, til Héraðsdóms Reykjavíkur að tekin yrði skýrsla af þessum einstaklingum. Í þinghaldi fyrir Héraðsdómi 23. nóvember 2016 kröfðust Ólafur, Guðmundur og Hreiðar Már þess að dómari í málinu viki sæti. Með úrskurði sem kveðinn var upp samdægurs var þessari kröfu hafnað. Ólafur, Guðmundur og Hreiðar Már kærðu úrskurðinn til Hæstaréttar sama dag. Þann 28. nóvember 2016 staðfesti Hæstiréttur úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur.

Þegar beiðni rannsóknarnefndar var tekin aftur fyrir í Héraðsdómi 8. desember 2016 báru Guðmundur og Ólafur brigður á að þeim væri skylt að svara spurningum nefndarinnar. Bygðist málf lutningur þeirra á því að Alþingi hefði ekki haft heimild til að mæla fyrir um rannsókn á þátttöku Hauck & Aufhäuser í kaupum á 45,8% eignarhlut íslenska ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. þar sem slíkt samræmdist ekki ákvæðum laga nr. 68/2011. Þá töldu þeir að við meðferð málsins hefði ekki verið gætt réttinda þeirra að lögum.

Með úrskurði, dags. 15. desember 2016, hafnaði Héraðsdómur Reykjavíkur málatilbúnáði þeirra í tengslum við heimild Alþingis til að mæla fyrir um skipun nefndarinnar og þar með heimild nefndarinnar til að rannsaka málið á grundvelli laga nr. 68/2011. Héraðsdómur taldi hins vegar að þegar litið væri til viðfangsefnis rannsóknarinnar, stöðu Guðmundar og Ólafs við kaupin á Búnaðarbanka Íslands hf., svo og afstöðu þeirra til beiðni rannsóknarnefndarinnar um að þeir gæfu skýrslu fyrir dómi, yrði að líta svo á að þeim væri í raun gert að vitna gegn sjálfum sér í máli sem gæti valdið þeim alvarlegum mannorðshnekki. Taldi Héraðsdómur að við þessar aðstæður gæti þeim ekki verið skylt, gegn vilja sínum, að gefa skýrslu sem vitni með þeim skyldum og þeirri ábyrgð sem því fylgdi að lögum. Þar sem tilefni rannsóknarinnar beindist í raun að framgöngu þeirra í viðskiptunum taldi Héraðsdómur að 4. mgr. 10. gr. laga nr. 68/2011 og 1. mgr. 118. gr. laga nr. 88/2008 megnuðu ekki að tryggja þeim þá réttarvernd sem fælist í meginreglunni um þagnarrétt, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar um réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Í þessu ljósi yrði að játa Guðmundi og Ólafi heimild til þess að skorast með öllu undan því að gefa vitnaskýrslu fyrir dómi í málinu.

10. Þegar rætt er í skýrslunni um Kaupþing hf. í samhengi við þessi starfsheiti Sigurðar og Hreiðars Márs er átt við fjármálafyrirtækið Kaupþing hf. sem svo hét til vors 2003 þegar það sameinaðist Búnaðarbanka Íslands hf. undir nafninu Kaupþing Búnaðarbanki hf. Nánar er vikið að sameiningu félaganna tveggja síðar í skýrslunni.

Rannsóknarnefndin skaut úrskurðum Héraðsdóms til Hæstaréttar með kæru 16. desember þar sem þess var krafist að skýrslutakan af Guðmundi og Ólafi færi fram. Hæstiréttur féllst á kröfur nefndarinnar með dómum sem kveðnir voru upp 17. janúar 2017. Taldi Hæstiréttur að ekki yrði fyrirfram úr því skorið hvort spurningar sem rannsóknarnefndin hygðist leggja fyrir Guðmund og Ólaf væru þess eðlis að ákvæði 1. mgr. 118. gr. laga nr. 88/2008 og 4. mgr. 10. gr. laga nr. 68/2011 tæki til þeirra, en heimild til handa Guðmundi og Ólafi til þess að skorast með öllu undan því að gefa vitnaskýrslu fyrir dómi yrði ekki fundin stoð í þessum lagaákvæðum.

Í kjölfarið tók rannsóknarnefndin skýrslu af Ólafi Ólafssyni og Hreiðari Má Sigurðssyni í Héraðsdómi Reykjavíkur 30. janúar 2017. Þann 1. febrúar 2017 tók nefndin skýrslu af Sigurði Einarssyni en 8. febrúar af Guðmundi Hjaltasyni.

Rannsóknarnefndin ræddi enn fremur við nokkra erlenda aðila sem féllu ekki undir ákvæði laga nr. 168/2011 um skýrslutökur fyrir nefndinni. Meðal þeirra voru Helmut Landwehr, fyrrverandi meðeigandi í Hauck & Aufhäuser, sem nefndin ræddi við 4. október 2016. Þá ræddi nefndin við Edward Williams, fyrrverandi starfsmann HSBC-banka, hinn 12. október 2016, en hann var framkvæmdanefnd um einkavæðingu og íslenska ríkinu til ráðgjafar við sölu hlutarins í Búnaðarbankanum.

Rannsóknarnefndin óskaði einnig eftir að ræða við Peter Gatti, fyrrverandi framkvæmdastjóra Hauck & Aufhäuser, Martin Zeil, fyrrverandi forstöðumann lögfræðisviðs bankans, Ralf Darpe, starfsmann Sociéte Générale og Eggert Jónas Hilmarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra lögfræðisviðs dótturfélags Kaupþings hf., og síðar Kaupþings banka hf., í Lúxemborg, Kaupthing Bank Luxembourg S.A.¹¹ Þeir Zeil og Eggert kváðust ekki getað svarað fyrirspurnum nefndarinnar vegna reglna um bankaleynd í Lúxemborg og Þýskalandi.¹² Peter Gatti og Ralf Darpe svöruðu hins vegar ekki erindum nefndarinnar. Í ljósi þeirra upplýsinga sem Zeil og Eggert veittu um þagnarskyldu samkvæmt fyrrnefndum erlendum lögum og þess að nefndin hefur ekki valdheimildir til að afla slíkra upplýsinga utan íslenskrar lögsögu taldi nefndin ekki tilefni til að freista þess frekar að fá aðra erlenda aðila í Þýskalandi og Lúxemborg til að ræða við nefndina.

1.5.1 Meginatriði úr munnlegum framburðum fyrir nefndinni

Hér á eftir fylgja stutt yfirlit um meginatriði úr framburðum einstakra skýrslugjafa sem kallaðir voru fyrir nefndina að því leyti sem nefndin telur þá hafa þýðingu fyrir umfjöllun nefndarinnar. Eftir atvikum er svo vitnað nánar til framburða, og til einstakra atriða úr þeim, þar sem við á í umfjöllun í skýrslunni og tilefni telst til.

1.5.1.1 Ólafur Ólafsson

Í vitnisburði Ólafs Ólafssonar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 30. janúar 2017, kom fram að hann teldi með öllu ótækt að stóla á minnið um viðfangsefni rannsóknarinnar án þess að honum yrðu veittar upplýsingar fyrirfram um hvað rannsóknarnefnd hygðist spyrja hann. Kváðst hann ekki geta svarað því nákvæmlega hvar hann hefði starfað á umræddum tíma. Enn fremur kváðst hann ekki geta lýst því hver hans þáttur hefði verið í tilboðsgerð S-hópsins og samningaviðræðum við íslensk stjórnvöld um kaup hópsins á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Í máli hans kom hins vegar fram að hann hefði talið það óðs manns æði fyrir Íslendinga að taka þátt í kaupum á banka án þess að fá erlenda sérfræðiaðstoð og því hefði Sociéte Générale verið fenginn til að vera hópnum innan handar. Þá kom fram að hann sjálfur og Guðmundur Hjaltason hefðu verið helst í samskiptum við starfsmenn Sociéte Générale fyrir hönd S-hópsins en hann myndi það ekki nákvæmlega. Ólafur staðfesti að starfsmenn Sociéte Générale hefðu átt virkan þátt í að tengja Hauck & Aufhäuser inn í S-hópinn og að Michael Sautter, starfsmaður franska bankans og ráðgjafi S-hópsins, hefði átti í mestum samskiptum við þýska bankann en hann hefði sjálfur ekki heyrt bankans getið áður.

11. Sjá hér tölvubréf rannsóknarnefndar til Peter Gatti, dags. 11. mars 2017, tölvubréf nefndarinnar til Martin Zeil, dags. 11. október 2016 og tölvubréf nefndarinnar til Eggerts Jónasar Hilmarssonar, dags. 28. febrúar 2017.

12. Sjá tölvubréf Martin Zeil til rannsóknarnefndarinnar, dags. 14. október 2016 og tölvubréf Eggerts J. Hilmarssonar, dags. 2. mars 2017.

Aðspurður um hvers vegna hann hefði talið Hauck & Aufhäuser heppilegan kost á sínum tíma svaraði Ólafur til að þýski bankinn hefði verið með mjög öfluga einkabankaþjónustu í Lúxemborg sem hefði verið sams konar starfsemi og Búnaðarbankinn hefði verið að byrja á. S-hópurinn hefði enn fremur talið að Hauck & Aufhäuser gæti „hjálpað mjög mikið upp á að tryggja rekstur Búnaðarbankans“.

Ólafur sagði í framburði sínum fyrir dómi að eftir því sem hann best vissi, en hann þyrfti þó að fara í gegnum alla samninga í því sambandi til að staðfesta, væru allar þær upplýsingar sem íslenska ríkinu voru veittar á þessum tíma, eða annars sú aðkoma Hauck & Aufhäuser sem bæði kaupsamningurinn og fylgigögn hans kváðu á um, og kynnt voru í fjölmiðlum samhlíða kaupnum, réttar og nákvæmar varðandi aðkomu Hauck & Aufhäuser. Ólafur sagðist ekki muna hvort einhverjar ráðstafanir hefðu verið gerðar, t.d. með samningum, til að draga úr eða girða fyrir fjárhagslega áhættu Hauck & Aufhäuser af viðskiptunum. Þá kváðst Ólafur ekki muna hvort einhverjir aðrir aðilar en þeir sem stóðu að kaupsamningnum við íslenska ríkið hefðu komið að kaupum S-hópsins, t.d. með samningum.

Í framburði sínum kváðst Ólafur ekki hafa hugmynd um og að hann myndi ekki eftir því hvort Kaupþing hf. hafi komið að fjármögnun kaupa einhvers þeirra sem tilgreindir voru sem kaupendur að hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Aðspurður um hvort rétt væri að Hauck & Aufhäuser hefði tekið „fullan þátt í kaupnum á kjölfestuhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. í gegnum kaup sín í Eglu hf.“ svaraði Ólafur að þeir hefðu verið „að fullu hluthafar í Eglu hf.“ og hann hefði „ekki verið upplýstur um annað af þeim“. Þá kváðst Ólafur ekki geta varpað ljósi á hvort fullyrðingar Guðmundar Hjaltasonar, framkvæmdastjóra Eglu hf., í fjölmiðlum um að hann vissi ekki til þess að Hauck & Aufhäuser hefði verið „leppur fyrir aðra aðila“, væru réttar og nákvæmar. Enn fremur sagðist Ólafur ekki muna eftir því hvort með þessum staðhæfingum Guðmundar hefði verið eitthvað látið ósagt sem þýðingu gat hafa talist um aðkomu þýska bankans að einkavæðingu Búnaðarbankans“. Aðspurður um fullyrðingar Sigurjóns Árnasonar, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans og framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Búnaðarbankans, í skýrslu hjá Rannsóknarnefnd Alþingis árið 2009, að Hauck & Aufhäuser hafi verið fulltrúi fyrir aðra aðila og að það hafi verið gerður einhvers konar framvirkur samningur um viðskipti bankans, sagði Ólafur að honum vitanlega ætti það ekki við rök að styðjast og að hann myndi „ekki eftir neinu svona“.

1.5.1.2 Guðmundur Hjaltason

Í vitnisburði Guðmundar Hjaltasonar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur kom fram að hann hefði á þeim tíma sem kaup Eglu hf. á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum fóru fram verið framkvæmdastjóri Eglu hf., sem og framkvæmdastjóri hjá Samskipum hf. og framkvæmdastjóri Kers hf. Í framburði hans kom fram að hann hafi á sama tíma starfað sem fulltrúi S-hópsins og átt í samskiptum við fulltrúa ríkisins f.h. hópsins eftir að rammksamkomulag hafði verið undirritað á síðari hluta árs 2002 fram til þess að kaupsamningur var undirritaður í janúar 2003. Í því sambandi hefði hann tekið þátt í samningaviðræðum við starfsmenn framkvæmdanefndar um einkavæðingu sem lutu að einstökum þáttum rammksamkomulagsins. Guðmundur minntist þess ekki hvort hann hefði haft umboð frá öllum í hópnum til þessa en hópurinn hefði hist mjög reglulega og rætt samningagerðina sem og fjármögnun. Þá hefði Kristinn Hallgrímsson, hæstaréttarlögmaður, tekið þátt í samningagerðinni með honum en Guðmundur gat ekki fullyrt um hvort hann hefði haft umboð frá öllum hópnum til samningagerðarinnar. Guðmundur kváð þá í S-hópnum sem áttu bein samskipti við fulltrúa ríkisins hafa verið Ólaf Ólafsson og Margeir Danielsson, framkvæmdastjóra Samvinnulífeyrissjóðsins og ef til vill einnig Finnur Ingólfsson, forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf.

Guðmundur kváðst ekki hafa komið að þeirri vinnu að fá erlendan fjárfesti inn í S-hópin á sínum tíma. Starfsmenn Société Générale, þeir Michael Sautter og Ralf Darpe, hefðu hins vegar veitt S-hópnum ráðgjöf á þessum tíma sem fólst í uppbyggingu viðskiptanna, samningagerð, hjálp við gerð áreiðanleikakönnunar og almennri ráðgjöf um kaupin. Guðmundur sagði það hafa komið til greina að Société Générale yrði sjálfur fjárfestir

„Hauck & Aufhäuser fjárfesti í Eglu hf. eða ehf., ég man ekki hvort það er. Öll gögn, allir pappírar, allar innborganir hlutafjár liggja fyrir. Allar fundargerðir sem þú hefur liggja fyrir. Fundarseta hans eða fulltrúa hans í stjórnun liggja fyrir, öll umboð hans til athafna innan við Eglu liggja fyrir og meira hef ég ekki nú ekkert um málið að segja. Ég, þú getur ekki ætlast til þess að ég sé hérna, 15 árum síðar, að svara getgátum fjölmiðla. Bara I'm sorry.“

- Úr skýrslu Ólafs Ólafssonar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, dags. 30. janúar 2017.

við kaupin en gat ekki lýst því með hvaða hætti það varð. Bankinn hefði hins vegar verið viðskiptabanki Samskipa á þessum tíma og Guðmundur hefði farið og boðið þeim til Íslands og þeir í framhaldinu gerst ráðgjafar S-hópsins við söluna.

Guðmundur kvað það vel geta staðist að S-hópurinn hefði greitt Société Générale 300 milljónir íslenskra króna fyrir ráðgjöf við söluna, en slíkt svaraði til um 3% þóknunar af viðskiptunum sem væri ekki óeðlilegt í viðskiptum af þessum toga.

Guðmundur upplýsti fyrir dómi að hann hefði tekið fullan þátt í að semja við Hauck & Aufhäuser um aðkomu þeirra þegar þeir komu að borðinu. Í þeim samningum hafi hann samið við þýska bankann um hluthafasamkomulag inni í Eglu sem varð hluti af kaupsamningi við ríkið, samþykktir við Eglu hf. og átt í samskiptum við Martin Zeil, forstöðumann lögfræðisviðs bankans. Guðmundur kvað samningaviðræðurnar við Hauck & Aufhäuser helst hafa lotið að aðkomu bankans að fjármögnun viðskiptanna og með hvaða hætti bankinn ætti að koma inn í Eglu hf., en þeir Ólafur Ólafsson, Ralf Darpe og Michael Sautter hefðu allir komið að þessum viðræðum með honum.

Guðmundur bar fyrir dómi að þær upplýsingar sem veittar voru á sínum tíma um þá aðkomu Hauck & Aufhäuser, sem kaupsamningurinn og fylgigögn hans kváðu á um og kynnt voru í fjölmiðlum samhliða kaupnum, hefðu verið réttar og nákvæmar, að því er hann best vissi. Jafnframt kvað Guðmundur að ekki hefðu verið gerðar neinar ráðstafanir umfram aðra fjárfesta, t.d. með samningum, til að draga úr eða girða fyrir fjárhagslega áhættu Hauck & Aufhäuser af viðskiptunum. Þá kvaðst Guðmundur ekki minnst þess hvort einhverjir aðrir hafi komið að viðskiptum S-hópsins um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum en Hauck & Aufhäuser og þeir aðilar innan S-hópsins sem gefnir voru upp gagnvart íslenska ríkinu. Þá minntist Guðmundur þess ekki að hann eða aðrir aðilar innan S-hópsins hefði veitt öðrum aðilum utan hópsins upplýsingar um viðræðurnar við íslenska ríkið á meðan þær fóru fram.

1.5.1.3 Hreiðar Már Sigurðsson

Hreiðar Már Sigurðsson upplýsti við skýrslutöku í Héraðsdómi Reykjavíkur 30. janúar 2017 að hann hefði árin 2002-2003 starfað sem aðstoðarforstjóri Kaupþings hf. Í framburði Hreiðars Márs kom fram að hann teldi að Hauck & Aufhäuser hefði verið raunverulegur eigandi bréfa í Eglu hf. og að enginn annar en bankinn hefði staðið að kaupum hans í Eglu hf. Jafnframt kvaðst Hreiðar Már ekki hafa vitneskju um hvort Kaupþing hf. hefði komið að kaupum S-hópsins á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum og ekki reka minni til þess hvort Kaupþing eða önnur fyrirtæki í eigu þess, eða undir yfirráðum þess, hafi veitt ráðgjöf, lagt á ráðin um eða fjármagnað kaup Eglu hf., og þar með Hauck & Aufhäuser á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.

1.5.1.4 Sigurður Einarsson

Við skýrslutöku í Héraðsdómi Reykjavíkur 1. febrúar 2017 bar Sigurður Einarsson, sem var forstjóri Kaupþings hf. á þeim tíma sem Egla hf. festi kaup á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum, að það væri alveg ljóst að Kaupþing hafi ekki verið hluti af kaupendum á Búnaðarbankanum. Aðspurður um hvort það lægi að hans mati fyrir að hvorki Kaupþing né önnur fyrirtæki í eigu Kaupþings eða undir yfirráðum Kaupþings eða félaga í eigu þess hefðu veitt ráðgjöf eða lagt á ráðin um að fjármagna kaup S-hópsins eða Eglu hf. svaraði hann að honum væri það ekki minnstætt.

Í skýrslutökunni sagðist Sigurður enn fremur ekki vita til þess að staðhæfingar Vilhjálmss Bjarnasonar, um að Hauck & Aufhäuser hefði í reynd ekki staðið að kaupum á hlut í Eglu hf. heldur einungis verið leppur fyrir aðra, ættu við rök að styðjast. Þá kvaðst Sigurður ekki geta upplýst nefndina um neitt að eigin frumkvæði og án þess að nefndin beindi til hans sérstökum spurningum þar um varðandi þátttöku Hauck & Aufhäuser í kaupum á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.

1.5.1.5 Aðrir skýrslugjafar

Rannsóknarnefnd Alþingis tók m.a. einnig skýrslu af þeim Ármanni Þorvaldssyni, fyrrverandi forstöðumanni fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings, Bjarka Diego, starfsmanni fyr

irtækjaráðgjafar Kaupþings, svo og Kristínu Pétursdóttur, fyrrverandi forstöðumanni fjárfstýringar félagsins, og Steingrími Kárasynti, yfirmanni áhættustýringar. Þá tók nefndin einnig skýrslu af Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Kaupthing Bank Luxembourg S.A., dótturfélags Kaupþings í Lúxemborg. Enginn þessara aðila kannaðist við eða rak minni til þess að Kaupþing eða dótturfélag þess í Lúxemborg hefðu komið að viðskiptum Hauck & Aufhäuser með hluti í Eglu hf.

Rannsóknarnefndin tók auk þess skýrslu af Kristjáni Loftssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Kers hf., Finni Ingólfssyni, fyrrverandi forstjóra Vátryggingafélags Íslands hf. og Margeiri Daniellssyni, framkvæmdastjóra Samvinnulífeyrissjóðsins.¹³ Enn fremur tók nefndin skýrslu af Ólafi Davíðssyni, fyrrverandi formanni framkvæmdanefndar um einkavæðingu, svo og Benedikt Árnasyni, Guðmundi Ólasyni og Skarphéðni Berg Steinarssyni, sem voru starfsmenn nefndarinnar á þeim tíma sem rannsókn nefndarinnar beinist að. Enginn þessara aðila kvaðst hafa orðið var við neitt annað en að aðkoma Hauck & Aufhäuser hefði verið með þeim hætti sem upplýst var um opinberlega á sínum tíma. Nánar verður vitnað til framburða þeirra sem komu til skýrslutöku síðar í skýrslunni eftir því sem tilefni gefst til.

Nefndin ræddi enn fremur við Helmut Landwehr, sem var meðeigandi í Hauck & Aufhäuser (e. „managing partner“) og sat í stjórn bankans þegar bankinn kom fram gagnvart íslenska ríkinu sem hluthafi í Eglu hf. Í gögnum rannsóknarnefndar kemur fram að Landwehr hafi ásamt Martin Zeil, forstöðumanni lögfræðisviðs Hauck & Aufhäuser, undirritað umboð til Peter Gatti, dags. 14. janúar 2003, þar sem Gatti var veitt heimild til að skrifa undir kaupsamning um hlut í Eglu hf. f.h. Hauck & Aufhäuser, svo og til að gera hluthafasamkomulag við aðra hluthafa í Eglu og aðra aðila í S-hópnum, auk kaupsamnings við íslenska ríkið.

Landwehr gaf nefndinni þær upplýsingar að Peter Gatti hefði komið að einkavæðingu Búnaðarbankans fyrir hönd Hauck & Aufhäuser. Landwehr tjáði nefndinni að miðað við þær upplýsingar sem hefðu verið kynntar innan bankans á þeim tíma þá hefði þátttaka Hauck & Aufhäuser einskorðast við hafa vörslur hlutanna í Eglu hf. fyrir hönd íslenskra aðila. Landwehr sagði að ef bankinn hefði fest kaup á hlutabréfum í eigin nafni, sem hefði þá numið fjárfestingu upp á um það bil 35 milljón Bandaríkjadali, þá hefði þurft að afla samþykkis stjórnar fyrir fjárfestingunni. Slík fjárfesting hefði hins vegar ekki verið kynnt í stjórn.¹⁴

1.6 Skriflegar fyrirspurnir nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011

Þegar hillti undir lok rannsóknarinnar taldi nefndin, í ljósi þeirra upplýsinga um rannsóknarefnið sem fram komu í gögnum sem nefndin hafði aflað, rétt að senda tilteknum einstaklingum bréf þar sem þeim var gefinn kostur á því að koma að frekari upplýsingum og eftir atvikum lýsa afstöðu til atriða sem fyrirséð var að skýrsla nefndarinnar myndi einkum beinast að. Bréf þessi voru send 13. og 14. mars 2017 á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga nr. 68/2011 með þeim fyrirspurnum til hvers og eins sem fyrirliggjandi gögn og upplýsingar nefndarinnar gáfu tilefni til. Þess var óskað að svör bærust nefndinni í síðasta lagi 20. og 21. mars.

Í þessum bréfum voru kynntar helstu upplýsingar úr þeim gögnum sem nefndin hafði aflað um aðkomu Hauck & Aufhäuser að viðskiptum með hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum og gerð er grein fyrir í 5. kafla þessarar skýrslu. Ljóst er að á rannsóknarnefndinni hvíldi engin skylda að lögum til að veita umræddum einstaklingum aðgang að gögnum sem vísað var til í fyrirspurnum nefndarinnar. Bréfin voru hins vegar send í því skyni að afla frekari upplýsinga frá þessum einstaklingum um viðfangsefni rannsóknar nefndarinnar. Rannsóknarnefndin hafði áður við skýrslutöku lagt fyrir þessa einstaklinga spurningar, m.a. um hvort Hauck & Aufhäuser hafi verið leppur fyrir aðra aðila í viðskiptunum, og þá Kaupþing hf., og hvort það væri eitthvað sem þau gætu upplýst nefndina um að eigin frumkvæði, og án þess að nefndin beindi til þeirra sérstökum spurningum þar um, varðandi þátttöku Hauck & Aufhäuser í kaupum á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.

13. Axel Gíslason forstjóri Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga sá sér ekki fært að gefa skýrslu fyrir nefndinni af heilsufarsástæðum.

14. Viðtal við rannsóknarnefnd Alþingis 4. október 2016.

Meðal þeirra sem fengu slík bréf voru Ólafur Ólafsson, fyrrverandi stjórnarformaður Eglu hf., Guðmundur Hjaltason, fyrrverandi framkvæmdastjóri sama félags, Sigurður Einarsson og Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri og aðstoðarforstjóri Kaupþings á þeim tíma þegar S-hópurinn festi kaup á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Í þessum hópi voru einnig Steingrímur Kárason, yfirmaður áhættustýringar í Kaupþingi hf., Kristín Pétursdóttir, forstöðumaður fjárstýringar Kaupþings hf., og Bjarki Diego, sem starfaði sem lögfræðingur í Kaupþingi hf. á sama tíma, svo og Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Svarbréf þessara einstaklinga bárust 20. og 21. mars og eru svör þeirra rakin í 6. kafla þessarar skýrslu að því marki sem nefndin telur tilefni til.¹⁵

Auk þeirra voru þýska bankanum Hauck & Aufhäuser og Kristjáni Loftssyni send fyrirspurnarbréf, en hvorugur svaraði bréfi nefndarinnar.

15. Umrædd bréf nefndarinnar og svör við þeim eru birt í viðauka með vefútgáfu skýrslunnar.

ORRÆNA SUNDKEPPNIN
STENDUR TIL 10. JÚLÍ



2. EFNI OG UPPBYGGING SKÝRSLUNNAR

Í fyrsta kafla skýrslunnar hér á undan var gerð grein fyrir tilefni og aðdraganda rannsóknar nefndarinnar, viðfangsefnum hennar og viðeigandi lagareglum um störf rannsóknarnefnda Alþingis. Þá var gerð grein fyrir gagnaöflun, skýrslutökum, skriflegum fyrirspurnum og annars konar upplýsingaöflun nefndarinnar. Rakin voru meginatriði úr munnlegum framburðum fyrir nefndinni og gerð grein fyrir skriflegum fyrirspurnum hennar með bréfum til tiltekinna einstaklinga á lokastigum rannsóknarinnar. Í viðauka með skýrslunni er að finna lista yfir þá sem gáfu skýrslu fyrir nefndinni. Einnig eru í viðauka birt fyrrgreind fyrirspurnabréf nefndarinnar sem og svör viðkomandi einstaklinga við þeim. Síðar í þessu yfirliti um efni og uppbyggingu skýrslunnar greinir nánar frá þessum og öðrum viðaukum með henni.

Í þriðja kafla skýrslunnar eru rakin atvik varðandi sölu íslenska ríkisins á eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. sem lokið var með kaupsamningi þess og hins svonefnda S-hóps 16. janúar 2003. Jafnan er vísað til þeirra viðskipta sem einkavæðingar Búnaðarbankans. Er þar í fyrsta lagi fjallað um aðdraganda að gerð þessa kaupsamnings, það er söluferli Búnaðarbankans og þátttöku S-hópsins í því, samkvæmt þeim gögnum og upplýsingum sem fram komu við rannsókn nefndarinnar. Gerð er grein fyrir samningaviðræðum S-hópsins og framkvæmdanefndar um einkavæðingu svo langt sem gögn nefndarinnar ná og þýðingu hefur fyrir rannsóknarefnið, það er út frá þeim þætti í þessu ferli sem varðaði aðkomu erlendar fjármálastofnunar að tilboði og síðar kaupum S-hópsins. Þar sem til efni telst til er jafnframt gerð grein fyrir fjölmiðlaumfjöllun um söluferlið frá viðkomandi tíma og þá eftir atvikum upplýsingum eða yfirlýsingum hlutaðeigandi einstaklinga sem stafa frá eða hafðar voru eftir þeim við slík tilefni. Þessu næst er fjallað um undirritun kaupsamningsins og yfirlýsingar aðila hans við og í kjölfar kaupanna. Eftir kaupin óskuðu kaupendur eignarhlutarins lögum samkvæmt eftir samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að fara með virkan eignarhlut í fjármála fyrirtæki. Í skýrslunni er gerð grein fyrir bréfflegum samskiptum þeirra við Fjármálaeftirlitið af þessu tilefni og upplýsingum sem komu þar fram að því marki sem þær þykja geta varðað efni skýrslunnar.

Fjórði kafla skýrslunnar varðar síðari atvik og opinbera umræðu um þátt Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA í einkavæðingu Búnaðarbankans. Í þeirri umfjöllun er vikið að sameiningu Búnaðarbankans við Kaupþing hf. vorið 2003 og fleiri atvikum sem tengjast rannsóknarefninu. Umfjöllun í kaflanum lýtur síðan einkum að opinberri umræðu og efasemdum sem ítrekað hafa komið fram, allt frá því stuttu eftir kaupin og fram á síðustu ár, á þá leið að þátttaka þýska bankans í kaupunum hefði í reynd verið með öðrum hætti en þeim sem kynnt var við kaupin. Líkt og áður er þá eftir atvikum gerð grein fyrir upplýsingum eða yfirlýsingum sem stafa frá eða hafðar voru eftir einstaklingum er tengjast efni skýrslunnar við slík tilefni. Í þessu sambandi eru einnig raktar umræður og fyrirspurnir á vettvangi Alþingis í þessa veru sem og tiltæk gögn um athuganir opinberra stofnana, það er Fjármálaeftirlitsins og Ríkisendurskoðunar, á árinu 2006 á slíkum staðhæfingum. Umfjöllun um þessi efni leiðir allt til síðari ára, þar á meðal um atriði sem fram komu í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, sem og á öðrum vettvangi á undanförunum árum, allt til þess þegar síðast varð opinber umræða um þessi efni í aðdraganda skipunar þeirrar rannsóknarnefndar sem stóð að þessari skýrslu.

Í fimmta kafla skýrslunnar, sem er jafnframt lengsti kafla hennar, er gerð grein fyrir upplýsingum rannsóknarnefndar um raunverulegan þátt Hauck & Aufhäuser í einkavæðingu Búnaðarbanka Íslands hf. Þar eru jafnframt rakin og birt með beinum tilvitnunum, í heild eða að hluta, fjölmörg gögn um þau efni sem komu fram við rannsókn nefndarinnar og nefndin byggir þá umfjöllun sína á. Kaflinn greinist niður í undirkafla eftir áföngum og tímabilum í þeirri atburðarás sem þar er rakin. Umfjöllun í þessum undirköflum er að

meginstefnu einskorðuð við lýsingu atvika samkvæmt viðkomandi gögnum og upplýsingum nefndarinnar en í lok undirkaflanna eru sérstakir kaflar með samantekt rannsóknarnefndarinnar á efni þeirra og þeim ályktunum þar að lútandi sem tilefni þykir til að setja fram.

Sjötti kafli skýrslunnar geymir samandregið ágríp um meginniðurstöður skýrslunnar, einkum þá eðli máls samkvæmt úr fimmta kafla hennar.

Viðaukar með skýrslunni eru birtir með tvennum hætti. Annars vegar eru viðaukar með prentútgáfu skýrslunnar en hins vegar viðaukar, hinum til viðbótar, sem aðeins eru birtir með vefútgáfu skýrslunnar. Á sama hátt og með fyrri skýrslur rannsóknarnefnda Alþingis á undanförunum árum telst vefútgáfa þessarar skýrslu aðalútgáfa skýrslunnar enda birtist með henni nokkru meira efni heldur en í hinni prentuðu útgáfu, þar á meðal áður nefndar fyrirspurnir nefndarinnar til tiltekins hóps einstaklinga vegna efnisatriða í skýrslunni og svör sömu einstaklinga til nefndarinnar, að því marki sem þau komu fram. Einnig eru birt í heild sinni með vefútgáfunni tiltekin gögn af þeim gögnum nefndarinnar sem liggja til grundvallar umfjöllun í fimmta kafla skýrslunnar. Um viðauka með skýrslunni, annars vegar prentútgáfunni og hins vegar vefútgáfunni, er að öðru leyti vísað nánar til efnisyfirlits skýrslunnar.



3. SALA ÍSLENSKA RÍKISINS Á EIGNARHLUT Í BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF.

3.1 Aðdragandinn að gerð kaupsamnings S-hópsins og íslenska ríkisins

Hinn 10. júlí 2002 sendi framkvæmdanefnd um einkavæðingu frá sér fréttatilkynningu þar sem auglýst var eftir fjárfestum sem vildu kaupa að minnsta kosti fjórðungshlut í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Kom þar fram að framkvæmdanefndin, fyrir hönd viðskiptaráðherra, leitaði eftir innlendum eða erlendum fjárfestum með það að markmiði að efla bankana og samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði.

Í auglýsingunni var væntanlegum fjárfestum settur frestur til 25. júlí 2002 til að skila tilkynningu um áhuga sinn, en í tilkynningunni skyldi gera grein fyrir „fjárhagsstöðu, þekkingu og reynslu á fjármálamarkaði, eignarhlut sem viðkomandi óskaði eftir kaupum á, hugmyndum um staðgreiðsluverð og áformum varðandi rekstur þess banka sem áhugi væri á.“ Þá sagði jafnframt í auglýsingunni að kaupendur skyldu uppfylla skilyrði um hæfi eigenda virkra eignarhluta og tekið fram að umræddur hlutur yrði aðeins seldur í öðrum bankanum, ef viðunandi verð fengist og viðræður leiddu til sölu en stefnt væri að því að hlutur í hinum bankanum yrði seldur síðar á árinu.

Í kjölfar auglýsingarinnar lýstu alls fimm hópar fjárfesta yfir áhuga á því að fjárfesta í Landsbankanum eða Búnaðarbankanum. Meðal þeirra var hópur fjárfesta, sem lýsti yfir áhuga á báðum bönkunum í tilkynningu sinni til framkvæmdanefndarinnar, dags. 25. júlí 2002. Í tilkynningunni, sem Kristinn Hallgrímsson hrl. sendi fyrir hönd hópsins, var hópurinn sagður samanstanda af eignarhaldsfélaginu Andvöku, eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum, Fiskiðjunni Skagfirðingi hf., Kaupfélagi Skagfirðinga svf., Keri hf., Samskipum hf. og Samvinnulífeyrissjóðnum. Í tilkynningu hópsins kom meðal annars fram að „náíð samstarf og hugsanlega eignaraðild erlends banka að bönkunum [kæmi] til greina“.¹⁶ Fulltrúar þessa hóps munu hafa komið til fundar hjá framkvæmdanefnd um einkavæðingu 29. júlí 2002. Á fundinum mun Ólafur Ólafsson, forstjóri Samskipa hf., hafa haft orð fyrir hópnum og greint frá því að áhugi væri fyrir kaupum í báðum bönkunum, en Búnaðarbankinn væri þó ákjósanlegri kostur. Til þessa hóps er að jafnaði vísað sem S-hópsins í þessari skýrslu.¹⁷

Á fundi framkvæmdanefndar um einkavæðingu 31. júlí 2002 var ákveðið að taka upp viðræður við þrjá hópa, S-hópin, Samson-hópin og fjárfestingarfélagið Kaldbak hf. um kaup í Landsbankanum en að loknum þeim viðræðum yrði tekin afstaða til Búnaðarbankans. Í fréttatilkynningu framkvæmdanefndar um einkavæðingu 31. júlí 2002 var síðan tilkynnt að fyrst yrði seldur hlutur ríkisins í Landsbankanum en síðar yrði ákveðið með sölu hlutabréfa í Búnaðarbankanum. Tekið var fram að miðað væri við að „umtalsverður hlutur [yrði] seldur í báðum bönkunum á þessu ári“.¹⁸

Eftir fundi með hverjum og einum þeirra hópa sem valdir höfðu verið til viðræðna sendi framkvæmdanefnd fulltrúum þeirra samhljóða bréf, dags. 28. ágúst 2002. Með bréfunum tilkynnti nefndin og afmarkaði fimm nánar tilgreinda áhrifaþætti eða viðmið sem líta átti til við val á þeim fjárfestahópi sem rætt yrði beint við um kaup á Landsbankanum.

Ljóst er af þeim gögnum sem liggja fyrir rannsóknarnefndinni að þátttaka erlendra aðila var á þessum tímapunkti ekki meðal þeirra markmiða eða viðmiða sem Framkvæmdanefnd um einkavæðingu lagði sérstaklega upp með að ræða við hópana sem lýstu yfir áhuga á

16. Orðalagið hér, það er að vísa til „bankanna“ í fleirtölu, helgast af því að með tilkynningunni var lýst yfir áhuga á kaupum í annaðhvort Búnaðarbankanum eða Landsbankanum.

17. Í fundargerð framkvæmdanefndar um einkavæðingu frá 31. júlí 2002 er að vísu rætt um þennan hóp sem „Ker-hópin“ en frá og með 9. september 2002 er jafnan vísað til hópsins sem „S-hópsins“. Rétt er að taka fram að samsetning hópsins tók breytingum meðan á söluferli Búnaðarbankans stóð. Þegar kaupsamningur um sölu Búnaðarbankans við íslenska ríkið var endanlega undirritaður 16. janúar 2003 voru Eignarhaldsfélagið Andvaka, Fiskiðjan Skagfirðingur hf., Kaupfélag Skagfirðinga svf., Ker hf. og Samskip hf. ekki beinir aðilar að kaupunum. Þeirra í stað voru Egla hf., þar sem Ker átti tæpan helmingshlut og var þar með óbeinn aðili að kaupunum, og Vátryggingafélag Íslands hf. á meðal aðila.

18. Fréttatilkynning framkvæmdanefndar um einkavæðingu 31. júlí 2002.

kaupum á kjölfestuhlutum í bönkunum eftir auglýsingu nefndarinnar, sbr. fréttatilkynningu hennar, dags. 10. júlí 2002.

Ekki verður annað séð en að ráðagerð um aðkomu erlendra aðila að kaupum S-hópsins á hlut í íslenskum ríkisbanka hafi fyrst komið fram á einkafundi fulltrúa S-hópsins með framkvæmdanefndinni 28. ágúst 2002. Af fundargerð verður ráðið að fulltrúar S-hópsins hafi vakið máls á þessu atriði. Þannig var bókað í fundargerð að fulltrúar S-hópsins hafi upplýst að „tveir erlendir bankar hefðu sýnt áhuga á að koma að málinu sem ráðgjafar eða fjárfestar“ og síðan hafi fulltrúar hópsins spurt hvort það breytti stöðu hópsins í ferlinu. Samkvæmt fundargerðinni svaraði formaður framkvæmdanefndarinnar því til að svo væri ekki, frekar væri „gefinn plús fyrir erlenda peninga“.¹⁹ Af fundargerðabók stjórnar Kers hf. frá þessum tíma má sjá að á fundi stjórnar félagsins daginn eftir, eða 29. ágúst 2002, hafi Ólafur Ólafsson, varaformaður stjórnar, undir liðnum „önnur mál“, gert grein fyrir undirbúningi að aðild Kers hf. að kaupum á kjölfestuhlut í Landsbankanum með framangreindum félögum í S-hópnum.²⁰ Fram kom einnig að engar skuldbindandi yfirlýsingar yrðu gefnar af hálfu fyrirsvarsmanna Kers hf. án ítarlegrar kynningar í stjórn félagsins. Af fyrirliggjandi fundargerðum stjórnar Kers hf. verður ekki annað ráðið en að þetta hafi verið í fyrsta sinn sem málið var borið upp á stjórnarfundum.

Á vettvangi stjórnar Kers hf. var næst bókað um þátttöku félagsins í tilboðsferlinu á fundi stjórnarinnar 5. september 2002. Samkvæmt fundargerðinni skýrði þá Ólafur Ólafsson frá „aðdraganda og framgangi“ þess að Ker hf. tæki þátt í tilboðsgerð S-hópsins í Landsbankann. Bókað var eftir Ólafi að unnið hefði verið að málinu af metnaði, „m.a. með aðstoð frá frönskum banka og Guðmundi Hjaltasyni fjármálastjóra Samskipa hf., auk fyrirsvarsmanna þeirra félaga sem að hópnum stæðu auk lögmanns“. Ljóst má telja, með hliðsjón af síðari atvikum, að með skírskotun til „fransks banka“ hefur þarna verið átt við Société Générale. Upplýsingar sem bókað var um vörðuðu annars það að framkvæmdanefndin hefði óskað eftir verðhugmynd hópsins fyrir tiltekinn tíma daginn eftir. Ekki þarf að rekja þau atriði frekar hér.

Fjallað er um samband S-hópsins við franska bankann Société Générale í sérstakri samantekt breska bankans HSBC frá september 2002 um þá aðila sem lýst höfðu áhuga á að kaupa hlut ríkisins í Landsbankanum. Samantektin var kynnt á fundi framkvæmdanefndarinnar 8. september 2002. HSBC var á þessum tíma, samkvæmt sérstökum samningi þar um, ráðgjafi framkvæmdanefndar um einkavæðingu í tengslum við sölu ríkisins á eignarhlutum þess í bönkunum. Í umfjöllun í samantektinni um fjárhagslega stöðu („financial standing“) hópanna kemur fram að Société Générale væri S-hópnum til ráðgjafar og hefði milligöngu um gerð og fjármögnun tilboðs hans og myndi hugsanlega veita slíka fjármögnun sjálfur. Af því virðist ljóst að á þessu stigi hafi tilvísanir S-hópsins til franska bankans í samskiptum við framkvæmdanefnd um einkavæðingu fyrst og fremst lotið að hugsanlegum þætti hans í fjármögnun hópsins en ekki beinni og sjálfstæðri þátttöku sem fjárfestis í tilboði hópsins. S-hópurinn var ekki valinn til einkaviðræðna um Landsbankann og lauk þar með þátttöku hópsins í því sölufarli.

Þann 19. október 2002 ákvað framkvæmdanefnd um einkavæðingu að velja S-hópin, ásamt Kaldbaki fjárfestingarfélagi hf., úr hópi þeirra fjárfesta sem lýst höfðu áhuga fyrir Búnaðarbankanum til að skila inn frekari upplýsingum um hugsanleg kaup sín á þeim banka, sbr. samhljóða bréf nefndarinnar til hópanna tveggja, dags. 23. október 2002. Í bréfinu leitaði framkvæmdanefndin eftir svörum við nánar tilgreindum atriðum sem lögð yrðu til grundvallar við val kaupanda að Búnaðarbankanum. Í bréfinu kom fram að markmið þess væri að afla upplýsinga um tiltekna áhrifaþætti sem framkvæmdanefndin myndi byggja á við val á fjárfestahópi til einkaviðræðna um kaup á bankanum. Áhrifaþættirnir voru alls fimm en í því sambandi var ekki nefnt að það hefði vægi við mat framkvæmdanefndarinnar að erlendum aðili ætti þátt í tilboði hópsins sem fjárfestir, þ.e. með sjálfstæðum hætti sem væntanlegur meðeigandi að eignarhlutum í bankanum.

„RNA: Hver kom með þetta verkefni inn á borð hjá félaginu?“

KL, þáverandi stjórnarformaður Kers hf.: Já, Ólafur var aðalhvatamaðurinn að því. Hann er eldklár í svona bixi, svona, þannig að hann var sá sem var prímus mótor í þessu.

RNA: Einmitt. Við getum, þannig að það var hann svona sem leiðir málið þarna frá upphafi og myndirðu segja að það hafi verið þannig þá bara allar, meðan þetta varði?

KL: Já, já, hann leiddi þetta alveg. Og við hérna settum allt okkar traust á hann, enda ekki, enda klár gæi. Hann leiddi þetta alveg.“

- Úr skýrslu Kristjáns Loftssonar, þáverandi stjórnarformanns Kers hf. fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. febrúar 2017.

19. Sjá 1. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, bls. 251. Þar kemur fram að ekki verði ráðið af öðrum gögnum sem rannsóknarnefndin aflaði um einkavæðingarferlið að þessum upplýsingum hafi með formlegum hætti verið komið á framfæri við aðra bjóðendur í ferlinu.

20. Rétt er að fram komi að S-hópurinn er ekki nefndur því nafni í fundargerðabókum stjórnar Kers hf.

Samkvæmt fundargerðum stjórnar Kers hf. var þetta málefni til umræðu í stjórn félagsins á þessum tíma. Á fundi stjórnarinnar snemma morguns 23. október 2002 er þannig bókað eftir Kristjáni Loftssyni, stjórnarformanni, að Keri hf. ásamt samstarfsfyrirtækjum byðist að gera tilboð í hlut ríkisins í Búnaðarbankanum og að fyrir dyrum stæði fundur með framkvæmdanefnd um einkavæðingu síðar sama dag. Boðað var að nánar yrði farið yfir málið á næsta stjórnarfundum. Næsti fundur stjórnarinnar var samkvæmt fundargerðarbók 30. október 2002 og var þar rædd fyrirhuguð þátttaka Kers hf. í kaupum S-hópsins á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Bókað er eftir formanni stjórnarinnar, Kristjáni Loftssyni, að beiðni S-hópsins um vikufrest til að skila gögnum til framkvæmdanefndar um einkavæðingu hefði verið hafnað. Því yrði Ker hf. að gera upp við sig hvort félagið vildi „standa við óskuldbindandi boð“ til framkvæmdanefndarinnar um hluti í Búnaðarbankanum eða ekki. Því næst er í fundargerðinni greint frá kynningu Ólafs Ólafssonar á „vinnu fulltrúa Société Générale“ fyrir S-hópinn. Helstu niðurstöður þeirrar vinnu eru sagðar þær að ekki væri áhugavert að kaupa minni hlut en 45,6%, rétt væri að „leggja inn erindi með ásættanlegum verðdramma fyrir væntanlega bjóðendur“ og fram kemur einnig að miðað við forsendur hinna ótilgreindu fulltrúa franska bankans þá vonuðust þeir til að hægt væri að auka verðmæti Búnaðarbankans um allt að 10-13 milljarða á næstu 2-5 árum. Síðan segir í fundargerðinni að rætt hefði verið um „að SG og/eða tengdir aðilar kæmu með allt að 4 milljarða króna af væntanlegu kaupverði“. Loks er greint frá því að rætt hafi verið um 65% eiginfjárhlutfall í væntanlegu eignarhaldsfélagi um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Í fundargerðinni er þessu næst bókað að eftir umræður stjórnarinnar hafi verið samþykkt samhljóða tillaga um að Ker hf. tæki þátt í fyrirhuguðum kaupum á hlutum í Búnaðarbankanum af ríkissjóði fyrir allt að 2 milljarða króna (en þar var átt við fjárhæð þátttöku Kers hf. út af fyrir sig í kaupum) ef aðrir í fjárfestahópnum „skiluðu sér“ þannig að hægt yrði að „loka kaupunum í heild“.

Svör S-hópsins og Kaldbaks við bréfi framkvæmdanefndarinnar þar sem óskað var frekari upplýsinga vegna sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum bárust nefndinni með bréfum hvors hóps um sig, báðum dags. 31. október 2002. Bréf S-hópsins var ritað á ensku og bar yfirskriftina „Concept for the acquisition of shares in Búnaðarbankinn“.²¹ Fyrsti kafli bréfsins fjallaði um fjármögnun hinna fyrirhuguðu kaupa. Þar sagði meðal annars að hluthafar í fjárfestahópnum litu á kaup í Búnaðarbankanum sem langtímafjárfestingu. Traust og örugg fjármögnun kaupanna skipti mjög miklu máli fyrir framtíðarþróun bankans og væri lykilkáttur í tilboði hópsins. Hér til hliðar er vitnað beint til þessara orða úr bréfinu á frummáli.²² Í sama kafla bréfsins kom fram að ætlun hópsins væri að standa að kaupunum á hlut í Búnaðarbankanum gegnum eignarhaldsfélag og að í fyrstu, til að tryggja fulla greiðslu fyrir hlutina í Búnaðarbankanum um leið og gengið yrði frá viðskiptunum, myndi eignarhaldsfélagið verða fjármagnað með eigin fé og hluthafalánnum sem alfarið kæmu frá S-hópnum. Meirihluti fjármögnunarinnar yrði eigið fé og svo yrði áfram meðan hluturinn yrði í eigu hópsins. Fram kom einnig í þessum kafla í umfjöllun um tiltæka fjármuni (e. „funds available“), í sérstökum undirkafla a), að lausafé og lánalínur sem hópurinn hefði til ráðstöfunar fyrir hin fyrirhuguðu kaup nægðu til að fjármagna alfarið það eigið fé og hluthafalán sem eignarhaldsfélagið þyrfti til að fjármagna öll kaupin. Tekið var fram að upplýsingar í smáatriðum um fjárhagslegt bolmagn hópsins væru settar fram í viðauka 1 með bréfinu (sjá umfjöllun um hann hér á eftir). Sérstaklega var tekið fram í umfjöllun um umfang utanaðkomandi fjármögnunar (e. „level of external funding“), sem var í sérstökum undirkafla b), að eignarhaldsfélagið myndi ekki þurfa neina utanaðkomandi fjármögnun „í fyrsta skrefi“ en hygðist þó með tímanum skipta út sumum eða öllum hluthafalánnum fyrir bankalán. Loks var tekið fram í undirkafla c) um stöðu fjármögnunar (e. „status of funding“) að fjármögnun kaupanna hefði þegar verið tryggð en um það var vísað til áður nefndra upplýsinga um tiltæka fjármuni og umfang utanaðkomandi fjármögnunar. Í sama kafla var tekið fram að hópurinn hefði „átt í viðræðum“ við Société Générale varðandi síðari tíma endurfjármögnun á hluthafalánnum til eignarhaldsfélagsins

„The shareholders of the Investor Group regard the Búnaðarbanki acquisition as a long-term investment and as opportunity to develop a key financial institution for the economy of Iceland. The solid and secure funding of the transaction is critical for the future development of the Bank and a key component of our proposal“

- Úr bréfi S-hópsins til framkvæmdanefndar um einkavæðingu, dags. 31. október 2002, bls. 1.

„In a first step and in order to be able to secure full payment of the Búnaðarbanki shares immediately at the closing of the transaction, the holding company will be financed with equity and shareholder loans provided entirely by the Investor Group. The major portion of the funding will be equity and will remain equity for the entire duration of the holding period.“

- Úr bréfi S-hópsins til framkvæmdanefndar um einkavæðingu, dags. 31. október 2002, bls. 1.

„The cash position and existing bank lines at the disposal of the Investor Group for the planned acquisition are sufficient to finance the entire equity and shareholder loans, which the holding company will require to fund the total purchase. Detailed information on the financial resources of the group is set out in Appendix 1

[...]

The holding company will require no external funding in the first step. However, the Investor Group intends to replace some or all of the shareholder loans of the holding company with bank loans over time.

[...]

The funding for the purchase of the acquisition [sv] is secure (see 1.a. and 1.b. above). [...] Société Générale has access to public information provided so far and generally fully supports this transaction.“

- Úr bréfi S-hópsins til framkvæmdanefndar um einkavæðingu, dags. 31. október 2002, bls. 2.

21. Hér er efni bréfsins einungis rakið að því leyti sem það varðar rannsóknarnefni nefndarinnar, það er upplýsingar varðandi hugsanlega aðkomu erlendrar fjármálastofnunar að fyrirhuguðum kaupum S-hópsins á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.

22. Aðrar beinar tilvitnanir til bréfsins á frummáli hér á eftir koma einnig fram á spássíu.

og að franski bankinn „styddi almennt séð fyllilega þessi viðskipti“. Varðandi hugsanlegar spurningar um fjármögnun kaupa S-hópsins var vísað á fulltrúa Société Générale í Frankfurt sem af hálfu bankans kæmi að málinu og hann nánar tilgreindur sem Dr. Michael Sautter.

Í kafla 3-a) í bréfi S-hópsins var fjallað um fyrirkomulag eignarhalds, með fyrirvara um að þar kæmu fram fyrstu ráðagerðir þar um. Samkvæmt þeim var gert ráð fyrir að allir aðilar S-hópsins stæðu að eignarhaldsfélagi um hlutinn í Búnaðarbankanum. Stærstu hluthafarnir voru tilgreindir sem VÍS og Ker hf. með 20-25% hlut hvort félag og „Société Générale eða alþjóðlegur fjárfestir“ (e. „SG or international investor“) með 25-30% hlut.²³ Þannig var gert ráð fyrir því að franski bankinn eða annar „alþjóðlegur fjárfestir“ yrði stærsti eigandinn í eignarhaldsfélaginu um kaupin og síðar eignarhald á hlutnum í Búnaðarbankanum.

Bréf S-hópsins var undirritað af Kristni Hallgrímssyni hrl. fyrir hönd fjárfestahópsins. Viðauki 1 (af 2 viðaukum) með bréfinu bar yfirskriftina „Upplýsingar um fjárfestahópinn“ (e. „Information on the Investor Group“). Þar kom í upphafi fram að fjárfestahópurinn myndi samanstanda af þeim sex íslensku félögum sem áður var getið um (sjá neðanmáls hér á undan) ásamt „SG eða alþjóðlegum fjárfesti“ (e. „SG or international investor“). Í framhaldi af þessu voru settar fram stuttar sjálfstæðar lýsingar á hverjum einstökum aðila að hópnum. Lýsingarnar höfðu að geyma upplýsingar um eignarhald þeirra, fjárhag, stjórn og helstu eignir.²⁴ Þar á meðal var lýsing á Société Générale sem ekki var aðgreind frá lýsingum á öðrum félögum í hópnum.

Í bréfi Kaldbaks 31. október 2002 til framkvæmdanefndar um einkavæðingu var ekki getið um erlenda fjármálastofnun meðal þeirra stofnana og einstaklinga sem sagðir voru meðfjárfestar að tilboði Kaldbaks.

Upplýsingar S-hópsins og Kaldbaks voru metnar og bornar saman af HSBC á sama hátt og gert var við sölua á Landsbankanum í september 2002. Í samantekt HSBC frá 4. nóvember 2002 var einkunn S-hópsins fyrir tvo áhrifaþætti, framtíðaráætlanir um bankann og þekkingu og reynslu af fjármálamörkuðum, látin endurspegla vafa um það hvort Société Générale eða annar alþjóðlegur fjárfestir myndi fjárfesta með hópnum í Búnaðarbankanum. Einkunnin var þannig gefin á bili þar sem nokkru munaði á lægri og hærri einkunn miðað við hvort þetta tiltekna atriði væri hluti af tilboði hópsins eða ekki. Þá sagði í töflu um fjárhagsstöðu S-hópsins að franski bankinn væri að „meta möguleikann á að kaupa fyrir eigið fé eða lánsfé sjálfur“. Verður ekki séð að vafinn hafi haft áhrif á einkunn fyrir það viðmið á sama hátt og fyrir áðurnefnda áhrifaþætti. Sérstök athygli var þó vakin á álitafni sem laut að stöðu Société Générale í fjármögnun verkefnisins.

Í samantekinni komst HSBC að þeirri niðurstöðu að S-hópurinn uppfyllti markmið og áhrifaþætti framkvæmdanefndarinnar betur en Kaldbakur. Í samantekt HSBC var þátttaka virtrar alþjóðlegrar fjármálastofnunar, þar sem upplýst hefði verið að Société Générale og/eða önnur fjármálastofnun myndi fjárfesta fyrir eigið fé í eignarhaldsfélagi S-hópsins að Búnaðarbankanum, talin vera einn af þremur helstu styrkleikum tilboðs S-hópsins.

Samantekt HSBC um tilboðin í Búnaðarbankann var kynnt framkvæmdanefnd um einkavæðingu á fundi 4. nóvember 2002. Í fundargerð var bókað að fulltrúi HSBC hefði sagt S-hópin vera sterkari kost en Kaldbak „hvort sem Société Générale væri með eða ekki“.²⁵ Mat HSBC var m.a. sett fram á töfluformi, þar sem ein tafla var fyrir hvern af hinum fimm matsþáttum og sérstök tafla með samantekt einkunna fyrir matsþættina fimm og heildarniðurstöðu. Í einni töflu er vísað til matsþáttarins „þekking og reynsla af fjármálamörkuðum“ hjá þeim sem gerðu tilboðið í Búnaðarbankann. Annað af tveimur atriðum

„[...] we see the key relative strenghts of this bid [þ.e. tilboð S-hópsins] as being: - The involvement of a reputable international financial institution in the bid consortium, with Société Générale and/or other financial institution being proposed as equity investor in the bidders' holding company; [...]“

- Úr niðurstöðukafla samantektar HSBC um tilboð í Búnaðarbankann, dags. 4. nóvember 2002“

23. Fjárfestar í S-hópnum og hluthafar að fyrirhuguðu eignarhaldsfélagi voru í bréfinu sagðir vera eða verða samtals sjö félög: VÍS, Ker hf., Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, Kaupfélag Skagfirðinga svf., Samvinnulífeyrissjóðurinn, Eignarhaldsfélagið Andvaka og „SG eða alþjóðlegur fjárfestir“.

24. Sjá fyrri upptalningu þeirra neðanmáls.

25. „Bunaðarbanki – summary ranking of preliminary bids.“ HSBC, 4. nóvember 2002. Sjá hér bls. 1, 2–3, 8, 9 og 11. Heildarniðurstaðan um samanburð á hópnum tveimur var reiknuð út frá einkunnum fyrir tiltekin viðmið sem höfðu misjafnt vægi. Af eitt hundrad mögulegum stigum var einkunn S-hópsins á bilinu 66–74 stig vegna vafa um aðkomu Société Générale sem sjálfstæðs fjárfestis. Einkunn Kaldbaks var 64 stig. Niðurstaða HSBC var að boð S-hópsins væri „örlítið betra“ jafnvel þó tekið væri tillit til vafa um Société Générale. Í niðurstöðunni sagði þannig: „In making the assessment, the uncertainty surrounding the involvement of international financial institution(s) has been taken into account and it has been concluded that the S-Group submission is marginally more attractive, even in the event that an equity investment by an international institution would not be a part of the final deal.“ Sjá „Bunaðarbanki – summary ranking of preliminary bids“, bls. 11.

sem þar var nefnt hjá S-hópnum um alþjóðlega reynslu af fjármálamörkuðum var að „Société Générale eða annar alþjóðlegur fjárfestir [væri] meðal hluthafa“.

Í framhaldi af bókun í fundargerð framkvæmdanefndar 4. nóvember 2002 um það mat HSBC að S-hópurinn væri sterkari óháð þátttöku Société Générale var bókað að ákveðið hefði verið að fá „nánari skýringu á hlutverki Société Générale í fjárfestahópnum“ og ræða málið frekar á fundi síðar um daginn. Á síðari fundi framkvæmdanefndarinnar sama dag, kl. 15.00, var málið tekið upp aftur. Bókað var að fulltrúi HSBC hefði gert grein fyrir „samskiptum við S-hópinn og Société Générale“ frá fundinum um morguninn og lýst samtali sem hann hefði átt við Michael Sautter, framkvæmdastjóra yfir fjárfestingabankastarfsemi Société Générale í Frankfurt, sem S-hópurinn hafði gefið upp sem tengilið hjá bankanum. Einnig hefði fulltrúi HSBC farið yfir bréf sem Sautter hefði sent honum með staðfestingu á efni samtalsins. Afrit af þessu bréfi er meðal gagna rannsóknarnefndarinnar. Í því koma efnislega sömu upplýsingar fram og S-hópurinn hafði gefið upp og HSBC byggði á í samantekt sinni samkvæmt ofangreindu: Fulltrúi Société Générale staðfesti annars vegar ráðgjafarstarf bankans fyrir S-hópinn og hins vegar að Société Générale hefði „að auki mögulega áhuga á að fjárfesta fyrir eigið fé í eignarhaldsfélagi sem fjárfestahópurinn væri að koma á fót um kaup á hlutum í Búnaðarbankanum, líkt og gerð væri grein fyrir í tillögnum sem framkvæmdanefndin hefði fengið senda“. Þá var í bréfinu einnig getið um viðræður við ónefndan „norræna banka“ (e. „a Nordic Bank“) sem hefði lýst verulegum áhuga á að eignast hlut í eignarhaldsfélaginu (þ.e. Eglu ehf., síðar hf.). Fjallað var nokkru nánar um þann möguleika í bréfinu og kom meðal annars fram að hinn ónefndi norræni banki myndi þá hafa áhuga á „umtalsverðri minnihlutaeign“ (e. „a significant minority percentage“) í eignarhaldsfélaginu, sem og að Société Générale kynni að hafa áhuga á að fjárfesta fyrir eigið fé samhliða slíkri minnihlutafjárfestingu „norræna bankans“. Franski bankinn staðfesti að slíkur viðbótarfjárfestir myndi uppfylla öll skilyrði framkvæmdanefndar um einkavæðingu, en um það var vísað nánar til bréfs S-hópsins til framkvæmdanefndarinnar, dags. 31. október 2002. Því var einnig lýst yfir að Société Générale og hinn hugsanlegi fjárfestir til viðbótar myndi fjárfesta í eignarhaldsfélagi fjárfestahópsins og halda þeim hlut í full tvö ár. Að lokum sagði að viðkomandi fjárfestir myndi verða kynntur framkvæmdanefnd um einkavæðingu ef viðskiptin myndu eiga sér stað. Vitnað er til þeirra hluta bréfs Sautter sem hafa verið dregnir saman hér til hliðar á frummáli.

Á þessum síðari fundi framkvæmdanefndar um einkavæðingu 4. nóvember 2002 ákvað framkvæmdanefndin að mæla með því við ráðherranefnd um einkavæðingu að gengið yrði til samningaviðræðna við S-hópinn, þ.e. hóp fjárfesta sem samanstæði af „Eignarhaldsfélaginu Andvöku, Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum, Vátryggingafélagi Íslands hf., Kaupfélagi Skagfirðinga svf., Keri hf. og Samvinnulífeyrissjóðnum, auk einnar eða fleiri erlendra fjármálastofnana um kaup á umtalsverðum hlut í Búnaðarbanka Íslands hf.“ Var gengið frá bréfi þess efnis til ráðherranefndarinnar á fundinum. Í bréfinu var í almennum og afar stuttu máli gerð grein fyrir mati og samanburði HSBC á tilboðum S-hópsins og Kaldbaks og áhrifaþáttum sem byggt var á. Í bréfinu sagði jafnframt að það væri niðurstaða HSBC, sbr. meðfylgjandi vinnuskjal, að hópur sem samanstæði af þeim íslensku félögum sem þá mynduðu S-hópinn „auk eins eða fleiri erlendra fjármálastofnana, þ.á m. franska bankans Société Générale“ uppfyllti betur þær væntingar sem gerðar væru til kjölfestufjárfestis í Búnaðarbanka Íslands hf. Um þá niðurstöðu var vísað til vinnuskjals sem fylgdi bréfinu.

Ráðherranefndin samþykkti tillögu framkvæmdanefndar samdægurs og áritaði forsætisráðherra fyrrgreint bréf framkvæmdanefndarinnar því til staðfestingar. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði er það ráðið af ummælum Valgerðar Sverrisdóttur, þáverandi viðskiptaráðherra, sem átti sæti í ráðherranefndinni, við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni að ráðherranefndin hafi almennt fylgt ráðgjöf framkvæmdanefndarinnar við ákvarðanir sínar án sérstakrar sjálfstæðrar athugunar eða endurskoðunar á forsendum hennar.

„Further to our telephone conversation this morning Société Générale wants to clarify the following:

We have been appointed advisors to a Group of Investors in the privatisation process of Búnaðarbanki. The Investor Group includes VÍS, KER, Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, Kaupfélag Skagfirðinga, Samvinnulífeyrissjóðurinn, Eignarhaldsfélagið Andvaka.

In addition, we are potentially interested in subscribing for an equity investment in the investment vehicle being established by the Group of Investors to acquire the shares in Búnaðarbanki, as set out in the proposal sent to the committee. As discussed, we are also progressing talks with a Nordic Bank, who has expressed serious interest in acquiring an interest in the investment vehicle. If these talks are successful, it is intended that the Nordic Bank would subscribe for a significant minority percentage of the investment vehicle. We confirm that Société Générale could remain interested in subscribing for an equity investment in circumstances where the Nordic Bank subscribed for a significant minority shareholding.

Société Générale confirms that it or the additional investor will meet all requirements of the Privatisation Committee as stated in the Investor's Group letter to the Privatisation Committee dated 31 October 2002.

Société Générale [and] respectively the additional other investor will invest in the Investor Group holding company and keep its share for the full two years. This investor would be revealed to the Privatisation Committee, if the transaction will take place.“

- Úr bréfi Michael Sautter, framkvæmdastjóra hjá Société Générale í Frankfurt og ráðgjafa S-hópsins, til Edward Williams, starfsmanns breska bankans HSBC og ráðgjafa framkvæmdanefnd um einkavæðingu, dags. 4. nóvember 2002.

„Við treystum okkar einkavæðingarnefnd og kannski treystu þeir HSBC eða hvernig það var. En svona [...] það var náttúrulega ströngl um tíma í sambandi við Landsbankann.“

- Úr skýrslu Valgerðar Sverrisdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 15. október 2009, bls. 26.

„You have indicated that a stake of 25 – 30% in your holding company will be taken by Société Générale or another international investor. The Committee would like to emphasise that the participation of Société Générale, or another international financial institution of high repute, as a significant equity investor in the bidder vehicle has been a major factor behind the Committee’s decision to initiate negotiations on an exclusive basis with your group. It should therefore be clear that (i) exclusivity will initially only be granted to a limited period of time, sufficient for the bidder to form a more detailed view on valuation and that (ii) the Committee will be reluctant to extend the right to negotiate on an exclusive basis, if at that point in time, the Committee considers that Société Générale or another international investor are unlikely to take a significant equity holding in the bidder vehicle.“

- Úr bréfi Framkvæmdanefndar um einkavæðingu til Fulltingis ehf., f.h. félaga sem þá mynduðu S-hópin „og Société Générale“, dags. 4. nóvember 2002.

Sama dag, 4. nóvember 2002, sendi framkvæmdanefnd um einkavæðingu (FNE) annars vegar Kaldbaki hf. og hins vegar umboðsmanni S-hópsins bréf þar sem tilkynnt var um ákvörðunina. Bréfið til S-hópsins er á ensku og stílað á Fulltingi ehf., lögmannsstofu umboðsmannsins, fyrir hönd nánar tilgreindra félaga sem þá mynduðu S-hópin „[...] og Société Générale“. Í þessu bréfi setti framkvæmdanefndin einnig fram nokkrar „athugasemdir“ um „viðræðurnar framundan“. Þar sagði m.a. að S-hópurinn hefði gefið til kynna að 25–30% hlutur í eignarhaldsfélagi um eign í Búnaðarbankanum yrði í eigu Société Générale eða annars alþjóðlegs fjárfestis. Framkvæmdanefndin lagði áherslu á að „þátttaka Société Générale eða annarrar hátt virtrar alþjóðlegrar fjármálastofnunar, sem umtalsverðs hluthafa í eignarhaldsfélagi um tilboðið [hefði] verið veigamikill þáttur á bak við ákvörðun nefndarinnar að efna til einkaviðræðna við [S-hópin]“. Lögð var áhersla á að einkaviðræður yrðu ákveðnar til tiltekins takmarkaðs tíma og að framkvæmdanefndin yrði treg til að framlengja einkaviðræður ef hún teldi þá „Société Générale eða annan alþjóðlegan fjárfesti ólíklegan til að eiga umtalsverðan hlut í eignarhaldsfélagi um tilboðið“.

Daginn eftir, 5. nóvember 2002, staðfesti framkvæmdanefnd við Fulltingi ehf. fyrir hönd sömu aðila og í bréfinu daginn áður að nefndin myndi eiga einkaviðræður við S-hópin um kaup á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum og að frestur til einkaviðræðna rynni út 15. nóvember 2002.

Sama dag, 5. nóvember, sendi Eiríkur S. Jóhannsson, framkvæmdastjóri Kaldbaks starfsmanni framkvæmdanefndar tölvubréf og óskaði eftir nánari útskýringum á „ákvörðun FNE vegna sölu á eignarhluta í Búnaðarbanka Íslands hf., þ.e.a.s. hvaða atriði það voru í svörum aðilanna sem réðu úrslitum við val nefndarinnar“. Í svari formanns framkvæmdanefndar 8. nóvember 2003 var vísað almennt um forsendur ákvörðunarinnar til samhljóða bréfs nefndarinnar til S-hópsins og Kaldbaks, dags. 23. október 2002 og mats HSBC á svörum beggja aðila frá 31. október 2002. Formaðurinn tilmálað hins vegar sérstaklega þrjú atriði sem að mati nefndarinnar hefðu „skilið á milli við val á viðsemjanda“. Meðal þeirra atriða sem nefnd voru í þessu sambandi var að S-hópurinn hefði haft í sínum hópi „virt erlent fjármálafyrirtæki sem fjárfesti“ en að mati nefndarinnar og HSBC hefði það verið „eftirsóknarverð samsetning fjárfestahóps.“ Eins og rakið er í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði fullyrti formaðurinn þannig án fyrirvara í bréfinu að virt erlent fjármálafyrirtæki væri meðlimur í S-hópnum sem fjárfestir og að það atriði hefði verið veruleg forsenda fyrir mati HSBC og nefndarinnar sem val þeirra á S-hópnum sem viðsemjanda var grundvallað á.²⁶

Fjórum dögum eftir að framkvæmdanefnd um einkavæðingu ákvað að ganga til einkaviðræðna við S-hópin um kaup á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum, eða 8. nóvember 2002, er bókað í fundargerð stjórnarfundar Kers hf. um gang þessara mála undir liðnum „Kaup á hlut í Búnaðarbanka Íslands hf.“. Samkvæmt bókun undir þeim lið gerðu Kristján Loftsson og Ólafur Ólafsson grein fyrir söluferlinu og ákvörðun framkvæmdanefndar um einkaviðræður við S-hópin. Fyrir dyrum stæðu þá lokaviðræður um hvort af kaupunum yrði og var nánar tilgreint að þær myndu snúast „um verð o.fl. þætti málsins“. Bókað er eftir Kristjáni Loftssyni að hann teldi nauðsynlegt að strax skýrðist hvort geta og áhugi væri í fjárfestahópnum til að ljúka málinu. Var því ákveðið að boða til fundar með fyrirsvarsmönnum annarra fjárfesta í S-hópnum daginn eftir, 9. nóvember 2002, til viðræðna um málið. Að öðru leyti var ákvörðun stjórnar Kers hf. um málið frá 30. október 2002, sbr. áður, sögð standa óhögguð. Rannsóknarnefndin hefur ekki upplýsingar um hvort þessi fyrirhugaði fundur fyrirvarsmanna aðila að S-hópnum fór fram eða hvað var þá þar til umræðu eða ákveðið.

Með tilkynningu, dags. 14. nóvember 2002, var tilkynnt um stofnun Eglu ehf. til fyrirtækjaskrár, en samþykktir félagsins voru dagsettar sama dag. Í tilkynningunni er tilgangi félagsins lýst sem svo að það sé „eignarhaldsfélag um hluti í Búnaðarbanka Íslands hf., kaup og sala hlutabréfa, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.“

26. Sjá skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, bls. 255–256. Í skýrslu þeirrar nefndar er lögð áhersla á að á þessum tímavæðingu hafði framkvæmdanefnd um einkavæðingu ekki fengið neina raunhæfa staðfestingu á þátttöku erlendra fjármálastofnunar sem fjárfestis í S-hópnum, hvorki Société Générale né annarrar, hvað þá að bein skuldbinding slíks aðila lægi fyrir.

Næsta dag, 15. nóvember 2002, hélt stjórn Kers hf. fund þar sem þátttaka félagsins í kaupum á Búnaðarbankanum var eina málið á dagskrá.²⁷ Fram kom að boðað væri til fundarins að lokinni kynningu „ráðgjafa frá Société Générale, Frankfurt“ sem unnið hefðu að mati á Búnaðarbankanum. Í fundargerðinni var greint frá því að tillaga lægi fyrir fundinum um að Ker hf., Samvinnutryggingar og Société Générale stofnuðu eignarhaldsfélag sem nefnt hefði verið Egla ehf.²⁸ Samvinnulífeyrissjóðurinn og VÍS myndu fjárfesta beint í bankanum en gert yrði hluthafasamkomulag við Eglu ehf. þannig að allir þessir aðilar kæmu fram sem einn. Þessu næst var greint í fundargerðinni frá því að fyrir fundinn hefði verið lagt fram uppkast að samkomulagi við framkvæmdanefnd um einkavæðingu um efnisatriði (til nánari skýringar kom fram að átt væri við „heads of agreement“) sem undirritað yrði daginn eftir, 16. nóvember 2002, en áformað væri að undirrita kaupsamning 20. desember 2002. Efnisatriðum samkomulagsins var svo nánar lýst. Sú lýsing er í öllum aðalatriðum, til dæmis um stærð hins selda hlutar, tvo áfanga kaupanna, gengi í viðskiptunum og tímabundnar söluhömlur á hinum keyptu hlutum, í samræmi við hið endanlega rammamarkmið. Það samkomulag mun hafa hafa verið undirritað 16. nóvember 2002 í samræmi við það sem boðað var í fundargerðinni en ber engu að síður dagsetninguna 15. nóvember 2002.²⁹

Þessu næst kom fram í fundargerðinni tafla þar sem lýst var tillögu sem fram hefði komið á fyrrnefndum kynningarfundum um skiptingu á kaupunum milli aðila S-hópsins. Samkvæmt töflunni var gert ráð fyrir að Egla ehf., sem samanstæði af „SG banka“, Keri hf. og Samvinnutryggingum legði fram samtals 9,3 milljarða króna til kaupanna, 4800 milljónir króna í fyrri áfanga kaupanna en 4500 milljónir í seinni áfanga þeirra. Þessar fjárhæðir áttu samkvæmt töflunni að skiptast svo milli hluthafa í Eglu ehf. (fjárhæð í fyrri áfanga/fjárhæð í seinni áfanga): „SG banki“ (2000 m.kr./2100 m.kr.), Ker hf. (2000 m.kr./2100 m.kr.) og Samvinnutryggingar (800 m.kr./300 m.kr.). Ekki þykir ástæða hér til að tilgreina áætlaðar fjárhæðir kaupa VÍS og Samvinnulífeyrissjóðsins. Heildarkaupverð fyrir hlutinn í hinum fyrrihugðuð viðskiptum var tilgreint 11,8 milljarðar króna eða nokkurn veginn sama fjárhæð og varð endanlega raunin samkvæmt kaupsamningi aðila 16. janúar 2003 (11,9 milljarðar króna).

Í beinu framhaldi af þessu var bókað í fundargerðinni að fram hefði komið hjá ráðgjöfum SG banka að þeir teldu „mögulegt að ná fram sparnaði í BÍ þannig að umrætt verð væri forsvaranlegt við rekstur bankans“. Fram kom einnig að ráðgjafarnir hefðu gert „grein fyrir sínu mati á mögulegri verðmætaaukningu bankans við samruna við einhvern af eftirtöldum aðilum: VÍS, Landsbankinn og Kaupþing.“

Að síðustu er bókað í þessari fundargerð um samþykki stjórnar við þeim atriðum sem áður voru rakin. Tekið var fram að gert væri ráð fyrir að hluthafar Eglu ehf. legðu fram „65% eigið fé á móti kaupunum en Egla ehf. fjármagni 35% kaupanna með lánsfé“.

Í kjölfar samningaviðræðna framkvæmdanefndar um einkavæðingu fyrir hönd ríkisins og S-hópsins var hinn 16. nóvember 2002 gengið frá rammamarkmiði (e. „Heads of Agreement“) um kaup S-hópsins á 45,8% hlutabréfa í Búnaðarbankanum af ríkinu.³⁰ Undir samkomulagið rituðu Kristinn Hallgrímsson hrl., f.h. Eglu ehf., Margeir Daniélsson, f.h. Samvinnulífeyrissjóðsins og Finnur Ingólfsson, f.h. Vátryggingafélags Íslands, en Ólafur Davíðsson formaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu, undirritaði samkomulagið f.h. nefndarinnar.

27. Fundinn sátu samkvæmt fundargerð stjórnarmennirnir Kristján Loftsson formaður, Margeir Daniélsson og Ólafur Ólafsson.

28. Til skýringar skal nefnt að Egla var stofnuð sem einkahlutafélag 25. september 2002 en síðar breytt í hlutafélag 10. janúar 2003, áður en gengið var frá kaupum S-hópsins á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Í tilkynningu til hlutafélagaskrár er enginn framkvæmdastjóri tilgreindur en Kristinn Hallgrímsson, hæstaréttarlögmaður, nefndur sem prókúruhafi félagsins. Á stjórnarfundum 16. janúar var ákveðið að ráða Guðmund Hjaltason sem framkvæmdastjóra félagsins með prókúruumboði. Þetta var ekki tilkynnt til hlutafélagaskrár fyrr en 3. júlí 2003, sbr. bréf Kristins Hallgrímssonar hrl. f.h. Eglu hf. dags. sama dag.

29. Þess má geta að ef fréttir fjölmiðla frá þessum tíma eru athugaðar benda þær einnig til að samkomulagið hafi verið undirritað 16. nóvember 2002, sbr. t.d. forsíðufrétt Morgunblaðsins 17. nóvember 2002 þar sem greint er frá undirritun samkomulagsins og hún sögð hafa átt sér stað deginum áður. Þá ber það afrit samkomulagsins sem fyrir liggur hjá rannsóknarnefndinni einnig dagsetninguna „16/11/02“ efst í hægra horni hverrar af fjórum blaðsíðum þess. Samkomulagið er engu að síður með dagsetningunni 15. nóvember 2002 næst á undan undirskriftum aðila þess. Fram virðist komið samkvæmt þessu að það sé röng dagsetning og hafi átt að vera 16. nóvember 2002. Verður miðað við það hér eftir. Fyrir utan þessar athugasemdir er ekki þörf að fjalla frekar um þetta atriði. Varðandi þau efnisatriði samkomulagsins sem nefnd er í meginmáli er vísað til umfjöllunar um endanlegan kaupsamning aðila síðar í þessum kafla.

30. Líkt og áður sagði er samkomulagið dagsett 15. nóvember 2002 en fram virðist komið að það hafi verið undirritað degi síðar. Vísað er til fyrri skýringa neðanmáls um þetta.

„It is intended that Société Générale and/or another international financial institution will become shareholder in Egla ehf. or directly invest in Bunadarbanki shares complying with this agreement.“

- Úr grein 1 í rammamarkmiði („Heads of Agreement“) um kaup S-hópsins á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum, undirrituðu 16. nóvember 2002.

„It is agreed that the bidders will provide adequate comfort to the Seller before 6 December 2002 regarding the meaningful equity participation in Egla ehf. or directly of Société Générale and/or another international financial institution acceptable to the Committee. As previously advised this is of fundamental importance and lack of delivery may result in termination both of exclusivity and of further discussions.“

- Úr grein 12 í rammamarkmiði („Heads of Agreement“) um kaup S-hópsins á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum, undirrituðu 16. nóvember 2002.

„Hann [Ralf Darpe] var með okkur á fundum, eða þeim fundum sem ég tók þátt í, það hafa sjálfsgagt verið einhverjir fleiri fundir til, ég veit það ekki. En þá segir hann að yfirmenn sínir hafi sagt það að það brjóti þeirra siðareglur að vera jafnframt hérna ráðgjafi og að kaupa í sama félagi og verið er að ráðgjafast með. Nú, og þetta náttúrulega fellur nú ekki í góðan jarðveg hjá okkur og tími er stuttur en þá segir hann: Við munum fara í það að finna banka fyrir ykkur til þess að koma í staðinn fyrir okkur. Og þeir komu með plögg um bank ... Þýska bankann og fulltrúi þeirra kom hér á fund og farið var í gegnum þetta.“

- Úr skýrslu Margeirs Danielssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. febrúar 2017.

„RNA: Veistu hverjir fóru til Þýskalands?“

KL: Nei, þeir voru þarna, Óli, Ólafur Ólafsson, og eflaust Kristinn Hallgrímsson og Guðmundur [Hjaltason]. Þeir fóru oft þarna út, ég bara fylgdist ekkert með því.

RNA: Nei, en í þessum tilgangi á þessum tíma?

K: Ja, menn voru að reyna að finna einhvern banka og þessir, ráðgjafarnir höfðu þá talað við þessa menn. Og þeir vildu þá hitta þessa eskimóa hérna frá Íslandi og þá urðu menn að gjöra svo vel að fara út og sýna sig og sjá aðra, eins og sagt er.“

- Úr skýrslu Kristjáns Loftssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. febrúar 2017.

KL: „Ja, þeir hættu þarna í bankanum á eftir. Þeir urðu svo svekktir, allavegana hann Sautter, hann bara hætti.“

[...]

Og var þá, hann var svo svekktur, hann búinn að standa í þessu allan þennan tíma og ég held, ef, ég held að ég muni það rétt, hann hætti bara og þess vegna fór hann í það m.a. að finna þennan, þessa þýsku banka. Kemur það ekki fram hérna einhvers staðar í?

RNA: Það kemur fram að þessi Darpe hefur, sagði að þeir ætluðu að fara í það mál.

KL: Það hefur, ég held að þeir hafi báðir hætt, allavegana hann þarna Michael Sautter sem var hérna síðan í stjórninni hérna á eftir.“

- Úr skýrslu Kristjáns Loftssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. febrúar 2017.

Í samkomulaginu var „Société Générale og/eða önnur alþjóðleg fjármálastofnun“ talin upp meðal væntanlegra kaupenda, annaðhvort sem beinn kaupandi eða hluthafi í eignarhaldsfélaginu Eglu sem þá hafði verið stofnað utan um hluta tilboðs S-hópsins. Í grein 12 í samkomulaginu er fjallað um „Samsetningu tilboðsgjafa“ („Composition of Bidders“) en þar var efnislega kveðið á um að S-hópurinn skyldi fyrir 6. desember 2002 veita ríkinu fullnægjandi upplýsingar um umtalsverðan (e. „meaningful“) eignarhluta í Eglu eða beina fjárfestingu af hálfu „Société Générale og/eða annarrar alþjóðlegrar fjármálastofnunar“ sem væri ásættanleg fyrir framkvæmdanefnd um einkavæðingu. Í beinu framhaldi sagði að líkt og áður hefði verið upplýst væri þetta mikilvægt grundvallaratriði og yrðu upplýsingarnar ekki veittar gæti það leitt til slita bæði einkaviðræðnanna og frekari viðræðna.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu sendi frá sér fréttatilkynningu 16. nóvember 2002 um undirritun rammksamkomulagsins. Í henni kom meðal annars fram að helstu atriði samkomulagsins væru tvenn og þeim nánar lýst. Lýsing á hinu síðara var á þá leið að Eglu ehf. væri í eigu Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga og Kers hf. „auk þess sem ein eða fleiri erlendar fjármálastofnanir [myndu] eiga aðild að félaginu“.

Af fyrirbyggjandi fundargerðum stjórnar Kers hf. má sjá að þátttaka félagsins í kaupum á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum kom aftur til umræðu stjórnarinnar á fundi hennar 11. desember 2002 og var þá eina dagskrármálið, líkt og á fyrri fundi stjórnarinnar 15. nóvember s.á.³¹ Fyrir utan viðstadda stjórnarmenn var bókað í upphafi fundargerðarinnar að á fundinn væru einnig mættir Guðmundur Hjaltason, framkvæmdastjóri hjá Samskipum hf., og Ralf Darpe frá „Þýskalandsdeild franska bankans Société Générale“, og tekið fram varðandi þá að „báðir [hefðu] komið að undirbúningi á kaupum valdra fjárfesta á kjölfestuhlut í Búnaðarbanka Íslands hf.“ Þessu næst var greint frá kynningu Ólafs Ólafssonar á framvindu málsins, sem hann kvað vera fjórþætta og snúast um „aðkomu erlendra fjárfesta að fjárfestahópnum“, staðfestingu annarra í fjárfestahópnum fyrir þátttöku, samningagerð við framkvæmdanefnd um einkavæðingu um skilmála og framkvæmd kostgæfnisathugunar (áreiðanleikakönnunar) á Búnaðarbankanum. Samkvæmt fundargerðinni voru fyrst kynntar á fundinum helstu niðurstöður áreiðanleikakönnunar endurskoðunarfyrirtækisins PWC á Búnaðarbankanum. Haft er eftir Ralf Darpe sem og Guðmundi Hjaltasyni að skýrsla um þá áreiðanleikakönnun væri ófullnægjandi, af nánar tilgreindum ástæðum, sem einkum vörðuðu það að skýrslan væri ekki nógu skýr og ítarleg.

Næst kemur fram í þessari fundargerð að svo hafi verið vikið að „hugsanlegri þátttöku SG í fjárfestahópnum um kaup á kjölfestuhlut í BÍ“. Síðan segir í beinu framhaldi:

„RD [það er Ralf Darpe, fulltrúi Société Générale – viðbót RNA] upplýsti að SG myndi ekki taka beinan þátt í fyrirhugaðri fjárfestingu. Ræddi hann nánar ástæður þessa sem fyrst og fremst væru stjórnmalalegs eðlis og snertu aðstæður hér innanlands. SG vildi einfaldlega halda stjórnmalum og viðskiptum aðskildum. Viðskiptalegar forsendur fyrirhugaðra kaupa væru hins vegar ásættanlegar. Upplýsti RD jafnframt að teknar hefðu verið upp viðræður við þrjá evrópska banka um hugsanlega aðkomu þeirra að málinu. Niðurstöðu þeirra viðræðna væri að vænta fljótlega.“

Ekki kom nánar fram í fundargerðinni um hvaða þrjá evrópsku banka væri þarna að ræða.

Fram kom einnig í þessari fundargerð að ótilgreindir fulltrúar fjárfestahópsins og framkvæmdanefnd um einkavæðingu væru farin að skiptast á „tillögum að drögum að kaupsamningi“ og að ekki væri annað vitað en að önnur félög í S-hópnum (Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, Vátryggingafélag Íslands hf. og Samvinnulífeyrissjóðurinn) „stefndu öll ótraud að sameiginlegu marki, þ.e. kaupum á kjölfestuhlut í BÍ“. Í lok fundargerðarinnar kemur fram að eftir umræður um málið hafi Ólafur Ólafsson dregið saman niðurstöðu þeirra, sem fundarmenn væru sammála um. Þeirri samantekt var lýst svo í fundargerðinni:

„Eðlilegt væri að sækja um frest á því að tilkynna um endanlega samsetningu fjárfestahópsins þar til ljóst yrði hvort og hver hinn erlendi fjárfestir yrði. Unnið yrði að því að fá skýr svör í kostgæfnisathugun PWC á BÍ, og engar skuldbindingar undirritaðar fyrir.“

31. Fundinn sátu samkvæmt fundargerðinni stjórnarmennirnir Kristján Loftsson, formaður, Gísli Jónatansson, Margeir Danielsson og Ólafur Ólafsson, auk forstjóra félagsins og lögmanns sem skrifaði fundargerð.

Af fyrirliggjandi gögnum verður ráðið að nokkrar vikur hafi liðið frá undirritun ramma-samkomulags aðila 16. nóvember 2002 þar til málefni Búnaðarbankans komu efnislega til umræðu á ný innan framkvæmdanefndar um einkavæðingu.³² Hinn 12. desember 2002 er bókað að ráðgjafi framkvæmdanefndarinnar frá HSBC hafi komið á fundinn og að m.a. hafi komið fram að gert væri ráð fyrir að „aðild Soc. Gen. yrði staðfest morguninn eftir“. Ekki kom þó til þess. Á fundi daginn eftir, 13. desember 2002, sagði formaður nefndarinnar frá fundi sínum og annars nefndarmanns með Ólafi Ólafssyni og Finni Ingólfssyni, forsvarsmönnum S-hópsins og „fulltrúa Soc. Gen.“ þar sem óskað hefði verið eftir frestun á undirskrift kaupsamnings til 13. janúar 2003. Lengri tíma þyrfti til að ljúka áreiðanleikakönnun en endanleg útgáfa hennar væri „skilyrði fyrir því að draga erlenda aðila að samningaborðinu“.

Síðan sagði í fundargerðinni að fram hefði komið að „ekki væri hægt að tilkynna um erlendana aðila fyrr en við undirskrift“. Í fundargerðinni er hvorki getið um hvort og þá til hvaða sérstöku ástæðna hafi verið vísað af hálfu S-hópsins fyrir þessari yfirlýsingu sinni. Í fundargerðinni er rakin nokkuð gagnrýnin umræða nefndarmanna um ósk S-hópsins um frestun á kaupsamningsgerð og tilkynningu um hver hinn erlendi fjárfestir væri í hópnum. Fram kom að nefndin teldi nauðsynlegt að vita hverjir væru væntanlegir fjárfestar meðal annars m.t.t. markmiða ríkisins með sölu. Rædd voru úrræði sem nefndin hefði gagnvart þessu útspili S-hópsins, allt frá því að hætta viðræðum, sbr. áður nefnt ákvæði 12. gr. samkomulagsins frá 16. nóvember 2002, til þess að fallast á óskina. Afdráttarlaus niðurstaða er hins vegar ekki bókuð. Í fundargerðinni segir það eitt að nefndarmenn hafi talið „mikilvægt að halda erlendri þátttöku inni til að styrkja hópinn“ og ákveðið hafi verið að „fara aftur yfir þau atriði sem réðu vali á samningsaðila en á sínum tíma [hefði S-hópurinn] verið metinn með og án þátttöku erlendra fjármálastofnunar“. Lok var ákveðið að fengnar yrðu frekari skýringar frá S-hópnum.

Á meðal gagna rannsóknarnefndar liggur fyrir afrit af tölvubréfi, dags. sama dag og framangreindur fundur var haldinn eða 13. desember 2002, frá Edward Williams, starfsmanni HSBC sem sá um ráðgjöf gagnvart framkvæmdanefnd um einkavæðingu, til starfsmanns nefndarinnar. Í tölvubréfinu koma m.a. fram upplýsingar um athugun Williams á erlendum fjármálastofnunum. Þar segir m.a. að aðeins eitt af fjórum nöfnum sem ráðgjafanum hefðu verið látin í té væri þekkt hjá „öðrum en þýskum sérfræðingum um lánastofnanir“ (e. „non-German Financial Institutions specialists“). Í lok bréfsins var lagt til að þó svo ekki væri til staðar „fullt öryggi“ teldi ráðgjafinn „skynsamlegt að halda áfram á grundvelli þess sem SocGen hefði sagt honum“.

Eins og sést af orðalagi tölvubréfsins tók ráðgjafinn ekki fram við starfsmann framkvæmdanefndarinnar um hvaða fjármálastofnanir væri að ræða. Þá verður ekki ráðið af fundargerðum nefndarinnar að hann hafi nefnt einhverjar tiltekna fjármálastofnanir á þeim vettvangi, en í fundargerðunum kemur fram að Williams hafi verið viðstaddur og veitt upplýsingar um atriði sem vörðuðu aðkomu erlendra fjármálastofnunar að tilboði S-hópsins. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði er raunar dregin sú ályktun að fyrirkomulagið í samningaviðræðunum hafi verið með þeim hætti að fulltrúar HSBC, sem ráðnir voru sem ráðgjafar íslenskra stjórnvalda í ferlinu, fengu upplýsingar hjá fulltrúum S-hópsins um það hvaða stofnanir kæmu til greina í þessu sambandi. Fulltrúar HSBC hafi síðan leitast við að afla upplýsinga um viðkomandi stofnanir og komu síðan almennum upplýsingum á framfæri við íslensk stjórnvöld, umbjóðendur sína, án þess að geta um það með nafni hvaða stofnanir væri um að ræða.³³

Af tölvupósti Williams verður skýrlega ráðið, sbr. tilvitnun til hans hér framar, að Williams hafi fengið upplýsingar um þessar ónefndu fjármálastofnanir (sem ráða má af samhengi að

„Tried to call you but you were always engaged! To summarise: 1. 3 of the 4 names given to me look to be sensible potential investors – the 4th may well be also, but in the short time available I haven't been able to make any sensible checks. Only one is well known to non-German Financial Institutions specialists, but a very brief check of the others indicates that they could be credible strategic investors.[...] 4. Only one investor is envisaged and they will take the same interest envisaged by Soc gen ie 35% of Egl. Hope that this is helpful. We do not have absolute comfort, but I think that it is reasonable to proceed on the back of what SocGen have told me.“

- Úr tölvupósti Edward Williams, starfsmanns breska bankans HSBC og ráðgjafa framkvæmdanefndar um einkavæðingu, til starfsmanns framkvæmdanefndar um einkavæðingu 13. desember 2002.

32. Nærtækt er að það skýrist af því að á þessum tíma hafi nefndin fyrst og fremst unnið að því að ljúka við sölu á hlut ríkisins í Landsbankanum en kaupsamningur þar um var undirritaður 31. desember 2002.

33. Sjá 1. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, bls. 257. Þar kemur einnig fram að af þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hafi haft aðstöðu til að kynna sér um söluferli Búnaðarbankans verði ekki með vissu ráðið um ástæður fyrir því að þessu fyrirkomulagi var fylgt eða hvers vegna íslensk stjórnvöld ákváðu að láta viðgangast að upplýsingagjöf frá samningsbundnum ráðgjöfum sínum við sölu væri takmörkuð með þessum hætti. Ekki sé heldur ljóst hvort einhverjar ástæður, sem hefðu þá getað talist réttmætar frá sjónarhóli íslenskra stjórnvalda, hafi verið færðar fram fyrir þessu af hálfu S-hópsins eða hvaða ástæður það hafi þá verið.

hafi verið þýskar) frá „SocGen“ og byggt á þeim í svörum sínum til framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Ljóst er því að þessar upplýsingar hefur hann fengið frá þeim fulltrúum Société Générale sem aðstoðuðu S-hópinn á þessum tíma, það er annað hvort Michael Sautter eða Ralf Darpe.

Af fundargerðum framkvæmdanefndar um einkavæðingu verður ekki ráðið hvort einhverjar skýringar hafi komið fram um þessi atriði eða hvort framkvæmdanefndin hafi mótað sér formlega afstöðu til óskar S-hópsins um að fresta tilkynningu um það hver hin erlenda fjármálastofnun væri þar til skrifað væri undir kaupsamninginn. Í fundargerð framkvæmdanefndarinnar frá 6. janúar 2003 er loks bókað um samtal formanns nefndarinnar við Ólaf Ólafsson, forsvarsmann S-hópsins, þar sem fram hafi komið að „samningar við erlenda fjármálastofnun væru langt komnir“ og að vilji stæði til að klára þá sem fyrst. Ráðgjafar frá Société Générale væru á leið til landsins í tengslum við innri samningagerð S-hópsins.

Á meðal gagna rannsóknarnefndar er einnig afrit af bréfi til Fjármálaeftirlitsins, dags. 8. janúar 2003, frá lögmanni á lögfræðistofunni Fulltingi ehf. fyrir hönd Kristins Hallgrímssonar hrl., sem starfaði fyrir S-hópinn að þessu verkefni eins og fram hefur komið. Í upphafi bréfsins var vísað til þess að Fjármálaeftirlitinu væri kunnugt að fjárfestahópur undir forystu Kers hf. hefði undirritað fyrrgreint rammksamkomulag við íslenska ríkið um kaup á 45,8% hlut í Búnaðarbanka Íslands hf. Í bréfinu var því síðan lýst að í samræmi við ákvæði þágildandi 10. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, óskaði fjárfestahópurinn eftir samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir kaupunum. Því næst sagði í bréfinu:

„Sá annmarki er á beiðninni á þessu stigi að fjárfestahópurinn, sem fyrirhugar kaup á virkum eignarhluta í BÍ, er enn ekki fullskipaður. Óvissan snýr að aðkomu erlendra fjármálastofnunar og/eða erlendra fjármálastofnana að kaupunum, en henni verður eytt næstu daga. Umsækjendur, væntanlegir kaupendur, gera sér grein fyrir að FME getur ekki tekið formlega afstöðu til kaupanna fyrr en fjárfestahópurinn hefur verið fullskipaður. Það gæti hins vegar orðið til þess að flýta endanlegri afgreiðslu umsóknar ef FME treysti sér til þess að skoða og meta stöðu annarra aðila fjárfestahópsins nú.“

Með bréfinu voru svo veittar upplýsingar um íslensk félög sem stóðu að S-hópnum en ekki þarf að rekja þau atriði frekar hér.³⁴

Á fundi framkvæmdanefndar um einkavæðingu 9. janúar 2003 mætti Edward Williams, ráðgjafi frá HSBC, að því er virðist einkum til að fara yfir „stöðu varðandi erlenda fjármálastofnun“ sem honum hafði verið kynnt. Í sömu fundargerð er bókað að ráðgjafinn frá HSBC teldi þann banka sem kominn væri til liðs við S-hópinn „góðan fjárfesti og vel ásættanlegan fyrir íslensk stjórnvöld“. Óveruleg tengsl væru milli bankans og annarra í hluthafahópnum og „einhver samlegðaráhrif“ væru milli bankans og Búnaðarbankans. Fjármálastofnunin er sem fyrr ekki nefnd á nafn í fundargerðinni.

Samkvæmt þeim fundargerðum stjórnar Kers hf. sem liggja fyrir hjá rannsóknarnefndinni var síðasti fundur stjórnarinnar fyrir undirritun kaupsamnings um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum haldinn 10. janúar 2003. Á fundinum var meðal annars rædd staða mála varðandi kaupin á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.³⁵ Bókun í fundargerðinni um þetta hefst á því að Ólafur Ólafsson hafi lýst stöðu mála í viðræðum við ríkið um kaupin og meðal annars greint frá því að stefnt væri að undirritun skjala vegna kaupanna á þriðjudag eða miðvikudag í vikunni á eftir (það er 15. eða 16. janúar 2003, svo fór að skrifað var undir samninginn síðari daginn, eins og fyrr greindi). Í fundargerðinni segir svo:

„Upplýsti [Ólafur] að þýskur banki kæmi að Eglu hf. í þessu máli og Martin Ziel [svo] lögmaður Hauck & Aufhäuser (HA) væri að yfirfara og skoða drög að skjölum og kynna sér löggjöf henni tengdri hérlendis.“

„Nei, ég held að enginn íslenskur hafi verið viðskiptavinur þessa banka. Ég held að það sé þannig að þessi náungi sem ég man ekki hvað heitir lengur, sem er, þessi Þjóðverji sem var sagt að væri að vinna fyrir franska bankann Société Générale en var síðan bara nýhættur þar og var kominn með eitthvað eigið fyrir-tæki. Michael [Sautter] eða eitthvað svo-leiðis, held ég að hann hafi heitið, hann hafi komið á þessum tengslum eftir að það kom í loftið að það væri Société Générale að taka þátt í þessu og ég held að hann hafi verið búinn að skipuleggja þannig að þegar það gerðist, að það fór í fjölmiðlana, þá held ég hringt út í þá og spurt hvort að þeir væru að fara að kaupa banka. Þeir könnuðust náttúrulega ekkert við málið og þar af leiðandi duttu út og þá hafi menn held ég fattað, svona mál getum við ekki leyst með stórum banka því að þeir munu þurfa að svara, þú nærð ekki að stjórna ferlinu þar. Þú verður, það er meiri möguleiki á að gera þetta í gegnum lítinn banka og þess vegna er þetta, þess vegna fer þetta í gegnum þennan litla banka Hauck & Aufhäuser, held ég. Þeir hafa örugglega fengið einhverjar þóknanir fyrir og allt það, ég efast ekki um það, en ég held að þeir hafi ekki verið að, raunverulega taka áhættu þarna. Ef það er þannig, þá eru þeir ótrúlega kærulausir í því ferli vegna þess að sá sem kom að hitta okkur, hann vil..., hann vissi ekkert hvað hann hafði verið að kaupa.“

- Úr skýrslu Sigurjóns Árnasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2. september 2009.

34. Af fyrirbyggjandi gögnum rannsóknarnefndarinnar verður ekki ráðið að Fjármálaeftirlitið hafi brugðist sérstaklega við þessari ósk S-hópsins. Samskipti S-hópsins og Fjármálaeftirlitsins í kjölfar undirskriftar kaupsamnings 16. janúar 2003 eru nánar rakin síðar í þessum kafla.

35. Fundinn sátu samkvæmt fundargerð stjórnarmennirnir Kristján Loftsson, formaður, Margeir Danielsson og Ólafur Ólafsson.

Í fyrirbyggjandi fundargerðum stjórnar Kers hf. hjá rannsóknarnefndinni er þetta í fyrsta sinn sem getið er um upplýsingar um Hauck & Aufhäuser sem fram hafi komið á vettvangi stjórnarinnar.

Samkvæmt fundargerðinni var á fundinum einnig fjallað nánar um atriði varðandi áreiðanleikakönnun á Búnaðarbankanum og væntanlegt eignarhald Eglu hf.³⁶ Um hið síðarnefnda kemur fram að Ólafur Ólafsson hafi gert grein fyrir því að koma þyrfti til eignarhalds þriðja aðila í Eglu hf. ásamt Keri hf. og Hauck & Aufhäuser „af skattalegum ástæðum svo Eglu hf. félli ekki undir samstæðu Kers hf.“ Af þessu má sjá að á þessum tímamarki var komin endanleg mynd á það að Ker hf. og Hauck & Aufhäuser yrðu skráðir eigendur að Eglu hf. því sem næst til helminga, fyrir utan aðild þessa þriðja aðila, sem að endingu varð VÍS hf. með 0,5% eignarhlut. Samkvæmt fundargerðinni var að loknum umræðum um þetta borin upp tillaga formanns stjórnarinnar, Kristjáns Loftssonar, um að Ker hf. tæki áfram þátt í kaupum á kjölfestuhlut í BÍ með því að gerast eigandi 49% alls hlutafjár í Eglu hf. ásamt Hauck & Aufhäuser (auk þriðja aðila sem eiganda lítils hlutar af skattalegum ástæðum) sem „myndi kaupa 2/3 hluta kjölfestunnar“. Tillagan var sögð samþykkt af öllum fundarmönnum. Aðrar umræður á þessum fundi tengdust væntanlegri skipan stjórnar Eglu hf. Samþykkt var að Kristján Loftsson og Ólafur Ólafsson tækju sæti í stjórn félagsins.

Sama dag var haldinn hluthafafundur í Eglu ehf. þar sem samþykktum félagsins frá 14. nóvember 2002 var breytt og félaginu jafnframt breytt í hlutafélag.

Næsti fundur framkvæmdanefndar um einkavæðingu fór fram sama dag og áður nefndur stjórnarfundur í Keri hf., 10. janúar 2003. Í fundargerð vegna þess fundar er bókað að rætt hafi verið um undirskrift kaupsamnings og vandkvæði við að „að fá fulltrúa erlends banka til að skrifa undir fyrir tiltekinn tíma“. Tekið er fram að ljóst sé „að miklu máli skipti að bakhjarl bankans [væri] Bayerische Landesbank sem [væri] þekktur og stór banki“.

Í Fréttablaðinu 11. janúar 2003 var greint frá gangi mála varðandi kaup S-hópsins á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Í frétt á bls. 2 í blaðinu sagði að Société Générale myndi ekki kaupa sjálfur hlut í bankanum. Í fréttinni sagði enn fremur að „aðrir erlendir bankar“ myndu kaupa þann hlut sem franskir bankar hefði ætlað að kaupa og voru þýskir bankar nefndir í því sambandi. Varðandi það „að önnur bankastofnun en Société Générale kæmi að kaupunum“ var haft eftir Ólafi Ólafssyni, sem sagður var mest hafa farið fyrir S-hópnum í kaupunum á Búnaðarbankanum, að S-hópurinn hefði aldrei gefið neitt út um það að franskir bankar myndu keypti í bankanum heldur það eitt að erlend fjármálastofnun eða stofnanir myndu taka þátt í kaupunum. Einnig var fjallað um hugsanlega sameiningu Búnaðarbankans við aðra fjármálastofnun og voru þar nefnd Landsbankinn annars vegar eða Kaupþing hins vegar. Af því tvennu var sameining Búnaðarbankans við Kaupþing sögð „stjórnendum Kaupþings og S-hópnum síður en svo á móti skapi“. Í fréttinni var sagt að engar viðuræður um þetta hefðu farið fram en „menn [horfðu] af alvöru til þessa möguleika“. Í beinu framhaldi af þessari umfjöllun um hugsanlega sameiningu Búnaðarbankans við aðra fjármálastofnun, og þá augljóslega líklegast Kaupþing hf., kom fram í fréttinni sú athugasemd sem vitnað er til á spássíu um afstöðu „hinna erlendu fjárfesta“ til „sameiningarmöguleika á markaði“. Loks var í fréttinni fjallað um þóknun bankans vegna þjónustu við S-hópinn. Nánar er vitnað til þessara atriða úr frétt Fréttablaðsins hér til hliðar.

Síðasta fundargerð framkvæmdanefndar fyrir undirritun kaupsamnings um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum er frá 14. janúar 2003. Þar kemur fram að Baldur Guðlaugsson hafi farið yfir fund sinn með Finni Ingólfssyni og Ólafi Ólafssyni þar sem fjallað hefði verið um undirskrift, kynningar og lokafrágang samninga. Ekkert er þar bókað um málefni varðandi erlendan fjárfesta.

Með samningi Eglu hf. og Hauck & Aufhäuser sem dagsettur er 15. janúar 2003 var kveðið á um að bankinn keypti 50% hlutafjár í Eglu fyrir 5.000.000 króna að nafnvirði. Þá var þar kveðið á um að Eglu hf. myndi samtímis gera samning við Ker hf. um kaup 50%

„Franski bankinn Société Générale, sem hugðist fjárfesta með S-hópnum í Búnaðarbanka Íslands, verður ekki meðal fjárfesta í bankanum. Bankinn vinnur að fjármögnun með S-hópnum. Aðrir erlendir bankar munu kaupa þann hlut í Búnaðarbankanum sem Société Générale ætlaði að kaupa. Helst er talað um þýska banka enda hefur S-hópurinn unnið með útibúi Société Générale í Frankfurt. Meðal þeirra mun vera einn þekktur banki, en aðrir eru minni spámenn.“

Société Générale hefur skoðað sameiningarkosti Búnaðarbankans við aðrar innlendar fjármálastofnanir. Bæði Kaupþing og Landsbankinn voru talin góðir kostir sem myndu skila hagræðingu í rekstri. Útreikningar Société Générale munu hafa sýnt sparnað upp á 500 milljónir á ári með sameiningu við Kaupþing. Sameiningu Búnaðarbanka og Landsbanka var hins vegar hafnað á sínum tíma af samkeppnisfyrirvöldum.

[...]

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að meðal þess sem hinir erlendu fjárfestar horfi til séu sameiningarmöguleikar á markaði. Fullyrt er að þeir muni kaupa og tryggja þannig viðskiptin. Hugmyndin sé svo að selja aftur þegar búið er að ganga frá hagræðingu og sameiningu á fjármálamarkaði.

[...]

Varðandi það að önnur bankastofnun en Société Générale komi að kaupunum segir Ólafur [Ólafsson] að [S-hópurinn] hafi aldrei gefið neitt út um það að franskir bankar kaupði í bankanum. Þeir hafi gefið það eitt út að erlend fjármálastofnun eða stofnanir muni taka þátt í kaupunum, en ekkert umfram það.

Fréttablaðið hefur hins vegar áreiðanlegar heimildir fyrir því að bein þátttaka Société Générale hafi verið uppi á borðinu. Innan S-hópsins sé lítil ánægja með þróun mála. Franski bankinn fær greiddar 3,5 milljónir evra eða 300 milljónir króna fyrir vinnu við að koma kaupunum saman. Þykir mönnum það há greiðsla fyrir það eitt að gera útlit hópsins fýsilegra gagnvart einkavæðingarnefnd og ríkisstjórn.“

- Úr frétt Fréttablaðsins 11. janúar 2003 um fyrirhuguð kaup S-hópsins á hlut ríkisins Búnaðarbankanum.

36. Félaginu var breytt úr einkahlutafélagi í hlutafélag samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrár Hagstofu Íslands, dags. þennan sama dag, 10. janúar 2003.

hlutfjár í Eglu og sams konar samning við Vátryggingafélag Íslands um kaup á 0,5% í Eglu. Samninginn undirrituðu Kristinn Hallgrímsson hrl. f.h. Eglu hf. en Peter Gatti fyrir hönd Hauck & Aufhäuser.

Eins og framangreind lýsing ber með sér fóru samningaviðræður framkvæmdanefndarinnar og S-hópsins að megin stefnu fram í samræmi við þá ósk forsvarsmanna S-hópsins að fresta undirritun kaupsamnings og tilkynningu um hver erlendi fjárfestirinn væri, sem kom fram og var rædd á fundi 13. desember 2002. Ekki var skrifað undir kaupsamninginn fyrr en 16. janúar 2003 og samkvæmt fundargerðum virðist framkvæmdanefndin í fyrsta lagi örfáum dögum áður hafa byrjað að fá upplýsingar, og a.m.k. í upphafi hvorki miklar né nákvæmar, um hver hinn erlendi fjárfestir væri.³⁷

3.2. Undirritun kaupsamnings og tilkynningar í kjölfar hans

Kaupsamningur milli íslenska ríkisins og Eglu hf., Samvinnulífeyrissjóðsins, Vátryggingafélags Íslands hf. og Eignarhaldsfélagsins Samvinnutryggingar um 45,8% hlut ríkisins í Búnaðarbankanum var undirritaður 16. janúar 2003 í þáverandi höfuðstöðvum Búnaðarbankans í Austurstræti. Í aðfararorðum kaupsamningsins sem og skilgreiningum í 1. gr. hans kom fram að Hauck & Aufhäuser væri meðal eigenda alls hlutfjár í Eglu hf. ásamt Keri hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf. Hlutturinn sem seldur var í Búnaðarbankanum var að nafnverði kr. 2.481.542.021 eða tæpir 2,5 milljarðar króna. Miðað við útgefið hlutfé í bankanum jafngilti það 45,8% hlut í bankanum.

Hlutturinn skiptist milli kaupenda í eftirfarandi hlutföllum, sbr. 2. gr. kaupsamningsins: Eglu hf. (um 71,2%), Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar (um 7,6%), Samvinnulífeyrissjóðurinn (um 8,5%) og Vátryggingafélag Íslands hf. (um 12,7%). Fram kom einnig að hlutfé í Eglu hf. skiptist með þessum hætti: Ker hf. (49,5%), Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA (50%) og Vátryggingafélag Íslands hf. (0,5%). Samkvæmt þessum hlutfallstölum um þátttöku einstakra félaga í kaupendahópnum í kaupunum, og ákvæðum kaupsamningsins að öðru leyti, var Hauck & Aufhäuser samkvæmt kaupsamningnum kaupandi að um 35,6% þess hlutar í Búnaðarbankanum sem seldur var, sem aftur jafngilti um 16,3% af öllu hlutfé Búnaðarbankans.

Afhending hlutanna skyldi samkvæmt 3. gr. kaupsamningsins fara fram í tveimur lotum, 27,48% samkvæmt fyrri lotu innan 30 daga frá undirritun samningsins að uppfylltum skilyrðum hans (sbr. einkum samþykki Fjármálaeftirlitsins og tilkynningu frá systurstofnun Fjármálaeftirlitsins í Lúxemborg) en 18,32% samkvæmt síðari lotu „þegar kaupandi [óskaði], en þó eigi síðar en 20. desember 2003“ að uppfylltum skilyrðum samningsins.

Kaupverð hlutanna samkvæmt samningnum var annars vegar í íslenskum krónum og hins vegar Bandaríkjadöllum eftir nánari ákvæðum í 4. gr. kaupsamningsins. Heildarkaupverðið nam um 11,9 milljörðum íslenskra króna, eins og ráð var fyrir gert í rammasamkomulagi aðila frá 16. nóvember 2002.³⁸

Kveðið var á um fjármögnun kaupanda í 7. gr. kaupsamningsins. Kaupendur „[skuldbundu] sig til að fjármagna kaupin“ með þeim hætti sem greinin kvað nánar á um. Kveðið var á um fjármögnun hvers kaupanda sérstaklega, sbr. nánar um fjármögnun Eglu hf. hér á eftir. Samkvæmt sérstöku ákvæði í 7. gr. var kaupendum „óheimilt að fjármagna kaupin með

37. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, bls. 258-259 segir svo um þetta atriði: „Ljóst er að hvað sem líður eftirgangsmunum eða gagnrýni og umræðum á fundum FnE [Framkvæmdanefndar um einkavæðingu], sætti nefndin sig við að S-hópurinn hvorki staðfesti þátttöku erlends fjárfestis né segði deili á honum, hvað þá að hópurinn veitti frekari upplýsingar að því leyti. Í því sambandi verður að hafa hliðsjón af þeirri áherslu sem nefndin hafði lagt á að fullnægjandi upplýsingar yrðu veittar um þetta atriði. Með rammasamkomulaginu frá 15. nóvember 2002 gekkst S-hópurinn undir þá skyldu að veita FnE fullnægjandi upplýsingar fyrir 6. desember 2002 um beina fjárfestingu af hálfu „Société Générale og/eða annarrar alþjóðlegrar fjármálastofnunar“ sem væri ásættanleg fyrir nefndina, að því viðlögðu að viðræðum yrði að öðrum kosti hugsanlega slitið með öllu. Endanleg tilkynning um þetta dróst í um það bil mánuð þar fram yfir og fór fyrst fram við eða rétt fyrir undirskrift kaupsamnings. Fyrirliggjandi gögn hjá rannsóknarnefndinni veita ekki nánari upplýsingar um það með hvaða hætti FnE eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum var loksins tilkynnt um þetta.“

38. Hér er um að ræða námundun á heildarkaupverðinu, eingöngu út frá ákvæðum kaupsamningsins um kaupverðið á þeim tíma sem skrifað var undir hann en ekki miðað við endanlega greiðslu þess á síðara tímamarki. Þannig er ekki tekið tillit til hugsanlegra áhrifa breytingarlíða, sem m.a. var að finna í ákvæðum 4. gr. kaupsamningsins, á endanlegt kaupverð, hvort heldur til hækkunar eða lækkunar, en eftir því sem næst verður komist tók kaupverð ekki umtalsverðum breytingum frá því sem ráðgert var í samningnum.

Þátttöku Búnaðarbanka Íslands hf., sbr. nánari tilvitnun til greinarinnar hér til hliðar.³⁹ Kaupsamningur aðila kvað ekki á um frekari takmörkun við því hvaðan kaupendur öfluðu lánsfjár vegna kaupanna. Sérstakt ákvæði um fjármögnun Eglu hf. kvað þó á um að hlutur þess félags í kaupunum yrði fjármagnaður „að minnsta kosti 65% með eigin fé, en allt að 35% með lánsfé í samræmi við grein 7.3“. Sú grein hljóðaði svo:

„Eins og fram kemur í gr. 7.1 fjármagnar Eglu hf. sinn hluta að minnsta kosti 65% með eigin fé og allt að 35% með lánsfé. Eigendur hlutfjár í Eglu hf. eru Ker hf. 49,5%, Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGAA 50% og Vátryggingafélag Íslands hf. 0,5%. Hluthafar í Eglu hf. ábyrgjast hver fyrir sig það framlag sitt til eigin fjár Eglu hf., sem nauðsynlegt er til þess að fjármagna kaup Eglu hf. í fyrstu og annarri lotu. Lánsfé til Eglu hf. verður lagt fram af íslenskum banka á kjörum lánsloforðs sem leggja skal fram eigi síðar en 3. febrúar 2003. Kjörum þessa lánsloforðs geta hvorki Eglu hf. né viðkomandi íslenskur banki breytt án skriflegs samþykkis seljanda fyrir en kaupverð annarrar lotu hefur verið greitt. Lánsloforð þetta skal m.a. fela í sér skilyrðislausu skuldbindingu af hálfu viðkomandi íslensks banka til Eglu hf. vegna þeirra skuldbindinga sem hvíla á Eglu hf. samkvæmt samningi þessum, og að Eglu hf. geti eingöngu nýtt sér lánsféð til þess að greiða 35% af skuldbindingu sinni samkvæmt fyrstu og annarri lotu kaupanna án frekari skilyrða.“⁴⁰

Eins og fram kom í tilvitnuðu ákvæði var það skýrt samkvæmt kaupsamningnum að hluthafar í Eglu hf. báru hver fyrir sig ábyrgð á því framlagi til eigin fjár Eglu hf. sem nauðsynlegt væri til þess að fjármagna kaup Eglu hf. samkvæmt kaupsamningnum.

Í 11. gr. kaupsamningsins var kveðið á um takmarkanir sem vera skyldu á ráðstöfun kaupenda á tilteknum hluta af þeim hlutum í Búnaðarbankanum sem ríkið seldi þeim með samningnum. Í sömu grein var lýst ákvæðum um það hvaða hluta af hinum keypta hlut kaupendum var frjálst að ráðstafa og með hvaða skilyrðum. Fleiri ákvæði var að finna í þessari grein, meðal annars um sérstakar frekari takmarkanir varðandi ráðstöfun á hlutum Eglu hf. og málefni þess félags að öðru leyti. Vegna samhengis og annarrar umfjöllunar í skýrslu þessari er rétt að vitna beint til helstu ákvæða 11. gr. kaupsamningsins nokkurn veginn í heild sinni.⁴¹ Greinin hafði að geyma 8 undirgreinar, 11.1 til 11.8, með nánari ákvæðum, svo sem hér greinir nánar:

1. „11. Takmarkanir á ráðstöfun hlutanna
2. 11.1 Kaupendum, í heild eða hverjum fyrir sig, er óheimilt, nema að fengnu skriflegu samþykki seljanda, að selja, eða ráðstafa á annan hátt, þeim hlutum sem afhentir verða í fyrstu lotu, og 5,82% útgefnu hlutfé Búnaðarbanka Íslands hf., sem hluta af þeim hlutum sem afhentir verða í annarri lotu, eða samtals 33,3% af útgefnu hlutfé í Búnaðarbanka Íslands hf., eða veðsetja hlutina þannig að hægt verði að ganga að veðinu fyrir en að liðnum tuttu og einum mánuði frá undirritun samnings þessa eða selja, ráðstafa eða veðsetja

39. Þó var veitt viss undanþága frá þessu banni í tilviki Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga af ástæðum sem ekki þarf að rekja nánar hér.

40. Á meðal gagna sem rannsóknarnefnd Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði aflaði vegna athugunar sinnar á sölufæri bankanna og tengdum atriðum á árunum 2009 til 2010 er lánsamningur milli Landsbanka Íslands og Eglu hf., dags. 18. mars 2003 eða daginn eftir að Fjármálaeftirlitið samþykkti umsókn félaga þeirra sem stóðu að kaupum Búnaðarbankans um heimild til að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki. Á undan meginefni samningsins er sérstaklega getið um forsendur hans í nokkrum liðum. Þar er vísað til kaupsamnings um Búnaðarbankann, hlutar Eglu í kaupunum, félaga innan Eglu og hlutfalls eigin fjár (65%) og lánsfjármagns (35%) í hlut Eglu í kaupunum. Síðan er m.a. vísað til lánsloforðs Landsbankans frá 3. febrúar s.á. sem skuldbindi bankann til að lána Eglu fjármagn sem taki til 35% af kaupverði á hlut félagsins samkvæmt samningnum. Einnig kemur fram að Eglu skuldbindi sig til að greiða andvirði lánsins beint til íslenska ríkisins í samræmi við greiðslukjör og greiðsluskilmála lánsamningsins og að Eglu sé aðeins heimilt að nýta lánið í þessu skyni. Fjárhæð lánsins er tilgreind „allt að kr. 2.995.000.000“ en endanleg fjárhæð lánsins sögð ráðast af „gengisskráningu USD vegna síðari hluta lánsins“. Skyldi lánið veitt í tveimur hlutum til samræmis við tvær lotur afhendingar hluta og greiðslna samkvæmt kaupsamningi S-hópsins við ríkið. Lánið var kúlulán til tveggja ára, þ.e. skyldi greiðast til baka í einu lagi á gjalddaga 18. mars 2005. Vexti skyldi þó greiða sérstaklega á lánstímanum samkvæmt nánari ákvæðum. Í ákvæðum um kostnað lántaka í samningnum var ekki kveðið á um lántökugjald. Til tryggingar láninu stóðu „öll hlutabréf [lántaka] í Búnaðarbanka Íslands hf. með þeim takmörkunum sem [leiddi] af kaupsamningnum“. Meðal gagna rannsóknarnefndar var einnig handveðssamningur, dags. 19. mars 2003, undirritaður af forsvarsmönnum Eglu hf. Efni hans er í meginatriðum í samræmi við framangreint efni lánsamningsins. Með veðsamningnum setti Eglu hf. bréf sín í Búnaðarbankanum að nánar tilgreindu nafnverði til tryggingar skuld samkvæmt lánsamningnum. Bréfin voru veðsett í tveimur lotum, sbr. áður nefnda áfangaskiptingu kaup- og lánsamninganna. Í veðsamningnum var kveðið á um það að ekki mætti ganga að veðunum fyrir en tuttu og einum mánuði eftir dagsetningu kaupsamningsins um Búnaðarbankann.

Með hliðsjón af þessum ákvæðum lánsamningsins vísaði rannsóknarnefnd til tilvitnaðs ákvæðis 7.3 í kaupsamningnum um Búnaðarbankann en ákvæði lánsamningsins virðast í meginatriðum vera í samræmi við þann áskilnað sem þar kemur fram, t.d. varðandi lánsfjárlöforð fyrir tilgreindan frest frá íslenskum banka, hlutfall lánsfjármögnunar og takmarkanir á ráðstöfun lánsins.

41. Sleppt er að vitna til hluta ákvæða, einkum varðandi nánari útfærslu eða skilyrða fyrir meginákvæðum greinarinnar, sem augljóst þykir að geti enga þýðingu haft og slíkar úrfellingar auðkenndar.

réttindi samkvæmt þeim, í tuttugu og einn mánuð frá undirritun samnings þessa. Kaupendum er hins vegar frjálst að ráðstafa 12,5% af útgefnu hlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf. sem afhent er í annarri lotu.

3. 11.2 Þrátt fyrir ofangreint er kaupendum þó heimilt að framselja samtals allt að 5,82% af útgefnu hlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf. til þriðja aðila sem undirgengst allar þær skuldbindingar sem kaupendur hafa undirgengist samkvæmt samningi þessum, fylgiskjöllum og öðrum samningum tengdum þeim viðskiptum sem hér um ræðir, þannig að hann verði jafnsettur kaupendum gagnvart seljanda við kaup á ofangreindum hlutum. [...]
4. 11.3 Hluthöfum Eglu hf. er einnig óheimilt að selja, veðsetja eða ráðstafa á annan hátt, hlutum sínum í Eglu hf. eða réttindum samkvæmt þeim, í tuttugu og einn mánuð frá undirritun samnings þessa, nema að fengnu skriflegu samþykki seljanda. Þrátt fyrir þetta ákvæði getur Vátryggingafélag Íslands hf. selt sinn hlut í Eglu hf., að hluta eða öllu leyti, til annars hvors eða beggja annarra hluthafa í Eglu hf. [...]
5. 11.4 Hluthöfum Eglu hf. er óheimilt að slíta félaginu án skriflegs samþykkis seljanda fyrr en að liðnum tuttugu og einum mánuði frá undirritun samnings þessa nema þær hömlur sem eru á ráðstöfun hluta á hinum seldu hlutum verði fyrir niður fallnar. [...]
6. 11.5 Ákvæði greinar 11.1 skulu þó ekki standa í vegi fyrir hugsanlegum samruna Búnaðarbanka Íslands hf. við önnur fjármálafyrirtæki, eða yfirtöku annarra fjármálafyrirtækja á Búnaðarbanka Íslands hf., þar sem hlutir í öðru fjármálafyrirtæki koma í stað hluta kaupenda í Búnaðarbanka Íslands hf., að því gefnu að hlutir kaupenda í hinu sameinaða félagi eða yfirtökufélaginu verði háðir þeim takmörkunum sem fram koma hér að ofan. [...]
7. [...]
8. 11.7 Samþykktir Eglu hf. skulu endurspegla þær kvaðir sem gilda um ráðstöfun hluta í félaginu og allir útgefnir hlutir í Eglu hf. skulu jafnframt áritaðir um kvaðirnar. Í fylgiskjali nr. 2 er að finna ákvæði sem koma skulu fram í samþykktum Eglu hf. og árita skal á hlutina.
9. 11.8 Viðskiptaráðherra kemur fram fyrir hönd seljanda vegna þeirra tilvika sem leita þarf samþykkis seljanda samkvæmt samningi þessum.“

Í 12. gr. kaupsamningsins voru ákvæði um hluthafasamkomulag sem fram kom að kaupendur hefðu þá þegar gert með sér. Markmið slíks hluthafasamkomulags var sagt að tryggja að kaupendur „kæmu fram sem einn aðili, kjölfestufjórðing, í tengslum við eignarhald þeirra“ á hlutum í Búnaðarbankanum. Nánar sagði um það að samkvæmt hluthafasamkomulaginu skyldu kaupendur „koma fram sem einn hluthafi“ í Búnaðarbankanum, þar með við beitingu atkvæðisréttar á hluthafafundum og „áhrifum innan stjórnar félagsins“.42 Þess skal loks getið að ákvæði kaupsamningsins um vanefndir kaupenda og fleira, sbr. 13. gr. samningsins, gerðu hins vegar ráð fyrir því að kaupendur bæru ekki ábyrgð á vanefndum meðkaupenda og að vanefndir hluthafa Eglu hf. skyldi líta svo á að þær jafngiltu vanefndum Eglu hf. pro rata, eða í réttu hlutfalli, við eignarhluta hvers hluthafa.

Kaupsamninginn undirrituðu Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra og Geir H. Harde fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins en Ólafur Ólafsson fyrir hönd Eglu hf., Margeir Daniélsson fyrir hönd Samvinnulífeyrissjóðsins, Finnur Ingólfsson fyrir hönd Vátryggingafélags Íslands hf. og Axel Gíslason fyrir hönd Eignarhaldsfélagsins Samvinnu-trygginga. Í 20. gr. kaupsamningsins kom einnig fram að allir hluthafar Eglu hf. undirrituðu samninginn til staðfestingar þeim skuldbindingum sem kæmu fram í greinum 7, 9, 11, 12 og 13. Samningurinn hafði að geyma sérstakt fylgiskjal með slíkum undirritunum Kristjáns Loftssonar af hálfu Kers hf., Peter Gatti af hálfu Hauck & Aufhäuser og Finns Ingólfssonar af hálfu Vátryggingafélags Íslands hf.

Önnur ákvæði kaupsamningsins þykir ekki sérstök þörf á að rekja hér.

Að lokinni undirskrift kaupsamningsins var send út sameiginleg fréttatilkynning íslenska ríkisins og kaupenda. Hún bar yfirskriftina „Þýskur banki í hópi nýrra eigenda Búnaðar

„Það er sérstaklega áhugavert að fá þýska bankann inn. [...] Athugað verður hvar er hægt að vinna með honum og vonandi verður líka hægt að læra af honum.“

- Sólon Sigurðsson, bankastjóri Búnaðarbankans, Morgunblaðið 17. janúar 2003, bls. 12.

42. Í hluthafasamkomulagi kaupenda frá 16. janúar 2003 var kveðið á um hvernig samningsaðilar ætluðu að rækja hlutverk sitt sem kjölfestufjórðing í Búnaðarbanka Íslands meðan skilyrði/kvaðir ríkissjóðs um bann við framsali seldra hluta í bankanum væru í gildi, og eftir atvikum eftir það tímamark meðan samningsaðilar ættu meira en 20% af heildarhlutafé í bankanum, sbr. grein 1.2. í samkomulaginu. Í III. og IV. gr. samkomulagsins var síðan fjallað um gagnkvæman forkaupsrétt aðila, samkomulag um fylgni, svo og samvinnuskyldu.

banka Íslands hf.“ Í henni kom einnig efnislega fram að Hauck & Aufhäuser hefði staðið að kaupum á rúmlega þriðjung, eða 35,6%, þess hlutar í Búnaðarbankanum sem seldur var en að öðru leyti var þar einungis greint frá meginatriðum kaupsamningsins á ámóta hátt og hér hefur þegar verið gert.

Fréttatilkynningu þessari fylgdi sérstakt skjal þar sem starfsemi þýska bankans var lýst frekar. Í því kom m.a. fram að bankinn væri að meiri hluta í eigu einstaklinga (70%) og stofnanafjárfastrá og að hann væri „einn virtasti banki Þýskalands“. Bankinn hefði verið stofnaður fyrir 206 árum og að hann væri m.a. með starfsemi í Sviss og Lúxemborg og sérhæfði sig í „sjóða- og eignastýringu fyrir stofnanir og einkaaðila, umsjón verðbréfa fyrir sjóði og fjármálastjórn fyrirtækja og einstaklinga“. Í skjalinu var tekið fram að í árslok 2001 hafi bankinn farið með stjórn eigna og sjóða að andvirði 12 milljarða evra. Brúttó heildareignir í samstæðureikningum hafi numið 1.694 milljónum evra og eigið fé 107 milljónum evra. Þá kom þar fram að nokkrar ástæður lægju að baki fjárfestingu Hauck & Aufhäuser en í því sambandi var þó aðeins tilgreint að Búnaðarbankinn væri „vænleg fjárfesting“ en þýski bankinn teldi sig „hafa hag af því að miðla af sérþekkingu sinni til BÍ“. Þannig gæti vöxtur Búnaðarbankans farið fram úr væntingum, „ekki síst á erlendum mörkuðum“.

Í sérstakri tilkynningu frá kaupendum 45,8% hlutar í Búnaðarbankanum til fjölmiðla sama dag og kaupin voru gerð sagði síðan:

„Það eru mikil tíðindi að traustur, erlendur banki taki þátt í að fjárfesta í íslenski fjármálastofnun. Búnaðarbankinn kemur til með að njóta þekkingar, reynslu og viðskiptasambanda þýska bankans í starfsemi sinni. Enn mikilvægara er að með eignarhaldi þýska bankans í Búnaðarbankanum skapast tengsl sem íslensk fyrirtæki geta notfært sér til að styrkja starfsemi sína og sókn á erlendum mörkuðum. Þetta er afar mikilvægt þegar haft er í huga að möguleikar íslenskra fyrirtækja til að vaxa verulega og dafna tengjast fyrst og fremst alþjóðlegri starfsemi.“

Fjallað var um undirskrift kaupsamningsins í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu daginn eftir undirskriftina, 17. janúar 2003. Í Morgunblaðinu var annars vegar sagt frá undirskriftinni og meginatriðum samningsins en hins vegar birt stutt viðtöl við hlutaðeigandi fólk, þar á meðal Valgerði Sverrisdóttur viðskiptaráðherra, Ólaf Ólafsson og Peter Gatti. Eftir Valgerði Sverrisdóttur var meðal annars haft:

„Samningurinn er góður því verðið er gott, auk þess sem það er áhugavert að fá erlendan banka inn í kaupin. Að því hefur ríkisstjórnin stefnt allt frá árinu 1995. Vel hefur því tekist til í þessum viðskiptum.“

Einnig var haft eftir Valgerði að það gæti ekki annað en verið neytendum í hag að fá erlendan banka til landsins. Það hefði aukið samkeppnina „sem talað hafi verið um að hafi vantað“. Ólafur Ólafsson var í sömu umfjöllun Morgunblaðsins sagður sá sem hefði verið „formælandi S-hópsins“. Hann kvað kaupsamninginn vera í meginatriðum í samræmi við „það sem farið [hefði] verið af stað með þegar fyrst var rætt um kaupin“. Einnig var haft eftir Ólafi:

„Nokkrir bankar sýndu því áhuga að taka þátt í þessu með okkur. [...] Við völdum þýska bankann úr þeim hópi, að undangenginni skoðun, því við töldum hann heppilegastan fyrir Búnaðarbankann og okkar starf.“

Eftir Peter Gatti, sem titlaður var framkvæmdastjóri og meðeigandi Hauck & Aufhäuser, var haft að Búnaðarbankinn væri „vænleg fjárfesting“ og að „hinn þýski banki [teldi] einnig að hann [hefði] hag af því að miðla af sérþekkingu sinni. Þá var haft eftir Gatti að bankinn myndi „halda eignarhlut sínum í Búnaðarbankanum í a.m.k. tvö ár eins og kveðið [væri] á um í kaupsamningnum“ en að þeim tíma yrði „ávöxtunin metin og fjárfestingin endurskoðuð“.

Í Fréttablaðinu var frétt á forsíðu um kaupin. Fram kom í undirfyrirsögn að þýskur banki hefði „[keypt] í Búnaðarbanka fyrir um fjóra milljarða“. Í meginmáli fréttarinnar kom nánar fram að Hauck & Aufhäuser hefði keypt 35,6% af hinum selda hlut fyrir umrædda fjárhæð. Í fréttinni var haft eftir Ólafi Ólafssyni, sem sagður var hafa „[farið] fyrir kaupendum

bankans“, að hann fagnaði þátttöku þýska bankans í verkefninu og að það væri gott fyrir kaupendurna „að fá það aðhald sem [fylgdi] eign þýska bankans í Búnaðarbankanum“. Í fréttinni voru einnig höfð ummæli eftir Peter Gatti, meðal annars um að bankinn „[horfði] til nokkurra ára í fjárfestingu sinni“. Á forsiðu Fréttablaðsins birtist önnur frétt með umfjöllun um kaupin. Þar var einnig haft eftir Peter Gatti að hann væri „ánægður með kaup bankans í Búnaðarbankanum“. Í þeirri frétt var einnig haft eftir Valgerði Sverrisdóttur að „aðkoma þýska bankans [væri] mikið ánægjuefni“.

3.3 Samskipti S-hópsins við Fjármálaeftirlitið í kjölfar kaupa á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.

Með bréfi, dags. 16. janúar 2003, lögðu Egla hf., Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, Samvinnulífeyrissjóðurinn og Vátryggingafélag Íslands hf. fram umsókn um samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir kaupum á virkum eignarhlut, eða 45,8%, í Búnaðarbanka Íslands hf. Umsóknin var sett fram með vísan til 40. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki. Fram kom í upphafi fylgibréfs með umsókninni að „fjárfestahópur“ óskaði eftir samþykki FME fyrir umræddum kaupum og tekið fram að á eftir færi lýsing á fjárfestunum. Erindi þetta var sem fyrr undirritað af Kristni Hallgrímssyni hrl. og sagt sent „f.h. Fulltingi ehf.“.

Af erindinu mátti m.a. skýrlega ráða að Hauck & Aufhäuser myndi gegnum 50% eignarhald á Egla hf. eiga 35,59% hlutdeild í kaupum á eignarhlutnum í Búnaðarbankanum. Þá voru í bréfinu veittar ákveðnar upplýsingar um mat alþjóðlegra matsfyrirtækja á bankanum, eignir bankans, hlutföll fjármagns og rekstrar, ásamt helstu tölum úr ársreikningi bankans fyrir árin 2001 og 2000. Í þeirri upptalningu kom meðal annars fram að eigið fé bankans í árslok 2001 hefði numið 79,6 milljónum evra (75,8 milljónir evra í árslok 2000) og að hagnaður þess árs eftir skatta hafi numið 13,2 milljónum evra (19,2 milljónum evra árið 2000). Í 8. lið bréfsins er fjallað um reynslu umsækjanda af fjármálastarfsemi en í því sambandi er einungis vísað til bréfs S-hópsins til framkvæmdanefndar um einkavæðingu, dags. 31. október 2002, þar sem fjallað var um ráðgjafarhlutverk Société Générale í tengslum við fjárfestingu S-hópsins. Í þessum lið bréfsins til Fjármálaeftirlitsins var með öðrum orðum ekkert vikið að Hauck & Aufhäuser. Í bréfinu er síðan gerð grein fyrir helstu hluthöfum Hauck & Aufhäuser og segir jafnframt að bankanum sé stjórnað af „managing partners“, sem nánar var skýrt sem „sambland af eigendum og stjórnendum“.

Áður en vikið er að fyrstu viðbrögðum Fjármálaeftirlitsins við umsókn S-hópsins er rétt að fram komi að 25. janúar 2003, eða fáum dögum eftir undirskrift kaupsamningsins og sendingu umsóknarinnar 16. janúar 2003, birtist í Fréttablaðinu ítarleg fréttaskýring um einkavæðingu þáverandi ríkisstjórnar á ríkiseignum. Þar á meðal var fjallað um einkavæðingu ríkisbankanna tveggja, Landsbankans og Búnaðarbankans. Í umfjöllun um einkavæðingu Búnaðarbankans var meðal annars fjallað um aðkomu Société Générale að söluferli bankans og hugsanlega sameiningu bankans við Kaupþing hf. með svofelldum hætti:

„Einn stærsti banki Evrópu, franskur bankinn Société Générale, hugðist taka beinan þátt í kaupunum. Fréttablaðið hafði áreiðanlegar heimildir fyrir því að bankinn ætlaði að fjárfesta í Búnaðarbankanum fyrir þrjá milljarða. Útibú Société Générale í Frankfurt var ráðgjafi S-hópsins og fékk 300 milljónir í sinn hlut fyrir viðvikið.“

Michael Sautter, fulltrúi bankans, staðfesti við Fréttablaðið að hreinar viðskiptalegar ástæður hefðu ekki legið að baki því að Société Générale hætti við beina þátttöku í kaupunum. Ástæðurnar voru samkvæmt heimildum einkum þrjár. Bankinn varð undir í baráttu um bankann Credit Lyonnais. Það þótti því ímyndarlega veikt að tapa þeim slag og kaupa banka á litla Íslandi á sama tíma. Grein Euromoney um Samson og fortíð meðlima þess hóps dró augu evrópskra fjármálamanna að landinu. Menn vildu ekki lenda í því kastljósi. Þá bættist við að stjórnendum Société Générale þótti of mikil pólitík í íslensku viðskiptalífi. Bankinn útvegaði því Hauck & Aufhäuser, sem tók við keflinu.

Sætasta stelpa í bænum

Hvað sem mönnum kann að finnast um sölufærlið og nýja eigendur bankanna er ljóst að fróðlegt verður að fylgjast með næstu skrefum í þróun fjármálakerfisins. [...] Nýir eigendur munu leita leiða til að hagræða og hámarka arðinn af fjárfestingu sinni. Eigendurnir eru bundnir af því að eiga að minnsta kosti þriðjung í bönkunum til næstu tuttugu mánaða.

Ýmsar vangaveltur eru um framhaldið. Margir telja að Kaupþing sé ákjósanlegur kostur til sameiningar við annan hvorn ríkisbankanna. „Sætasta stelpan í bænum“ er Kaupþing kallað meðal gárunga í fjármálaheiminum. Sögusagnir hafa verið á kreiki um að samkomulag liggi fyrir um að Kaupþing kaupi hlut bankans [svo] að þessum tíma liðnum. Fulltrúi þýska bankans, Peter Gatti, neitaði því að aðrir stæðu á bak við kaupin.“

Víkur þá að meðferð Fjármálaeftirlitsins á fyrrnefndri umsókn S-hópsins um samþykki fyrir að mega fara með virkan eignarhlut í Búnaðarbankanum. Með bréfi, dags. 5. febrúar 2003, til Kristins Hallgrímssonar hrl., þar sem vísað var í upphafi til umsóknar hans „f.h. fjárfestahóps undir forystu Kers hf.“ um samþykki fyrir kaupum á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum, óskaði Fjármálaeftirlitið eftir ítarlegri upplýsingum, sjónarmiðum og gögnum sem tengdust umsókninni. Í bréfinu segir meðal annars:

„Í kaupsamningi kemur fram að kaupendur hafi gert með sér hluthafasamkomulag sem tryggi að þeir komi fram sem einn aðili, kjölfestufjárfestir, í tengslum við eignarhald þeirra á þeim hlutum sem um ræðir. Óumdeilt er í því að umsækjendur teljast saman fara með virkan eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. Óskað er eftir afriti af fyrrgreindu hluthafasamkomulagi.

Fjármálaeftirlitið leggur mikla áherslu á gegnsæi í eignarhaldi ráðandi hluthafa í fyrirtækjum á fjármálamarkaði. Í því skyni kann við tiltekna aðstæður að vera nauðsynlegt að leggja fyrir umsækjenda að fela allt eignarhald í viðkomandi fjármálfyrirtæki í sérstöku eignarhaldsfélagi sem hefði aðeins þann tilgang að sinna eignarhaldi í fjármálfyrirtækinu. Það á m.a. við ef hinn virki eignarhlutur er stór, innbyrðis eignartengsl eru flókin, til álita kemur hvort sameinaður eignarhlutur myndi stofna til réttarsambands móður- og dótturfélags, eða ef eftirlit með hinum virka eignarhlut væri ella torvelt. Óskað er sjónarmiða umsækjenda til þess að allur eignarhlutur þeirra í Búnaðarbanka Íslands verði færður undir Eglu hf.

[...]

Erindi umsækjenda varðar kaup á 45,8% hlutafjár í Búnaðarbanka Íslands hf. Í því skyni að ganga úr skugga um að hinn virki eignarhlutur takmarkist nú við fyrrgreint hlutfall óskar Fjármálaeftirlitið eftir upplýsingum frá umsækjendum um hvort þeir eigi eða fari með hluti í Búnaðarbanka Íslands hf. beint eða óbeint, til viðbótar við það hlutfé sem samið hefur verið við ríkissjóð um kaup á. Einnig er óskað fyrirliggjandi upplýsinga um aðila sem tengdir eru umsækjendum, auk upplýsinga um hlutafjáreign þeirra í Búnaðarbanka Íslands hf.

Í þessu sambandi er minnt á skilgreiningu á virkum eignarhlut í 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002, en með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild í fyrirtæki sem nemur 10% eða meira af eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fyrirtækis. Í skýringum með 2. mgr. 40. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 161/2002 kemur m.a. fram að um óbeina hlutdeild í hlutfé megi vísa til þess tilviks þegar tveir eða fleiri hluthafar kæmu sér saman með formlegu eða óformlegu samkomulagi um samræmda beitingu samanlagðs atkvæðisréttar eða að samkomulag tækist við annan eða aðra slíka hópa um beitingu atkvæðisréttar. Hvers konar samstilltar aðgerðir, hverju nafni sem nefnast, kunni þannig að falla undir virka eignaraðild.

[...]

Í fyrirliggjandi umsókn er um þennan lið [4. tölulið 1. mgr. 41. gr. laga nr. 161/2002] vísað til bréfs umsækjenda til framkvæmdanefndar um einkavæðingu, dags. 31. október 2002. Þar er m.a. fjallað um vilja umsækjenda til að styrkja Búnaðarbanka Íslands hf. Fjármálaeft-

„Fjármálaeftirlitið leggur mikla áherslu á gegnsæi í eignarhaldi ráðandi hluthafa í fyrirtækjum á fjármálamarkaði.“

- Úr bréfi Fjármálaeftirlitsins, dags. 5. febrúar 2003, til Fulltingis ehf. fyrir hönd S-hópsins vegna umsóknar S-hópsins um samþykki fyrir kaupum á virkum eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf.

„Enn fremur er óskað upplýsinga um í hverju þátttaka hins þýska banka Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA mun felast.“

-Úr bréfi Fjármálaeftirlitsins, dags. 5. febrúar 2003, til Fulltingis ehf. fyrir hönd S-hópsins vegna umsóknar S-hópsins um samþykki fyrir kaupum á virkum eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf.

irlitið óskar eftir upplýsingum um hvort umsækjandi hafi kynnt sér markmið bankans um eiginfjárhlutaföll, arðsemi eigin fjár og útlánaþróun, auk þess sem óskað er eftir umfjöllun umsækjanda um þessi markmið og hugsanlegar breytingar á þeim.

Í fyrrgreindu bréfi til framkvæmdanefndar um einkavæðingu kemur fram vilji til að styrkja stjórnun bankans á ýmsum sviðum, þ.á m. á sviði áhættustýringar og alþjóðlegra tengsla. Óskað er nánari umfjöllunar um þetta. Í þessu efni er vísað til samstarfs við Société Générale, en sá banki var til ráðgjafar í samningaferlinu og mun hafa komið til greina sem þátttakandi í kaupandahópnum. Óskað er upplýsinga um áframhaldandi aðild hans að þessu samstarfi. Enn fremur er óskað upplýsinga um í hverju þátttaka hins þýska banka Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA mun felast.

[...]

Í umsókn þeirri sem barst Fjármálaeftirlitinu er aðeins að finna takmarkaðar upplýsingar um hvernig staðið verður að fjármögnun fjárfestingarinnar en rakið er hvernig greiðslum kaupverðs verður háttáð samkvæmt kaupsamningi. Af kaupsamningnum má þó ráða hvernig umsækjandi hyggst fjármagna kaupin.

Samkvæmt samningnum munu VÍS og Samvinnulífeyrissjóðurinn greiða hlutfallslegt kaupverð sitt með óbundnu eigin fé en Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar mun fjármagna með lánum allt að 35% af sínum hluta kaupverðs, en eftirstöðvarnar með sölu eigna, annarra en hluta sinna í Búnaðarbanka Íslands hf., eða með veðsetningu eigna. Einnig kemur fram að Búnaðarbanki Íslands hf. sé hugsanlegur lánveitandi félagsins. Fjármálaeftirlitið óskar því upplýsinga um hvort leitað verði til Búnaðarbanka Íslands hf. um fjármögnun kaupa félagsins að þessu leyti.

Samkvæmt kaupsamningi kemur fram að Eglu hf. hyggst fjármagna sinn hluta að minnsta kosti 65% með eigin fé, en allt að 35% með lánsfé. Hluthafar Eglu hf. ábyrgjast hver fyrir sig það framlag sitt til eigin fjár félagsins sem nauðsynlegt er til að fjármagna kaupin en lánsfé til Eglu hf. verður lagt fram af íslenskum banka á kjörum fyrirbyggjandi lánsloforðs.

Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að fá frekari upplýsingar um fjármögnun fyrirhugaðra viðskipta. Óskað er staðfestingar á að hjá VÍS og Samvinnulífeyrissjóðnum sé fyrirbyggjandi óbundið eigið fé sem sé fullnægjandi til að standa við skuldbindingar félaganna samkvæmt kaupsamningnum. Einnig er óskað ítarlegri upplýsinga um fjármögnun Eignarhaldsfélagsins Samvinnutryggingar en sérstaklega er óskað upplýsinga um fyrirhugaða lánsfjármögnun ásamt því að gerð skal nánar grein fyrir því með hvaða hætti félagið hyggst standa við þann hluta kaupverðsins sem er ekki fjármagnaður með lánsfé. Enn fremur er óskað staðfestingar á að eiginfjárframlag til Eglu hf. sé fyrirbyggjandi ásamt því að óskað er afrits af fyrirbyggjandi lánsloforði til félagsins.

[...]

Vakin er athygli á því að samkvæmt 2. mgr. 41. gr. laga nr. 161/2002, eiga upplýsingar skv. 1. mgr. sömu greinar við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum.“

Með bréfi, dags. 17. febrúar 2003, var síðastnefndu bréfi Fjármálaeftirlitsins svarað. Í bréfinu, sem Kristinn Hallgrímsson hrl. undirritaði fyrir hönd umsækjenda, kom fram í upphafi að hann hefði mótttekið fyrrnefnt bréf Fjármálaeftirlitsins fyrir hönd hóps fjárfesta samkvæmt kaupsamningi við íslenska ríkið um 45,8% hlut í Búnaðarbanka Íslands hf. Sérstaklega var tekið fram í upphafi bréfsins að fjárfestahópurinn lyti ekki sérstakri forystu Kers hf., eins og kæmi fram í bréfi FME, heldur væri Ker hf. eigandi nærri helmings hlutafjár í Eglu hf. og þannig stærsti einstaki íslenski fjárfestirinn í fjárfestahópnum. Samstarf aðila byggði þó á hluthafasamningi þeirra. Í þessu bréfi Kristins fyrir hönd S-hópsins sagði meðal annars:

„Samkvæmt upplýsingum umbjóðenda minna, þá á enginn þeirra, eða fer með beinan og/eða óbeinan eignarhlut í BÍ umfram þann hlut sem keyptur er nú af íslenska ríkinu, utan hvað Ker hf. á hluti í BÍ að nafnverði kr. 15.000,00. Á meðfylgjandi yfirliti koma fram upplýsingar um aðila sem tengdir eru umsækjendum með hliðsjón af skilgreiningu 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 [...]

2.2. Spurt er sérstaklega hvort umsækjendur telji eignarhlut stærsta hluthafa Kers hf., Norvíkur ehf., og tengdra aðila með virkum eignarhlut umsækjenda í BÍ. Umsækjendur svara þeirri spurningu hiklaust neitandi. Ekkert samkomulag er á milli eigenda Norvíkur ehf. og umsækjenda um meðferð hluta þeirra í BÍ. Rétt er að Norvík ehf. (reyndar hefur Norvík selt eignarhluta sinn í Keri hf. til Gerðis ehf., sem er dótturfélag Norvíkur ehf., sbr. tilkynningu til Verðbréfabings dags. 6/1 2003) er stærsti einstaki hluthafinn í Keri hf., en það hefur ekki leitt af sér samkomulag um meðferð eignarhluta framangreindra aðila í BÍ. Umsækjendum er ekki kunnugt um hvort Gerðir ehf. eða Norvík ehf. hafi gert samninga við aðra hluthafa í BÍ um meðferð hluta sinna þar. Enn fremur er umbjóðendum mínum ekki kunnugt um að í gildi séu samningar milli annarra en umsækjenda um ráðstöfun hluta í BÍ, um það hvernig beita skuli atkvæðisrétti eða um nokkuð það sem varðar eignarhald og þann rétt og þær skyldur sem slíkt eignarhald veitir.

[...]

Spurt er hvernig vilji til að styrkja stjórnun bankans t.d. á sviði áhættustýringar og alþjóðlegra tengsla muni koma fram. Í því tilviki er rétt að vekja athygli á að starfsmenn Sociéte Générale (SG), sem verið hafa umsækjendum til ráðgjafar við kaupin á kjölfestuhlutnum í BÍ, öfluðu sér upplýsinga um íslenska fjármálamarkaðinn, báru saman íslensk fjármálafyrirtæki við önnur fjármálafyrirtæki á Norðurlöndum, verðmátu hlutabréfin í BÍ, undirbyggðu samningaviðræður við ríkið, aðstoðuðu við áreiðanleikakönnun og túlkun niðurstöðu hennar, aðstoðuðu við kaupin sjálf o.m.f. Umsækjendur munu áfram njóta góðs af ráðgjöf SG um ókomna framtíð, gerist þess þörf. Samskipti við SG hafa verið gagnleg fyrir fjárfestahópin og mun hópurinn leita ráða hjá SG um einstök málefni er snúa að stefnumótun, áhættustýringu, og hagræðingarmöguleikum á íslenskum fjármálamarkaði.

3.3. Peter Gatti, sem m.a. hitti forsvarsmenn FME, einn af eigendum og stjórnendum H&A ræddi við stjórnendur BÍ um hugsanlegt samstarf þegar hann var staddur á Íslandi til að undirrita samning um kaup Hauck & Aufhäuser á hlutum í BÍ. Ákveðið var að fulltrúar bankanna myndu hittast og ræða hvaða fletir væru á samstarfi. Nýverið fóru tveir fulltrúar BÍ til München og hittu Gatti og fleiri starfsmenn Hauck & Aufhäuser. Niðurstaða þess fundar var m.a. sú að bankarnir sjá möguleika á samstarfi á þremur sviðum: Þjónustu við fyrirtæki (Corporate Finance), eignastýringu (Asset Management) og rannsóknum (Research). Var ákveðið að bankarnir myndu ræða frekar um hugsanlegt samstarf á þessum sviðum, en engin ákvörðun hefur verið tekin á þessari stundu hvort af slíku samstarfi verði og með hvaða hætti því yrði hagað.

3.4. Umsækjendur hafa leitað eftir því við dr. Michael Sautter, en hann er yfirmaður SG í Frankfurt, og þeirri málaleitan hefur verið vel tekið, að hann taki sæti í stjórn BÍ, sem einn fulltrúa fjárfestahópsins og sérfræðingur í málefnum fjármálastofnana. Umsækjendur álíta það feng fyrir fjárfestahópin og bankann að fá dr. Sautter í stjórn hans. Hann hefur áratuga reynslu af alþjóðlegum bankarekstri og sem ráðgjafi og starfsmaður SG hefur hann öðlast yfirgripsmikla þekkingu til að takast á við það mikilvæga starf sem felst í stjórnarsetu í bankaráði BÍ.

[...]

4.5. Samkvæmt upplýsingum Hauck & Aufhäuser ætlar bankinn að fjármagna kaupin með eigin fé, þ.e. nota óbundna fjármuni til fjárfestinga: "Hauck & Aufhäuser will finance its purchase from its own resources - meaning that it will use its free assets purchase the shares in Egl".

[...]

4.8. Aðilar fjárfestahópsins eiga aðild að kaupsamningnum við íslenska ríkið í tilgreindum hlutföllum sem koma fram í samningnum. Þátttaka þeirra í kaupum samkv. fyrstu og annarri lotu samningsins lúta sömu hlutföllum.

[...]

5.2. Hauck & Aufhäuser munu ekki birta ársreikning bankans fyrir árið 2002 fyrr en í lok apríl á þessu ári. Fram hefur komið af þeirra hálfu að hagnaður bankans skv. bráða

„Enn fremur er umbjóðendum mínum ekki kunnugt um að í gildi séu samningar milli annarra en umsækjenda um ráðstöfun hluta í BÍ, um það hvernig beita skuli atkvæðisrétti eða um nokkuð það sem varðar eignarhald og þann rétt og þær skyldur sem slíkt eignarhald veitir.“

- Úr bréfi Kristins Hallgrímssonar hrl. fyrir hönd S-hópsins, dags. 17. febrúar 2003, til Fjármálaeftirlitsins.

„[É]g man að einhver á okkar vegum fór út, spurði hvort það væri ekki möguleiki að vinna saman en þá kannaðist nú bara enginn við málið, og hvað, við mættir, ætluðum að vinna saman, því við höldum að þeir væru orðnir stór eigandi. Það virtist enginn kannast við þetta, ég er alveg sannfærður um það [...]“

- Úr skýrslu Sigurjóns Þ. Arnasonar, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans og framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Búnaðarbankans fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, dags. 2. september 2009.

„Samkvæmt upplýsingum H&A ætlar bankinn að fjármagna kaupin með eigin fé, þ.e. nota óbundna fjármuni til fjárfestinga: "H&A will finance its purchase from its own resources - meaning that it will use its free assets purchase the shares in Egl".“

- Úr bréfi Kristins Hallgrímssonar hrl. fyrir hönd S-hópsins, dags. 17. febrúar 2003, til Fjármálaeftirlitsins.

birgðatölum nemi um EUR 8 millj. Bankinn mun, svo sem gert hefur verið undanfarin ár, greiða 30% arð af hlutafé, en eftirstöðvar verða hagnaður bankans. Eigið fé bankans, svo sem fram kemur á efnahagsreikningi, mun aukast um sem nemur EUR 3 millj., í EUR 83 millj. Efnahagsreikningur mun af þeim sökum stækka úr EUR 1.520 millj. í EUR 1.601 millj. Ársreikningur 2002 verður aðgengilegur strax og hann er birtur.

[...]

11.1. Vegna áforma FME um að leita nánari upplýsinga um Hauck & Aufhäuser hjá systurstofnun sinni í Þýskalandi, þá hafa eftirfarandi skilaboð borist frá Hauck & Aufhäuser rituð í nafni undirritaðs: "General management of Hauck & Aufhäuser has meanwhile informed us, that their supervisory authority in Bonn, Germany, has been informed about their indirect investment in Bunadarbanki. The authority has no objection to the investment for a medium term period. Their prime contact in Bonn is Mr. Happel."

11.2. Í framangreindu bréfi er leitast við að svara þeim spurningum sem fram koma í bréfi FME til umsækjenda dags. 5. febrúar 2003. Telji FME að ítarlegri upplýsinga sé þörf áður en hægt verður að taka afstöðu til erindis umsækjenda, þá vinsamlega hikið ekki við að hafa samband við undirritaðan sem mun hafa milligöngu um að útvega viðbótar upplýsingar svo fremi sem það er í valdi umsækjenda eða gefa þær."

Með bréfi til S-hópsins, dags. 13. mars 2003, óskaði Fjármálaeftirlitið eftir frekari sjónarmiðum og upplýsingum frá umsækjendum. Eitt af því sem óskin laut að var „skipulag á eignarhaldi“ á eignarhlutanum í Búnaðarbankanum. Í bréfinu sagði nánar um það:

„Ein megin forsenda þess að aðili geti talist hæfur til að fara með virkan eignarhlut, m.t.t. heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis, er að tryggt sé gegnsæi í eignarhaldi og meðferð eignarhluta. Slíkt gegnsæi varðar almennt mat á þeim atriðum sem kveðið er á um í 42. gr. laga nr. 161/2002 að hafa skuli hliðsjón af við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Í þessu skyni kann við tiltekna aðstæður að vera nauðsynlegt að leggja fyrir umsækjanda að fela allt eignarhald í viðkomandi fjármálafyrirtæki sérstöku eignarhaldsfélagi sem hefði aðeins þann tilgang að sinna eignarhaldi á fjármálafyrirtækinu. [...]

[...]

Bein og óbein tengsl umsækjenda við fyrirtæki á íslenskum samkeppnismarkaði eru talsverð. Fjármálaeftirlitið hefur í samstarfi við forsvarsmenn umsækjenda dregið upp ítarlega mynd af þeim tengslum. Að mati Fjármálaeftirlitsins myndi það greiða verulega fyrir gegnsæi, draga úr hættu á hagsmunaaðrekstrum og auðvelda eftirlit með eignarhaldinu ef Egla hf. færi með allan eignarhlutinn sem umsóknin lýtur að. [...]"

„Bunadarbanki Íslands hf is the third largest commercial bank in Iceland. The stockholders equity of Bunadarbanki Íslands hf is currently ISK 15,2 billion (approx. 178,8million euros). The result of the consolidated balance sheet on 31 December 2002 was 245,9 billion (approx. 2,9 billion euros) and CAR ratio 10,9%. A subsidiary of Bunadarbanki Íslands hf. can be found in Luxembourg.

The Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht (BaFin) is hereby consulted by the FME on the above acquisition. The FME would be grateful to receive the comments of the BaFin, if any, as soon as possible.

Please do not hesitate to contact the FME if you have any questions relating to this matter."

- Úr bréfi Fjármálaeftirlitsins til BaFin, dags. 10. febrúar 2003.

Að auki var spurst fyrir um það í ofangreindu bréfi Fjármálaeftirlitsins hvernig mál stæðu varðandi þær upplýsingar S-hópsins að hann hefði leitað eftir því við erlendan ráðgjafa að taka sæti í bankaráði Búnaðarbankans, eins og fram hefði komið í bréfi S-hópsins til Fjármálaeftirlitsins, dags. 17. febrúar 2003.

Svar við bréfi Fjármálaeftirlitsins, dags. 13. mars 2003, barst með bréfi Kristins Hallgrímssonar hrl. fyrir hönd S-hópsins, dags. 14. mars 2003. Í bréfinu var meðal annars upplýst að dr. Michael Sautter hefði fallist á að taka sæti í stjórn Búnaðarbankans fyrir hönd fjárfestahópsins, það er S-hópsins.

Af þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hefur aflað verður ráðið að Fjármálaeftirlitið hafi í tengslum við meðferð eftirlitsins á umræddri umsókn S-hópsins átt í samskiptum við og beint erindum til eftirlitsaðila í Þýskalandi, vegna umsóknar S-hópsins. Þannig ritaði Fjármálaeftirlitið þýska fjármálaeftirlitinu (BaFin) bréf, dags. 10. febrúar 2003 og tölvubréf, dags. 10. mars 2003, þar sem óskað var eftir að BaFin lýsti sjónarmiðum sínum til þess að Hauck & Aufhäuser eignaðist óbeint hlut í Búnaðarbanka Íslands hf.

Í svarbréfi BaFin við fyrirspurn Fjármálaeftirlitsins, dags. 12. mars 2003, kom fram að Hauck & Aufhäuser hefði starfsleyfi sem banki samkvæmt þýskum lögum og að hann væri rekin í formi hlutafélags. Þá kom þar fram að 70% bankans væru í eigu einstaklinga en 30% bankans væru í eigu bankans Bayerische Landesbank í gegnum eignarhaldsfélagið GZ-Holding, og váttryggingarfyrirtækjanna Münchener Verein Versicherungsgruppe og

WWK Lebensversicherung a.G, en hver þessara aðila ætti 10% hlut í bankanum. Auk þess kom fram í bréfinu að tveir þriðju hlutar rekstrartekna Hauck & Aufhäuser væru í formi þóknana en bankinn væri einnig virkur í útlánastarfsemi. Fram kom að Hauck & Aufhäuser hefði átt óhagstætt uppgjör á árinu 2002. Skörp lækkun á þóknunum og framlög í afskriftasjóð hefðu valdið þeirri útkomu. Fram kom að Hauck & Aufhäuser byggist við einungis 3,8 milljóna evra hagnaði á árinu 2003. BaFin gerði ekki athugasemdir við að bankinn eignaðist ráðandi hlut í Búnaðarbankanum. Hér til hliðar er nánar vitnað til svars BaFin, í heild sinni að því leyti sem það tók til fyrirspurnar Fjármálaeftirlitsins um Hauck & Aufhäuser.

Með ákvörðun 17. mars 2003 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að með vísan til VI. kafla laga nr. 161/2002 og miðað við fyrirliggjandi áform væru Egla hf., Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar hf., Samvinnulífeyrissjóðurinn og Vátryggingafélag Íslands hf. allt hæfir aðilar til að fara með virkan eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. Því væri samþykkt að þessir aðilar eignuðust virkan eignarhlut, eða 45,8% hlutafjár, í Búnaðarbanka Íslands hf. Í inngangi ákvörðunarinnar var gerð grein fyrir kaupendum hlutafjárins samkvæmt kaupsamningi. Í umfjöllun um Eglu hf. voru Ker hf., Hauck & Aufhäuser og Vátryggingafélag Íslands hf. tilgreindir eigendur Eglu hf. í sömu hlutföllum og áður hefur verið getið um. Í ákvörðun FME var meðal annars tekið til sérstakrar athugunar hvort tengsl umsækjenda við aðra eigendur hlutafjár í Búnaðarbankanum væru slík að þeir teldust fara saman með virkan eignarhlut í skilningi 40. gr. laga nr. 161/2002, það er í raun stærri eignarhlut heldur en einungis þann sem kaup og þar með umsókn S-hópsins lutu að. Í umfjöllun Fjármálaeftirlitsins um þetta atriði kom meðal annars fram:

„Samkvæmt hluthafalista Búnaðarbanka Íslands hf. eru umsækjendur ekki eigendur hlutafjár í bankanum með beinum hætti en nauðsynlegt er að líta til þess hver hugsanleg óbein hlutdeild þeirra er í hlutafé Búnaðarbanka Íslands hf. Samkvæmt 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 er með virkum eignarhlut átt við beina eða óbeina hlutdeild í fyrirtæki sem nemur 10% eða meira af eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fyrirtækis. Í skýringum við þetta ákvæði í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 161/2002 kemur fram að með „óbeinni“ hlutdeild sé átt við að ekki sé nauðsynlegt að aðili sé sjálfur eigandi hlutanna eða atkvæðisréttarins, heldur nægi að hann ráði með einhverjum öðrum hætti yfir virka eignarhlutnum. Í dæmaskyni er síðan meðal annars tekið fram að undir óbeina hlutdeild falli einnig það tilvik þegar tveir eða fleiri hluthafar komi sér með formlegu eða óformlegu samkomulagi saman um samræmda beitingu samanlagðs atkvæðisréttar.

Fjármálaeftirlitið aflaði upplýsinga og sjónarmiða frá umsækjendum og aðilum sem það taldi að kynnu að vera tengdir umsækjendum. Hafði Fjármálaeftirlitið, m.a. með vísan til fyrirliggjandi hluthafasamkomulags, ástæðu til að ætla að virkur eignarhlutur umsækjenda og tengdra aðila, í skilningi 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002, kynni í raun að nema stærri hluta af heildarhlutafé Búnaðarbanka Íslands hf. en umsókn þeirra gaf til kynna.

Fram kom hjá umsækjendum að þeir teldu að ekki væri um að ræða tengsl í skilningi 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 og að ekkert samkomulag væri á milli umsækjenda og annarra aðila um meðferð eignarhluta í Búnaðarbankanum. Enn fremur væri þeim ekki kunnugt um að í gildi væru samningar milli annarra en umsækjenda um ráðstöfun hluta í bankanum. Sjónarmið forsvarsmanna þeirra eignarhluta sem Fjármálaeftirlitið leitaði upplýsinga um eru á sama veg.

[...]

Umsækjendur hafa svarað fyrirspurnum greiðlega og hefur Fjármálaeftirlitið ekki forsendur til þess að ætla annað en að því hafi verið veittar réttar og fyrirliggjandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið taldi í fyrirspurnum sínum að skiptu máli við mat á umsókninni.“

Af þeim gögnum sem rannsóknarnefnd Alþingis hefur aflað um ofangreinda ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, það er bréfaskiptum aðila sem hér hafa verið rakin að hluta og öðrum gögnum Fjármálaeftirlitsins um aðdraganda ákvörðunarinnar og afhent voru nefndinni,

„Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KgaA is a fully licensed bank according to section 1 subsection 1 number 1 to 5 and 7 to 12, as well as subsection 1a number 1 to 7 of the German banking Act (KWG). Its an association limited by shares. Its owned by private persons (70%), the Bayerische Landesbank via the GZ-Holding, the Münchener Verein Versicherungsgruppe and the WWK Lebensversicherung a.G (10% each). Bayerische Landesbank is a fully licensed bank too. The two further companies are licensed insurance companies.

Hauck & Aufhäuser realises about two third of its operating revenue by commissioning. Furthermore it is active in the lending business. In 2002 Hauck & Aufhäuser had a balanced result by activating hidden reserves. A sharp decrease in commissions earned and provisions for contingent loan losses caused the nonsatisfying profitability. In 2003 Hauck & Aufhäuser expects an annual net profit of only 3,8 million €.

During the last years supervisory measures against the institute as well as against the Members of the Board were not necessary.

BaFin does not have any objection against the acquisition of a qualifying Holding in Bunadarbanki Islands hf.“

- Úr svarbréfi þýska fjármálaeftirlitsins, BaFin, dags. 12. mars 2003, til Fjármálaeftirlitsins.

verður ekki séð að Fjármálaeftirlitið hafi á nokkru stigi málsins átt bein og milliliðalaus skrifleg samskipti við Hauck & Aufhäuser eða fyrirsvarsmenn bankans um aðild þýska bankans að kaupunum.

Á næstu dögum eftir þessa ákvörðun Fjármálaeftirlitsins reiddi S-hópurinn fram fyrstu greiðslu á grundvelli kaupsamningsins um hlutinn í Búnaðarbankanum, gegn afhendingu ríkisins á hlutafé, enda var þá fram komið skilyrði samkvæmt þeim samningi til að sú greiðsla og afhending hlutafjár færu fram samkvæmt fyrri lotu efnda samningsins. Um það er nánar vísað til fyrri umfjöllunar um kaupsamninginn en einnig er fjallað um atvik tengd þessari greiðslu síðar í skýrslunni.

3.4 Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar

Í kafla 3 hér á undan var meðal annars rakið hvernig ádráttur um að erlendur banki kæmi að tilboði S-hópsins, hvort heldur í Landsbankann eða Búnaðarbankann, var frá upphafi hluti af þeim upplýsingum sem hópurinn veitti framkvæmdanefnd um einkavæðingu í sölufæri ríkisbankanna. Þetta má rekja allt aftur til fyrsta bréfs S-hópsins til framkvæmdanefndar um einkavæðingu, dags. 25. júlí 2002, þar sem áhuga var lýst á að kaupa eignarhlut í öðrum hvorum bankanum en þar sagði að „náðið samstarf og hugsanlega eignaraðild erlends banka að bönkunum [kæmi] til greina“.

Um mánaðamótin ágúst-september 2002, um það leyti sem S-hópurinn varð undir við val á viðsemjanda um Landsbankann, hafði þessi upplýsingagjöf tekið á sig þá mynd að franskí bankinn Société Générale veitti S-hópnum ráðgjöf um gerð og fjármögnun tilboðs hans og myndi hugsanlega veita slíka fjármögnun sjálfur. Af fundargerð framkvæmdanefndar um einkavæðingu 28. ágúst 2002 má einnig ráða að forsvarsmenn S-hópsins hafi þá vakið máls á þessu atriði með því að upplýsa að „tveir erlendir bankar hefðu sýnt áhuga á að koma að málinu sem ráðgjafar eða fjárfestar“ og þá fengið það jákvæða svar frá formanni nefndarinnar að fremur en hitt væri gefinn „plús fyrir erlenda peninga“. Þetta var í fyrsta sinn, samkvæmt þeim gögnum og upplýsingum sem liggja fyrir rannsóknarnefndinni, sem hugmynd um erlendan banka sem fjárfesti með S-hópnum kemur fram í þessu ferli.

Þegar sölufæri Búnaðarbankans hófst á ný í október 2002 var bókað í fundargerð stjórnar Kers hf. 23. október 2002 að rætt hefði verið að Société Générale „og/eða tengdir aðilar kæmu með allt að 4 milljarða króna af væntanlegu kaupverði“. Í bréfi S-hópsins til framkvæmdanefndar um einkavæðingu 31. október 2002 var því svo haldið fram að meðal hluthafa í eignarhaldsfélagi um hlutinn í Búnaðarbankanum yrði „Société Générale eða alþjóðlegur fjárfestir“ (e. „SG or international investor“) með 25-30% hlut og þar með stærsti einstaki fjárfestirinn í hópnum. Í viðauka með bréfinu komu fram stuttar sjálfstæðar lýsingar á hverju og einu félagi og fjárfesti í hópnum. Þar á meðal var lýsing á franska bankanum sem greindi sig ekki frá öðrum slíkum lýsingum.

Ljóst er að við mat framkvæmdanefndar um einkavæðingu á tilboði S-hópsins taldi erlendir ráðgjafi nefndarinnar vafa vera uppi um það hvort Société Générale eða annar „alþjóðlegur fjárfestir“ myndi fjárfesta með hópnum. Þátttaka „virtrar alþjóðlegrar fjármálastofnunar“ var engu að síður talin einn af þremur helstu styrkleikum í tilboði S-hópsins og tilboðið raunar metið betra en hitt tilboðið sem var til skoðunar „hvort sem Société Générale væri með eða ekki“.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu ákvað í ljósi þessa vafa að fá „nánari skýringu á hlutverki Société Générale í fjárfestahópnum“ áður en endanleg afstaða væri tekin til tilboðanna. Það var gert með þeim hætti að yfirstandandi fundi nefndarinnar um mat á tilboðunum var frestað og ákveðið að funda aftur síðdegis þann sama dag, 4. nóvember 2002, að fengnum þessum nánari skýringum.

Þessi athugun, sem þannig var gert ráð fyrir að færi fram og yrði lokið á fáeinum klukkustundum, var falin erlendum ráðgjafa nefndarinnar og fólst samkvæmt fundargerð framkvæmdanefndar í „samskiptum við S-hópinn og Société Générale“. Af gögnum nefndarinnar er ljóst að þar var um að ræða símtal ráðgjafans við Michael Sautter, áður nefndan ráðgjafa S-hópsins frá útibúi Société Générale í Frankfurt, og viðtöku bréfs frá Sautter

með staðfestingu á efni símtalsins. Upplýsingarnar sem erlendi ráðgjafinn kynnti svo framkvæmdanefndinni þegar fundi var fram haldið reyndust svo samkvæmt fundargerð nefndarinnar varla vera aðrar en efnislega sömu upplýsingar og þegar lágu fyrir henni – að vísu þó nú á formi bréfs frá Sautter af hálfu Société Générale: sem sagt að Société Générale væri ráðgjafi S-hópsins í verkefninu og hefði „mögulega áhuga“ á að fjárfesta fyrir eigið fé í eignarhaldsfélagi hópsins um fjárfestingu í Búnaðarbankanum.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu frestaði þannig mati sínu á tilboðunum í nokkrar klukkustundir í því sérstaka skyni að fá fram nánari skýringu á hlutverki Société Générale í fjárfestahópnum. Athugun ráðgjafa nefndarinnar reyndist ekki skila neinum skýrari yfirlýsingum, hvað þá staðfestingu, á að Société Générale eða nokkur annar erlendingur fjárfestir myndi fjárfesta með S-hópnum í Búnaðarbankanum. Engu að síður ákvað framkvæmdanefndin á þessum síðari fundi þennan dag, 4. nóvember 2002, að leggja til við ráðherraefnd um einkavæðingu að gengið yrði til einkaviðræðna við hóp fjárfesta sem samanstæði af „Eignarhaldsfélaginu Andvöku, Eignarhaldsfélaginu Samvinnuþryggingum, Vátryggingafélagi Íslands hf., Kaupfélagi Skagfirðinga svf., Keri hf. og Samvinnulífeyrissjóðnum, auk einnar eða fleiri erlendra fjármálastofnana um kaup á umtalsverðum hlut í Búnaðarbanka Íslands hf.“ Athygli vekur þó að í bréfi með formlegri tillögu framkvæmdanefndarinnar til ráðherraefndarinnar um þetta, sem afhent var og samþykkt af ráðherraefndinni þennan sama dag, 4. nóvember 2002, var þó gengið nokkru lengra varðandi þátttöku erlendra fjármálastofnunar. Þar var samsetningu S-hópsins lýst á þann veg að hann samanstæði af þeim íslensku félögum sem um ræddi „auk einnar eða fleiri erlendra fjármálastofnana, þ. á m. franska bankanum Société Générale“.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu tilkynnti S-hópnum að hann hefði verið valinn til einkaviðræðna strax og þessi ákvörðun lá fyrir, eða með bréfi sem sent var sama dag, 4. nóvember 2002. Það bréf var stílað á Société Générale samhliða hinum íslensku félögum sem stóðu að S-hópnum. Sérstaklega var tekið fram í bréfinu, með skírskotun til þess að S-hópurinn hefði „gefið til kynna“ (e. „indicated“) að 25-30% hlutur í eignarhaldsfélagi um fyrirhuguð kaup yrði í eigu franska bankans eða annars alþjóðlegs fjárfestis, að þátttaka franska bankans „eða annarrar hátt virtrar alþjóðlegrar fjármálastofnunar, sem umtalsverðs hluthafi í eignarhaldsfélagi um tilboðið“ hefði verið „veigamikill þáttur“ (e. „major factor“) í þeirri ákvörðun að ganga til einkaviðræðna við S-hópinn. Í ofanálág var því einnig lýst yfir að framkvæmdanefndin yrði treg til að framlengja slíkar viðræður umfram hinn tiltekna ákveðna tíma, sem var einungis um 10 dagar, eða til 15. nóvember 2002, ef hún teldi þá slíka þátttöku franska bankans eða annars alþjóðlegs fjárfestis vera ólíklega.

Við lok þessa frests, eða 16. nóvember 2002, var undirritað rammasamkomulag („Heads of Agreement“) um kaupin. Enn var þar „ráðgert“ (e. „intended“) að „Société Générale og/eða önnur alþjóðleg fjármálastofnun“ yrði hluthafi í Eglu ehf. eða fjárfesti beint í Búnaðarbankanum samkvæmt nánari ákvæðum samkomulagsins. Og enn gerði framkvæmdanefnd um einkavæðingu sérstakan fyrirvara um að umtalsverð þátttaka erlendra fjármálastofnunar væri mikilvægt grundvallaratriði af hálfu íslenskra stjórnvalda í þessum viðskiptum og setti jafnframt fram sérstakan áskilnað um fullnægjandi upplýsingagjöf um þetta innan þriggja vikna (fyrir 6. desember 2002) að viðlögðum hugsanlegum endanlegum slitum viðræðna.

Þrátt fyrir að enn lægi þannig engin staðfesting fyrir um þetta var eignarhaldi Eglu ehf. samt sem áður lýst svo í fréttatilkynningu framkvæmdanefndar um einkavæðingu um rammasamkomulagið að ein eða fleiri erlendar fjármálastofnanir myndu eiga aðild að Eglu ehf., þ.e. án nokkurs fyrirvara um óvissu í þessu sambandi. Af fundargerð stjórnar Kers hf., dagsettri daginn áður eða 15. nóvember 2002, verður einnig ráðið að full þátttaka Société Générale sem fjárfestis í Búnaðarbankanum gegnum Eglu ehf., þar sem miðað var við að fjárframlag franska bankans yrði samtals 4,1 milljarðar króna (eða um 44% af heildarfjárframlagi Eglu hf.) hafi þá verið kynnt fyrir stjórn Kers hf. og drög rammasamkomulagsins í endanlegri mynd þá einnig verið lögð fyrir fundinn.

Gögn og upplýsingar rannsóknarnefndar um þetta efni og frá þessum tíma takmarkast að meginstefnu við fundargerðir stjórnar Kers hf. og fundargerðir framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Í hvorugu tilviki er nokkuð að finna um þetta efni næstu vikurnar eftir þetta eða allt þar til nokkuð var liðið á desembermánuð. Þann 11. desember 2002

er dagsett fundargerð stjórnar Kers hf. þar sem viðskiptin með hlut ríkisins í Búnaðarbankanum voru eina málið á dagskrá. Þar var skráður mættur meðal annarra Ralf Darpe, ráðgjafi S-hópsins og starfsmaður Société Générale. Samkvæmt fundargerðinni tilkynnti Darpe stjórn Kers hf. á þessum fundi að Société Générale myndi „ekki taka beinan þátt í fyrirhugaðri fjárfestingu“. Ástæður fyrir þessu sem bókaðar voru eftir Darpe í fundargerðinni voru óljósar og aðeins sagðar vera „stjórnmalalegs eðlis“ og snerta „aðstæður hér innanlands“, nánar tiltekið að „SG vildi einfaldlega halda stjórnmalum og viðskiptum aðskildum“. Jafnframt er bókað eftir Darpe að hann hefði upplýst að teknar hefðu verið upp viðræður við þrjá evrópska banka, sem ekki voru tilgreindir nánar, „um hugsanlega aðkomu þeirra að málinu“. Í lok fundargerðarinnar var bókað að Ólafur Ólafsson, sem einnig hafði samkvæmt henni hafið umræður um málið með kynningu á framvindu verkefnisins, hefði dregið saman niðurstöðu úr umræðum fundarmanna um málið, sem fundarmenn væru sammála um. Sú samantekt laut meðal annars að því að eðlilegt væri að sækja um frest á því að tilkynna um endanlega samsetningu fjárfestahópsins „þar til ljóst væri hvort og hver hinn erlendi fjárfestir yrði“.

Í framburði Kristjáns Loftssonar, þáverandi stjórnarformanns Kers hf., fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að af hálfu S-hópsins hefði Ólafur Ólafsson, að þessu leyti sem í öllu öðru varðandi hugsanlega aðkomu erlends fjárfestis að kaupum hópsins, séð um ásamt ráðgjöfunum frá Société Générale að reyna að fá aðra erlenda fjármálastofnun til liðs við S-hópinn.

Tveimur dögum síðar, eða 13. desember 2002, var svo bókað í fundargerð framkvæmdanefndarinnar að Ólafur Ólafsson hafi komið til fundar við formann nefndarinnar, ásamt Finni Ingólfssyni og ónefndum fulltrúa Société Générale, og óskað eftir frestun á undirskrift kaupsamningsins til 13. janúar 2003. Uppgefin ástæða fyrir þessu samkvæmt því sem haft var eftir formanni nefndarinnar í fundargerðinni var sú að áreiðanleikakönnun væri ekki lokið, sem aftur væri nauðsynlegt til að „draga erlenda aðila að samningaborðinu“. Einnig var haft eftir formanninum í fundargerðinni að umræddir forsvarsmenn S-hópsins hefðu þá tilkynnt að „ekki væri hægt að tilkynna um erlendana aðila fyrr en við undirskrift“.

Í fundargerð framkvæmdanefndarinnar þar sem getið er um þetta verður ekkert frekar ráðið um hvaða ástæður voru gefnar upp fyrir þessari yfirlýsingu S-hópsins né viðbrögð formanns framkvæmdanefndarinnar við henni. Í fundargerðinni er hins vegar lýst gagnrýninni umræðu um þessi atriði innan framkvæmdanefndar um einkavæðingu á viðkomandi fundi hennar og að nefndin hafi þá ákveðið að biðja ráðgjafa sinn frá HSBC banka að afla frekari skýringa um þetta frá S-hópnum.

Um þessa upplýsingaöflun ráðgjafans og svör sem hann virðist hafa fengið frá ráðgjöfum S-hópsins frá Société Générale (sem sagt Michael Sautter og/eða Ralf Darpe) og svo komið á framfæri við starfsmann framkvæmdanefndar um einkavæðingu er nánar fjallað í kafla 3.1 hér á undan. Eins og þar er nánar lýst virðast þau svör hafa lotið að því að nöfn fjögurra banka kæmu til greina, þar sem ráðgjafi HSBC taldi þrjá vera „raunhæfa hugsanlega fjárfesta“ og þar af væri aðeins einn vel kunnur öðrum en „sérfræðingum um þýskar fjármálastofnanir“. Ráðgjafinn lauk samt sem áður stuttum tölvupósti sínum um þetta með þeirri ráðleggingu að enda þótt ekki væri til staðar „fullt öryggi“ teldi hann „skynsamlegt að halda áfram á grundvelli þess sem SocGen hefði sagt honum“. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu virðist svo hafa kosið að treysta og una við þessa tilhögun það sem eftir lifði söluflerlisins.

Samkvæmt því sem að framan er rakið var því haldið að Framkvæmdanefnd um einkavæðingu allt frá fyrstu samskiptum S-hópsins við nefndina í júlí 2002 að erlend fjármálastofnun væri á einhvern hátt þátttakandi í samstarfi hópsins sem miðaði fyrst að kaupum á hlut í öðrum hvorum ríkisbankanna og síðar Búnaðarbankanum eingöngu. Ördugt er að festa nokkuð frekar hendur á nánara inntaki þeirra upplýsinga sem S-hópurinn veitti í þessu sambandi, enda benda fyrirbyggjandi gögn til að upplýsingagjöf S-hópsins um þetta í söluflerli Búnaðarbankans hafi hvorki verið skýr né afdráttarlaus, hvort heldur þá um eðli slíkrar þátttöku né um það hver hin erlenda fjármálastofnun væri eða yrði. Þannig gaf hvorki Société Générale né S-hópurinn lengst af út neinar afgerandi yfirlýsingar um aðild franska bankans að tilboði S-hópsins, hvort sem er að eigin frumkvæði eða við

umleitnir nefndarinnar. Á sama hátt hélt S-hópurinn því opnu lengst af að aðrar og með öllu ótilgreindar erlendar fjármálastofnanir kynnu þar að koma til skjalanna, annað hvort þá með Société Générale eða í staðinn fyrir franska bankann.

Á hinn bóginn gefa sömu gögn skýra mynd af því hvaða þýðingu framkvæmdanefnd um einkavæðingu ætlaði þessu atriði við töku ákvörðunar um viðsemjanda um Búnaðarbankann í byrjun nóvember 2002 sem og við undirskrift rammasamkomulags um kaupin um miðjan sama mánuð. Þótt væntanleg þátttaka erlendar fjármálastofnunar sem fjárfestis í Búnaðarbankanum samhliða öðrum aðilum í S-hópnum hafi hugsanlega ein og sér ekki ráðið úrslitum um að S-hópurinn var valinn til einkaviðræðna við nefndina um kaupin, er ljóst að það atriði vó engu að síður þungt við val nefndarinnar. Jafnframt er ljóst að „umtalsverð“ bein eða óbein fjárfesting erlendar fjármálastofnunar í Búnaðarbankanum var ein helsta forsenda framkvæmdanefndarinnar fyrir undirritun rammasamkomulags um kaupin við S-hópinn. Hvort tveggja kemur skýrt fram í gögnum sem þetta varða, eins og rakið hefur verið. Önnur gögn um samskipti framkvæmdanefndar um einkavæðingu við S-hópinn sýna ótvírætt sömu áherslur og væntingar nefndarinnar um þetta atriði.

Öll framangreind gögn um þetta sýna á sama hátt að þeim sem leiddu viðræðurnar af hálfu S-hópsins var fyllilega kunnugt um eða gat ekki dulist að stór fjárfesting erlendar fjármálastofnunar í Búnaðarbankanum samhliða öðrum félögum í S-hópnum var ein af grundvallarforsendum framkvæmdanefndar um einkavæðingu fyrir að velja þá sem kaupendur að hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.



4. SÍÐARI TENGD ATVIK OG OPINBER UMRÆÐA VARÐANDI ÞÁTT HAUCK & AUFHÄUSER Í EINKAVÆÐINGU BÚNAÐARBANKANS

4.1 Sameining Búnaðarbankans og Kaupþings hf. og umfjöllun fjölmiðla um tildrög hennar

Vorið 2003 sameinaðist Búnaðarbankinn Kaupþingi hf. Hluthafafundir beggja banka samþykktu sameiningu 26. maí 2003. Hinn sameinaði banki fékk heitið Kaupþing Búnaðarbanki hf.

Af skrifum í fjölmiðlum á sama tíma voru uppi ýmsar vangaveltur um hvernig til þessarar sameiningar hafði komið. Í pistli Innherja, sem birtur var í Viðskiptablaði Morgunblaðsins 3. apríl 2003, sagði meðal annars svo:

„Sá stutti tími sem það tók forsvarsmenn Kaupþings að sammælast um formlegar viðræður hefur vakið upp hinar ýmsu samsæriskenningar í viðskiptalífínu. Meðal þeirra er að fyrirfram hafi verið búið að semja um sameiningu Kaupþings og Búnaðarbankans. Samkvæmt henni er ástæðan sú að S-hópin skorti fjármagn til þess að greiða fyrir 45,8% hlut ríkisins í bankanum. Því til stuðnings er bent á kaup Kaupþings á tæplega 20% hlut Kers í VÍS tveimur dögum eftir að Fjármálaeftirlitið heimilaði kaup S-hópsins í Búnaðarbankanum. Greiddi Kaupþing 2,8 milljarða fyrir bréfin. Jafnframt hefur það vakið athygli að Hauck & Aufhäuser, sem er stærsti einstaki hluthafinn innan S-hópsins, sé ekki með mann í bankaráði Búnaðarbankans né hafi fulltrúi bankans mætt á aðalfund Búnaðarbankans. Heldur er framkvæmdastjóri hjá Sociétés Générale, dr. Michael Sautter, meðal bankaráðsmanna en eins og fram hefur komið veitti franskir bankinn Sociétés Générale S-hópnum ráðgjöf við tilboðsgerð í Búnaðarbankann án nokkurra eignatengsla við kaupin. Ef Kaupþing og Búnaðarbanki sameinast verður spennandi að sjá hver eða hverjir setjast í stól bankastjóra í sameinuðum banka og hvernig stjórn bankans verður skipuð. Hvort bankastjórnin komi frá Kaupþingi og formaður stjórnar frá Búnaðarbankanum eða öfugt. En þrátt fyrir allar samsæriskenningar er ekki hægt að fullyrða neitt um hversu langt tilhugalfið er hjá Búnaðarbankanum og Kaupþingi enda hefur ekkert komið fram opinberlega sem sannar þær.“

Daginn eftir, 4. apríl 2003, var í dagblaðinu DV fjallað um yfirlýsingu sem sögð var stafa frá Ólafi Ólafssyni. Fréttin hófst þannig:

„Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Eglu hf., segir í yfirlýsingu það rangt að samningar hafi legið fyrir um sameiningu Búnaðarbanka og Kaupþings áður en gengið var frá kaupunum á kjölfestuhlutnum í Búnaðarbankanum eins og ýjað hafi verið að.“

Síðar í fréttinni var vitnað beint til yfirlýsingarinnar sem sögð var stafa frá Ólafi Ólafssyni með svofelldum hætti:

„„Það er einnig rangt að Kaupþing hafi annast fjármögnun Eglu á hlutunum í Búnaðarbankanum. Ker á tæplega helmings hlut í Eglu á móti þýska bankanum Hauck & Aufhäuser Privatbankiers. Sú lánafyrirgreiðsla sem Eglu fékk vegna kaupa sinna er alfarið frá Landsbankanum, viðskiptabanka Eglu og Kers. Það er einnig rangt að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser eigi ekki fulltrúa í bankaráði Búnaðarbankans né hafi fulltrúar bankans ekki mætt á aðalfund Búnaðarbankans. Dr. Michael Sautter, framkvæmdastjóri Sociétés Générale, var tilnefndur sem fulltrúi Eglu og þar með þýska bankans í bankaráðið,“ segir Ólafur Ólafsson.“

4.2 Sala Eglu hf. á 4,05% hlut í KB banka og erindi Eglu hf. til viðskiptaráðherra um afléttingu á hömlum á eignarhaldi

Með bréfi dagsettu 27. febrúar 2004 leituðu Eglu hf. og hluthafar félagsins eftir því við viðskiptaráðherra að hann veitti fyrir hönd ríkisins samþykki sitt fyrir því að félagið eða hluthafar í því fengu heimild til þess að eiga viðskipti sín á milli með hluti í félaginu þrátt fyrir sérákvæði í 11. gr. kaupsamningsins sem takmarkaði ráðstöfun eigenda Eglu hf. á

„Í framhaldi af því að bankarnir voru síðan seldir gerist það að Kaupþing tekur í raun yfir Búnaðarbankann og við skynjum öll sem þar vinnum að það er bara verið að henda okkur til hliðar og það er komið nýtt fólk til að taka við og það er klárt að við verðum ekki aðalfólkið þarna heldur verðum við svona hliðarfólk sem væntanlega verður fasað út jafnt og þétt [...]

Það gerist um páskana 2003, eftir að hitt hafi ekki verið að gerast í febrúar, mars þarna fyrr þó að ég haldi reyndar að það hafi verið samið um þetta fyrir löngu, löngu síðan og verið eitthvað mjög grunsamlegt allt í tengslum við þessi kaup á Búnaðarbankanum. Ég get sagt ykkur frá því síðar ef þið viljið, það fannst mér allt mjög grunsamlegt.“

- Úr skýrslu Sigurjóns Þ. Árnasonar, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans og framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Búnaðarbankans fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, dags. 19. ágúst 2009.

hlutum í félaginu. Eins og áður var getið fór viðskiptaráðherra samkvæmt kaupsamningnum með fyrirvar fyrir ríkið í tilvikum þar sem aflu þyrfti samþykkis seljanda. Í bréfinu, sem Kristinn Hallgrímsson, hæstaréttarlögmaður, ritaði fyrir hönd Eglu hf. sagði m.a. svo:

„Samkv. gr. 11.3. í kaupsamningi dags. 16. janúar 2003 milli viðskiptaráðherra f.h. íslenska ríkisins og Eglu hf., Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga, Samvinnulífeyrissjóðsins og Vátryggingafélags Íslands hf., um kjölfestuhlut í Búnaðarbanka Íslands hf., sem nú tekur til hluta í KB-banka hf., er hluthöfum Eglu hf. óheimilt að „selja, veðsetja eða ráðstafa á annan hátt, hlutum í Eglu hf., eða réttindum samkvæmt þeim, í tuttugu og einn mánuð frá undirritun samnings“, „nema að fengnu skriflegu samþykki seljanda“. Framangreindur frestur rennur út í október nk.

Með vísan til framangreinds, þá óskar Eglu hf. og hluthafar þess eftir samþykki viðskiptaráðherra f.h. íslenska ríkisins, fyrir að félagið og/eða núverandi hluthafar í Eglu hf. fái heimild til þess að eiga viðskipti sín í milli með hluti í Eglu hf. Til stendur, ef umbeðið samþykki verður veitt, að Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGAA minnki hlut sinn í félaginu með sölu hluta sinna til annarra hluthafa félagsins og/eða Eglu hf. um tæp 33%, þannig að eignarhlutur Hauck & Aufhäuser minnki úr hlutum að nafnverði kr. 7.239.000,00, sem taka til 50% alls hlutafjár félagsins, í hluti að nafnverði kr. 2.505.307,00, sem taka til 17,31% alls hlutafjár í Eglu hf.

Erindi þetta felur í sér minniháttar frávik frá upphaflegum kaupsamningi aðila, og felur einvörðungu í sér að Eglu hf. og/eða hluthafar þess breyti eignarhlutföllum innan hópsins, en þetta eru allt aðilar sem þegar eru bundnir af öllum fyrirvörum, skilyrðum og hluthafasamningi samkv. framangreindum kaupsamningi.

Undirritaður vill vekja athygli á, f.h. ofangreindra umbj. minna, þótt ekki sé sú ábending hluti af erindi þessu, að tímabært kann að vera að fella niður skilyrði ákvaðar í 11. kafla framangreinds kaupsamnings, um takmarkanir á ráðstöfun hinna seldu hluta, með vísan til þess að umbj. mínir ráða ekki lengur yfir kjölfestuhlut í banka eftir samruna Búnaðarbanka Íslands hf. og Kaupþings-banka hf. í KB-banka hf. Með vísan til þess hversu lítinn hluti í hinum sameinaða banka umbj. mínir eiga, þá virðist eðlilegt að alm. lög um eignarhald í fjármálastofnunum og viðskiptabönkum gildi um þann eignarhlut, en ekki sérstakar tímabundnar takmarkanir í kaupsamningi aðila, enda forsendur fyrir þeim ákvæðum löngu brostnar.“

Með bréfi, dags. 8. mars 2004, féllst viðskiptaráðherra á erindi Eglu hf. fyrir hönd ríkisins.⁴³ Síðar í skýrslunni er greint nánar frá viðskiptum annars vegar með hluti Eglu hf. í KB-banka skömmu fyrir þessa beiðni til viðskiptaráðherra og hins vegar með hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. skömmu eftir samþykki viðskiptaráðherra við henni.

4.3 Athuganir Ríkisendurskoðunar og Fjármálaeftirlitsins í kjölfar opinberrar umræðu um aðkomu Hauck & Aufhäuser að einkavæðingu Búnaðarbankans

4.3.1 Opinber umfjöllun sumarið 2005 varðandi efasemdir um þátt Hauck & Aufhäuser í einkavæðingunni

Í viðtali við Morgunblaðið 27. júní 2005, gerði Vilhjálmur Bjarnason, þá aðjúnt í hagfræði við Háskóla Íslands, opinberlega athugasemdir við hvernig aðkomu Hauck & Aufhäuser að kaupum Eglu hf. á Búnaðarbankanum hefði verið háttað. Taldi Vilhjálmur að íslenska ríkið, framkvæmdanefnd um einkavæðingu og Ríkisendurskoðun hefðu í reynd verið blekkt um aðkomu bankans, þar sem mun líklegri væri að bankinn hefði ekki sjálfur fjárfest í Búnaðarbankanum heldur aðeins fyrir hönd viðskiptavinar, sem fjármagnað hefði fjárfestinguna.

43. Um tildrög þessarar beiðni og ákvörðun viðskiptaráðherra um að fallast á hana vísar rannsóknarnefndin annars til samantektar, dags. 28. mars 2006, sem Ríkisendurskoðun tók saman fyrir fjárlaganefnd Alþingis um atriði varðandi söluna á Búnaðarbankanum.

Í viðtalinu lýsti Vilhjálmur þeirri skoðun að ljóst hafi legið fyrir frá upphafi að S-hópurinn hefði ekki átt fyrir Búnaðarbankanum og því orðið að útvega fé með einhverjum öðrum hætti. Hópurinn hefði því tekið lán hjá hinum þýska banka, en til þess að tilboð hópsins liti betur út hefði verið sagt að þýski bankinn væri hluthafi. Þýski bankinn hefði hins vegar aldrei ráðið nokkru um þennan meinta hlut, heldur hefðu aðrir farið með eignarhaldið, annaðhvort einhver innan S-hópsins eða hugsanlega Kaupþing. Síðar hefði lánið verið greitt upp, m.a. með gróðanum sem myndaðist þegar hlutabréf í Búnaðarbankanum snarhækkðu.

Sama dag var einnig rætt við Vilhjálmi í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins. Er þar rakið að í fréttum útvarpsins daginn áður hafi verið haft eftir Vilhjálmi að Hauck & Aufhäuser hefði aldrei átt þann hlut í Búnaðarbankanum sem hann var sagður eiga heldur S-hópurinn svonefndi sem seinna varð aðalkaupandi að bankanum. Í ársskýrslu þýska bankans frá árinu 2003 komi fram að engar breytingar hafi orðið hlutabréfaeign bankans í fjármála-fyrirtækjum það árið. Síðan segir í fréttinni:

„Vilhjálmur Bjarnason: Sko ályktunin sem ég dreg er ósköp einfaldlega sú að bankinn var ekki hluthafi, bankinn eignaðist þessi bréf sem veðhafi.“ Hér sé um að ræða framvirkan samning þar sem aðili leggi fram bréf og hafi á þeim endurkauparétt án þess að hafa rétt til frjálsrar sölu. Vilhjálmur vill ekki segja til um hvort það hafi einhverju ráðið við bankasöluuna að þýski bankinn hafi verið sagður einn kaupenda. Vilhjálmur Bjarnason aðjúnkt við HÍ: „Ég get ómögulega giskað á það en það hins vegar kom fram að það þótti mjög gott í þessari sölu að erlendir banki væri hluthafi í bankanum. Héðinn Halldórsson: „Sem að svo reyndist ekki vera.“ Vilhjálmur Bjarnason: „Sem reynist greinilega ekki vera, en svo segja að vísu aðilar sem tengjast málinu að þeir hafi komið hér á aðalfund og setið í stjórn en menn verða þá að leika leikritið til loka og þetta var mjög vel leikið.“

Sama dag og viðtalið við Vilhjálmi birtist var fjölmiðlum send yfirlýsing í nafni Hauck & Aufhäuser með undirritun Peters Gatti, framkvæmdastjóra bankans. Yfirlýsingin var, samkvæmt frétt Morgunblaðsins um hana næsta dag, 28. júní 2005, sögð gefin út „vegna umræðu um sölu íslenska ríkisins á Búnaðarbankanum“. Yfirlýsingin hljóðaði í heild sinni svo:

„Frankfurt am Main, 27. júní 2005.

Hauck & Aufhäuser bankanum bauðst á sínum tíma að taka þátt í útboðsferli vegna sölu íslenska ríkisins á Búnaðarbanka Íslands hf. Að okkar mati var Búnaðarbankinn áhuga-verður fjárfestingarkostur, þrátt fyrir að verðið væri hátt á þeim tíma. Enginn vafi leikur á að Kaupþing banki hf., sem varð til við samruna Búnaðarbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf., hefur staðið sig afar vel og gert mjög góða hluti. Undirritaður hefur notið þess að sitja í stjórn bankans allt þar til ég gekk úr stjórn bankans á síðasta aðalfundi, og vona að framlag mitt hafi orðið til góðs. Við hjá Hauck & Aufhäuser erum eindregið þeirrar skoðunar að Íslendingar geti verið stoltir af að hafa byggt upp jafn-öfluga fjármálastofnum og Kaupþing banki hf. er.

Við lýstum því yfir í upphafi að við værum skammtímafjárfestar en myndum virða í hvívetna samninga við íslenska ríkið um lágmarkstíma eignarhalds á bankanum. Það fyrirheit höfum við efnt.

Á því tímabili sem við höfum átt hlutabréf í Eglu hf., en það félag á hlutabréf í Búnaðarbankanum og síðar í Kaupþing banka hf., hafa þau verið bókuð í ársreikningi bankans.

Okkur þykir miður að efasemdir skuli hafa vaknað um heilindi okkar í þessu máli og að nafn bankans skuli dragast með neikvæðum hætti inn í umræðu um einkavæðingu á Íslandi.

Virðingarfyllst,

f.h. Hauck & Aufhäuser bankans

Peter Gatti, framkvæmdastjóri.⁴⁴

44. Í enskri útgáfu tilkynningarinnar, sem mun hafa verið send fjölmiðlum samhliða íslenskrri útgáfu hennar, segir orðrétt: „The Hauck & Aufhäuser Bank was, at that time, offered to take part in a tender process concerning the Icelandic Government's selling of the Bunadarbanki Bank. We considered the Bunadarbanki Bank an interesting investment option, although the price was high at the time. There was no doubt that at the end of the privatisation process, the successor bank, which was

„Vilhjálmur sagði að frá upphafi hefði legið ljóst fyrir að S-hópurinn hefði ekki átt fyrir Búnaðarbankanum og því orðið að útvega fé með einhverjum hætti.

Hópurinn hefði því tekið lán hjá hinum þýska banka, en til þess að tilboð hópsins liti betur út hefði verið sagt að þýski bankinn væri hluthafi. Þýski bankinn hefði hins vegar aldrei ráðið nokkru um þennan meinta hlut, heldur hefðu aðrir farið með eignarhaldið, annaðhvort einhver innan S-hópsins eða hugsanlega Kaupþing. Síðar hefði lánið verið greitt upp, m.a. með gróðanum sem myndaðist þegar hlutabréf í Búnaðarbankanum snarhækkðu. „Það er ekkert athugavert við að fá lán, en það er ýmislegt athuga-vert við að fá lán en segja að það sé eitt-hvað annað,“ sagði Vilhjálmur.“

– Úr frétt Morgunblaðsins 27. júní 2005, bls. 2.

„Okkur þykir miður að efasemdir skuli hafa vaknað um heilindi okkar í þessu máli [...]“

– Úr yfirlýsingu til fjölmiðla, dags. 27. júní 2005, sem kennd var Hauck & Aufhäuser og birt var m.a. í Morgunblaðinu 28. júní 2005.

„Vangaveltur um að Hauck & Aufhäuser hafi ekki tekið fullan þátt í kaupunum á kjölfestuhlut í Búnaðarbanka Íslands hf., í gegnum kaup sín í Eglu hf., eiga ekki við nein rök að styðjast [...]“

– Úr yfirlýsingu Eglu hf. til fjölmiðla, dags. 27. júní 2005, sem m.a. var birt í Morgunblaðinu 28. júní 2005.

Í yfirlýsingu sem Eгла hf. sendi fjölmiðlum sama dag, og fjallað var um í fjölmiðlum samhliða yfirlýsingunni sem send var í nafni Hauck & Aufhäuser, sagði að ekkert væri hæft í þeim ummælum Vilhjálms Bjarnasonar að Hauck & Aufhäuser hafi aldrei átt þá hluti sem bankinn var skráður fyrir í Eglu hf. Í yfirlýsingunni sagði enn fremur að „Hauck & Aufhäuser [hafi gerst] hluthafi í Eglu hf. hinn 15. janúar 2003, ásamt Keri hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf., og [verið] eigandi helmings hlutafjár félagsins þegar það keypti kjölfestuhlut af íslenska ríkinu í Búnaðarbanka Íslands hf. hinn 16. janúar 2003“.

Að því er snerti þau ummæli Vilhjálms að eignarhlutur þýska bankans hefði raunverulega verið í höndum S-hópsins og um hefði verið að ræða lán með veði í hlutabréfunum sagði í yfirlýsingunni að „þessar fullyrðingar [væru] rangar,“ og að eina lánafyrirgreiðslan sem Eгла hf. hafi notið í viðskiptunum hafi verið frá Landsbankanum, viðskiptabanka Eglu hf. Um þá fullyrðingu Vilhjálms að engar upplýsingar kæmu fram í ársskýrslu Hauck & Aufhäuser um að þýski bankinn ætti hlut í Búnaðarbankanum, sagði svo í yfirlýsingunni:

„Eðlilega finnast engar upplýsingar um að Hauck & Aufhäuser hafi átt hlut í Búnaðarbankanum. Hauck & Aufhäuser var hluthafi í Eglu hf., sem keypti kjölfestuhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. ásamt fleiri fjárfestum, og þau bréf voru færð í ársreikningi Hauck & Aufhäuser á því tímabili sem bankinn átti hlut í Eglu hf., eins og fram kemur í yfirlýsingu frá Hauck & Aufhäuser 27. júní 2005. Jafnframt skal það áréttað enn og aftur að Hauck & Aufhäuser átti fulltrúa í bankaráði Búnaðarbankans og síðar KB banka, frá því gengið var frá kaupum Eglu hf. á kjölfestuhlut í Búnaðarbankanum þar til á síðasta aðalfundi KB banka.

Vangaveltur um að Hauck & Aufhäuser hafi ekki tekið fullan þátt í kaupunum á kjölfestuhlut í Búnaðarbanka Íslands hf., í gegnum kaup sín í Eglu hf., eiga ekki við nein rök að styðjast og sætir undrum að kennari við jafn virta stofnun og viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, skuli láta hafa slíkar órókstuddar dylgjur eftir sér í fjölmiðlum.“

Fjölmiðlar leituðu viðbragða Vilhjálms Bjarnasonar við þessum yfirlýsingum vegna staðhæfinga hans. Í viðtali dagblaðsins *Blaðsins* við Vilhjálmi 30. júní 2005 kom þannig meðal annars fram að Vilhjálmur teldi skýringar Eglu hf. sem fram komu með yfirlýsingunni „engu breyta“. Eftir Vilhjálmi var haft að ekkert í ársreikningi þýska bankans gæfi til kynna að hann hefði komið beint að kaupum í Búnaðarbankanum. Þvert á móti sýndist Vilhjálmi að bankinn hefði einungis verið „leppur fyrir einhvern óþekktan aðila“. Aðspurður um hver það gæti hafa verið var haft eftir Vilhjálmi að hann „[vildi] láta öðrum þær vangaveltur eftir“. Í viðtalinu kom nánar fram um þetta:

„Vilhjálmur Bjarnason efast um að þýski „sveitabankinn“, eins og hann orðar það, hafi nokkurn tímann ætlað sér raunverulega að taka þátt í kaupunum á Búnaðarbanka. Þess í stað hafi bankinn einfaldlega verið leppur fyrir óþekktan aðila í kaupunum. Því til staðfestingar bendir hann á að ekkert í ársreikningi bankans sýni hreyfingar sem nauðsynlegar væru við svo stór kaup. Hlutabréfaeign bankans væri það lítil að öll hlutabréfakaup af þeirri stærðargráðu, sem þurfi í tengslum við kaupin á Búnaðarbanka, væru auðsjáanleg í ársreikningi. Hauck & Aufhäuser hafi því aldrei eignast hlut í Búnaðarbanka árið 2003.

Vilhjálmur fullyrðir að stjórnvöld hafi því verið blekkt og segir að full ástæða sé fyrir forráðamenn Kaldbaks að heimta fullnægjandi skýringar á málinu – þær upplýsingar sem gefnar hafi verið út í gær breyti engu í málinu.“

Í kjölfar sendingar framangreindra yfirlýsinga í nafni Hauck & Aufhäuser og Eglu hf. á fjölmiðla fjallaði *Fréttablaðið* í nokkrum fréttum þessa og næstu viku á eftir um atriði sem telja verður almennt séð óvenjuleg um slíkar yfirlýsingar í opinberri umræðu, nánar tiltekið að því leyti að sú umfjöllun varðaði annars vegar misræmi milli enskrar og íslenskrar útgáfu yfirlýsingarinnar sem send var út í nafni Hauck & Aufhäuser og hins vegar

established with the merger of the Bunadarbanki Bank and Kaupthing, has performed excellently and accomplished many good things. The Managing Partner of Hauck & Aufhäuser, Peter Gatti, has enjoyed being a Board Member of the bank, right until he resigned at the beginning of this year, and hopes that his contribution has had positive influence. We are wholeheartedly of the opinion that Icelanders can be proud of having built up such a powerful financial institution as KB Banki. We stated at the beginning, that our position was that of a catalyst for the privatisation in the Icelandic bank sector. We also stated that we would in every respect comply with the contracts with the Icelandic State about the lock-up period of the bank. We have carried out that contract and even more than that. During our investment period, we held the shares of the intermediary holding company EGLA hf. on our own books. We regret the doubts that have been cast concerning our integrity in this matter and that the name of the bank should have been brought in a negative way discussion about privatisation in Iceland.“

atriði sem þóttu gefa tilefni til að draga í efa að sú tilkynning hefði í reynd yfirhöfuð verið samin og send frá þýska bankanum sjálfum. Rétt þykir að greina í stuttu máli frá þessari umfjöllun Fréttablaðsins í rammagrein hér á eftir.

Fréttafloptingur um misræmi í orðalagi þýðingar og frumtexta og um óljósan uppruna yfirlýsingar í nafni Hauck & Aufhäuser 27. júní 2005 um aðkomu bankans að einkavæðingu Búnaðarbankans

Miðvikudaginn 29. júní 2005, eða daginn eftir að yfirlýsing Eglu hf. og yfirlýsing sú sem sögð var stafa frá Hauck & Aufhäuser birtust í fjölmiðlum, var fjallað nánar um þær í frétt á forsíðu Fréttablaðsins. Í fréttinni var meðal annars getið um að yfirlýsingin í nafni Hauck & Aufhäuser hefði verið send fjölmiðlum á ensku og íslensku. Bent var á að í enskri útgáfu yfirlýsingarinnar segði að hlutur þýska bankans í Eglu hf. hefði verið „færður í reikningsskil bankans“.⁴⁵ Í íslenskri útgáfu sömu yfirlýsingar væri hins vegar sagt að bréfin hefðu verið „bókuð í ársreikningi bankans“. Þessu næst var bent á það í frétt Fréttablaðsins að í ársreikningi þýska bankans væri ekkert getið um hlutinn í Eglu hf. eða Búnaðarbankanum, hvorki fyrir árið 2003 né 2004. Haft var eftir Kristni Hallgrímssyni, sem titlaður var lögmaður Eglu, að tildrög yfirlýsingarinnar hefðu verið samtöl fyrirsvarsmanna Eglu við fyrirsvarsmenn þýska bankans sem átt hefðu sér stað mánudaginn á undan (það er 27. júní 2005). Þar hefðu þeir fyrrnefndu upplýst hina síðarnefndu um umræðuna sem átt hefði sér stað í íslenskum fjölmiðlum vikunnar á undan, þar sem meðal annars hefði verið „dregið í efa eignarhald þeirra á hlutum í Eglu“. Samkvæmt Kristni hafi þýski bankinn þá ákveðið „að senda frá sér sína yfirlýsingu“. Í fréttinni sagði svo: „Guðmundur Hjaltason, endurskoðandi og framkvæmdastjóri Eglu, mun að eigin sögn hafa þýtt tilkynningu Eglu [svo]⁴⁶ yfir á íslensku og fyrirtækið Athygli sá svo um að koma tilkynningunum til fjölmiðla.“ Haft var eftir Árna Þórði Jónssyni hjá síðastnefnda almannatengslafyrirtækinu að það hefði aðeins séð um að senda tilkynninguna en hann vissi ekki hver hefði skrifað hana. Fram kom einnig hjá Kristni Hallgrímssyni að yfirlýsingu Hauck & Aufhäuser hefði verið „snarað yfir á íslensku til þess að hún kæmist til fjölmiðla sem fyrst“. Eftir honum var líka haft að „ef áhöld [væru] uppi um ónákvæmni í þýðingunni þá [væri] ekki við þýska bankann að sakast“. Einnig var bent á í fréttinni að í yfirlýsingu Hauck & Aufhäuser kæmi ekkert fram um hvort þýski bankinn hefði verið raunverulegur eigandi hlutarins í Búnaðarbankanum.

Fréttablaðið fjallaði aftur um þetta mál daginn eftir, fimmtudaginn 30. júní 2005, en í frétt í blaðinu þann dag var greint frá því að bæði íslenska og þýska fjármálaeftirlitið neituðu að tjá sig um málið. Í niðurlagi þeirrar fréttar var tekið fram að „forsvarsmenn þýska bankans“ hefðu ekki svarað skilaboðum Fréttablaðsins daginn áður.

Laugardaginn 2. júlí 2005 hélt Fréttablaðið áfram umfjöllun um málið. Í frétt blaðsins þann dag var haft eftir ónefndum fulltrúa Hauck & Aufhäuser (sem einnig var vísað til sem fulltrúa Peters Gatti, framkvæmdastjóra og meðeiganda bankans) að hann hefði fyrst heyrt um það „á miðvikudag“ (það er 29. júní 2005) að opinber umræða um bankann ætti sér stað á Íslandi. Af fréttinni mátti ráða að þessi svör hefðu fengist þegar óskað hefði verið eftir símaviðtali við Peter Gatti eða aðra forsvarsmenn bankans í höfuðstöðvum hans í Frankfurt í Þýskalandi. Einnig var haft eftir hinum ónefnda fulltrúa Peter Gatti að „honum væri ekki kunnugt um að nokkur fréttatilkynning hefði verið send út á vegum bankans til Íslands“. Í fréttinni var þessu næst vitnað aftur til þess sem haft hafði verið eftir Kristni Hallgrímssyni hrl. um tildrög umræddrar yfirlýsingar og rakið það fyrrnefnda misræmi sem var á milli enskrar og íslenskrar útgáfu hennar. Tekið var fram að engar leiðréttingar hefðu verið sendar vegna þessa „misræmis í þýðingu framkvæmdastjóra Eglu, Guðmundar Hjaltasonar“ og að yfirlýsingin hefði verið send út „á bréfsforni bankans, sem starfsmaður [almannatengslafyrirtækisins] Athygli [segðist] hafa fengið í hendurnar frá forsvarsmönnum Eglu hf.“. Loks var tekið fram í fréttinni að Guðmundur Hjaltason hefði ekki viljað tjá sig um málið og ekki hefði náðst í Kristin Hallgrímsson.

EKKI VERÐUR SÉÐ AÐ FRÉTTABLAÐIÐ HAFI FLUTT FREKARI FRÉTTIR UM ÞESSI MÁLEFNI EFTIR ÞETTA EÐA AÐ UMFIJÖLLUN BLAÐSINS HAFI LEITT TIL NEINNA FREKARI OPINBERRA YFIRLÝSINGA AF HÁLFU FULLTRÚA EGLU HF. EÐA HAUCK & AUFHÄUSER.

45. Í enskri útgáfu yfirlýsingarinnar stóð orðrétt að þýski bankinn hefði haldið á hlutum í Eglu hf. „on our own books“, sbr. fyrri tilvitnun neðanmáls til enskrar útgáfu yfirlýsingarinnar.

46. Telja má ljóst af samhengi og skírskotun til þýðingar Guðmundar að hér er átt við tilkynningu Hauck & Aufhäuser en ekki tilkynningu Eglu.

Ekki virðist hafa orðið frekari opinber umfjöllun um þessi málefni sumarið 2005, a.m.k. sem teldist einhverju geta bætt við framangreind efnisatriði. Umræða um þau hófst þó á ný þegar skammt var liðið af árinu 2006 og leiddi þá til viðbragða opinberra stofnana eins og nánar verður greint frá í næsta kafla.

4.3.2 Athugun Fjármálaeftirlitsins á fyrri hluta árs 2006

Aðkoma Hauck & Aufhäuser að einkavæðingu Búnaðarbankans kom til umfjöllunar í sjónvarpsþættinum Silfri Egils, 19. febrúar 2006, þar sem Vilhjálmar Bjarnason var gestur. Vilhjálmur mun hafa gert þar grein fyrir sams konar athugasemdum og efasemdum um þetta og sumarið á undan, líkt og áður var rakið. Í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins sama dag kom eftirfarandi fram:

„Vilhjálmur Bjarnason, aðjúnkt við Háskóla Íslands segir að íslenska ríkið, Ríkisendurskoðun og einkavæðingarnefnd hafi verið beitt blekkingum við sölu Búnaðarbankans. Ítrekuð athugun hans á málinu staðfesti það. Hann segir að ekkert verði aðhafast í málinu ef menn séu sáttir við að láta ljúga að sér. Ríkið samdi við S-hópurinn svokallaða um kaup á 45% hlut ríkisins í Búnaðarbankanum fyrir 3 árum. S-hópurinn samanstóð af fjórum hópum: Vátryggingarfélagi Íslands, Samvinnulífeyrissjóðnum, Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum og Eglu hf. sem þýski bankinn Hauck und Aufhäuser var sagður eiga 35% hlut í. Vilhjálmur Bjarnason, aðjúnkt við Háskóla Íslands segir að nú sé komið á daginn að þýski bankinn átti ekkert í Eglu. Vilhjálmur Bjarnason, aðjúnkt við Háskóla Íslands: „Það er afskaplega einfalt að rekja það vegna þess að þessi þýski banki er mjög lítil stofnun. Hann er svona á stærð við stærri íslenska sparisjóði og reikningar bankans eru mjög skýrir og einfaldir.“ Ein af ástæðunum sem gefin var fyrir því að S-hópurinn fékk að kaupa Búnaðarbankann var sú að hann hafði innanborðs, eins og það var orðað þá: hið virta erlenda fjármálafyrirtæki.

Vilhjálmur segir líka hægt að rekja það út frá afkomutölum Búnaðarbankans þetta árið að þýski bankinn átti ekkert í Eglu. Vilhjálmur Bjarnason: „Egla er eignarhaldsfélag um hlutabréfin í Búnaðarbankanum. Þetta er þeirra eina eign og þetta er samkvæmt öllum reikningsskilareglum, þá er þetta dótturfélag. Þetta er helmingsseign bankans. Og sú eign er óbreytt á milli ára. En í árslok 2003 þá ætti þetta að sjá sér stað með 30 milljónum evra en eign bankans er aðeins 6 milljónir evra, bæði í árslok 2002 og 2003.“ Jóhanna Margrét Einarsdóttir: „En ertu ekki bara með þessum orðum að segja að fjárfestahópurinn hafi logið að ríkinu?“ Vilhjálmur Bjarnason: „Ja, alla vegana að þær upplýsingar sem fyrir liggja, þær benda ekki til þess að bankinn sé eigandi og þessir eftirlitsaðilar íslensku, sem að, til dæmis eins og Fjármálaeftirlit, sem veitir heimild fyrir virkum eignarhlut í Búnaðarbankanum, hann kveikir ekki á perunni þarna. Ríkisendurskoðun athugar ekki þetta atriði í árslok 2003 þegar skýrslan, Ríkisendurskoðunar um einkavæðingu er gerð. Einkavæðingarnefnd virðist heldur ekki hafa kveikt á málinu.“ Vilhjálmur segir að íslenska ríkið, Ríkisendurskoðun og einkavæðingarnefnd hafi verið beitt blekkingum við sölu Búnaðarbankans. En er eitthvað hægt að aðhafast í málinu nú? Vilhjálmur Bjarnason: „Ég veit það ekki. Ef menn eru sáttir við það að láta ljúga að sér þá er náttúrulega ekkert hægt að gera.“

Í kjölfar þessarar umfjöllunar var málið tekið til umfjöllunar á Alþingi en daginn eftir, 20. febrúar 2006, beindi Lúðvík Bergvinsson alþingismaður munnlegri fyrirspurn til viðskiptaráðherra á Alþingi þar sem meðal annars var spurt hver hinn raunverulegi eigandi viðkomandi hlutar í Búnaðarbankanum hefði verið.⁴⁷ Vitnað er nánar til fyrirspurnarinnar og svars viðskiptaráðherra hér til hliðar.

Sama dag lagði Ögmundur Jónasson alþingismaður fram svohljóðandi skriflega fyrirspurn til viðskiptaráðherra um kaup Eglu hf. á Búnaðarbankanum:⁴⁸

1. Getur viðskiptaráðherra upplýst með óyggjandi hætti, m.a. á grundvelli upplýsinga sem aflað verði frá Fjármálaeftirlitinu hérlendis og sambærilegri stofnun í Þýskalandi, hvort þýski bankinn Hauck & Aufhäuser var eins og haldið hefur verið fram meðal raunverulegra

„Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að beina fyrirspurn til hæstv. viðskiptaráðherra sem er af svipuðum toga og sú umræða sem fór fram hér áðan. Forsenda sölu ríkisins á bréfum í Búnaðarbankanum var að í kaupendahópnum væri erlendur aðili sem ætti raunverulegan eignarhlut. Með því var átt við að hinn erlendi aðili væri ekki leppur fyrir raunverulegan eiganda heldur ætti hlutinn sjálfur [...] Nú liggur fyrir að íslenskur háskólakennari hefur rannsakað efnahagsreikning hins þýska banka vegna ársins 2003. Sú rannsókn bendir til að bankinn hafi aldrei verið raunverulegur eigandi að bréfum í Búnaðarbankanum. Ef þetta er rétt sem haldið er fram var íslenska ríkið augljóslega blekkt þegar bréfin í Búnaðarbankanum voru seld. Það hvílir því að mínu viti skylda á viðskiptaráðherra að láta kanna málið. Það er afar mikilvægt að íslenska fjármálaeftirlitið leggi fram beiðni til þýska fjármálaeftirlitsins og fái staðfestingu þess á eignarhaldi þýska bankans og ef ekki, fyrir hvern þýski bankinn keypti bréfin á þeim tíma. Hver var hinn raunverulegi eigandi?“

- Úr munnlegri fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar alþingismanns til Valgerðar Sværissdóttur viðskiptaráðherra 20. febrúar 2006.

„Hvað varðar þessa hluti er náttúrulega margbúið að fara yfir þá og í júní sl. sendi forstjóri þýska bankans út fréttatilkynningu þar sem farið var yfir málið og það allt saman hrakið sem komið hefur fram hjá þessum kennara, Vilhjálmi Bjarnasyni, og það er mitt svar.“

- Úr svari Valgerðar Sværissdóttur viðskiptaráðherra við munnlegri fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar 20. febrúar 2006.

47. B373. mál, 132. löggjafarþing.

48. 550. mál, 132. löggjafarþing.

kaupenda og síðan eigenda Búnaðarbankans sem hluti af Eglu hf. þegar einkavæðingu Búnaðarbankans lauk, sbr. tilkynningu 16. janúar 2003?

2. Ef í ljós kemur að hinn erlendi banki var ekki meðal raunverulega kaupenda og upplýsingar þar um voru rangar, hvaða afleiðingar mun það hafa í för með sér gagnvart:

- a. öðrum bjóðendum í Búnaðarbankann sem gengið var fram hjá með vísan til hins erlenda banka sem þátttakanda í tilboði Eglu hf.,
- b. einkavæðingarnefnd,
- c. ráðherranefnd um einkavæðingu,
- d. Kauphöll Íslands vegna rangrar upplýsingagjafar eða mistaka við eftirlit,
- e. Fjármálaeftirlitinu vegna rangrar upplýsingagjafar eða mistaka við eftirlit,
- f. Ríkisendurskoðun, sbr. skýrslu þeirrar stofnunar um einkavæðinguna,
- g. kaupandanum Eglu hf.?⁴⁹

Hinn 21. febrúar 2006, afhenti Vilhjálmur Bjarnason Fjármálaeftirlitinu gögn, sem að hans mati sýndu fram á að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser hefði ekki verið hluthafi í Eglu hf. árið 2003 og þar með þátttakandi í einkavæðingu Búnaðarbankans í janúar það ár. Meðal gagna sem Vilhjálmur afhenti voru annars vegar ársreikningur þýska bankans fyrir árið 2003 og glærur sem hann hafði tekið saman þar sem fram kemur rökstuðningur hans fyrir fyrrgreindri fullyrðingu.⁴⁹

Í tengslum við þá endurteknu umfjöllun fjölmiðla sem átti sér stað á þessum tíma um staðhæfingar Vilhjálms Bjarnasonar um þessi efni greindu fjölmiðlar einnig frá viðbrögðum forsvarsmanna Kers hf. og Hauck & Aufhäuser við þeim staðhæfingum. Rétt þykir að rekja helstu atriði úr þeirri fjölmiðlaumfjöllun, svo langt sem tilefni er til og gögn rannsóknarnefndar þar um ná, í rammagrein hér á eftir.

Guðmundur Hjaltason og Peter Gatti hafna að blekkingum hafi verið beitt varðandi þátttöku Hauck & Aufhäuser í einkavæðingu Búnaðarbankans

Í Fréttablaðinu 21. febrúar 2006 var gagnrýnin umfjöllun um einkavæðingu Búnaðarbankans sem hófst á tilvísun í staðhæfingar Vilhjálms Bjarnasonar um blekkingar varðandi þátttöku Hauck & Aufhäuser í henni. Í fréttinni var skírskotað til málflutnings Vilhjálms með þeim hætti að hann hefði „haldið því fram að þýski bankinn hafi ekki átt neinn hlut í Eglu [hf.]“.⁵⁰ Í stuttri frétt sem birtist samhliða hinni fyrrnefndu var gerð grein fyrir viðbrögðum Guðmundar Hjaltasonar, sem þá var orðinn forstjóri Kers hf., við staðhæfingum Vilhjálms. Fyrirsögn fréttarinnar var „Þetta er rangt“ og voru þau orð höfð eftir Guðmundi. Í texta fréttarinnar var haft eftir Guðmundi að Vilhjálmur hyggi þarna í sama knérunn og sumarið áður þegar hann héldi því fram að S-hópurinn hefði beitt blekkingum við kaupin á Búnaðarbankanum. Hann hefði ekki komið fram með nýjar upplýsingar eða sýnt fram á að þessar ásakanir væru réttar. Svo var haft beint eftir Guðmundi: „Þetta er rangt. Við buðum Hauck & Aufhäuser að koma inn í Eglu og þeir komu inn sem fjárfestar og lögðu fram sitt hlutafé eins og allir aðrir. Ég er með samninginn sem sýnir það. Ásakanir um annað eru úr lausu lofti gripnar.“

Næsta dag, 22. febrúar 2006, birtist í viðskiptahluta Fréttablaðsins, Markaðnum, viðtal við Peter Gatti, sem þar var nefndur „bankastjóri Hauck & Aufhäuser“. Vísað var til viðtalsins í frétt á forsíðu Fréttablaðsins. Fyrirsögn fréttarinnar, ásamt yfirfyrirsögn, var: „Bankastjóri Hauck & Aufhäuser: Bankinn átti hlutinn sjálfur“. Í fréttinni var haft eftir Peter Gatti að hann vísaði því á bug að bankinn hefði keypt hlut í Búnaðarbankanum fyrir annan og að Hauck & Aufhäuser hefði keypt í bankanum vegna áhuga á að taka þátt í einkavæðingu hans. Viðtalið sjálft inni í blaðinu bar fyrirsögnina: „Segir bankann ekki lepp í einkavæðingu“. Í undirfyrirsögn sagði: „Peter Gatti, bankastjóri Hauck & Aufhäuser, vísar á bug ásökunum um að bankinn hafi ekki verið raunverulegur kaupandi við einkavæðingu.“ Í texta viðtalsins var haft eftir Gatti að hann

49. Af glærum Vilhjálms verður meðal annars ráðið að athugasemdir hans hafi verið byggðar á því að hann taldi að þýski bankinn hefði átt að færa eignarhlut sinn í Eglu hf. í ársreikningi bankans fyrir árið 2003 eftir svonefndri hlutdeildaraðferð, þ.e. hlutdeild í afkomu og eigin fé Eglu. Hlutdeild í afkomu Eglu hafi þannig átt að vera 2,85 ma.kr. árið 2003 og hlutdeild í eigin fé 5,37 ma.kr. Í ársreikningi þýska bankans hafi hins vegar komið fram að verðbrefa eign væri færð á kostnaðarverði.

50. Rétt er að nefna að telja má álitamál hvort tilvitnuð orð feli í sér nákvæma útleggingu á málflutningi Vilhjálms, eða að öðrum kosti að þau lýsi honum á þrengri hátt en efni stóðu til.

vísaði því algerlega á bug að bankinn hefði verið „leppur í þessum viðskiptum, eins og haldið hefði verið fram í umræðu hér á landi“, bankinn hefði auðvitað haft áhuga á að hagnast á þessum viðskiptum og talið sig vera að taka vel ásættanlega áhættu, „umfang fjárfestingarinnar“ hefði ekki verið af þeirri stærðargráðu að áhættan væri of mikil. Gatti var einnig í viðtalinu spurður út í atriði sem umræða um þetta mál á Íslandi hafði ekki síst beinst að, það er varðandi færslu eignarhlutar bankans í Eglu hf. í bókhaldi bankans, og svaraði því með tilteknum hætti sem ekki er ástæða til að rekja nánar hér. Undir lok viðtalsins var haft eftir Gatti að hann „[itrekaði] að við einkavæðingu Búnaðarbankans hefði bankinn keypt sjálfur og ekki [hefðu] legið fyrir neinir skriflegir eða munnlegir baksamningar í tengslum við kaupin“. Loks var haft eftir Gatti að bankinn hefði „fjárfest og fengið ágætan hagnað af þeirri fjárfestingu“.

Með bréfi, dags. 27. febrúar 2006, óskaði Fjármálaeftirlitið eftir því að Eglu hf. upplýsti um hreyfingar á hlutfjárfáttöku Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. frá ársbyrjun 2003, nánar tiltekið dagsetningar og fjárhæðir og eignarhlutdeild þýska bankans eftir hverja breytingu á eignarhaldi í Eglu hf. Enn fremur var óskað eftir greinargerð um breytingar á eignarhaldi hluthafa í Eglu hf. frá ársbyrjun 2003 til þess dags sem bréfið var ritað.⁵¹

Með bréfi, dags. 2. mars 2006, mun viðskiptaráðherra hafa óskað eftir því að Fjármálaeftirlitið veitti ráðuneytinu þær upplýsingar sem því væru nauðsynlegar til að svara framan- greindri fyrirspurn Ögmundar Jónssonar alþingismanns.

Lögmaður Eglu hf., Kristinn Hallgrímsson hrl., svaraði fyrrnefndu erindi Fjármálaeftirlitsins með bréfi, dags. 3. mars 2006. Í bréfinu kom fram að því fylgdi yfirlit um hreyfingar á nafnverði hlutfjár í Eglu hf. frá stofnun félagsins til dagsins sem bréfið var dagsett en yfirlitið var sett fram með eftirfarandi hætti:

„1. Stofnhlutafé félagsins var 10 mkr. Félagið var stofnað að ósk forráðamanna Kers hf. af undirrituðum lögmanni Kers hf. og Eglu hf. til að nota í viðskiptum við íslenska ríkið vegna kaupa á hlutabréfum í Búnaðarbanka Íslands hf.

2. Þann 15. janúar 2003 var gerður kaupsamningur milli undirritaðs annars vegar og Kers hf., Hauck & Aufhäuser og VÍS hf. hins vegar um kaup á hlutum í Eglu hf.

3. Þann 25. mars 2003 var hlutafé félagsins aukið til að standa við fyrri greiðslu af tveimur á kaupverði hlutabréfa í Búnaðarbanka Íslands hf. í samræmi við kaupsamning félagsins við íslenska ríkið.

4. Þann 12. desember 2003 var hlutaféð aftur aukið til að standa undir síðari greiðslu í samræmi við fyrrgreindan kaupsamning við íslenska ríkið.

5. Þann 20. febrúar 2004 seldi Eglu hf. rúmlega 17,8 milljónir hluta í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. Andvirðinu var að mestu ráðstafað til kaupa á 23,86% hluta Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. Var hlutafé Eglu hf. lækkað um rúmlega 4,6 mkr. að nafnverði í framhaldi af þeim kaupum.

6. Þann 27. ágúst 2004 var hlutur VÍS hf. í Eglu hf. keyptur af Keri hf.

7. Þann 29. desember 2004 var hlutafé Eglu hf. aukið um rúmlega 1,28 mkr. að nafnverði til að standa undir kaupum á nýjum hlutum í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. Eglu hf. hafði tekið þátt í hlutfjárafaukningu í bankanum, sem fram fór í október það ár.

8. Þann 17. mars 2005 var tilkynnt um sölu Sunds ehf. og J&K eignarhaldsfélags ehf. á öllum hlutum félaganna í Eglu hf. til Fjárfestingarfélagssins Grettis hf.

9. Þann 14. júní 2005 keypti Kjalar ehf. alla hluti Hauck und Aufhäuser í Eglu hf.

10. Þann 2. ágúst 2005 er tilkynnt um sölu Fjárfestingarfélagssins Grettis hf. á öllum hlutum þess félags í Eglu hf. til Burðaráss hf. 11. Þann 31. október 2005 kaupir Eglu hf. eigin hluti af Straumi Burðarási hf.“

51. Af gögnum rannsóknarnefndar verður ráðið að 25. apríl 2006 hafi verið gerð drög að bréfi til þýska fjármálaeftirlitsins (BaFin) innan Fjármálaeftirlitsins þar sem óskað var eftir staðfestingu á því að Hauck & Aufhäuser hefði verið hluthafi í Eglu hf. Ekki verður séð að það bréf hafi nokkru sinni verið sent.

Fjármálaeftirlitið svaraði áður nefndu bréfi viðskiptaráðherra með bréfi, dags. 3. apríl 2006. Í bréfinu eru rakin samskipti Fjármálaeftirlitsins við Eglu hf., Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, Samvinnulífeyrissjóðinn og Vátryggingafélag Íslands hf. í tengslum við umsókn þessara aðila um samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir kaupum á virkum eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands og hvaða upplýsinga Fjármálaeftirlitið hefði aflað vegna umsóknarinnar.⁵² Þá segir í bréfinu:

„Miðað við þær upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið býr yfir og hefur aflað í samræmi við skyldur sínar skv. VI. kafla laga nr. 161/2002, er ekkert sem bendir til annars en að umræddur þýsk[ur] banki hafi verið hluthafi í Eglu hf. í samræmi við veittar upplýsingar við sölu bankans í janúar 2003.“

Í bréfi Fjármálaeftirlitsins var enn fremur vísað til þess að stofnunin hefði undir höndum ársreikning Hauck & Aufhäuser fyrir árið 2003 þar sem fram kæmi að hlutabréfaeign og önnur verðbréf með breytilegum tekjum (e. „shares and other variable-yield securities“) hefði verið 167,4 milljónir evra samkvæmt samstæðuuppgjöri og 137,5 milljónir evra samkvæmt móðurfélagsuppgjöri. Enn fremur hafi komið fram í skýringum ársreikningsins að verðbréf („securities“) væru metin á því sem lægra reyndist, kostnaðarverði eða markaðsverði. Samkvæmt þeim gögnum sem Fjármálaeftirlitið hefði undir höndum hefði kostnaðarverð 50% eignarhlutar þýska bankans í Eglu hf. í árslok 2003 verið innan við 30 milljónir evra. Síðan sagði í bréfinu:

„Í samræmi við skyldur Fjármálaeftirlitsins skv. VI. kafla laga nr. 161/2002, hefur Fjármálaeftirlitið aflað upplýsinga frá Eglu hf., um hlutafjárþátttöku Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. frá ársbyrjun 2003 og breytingar á eignarhaldi hluthafa í Eglu hf. frá sama tíma. Samkvæmt þeim upplýsingum og gögnum sem Fjármálaeftirlitið hefur undir höndum er ekkert sem bendir til annars en að umræddur þýski banki hafi verið hluthafi í Eglu hf. frá 15. janúar 2003 til 17. mars 2005.“

Fjármálaeftirlitinu er kunnugt um að fyrir liggur staðfesting KPMG í Frankfurt, Þýskalandi, endurskoðanda Hauck & Aufhäuser, um að umræddur eignarhlutur í Eglu hf. hafi verið hluti af verðbréfaeign bankans árið 2004.

Með hliðsjón af framangreindu telur Fjármálaeftirlitið ekki nauðsyn bera til að afla sérstakrar staðfestingar frá þýska fjármálaeftirlitinu um tilvist umrædds eignarhlutar í ársreikningi Hauck & Aufhäuser.“

Að því er snerti 2. tölul. fyrirspurnarinnar sem ráðherra sendi, um hvaða áhrif það hefði á upplýsingagjöf gagnvart Fjármálaeftirlitinu, ef í ljós kæmi að hinn þýski banki hefði ekki verið meðal hluthafa Eglu hf. þegar einkavæðingu Búnaðarbankans lauk í janúar 2003 benti Fjármálaeftirlitið á að röng upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlits kynni að vera refsiverð sbr. 2. mgr. 111. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið veitti viðskiptaráðherra frekari svör með bréfi, dags. 2. maí 2006, og lauk þar með málinu af hálfu stofnunarinnar.

Skriflegt svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar var lagt fram á Alþingi 4. maí 2005.⁵³ Í því var vísað til áður nefnds bréfs ráðherra til Fjármálaeftirlitsins 2. mars 2006 og tekið fram að svör hefðu borist með bréfum Fjármálaeftirlitsins, dags. 3. apríl og 2. maí 2006. Svar ráðuneytisins væri byggt á upplýsingum stofnunarinnar. Fram kemur í svari viðskiptaráðherra:

„Ráðuneytið ritaði forseta Alþingis bréf hinn 13. mars sl. og tilkynnti um væntanlega töf á svari. Á þeim tíma reiknaði ráðuneytið með að [Fjármálaeftirlitið] mundi leita til Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht (BaFin), systurstofnunar FME í Þýskalandi, um staðfestingu á því að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser hefði verið „raunverulegur eigandi“ hlutafjár í Eglu hf., sbr. orðalag fyrirspurnar háttvirtis þingmanns. Því væri svars ekki að vænta innan þess tímafrests sem áskilinn er í þingskapalögum. Við nákvæma yfirferð þeirra gagna sem FME hafði tiltek þróuðust mál hins vegar á þann veg að stofnunin sá ekki tilefni til þess að leita til BaFin.“

52. Sjá umfjöllun um sömu atriði í kafla 3.3 hér að framan.

53. Svar ráðherrans er aðgengilegt á sama þingmálsnúmeri 132. löggjafarþings og áður var vitnað til varðandi fyrrisþurnina sem svarið laut að.

„[R]áðuneytið [reiknaði] með að [Fjármálaeftirlitið] mundi leita til Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht (BaFin), systurstofnunar FME í Þýskalandi, um staðfestingu á því að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser hefði verið „raunverulegur eigandi“ hlutafjár í Eglu hf., sbr. orðalag fyrirspurnar háttvirts þingmanns. [...] Við nákvæma yfirferð þeirra gagna sem FME hafði tiltæk þróuðust mál hins vegar á þann veg að stofnunin sá ekki tilefni til þess að leita til BaFin.

[...]

Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að fyrirliggjandi upplýsingar lögbærra yfirvalda, í þessu tilvikinu FME og BaFin, og staðfesting virts endurskoðunarfrma, samanber og sjálfstæða athugun Ríkisendurskoðunar, gefi ekki tilefni til þess að efast um að Hauck & Aufhäuser hafi verið meðal hluthafa í Eglu hf. frá 16. janúar 2003 til 17. mars 2005 [svo].

Í bréfi FME til ráðuneytisins, dags. 2. maí sl., segir orðrétt: „Með vísan til ofangreindra gagna og efnis bréfs Fjármálaeftirlitsins frá 3. apríl sl. eru engar forsendur til að ætla annað en að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser hafi verið hluthafi í Eglu hf. og þátttakandi í einkavæðingu Búnaðarbankans í janúar 2003.“

- Úr skriflegu svari Valgerðar Sverrisdóttur viðskiptaráðherra við skriflegri fyrirspurn Ögmundar Jónassonar alþingismanns, dags. 4. maí 2006.

Í svari FME kemur fram að hinn 16. janúar 2003 hefðu Eglu hf., Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, Samvinnulífeyrissjóðurinn og Vátryggingafélag Íslands hf. lagt fram umsókn til Fjármálaeftirlitsins í samræmi við 40. gr. laga nr. 161/2002, um samþykki stofnunarinnar fyrir kaupum þessara aðila á virkum eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. Við athugun á umsókninni aflaði FME upplýsinga og gagna um umsækjendur til þess að geta lagt mat á hæfi þeirra. Upplýsingaöflun þessi varðaði m.a. hluthafa Eglu hf., þ.m.t. þýska bankann Hauck & Aufhäuser. Við upplýsingaöflun um þýska eignaraðilann var FME í samskiptum við systurstofnun sína í Þýskalandi. FME fékk staðfest að þýski bankinn hefði starfsleyfi sem viðskiptabanki í Þýskalandi og lyti eftirliti BaFin. Enn fremur óskaði FME eftir upplýsingum BaFin um það hvort sú stofnun gerði athugasemdir við fyrirhuguð viðskipti Hauck & Aufhäuser og fékk staðfest að svo væri ekki. Á grundvelli þess að FME hafði þegar átt samskipti við þýsku systurstofnunina um þátttöku Hauck & Aufhäuser í hlutafélaginu Eglu hf. og kaupum á Búnaðarbankanum og fengið staðfestingu á því að BaFin gerði ekki athugasemdir við viðskiptin taldi FME ekki tilefni til að leita aftur til BaFin. Í svari [Fjármálaeftirlitsins] til ráðuneytisins kemur fram að miðað við þær upplýsingar sem stofnunin hefur aflað sér, sbr. þær skyldur sem VI. kafli laga nr. 161/2002 leggur á hana, sé ekkert sem bendi til annars en að Hauck & Aufhäuser hafi verið hluthafi í Eglu hf. í samræmi við veittar upplýsingar í tengslum við sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. í janúar 2003.

Í svarbréfi FME kemur enn fremur fram að stofnunin hafi m.a. farið yfir ársreikning Hauck & Aufhäuser fyrir árið 2003, aflað upplýsinga frá Eglu hf. um hlutafjárþátttöku þýska bankans í Eglu hf. í upphafi árs 2003 og breytingar á eignarhaldi hluthafa frá sama tíma. Að mati FME kemur ekkert fram í gögnum sem aflað hefur verið og í þeim upplýsingum sem stofnuninni hafa verið veittar sem gefur tilefni til að ætla að Hauck & Aufhäuser hafi ekki verið hluthafi í Eglu hf. frá janúar 2003 og allt til 17. mars 2005 [svo]. FME lætur þess enn fremur getið í svari sínu til ráðuneytisins að fyrir liggja staðfesting endurskoðanda Hauck & Aufhäuser í Þýskalandi, KPMG í Frankfurt, að eignarhlutur bankans í Eglu hf. hafi verið hluti af verðbréfaeign bankans árið 2004. Með tilvísun til framangreindra upplýsinga telur FME, eins og áður er getið, ekki nauðsyn á að afla sérstakrar staðfestingar BaFin, systurstofnunar sinnar í Þýskalandi, á því að Hauck & Aufhäuser hafi verið hluthafi í Eglu hf. Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að fyrirliggjandi upplýsingar lögbærra yfirvalda, í þessu tilvikinu FME og BaFin, og staðfesting virts endurskoðunarfrma, samanber og sjálfstæða athugun Ríkisendurskoðunar, gefi ekki tilefni til þess að efast um að Hauck & Aufhäuser hafi verið meðal hluthafa í Eglu hf. frá 16. janúar 2003 til 17. mars 2005 [svo].

Í bréfi FME til ráðuneytisins, dags. 2. maí sl., segir orðrétt: „Með vísan til ofangreindra gagna og efnis bréfs Fjármálaeftirlitsins frá 3. apríl sl. eru engar forsendur til að ætla annað en að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser hafi verið hluthafi í Eglu hf. og þátttakandi í einkavæðingu Búnaðarbankans í janúar 2003.“

[...]

Með tilvísun til þess sem fram kemur í svari við fyrri hluta fyrirspurnarinnar þar sem fram kemur að mati ráðuneytisins fullnægjandi vísan fyrir því að upplýsingar um eignaraðild Hauck & Aufhäuser hafi reynst réttar, telst ekki tilefni til að fjalla um annan hluta fyrirspurnarinnar.“

Rétt er að benda á hér að í framangreindu svari viðskiptaráðherra, sem og því bréfi Fjármálaeftirlitsins til ráðherra, dags. 3. apríl 2006, sem þar er vitnað til, er ítrekað lagt til grundvallar að Hauck & Aufhäuser hafi verið „meðal hluthafa í Eglu hf. frá 16. janúar 2003 til 17. mars 2005“. Síðari dagsetningin hér fær ekki staðist, enda er ljóst af gögnum rannsóknarnefndar, og raunar einnig af gögnum og upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið sjálft aflaði og bjó yfir á þessum tíma, sem og fjölmiðlaumfjöllun um málefni Eglu hf. og Hauck & Aufhäuser frá viðkomandi tíma, að Hauck & Aufhäuser seldi eftirstöðvar hlutar bankans í Eglu hf. ekki fyrr en um miðjan júní 2005, til félags Ólafs Ólafssonar, Kjalars ehf., eins og áður kom fram og vikið verður nánar að hér síðar.⁵⁴

54. Varðandi gögn og upplýsingar Fjármálaeftirlitsins sem það sjálft aflaði og bjó yfir á þessum tíma má t.d. vísa til áður tilvitaðs svarbréfs Kristins Hallgrímssonar hrl., dags. 3. mars 2006, við fyrirspurn stofnunarinnar um hreyfingar hlutafjárþátttöku Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. Í bréfinu er getið um umrædda sölu á „öllum hlutum H&A í Eglu hf.“ til Kjalars ehf. 14. júní 2005. Benda má á að næst á undan í sama bréfi er getið um nánar tilgreind viðskipti annarra og ótengdra aðila með hluti

4.3.3. Athugun Ríkisendurskoðunar á fyrri hluta árs 2006

Í umræðum vegna þeirra þingmála á Alþingi um þátttöku Hauck & Aufhäuser í einkavæðingu Búnaðarbankans á Alþingi sem áður var vikið að, og kölluðust á við þá fjölmiðlaumfjöllun um sama málefni sem áður var rakin, kom fram í máli þáverandi forsætisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar í þingræðu á Alþingi 20. febrúar 2006 að hann hefði haft samband við ríkisendurskoðanda þann morgun vegna málsins og innt hann eftir því „hvort eitthvað nýtt væri í þessu máli“. Halldór kvað ríkisendurskoðanda hafa svarað því til að svo væri ekki og rakti nánar samræður þeirra af þessu tilefni.⁵⁵ Þessu næst átti Ríkisendurskoðun fund með Vilhjálmi Bjarnasyni miðvikudaginn 22. febrúar 2006 þar sem hann kynnti athugasemdir sínar um þetta málefni og röksemdir fyrir þeim og lagði fram gögn þar að lútandi.⁵⁶

Í kjölfar fundarins leitaði ríkisendurskoðandi eftir álit Stefáns Svavarssonar, löggilts endurskoðanda og dósents við Háskólann í Reykjavík, á því hvort unnt væri að fullyrða, með hliðsjón af upplýsingum í reikningsskilum Hauck & Aufhäuser fyrir árið 2003, að bankinn hefði ekki fjárfest í Eglu hf. Í svari Stefáns, dags. 1. mars 2006, sagði að fjárfesting bankans í Eglu hf. rúmaðist vel innan liðarins „hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum“ í efnahagsreikningi bankans í reikningsskilunum 2003. Í svarinu sagði enn fremur að ef bankinn hefði selt hluta af fjárfestingu sinni í Eglu hf. árið 2004, þá væru tekjulíðir í ársreikningi bankans fyrir árið 2004, sem rúmuðu vel mögulegan ágóða af þeirri sölu. Niðurstaða Stefáns var sú að ekki væri hægt að fullyrða með því að rýna einungis í reikningsskil þýska bankans fyrir árið 2003 að hann hefði ekki fjárfest í Eglu hf. á árinu 2003. Það gagnstæða ætti raunar einnig við, þ.e. þess sæjust ekki merki með beinum hætti að bankinn hefði fjárfest í félaginu. Í bréfinu tók Stefán jafnframt fram að ekki væri skylda í reikningsskilum banka að sundurgreina fjárfestingu í hlutabréfum eða öðrum verðbréfum og því hafi þýski bankinn verið í fullum rétti að veita ekki frekari upplýsingar um fjárfestingu sína í verðbréfum en hann gerði.⁵⁷

Ríkisendurskoðun sendi frá sér samantekt til formanns fjárlaganefndar Alþingis um athugun stofnunarinnar á ábendingum Vilhjálms. Í samantektinni, sem dagsett er 28. mars 2006 og birtist einnig opinberlega, er lýst athugun stofnunarinnar, meðal annars ofangreindu álit Stefáns Svavarssonar og fundi stofnunarinnar með Guðmundi Hjaltasyni, framkvæmdastjóra Eglu hf., og Kristni Hallgrímssyni hrl., lögmanni félagsins. Fram kemur í samantektinni lýsing á þeim fundi og fjölmörgum gögnum „úr fornum félagsins“ sem tvímenningarnir hafi lagt fram.⁵⁸ Undir lok samantektar Ríkisendurskoðunar lýsti stofnunin þessari afstöðu til málsins:

„Að mati Ríkisendurskoðunar tala þau gögn sem fylgja samantekt þessari skýru máli og því óþarft að skýra þau nánar. Með vísan til þeirra telur stofnunin að ekkert nýtt hafi verið lagt fram í málinu, sem stutt geti hinar viðtæku ályktanir, er Vilhjálmur hefur dregið af gögnum þeim, sem hann hefur lagt fram og þeim óformlegu upplýsingum, sem hann kveðst búa yfir. Þvert á móti liggja fyrir óyggjandi upplýsingar og gögn um hið gagnstæða.“

4.4 Umfjöllun frá síðari árum

Framangreindar athuganir og niðurstöður Fjármálaeftirlitsins og Ríkisendurskoðunar á árinu 2006 urðu ekki til þess að kveða niður þær efasemdir sem upp höfðu komið um þátttöku Hauck & Aufhäuser í einkavæðingu Búnaðarbankans. Hér á eftir eru raktir nokkrir áfangar úr opinberri umræðu um þetta sem rannsóknarnefndinni er kunnugt um. Rétt

í Eglu hf. sem sögð eru hafa átt sér stað 17. mars 2005 eða á sömu dagsetningu og ranglega var í svari Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra, og þar með svari viðskiptaráðherra við fyrirspurninni, sögð vera endapunktur eignarhalds Hauck & Aufhäuser á hlutum í Eglu hf.

55. B372. mál, 132. löggjafarþing.

56. Sjá nánari lýsingu á athugasemdum, röksemdum og gögnum sem Vilhjálmur kom á framfæri við Ríkisendurskoðun í samantekt stofnunarinnar til formanns fjárlaganefndar Alþingis um málið, dags. 28. mars 2006. Samantektin er aðgengileg á þessum tengli: <http://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/01/Samantekt-mars-2006int.pdf>.

57. Samantekt Ríkisendurskoðunar til formanns fjárlaganefndar Alþingis, dags. 28. mars 2006.

58. Samantektin geymir ítarlegan lista um þessi gögn og vísast hér til hans hvað þau varðar. Varðandi aðra gagnaöflun Ríkisendurskoðunar og athugasemdir stofnunarinnar þar um vísast einnig til samantektarinnar.

[Peter Gatti, framkvæmdastjóri og með-eigandi Hauck & Aufhäuser] Ítrekar að við einkavæðingu Búnaðarbankans hafi bankinn keypt sjálfur og ekki hafi legið fyrir neinir skriflegir eða munnlegir baksamningar í tengslum við kaupin. Bankinn hafi fjárfest og fengið ágætan hagnað af þeirri fjárfestingu.“

- Úr frétt Fréttablaðsins 22. febrúar 2006.

er að vekja athygli á að hér er einungis gerð grein fyrir opinberri umræðu um einstök atriði en síðar í skýrslunni koma helstu efnisatriði hér til sjálfstæðrar nánari umfjöllunar nefndarinnar að því leyti sem tilefni er til.

4.4.1 Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis 12. apríl 2010

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði sem út kom 12. apríl 2010 var meðal annars fjallað um einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans á árunum 2002 til 2003, sbr. 6. kafla skýrslunnar.⁵⁹ Á meðal þess sem fjallað var um þar var sú aðkoma erlendar fjármálastofnunar að kaupunum sem gert var ráð fyrir í samningaviðræðum S-hópsins og framkvæmdanefndar um einkavæðingu og var að endingu kynnt við undirskrift kaupsamnings sem þátttaka Hauck & Aufhäuser í kaupunum gegnum 50% eignarhlut í Eglu hf. Í umræddum kafla skýrslunnar kemur meðal annars fram að af framburði Sigurjóns Þ. Árnasonar, framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Búnaðarbankans þegar sala bankans átti sér stað en síðar bankastjóri Landsbankans, mætti ráða að þýski bankinn hefði hvorki verið almennt þekktur meðal íslenskra bankamanna á þessum tíma né talinn líklegur til að styðja faglega við rekstur Búnaðarbankans á þeim sviðum sem hinn síðarnefndi starfaði.⁶⁰ Nánar tiltekið var haft eftir Sigurjóni:

„[Þ]essi útlenski banki sem átti að vera Hauck & Aufhäuser sem var einhver lítill privatbanki í Þýskalandi sem enginn hafði heyrt á minnst og hafði í rauninni enga getu til þess að taka þátt í, jafnvel þó að Búnaðarbankinn væri ekkert sérstaklega stór. Þess vegna fannst okkur þetta alltaf skrytið þegar þetta var að gerast. Upphaflega átti að vera Société Générale sem það þótti [...] þetta var allt eitthvað rosalega skrytið.“

Í viðauka 1 með fyrrnefndri skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 12. apríl 2010 var birt sérstök skýrsla vinnuhóps sem starfaði samhliða rannsóknarnefndinni og falið var að rannsaka starfshætti og siðferði í tengslum við fall íslensku bankanna 2008. Í I. hluta viðaukans var meðal annars fjallað um einkavæðingu Búnaðarbankans og „þátttöku þýsks banka“ í henni. Í þeirri umfjöllun var haft eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni að hann hefði hitt fulltrúa þýska bankans og lýsti hann upplifun sinni af því með eftirfarandi hætti:⁶¹

„[...] og maður hitti hann og maður upplifði það að hann hefði alveg eins getað hafa verið að kaupa ísbúð, hann vissi ekkert hvað hann var að kaupa. Það var algjörlega sénslaust að hann hafi verið að leggja svona mikla peninga undir þannig að ég hef alltaf verið sannfærður um það að þetta var bara einhvers konar framvirkur samningur, eða eitthvað slíkt, sem að, eða einhvers konar útfærsla þar sem hann var bara fulltrúi fyrir aðra aðila.“

Á sama stað í skýrslunni var einnig vitnað til frekari orða Sigurjóns Þ. Árnasonar um þetta:⁶²

„Ég hef alltaf haft þá trú að það væru, að það væru allt aðrir aðilar sem hefðu átt bankann heldur en hérna, eða sem sagt allt aðrir aðilar keypt bankann heldur en menn hafa sagt. Og mig hefur oft grunað að það væru einhverjir aðrir sem raunverulega ættu hann.“

Hér áður hefur meðal annars komið fram að auk efasemda um að þátttaka Hauck & Aufhäuser í einkavæðingu Búnaðarbankans hefði í reynd verið með þeim hætti sem kynnt var hefði því einnig verið borið við allt frá þeim tíma sem einkavæðingin var nýlega afstaðin að sameining Kaupþings og Búnaðarbankans hefði í reynd verið fyrirfram ákveðin áður en sá síðarnefndi var einkavæddur. Nánari staðhæfingar um þetta atriði hafa einnig ítrekað komið fram á síðustu árum og allar lotið að því að gengið hafi verið frá samkomulagi um sameiningu Kaupþings og Búnaðarbankans í október 2002 á fundum í þáverandi skrifstofuhúsnæði eignarhaldsfélagsins Sunds ehf. í svonefndum litla turni Kringlunnar. Á þeim fundum voru sagðir hafa verið meðal annarra Ólafur Ólafsson og Sigurður Einarssonar, þáverandi stjórnarformaður Kaupþings hf. Um þetta var haft eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni

59. Sjá einnig fyrri tilvísanir hér á undan til umfjöllunar um einkavæðingu Búnaðarbankans í 6. kafla skýrslunnar.

60. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, 1. bindi, bls. 259.

61. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, 8. bindi, bls. 28.

62. Sama heimild.

í fyrrnefndri skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 12. apríl 2010:⁶³

„Þessi díll held ég var allur og það að sameiningunni, þetta var allt hannað miklu fyrr, það er alltaf talað um að það hafi verið hannað í skrifstofunni hjá Sund í október 2002.“

Þann 8. janúar 2010 tók rannsóknarnefndin skýrslu af Björgólfi Guðmundssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Landsbankans, en í skýrslu hans fyrir nefndinni sagði meðal annars:

„Það var aldrei, en það var eitt sem ég man eftir sem að kannski, ég veit ekki hvort hefur komið fram fyrr að það á, hvort það var ári árið, að þá voru starfsmenn Búnaðarbankans að leita að hópi fjárfesta til að bjóða í, bjóða í bankann og það var gert. Hvort að Kaupþingsmenn hafi verið á bak við það veit ég ekki með vissu en ég hef svona í dag lúmskan grun um að það hafi verið. Og það voru teknir einhver hópur viðskiptamanna og við, ég var meðal þar, eða var einn af þeim. Og ég man ekki einu sinni hver hópurinn var, ég man eftir Sigfúsi í Heklu, þetta voru starfsmenn eins og Elín Sigfúsdóttir o.fl. sem voru að reyna að búa til pakka til þess að reyna að losa um Búnaðarbankann. Þannig kemur Kaupþing inn í myndina, þeir voru hvergi skráðir og ekki neitt, hvort þeir hefðu getað verið þar, það veit ég ekki því að þetta voru kannski viðskiptamenn þeirra. En við höfðum, ég hef, og ég hef eiginlega aldrei haft neitt samband mikið við Kaupþingsmenn. Og það var, Hreiðar Mára afskaplega lítið og Sigurð svona, ja, ekki mikið. Það var ekki, og eitt af því sem ég held að hafi nú eitt af vandamálunum í þessu öllu saman var að, voru nú samskipti yfirmanna bankanna. Þá á ég við þeirra, bankastjórar banka, það voru sko Íslandsbanki, Landsbanki og hvernig þeir hugsuðu til hvors annars og hvernig sú, það var, það var ekki mikill, mikil, þeir gátu vel hugsað sér [þögn], á ég segja, ja, þeir glöddust ekkert yfir velgengni hvors annars. Það var ekki góður tónn.

SN [Salvör Nordal]: Og hvernig, bara heyrðirðu það mikið í S...?

Ja, ég heyrði það bara þegar menn töluðu saman, er ég, ég var náttúrliga til hliðar en bara hvernig þeir töluðu um hvorn annan, það, manni fannst það mjög furðulegt að svona, mjög óvinveitt og ég held bara, búinn að velta því fyrir mér, hvort þetta gæti verið úr stúd-entapólitíkinni, þeir höfðu nú allir verið saman þar, Sigurjón formaður og svo var Bjarni þarna og hann (SN: Hreiðar.) Hreiðar Mára, og þú veist, það bara á köflum fannst mér þeir vera þarna uppi í háskóla í einhverri háskólapolitik, töluðu, mállýsken var þannig, þannig að það var aldrei, aldrei, mér fannst aldrei vera þannig samband á milli bankastjórnanna, svona vinveitt. Og alls ekki milli, ég hafði afskaplega lítið og eiginlega ekki neitt samband við Sigurð Einarsson. Það er ekki fyrr en að kannski hann Lárus Welding kemur í Íslandsbanka sem að verður kannski aðeins, af því að hann hafði verið starfsmaður okkar, og hvernig hann er ráðinn í Íslandsbanka veit ég ekki en hann var okkar maður í London og [þögn] hann var náttúrliga, hann var mikill vinur Sigurjóns, en hann var held ég, starfaði mikið fyrir, eða Jón Ásgeir var stór kúnni hjá honum í London. Þannig að Lárus var ráðinn þarna og þá fyrst var það svona sem menn virtust geta talað eitthvað saman.

SN: Alla vega þar á milli?

BG: Já, þar á milli en það var óskaplega mikið hatur. Bara séð hatur á milli Búnaðarbankans og, sem ég skildi aldrei, og okkar og það, skýringin var var einhver sú að við höfðum komið því af stað, og við værum, að þeir hefðu, væru með einhverja falstilboð frá Þýskalandi og, frá (PH [Páll Hreinsson]: Já!), sem frægt varð, já, það, kenndu okkur um það. (PH: Nú, nú?) og þetta væri allt upp úr okkur og ég man bara eftir því að ég var kallaður til ákveðins aðila, hann hundskammaði fyrir mig að vera að leggja þá í einelti, þessa góðu drengi, Ólaf Ólafsson og félagi út af þessu máli í Þýskalandi, þetta væri allt hreint og klárt og þetta var nú Halldór Ásgrímsson sem að gerði það. Mér brá mikið af því ég man ég sagði við hann: Heyrðu, má ég skrifa þetta eftir þér? Af því að hann var, þetta var nú mánudagur kl. 9, erfið helgi og ég fékk miklar skammir fyrir það að ég stæði fyrir einhverjum miklum áróðri, eða við, um þann hóp sem hefði keypt Búnaðarbankann að það væri hvergi allt greitt með erlendu fjármagni. Ég hafði ekki hugmynd um það.

63. Sama heimild, bls. 29. Sjá einnig grein Björns Jóns Bragasonar, Sagan af einkavæðingu Búnaðarbankans, í tímaritinu Sögu, 49. árgangi 2011, 2. tölublaði, bls. 126. Sjá einnig grein Sigurðar G. Guðjónssonar hrl., Prúðuleikarnir, í vefritinu Pressunni 19. október 2009. Greinin er aðgengileg á tenglinum: <http://www.pressan.is/pressupennar/LesaSigurdurG/pruduleikarnir>. (Sótt: 10. janúar 2017.)

SN: Hvenær var þetta?

BG: Þetta var svona, ja, þetta var ári seinna, ég gæti fundið það í ...

SN: Kannski 2004, eitthvað svoliðis?

BG: Já!

SN: Og varstu þá kallaður inn á skrifstofu utanríkisráðherra?

BG: Ja, þá talaði hann við mig og sagði þetta gengi og svona og þeir færu að, þá væru þeir alltaf að kvarta í sig yfir að við værum með, hefðum haldið uppi áróðri að þeir hefðu, þessi þýski banki væri bara falskt identity og við værum með, ég man ekki einu sinni hvað hann sagði, þetta var 20 manna lið að elta uppi, það var eitthvað svo fjarstæðukennt að ég einhvern veginn, þess vegna sagði ég honum: Heyrðu, má ég nú bara skrifa þetta niður? Og, þetta var nú svo, þessi tengsl, það voru rosaleg framsóknartengsl þarna inni, alveg ótrúleg. Ég veit ekkert um flokkapólitík eða neitt en þetta var, virtist vera, Ólafur Ólafsson virtist hafa alltaf beinan aðgang að Halldóri og einhvern veginn, og var alltaf að magna upp einhver leiðindi, var alltaf að magna upp einhver leiðindi sem var eiginlega allan tímann.

SN: Líka þarna alveg fyrir, alveg ...?

BG: Og bara á eftir.

SN: Já.

BG: Bara alveg í gegnum allt, og eftir, ég meina, það var svo ótrúlegt og ég skildi það aldrei, ég var alltaf að velta fyrir mér hvað, hvernig svona menn væru þá í umgengni við aðra sem að væru bara með svona rugl alltaf hreint því að maður hafði ekki nokkurn áhuga á því að, eða tíma, til að vera að eltast við eitthvað svona. Og ég veit til þess að þeir létu m.a.s. taka, komst nú að því að þeir létu taka saman skýrslu um okkur til þess að reyna að finna eitthvað mjög bjagað um okkur í Rússlandi.

PH: Hvað ertu að segja?

BG: Já, ég þekki það vegna þess að sá sem, og það var nú bara heimspekkert fyrirtæki sem var fengið til þess, og það var Kroll, ég held að það hafi verið Kroll frekar en ... Málið er að við störfuðum úti og við þekktum, við vorum þeir einu sem vorum í erlendu bönkunum og þekktum til. Það er nefnilega þegar, það bara kom til okkar maður frá þeim og sagði að það væri eitthvað óttalega leiðinlegt, leiðinleg, einhverjir aðilar sem að, og þeir höfðu tekið saman einhverja mikla skýrslu og þeim fundist bara, þeir væru ekkert ánægðir fyrr en það kæmi eitthvað í ljós að við værum bara einhverjir [þögn]. Sannleikurinn var nú sá að maðurinn kom til mín og hann vildi að ég læsi skýrsluna sem ég gerði, og sagði, hann sagði bara: Veistu, ég vil ekki vera í svona vinnubrögðum. Og þetta var alveg í gegnum allt, Búnaðarbankinn einhvern veginn var með okkur á heilanum alla tíð. Nú er ég að segja frá einhverju, sko, þetta er mín tilfinning, að þeir einhvern veginn, það var allt, þeir voru, það var alveg sama hvort það voru Bakkabræður eða hinir, Ólafur verstur, að við vorum einhvern veginn, þeim finnst við fá alltof góða umfjöllun og það var alltaf, þetta var mjög slæmt, að þetta var mjög óþægilegt. Mjög óþægilegt.“

Rannsóknarnefndin tók einnig skýrslu af Sigurði Einarssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Kaupþings hf., en í skýrslu hans fyrir nefndinni, dags. 14. júlí 2009, voru þessi ummæli höfð eftir honum:

„Það er nefnilega þannig að þegar þetta einkavæðingarferli fer í gang þá komum við þar hvergi nálægt. Það er hins vegar þannig að bæði þeir sem keyptu Landsbankann og þeir sem keyptu Búnaðarbankann komu að máli við okkur – báðir þessir aðilar komu að máli við okkur áður en þeir keyptu – og spurðu hvort við, þegar þeir væru búnir að kaupa, ef þeir fengu að kaupa, ég man nú ekki nákvæmlega hvernig það var orðað, værum tilbúnir til að sameinast þeirra fyrirtæki. Ég man ég átti ítrekað fundi bæði með Björgólfi Thor og Björgólfi Guðmundssyni um þetta og þeir voru mjög áfram um það að Kaupþing og Landsbanki sameinuðust. Síðan koma Ólafur Ólafsson og Hjörleifur Jakobsson að máli við mig með nákvæmlega sama erindi. Við hins vegar komum hvergi nálægt kaupunum.“

4.4.2 Þátttaka Hauck & Aufhäuser í einkavæðingu Búnaðarbankans sögð yfirvarp fyrir Kaupþing hf.

Í 3. hefti tímaritsins Þjóðmála árið 2013 birti Vilhjálmur Bjarnason grein sem fjallaði um óskyld efni við þau sem hér eru til umfjöllunar. Í tilteknu samhengi við efni greinar sinnar, sem ekki þarf að gera nánari grein fyrir hér, setti Vilhjálmur þó fram ummæli sem tengjast umfjöllunarefni skýrslu þessarar. Þau voru nánar tiltekið á þá leið að í „máli er tengdist sölu ríkisins á eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. [hefði] hinn meinti kaupandi [þóst] vera Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA, en í raun [verið] Kaupþing hf.“⁶⁴

4.4.3 Opinber umræða í aðdraganda skipunar rannsóknarnefndarinnar

Þess skal loks getið að í fréttaflokkningi af aðdraganda þess að rannsóknarnefnd sú sem stendur að skýrslu þessari var skipuð, nánar tiltekið meðan tillaga um rannsókn málsins var til meðferðar hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, hafði Fréttablaðið 26. maí 2016 eftir Guðmundi Hjaltasyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Eglu, að hann „[vissi] ekki til þess að þýski bankinn [hefði] verið leppur fyrir aðra aðila“. Eftir Guðmundi var svo haft í beinu framhaldi og sama samhengi:

„Ég þekki það ekki og ég þekki engan sem þekkir það, svo ég viti til. [...] Ég veit bara hverjir voru hluthafar Eglu og það er alveg rétt.“

4.5 Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar

Eins og að framan er rakið birtist ítrekað umfjöllun í fjölmiðlum árin 2003 til 2006 þar sem lýst var efasemdum um hvort aðkoma Hauck & Aufhäuser hafi verið með þeim hætti sem gefið var til kynna af hálfu S-hópsins við kaup á hlut ríkisins á Búnaðarbankanum. Stór hluti þessarar umfjöllunar var í tengslum við staðhæfingar Vilhjálms Bjarnasonar, þá aðjúnkt við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, um að íslensk stjórnvöld hefðu verið blekkt um hlutverk Hauck & Aufhäuser við einkavæðingu Búnaðarbankans og að þýski bankinn hafi einungis verið leppur fyrir óþekktan aðila.

Hauck & Aufhäuser og Eglu hf., sem og einstakir fyrrisvarsmenn þeirra, báru í kjölfarið brigður á yfirlýsingar Vilhjálms á opinberum vettvangi. Þannig sendi t.d. Peter Gatti, framkvæmdastjóri Hauck & Aufhäuser, frá sér yfirlýsingu 27. júní 2005 um að starfsmönnum bankans þætti miður að efasemdir skyldu hafa vaknað um heilindi þeirra í þessu máli og að nafn bankans skyldi dragast með neikvæðum hætti inn í umræðu um einkavæðingu á Íslandi.

Í yfirlýsingu frá Eglu hf. sama dag sagði að vangaveltur um að Hauck & Aufhäuser hefði ekki tekið fullan þátt í kaupunum á kjölfestuhlut í Búnaðarbanka Íslands hf., í gegnum kaup sín í Eglu hf., ættu ekki við nein rök að styðjast og sætti undrum að kennari við jafn virta stofnun og viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, skyldi „láta hafa slíkar órokstuddar dylgjur eftir sér í fjölmiðlum.“ Í frétt Markaðarins, viðskiptahluta Fréttablaðsins, frá 22. febrúar 2006, var jafnframt haft eftir Gatti að hann vísaði því á bug að Hauck & Aufhäuser hefði keypt hlut í Búnaðarbankanum fyrir annan. Í texta viðtalsins var einnig haft eftir Gatti að hann vísaði því algerlega á bug að bankinn hefði verið „leppur í þessum viðskiptum, eins og haldið hefði verið fram í umræðu hér á landi“. Þá var haft eftir Gatti að hann „[ítrekaði] að við einkavæðingu Búnaðarbankans hefði bankinn keypt sjálfur og ekki [hefðu] legið fyrir neindir skriflegir eða munnlegir baksamningar í tengslum við kaupin“.

Í bréfaskiptum umboðsmanns S-hópsins við Fjármálaeftirlitið, í kjölfar þess að stofnunin hóf upplýsingaöflun að beiðni viðskiptaráðherra til að svara fyrirspurn Ögmundar Jónssonar alþingismanns, var í engu vikið að eða gefið til kynna að Hauck & Aufhäuser hefði haft annað hlutverk við kaupin hlut ríkisins í Búnaðarbankanum en upphaflega var gefið upp. Sama máli gegnir um þær upplýsingar sem fulltrúar Eglu hf. veittu Ríkisendurskoðun við athugun stofnunarinnar sem hófst í febrúar 2006 og lauk með samantekt 28. mars 2006.

64. Vilhjálmur Bjarnason: Ríkisendurskoðandi og skýrslan um Íbúðalánasjóð. Tímaritið Þjóðmál, 9. árgangur 2013, 3. hefti, bls. 44-45.



BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS



5. UPPLÝSINGAR RANNSÓKNARNEFNDAR UM RAUNVERULEGAN ÞÁTT HAUCK & AUFHÄUSER Í EINKAVÆÐINGU BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF.

5.1 Inngangur

Í 3. kafla skýrslunnar er fjallað um söluferli Búnaðarbankans síðari hluta árs 2002, einkum frá síðari hluta október 2002 þegar það söluferli hófst á ný með formlegum hætti. Þá ákvað framkvæmdanefnd um einkavæðingu að bjóða tveimur aðilum sem lýst höfðu áhuga á kaupum á hlut ríkisins í bankanum, þ.e. annars vegar hóp sem leiddur var af Kaldbaki fjárfestingafélagi hf. og hins vegar S-hópnum, að leggja fram frekari upplýsingar þar að lútandi. Í kjölfar þess ákvað ráðherranefnd um einkavæðingu, samkvæmt tillögu framkvæmdanefndar um einkavæðingu, að ganga til einkaviðræðna við S-hópinn um kaupin í byrjun nóvember 2002.

Viðræðum við S-hópinn lyktaði með undirskrift rammksamkomulags („Head of Agreement“) um kaupin 16. nóvember 2002 og síðar kaupsamningi 16. janúar 2003.⁶⁵ Rétt fyrir undirskrift kaupsamningsins voru íslenskum stjórnvöldum loks gefnar þær upplýsingar, í fyrsta sinn, að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA (einkum vísað til hér eftir sem Hauck & Aufhäuser) ætti 50% hlutfjár í Eglu hf., sem var stærsti aðilinn í kaupendahópnum og keypti 71,2% af hinum 45,8% hlut í bankanum sem seldur var. Samkvæmt því nam fjárfesting Hauck & Aufhäuser ein og sér 35,6% af hinum keypta hlut í Búnaðarbankanum eða sem nam 16,3% af heildarhlutafé bankans. Í framangreindu fólst einnig að bankinn kom fram sem stærsti einstaki kaupandinn innan S-hópsins að hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Áður var svo einnig lýst nánari atriðum um aðild bankans að kaupsamningnum, þátttöku fulltrúa hans í undirskrift kaupsamningsins og yfirlýsingar um fjárfestingu þýska bankans í Búnaðarbankanum sem gefnar voru út í kringum undirskrift kaupsamningsins af hálfu kaupenda bankans og seljandans, íslenska ríkisins.

Á sama tíma og samningaviðræður forsvarsmanna S-hópsins og fulltrúa íslenska ríkisins um kaupin á BÍ voru leiddar til lykta með framangreindum hætti átti sér hins vegar einnig stað bak við tjöldin sú atburðarás sem þessi hluti skýrslunnar varðar og nú verður vikið að.

5.2 Baksamningar um hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf.

Gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar sýna að dagana áður en skrifað var undir kaupsamninginn um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum 16. janúar 2003 stóð hópur manna að gerð leynilegra baksamninga við Hauck & Aufhäuser um hlut bankans í Eglu hf. Baksamningarnir fólu í meginatriðum í sér að þýski bankinn var í reynd aðeins að nafninu til meðal kaupenda að hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Eignarhald Hauck & Aufhäuser í Eglu hf., og þar með eignarhald á hlutum í Búnaðarbankanum en síðar Kaupþingi Búnaðarbanka hf. og KB banka hf. í gegnum það félag, var aðeins til málamynda og tímabundið. Aðrir aðilar fjármögnuðu í reynd, báru alla áhættu og áttu alla hagnaðarvon af þessum viðskiptum í nafni þýska bankans. Þýska bankanum var tryggt algert skaðleysi af þátttöku sinni í þeim, hann tók enga fjárhagslega áhættu með þeim og fjárhagslegir hagsmunir bankans af þeim takmörkuðust við umsamda þóknun sem kveðið var á um í baksamningunum.

Þeir sem einkum höfðu með höndum gerð baksamninganna, eða undirbyggju og framkvæmdu á sama tíma ráðstafanir sem tengdust þeim beint, voru starfsmenn og stjórnendur íslenska fjármálafyrirtækisins Kaupþings hf. og dótturfélags þess í Lúxemborg, Kaupthing Bank Luxembourg S.A. (einnig hér eftir KBL), Guðmundur Hjaltason, þáverandi framkvæmdastjóri hjá Samskipum hf. og Martin Zeil, þáverandi forstöðumaður lögfræðisviðs

65. Um atvik í söluferlinu er nánar vísað til fyrri umfjöllunar, og þá sérstaklega yfirlýsinga og upplýsingagjafar af hálfu S-hópsins og forsvarsmanna hans varðandi þátttöku erlendra fjármálastofnunar í kaupunum, sem og kröfur og forsendur framkvæmdanefndar um einkavæðingu fyrir hönd íslenskra stjórnvalda um sama atriði.

hjá Hauck & Aufhäuser. Aðrir einstaklingar voru einnig viðriðnir gerð baksamninganna, þar á meðal Ólafur Ólafsson, helsti forsvarsmáður S-hópsins, þáverandi forstjóri Samskipa hf. og stjórnarmaður í Keri hf. og síðar Eglu hf., Peter Gatti, framkvæmdastjóri, meðeigandi og stjórnarmaður í Hauck & Aufhäuser og sá sem skrifaði af hálfu bankans undir kaupsamninginn við íslenska ríkið sem og Michael Sautter og Ralf Darpe, starfsmenn franska bankans Société Générale sem störfuðu fyrir S-hópinum við einkavæðingu BÍ eins og greint hefur verið frá. Þegar hefur verið vikið að öllum hinum síðastnefndu í fyrri umfjöllun í skýrslunni en nánari grein er gerð fyrir aðild einstakra manna að gerð baksamninganna síðar í þessum kafla.

Af gögnum rannsóknarnefndarinnar verður ráðið að starfsmenn Kaupþings hf. og KBL hafi einkum gegnt tvenns konar hlutverki við gerð baksamninganna. Annars vegar útveguðu þeir aflandsfélag, og stjórnanda fyrir það, til að standa að umræddum baksamningum við Hauck & Aufhäuser fyrir þá aðila sem í reynd stóðu að baki félaginu og nutu þeirra hagsmuna sem baksamningarnir tryggðu því. Hins vegar greiddi Kaupþing hf. til Hauck & Aufhäuser, í þágu umrædds aflandsfélags, ákveðna peningafjárhæð sem samið var um í baksamningunum, alls um 35,5 milljónir Bandaríkjadala. Fjárhæðin var sett þýska bankanum að handveði til að tryggja skaðleysi hans af hlutafjárframlagi sem honum bæri að greiða til Eglu hf. vegna hlutdeildar Eglu í kaupunum á hlut ríkisins í BÍ og var miðað við að fjárhæðin væri eða yrði jöfn slíku hlutafjárframlagi. Um þá fyrirgreiðslu Kaupþings hf. í þágu aflandsfélagsins var síðan gerður lánsamningur milli sömu aðila. Hin handveðsetta innstæða stóð fyrst og fremst til tryggingar því kaupverði sem aflandsfélagið skyldi greiða fyrir hlutina í Eglu hf. þegar baksamningarnir yrðu framkvæmdir samkvæmt efni sínu á síðara stigi.⁶⁶

Aðilar baksamninganna gerðu á næstum árum ýmsar ráðstafanir og stóðu að frekari gerningum vegna þessara leynilegu samninga. Þau atvik ná allt til upphafs ársins 2006 en þá höfðu samningarnir verið framkvæmdir að fullu og þar með þjónað gildi sínu fyrir samningsaðila. Við það tímamark fór fram uppgjör á þeim ávinningi sem fallið hafði til umrædds aflandsfélags vegna viðskipta með hluti í Eglu hf. á grundvelli baksamninganna. Þeim ávinningi var í grófum dráttum skipt í tvennt og ráðstafað í tvennu aðskildu lagi af bankareikningum Welling & Partners Limited hjá Hauck & Aufhäuser til tveggja annarra aflandsfélaga. Nánari grein er gerð fyrir upplýsingum rannsóknarnefndarinnar um þetta hagnaðaruppgjör síðar í skýrslunni.

Hér á eftir fer nánari lýsing á framangreindum atvikum samkvæmt þeim gögnum sem rannsóknarnefndin býr yfir. Lýst verður helstu tímabilum og áföngum í hinu leynilega viðskiptasambandi aðila, sem og tengdum atvikum að því marki sem samhengi krefst. Að meginstefnu er fylgt tímaröð atvika.⁶⁷

5.3 Aðdragandi baksamninga um hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf.

5.3.1 „The Puffin“ – Kaupþing hf. kemur til sögunnar

Í kafla 3 hér á undan var meðal annars rakið hvernig ádráttur um að erlendur banki kæmi að tilboði S-hópsins, hvort heldur í Landsbankann eða Búnaðarbankann, var frá upphafi hluti af þeim upplýsingum sem hópurinn veitti framkvæmdanefnd um einkavæðingu í sölufarli ríkisbankanna. Tekin voru þar saman meginatriði varðandi þetta úr sölufarli Búnaðarbankans. Meðal annars var þar gerð grein fyrir því, seint í þessu ferli, þegar Ólafur Ólafsson, m.a. ásamt ónefndum ráðgjafa S-hópsins frá Société Générale, tilkynnti formanni framkvæmdanefndar um einkavæðingu 13. desember 2002, samkvæmt fundargerð framkvæmdanefndarinnar, að ekki yrði tilkynnt um „erlendan aðila“ fyrr en við undirskrift kaupsamnings um Búnaðarbankann. Einnig var fjallað um upplýsingar sem ráðgjafi framkvæmdanefndarinnar hjá breska bankanum HSBC aflaði þá fyrir nefndina – aftur fyrir

66. Efni og áhrifum baksamninganna er lýst með nánari hætti síðar í þessum kafla og í öðrum köflum þessa hluta skýrslunnar.

67. Vakin er athygli á að í umfjöllun um atvik hér í tímaröð er jafnan fjallað um einstök skjöl á þeim tíma í atburðarásinni sem ljóst er að þau urðu til á samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar. Það tímamark fer hins vegar í sumum tilvikum alls ekki saman við þær dagsetningar sem færðar voru inn á umrædd skjöl. Nokkur þess háttar tilvik eru í gögnum rannsóknarnefndarinnar og er þeirra nánar getið á viðeigandi stöðum í umfjöllun hér á eftir.

milligöngu ráðgjafa S-hópsins frá Société Générale – um þær fjármálastofnanir sem kæmu til greina. Þær upplýsingar voru mjög takmarkaðar og óljósar en af þeim mátti þó ráða að hins „erlenda aðila“ væri helst leitað í Þýskalandi og ekki úr hópi þekktari fjármálastofnana.

Fjórum dögum eftir þetta, 17. desember 2002, sýna gögn rannsóknarnefndar að Ralf Darpe, annar ráðgjafi S-hópsins frá Société Générale, sendi Ólafi Ólafssyni svohljóðandi tölvupóst, með afriti á hinn ráðgjafa S-hópsins frá Société Générale, Michael Sautter:

„Olafur,

we have scheduled two meetings for you on Thursday:

3 p.m. Meeting with Mr. Gatti, Member of the board of Hauck & Aufhäuser and Mr. Zeil, Head of Structured Finance at Hauck & Aufhäuser.

5 p.m. Meeting with Mr. Lehmann, CEO of Seydler Bank

We would propose that you stay in the Frankfurter Hof, Tel.: [...] which is close by.

Let us know if we should book the Hotel for you and the Puffin or if we can organize anything else for you.“

„Let us know if we should book the Hotel for you and the Puffin or if we can organize anything else for you.“

- Úr tölvupósti Ralf Darpe til Ólafs Ólafssonar 17. desember 2002 varðandi fyrirhugaða fundi Ólafs í Frankfurt tveimur dögum síðar með þýskum bankamönnum, þar á meðal Peter Gatti og Martin Zeil af hálfu Hauck & Aufhäuser.

Af þessum tölvupósti má ráða að Darpe og Sautter hafi séð um að bóka fyrir Ólaf Ólafsson tvo fundi með þýskum bankamönnum í Frankfurt, sem átt hafi að fara fram tveimur dögum síðar, eða 19. desember 2002. Fyrri fundurinn var bókaður með (Peter) Gatti, sem þar var sagður stjórnarmaður í Hauck & Aufhäuser, og (Martin) Zeil, sem sagður var í tölvupóstinum forstöðumaður samsettrar fjármögnunar hjá sama banka. Síðari fundurinn skyldi vera með framkvæmdastjóra annars þýsks banka en óþarft telst að rekja það nánar hér. Í tölvupósti Darpe var svo stungið upp á hótalgistingu fyrir Ólaf í Frankfurt og að síðustu óskað eftir að hann léti vita hvort Darpe og Sautter ættu að bóka hótél fyrir Ólaf og „the Puffin“, þ.e. „Lundann“. Með síðustu orðunum var augljóslega skírskotað til einhvers einstaklings eða einstaklinga sem Darpe og Sautter væntu að myndu fylgja Ólafi í þessa funduferð til Frankfurt.⁶⁸

5.3.2 Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar

Við rannsókn nefndarinnar gáfu meðal annars skýrslu Kristján Loftsson, Margeir Daníelsson og Finnur Ingólfsson. Tveir hinir fyrstnefndu voru stjórnarmenn í Keri hf. á þessum tíma, þar af Kristján stjórnarformaður og hluthafi gegnum eignarhluti í öðrum félögum. Margeir var einnig framkvæmdastjóri Samvinnulífeyrissjóðsins sem var hluthafi í Keri hf. ásamt því að vera hluti af S-hópnum og beinn fjárfestir í kaupum á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Finnur Ingólfsson var þá nýorðinn forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. sem var hluti af S-hópnum og beinn fjárfestir í kaupunum auk óbeinnar fjárfestingar til viðbótar gegnum 0,5% eignarhald í Eglu hf.⁶⁹ Samanlagt stóðu Samvinnulífeyrissjóðurinn og VÍS að kaupum á um 21% þess hlutar sem seldur var.⁷⁰

Kristján, Margeir og Finnur höfnuðu því allir í skýrslum sínum fyrir rannsóknarnefndinni að hafa þá eða síðar haft nokkra vitneskju um baksamningana um hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. Af framburðum þeirra varð ekki annað ráðið en að atriði varðandi þátttöku Hauck & Aufhäuser í kaupunum á hlut ríkisins á Búnaðarbankanum sem þeim voru kynnt innan Kers hf. og S-hópsins, og þá af Ólafi Ólafssyni og öðrum sem unnu að málinu fyrir S-hópinum (sbr. nánar hér á eftir), hefðu verið á sömu leið og kynnt var opinberlega og gagnvart íslenskum stjórnvöldum.

68. Eins og nánar kemur fram síðar er ljóst af gögnum rannsóknarnefndarinnar sem varða baksamningana um hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. að viðurnefnið „Puffin“ var hjá þeim sem stóðu að baksamningunum jöfnum höndum notað annars vegar um það verkefni sem slíkt og hins vegar um fjármálafrirtækið Kaupþing hf., sem átti þátt í því á þann hátt sem áður var getið um og síðar verður lýst nánar.

69. Athuga ber að Finnur Ingólfsson var ráðinn forstjóri VÍS í lok september 2002 og tók formlega við starfinu 1. nóvember s.á. Söluferli Búnaðarbankans var þannig komið vel á veg þegar Finnur kom að málinu af hálfu VÍS sem forstjóri þess félags.

70. Nánari upplýsingar um skiptingu og hlutföll kaupanna innan S-hópsins er að finna í 3. kafla skýrslunnar í umfjöllun um kaupsamninginn 16. janúar 2003. Kaup Eglu hf., Samvinnulífeyrissjóðsins og VÍS hf. námu samtals um 92,4% kaupanna en Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, fjórða félagið í S-hópnum eins og hann leit út endanlega, keypti um 7,6% af hlutnum sem seldur var. Eins og fram kom fyrr í skýrslunni var Axel Gíslasyni, þáverandi framkvæmdastjóra Eignarhaldsfélagsins Samvinnutryggingar, sem skrifaði undir kaupsamninginn 16. janúar 2003 fyrir hönd þess félags, ekki fært af heilsufarsá-
stæðum að gefa skýrslu fyrir nefndinni.

Þetta fær stuðning í fyrirliggjandi gögnum rannsóknarnefndar að því leyti að engin gögn eða upplýsingar hafa komið fram við rannsókn nefndarinnar sem gætu gefið tilefni til að ætla að Kristján, Margeir og Finnur hafi verið viðriðnir eða haft vitneskju um baksamningana og ráðstafanir sem tengdust þeim.

Við rannsókn nefndarinnar hafa engin skjallag gögn komið fram sem fallið gætu undir fundargerðir S-hópsins sem slíks eða annars sérstök og sjálfstæð gögn um innra starf eða ákvarðanatöku hans, ef frá er talið hluthafasamkomulag sem gert var 16. janúar 2003 og vikið er að í kafla 3.2. Ljóst er að hópurinn var ekki sjálfstæður lögaðili, heldur óformlegur vettvangur fyrir samstarf nokkurra aðila um kaupin í Búnaðarbankanum. Þá tók samsetning hópsins breytingum þá mánuði sem söluferlið stóð. Af gögnum og upplýsingum rannsóknarnefndar má þó ráða að forsvarsmenn hópsins hafi átt með sér fundi á þessum tíma og það jafnvel oft á einstökum tímabilum. Engin gögn hafa þó komið fram um nánara efni eða niðurstöður slíkra funda.

Þá benda fyrirliggjandi gögn rannsóknarnefndar ekki til þess að aðrir forsvarsmenn félaga úr S-hópnum en Ólafur Ólafsson hafi haft nokkur umtalsverð afskipti af efnislegum viðræðum af hálfu S-hópsins við stjórnvöld um hin fyrirhuguðu kaup eða komið með beinum hætti nálægt þeim þætti málsins sem varðaði aðkomu erlendar fjármálastofnunar að tilboði S-hópsins. Framburðir Kristjáns Loftssonar, Margeirs Daniélsssonar og Finns Ingólfssonar fyrir rannsóknarnefndinni um það atriði voru á sömu leið.

Eins og áður hefur komið fram liggja einnig fyrir meðal gagna rannsóknarnefndar fundargerðir stjórnar Kers hf. frá þessum tíma. Þar áttu sæti meðal annarra Kristján Loftsson, Margeir Daniélsson og Ólafur Ólafsson (sem var varaformaður stjórnarinnar), það er fyrirvarsmenn tveggja af fjórum innlendum aðilum sem skipuðu S-hópinn. Auk þess hlutu mál varðandi þátt erlendar fjármálastofnunar í kaupunum eðli máls samkvæmt fyrst og fremst að koma til umræðu og úrlausnar hjá stjórn Kers hf., af þeirri augljósu ástæðu að fyrirhuguð þátttaka hinnar erlendu fjármálastofnunar var samtvinnuð þátttöku Kers hf. sjálfs í kaupunum sem óbein fjárfesting gegnum eignarhaldsfélag (Eglu ehf., síðar hf.) í nokkurn veginn jafnri eigu hennar og Kers hf. Ker hf. var jafnframt stærsti innlendi aðilinn í kaupendahópnum.

Ljóst er einnig að upplýsingagjöf Ólafs Ólafssonar um framgang ráðagerða og síðar tilboða og viðræðna við stjórnvöld um kaup á hlut í ríkisbönkunum, og síðar Búnaðarbankanum sérstaklega, má rekja langt aftur í fundargerðum stjórnar Kers hf., að því er virðist nokkurn veginn til upphafs síns og ná engin önnur gögn rannsóknarnefndarinnar svo langt aftur í tíma hvað það varðar. Samkvæmt þessu telur rannsóknarnefndin óhætt að telja fundargerðir Kers hf. almennt séð áreiðanlega heimild um þær upplýsingar sem Ólafur eða trúnaðarmenn hans í viðræðum við stjórnvöld veittu öðrum aðstandendum S-hópsins meðan á söluferlinu stóð. Á það ekki síst við þar sem upplýsingar í þeim eru að öllu leyti sem hér hefur þýðingu í samræmi við munnlega framburði hlutaðeigandi manna, það er fyrrum stjórnarmanna Kers hf. og forsvarsmanna í S-hópnum, fyrir rannsóknarnefndinni.

Af framburðum fyrrverandi stjórnarmanna Kers hf. og forsvarsmanna annarra félaga í S-hópnum fyrir nefndinni má beint og óbeint ótvírætt ráða að hvatamaðurinn og leiðtoginn í samstarfi S-hópsins um kaupin á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum hafi verið Ólafur Ólafsson. Rannsókn nefndarinnar þykir einnig hafa leitt ótvírætt í ljós að frá upphafi til enda var þátttaka S-hópsins í einkavæðingarferli ríkisbankanna, bæði Landsbankans fyrst í stað og síðar Búnaðarbankans, í öllum meginatriðum falin í hendur Ólafi og leidd af honum og mönnum sem líta verður á sem trúnaðarmenn hans. Annars vegar, og fyrst og fremst, var þá um að ræða Guðmund Hjaltason, þáverandi framkvæmdastjóra hjá Samskipum hf., sem ljóst er af gögnum og upplýsingum rannsóknarnefndar að kom að þessu ferli í gegnum Ólaf Ólafsson. Hins vegar er átt við tvímenningana frá Société Générale, Ralf Darpe og Michael Sautter.⁷¹ Af gögnum og upplýsingum nefndarinnar verður

„Ólafur var aðalhvatamaðurinn að því [að Ker hf. tók þátt í söluferli ríkisbankanna]. Hann er eldklár í svona bixi, svona, þannig að hann var sá sem var primus mótör í þessu. [...] hann leiddi þetta alveg. Og við hérna settum allt okkar traust á hann, enda ekki, enda klár gæi. Hann leiddi þetta alveg.“

- Úr skýrslu Kristjáns Loftssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. febrúar 2017.

„Ja, sá sem starfaði mest í þessu [verkefni um kaup á hlut í Búnaðarbankanum] var Ólafur Ólafsson, en, og Guðmundur Hjaltason var hans aðstoðarmaður.“

- Úr skýrslu Margeirs Daniélsssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. febrúar 2017.

„Rannsóknarnefnd Alþingis (RNA): [D]essi hópur sem við getum kallað S-hópinn, hefur jafnan verið kallaður það [...] hver var svona leiðtogi hans, hver sá um það að leiða þetta verkefni svona eftir þínu minni og þinni upplifun?

FI: Ee, stærsti kaupandinn.

RNA: Já. Eglá?

FI: Já.

RNA: Og forsvarsmenn væntanlega (FI: Já.) þess félags og þeirra sem voru þar inni?

FI: Já.“

- Úr skýrslu Finns Ingólfssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. febrúar 2017.

71. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að fyrir liggur, og hefur legið fyrir opinberlega allt frá því þessi atvik áttu sér stað, að Kristinn Hallgrímsson hrl., þá á lögmannsstofunni Fulltingi, sinni á öllum stigum söluferlis Búnaðarbankans því hlutverki að koma formlega fram fyrir hönd S-hópsins eða einstakra félaga innan hans gagnvart stjórnvöldum, til að mynda framkvæmdanefnd um einkavæðingu og síðar Fjármálaeftirlitinu. Að því er varðar þátt Kristins í þessu ferli skal tekið fram að fyrirliggjandi gögn og upplýsingar nefndarinnar benda ekki til annars en að sá þáttur hafi einskorðast við slíka umboðsmennsku Kristins sem lögmaður í viðræðum, samningsgerð og formlegum samskiptum við framkvæmdanefndina og önnur stjórnvöld. Engin gögn eða upplýsingar hafa þannig komið fram við rannsókn nefndarinnar sem gætu gefið tilefni til að

ráðið að fulltrúar franska bankans hafi komið að þessu ferli a.m.k. frá áliðnu sumri 2002 og að Ólafur hafi fengið þá til þess, að því er virðist á grundvelli eldri tengsla hans inn í Soci t  G n rale í P yskalandi,  n afskipta annarra stj rnarmanna Kers hf. e a forsvarsmanna annarra f laga   S-h pnum. A ild Gu mundar, Darpe og Sautter  d ferlinu kom því til vegna  lafs  lafssonar og bygg dist   beinum e a  beinum tengslum vi  hann sem  remningarnir h f u ekki   samsvarandi h tt vi   dra hluta eigandi   stj rn Kers hf. e a S-h pnum   þessum t ma. Samkv emt þessu, og  d virtum  ðrum g gnum og uppl singu ranns knarnefndarinnar, einkum þ  vitaskuld vitneskju og  dkomu þessara  riggja manna  samt  lafi  d hinum leynilegu baksamningum um hluti Hauck & Aufh user   Eglu hf. sem þessi kafli sk rslunnar var ar,  ykir me  r ttu ver a liti    þ  sem fulltr a og tr na armenn  lafs   þessu ferli en ekki, e a a.m.k. miklum mun fremur en, annarra stj rnarmanna Kers hf. e a forsvarsmanna   S-h pnum.

  kafla 3   sk rslunni voru me al annars dregin saman atvik laust fyrir mi jan desember 2002,   fyrsta lagi var andi þ  þegar Ralf Darpe kynnti fyrir stj rn Kers hf. 11. þ.m.  d franskir bankinn myndi ekki taka þ tt   fj rfestingu   B na arbankanum. Fram  d því benda b kanir   fundarger um stj rnar Kers hf. um þetta fr  vikunum   undan til þess  d gengi  hafi veri   t fr   d Ker hf. og Soci t  G n rale myndu, me   beinum h tti gegnum jafnt eignarhald og fj rm gun   eignarhaldsf laginu Eglu, standa saman  d langst rstum hluta fj rfestingar   B na arbankanum. Þ  hefur veri  ger  grein fyrir fundi  lafs  lafssonar og fleiri af h lfu S-h psins me  formanni framkv mdanefndar um einkav eingu tveimur d gum s  ar, samkv emt b kun   fundarger  framkv mdanefndarinnar, þar sem af h lfu S-h psins var  ska  eftir fresti   undirritun kaupsamnings og tilkynnt  d ekki yr i unnt  d „tilkynna um erlendan   ila“ fyrir en fyrst þ . R tt er  d taka fram  d engar markver ar uppl singar hafa fengist fram vi  sk rslut kur e a gagna flun ranns knarnefndarinnar umfram þ d sem þessi fundarger  framkv mdanefndarinnar greinir fr  um þetta. Jafnframt hefur ekkert komi  fram sem gefur tilefni til  d draga þessa samt mal singu atvika   efa.

  þessu t mamarki ver a  kve in straumhv rf   þessu ferli. Þannig ver ur ekki anna  s   en  d fyrst þarna,  d minnsta kosti eins og þ d var kynnt gagnvart stj rnarm nnum   Keri hf. og eftir atvikum  ðrum forsvarsm nnum f laga   S-h pnum, h tti Soci t  G n rale  d koma til greina sem hugsanlegur fj rfestir   kaupunum.

 rf um d gum s  ar, 17. desember 2002, liggur fyrir t lvup stur Ralf Darpe til  lafs  lafssonar, dagsettur þann dag, um fundi me  bankam nnum   Frankfurt. T lvup sturinn, sem vitna  var til   heild sinni   kaflanum, s nir tvennt.

  fyrsta lagi vir ist mega r  a af honum upphaf þess  d Hauck & Aufh user kom inn   þetta ferli. Af efni og samhengi t lvup stsins vir ist lj st  d Darpe (og eftir atvikum Sautter) hafi skipulagt fyrsta fund  lafs, a.m.k.   samhengi vi  þ u atvik sem h r er fjalla  um, me  þeim tveimur yfirm nnum fr  Hauck & Aufh user, Martin Zeil og Peter Gatti, sem s  ar komu  d ger  baksamninganna me  fulltr um  lafs og starfsm nnum Kaupþings hf. R tt er  d benda     þv  samhengi  d g gn nefndarinnar benda ekki til  d  drir  r h pi þ verandi yfirmanna Hauck & Aufh user hafi  tt þ tt   þessu verkefni af h lfu bankans. Þannig ver ur ekki anna  s   en  d Peter Gatti hafi veri  eini starfsma ur bankans sem kom fram opinberlega fyrir h nd hans vi  kaupin og raunar einnig    runum eftir þ u. Þ  ver ur ekki s    d  drir yfirmenn Hauck & Aufh user en Gatti og Martin Zeil, og þ  einkum s  s  arnefndi, hafi tengst ger  baksamninganna og s  ari framkv emd þeirra.

   ðru lagi er t lvup stur Darpe fyrsta skjali    t ma me al gagna ranns knarnefndarinnar sem  tv r tt m  r  a af  d Kaupþing hf. var komi  „um bor “   hin fyrirhugu u vi skipti me  hlut r kisins   B na arbankanum. Sk rskotun   t lvup stinum til „the Puffin“ sem hugsanlega  tti  d panta h telgistingu fyrir   Frankfurt samhli a  lafi  lafssyni v sa i þannig til Kaupþings hf., og þ  e lilega   reynd til einstaklings e a einstaklinga   vegum þess. Þetta er lj st af fj lrm rgum  ðrum g gnum ranns knarnefndar þar sem þetta vi urnefni kemur fram.⁷² Einnig m  telja lj st af samhengi og or alagi t lvup stsins  d þessu leyti  d

 tla  d Kristinn hafi  tt þ tt   undirb ningi, ger  e a s  ari framkv emd þeirra baksamninga um hluti Hauck & Aufh user   Eglu hf. sem þessi kafli sk rslunnar var ar.  ðru m li gegnir hins vegar um Gu mund Hjaltonson, Ralf Darpe og Michael Sautter, eins og komi  hefur fram og n nar ver ur raki  h r   eftir.

72. Sj  n nar   s  ari k flum sk rslunnar.

ráðagerðir um leynilega þátttöku Kaupþings hf. í þessu ferli hafi verið hafnar nokkru fyrir þann tíma sem tölvupósturinn var sendur og þar með áður en Hauck & Aufhäuser kom jafnframt að málinu, a.m.k. með endanlegum hætti. Ekki er þó unnt að fullyrða hversu löngu áður þar sem engra annarra gagna eða upplýsinga nýtur við um nánari tímasetningu þess.⁷³ Um upphaf og aðdraganda leynilegra afskipta Kaupþings hf. af þessum viðskiptum hefur rannsóknarnefndin þannig ekki frekari haldbærar upplýsingar.⁷⁴

Frá dagsetningu tölvupósts Darpe, 17. desember 2002, og fram til fyrstu daga janúar 2003, eða í rúmar tvær vikur, hefur rannsóknarnefndin ekki óyggjandi gögn eða upplýsingar við að styðjast um framgang undirbúnings að gerð baksamninganna. Í kafla 3 hér að framan var meðal annars gerð grein fyrir upplýsingum úr fundargerðum framkvæmdanefndar um einkavæðingu sem fyrir liggja um atvik undir lok söluferlis Búnaðarbankans í byrjun janúar 2003. Meðal annars var þar getið um upplýsingar sem hafðar voru eftir Ólafi Ólafssyni í samtali við formann framkvæmdanefndar um einkavæðingu, þess efnis að „samningar við erlenda fjármálastofnun væru langt komnir“. Einnig var gerð grein fyrir upplýsingum sem hafðar voru eftir erlendum ráðgjafa nefndarinnar þremur dögum síðar, 9. janúar 2003, um að hann teldi ónefndan erlendan banka sem kominn væri til liðs við S-hópin „góðan fjárfesti og vel ásættanlegan fyrir íslensk stjórnvöld“. Eins og nánar er rakið þar verður hins vegar ekkert ráðið af sömu fundargerðum um nafn þessarar erlendu fjármálastofnunar né nákvæmlega um það hvenær framkvæmdanefndin fékk nafn hennar fyrst gefið upp. Aðeins liggur fyrir að það gerðist fyrst örfáum dögum fyrir undirskrift kaupsamningsins 16. janúar 2003.

Hins vegar má ráða af fundargerð stjórnar Kers hf. 10. janúar 2003 að þann dag hafi Ólafur Ólafsson kynnt fyrir öðrum stjórnarmönnum í Keri hf. að Hauck & Aufhäuser „kæmi að Eglu hf. í þessu máli“ og að Martin Zeil, sem nefndur var lögmaður Hauck & Aufhäuser í fundargerðinni, „væri að yfirfara og skoða drög að skjölum og kynna sér löggjöf henni tengdri [svo] hérlendis“.

Vikur þá að umfjöllun um gerð baksamninganna frá og með þessum sama degi, 10. janúar 2003, samkvæmt þeim gögnum og upplýsingum sem komu fram við rannsókn nefndarinnar.

5.4 Janúar 2003: Gerð baksamninga um hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. og tengdar ráðstafanir

5.4.1 „Puffin“ – verkefnið

Á meðal gagna rannsóknarnefndar eru afrit tölvupóstsamskipta sem áttu sér stað á tímabilinu 10. til 16. janúar 2003 á milli Guðmundar Hjaltasonar, framkvæmdastjóra hjá Samskipum hf. og fulltrúa Ólafs Ólafssonar í söluferli Búnaðarbankans, Bjarka Diego, starfsmanns Kaupþings hf. og Martin Zeil, forstöðumanns lögfræðisviðs Hauck & Aufhäuser. Í þessum tölvupóstsamskiptum voru drög að baksamningunum og skjölum sem tengdust þeim beint eða óbeint send ítrekað á milli manna þriggja með breytingum, viðbótum og/eða athugasemdum hverju sinni, allt uns lokadrög baksamninganna lágu fyrir síðla kvölds 15. janúar 2003, það er kvöldið fyrir undirskrift þeirra - og kaupsamnings S-hópsins og íslenska ríkisins um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.

Hátt á annan tug slíkra draga að baksamningunum frá þessu tímabili liggja fyrir í gögnum rannsóknarnefndar, þó með mismiklum innbyrðis breytingum. Virk þátttaka í þessum tölvupóstsamskiptum einskorðaðist að meginstefnu við fyrrnefnda þrjá menn en einstakir

73. Rannsókn nefndarinnar hefur ekki leitt í ljós upplýsingar um hvort sú fundarferð til Frankfurt sem tölvupóstur Darpe varðaði var farin og þá hvernig hún fór nánar fram né hvaða einstaklingar hafi þá farið í þá ferð og setið slíka fundi. Þó óupplýst sé þannig hvort eða hvernig þessi fyrirhuguðu fundahöld í Frankfurt voru að endingu framkvæmd, eða annars þá hvernig samskipti Ólafs og Kaupþingsmanna við Hauck & Aufhäuser um baksamninganna fóru fyrst af stað, breytir það þó engu um þær upplýsingar sem skýrlega má ráða af tölvupóstinum samkvæmt framangreindu.

74. Þó má benda hér á að ítrekað hefur verið haldið fram opinberlega á liðnum árum að aðilar tengdir S-hópnum og Kaupþing hf. hafi síðari hluta árs 2002 gengið frá einhvers konar leynilegu samkomulagi um sameiningu Búnaðarbankans og Kaupþings hf. eftir væntanlega einkavæðingu þess fyrrnefnda, sem þá var í burðarliðnum. Eins og kunnugt er gekk slík sameining eftir vorið 2003. Slíkir fundir hafa verið sagðir hafa átt sér stað á skrifstofum eignarhaldsfélagsins Sunds í svonefndum litla turni Kringlunnar og hefur tímasetningin október 2002 verið nefnd í því sambandi. Ekkert óyggjandi kom fram með rannsókn nefndarinnar um þetta atriði né þá heldur nokkuð sem gæti bent til að samstarf um gerð og framkvæmd baksamninganna um hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. hefði þá e.t.v. einnig verið rætt eða ákveðið á slíkum fundum.

tölvupóstar voru langflestir einnig sendir sem afrit á stærri hóp viðtakenda, í sumum tilvikum þannig að slíkir viðtakendur afrita fengu afrit af nær öllum þessum tölvupóstum og fylgiskjölum þeirra. Aðilar að tölvupóstsamskiptunum, bæði virkir og óvirkir, eru annars nánar tilgreindir hér fyrir neðan. Einnig liggja fyrir í gögnum rannsóknarnefndarinnar afrit tölvupóstsamskipta innan Kaupþings hf. og dótturfélags þess, Kaupthing Bank Luxembourg S.A. (KBL), á sama tíma varðandi þær tengdu ráðstafanir sem Kaupþing hf. og KBL sáu um að framkvæma vegna baksamninganna.

Af þessum gögnum má ráða að verkefnið, sem aðilar lögðu áherslu á að leynd ætti að ríkja um, hafi einkum gengið undir viðurnefninu „Puffin“. Af gögnum rannsóknarnefndar er sömuleiðis ljóst að með viðurnefninu „Puffin“ í samskiptum og skjaladrögum aðila var einnig vísað til Kaupþings hf.

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar voru helstu aðilar að fyrrnefndum tölvupóstsamskiptum um gerð baksamninganna eftirtaldir einstaklingar, þ.e. annars vegar þeir sem helst áttu virkan þátt í þeim og hins vegar þeir sem að meginstefnu fengu aðeins send afrit af tölvupóstum og fylgiskjölum án þess að taka virkan þátt sjálfir.⁷⁵

Af hálfu Hauck & Aufhäuser sinnti Martin Zeil gerð baksamninganna eins og hún birtist í þessum tölvupóstsamskiptum. Að auki fékk Peter Gatti í sumum tilvikum afrit af umræddum tölvupóstum og skjaladrögum varðandi baksamningana.

Fyrir Kaupþing hf. vann Bjarki Diego, starfsmaður fyrirtækjaráðgjafar félagsins, helst að gerð baksamninganna, samkvæmt þessum tölvupóstsamskiptum. Að auki voru afrit flestra tölvupósta sem þá vörðuð einnig send til tveggja úr hópi æðstu stjórnenda Kaupþings hf., Hreiðars Más Sigurðssonar, aðstoðarforstjóra, og Steingríms P. Kárasonar, forstöðumanns áhættustýringar. Einnig fékk Kristján Þorbergsson, hæstaréttarlögmaður, sem ekki starfaði þá hjá Kaupþingi hf., svo kunnugt sé, í flestum tilvikum afrit af slíkum tölvupóstum. Að því er varðar innri tölvupóstsamskipti Kaupþings hf. og KBL um baksamningana og ráðstafanir tengdar þeim áttu sömu starfsmenn þessara félaga þátt í þeim en einnig fleiri starfsmenn, mismikinn eftir atvikum. Framkvæmdastjóri KBL, Magnús Guðmundsson, og Eggert J. Hilmarsson, lögfræðingur hjá KBL, áttu umtalsverðan og virkan þátt í þessu ferli á ýmsum stigum, einkum þá Eggert, varðandi þær ráðstafanir sem Kaupþing hf. og KBL sáu um að framkvæma vegna baksamninganna. Kristín Pétursdóttir, forstöðumaður fjárstýringar Kaupþings hf., átti einnig þátt í tölvupóstsamskiptum og ráðstöfunum innan Kaupþings hf. sem gerðar voru í tengslum við baksamningana.

Loks tók þátt í gerð baksamninganna þröngur hópur manna sem tengdust Ólafi Ólafssyni úr S-hópnum og atvikum sem skýrsla þessi varðar með þeim hætti að óhætt telst að líta á þá sem trúnaðarmenn Ólafs í söluferli Búnaðarbankans, enda þótt þeir hafi allir formlega komið að hinu opinbera söluferli bankans sem fulltrúar eða ráðgjafar S-hópsins.⁷⁶ Er þá fyrst og fremst átt við Guðmund Hjaltason, sem líkt og áður sagði átti virkan þátt í gerð baksamninganna og var á sama tíma var einn helsti samningamaður S-hópsins við framkvæmdanefnd um einkavæðingu um kaupin á Búnaðarbankanum. Hins vegar er þá átt við ráðgjafa S-hópsins frá Société Générale, Michael Sautter og Ralf Darpe. Afrit tölvupósta og draga að baksamningunum voru í flestum tilvikum einnig send til þeirra síðarnefndu, aðallega þá Sautter. Ólafur Ólafsson var einnig sjálfur, samkvæmt fyrirliggjandi gögnum rannsóknarnefndarinnar, tvisvar á fyrrnefndu tímabili í hópi þeirra sem Guðmundur sendi afrit af tölvupóstum og meðfylgjandi drögum að baksamningunum.

Tölvupóstarnir og skjöl sem þeim fylgdu í viðhengjum, einkum þá drögin að baksamningunum á hverjum tíma með breytingum og viðbótum frá einni útgáfu til annarrar, bera með sér að hafa að meginstefnu verið send á milli og samin eða fullgerð af Martin Zeil, Bjarka Diego og Guðmundi Hjaltasyni. Athugasemdir í tölvupóstunum benda einnig til þess að aðilar að tölvupóstsamskiptunum hafi þessu til viðbótar hist á fundum á sama tíma þar sem unnið hafi verið að undirbúningi baksamninganna.

75. Í umfangullun síðar í kaflanum um einstaka tölvupósta koma nánar fram sendendur og viðtakendur í hverju og einu tilviki og nánar er fjallað um efni tölvupóstanna, framvindu og þróun þessa ferlis og þátt hvers og eins af þeim sem hér eru taldir upp.

76. Sjá nánar um þetta í kafla 5.3.2 hér að framan.

Af þeim gögnum um baksamningana sem liggja fyrir hjá rannsóknarnefndinni má ráða að ákvarðanir um efni þeirra í grundvallaratriðum hafi legið fyrir áður en gerð þeirra var klárud á umræddu dagabili. Markmið og efni beggja samninganna er þannig frá fyrstu drögum að meginstefnu ljóst í þeim gögnum sem nefndin býr yfir. Með tölvupóstsamskiptunum og eftir atvikum öðrum samskiptum fyrrnefnds hóps manna þessa daga frá og með 10. janúar 2003 var endanlega gengið frá samningunum í einstökum atriðum og efni þeirra útfært nánar.

Eitt af því sem stóð eftir að ganga frá í samningunum voru fjárhagsleg atriði sem hlutu að velta á því hvernig um semdist endanlega á milli íslenska ríkisins og S-hópsins um kaupin á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Einkum er þá átt við það kaupverð sem S-hópurinn skyldi greiða en það lá ekki endanlega fyrir fyrr en undir lok þeirra samningaviðræðna. Upplýsingar um slík atriði voru auðveldlega aðgengilegar þeim sem stóðu að baksamningunum jafnskjótt og þær lágu fyrir milli ríkisins og S-hópsins vegna fyrrgreindrar þátttöku Guðmundar Hjaltasonar af hálfu S-hópsins í samningaviðræðunum við íslensk stjórnvöld. Gögn rannsóknarnefndarinnar sýna að Guðmundur kom upplýsingum og gögnum úr þeim samningaviðræðum, þar meðal upplýsingum um verð þegar samið hafði verið um það atriði, á framfæri við þá sem stóðu með honum að gerð baksamninganna.

Baksamningarnir voru því ekki eingöngu fullgerðir samhliða lokastigum samningsgerðar S-hópsins við framkvæmdanefnd um einkavæðingu heldur voru þeir af framangreindum ástæðum beintengdir og háðir henni í mikilvægum atriðum. Í þessu samhengi má til dæmis nefna, eins og síðar verður nánar lýst, að hinir leynilegu baksamningar bera sömu dagsetningu og kaupsamningur S-hópsins við íslenska ríkið um hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum, eða 16. janúar 2003, og voru samkvæmt tiltækum upplýsingum rannsóknarnefndarinnar undirritaðir þann sama dag á erlendra grundu.

Baksamningunum tengdust síðar fleiri samningar aðila sem og ýmsar ráðstafanir sem tengdust ákvæðum samninganna, bæði við gerð þeirra og síðar. Baksamningarnir tveir voru hins vegar grundvöllurinn að leynilegu samstarfi þeirra sem að þeim stóðu. Í því fólst að komið var fram og síðar viðhaldið þeirri röngu hugmynd að Hauck & Aufhäuser tæki þátt sem fjárfestir, og það stærsti einstaki fjárfestirinn, í kaupum S-hópsins á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum, eins og íslenskum stjórnvöldum og íslenskum almenningi var kynnt við þau kaup og ávallt síðan.⁷⁷ Baksamningarnir miðuðu jafnframt að því að tryggja raunveruleg yfirráð og á endanum hagsbætur annarra aðila af þeim hlut í Eglu hf. og þar með Búnaðarbankanum, síðar Kaupþingi-Búnaðarbanka hf. og KB banka hf., sem Hauck & Aufhäuser var opinberlega sagður kaupandi og svo eigandi að.

Hér á eftir verður greint frá atburðarásinni fyrrgreinda daga í janúar 2003 fram að undirskrift baksamninganna, nánar tiltekið gerð þeirra og tengdum ráðstöfunum á sama tíma. Ekki verður þá fjallað í smáatriðum eða til hlítar um efni baksamninganna (eða einstakra draga að þeim á hverjum tíma) en síðar er gerð nánari grein fyrir efni þeirra í endanlegri mynd.⁷⁸ Í viðaukum með skýrslunni eru báðir baksamningarnir einnig birtir í heild sinni auk fjögurra draga þeirra, ásamt meðfylgjandi tölvupóstum, frá tímabilinu 10. til 15. janúar 2003 meðan á gerð samninganna stóð.⁷⁹

Samhengis vegna þykir hins vegar rétt að gera á þessu stigi nokkra grein fyrir meginefni og –einkennum baksamninganna í grófum dráttum. Það er gert í rammagrein hér á eftir.

77. Í umfjöllun nefndarinnar er tekið mið af hefðbundinni merkingu hugtaksins „fjárfestir“ sem rannsóknarnefndin telur mega kalla alkunna og ekki gefa tilefni til raunhæfs ágreinings. Ekki fer heldur á milli mála að einmitt þannig var þátttöku Hauck & Aufhäuser í kaupunum, það er óbeinni fjárfestingu í Búnaðarbankanum gegnum Eglu hf., lýst á þeim tíma sem gengið var frá þeim. Þeirri almennu merkingu, a.m.k. að því leyti sem hér getur haft þýðingu, má lýsa svo að fjárfestir sé einhver sem leggur fram og bindur verðmæti á eigin áhættu (yfirléitt þá fjármagn og hvort heldur þá eigið fé eða lánsfjármagn) í eign eða starfsemi í því skyni að hagnast á slíkri fjárfestingu í framtíðinni.

78. Sjá kafla 5.5 hér á eftir.

79. Afrit baksamninganna eru birt í viðaukum með prentútgáfu skýrslunnar. Drögin að baksamningunum, ásamt meðfylgjandi tölvupóstsamskiptum, eru birt í viðaukum með vefútgáfu skýrslunnar.

Meginefni baksamninganna tveggja um hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf.

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar voru baksamningarnir, frá fyrstu drögum þeirra sem liggja fyrir og allt til endanlegrar útgáfu þeirra, tveir samhlíða og nátengdir samningar sem vísuðu hvor til hins og voru hvor fyrir sig sagðir óaðskiljanlegur hluti hins. Sem fyrr sagði liggur meginefni og tilgangur þeirra sömuleiðis í grundvallaratriðum skýr fyrir frá upphafi í þeim gögnum sem rannsóknarnefndin býr yfir.

Söluréttarsamningurinn (e. „Put Option Agreement“)

Annar samningurinn hafði að meginefni ákvæði um óafturkræfan sölurétt Hauck & Aufhäuser á hlutum bankans í Eglu hf. til aflandsfélags sem var gagnaðili bankans að samningunum.⁸⁰ Sölurétturinn var háður því eina skilyrði að tiltekinn tími liði en það skilyrði endurspegladi aftur tiltekið ákvæði í kaupsamningi S-hópsins við ríkið um Búnaðarbanka Íslands hf. um 21 mánaðar lágmarks tímalengd á eignarhaldi. Kaupverð aflandsfélagsins ef sölurétti væri beitt skyldi vera fjárhæð jöfn hlutafjárframlagi bankans til Eglu hf. Fjárhæðin skyldi þó aldrei vera hærri en 33.454.372 Bandaríkjadalir. Á móti var aflandsfélaginu veittur forkaupsréttur að hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. að uppfylltu því eina skilyrði að gilt tilboð hefði komið fram í þá, óháð fjárhæð slíks tilboðs. Kaupverð við beitingu forkaupsréttar var hins vegar fastsett og skyldi að hámarki vera jafnt áðurnefndu kaupverði í tilviki beitingar söluréttar, þ.e. 33.454.372 Bandaríkjadalir. Önnur ákvæði samningsins girtu svo í reynd fyrir að Hauck & Aufhäuser ráðstafaði hlutunum í Eglu hf. til neins nema aflandsfélagsins. Í samræmi við meginefni hans hafði þessi samningur og öll fyrirliggjandi drög að honum yfirskriftina „Put Option Agreement“. Hér verður vísað til hans sem „söluréttarsamningsins“.

Veð- og tryggingasamningurinn (e. „Pledge and Security Agreement“)

Hinn samningurinn hafði að meginefni ákvæði um það að aflandsfélagið greiddi inn á banka-reikning sinn hjá Hauck & Aufhäuser 35.454.372 Bandaríkjadali, sem væri jafngildi umsamins hlutafjárframlags bankans til Eglu hf. að viðbættum kostnaði, og skuldbindi sig til að ráðstafa ekki fjárhæðinni meðan samningurinn væri í gildi. Fjárhæðin var handveðsett bankanum sem trygging gegn öllum kröfum bankans vegna söluréttarsamningsins, sérstaklega þá kröfu til greiðslu kaupverðs samkvæmt þeim samningi. Þá kvað samningurinn á um að óháð nýtingu söluréttarins ábyrgðist aflandsfélagið skaðleysi Hauck & Aufhäuser af öllum verðsveiflum og verðlækkun á hlutabréfum í Búnaðarbankanum meðan samningurinn gildi sem og af hvers kyns tjóni bankans vegna fleiri nánar tilgreindra mögulegra atvika og aðstæðna. Í meginatriðum miðuðu þau ákvæði að því að tryggja Hauck & Aufhäuser skaðleysi af öllum hugsanlegum kostnaði og tjóni sem hlotist gæti á hagsmunum bankans vegna aðkomu hans að einkavæðingu Búnaðarbankans. Samningurinn hafði einnig að geyma ákvæði um þóknun Hauck & Aufhäuser fyrir að standa að baksamningunum. Hún var ákveðin samtals 1.000.000 evrur. Í samræmi við meginefni hans hafði þessi samningur og öll fyrirliggjandi drög að honum yfirskriftina „Pledge and Security Agreement“. Hér verður vísað til hans sem „veð- og tryggingasamningsins“.

Eins og fram kemur í meginmáli er gerð ítarlegri grein fyrir efni samninganna síðar í skýrslunni.

Nú verður vikið að framangreindum tölvupóstsamskiptum og þeirri leynilegu samninga-gerð sem átti sér stað með þeim og þau endurspeglar að öðru leyti á fyrrgreindu dagabili. Samhengis vegna fléttast inn í þá umfjöllun önnur atriði og atvik sem áttu sér stað meðan á gerð baksamninganna stóð og leiddu beint af efni þeirra, einkum um hvernig starfsmenn Kaupþings hf. stóðu að því að útvega aflandsfélag til að standa að samningunum, greiðslur Kaupþings hf. til Hauck & Aufhäuser í þágu aflandsfélagsins í samræmi við ákvæði baksamninganna og gerð lánssamnings við aflandsfélagið um þá sömu fjárhæð.

Um tungumál gagna skal þess almennt getið að þar sem útlendingar áttu hlut að máli eru mörg þeirra eðli máls samkvæmt á ensku, þar með vitaskuld öll gögn sem varða þá beint. Beinir tilvitnanir til slíkra gagna eru á frummáli en ef tilefni telst til eru annað hvort þýddir hlutar þeirra eða gefin óbein þýðing eða samantekt á helstu atriðum þeirra.

80. Greint er nánar frá aflandsfélaginu sem notað var í þessum tilgangi síðar í þessum kafla.

Í þágu skýrleika og viðleitni að forðast endurtekningar einskorðast sú umfjöllun sem fylgir að mestu við meginatriði baksamninganna og tengdar ráðstafanir. Að öðru leyti en þegar hefur komið fram, sbr. rammagrein hér á undan, vísast til síðari umfjöllunar um nánara efni baksamninganna. Ekki er þörf á að gera sérstaka eða tæmandi grein fyrir efni hverra draga þeirra fyrir sig eða smávægilegum breytingum sem varða ekki meginatriði og markmið þeirra.

Umfjöllun sem fer hér á eftir er að meginstefnu takmörkuð við lýsingu á efni þeirra gagna og upplýsinga sem rannsóknarnefndin býr yfir og framvindu atvika samkvæmt þeim. Um samantekt eða greiningu einstakra atriða og ályktanir rannsóknarnefndarinnar vísast hins vegar til sérstakra auðkenndra kafla í skýrslunni með slíku efni.

5.4.2 10. janúar 2003: Fyrstu fyrirbyggjandi drög baksamninga. Kaupþing útvegar aflandsfélag

Fyrstu drög baksamninganna sem liggja fyrir í gögnum rannsóknarnefndarinnar voru send með tölvupósti Guðmundar Hjaltasonar til Bjarka Diego laust eftir miðnætti aðfararnótt föstudagsins 10. janúar 2003 eða kl. 00:06. Tölvupóstinum fylgdu í viðhengi drög að báðum baksamningunum, það er annars vegar söluréttarsamningnum og hins vegar veð- og tryggingasamningnum. Tölvupósturinn hafði að öðru leyti ekkert efni.⁸¹

Þessi drög bera með sér að stafa frá Hauck & Aufhäuser að grunni til en hafa verið breytt af Guðmundi. Drögin að söluréttarsamningnum höfðu þá þegar að geyma nafn Hauck & Aufhäuser sem annars samningsaðila. Til hins samningsaðilans var í þeim drögum einungis vísað með skammstöfuninni „BVI“ (tilvísun til „British Virgin Islands“ eða Bresku-Jómfrúaejya), það er sem ótilgreinds aflandsfélags. Í drögum að veð- og tryggingasamningnum komu engin nöfn hinna tveggja samningsaðila fram heldur aðeins eyður í upphafi samningsins. Þar, og í meginmáli samningsins, var þó vísað til samningsaðilanna annars vegar sem „bankans“ (e. „the Bank“) og hins vegar sem „BVI“. Samningsdrögin sýna einnig að fyrri tilvísun til „BVI“ eða „aflandsfélags“ samkvæmt drögnum hafði verið „PUFFIN“.⁸²

Eins og áður hefur verið nefnt var meginefni samninganna, miðað við endanlega gerð þeirra, komið fram í grundvallaratriðum strax með þessum drögum og nægir því um nánari lýsingu á helsta efni þeirra að vísa til fyrri umfjöllunar um meginefni samninganna.

Að morgni sama dags, föstudagsins 10. janúar 2003, kl. 08:53 fékk Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri KBL, tölvupóst frá Karim Van den Ende, belgískum ríkisborgara sem rak (og rekur raunar enn við útgáfu skýrslu þessarar) fyrirtækjapjónustu í Lúxemborg. Hann veitti KBL þá og síðar umtalsverða þjónustu á því sviði, einkum við að útvega og sýsla með aflandsfélög sem bankinn eða viðskiptavinir hans notuðu í viðskiptum. Sú starfsemi Van den Ende fór einkum fram í gegnum félag hans í Lúxemborg, KV Associates S.A.⁸³ Í tölvupósti Van den Ende kom fram að í samræmi við símtal þeirra Magnúsar daginn áður væri meðfylgjandi listi af tiltækum félögum skráðum á Bresku-Jómfrúaejyum (e. „BVI companies“). Í framhaldi voru tilgreind nöfn sex slíkra félaga og kvaðst Van den Ende bíða frekari fyrirsmála.

„Þetta er nú ljóta súpan.“

- Magnús Guðmundsson í tölvupósti til Eggerts J. Hilmarssonar og Karim Van den Ende 10. janúar 2003 kl. 9:39.

Magnús svaraði tölvupóstinum um klukkustund síðar með þeirri einu athugasemd sem fram kemur hér til hliðar og bætti þá við Eggert J. Hilmarssyni, lögfræðingi hjá KBL, sem viðtakanda. Einni klukkustund síðar sendi hann annað svar við tölvupóstinum en nú aðeins á Eggert. Þar sagði: „Notum WELLING & PARTNERS LIMITED“. Það félag var meðal þeirra sem talin voru upp í tölvupósti Van den Ende. Eggert svaraði því skeyti stuttu síðar og kvaðst búinn að staðfesta það við Van den Ende og samningur um „umsjón Karims“ væri til yfirferðar.

Sama morgun kl. 10:43 sendi Steingrímur Kárason tölvupóst til Bjarka Diego. Í efnislínu hans kom fram að „HMS“, þ.e. Hreiðar Már Sigurðsson, aðstoðarforstjóri Kaupþings, vildi að „MG“, þ.e. Magnús Guðmundsson, fyndi lögfræðing í Lúxemborg sem „fengi umboðið“. Tölvupósturinn hafði ekkert efni að öðru leyti. Bjarki Diego áframsendi þennan tölvupóst

81. Tölvupósturinn og fylgiskjöl hans, samningsdrögin tvö, eru birt í viðauka með vefútgáfu skýrslunnar.

82. Það viðurnefni vísaði til Kaupþings hf. eins og komið hefur fram hér á undan.

83. Eins og fram mun koma átti það félag síðar ýmsan frekari þátt í þeirri atburðarás sem hér er rakin.

án viðbóta tafarlaust til Magnúsar Guðmundssonar og Eggerts J. Hilmarssonar. Mínútum síðar ítrekaði Bjarki erindið við Magnús með þeirri athugasemd að viðkomandi „[yrði] að vera einhver sem [þeir gætu] treyst 100% og [gæti] gengið strax og fyrirvaralítið í málin“.

Stuttu eftir að Bjarki sendi síðastnefndan tölvupóst eða kl. 11:30 sendi hann Kristjáni Þorbergssyni, Steingrími Kárasyni og Hreiðari Má Sigurðssyni tölvupóst með yfirskriftinni „Side Letter o.fl.“ Með tölvupóstinum fylgdu tvö viðhengi, annars vegar lítillaga breytt drög að söluréttarsamningnum sem Bjarki hafði fengið send frá Guðmundi Hjaltasyni nóttina áður og hins vegar uppkast að svonefndu „Side Letter“ (hliðarsamkomulagi) í skjali með því heiti. Ekki telst nauðsynlegt að rekja efni þess hér nema í meginatriðum. Það hafði að geyma drög að viðtækri skaðleysisfirlýsingu til handa Hauck & Aufhäuser vegna aðildar bankans að baksamningunum. Sá sem slíka yfirlýsingu gaf samkvæmt uppkastinu var ekki sérstaklega tilgreindur í því en auðkenndur með eyðu („.....“) og viðurnefninu „Puffin“.⁸⁴

Laust fyrir hádegi þennan dag sendi Bjarki Diego starfsmanni á fyrirtækjasviði Kaupþings hf. tölvupóst, með afritum til Steingríms og Hreiðars Más. Í tölvupóstinum gaf Bjarki fyrirmæli um gerð lánsamnings fyrir aflandsfélagið. Tölvupósturinn hljóðaði svo:

„Vísu til samtals okkar fyrir stundu vegna lánsamnings sem þarf að útbúa.

Lántaki er Welling & Partners, félag stofnað á British Virgin Islands (ég læt þig hafa upplýsingar um heimilisfang og skráningarnr. um leið og ég fæ þær upplýsingar).

Lánið er að fjárhæð € 32 milljónir, til tveggja ára, ber 3,00% vexti yfir 12 mánaða LIBOR en auk þess skal greiða 0,75% lántökugjald (prepayment fee) sem leggst við höfuðstól – sem hækkar þá í € 32,24 milljónir. Höfuðstóll og vextir skulu greiddir í einu lagi á gjalddaga sem er tveimur árum eftir dagsetningu samningsins.

Það eru engar tryggingar, en Negative Pledge, Anti – Disposal og í raun allir restrictive covenantar sem okkur dettur í hug. Þá mun lánveitandi öðlast veð í öllu því sem lantaki kann að eignast.

Eins og ég sagði áðan þá liggur mikið við að þessi samningur klárast hið fyrsta.

Vinsamlegast hafðu samband ef þú hefur einhverjar spurningar eða athugasemdir vegna þessa.“

Steingrímur Kárasyni áframsendi þennan tölvupóst tveimur mínútum síðar til Þórðar Jónssonar, starfsmanns áhættustýringar Kaupþings hf., með þeirri athugasemd að hann „[fylgdi] þessu eftir með [sama starfsmanni á fyrirtækjasviði Kaupþings] en þetta [þyrfti] helst að vera til í dag“. Umræddur starfsmaður á fyrirtækjasviði Kaupþings svaraði tölvupósti Bjarka um stundarfjórðungi síðar. Í honum kom fram að starfsmaðurinn gæti lagt málið fyrir næsta lánanefndarfund (sem átti samkvæmt tölvupóstinum að fara fram „næsta mánudag“ eða strax eftir helgina sem þá fór í hönd) en hann myndi hefja skjalgæringu samdægurs.

Gögn rannsóknarnefndar sýna að á sama tíma þennan dag skiptust Bjarki Diego og fyrrnefndir starfsmenn KBL, Magnús og Eggert, á tölvupóstum um það að útvega formleg gögn varðandi aflandsfélagið Welling & Partners Limited og stjórn Karims Van den Ende á því eða umboð hans til að fara með hagsmuni þess. Samskiptin sýna einnig að þennan dag var afráðið að Van den Ende myndi sinna því hlutverki og tæki beint, þ.e. án sérstakrar milligöngu KBL ef því væri að skipta, við fyrirmælum um það frá Kaupþingi hf. á Íslandi.

Af gögnum rannsóknarnefndar um þessi samskipti umræddan morgun innan Kaupþings hf. má ráða að töluvert hafi legið á að koma þessu verkefni fram. Í því sambandi má vísa til tölvupósts Bjarka um lánsamninginn sem áður var vitnað til og þeirra ummæla úr tölvupósti hans sem vitnað er til hér til hliðar og sendur var Magnúsi og Eggerti laust fyrir hádegi. Á meðal þess sem Bjarki bað um og fékk með tölvupósti frá starfsmönnum KBL var ljósrit af vegabréfi Karim Van den Ende. Skömmu eftir hádegi áframsendi hann tölvu-

„HMS vill að MG finni lögfræðing í Lux sem fær umboðið“

[...]

„Verður að vera einhver sem við getum treyst 100% og getur gengið strax og fyrirvaralítið í málin.“

- Úr tölvupóstsamskiptum Steingríms Kárasynar, Bjarka Diego og Magnúsar Guðmundssonar 10. janúar 2003.

84. Eins og áður sagði er ljóst af gögnum rannsóknarnefndarinnar þar sem viðurnefnið „Puffin“ kemur fyrir að með því var vísað til Kaupþings hf. Rétt er að fram komi að gögn rannsóknarnefndar gefa ekki tilefni til að ætla að við endanlega gerð og undirskrift baksamninganna hafi verið undirritað neitt sérstakt hliðarsamkomulag, hvorki með þessu efni né öðru. Hins vegar höfðu baksamningarnir sjálfir að geyma viðtæk skaðleysisákvæði til handa Hauck & Aufhäuser, eins og áður var getið um og síðar verður nánar rakið.

„Það bólar ekkert á stofngögnum frá BVI – og gagnaðili lemur á mér;”

- Bjarki Diego í tölvupósti til Magnúsar Guðmundssonar og Eggerts J. Hilmarssonar 10. janúar 2003 kl. 11:49.

„For the attention of Mr. Ralf Darpe. / Attached is the passport of Karim Van den Ende, director of Remp Co. Ltd.“

- Bjarki Diego í tölvupósti til Guðmundar Hjaltasonar 10. janúar 2003 kl. 13:08.

„[...] Þá hafa [Hauck & Aufhäuser] stillt upp tillögu að Side Letter (Side Letter Hauck & Aufhäuser) sem gengur heldur lengra en það sem við leggjum til. Við þurfum að fara yfir þetta og ræða áður en við hittum þá aftur.

Hef einnig gert smávægilega breytingu á 2. gr. Put Option samningsins, til að leggja á það áherslu að með ákvæði um forkaupsrétt er ekki á nokkurn hátt verið að veita sérstaka undanþágu frá söluhömlum í 8. gr.“

- Úr tölvupósti Bjarka Diego til Kristjáns Þorbergssonar, Hreiðars Más Sigurðssonar og Steingríms Kárasonar 10. janúar 2003 kl. 12:48.

póst með afriti af vegabréfi Van den Ende á PDF-formi til Guðmundar Hjaltasonar. Bjarki lét fylgja athugasemd á ensku um að tölvupósturinn væri ætlaður (e. „for the attention of“) Ralf Darpe og að með fylgdi vegabréf Karim Van den Ende, stjórnanda Remp Co. Ltd.⁸⁵ Ljóst er af samhengi og orðalagi tölvupóstsins að Guðmundi var ætlað að áframsenda póstinn og afritið af vegabréfinu til Ralf Darpe.

Skömmu eftir hádegi sendi Bjarki Diego ný drög að báðum baksamningunum og tvö drög að hliðarsamkomulagi (e. „Side Letter“; sbr. áður) til Kristjáns Þorbergssonar, Hreiðars Más og Steingríms. Í tölvupóstinum lýsti hann breytingum á baksamningunum sem Hauck & Aufhäuser hefði krafist. Einnig kom fram að Hauck & Aufhäuser hefði gert tillögu að hliðarsamkomulagi fyrir sitt leyti. Önnur þeirra draga að hliðarsamkomulagi sem fylgdu þessum tölvupósti Bjarka voru auðkennd Hauck & Aufhäuser. Þá setti Bjarki fram athugasemdir varðandi forkaupsréttarákvæði söluréttarsamningsins. Tölvupósturinn hljóðaði svo:

„Meðf. eru nýjar útgáfur af Side Letter, Pledge Security Agreement og Put Option Agreement.

Hauck & Aufhäuser hefur krafist innfelldrar breytingar á 3. gr. í Pledge Security Agreement, auk viðauka við 1. gr. í Put Option Agreement (gr. 1 (d)), vegna nauðsynlegra breytinga sem gera verður á hluthafasamkomulagi og samþykktum Eglu til þess að unnt sé að nýta sölurétt. Þá hafa [Hauck & Aufhäuser] stillt upp tillögu að Side Letter (Side Letter Hauck & Aufhäuser) sem gengur heldur lengra en það sem við leggjum til. Við þurfum að fara yfir þetta og ræða áður en við hittum þá aftur.

Hef einnig gert smávægilega breytingu á 2. gr. Put Option samningsins, til að leggja á það áherslu að með ákvæði um forkaupsrétt er ekki á nokkurn hátt verið að veita sérstaka undanþágu frá söluhömlum í 8. gr.

Gögn vegna BVI félagsins eru komin og [starfsmaður á fyrirtækjasviði Kaupþings hf.] er að vinna í lánsamningnum.“

Umrædd drög Hauck & Aufhäuser að hliðarsamkomulagi aðila voru stutt, aðeins um þriðjungur úr blaðsíðu. Af samhengi þessara gagna og annarra er ljóst að hliðarsamkomulagið var hugsað milli Kaupþings hf. annars vegar og Hauck & Aufhäuser hins vegar. Drögin að hliðarsamkomulaginu gerðu í meginatriðum ráð fyrir því að Kaupþing hf. lýsti því yfir að hafa fulla vitneskju um baksamningana milli Hauck & Aufhäuser og aflandsfélagsins, ábyrgðist skilyrðislaust ábyrgðir, tryggingar og skuldbindingar aflandsfélagsins samkvæmt baksamningunum og afsalaði sér hvers konar vörnum eða mótbárum að því leyti.⁸⁶

Síðdegis þennan dag sendi Kristín Pétursdóttir, þáverandi forstöðumaður fjárfstýringar Kaupþings hf., tölvupóst til Hreiðars Más og Steingríms. Í honum gerði Kristín grein fyrir niðurstöðu athugunar og fyrirsögnar, sem sjá má að hafa verið lauslegar, um Hauck & Aufhäuser. Yfirskrift tölvupóstsins var „H&A“. Tölvupósturinn hljóðaði svo:

„Heyrði í Andreu hjá BLB í München, hún sagði að þetta væri gamalgróinn banki með gott orðspor, ættum ekki að þurfa að hafa neinar áhyggjur af lánstrausti þeirra, pottþéttur banki. BLB á 10% í bankanum.

Alex í Lux, heimsótti bankann þeirra í Lux fyrir um ári síðan, og hann hafði svipaða sögu að segja. Enginn business kominn út úr þessari heimsókn ennþá, en ef við gerum þetta með þeim, ættum við að reyna að fylgja því eftir með línunum fyrir lux eða okkur.

Set heimsóknarskýrslu og uppl. úr Bankers Almanac á borðið hjá þér Steingrímur.“

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar er að síðustu einnig dagsett þennan dag, 10. janúar 2003, svonefnt „Beneficial Owner Agreement“ (sem þýða má sem „Samkomulag við raunverulegan eiganda“) á milli fyrrnefnds félags Karim Van den Ende, KV Associates

85. Formlega var hafður sá háttur á að stjórn Karim Van den Ende á Welling & Partners Limited væri í gegnum aflandsfélagið Remp Co. Ltd., sem hann stýrði einnig. Að gætti þessari skýringu er í skýrslunni eftirleiðis horft í gegnum það fyrirkomulag að láta þannig Remp Co Ltd. standa á milli Karim Van den Ende og Welling & Partners, að því marki sem gögn rannsóknarnefndarinnar bera slíkt fyrirkomulag á annað borð með sér, enda ljóst að það hafði enga raunhæfa þýðingu.

86. Eins og fyrr sagði benda gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar ekki til þess að neitt hliðarsamkomulag af þessu tagi hafi verið gert samhliða baksamningunum þegar endanlega var gengið frá þeim. Hins vegar geymdu baksamningarnir sjálfir efnislega sambærileg ákvæði um skaðleysi Hauck & Aufhäuser gagnvart aflandsfélaginu sem varð gagnaðili bankans að baksamningunum, Welling & Partners.

S.A., og félags með heitinu Serafin Shipping Corp., skráðu á Tortóla á Bresku-Jómfrúaeypjum. Í samkomulaginu var KV Associates S.A. skilgreint sem „the Corporate Agent“ (sem þýða má sem „umboðsaðili“) en Serafin Shipping Corp. sem „the Beneficial Owner“ eða „raunverulegi eigandinn“.

Af gögnum rannsóknarnefndarinnar er ljóst að raunverulegur eigandi Serafin Shipping Corp. var Ólafur Ólafsson. Aflandsfélagið var hins vegar í umsjón KBL og hafði verið útvegað af þeim banka til að nota í viðskiptum Ólafs, sem hafði þá þegar lengi verið í hópi viðskiptamanna bankans. Meginefni samkomulags þessara félaga Karim Van den Ende og Ólafs Ólafssonar var að KV Associates skyldi fara með stjórn Welling & Partners Limited eftir fyrirmælum, fyrir hönd og samkvæmt óskum hins raunverulega eiganda, þ.e. Serafin Shipping Corp. Önnur ákvæði samkomulagsins kváðu nánar á um hvernig þeirri þjónustu yrði sinnt og um réttarsamband samningsaðila.⁸⁷ Undir þetta samkomulag, dagsett í Lúxemborg áður nefndan dag, rituðu Karim Van den Ende af hálfu KV Associates S.A. og Eggert J. Hilmarsson og Magnús Guðmundsson, starfsmenn KBL, af hálfu hins raunverulega eiganda, Serafin Shipping Corp.

5.4.3 11. og 12. janúar 2003: Ný drög baksamninga. Fyrstu drög að hluthafasamkomulagi o.fl. fyrir Eglu hf.

Eftir hádegi laugardaginn 11. janúar 2003 sendi Guðmundur Hjaltason ný drög að báðum baksamningunum til Ralf Darpe, Hreiðars Mús Sigurðssonar, Kristjáns Þorbergssonar, Michael Sautter, Ólafs Ólafssonar, Martin Zeil, Bjarka Diego og Steingríms Kárasonar.⁸⁸ Í þessum drögum baksamninganna var búið að færa inn nafn Welling & Partners Limited (einkum vísað til hér eftir sem Welling & Partners), aflandsfélagsins sem valið var daginn áður til að nota sem gagnaðila Hauck & Aufhäuser að baksamningunum.

Daginn eftir, sunnudaginn 12. janúar 2003, sendi Bjarki Diego tölvupóst til Steingríms Kárasonar, Hreiðars Mús Sigurðssonar og Kristjáns Þorbergssonar með drögum beggja baksamninganna. Í tölvupóstinum tók Bjarki fram að engar efnislegar breytingar sem máli skiptu hefðu orðið á drögnum og bera þau það með sér. Fram kom einnig að Bjarki teldi „unnt að undirrita þessa samninga“ að því gefnu að önnur nánar tilgreind gögn væru „í réttu lagi“ en þar gat hann nánar tiltekið um samþykktir og hluthafasamkomulag fyrir Eglu hf. og kaupsamning Hauck & Aufhäuser um hlut í félaginu.

Eins og áður kom fram var efni baksamninganna eðli máls samkvæmt að mörgu leyti tengt og háð því hvernig um semdist milli S-hópsins og íslenska ríkisins um kaupin á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum en þær viðræður voru þá á lokastigi. Eitt helsta atriðið þar var kaupverðið sjálft. Grunnforsenda baksamninganna var að Hauck & Aufhäuser væri ávallt tryggð endurgreiðsla á öllu umsömdu fjárframlagi sínu til Eglu hf. vegna þátttöku þess félags í kaupunum. Það fjárframlag hlaut að ráðast af endanlegu kaupverði fyrir hlutinn í Búnaðarbankanum. Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar áttu Bjarki Diego og Guðmundur Hjaltason í samskiptum þennan dag um hvort komið væri endanlegt kaupverð. Bjarki sendi Guðmundi fyrirspurn um það sem Guðmundur svaraði neitandi en boðaði frekari svör daginn eftir. Nánar er vitnað til þeirra samskipta hér til hliðar.

Þennan dag sendi Guðmundur Hjaltason einnig enska þýðingu á hluthafasamkomulagi fyrir Eglu hf. til Martin Zeil, Ralf Darpe, Hreiðars Mús Sigurðssonar, Kristjáns Þorbergssonar, Michael Sautter og Steingríms Kárasonar. Guðmundur lét fylgja með til viðtakenda athugasemd á ensku um að hann vonaði að samkomulagið væri í samræmi við „hina samningana“ (e. „Hope this is in accordance with the other agreements.“). Í samræmi við áætlanir um eignarhald að Eglu hf. bar hluthafasamkomulagið með sér að vera milli Hauck & Aufhäuser, Kers hf. og Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) þar sem eignarhaldi Eglu hf. væri skipt þannig að Hauck & Aufhäuser ætti 50%, Ker 49% en VÍS 1% í félaginu.

87. Ekki þykir ástæða til að fjalla frekar um þetta samkomulag af eftirfarandi ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess að áður en baksamningarnir voru kláraðir, nokkrum dögum eftir þetta, má telja ljóst af öðrum og síðari gögnum sem gengið var frá að ekki var að endingu gert ráð fyrir að Serafin Shipping Corp. teldist raunverulegur eigandi Welling & Partners heldur helst slíkt eignarhald áfram hjá Kaupþingi hf. (sjá nánar síðar í þessum kafla). Í öðru lagi stóð KBL að því á árinu 2005 að gerðar voru aðrar ráðstafanir, í nafni annarra aflandsfélaga, með eignarhald Welling & Partners Limited sem ljóst er að luttu að fyrirhugaðri skiptingu hagnaðar af viðskiptum á grundvelli baksamninganna (sjá nánar kafla 5.8). Í þriðja lagi kom annað aflandsfélag Ólafs Ólafssonar síðar í stað Serafin Shipping Corp. sem rétthafi að hagsmunum vegna viðskipta á grundvelli baksamninganna (sjá nánar kafla 5.8 og 5.9).

88. Tölvupósturinn og fylgiskjöl hans, samningsdrögin tvö, eru birt í viðauka með vefútgáfu skýrslunnar.

BD: „Er komið endanlegt kaupverð??“

GH: „Sæll. / Nei.“

BD: „Eru einhverjar líkur til þess að við vitum það í fyrramálið, þar sem mér virðist sem samningarnir (þ.e. Put og Pledge) séu klárir að öðru leyti?“

GH: „Já, það verður hist á morgun til að klára verðið. Verð í sambandi.“

- Tölvupóstsamskipti Bjarka Diego og Guðmundar Hjaltasonar 12. janúar 2003.

Tilgangur hluthafasamkomulagsins var sagður að staðfesta með formlegum hætti þær reglur sem gilda skyldu milli aðila þess um ráðstöfun hluta í Eglu hf. og ákvarðanatöku innan félagsins. Einstök ákvæði samkomulagsins sneru svo einkum að þessum atriðum en einnig fyrirhugaðri hlutafjárútkningu í félaginu til að standa straum af væntanlegum greiðslum vegna þátttöku þess í kaupunum á Búnaðarbankanum.

Eftir viðtöku á fyrrnefndum drögum að hluthafasamkomulagi Eglu hf. frá Guðmundi Hjaltasyni sendi Bjarki Diego að kvöldi þessa dags Kristjáni Þorbergssyni, Hreiðari Má Sigurðssyni og Steingrími Kárasynti tölvupóst með eftirfarandi athugasemd um drögin:

„Er ekki rétt að setja inn í hluthafasamkomulagið ákvæði um að félaginu skuli slitið ef (og þegar) Hauck & Aufhäuser selur sinn hlut, eftir að söluhömlum hefur verið aflétt?

Ræðum þetta á morgun.“⁸⁹

5.4.4 13. janúar 2003: Lánveiting Kaupþings hf. til Welling & Partners og tengd atriði. Ný drög og áframhaldandi gerð baksamninga

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar átti Bjarki Diego af hálfu Kaupþings hf. í samskiptum við Martin Zeil hjá Hauck & Aufhäuser mánudaginn 13. janúar 2003 varðandi stofnun bankareiknings hjá Hauck & Aufhäuser fyrir Welling & Partners Limited. Á meðal gagna nefndarinnar eru þar til gerð eyðublað Hauck & Aufhäuser, fyllt út fyrirfram af Hauck & Aufhäuser að stærstum hluta með viðeigandi upplýsingum, sem Zeil sendi Bjarka af þessu tilefni. Annað eyðublaðið varðaði stofnun bankareiknings en samkvæmt því stofnaði Welling & Partners tvo bankareikninga hjá Hauck & Aufhäuser, annan í evrum og hinn í Bandaríkjadöllum. Það eyðublað liggur fyrir í gögnum rannsóknarnefndarinnar undirritað af Karim Van den Ende með dagsetningunni 13. janúar 2003. Hitt eyðublaðið var tengt þýskum reglum, og um leið samsvarandi alþjóðlegum reglum, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka („peningaþvættisreglur“).⁹⁰ Um þetta eyðublað setti Zeil fram þá athugasemd við Bjarka að vegna þýskra peningaþvættisreglna yrði Van den Ende að upplýsa bankann í sérstakri yfirlýsingu um að bankareikningur Welling & Partners Limited væri ekki notaður fyrir félagið sjálft heldur fyrir Kaupþing hf. sem raunverulegan eiganda eða þann sem nyti hagsbóta af fjármununum (á þýsku „wirtschaftlich Berechtigter“, á ensku „economical beneficiary“).⁹¹ Eyðublaðið sem ætlað var fyrir þessa yfirlýsingu var á þýsku og hafði sem fyrr segir verið fyllt að mestu út af hálfu Hauck & Aufhäuser, þar á meðal dagsetningin 9. janúar 2003. Í eyðublaðinu var tvívegis fært inn heiti Kaupþings hf. á ensku („Kaupthing Bank HF“) sem raunverulegs eiganda eða „hag-hafa“ af notkun umræddra bankareikninga Welling & Partners. Þetta atriði kom aftur upp í síðari samskiptum aðila með tilteknum hætti, eins og lýst verður frekar hér á eftir.

Laust eftir hádegi þennan dag sendi Bjarki Diego Eggerti J. Hilmarssyni tölvupóst á ensku sem varðaði stofnun bankareikninga fyrir Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser, lán Kaupþings hf. til félagsins og baksamninga þess við Hauck & Aufhäuser. Í tölvupóstinum var farið yfir það sem gera þurfti að þessu leyti. Þar sem tölvupósturinn er á ensku en sendandi og viðtakandi báðir Íslendingar virðist hann einnig hafa verið ætlaður Karim Van den Ende sem eins konar fyrirmæli eða verkefnalisti til hans. Tölvupóstinum fylgdu einnig drög að baksamningunum eins og þau stóðu þá. Tölvupósturinn hljóðaði svo:

„Eggert,

I refer to our conversation earlier.

Regarding Welling & Partners Ltd., there are a few issues in relation to signing of documents and timing issues that need to be borne in mind.

Welling & Partners Ltd. need to open an account with Hauck & Aufhäuser and enter into

89. Vegna sendingar Guðmundar Hjaltasonar á hluthafasamkomulagi Eglu hf. til stjórnenda Kaupþings hf. og ofangreindrar athugasemdar Bjarka Diego til samstarfsmanna hans hjá Kaupþingi hf. um efnisatriði þess er rétt að hafa í huga að Kaupþing hf. átti á þessum tíma formlega og opinberlega engan hlut í, eða nokkra hagsmuni af, Eglu hf.

90. Reglur sem hér eru nefndar til styttingar peningaþvættisreglur fela almennt í sér að þeim sem undir þær falla, m.a. bönkum og fjármálafyrirtækjum, ber að kanna áreiðanleika og bakgrunn viðskiptamanna sinna með tilteknum hætti áður en til viðskipta er stofnað. Ein helsta skyldan í því sambandi er í meginatriðum að aflað sé fullnægjandi upplýsinga um raunverulegan eiganda lögaðila eða hagsmuna sem tengjast fyrirhuguðum viðskiptum.

91. Til er á íslensku orðið „haghafi“ sem virðist mega nota um þetta og er það gert eftirleiðis til styttingar.

the following agreements: A Loan Agreement with Kaupthing Bank, a Put Agreement with Hauck & Aufhäuser and a Pledge and Security Agreement with Hauck & Aufhäuser.

We are currently working on the Loan Agreement and the other agreements are attached in draft versions.

All documents must be signed no later than on Thursday morning [16. janúar 2003 – viðbót RNA]. However, I would suggest that the account with [svo] Welling & Partners Ltd. should be opened as soon as possible since monies have already been transferred to the account. The same applies for the Loan Agreement, I would suggest that it would be signed as soon as it is in place, hopefully later today. As regards the Put Agreement and the Pledge and Security Agreement, the documents will not be signed until Wednesday at the earliest.

I could e-mail the Loan Agreement to Kaupthing Bank Luxembourg once it is ready and I would suggest that the director of Remp Co. Ltd. would sign the other documents at the offices of Hauck & Aufhäuser in Luxembourg.⁹²

Frá morgni þessa dags átti Bjarki Diego einnig í samskiptum við samstarfsmenn hjá Kaupþingi hf. vegna undirbúnings lánveitingar bankans til Welling & Partners Limited. Þar á meðal gaf hann Kristínu Pétursdóttur að ósk hennar upp skráð heimilisfang félagsins á Tortóla sem að hennar sögn þurfti til að hún gæti stofnað félagið sem viðskiptamann í kerfum bankans og sett þar inn lán til þess. Skömmu síðar sendi starfsmaður Kaupþings hf. Bjarka og öðrum starfsmanni á fyrirtækjasviði bankans drög að tillögu um lán til Welling & Partners sem lögð skyldi fyrir lánanefnd Kaupþings hf. Í drögunum var lánsfjárhæðin sögð nema 32 milljónum evra en skilmálum lánsins annars lýst í samræmi við fyrirmæli Bjarka þar um, sem áður var vitnað til.

Í beinu framhaldi áttu Bjarki og starfsmaður fyrirtækjaþjónustu Kaupþings hf. tölvupóst-samskipti þar sem fram kom að rétt fjárhæð væri 34 milljónir sem og að gjaldmiðli lánsins hefði verið breytt og skyldi vera í Bandaríkjadöllum. Síðdegis þennan dag sendi umræddur starfsmaður bankans Bjarka drög að lánsamningi með tölvupósti. Samkvæmt honum var lánsfjárhæðin 34.256.913 Bandaríkjadalir að meðtöldu 0,75% lántökugjaldi (e. „Front-end fee“) sem draga skyldi frá áður en lánið væri greitt út en það fól í sér að hin útgreidda lánsfjárhæð yrði rétt tæpar 34 milljónir Bandaríkjadala. Helstu skilmálar voru annars hinir sömu og áður er komið fram, þar á meðal að engar tryggingar voru veittar fyrir endurgreiðslu lánsins. Í því samhengi lét starfsmaðurinn fylgja með spurningu um hvort Kaupþing gæti fengið 2. veðrétt í innláninu og fékk um hæl í tölvupósti það svar Bjarka að slíkt væri í raun einskis virði, sbr. tilvitnun til þeirra skoðanaskipta hér til hliðar.⁹³

Samkvæmt gögnum nefndarinnar var lánveitingin í þessari mynd lögð fyrir fund lánanefndar Kaupþings hf. sem fram fór þennan dag, 13. janúar, kl. 12:00 og samþykkt þar. Samkvæmt fundargerð sátu fundinn Hreiðar Már Sigurðsson, Kristín Pétursdóttir, Steingrímur Kárasón, Þórður Jónsson og nafngreindur starfsmaður fyrirtækjasviðs Kaupþings sem ritaði fundargerð. Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar sendi starfsmaðurinn tölvupóst til Sigurðar Einarssonar samdægurs þar sem lánsúmsókn Welling & Partners fylgdi með í viðhengi. Starfsmaðurinn vísaði til hennar og óskaði eftir samþykki Sigurðar á láninu þar sem hann hefði ekki verið á lánanefndarfundinum. Gögn rannsóknarnefndar geyma ekki upplýsingar um hvort eða þá með hvaða hætti Sigurður hafi svarað þessu erindi starfsmannsins.

Gögn rannsóknarnefndarinnar sýna einnig að fyrr þennan dag, það er kl. 8:44 um morguninn, sendi Kristín Pétursdóttir tölvupóst til Hreiðars Mús og Sigurðar Einarssonar með yfirskriftinni „USD Greiðsla“. Tölvupósturinn hljóðaði svo:

„ég er komin með greiðslufyrirmæli um að greiða 34 m. USD inn á reikning Kelling & Partners Ltd. [svo] hjá Hauck & Aufhauser.

Viljið þið vinsamlegast gefa samþykki ykkar fyrir þessari greiðslu.“

92. Með orðunum „director of Remp Co. Ltd.“ var vísað til Karim Van den Ende en það félag stóð formlega á milli Van den Ende og Welling & Partners, sbr. fyrri skýringu neðanmáls.

93. Rétt er að fram komi að í lánsamningnum var í engu vikið að ráðstöfun lánsins nema að það væri veitt til að nota „í almennum viðskiptatilgangi“ (e. „for general business purposes“).

Starfsmaður Kaupþings: „Hér koma drög að samningi, getum við ekki fengið 2. veðrétt í þessu innláni?“

BD: „Það er allt í lagi, tæknilega, en það er einskis virði þar sem 1. veðréttur tekur til alls innlánsins.“

- Úr tölvupóst-samskiptum starfsmanns fyrirtækjaþjónustu Kaupþings og Bjarka Diego 13. janúar 2003.

„Vinsamlegast greiðið Welling & Partners (ekki Kelling & Partners) 34 m. USD.“

- Hreiðar Már Sigurðsson í tölvupósti til Kristínar Pétursdóttur og Sigurðar Einarssonar 13. janúar 2003 kl. 8:46.

Hreiðar Már sendi tölvupóst tveimur mínútum síðar til Kristínar og Sigurðar og veitti umbeðið samþykki með þeim hætti sem vitnað er til hér til hliðar.

Loks er ljóst af gögnum rannsóknarnefndarinnar að þennan dag tók Hauck & Aufhäuser á móti símgreiðslu frá Kaupþingi hf. að fjárhæð 34 milljónir Bandaríkjadala og var fjárhæðin lögð inn á bankareikning Welling & Partners Limited hjá Hauck & Aufhäuser.

Þennan dag var einnig haldið áfram að vinna að baksamningunum. Fyrir hádegi sendi Bjarki Diego tölvupóst til Martin Zeil, með afritum á Kristján Þorbergsson, Hreiðar Má Sigurðsson, Steingrím Kárasón og Guðmund Hjaltason. Í tölvupóstinum vísaði Bjarki til samtals þeirra Zeil mínútu áður og sendi afrit af drögum beggja baksamninganna. Drögin kvað hann mjög lítið breytt frá þeirri útgáfu sem þeir hefðu unnið að „á föstudagskvöldið“ (þ.e. 10. janúar).

Martin Zeil svaraði þessum tölvupósti síðdegis með tölvupósti á sömu viðtakendur að viðbættum Peter Gatti og Michael Sautter auk konu sem virðist hafa verið starfsmaður Hauck & Aufhäuser en kemur að öðru leyti ekkert við sögu í gögnum rannsóknarnefndarinnar.⁹⁴ Zeil sendi þá til baka yfirfarin drög að baksamningunum, ásamt drögum að samningi um kaup Hauck & Aufhäuser á hlut í Eglu hf., með athugasemdum og breytingum. Í tölvupóstinum óskaði Zeil meðal annars sérstaklega eftir lokadrögum að kaupsamningi við íslenska ríkið um Búnaðarbankann ásamt tiltekinni ábyrgðarskuldbindingu (e. „warranty“) sem ráðgert var að hluthafar Eglu hf. gengust undir í tengslum við þann samning. Athugasemdir Zeil í tölvupóstinum vörðuðu einnig lögfræðiálit sem afla þyrfti að hans sögn um spurningar sem hann taldi upp. Umrætt efni tölvupóstsins hljóðaði nánar tiltekið svo:

„There are still the following points to be resolved or outstanding:

1. Final Draft of the Share Purchase Agreement with the State of Iceland with the warranty in English to be signed by the shareholders. Please provide me under Mr. Gatti's email address [...] with the final draft.

[...]

4. As you will remember we still need a legal opinion on the following questions:

a) Does the put option agreement interfere with or infringe to the restriction „not to dispose of the shares in EGLA in any other manner“ in the Bank Act and the Purchase Agreement?⁹⁵

b) Can it be ruled out that Hauck & Aufhäuser will have to seek approval by the Icelandic Authorities when it wants to exercise the Put Option?

c) Will or can Hauck & Aufhäuser be forced by Icelandic law to declare if it acts on its own behalf or as trustee or agent of a third party?

d) Are the statements and warranties and guarantees by Welling & Partners Ltd. both in the Pledge and Security Agreement and in the Put Option Agreement, particularly concerning Icelandic law true and complete?

Please ensure as soon as possible that such legal opinion will be delivered by an independent attorney.“

SK: „Hvað segirðu um þetta legal opinion, er hún fánæg?“

BD: „Hlýtur að vera hægt að bjarga því – það er þó best að sem fæstum sé kunnugt um þetta. Ræði þetta við Kristján á morgun.“

- Tölvupóstsamskipti Steingríms Kárasónar og Bjarka Diego 13. janúar 2003 kl. 18:37 og 20:03.

Áminning Zeil um lögfræðiálitið sem eftir væri að afla varð Steingrími Kárasyni og Bjarka Diego tilefni til þeirra skoðanaskipta sín í milli sem vitnað er til hér til hliðar, þar sem meðal annars kom fram hjá Bjarka Diego að best væri að „sem fæstum [væri] kunnugt um þetta“.

Laust fyrir miðnætti þetta kvöld sendi Guðmundur Hjaltason svar við fyrrnefndum tölvupósti Zeil á sömu viðtakendur að viðbættum Ólafi Ólafssyni.⁹⁶ Með tölvupóstinum sendi Guðmundur umbeðið afrit (á ensku) til Zeil af nýjustu kaupsamningsdrögum milli

94. Þessi tölvupóstur, ásamt svari Guðmundar Hjaltasonar við honum sem fjallað er um í meginmáli næst á eftir, er birtur í viðauka með vefútgáfu skýrslunnar.

95. Óvíst er hvað Zeil á við hér með „the Bank Act“ í þessu samhengi (hugsanlega þó óljós skírskotun til lagaskilyrða um eignarhald virkra eignarhluta í fjármálafrirtækjum) en með „the Purchase Agreement“ er ljóst að Zeil visar til draga að kaupsamningi Eglu hf. o.fl. við íslenska ríkið um hlutinn í Búnaðarbankanum.

96. Líkt og fram kom nánar í fyrri athugasemd neðanmáls með umræddum tölvupósti Zeil er svar Guðmundar birt með tölvupósti Zeil í viðauka með vefútgáfu skýrslunnar. Einnig eru þar birt þau fylgiskjöl í tölvupóstsamskiptum þeirra sem nefnd eru í meginmáli, þ. á m. drög að baksamningunum eins og þau stóðu á þessum tímamarki.

S-hópsins og ríkisins um Búnaðarbankann og tók fram að ekki ættu að verða neinar efnislegar breytingar frá þessum drögum en enn væri verið að semja um verð. Guðmundur upplýsti að fundað hefði verið um kvöldið og til staði að funda aftur næsta morgun og að hann myndi veita frekari upplýsingar jafnskjótt og hann hefði endanleg drög að samningi. Fram kom einnig að ábyrgðaryfirlýsingin sem Zeil hafði beðið um væri viðhengd sem hluti af samningnum. Varðandi kröfu Zeil um öflun lögfræðiálits tók Guðmundur fram að hann hefði haft samband við lögmann sem væri óháður aðilum (e. „independent attorney“) þá um kvöldið og hann myndi hafa umbeðið álit tilbúið fyrir morgundaginn. Guðmundur kvaddst mundu senda Zeil drög að því til yfirferðar og ef hann yrði þá sáttur myndi Guðmundur biðja viðkomandi lögmann að boðsenda Zeil það.⁹⁷

Fáeinum mínútum síðar sendi Bjarki Diego Guðmundi einum svar við tölvupósti Guðmundar þar sem Bjarki lýsti þeim skilningi á svári Guðmundar að ekki væru sem sagt enn komnar tölur til að setja inn í baksamningana. Vitnað er til þess til hliðar en þar var augljóslega brugðist við upplýsingum Guðmundar í tölvupósti hans um að ekki væri enn búið að semja um verð milli S-hópsins og ríkisins fyrir hlutinn í BÍ.

5.4.5 14. janúar 2003: Baksamningar nánast endanlegir. Upplýsingar um kaupverð Búnaðarbankans berast Kaupþingi hf.

Skömmu eftir hádegi 14. janúar 2003 sendi Steingrímur Kárason tölvupóst til Hreiðars Más Sigurðssonar og Bjarka Diego með yfirskriftinni „Herr Z“ en með því mun hafa verið átt við Martin Zeil hjá Hauck & Aufhäuser. Steingrímur upplýsti að hafa rétt í því átt samtalið við Zeil þar sem hann hefði sagt að peningarnir væru komnir til Hauck & Aufhäuser og verið afar ánægður með það en viljað vita hvernig Welling & Partners vildi ávaxta fjármunina. Steingrímur gerði grein fyrir því að hafa tilkynnt Zeil að „WP myndi útnefna einhvern í Luxembourg til þess innan 30 daga en til að byrja með skyldi hann setja það í 7 daga MM ávöxtun“.

Bjarki Diego sendi Zeil svo tölvupóst síðdegis þennan dag, með afritum á Eggert J. Hilmarsson, Steingrím Kárason og Hreiðar M. Sigurðsson, og þakkaði honum fyrir skjölin sem hann hafði sent deginum áður, þ.e. annars vegar endurskoðuð drög baksamninganna og hins vegar eyðublöðin varðandi opnun bankareiknings Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser (og peningþvættisfyrirlýsinguna sem var þar á meðal), sbr. umfjöllun hér á undan. Bjarki boðaði síðari svör varðandi nýjustu drög baksamninganna og benti á Karim Van den Ende til að standa að undirritun baksamninganna og opnun bankareikninganna af hálfu Welling & Partners. Í niðurlagi tölvupósts Bjarka kom fram sú athugasemd að Kaupþing hf. væri ekki „haghafi“ fjármunanna heldur félag að nafni Serafin Shipping Corp. Vitnað er til þeirrar athugasemdar Bjarka úr tölvupóstinum hér til hliðar.⁹⁸

Þetta kvöld sendi Steingrímur Kárason Bjarka Diego og Hreiðari M. Sigurðssyni tölvupóst með yfirskriftinni „Tölnar“. Tölvupósturinn hafði ekkert meginmál en honum fylgdi Excel-tafla í viðhengi með útreikningum sem tengdust baksamningunum.

Af Excel-töflunni er ljóst að á þessu stigi höfðu fyrrgreindir stjórnendur Kaupþings hf. fengið upplýsingarnar sem beðið hafði verið eftir um umsamið söliverð hlutarins í Búnaðarbankanum til S-hópsins. Í Excel-töflunni er meðal annars tilgreint heildarsöliverðið bæði í íslenskum krónum og Bandaríkjadöllum (11.787.324.172 íslenskar krónur/147.341.552 Bandaríkjadöllum) sem og gengið 4,75. Hvort tveggja samræmist nokkuð nákvæmlega endanlegu söliverði og gengi á hlutum í BÍ samkvæmt kaupsamningi ríkisins og S-hópsins. Útreikningarnir lútu nánar tiltekið að heildarvirði viðskiptanna, sundurliðuðu á þrennan hátt: Í fyrsta lagi eftir heildar kaupverði, í öðru lagi eftir hlut Eglu hf. og í þriðja lagi eftir hlut Hauck & Aufhäuser. Í hverju tilviki var einnig tilgreind fjárhæð eiginfjárframlags (e. Equity) miðað við það 65% lágmarks eiginfjárlutfall í hlutdeild Eglu hf. í kaupunum sem áskilið var samkvæmt kaupsamningi ríkisins og S-hópsins. Heildar eiginfjárframlag fyrir Hauck & Aufhäuser, miðað við þennan áskilnað kaupsamningsins, var í Excel-töflunni tilgreint sem 34.324.688 Bandaríkjadöllum.

97. Við rannsókn nefndarinnar kom ekki fram afrit af neinu slíku lögfræðiáliti né heldur nánari upplýsingar um hvort þess hefði yfirhöfuð verið aflað og þá frá hverjum.

98. Líkt og áður kom fram var Ólafur Ólafsson raunverulegur eigandi Serafin Shipping Corp. Það kom þó ekki fram í tölvupósti Bjarka Diego heldur takmörkuðust upplýsingar hans við félagið.

„Það eru sem sagt ekki komnar tölur til að setja endanlegar fjárhæðir í Put og Pledge samningana.“

- Bjarki Diego í tölvupósti til Guðmundar Hjaltonsonar 13. janúar 2003 kl. 23:57.

„Please note that as regards the separate declaration that Kaupthing Bank is not the economical beneficiary of the funds. The economical beneficiary is a legal entity called Serafin Shipping Corp.“

- Bjarki Diego í tölvupósti til Martin Zeil o.fl. 14. janúar 2003 kl. 15:06.

Seint þetta kvöld sendi Bjarki Diego tölvupóst til Martin Zeil, með afritum til Steingríms Kárasonar, Hreiðars Más Sigurðssonar og Kristjáns Þorbergssonar, varðandi baksamningana. Tölvupósturinn laut aðallega að einni efnislegri breytingu sem Kaupþingsmenn vildu gera á baksamningunum. Fram kom að þeir teldu hana mikilvæga. Breytingin sem Bjarki lagði til laut í meginatriðum að því hvernig með skyldi fara ef fjármögnun síðari greiðslu S-hópsins fyrir hlutinn í Búnaðarbankanum, sem átti að eiga sér stað í desember 2003, kallaði af einhverjum ástæðum ekki á þá frekari hlutfjárhækkun Eglu hf. vegna þeirrar greiðslu sem á þessum tímapunkti var gert ráð fyrir. Ef ekki yrði þörf á frekari fjárframlögum af hálfu Hauck & Aufhäuser hlyti að teljast sanngjarnt að fara fram á, eins og Bjarki orðaði það, að hin veðsetta innstæða yrði lækkuð með tilsvarendi hætti á því stigi og söluréttarverðið yrði sömuleiðis lækkað. Bjarki gat þess sérstaklega að hann hefði rætt þetta málefni við Guðmund Hjaltason sem hefði lýst yfir fullum skilningi á sjónarmiðum Kaupþingsmanna um þetta. Bjarki lýsti því einnig að fyrir utan það atriði virtist einungis eftir að ganga frá smáatriðum í samningunum. Í tölvupósti Bjarka sagði nánar tiltekið um fyrrgreind atriði:⁹⁹

„There is, though one important issue we would want to reflect in the Agreements which links in with the first recital in the Put Agreement. That is the fact that the share price of EGLA will not be increased to ISK 6.000.000.000 initially, i.e. to finance the initial Financial Close pursuant to the Share Purchase Agreement with the State. It will be increased to approx. 3.3 billion ISK whereof Hauck & Aufhäuser's contribution will be approx. 1.65 billion ISK (equivalent to approx. 20 million USD).

The Deferred Financial Close (The Second Stage) pursuant to the SPA with the State will take place in December 2003. If for some reason there will not be a need to increase the share capital of EGLA in order to finance the Deferred Financial Close leading to Hauck & Aufhäuser not being exposed to the payment of approx. 1.1 billions ISK it must be fair to request that the pledged amount (the credit balance) should be decreased accordingly at that stage, and the Put Price in the Put Option Agreement lowered as well. I'm not sure whether we should amend the current draft versions of the Agreement to reflect the above or whether we should document this specifically, i.e. enter into a specific agreement on the issue (or sign an Appendix or Side Letter) for convenience sake.

I have discussed this with Gudmundur Hjaltason who was in full understanding of our point of view in this matter.

[...]

Apart from the above there appear to be only very minor issues, such as details under Notices, that need to be finalised in the Agreements.“

5.4.6 15. janúar 2003: Endanleg drög baksamninga liggja fyrir

Snemma morguns 15. janúar 2003, eða degi áður en kaupsamningur íslenska ríkisins við S-hópin var undirritaður, sendi Steingrímur Kárason stutt svar við síðastnefndum tölvupósti Bjarka Diego frá nóttinni áður. Svárið var aðeins sent á samstarfsmenn Steingríms hjá Kaupþingi hf., þá Bjarka og Hreiðar Má Sigurðsson. Það hljóðaði svo:

„Það þyrfti líka að taka tillit til þess að EGLA getur keypt seinni bréfin og selt strax eða fljótlega aftur stóran hluta og eigið fé aukið í millitíðinni. Þá er EGLA með allt of mikið eigið fé sem yrði væntanlega komið aftur til eigenda með því að kaupa aftur bréf af eigendum og þar kæmi væntanlega til preemptive right eða hvað? Það þarf amk að taka tillit til þessa líka.“

Efni þessarar athugasemdar Steingríms ber með sér að hún hafi varðað söluhömlur sem kveðið var á um í kaupsamningi S-hópsins og ríkisins um Búnaðarbankann eða nánar tiltekið takmörk þeirra. Tiltekinn hluti af þeim heildarhlut í Búnaðarbankanum sem S-hópurinn var þarna í þann mund að kaupa var undanþeginn slíkum söluhömlum og

99. Um þau ákvæði kaupsamnings S-hópsins við íslenska ríkið um hlutinn í Búnaðarbankanum sem hér er vitnað til, þ.e. hins tvískipta greiðslufyrirkomulags sem samningurinn kvað á um, er nánar vísað til fyrri umfjöllunar í kafla 3.

kaupendum frjáls til ráðstöfunar frá afhendingu. Um þetta vísast til fyrri umfjöllunar um efnisatriði kaupsamningsins.¹⁰⁰

Skömmu fyrir klukkan 11 þennan morgun barst Bjarka Diego svar við tölvupósti sínum til Martin Zeil og fleiri frá deginum áður, nánar tiltekið þeim tölvupósti þar sem fram kom meðal annars að Kaupþing hf. væri ekki raunverulegur eigandi eða „haghafi“ þeirra fjármuna sem sendir höfðu verið Hauck & Aufhäuser heldur aﬂandsfélagið Serafin Shipping Corp. Vitnað var til tölvupóstsins hér á undan. Martin Zeil svaraði þessum tölvupósti í meginatriðum á þann veg að bjóða Karim Van den Ende og Eggerti J. Hilmarssyni, starfsmanni KBL, að eiga einkafund með forstjóra útibús Hauck & Aufhäuser í Lúxemborg og gera þar grein fyrir bakgrunni Serafin Shipping Corp. og hluthöfum Welling & Partners. Ástæðuna kvað hann vera að vegna þýskra peningabættisreglna þyrfti bankinn fullnægjandi upplýsingar og gögn um hver hinn raunverulegi eigandi væri, hluthafa hans og viðskipti til þess að geta sýnt fram á að bankinn hefði gert allt sem í hans valdi stæði til að útiloka hvers kyns „peningabættisaðstæður“ (e. „any Money Laundering background“). Vitnað er til tölvupósts Zeil um þessi atriði hér til hliðar.

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar var boðað til fundar milli kl. 12 og 15 þennan dag innan Kaupþings hf. Fundarboðið, sem bar yfirskriftina „Puffin“, samþykktu Bjarki Diego, Hreiðar Már Sigurðsson og Steingrímur Kárasón.

Frá síðdegi og fram á kvöld þessa dag var lokið við endanleg drög baksamninganna. Fjöl- mörg drög, einkum að baksamningunum en einnig að fleiri tengdum skjölum, gengu milli aðila með tölvupósti á þeim tíma ásamt athugasemdum hverju sinni. Í flestum tilvikum, og einkum undir það síðasta, var um að ræða alger smáatriði, svo sem viðbót á einu orði í annan samninganna, svo dæmi sé tekið. Aðilar að þessum samskiptum voru sömu menn og áður, það er Martin Zeil, Bjarki Diego, Hreiðar Már Sigurðsson, Steingrímur Kárasón, Kristján Þorbergsson, Guðmundur Hjaltason og Michael Sautter en einkum skrifuðust þar á Zeil og Bjarki Diego meðan hinir fengu afrit af samskiptunum og fylgigögnum. Undir lokin þrengdist þó þessi hópur en síðustu drögin að baksamningunum gengu aðeins á milli Bjarka og Zeil ásamt Guðmundi og Sautter. Ekki þykir þörf á að rekja öll samskipti aðila sem þessu tengdust og verður hér einungis gerð grein fyrir meginatriðum þeirra.

Martin Zeil sendi tölvupóst um klukkan hálf þrjú með ýmsum fylgiskjölum, þ.e. drögum að baksamningunum báðum, drögum að samkomulagi Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners Limited um gerðardóm sem þarna komu fyrst fram og nánar er fjallað um síðar, drögum að kaupsamningi íslenska ríkisins og S-hópsins um BÍ, drögum að kaup- samningi Hauck & Aufhäuser á hlut í Eglu hf. og drögum að umboði Welling & Partners til Karim Van den Ende til að undirrita baksamningana. Í samhengi við drög að umboði Welling & Partners til Van den Ende setti Zeil fram þá athugasemd að hann teldi óhjá- kvæmilegt að einhver yrði á staðnum sem væri bær til að skrifa undir af hálfu Welling & Partners. Vitnað er til þessarar athugasemdar Zeil hér til hliðar. Athugasemdir Zeil vörðuðu að öðru leyti meðal annars að ráðstafanir yrðu gerðar til að komast hjá gjaldmiðlaáhættu í tengslum við fyrirhuguð ákvæði um greiðslu kaupverðs samkvæmt kaupsamningnum um BÍ. Eftir nokkur frekari samskipti vegna baksamninganna tilkynnti Bjarki Diego í tölvupósti til Zeil laust fyrir kl. 15 að Kaupþing hf. myndi með gjaldeyrisskiptasamningi tryggja fyrir Eglu hf., og þar með Hauck & Aufhäuser, gjaldmiðlaáhættu í íslenskum krónum gagnvart Bandaríkjadal.¹⁰¹

Í tölvupósti undir kvöld tilkynnti Bjarki Diego af hálfu Kaupþingsmanna í tölvupósti til Martin Zeil, Guðmundar Hjaltasonar og Michael Sautter að þeir hefðu farið yfir nýjustu drög baksamninganna og hefðu ekki gert neinar breytingar. Óhætt væri að segja að þeir

„[D]ealing with this subject, I suggest that Mr. Van Ende [svo] and Mr. Hilmarsson disclose to my colleague, Mr. Eberhard Heck, CEO of Hauck & Aufhäuser Banquiers at a personal meeting the background of Serafin Shipping Corp. and the shareholders of Welling & Partners Ltd. What we need – pursuant to German Money Laundering Regulations – is sufficient information and documentation about the identity of the Beneficiary, its share- holders, its business in order to be able to show that we have done everything in order to rule out any Money Laundering background.“

- Martin Zeil í tölvupósti til Bjarka Diego, Eggerts J. Hilmarssonar, Steingríms Kára- sonar, Hreiðars Más Sigurðssonar o.fl. 15. janúar 2003 kl. 10:42.

„4. Poa [Power of Attorney – viðbót RNA] for Welling & Partners – I deem it essential to have somebody there tomorrow who can legally sign on behalf of Welling & Partners.“

- Martin Zeil í tölvupósti til Bjarka Diego, Guðmundar Hjaltasonar, Michael Sautter, Steingríms Kárasónar, Hreiðars Más Sigurðs- sonar og Kristjáns Þorbergssonar 15. janúar 2003 kl. 14:27.

„We have reviewed the attached documents and have not made any changes to your latest draft. I think it's fair to say that we are quite content with the Agreements as currently drafted.“

- Bjarki Diego í tölvupósti til Martin Zeil, Guðmundar Hjaltasonar og Michael Sautter 15. janúar 2003 kl. 17:44.

100. Sjá kafla 3.2.

101. Rétt er að fram komi strax í þessu samhengi að gögn rannsóknarnefndar sýna að framvirkur gjaldeyrisskiptasamningur milli Kaupþings hf. og Welling & Partners Limited var gerður í samræmi við það sem Kaupþing hf. lofaði Hauck & Aufhäuser. Samkvæmt honum lofaði Kaupþing hf. að selja Welling & Partners Limited 20.000.000 Bandaríkjadali fyrir 1.674.600.000 íslenskar krónur, þ.e. á genginu 83,73, á gjalddaganum 21. janúar 2004. Samningurinn kvað á um viðskiptadaginn 16. janúar 2003 og var sagður í gildi frá þeim degi en fyrir liggja gögn sem sýna að hann var þó enn óundirritaður í september 2003. Fyrir liggja einnig gögn sem sýna að 19. janúar 2004, eða tveimur dögum fyrir gjalddaga samningsins, beindi starfsmaður KB Banka (þ.e. hins sameinaða banka Kaupþings hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.) fyrirspurn til Hreiðars Más Sigurðssonar, forstjóra KB Banka, um hvort gera skyldi samninginn upp á gjalddaga eða framlengja hann. Starfsmaðurinn kvað vanta heimild fyrir samningnum. Hreiðar Már svaraði þessum tölvupósti samdægurs með fyrirnelum um að samningurinn yrði framlengdur í sex mánuði.

væru ánægðir með samningana eins og þeir stæðu. Nánar er vitnað til orða Bjarka á frummálinu hér til hliðar. Baksamningarnir fylgdu í viðhengi með tölvupósti Bjarka og hafði endingunni „final“ nú verið bætt við heiti beggja skjala og þau þannig auðkennd sem lokadrög. Í tölvupósti Bjarka var einnig vikið aftur að gjaldmiðlaáhættu og gengi gjaldmiðla sem samningarnir vörðuðu, þ.e. íslenskri krónu og Bandaríkjadal. Bjarki tilkynnti líka að vegna gengis Bandaríkjadals eins og það stóð á þessum tíma kæmi til hækkunar á fjárframlagi Hauck & Aufhäuser til Eglu hf. sem annars vegar var gert ráð fyrir í kaupsamningnum við íslenska ríkið um hlutinn í Búnaðarbankanum og endurspegladist hins vegar í baksamningunum, sbr. áður um hin beinu tengsl þarna á milli. Bjarki gat þess að lokum að þetta þýddi að hið veðsetta innlán hjá Hauck & Aufhäuser yrði hækkað í samræmi við þetta.

„Dear all, / thank you for your drafts. I appreciate that we are now almost „on the top“. / [...] / Now I hope that all is in place for a final approval and a successful signing tomorrow. Thanks for the excellent cooperation.“

- Martin Zeil í tölvupósti til Bjarka Diego, Guðmundar Hjaltasonar og Michael Sautter 15. janúar 2003 kl. 18:30.

„Meðf. er endanleg útgáfa af Put og Pledge, að því gefnu að Martin Zeil hjá Hauck & Aufhäuser geri ekki athugasemdir. Hef fengið eintak undirritað af fyrirsvarsmanni Hauck & Aufhäuser. Ákveðum þó í fyrramálið hvernig fer með undirritun af þeirra hálfu þar sem Zeil hafði áður óskað eftir því að undirritað yrði af þeirra hálfu í Frankfurt. / Hef samband snemma í fyrramálið þegar ég hef rætt við Zeil – þar sem gert er ráð fyrir að Welling & Partners hafi samband við skrifstofu Hauck & Aufhäuser við fyrsta mögulega tækifæri í fyrramálið til að ganga sem fyrst frá undirritun af þeirra hálfu.“

- Bjarki Diego í tölvupósti til Eggerts J. Hilmarssonar, Steingríms Kárasonar og Hreiðars Más Sigurðssonar 15. janúar 2003 kl. 23:32.

„Auka verður lánveitingu til Welling & Partners um \$1.454.372 og leggja samsvarandi fjárhæð inn á reikning Hauck & Aufhäuser, þ.e. sama reikning og \$34.000.000 voru greiddar inn á fyrr í vikunni. / Hreiðar, getur þú staðfest þetta? / Lánsfjárhæð skv. lánsamningi við Welling & Partners verður breytt til samsvörunar.“

- Bjarki Diego í tölvupósti til Kristínar Pétursdóttur og Hreiðars Más Sigurðssonar 16. janúar 2003 kl. 15:39.

Næsti tölvupóstur frá Zeil til sama hóps hófst á þeim orðum að Zeil teldi einnig að markinu væri næstum náð, sbr. nánari tilvitnun hér til hliðar. Hann tilkynnti einnig um smávægilegar breytingar á lokadrögum, sem fylgdu tölvupóstinum, og þakkaði fyrir afbragðs samvinnu. Eftir smávægilegar breytingar í viðbót frá Bjarka Diego lágu svo endanleg lokadrög baksamninganna fyrir seinna þetta kvöld en klukkan 22:01 sendi Bjarki þau drög til Guðmundar og Zeil.¹⁰² Bjarki lét fylgja þá athugasemd að hann myndi gera ráðstafanir til að tryggja að stjórnandi Welling & Partners Limited mætti á skrifstofu Hauck & Aufhäuser í Lúxemborg næsta morgun til að undirrita baksamningana og skjöl vegna opunar bankareikninga Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser.¹⁰³

Sama kvöld áframsendi Bjarki þennan tölvupóst sinn ásamt fylgiskjöllum annars vegar til Michael Sautter og Ralf Darpe og hins vegar til Eggerts J. Hilmarssonar hjá KBL, með afritum á Steingrím Kárason og Hreiðar Má Sigurðsson.¹⁰⁴ Í sendingunni til Eggerts, Steingríms og Hreiðars Más lét Bjarki fylgja þær athugasemdir sem vitnað er til hér til hliðar.

5.4.7 16. janúar 2003: Undirskrift baksamninga. Hækkun á fjárhæð láns Welling & Partners. Hagnaðarskiptingsamningur Welling & Partners og Serafin Shipping Corp.

Snemma morguns 16. janúar 2003, eða daginn sem kaupsamningur íslenska ríkisins og S-hópsins skyldi undirritaður, sendi Martin Zeil tölvupóst til Bjarka Diego og Guðmundar Hjaltasonar. Tölvupósturinn varðaði efnislega að hækka yrði innlánið á bankareikningi Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser sem var handveðsett til tryggingar samkvæmt baksamningunum. Zeil vísaði í þessu sambandi til þess sem „puffin“, líkt og hann orðaði það, hefði gefið til kynna daginn áður en með því var augsýnilega átt við tölvupóst Bjarka Diego með athugasemd um hið sama, það er að hið veðsetta innlán hjá Hauck & Aufhäuser yrði hækkað, sbr. umfjöllun hér á undan.

Í samræmi við þetta sendi Bjarki Diego tölvupóst til Kristínar Pétursdóttur og Hreiðars Más Sigurðssonar síðdegis sama dag um að auka þyrfti lánveitingu til Welling & Partners um rúmar 1,4 milljónir Bandaríkjadala og senda til Hauck & Aufhäuser samsvarandi fjárhæð. Bjarki óskaði eftir staðfestingu Hreiðars á þessu. Nánar er vitnað til tölvupóstsins hér til hliðar. Hreiðar sendi umbeðna staðfestingu á Bjarka og Kristínu rúmri klukkustund síðar með orðinu „samþykkt“. Bjarki gaf þá starfsmanni á fyrirtækjasviði Kaupþings fyrirmæli um að breyta lánsamningi við Welling & Partners á þann hátt að lánsfjárhæðin yrði 35.454.372 Bandaríkjadalir og skýrði það síðan nánar svo að sú upphæð væri án lántökugjalds, það er útgreidd fjárhæð. Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar voru 1.454.372 Bandaríkjadalir lagðir inn á bankareikning Welling & Partners Limited hjá Hauck & Aufhäuser þennan sama dag. Áðurnefndri fundargerð lánanefndar Kaupþings hf. 13. janúar 2003 virðist síðar hafa verið breytt til samræmis við þessa hækkun á lánsfjárhæðinni og hún tilgreind þar 35.454.372 Bandaríkjadalir.

102. Tölvupósturinn er birtur í viðauka með skýrslunni ásamt fylgiskjöllum, þ.e. lokadrögum baksamninganna tveggja.

103. Þrátt fyrir þetta var undirritunarstaður tilgreindur Frankfurt am Main í lokadrögum sem og endanlegri útgáfu veð- og tryggingasamningsins.

104. Tölvupósturinn var áframsending á fyrri tölvupósti Bjarka Diego sama kvöld til Guðmundar Hjaltasonar og Martin Zeil, sem fjallað var um hér á undan, og er birtur með honum í viðauka með skýrslunni. Viðhengi voru hin sömu með hinum áframsenda tölvupósti og því er óþarft að birta þau sérstaklega.

Gögn rannsóknarnefndarinnar sýna að fyrir hádegi þennan dag, líkt og ráðgert hafði verið í þeim tölvupóstsamskiptum sem áður voru rakin, var lokið undirritun beggja baksamninganna milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners Limited, þ.e. annars vegar söluréttarsamningsins (e. Put Option Agreement) og hins vegar veð- og tryggingasamningsins (e. Pledge and Security Agreement). Af hálfu Welling & Partners skrifaði Karim Van den Ende undir báða baksamningana en af hálfu Hauck & Aufhäuser skrifuðu tveir fulltrúar bankans undir og var annar þeirra Martin Zeil. Af gögnum og upplýsingum rannsóknarnefndarinnar verður ekki nákvæmlega ráðið hvar samningarnir voru endanlega undirritaðir eða jafnvel hvort aðilar hafi undirritað á sama stað og tíma.¹⁰⁵ Hvað sem því líður er þó ljóst að fyrir hádegi þennan dag höfðu báðir aðilar samningana skrifað undir þá.

Þetta síðdegi átti sér svo stað í höfuðstöðvum Búnaðarbanka Íslands við Austurstræti í Reykjavík formleg undirritun kaupsamnings S-hópsins og íslenska ríkisins um 45,8% hlut í Búnaðarbankanum. Frá henni, og því sem haft var eftir aðilum samningsins um aðkomu Hauck & Aufhäuser að viðskiptunum í fjölmíðlum við það og síðari tækifæri, var nánar greint í 3. og 4. kafla þessarar skýrslu.

Áður var fjallað um aflandsfélagið Serafin Shipping Corp., sem var í eigu Ólafs Ólafssonar. Einnig var getið um samkomulag í þess nafni sem raunverulegs eiganda Welling & Partners Limited við KV Associates S.A., félag Karim Van den Ende, um stjórn síðarnefnda félagsins á Welling & Partners. Þann dag sem hér um ræðir, 16. janúar 2003, er einnig dagsett samkomulag milli Welling & Partners Limited og Serafin Shipping Corp. Það ber yfirskriftina „Samkomulag um hagnaðarskiptingu“ (e. „Agreement on Profit Sharing“). Samkomulagið er aðeins fáeinjar línur að lengd, undirritað af Karim Van den Ende fyrir hönd Welling & Partners en af Magnúsi Guðmundssyni og Eggerti J. Hilmarssyni fyrir hönd Serafin Shipping Corp. Það hljóðaði svo:

„The parties to this Agreement have agreed to share the net profit, but not any loss, from the potential investment in EGLA shares and all related transactions in such a way that Welling & Partners Limited will pay to Serafin Shipping Corp. half of its net profit from the transactions.

The settlement on the profit sharing will take place no later than 15 January 2005.

Kaupthing Bank Luxembourg will be appointed to calculate the profit of Welling & Partners and settle the amount between the Parties to this Agreement.

The Agreement shall be governed by Luxembourgian law.“

Eins og fram kemur nánar í tilvitnuðum texta laut samkomulagið að því að aðilar þess myndu skipta með sér nettóhagnaði, en ekki neinu tapi, af hugsanlegri fjárfestingu í hlutum í Eglu hf. og öllum tengdum viðskiptum á þann hátt að Welling & Partners myndi greiða Serafin Shipping Corp. helming nettóhagnaðar síns af þessum viðskiptum. Fram kom einnig að KBL myndi verða tilnefnt til að reikna út hagnað Welling & Partners og skipta þeirri fjárhæð (e. „settle the amount“) á milli aðila samkomulagsins. Gögn rannsóknarnefndar benda enn fremur til að þetta samkomulag hafi verið samið innan Kaupþings hf., nánar tiltekið af Bjarka Diego að kvöldi 15. janúar 2003, daginn áður en það er dagsett.¹⁰⁶

105. Eins og rakið hefur verið virðist hafa verið óvíst fram á síðustu stundu hvar undirritað yrði. Veð- og tryggingasamningurinn tilgreinir Frankfurt am Main sem staðsetningu undirritunar en af öðrum gögnum og samhengi þeirra leiðir að telja verður óvíst nákvæmlega hvar undirritun átti sér stað. Jafnvel er hugsanlegt að aðilar hafi hvorir fyrir sitt leyti skrifað undir á ólíkum stöðum en sent samningana á milli sín.

106. Rannsóknarnefnd telur m.a. ljóst af þessu samkomulagi um hagnaðarskiptingu milli Welling & Partners og Serafin Shipping Corp. að með því hefur verið horfið frá því að láta Serafin Shipping Corp. vera raunverulegan eiganda Welling & Partners. Áður var getið um þetta neðanmáls í tengslum við umfjöllun um samkomulag, dags. 10. janúar 2002, (e. Beneficial Owner Agreement) um stjórn KV Associates S.A. á Welling & Partners fyrir raunverulegan eiganda þess samkvæmt því samkomulagi, Serafin Shipping Corp. Svo virðist sem þetta hafi verið ætlunin í upphafi, það er að Serafin Shipping Corp. yrði raunverulegur eigandi Welling & Partners og þar með „haghafi“ vegna baksamninganna. Hins vegar fær það varla samrýmt því að síðar hafi þótt tilefni til að gera sérstakt samkomulag um skiptingu hagnaðar milli sömu félaga, enda hefði þá Serafin sem raunverulegur eigandi Welling & Partners ekki þurft að gera neitt slíkt samkomulag heldur einfaldlega átt allan hugsanlegan hagnað á sama hátt og sjálft félagið. Af þessu og samhengi gagna nefndarinnar að öðru leyti telur rannsóknarnefnd óhætt að álykta að á þessum tíma hafi í staðinn fyrir fyrri ráðagerðir um þetta verið ákveðið að Kaupþing hf. (eða KBL) skyldi (eftir sem áður) eiga Welling & Partners Ltd. Hins vegar hafi í staðinn verið gengið frá nýju og undirrituðu samkomulagi, það er umræddu samkomulagi um skiptingu hagnaðar. Með því var Serafin Shipping Corp. tryggð helmingshlutdeild í hugsanlegum hagnaði, en ekki neinu tapi, Welling & Partners Ltd. vegna viðskipta með hluti í Eglu hf. á grundvelli baksamninganna.

5.4.8 Síðari atvik í janúar og febrúar 2003: Kaupþingsmenn ákveða að Welling & Partners krefjist ekki vaxta af veðsettri innstæðu. Samkomulag um gerðardóm

Gögn rannsóknarnefndarinnar sýna að á næstu vikum eftir undirskrift baksamninganna var gengið frá lausum endum varðandi þá. Þar var einkum um að ræða tvö atriði. Annars vegar ákvörðun um hvernig farið skyldi með ávöxtun á hinni handveðsettu fjárhæð samkvæmt baksamningunum, þ.e. þeim tæpu 35,5 milljónum Bandaríkjadala sem stóðu á reikningi Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser. Hins vegar var gengið frá því samkomulagi um gerðardóm sem baksamningarnir gerðu ráð fyrir en frestað mun hafa verið að ganga frá þar til þeir höfðu verið undirritaðir.

Daginn eftir undirskrift baksamninganna, föstudaginn 17. janúar 2003, sendi Hauck & Aufhäuser Welling & Partners Limited bréf, stílað á Karim Van den Ende, þar sem fram kom efnislega að bankinn hefði í tvennu lagi, 13. og 16. janúar 2003, móttengið að fullu þær 35.454.372 milljónir Bandaríkjadala sem samið hefði verið um í veð- og tryggingasamningnum frá 16. janúar 2003 milli Welling & Partners og bankans og fjárhæðin verið veðsett í kjölfarið í samræmi við þann samning. Að auki var boðað að bankinn myndi hafa samband við félagið mánudaginn 20. janúar 2003 til að semja um frekari fjárfestingu (e. further investment) innlánsins í samræmi við ákvæði II.1 í fyrirnefndum samningi. Van den Ende sendi Eggerti J. Hilmarssyni þetta bréf bankans samdægurs í tölvupósti en Eggert áframsendi tölvupóstinn til Bjarka Diego að morgni mánudagsins 20. janúar 2003. Sama morgun hafði Martin Zeil samband við Bjarka með tölvupósti og spurðist fyrir um hver væri bær af hálfu Welling & Partners til að semja um skilmála fjárfestingar innlánsins.

„As I told you we would suggest as the most simple solution just not to pay any interest to the account in order not to create any cost of carry. Please advise us as soon as possible since the next investment decision has to be taken by tomorrow at the latest.“

- Martin Zeil í tölvupósti til Bjarka Diego 20. janúar 2003 kl. 09:47.

„I have been informed by those authorised by Welling & Partners that Welling & Partners will follow your advice and not claim any interest on the funds pledged in the accounts and hence there will be no cost of carry (the simple „zero – sum“ solution).“

- Bjarki Diego í tölvupósti til Martin Zeil, Steingríms Kárasonar og Hreiðars Más Sigurðssonar 20. janúar 2003 kl. 16:35.

Í framhaldi af því setti Zeil fram þá tillögu í tölvupósti til Bjarka Diego að einfaldasta lausnin væri að engir vextir væru greiddir á reikningnum til að ekki skapaðist neinn fjármagnskostnaður (e. „cost of carry“) af vörslum Hauck & Aufhäuser á innláninu. Bjarki áframsendi póstinn strax til Steingríms Kárasonar og Hreiðars Más Sigurðssonar og spurði þá álits á tillögu Zeil. Eftir ítrekun frá Zeil á erindinu síðdegis sama dag samþykkti Bjarki tillögu hans með þeim orðum að honum „hefði verið kynnt af fulltrúum Welling & Partners“ að félagið myndi ekki krefjast vaxta af hinu veðsetta innláni og þar af leiðandi yrði enginn kostnaður samfara vörslum Hauck & Aufhäuser á því. Þetta kallaði Bjarki hina einföldu „núll-niðurstöðu“ (e. „„zero – sum“ solution“). Vitnað er til þessa tölvupósts Bjarka hér til hliðar. Zeil svaraði og boðaði að fjárfestingin yrði meðhöndluð í samræmi við þetta en bað um skriflega staðfestingu á þessu frá Welling & Partners Limited. Bjarki kom því á framfæri við Eggert J. Hilmarsson hjá KBL og spurði hvort hægt væri að fá Karim Van den Ende til að staðfesta þetta með undirritun og senda síðan til Hauck & Aufhäuser. Að því búnu tilkynnti Bjarki Zeil um að hann mætti eiga von á því að stjórnandi Welling & Partners Limited sneri sér til bankans með skriflega staðfestingu á þessu fyrirkomulagi.

Í lok mánaðarins, 31. janúar 2003, hafði Martin Zeil svo aftur samband við Bjarka Diego með tölvupósti. Í tölvupóstinum minnti Zeil á að enn væri ólokið samkomulagi um gerðardóm milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners Limited sem baksamningarnir gerðu ráð fyrir. Zeil gat þess að hann hefði meðan stóð á gerð baksamninganna sent drög að slíku samkomulagi en ákveðið hefði verið að semja um það atriði síðar. Með tölvupóstinum sendi Zeil nýjustu drög sín að slíku samkomulagi.

Bjarki svaraði þessu erindi Zeil með tölvupósti viku síðar, 6. febrúar 2003, kvaðst hafa farið yfir drögin að gerðardómssamkomulaginu og teldi það ásættanlegt. Hann lagði til að KBL myndi gera ráðstafanir til að tvö undirrituð eintök yrðu send Zeil á skrifstofu hans í München en hann sendi síðan annað eintakið með undirritun af hálfu Hauck & Aufhäuser til baka. Zeil svaraði þessum tölvupósti Bjarka rúmri viku síðar, 14. febrúar 2003. Í tölvupóstinum kom fram samþykki hans við þessu og að hann byggist við að fá skjölin send. Síðar í febrúar, 22. þ.m., áframsendi Bjarki Eggerti J. Hilmarssyni tölvupóst-samskipti þeirra Zeil ásamt skjali sem hafði að geyma gerðardómssamkomulagið og bað um að Karim Van den Ende yrði fenginn til að undirrita samkomulagið og senda síðan Martin Zeil til undirritunar. Eggert kom erindinu tveimur dögum síðar á framfæri við Van den Ende sem virðist hafa gengið frá því samdægurs að undirrita samkomulagið og afla umbeðinnar undirritunar Zeil á það líka.

Ekki telst þörf á að rekja einstök atriði gerðardómssamkomulags Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners hér og verður ekki fjallað frekar um það í skýrslunni enda verður ekki ráðið af atvikum samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum rannsóknarnefndarinnar að nokkurn tímann hafi reynt á þetta samkomulag í framkvæmd.

5.4.9 Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar

Aðdragandi og gerð baksamninganna um hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. sem lýst hefur verið fram að þessu sýnir svo ekki verður um villst að þátttaka þýska bankans gegnum Eglu hf. í kaupum S-hópsins á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum var engan veginn með þeim hætti sem kynnt var fyrir íslenskum stjórnvöldum í tengslum við þau kaup og jafnframt öllum almennungi á Íslandi gegnum fjölmiðla. Að auki má telja ljóst að aldrei stóð einu sinni til að þátttaka bankans yrði með þeim hætti sem kynnt var heldur var styrkur og einbeittur tilgangur þeirra sem stóðu að baksamningunum sá að koma málum leynilega fyrir með öðrum hætti. Þátttaka Hauck & Aufhäuser gegnum Eglu hf. í sölufarli Búnaðarbankans var því frá upphafi aldrei annað en yfirvarp á meðan raunverulegar ráðstafanir varðandi eignarhald Eglu hf. voru samtímis gerðar með hinum leynilegu baksamningum, í þágu Ólafs Ólafssonar og Kaupþings hf., eins og þegar er komið fram að nokkru og nánar verður vikið að síðar.

Baksamningarnir voru gerðir 10. til 15. janúar 2003 í þríhliða samvinnu eins eða tveggja starfsmanna Hauck & Aufhäuser, fáeinna lykilstarfsmanna Kaupþings hf. og Guðmundar Hjaltasonar. Ljóst þykir að Guðmundur sinnti því verki af hálfu og í þágu Ólafs Ólafssonar. Guðmundur vann á sama tíma fyrir S-hópinum í heild, sömuleiðis fyrir tilstilli Ólafs Ólafssonar, að samningum við framkvæmdanefnd um einkavæðingu í opinberu sölufarli Búnaðarbankans og miðlaði þaðan bæði upplýsingum og gögnum til þeirra sem stóðu með honum að gerð baksamninganna. Margnefndir starfsmenn Sociétés Générale, Michael Sautter og Ralf Darpe, voru einnig frá upphafi viðriðnir gerð baksamninganna. Sömuleiðis má telja ljóst, eins og áður hefur verið rakið, að þeir hafi í reynd verið persónulegir trúnaðarmenn Ólafs Ólafssonar í þessu ferli enda þótt þeir hafi í opinberu sölufarli Búnaðarbankans komið fram sem ráðgjafar S-hópsins í heild sinni.

Áður hefur verið dregið saman, og lýst nánar í umfjöllun um einstök atvik hér á undan, hvaða stjórnendur og starfsmenn Kaupþings hf. og Kaupthing Bank Luxembourg S.A. áttu þátt í undirbúningi og gerð baksamninganna og ráðstöfunum og gerningum sem tengdust þeim. Nægir hér að vísa til þess. Athygli vekur sá fjöldi fólks sem átti þar hlut að máli eða gat ekki dulist hvað málið varðaði, samkvæmt viðkomandi skjallægum gögnum rannsóknarnefndarinnar um þetta tímabil. Sá hópur telur marga af helstu lykilstarfsmönnum fyrirtækisins á þessum tíma (og raunar svo áfram gegnum sameiningu við Búnaðarbankann og allar götur fram að falli Kaupþings banka hf. haustið 2008), utan sjálfs forstjóra Kaupþings hf. á þessum tíma, Sigurðar Einarssonar. Um vitneskju hans eða þátttöku í þessu ferli á þessu tímabili, það er til og með febrúar 2003, verður engu slegið föstu svo óbyggjandi sé samkvæmt skjallægum gögnum nefndarinnar einum og sér eða upplýsingum nefndarinnar að öðru leyti. Rannsóknarnefndin hefur því ekki forsendur til að fjalla nánar um eða setja fram ályktanir um það atriði.

Martin Zeil, forstöðumaður lögfræðisviðs, og Peter Gatti, meðeigandi og framkvæmdastjóri, hjá Hauck & Aufhäuser stóðu að gerð baksamninganna í nafni þýska bankans. Í því leynilega ferli átti Zeil einkum virkan þátt en Gatti hafði með höndum að vera fulltrúi bankans út á við í hinu opinbera sölufarli. Athygli vekur að fyrir utan þessa tvo menn úr hópi yfirmanna bankans verður ekki séð af neinum fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum rannsóknarnefndarinnar, frá upphafi til enda í þessu ferli, að nokkur annar af stjórnendum Hauck & Aufhäuser hafi komið með beinum hætti að einkavæðingu Búnaðarbankans, hvorki að því að skapa hina röngu ásýnd opinberlega um þátttöku bankans né að hinni raunverulegu þátttöku sem komið var til leiðar með baksamningunum. Þetta á líka við um eftirleikinn á næstu árum eftir viðskiptin þegar enginn nema Peter Gatti (eða nafnlausir fulltrúar hans) svöruðu af hálfu Hauck & Aufhäuser í íslenskum fjölmiðlum fyrir þátttöku bankans í viðskiptunum, og raunar þá aðeins ef og þá sjaldan sem á annað borð fengust nokkur svör frá bankanum. Sömuleiðis var það Peter Gatti sem sinnti stjórnarsetu

í nafni Hauck & Aufhäuser næstu misseri eftir viðskiptin í hinum sameinaða Kaupþingi Búnaðarbanka hf., það er á meðan sýndareignarhald Hauck & Aufhäuser í bankanum gegnum eignarhlut í Eglu hf. taldist vara.

Í þessu sambandi ber einnig að benda á upplýsingar sem Helmut Landwehr, þáverandi meðeigandi og framkvæmdastjóri hjá Hauck & Aufhäuser (og þar með jafnsettur Peter Gatti hjá bankanum) veitti rannsóknarnefndinni. Svo vill til að Landwehr var einmitt sá fulltrúi Hauck & Aufhäuser sem undirritaði, ásamt Martin Zeil, umboð bankans, dags. 14. janúar 2003, til handa Gatti til að undirrita kaupsamninginn við íslenska ríkið um hlutinn í Búnaðarbankanum og fleiri skjöl vegna þátttöku bankans í þessum viðskiptum.¹⁰⁷ Landwehr mun síðar á þessu sama ári, 2003, hafa látið af störfum hjá Hauck & Aufhäuser og starfar nú í Bandaríkjunum. Í viðtali við rannsóknarnefndina upplýsti Landwehr almennt um starfsemi bankans á þessum tíma að meðeigendur hjá Hauck & Aufhäuser hefðu þá haft umtalsvert sjálfræði með það hvernig þeir stunduðu viðskipti og sköpuðu viðskiptasambönd. Samkvæmt Landwehr voru engin almenn takmörk á þeim skuldbindingum sem meðeigendur máttu gangast undir fyrir hönd bankans. Þó hefði, eftir aðstæðum, þurft að upplýsa tilteknar nefndir bankans og fá samþykki þeirra enda þótt slíkt ferli hefði ekki alltaf verið mjög formlegs eðlis. Hvað varðaði þátttöku Hauck & Aufhäuser í einkavæðingu Búnaðarbankans gat Landwehr þess að þau viðskipti hefðu verið í höndum Peter Gatti. Samkvæmt upplýsingum um þau sem veittar hefðu verið innan bankans hafi þátttaka Hauck & Aufhäuser í þessum viðskiptum falist í að halda á hlutabréfum í fjárvörslu fyrir íslenska aðila. Jafnframt kom fram hjá Landwehr að ef Hauck & Aufhäuser hefði, í reynd, fjárfest í eigin nafni í þessum viðskiptum (fyrir um 35 milljónir Bandaríkjadala) hefði slíkt ekki verið mögulegt nema með samþykki stjórnar bankans og tilkynningum til viðeigandi þýskra yfirvalda þar um. Samkvæmt Landwehr voru viðskipti Hauck & Aufhäuser varðandi Búnaðarbankann ekki lögð fyrir stjórn Hauck & Aufhäuser.

Af umfjöllun hér á undan um aðdraganda og gerð baksamninganna verður að telja ljóst að Ólafur Ólafsson, líklega í gegnum trúnaðarmenn sína hjá Société Générale, hafi útvegað Hauck & Aufhäuser til þátttöku í þessum viðskiptum. Jafnljóst má telja að ráðagerðir um leynilega aðkomu Kaupþings hf. að þessum viðskiptum, sem baksamningarnir gerðu svo að veruleika, má að minnsta kosti rekja aftur til miðs desembermánaðar 2002, sbr. tölvupóst Ralf Darpe til Ólafs Ólafssonar, dags. 17. desember 2002, sem áður var rakinn.

Þótt ekkert liggja fyrir um hvernig eða hvenær samstarf Ólafs og Kaupþingsmanna um þetta hafi nákvæmlega hafist er ljóst að Kaupþing hf. sá síðan í reynd, í samvinnu þar sem við átti við fulltrúa Ólafs, helst þá Guðmund Hjaltason, um gerð baksamninganna og allt sem máli skipti til að koma þeim og síðari framkvæmd þeirra til leiðar, þar á meðal skjalagerð, fjármögnun, opnun bankareikninga, sendingu fjármuna og aðra umsýslu í þessu ferli. Þá útvegaði Kaupþing hf. aflandsfélagið Welling & Partners Ltd. til að standa að baksamningunum við Hauck & Aufhäuser og stjórnanda fyrir það að nafni til. Sá stjórnandi var Karim Van den Ende sem skrifaði undir baksamningana af hálfu Welling & Partners og átti svo eftir að sjá um að framkvæma samningana og ráðstafanir á grundvelli þeirra allt til enda, eins og síðar verður nánar rakið.

Hér þykir ekki sérstök þörf á að fara heildstætt yfir drögin að baksamningunum eins og þau þróuðust í áðurnefndu ferli. Einungis er ítrekað það sem áður kom fram að ljóst er af fyrstu drögum þeirra sem liggja fyrir meðal gagna rannsóknarnefndarinnar að meginefni og grunnatriði þeirra lágu fyrir þegar í þeim drögum og voru þannig skýr frá upphafi. Um þetta vísast annars til fyrri umfjöllunar um meginefni baksamninganna og síðari umfjöllunar þar sem vikið verður nánar að efni þeirra.

Í tengslum við gerð baksamninganna sendi Kaupþing hf. 13. og 16. janúar 2003 fyrir hönd Welling & Partners samtals 35.454.372 Bandaríkjadali (þá jafnvirði um 2,9 milljarða króna) inn á nýstofnaðan, eða jafnvel „varla stofnaðan“, bankareikning aflandsfélagsins hjá Hauck & Aufhäuser. Þar af voru um 34 milljónir Bandaríkjadala sendar fyrri daginn en afgangurinn þremur dögum síðar þegar í ljós hafði komið að hlutafjárframlag sem Hauck & Aufhäuser bæri að greiða til Eglu hf. til að fjármagna þátttöku félagsins í kaup-

107. Afrit af umboði þessu liggur fyrir meðal gagna rannsóknarnefndarinnar.

unum á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum myndi hækka sem því nam og þar með nema fyrrnefndri heildarfjárhæð. Fjárhæðin var handveðsett Hauck & Aufhäuser með veð- og tryggingasamningnum og aflandsfélagið skuldbatt sig til að ráðstafa ekki innstæðunni af viðkomandi bankareikningi félagsins meðan samningarnir væru í gildi. Greiðslurnar tvær voru báðar sérstaklega bornar undir Hreiðar Má Sigurðsson sem samþykkti þær. Síðar var gerður lánsamningur um þessa fyrirgreiðslu milli Kaupþings hf. og Welling & Partners. Engar tryggingar voru veittar samkvæmt honum af hálfu aflandsfélagsins fyrir endurgreiðslu lánsins. Lánveitingin var samþykkt formlega í lánanefnd Kaupþings hf. Allir sem sátu þann fund og samþykktu lánið höfðu átt meiri eða minni þátt í að koma málinu til leiðar innan Kaupþings hf. Kaupþing hf. féll síðar, í nafni Welling & Partners, frá öllum vöxtum af þessari innstæðu hjá Hauck & Aufhäuser.

Frekari umfjöllun um þessa fjárskuldbindingu Kaupþings hf. í þágu Welling & Partners, einkum þá áhættu vegna hennar og tengd atriði, heyrir best undir næsta kafla þar sem nánari grein er gerð fyrir efni baksamninganna í einstökum atriðum. Rétt er þó að fram komi strax hér það meginatriði að af baksamningunum leiddi að Kaupþing hf. bar frá upphafi eitt alla fjárhagslega áhættu sem þeim tengdist, einkum þá vegna þessarar næstum þriggja milljarða króna fjárskuldbindingar. Nánari grein er gerð fyrir þessu síðar í skýrslunni í umfjöllun um viðkomandi ákvæði baksamninganna.

Á hinn bóginn var hagnaðarvon vegna baksamninganna ekki á sama hátt og áhættan einskorðuð við Kaupþing hf. Kom þar til hið sérstaka samkomulag um skiptingu hagnaðar, dags. 16. janúar 2003, milli annars vegar Welling & Partners og hins vegar aflandsfélagsins Serafin Shipping Corp. Í því samkomulagi var mælt fyrir um að félögin tvö myndu deila að jöfnu nettóhagnaði, en ekki neinu tapi, vegna þeirrar væntanlegu fjárfestingar á hlutum í Eglu hf. sem baksamningarnir gengu út á að tryggja rétt Welling & Partners til, á þann hátt að Welling & Partners skyldi greiða til Serafin Shipping Corp. helming nettóhagnaðar síns af slíkum viðskiptum. Af gögnum rannsóknarnefndar verður ekki annað ráðið en að Welling & Partners hafi í reynd aldrei farið úr eigu Kaupþings hf. eða Kaupthing Bank Luxembourg S.A. á meðan þau atvik gerðust sem hér er fjallað um. Þá er enn fremur ljóst að Ólafur Ólafsson var raunverulegur eigandi Serafin Shipping Corp.¹⁰⁸

Sama dag og bæði baksamningarnir og kaupsamningur S-hópsins og íslenska ríkisins um hlutinn í Búnaðarbankanum voru undirritaðir, hinir fyrrnefndu leynilega en sá síðarnefndi opinberlega, var þannig einnig gengið frá því formlega með fyrrgreindu samkomulagi um skiptingu hagnaðar að aðstandendur baksamningana við Hauck & Aufhäuser, Kaupþing hf. (eða Kaupþing Bank Luxembourg S.A.), gegnum Welling & Partners, og Ólafur Ólafsson, gegnum Serafin Shipping Corp., myndu skipta með sér til helminga öllum hugsanlegum hagnaði sem hlytist af viðskiptum á grundvelli baksamninganna með þá hluti í Eglu hf., og þar með undirliggjandi hluti í Búnaðarbankanum, sem opinberlega og í orði kveðnu tilheyrðu Hauck & Aufhäuser.

5.5 Nánar um efni baksamninganna

Í þessum kafla er fjallað um efni baksamninganna tveggja í einstökum atriðum. Umfjöllunin takmarkast við helsta efni þeirra og það sem máli skipti í reynd. Ekki telst þörf á að fjalla með tæmandi hætti um öll ákvæði þeirra enda höfðu þeir einnig að geyma ýmis ákvæði og varnagla sem telja má hefðbundin fyrir viðskiptasamninga og ekki sérstaklega tengd efni og tilgangi þeirra að öðru leyti. Ekki er um að ræða heildstæða íslenska þýðingu á ákvæðum samninganna heldur eru sum ákvæði, og þá þau veigaminni, dregin saman eða lýst efnislega. Mikilvægari ákvæði samninganna eru í meginatriðum þýdd orðrétt og

108. Í köflum 5.4.2 og 5.4.7 hér á undan, bæði í meginmáli og neðanmáls, er nánar fjallað um þetta endanlega samkomulag um hagnaðarskiptingu, tiltekið fyrri samkomulag sem varðaði eignarhald Welling & Partners (Beneficial Owner Agreement), dags. 10. janúar 2003, milli KV Associates S.A. og Serafin Shipping Corp. sem gerði ráð fyrir að síðastnefnda félagið væri raunverulegur eigandi Welling & Partners sem og breytingar á ráðagerðum eignarhald Welling & Partners sem ráða má af þessum gögnum. Rétt þótti að setja videigandi ályktanir nefndarinnar um þessi atriði fram strax þar (sjá einkum neðanmálsgreinar með viðkomandi umfjöllun í báðum köflunum) og vísast hér til þeirra.

í heild sinni. Þar sem tilefni er til er getið frummáls eða settar fram athugasemdir varðandi þýðingu eða skilning á samningunum. Báðir samningarnir skiptast í aðfararorð og efnisákvæði og er gerð grein fyrir hvorum fyrir sig sérstaklega.¹⁰⁹

5.5.1 Söluréttarsamningurinn (e. Put Option Agreement)

5.5.1.1 Aðfararorð

Á undan efnisákvæðum söluréttarsamningsins (jafnan kallaður samningurinn hér eftir) eru átta ótölusettar efnisgreinar með aðfararorðum, það er forsendum og athugasemdum aðila um bakgrunn og efni samningsins.

Fyrstu tvær efnisgreinar aðfararorðanna settu í meginatriðum fram þær forsendur aðila að baksamningunum að kaupverð á hlut Eglu í Búnaðarbankanum (hér eftir jafnan til styttingar BÍ) yrði fjármagnað með hlutafjárhækkun í félaginu sem hluthafar þess myndu standa að í hlutfalli við eign sína í félaginu. Í samræmi við 50% eignarhlut Hauck & Aufhäuser skyldu fjárframlög Hauck & Aufhäuser vegna hlutafjárhækkunarinnar, sem fram færi í tveimur skrefum á sama hátt og greiðsla kaupverðs fyrir BÍ, nema samtals 33.454.371,5 Bandaríkjadöllum.

Fyrsta efnisgrein aðfararorðanna vísar þannig til skuldbindingar Hauck & Aufhäuser, á grundvelli hluthafasamkomulags, dags. 16. janúar 2003, við Ker hf. og VÍS hf., til að kaupa 50% hlutafjár að nafnvirði í Eglu hf. eftir að hækkun á hlutafé félagsins úr 10.000.000 íslenskra króna að nafnvirði hefði átt sér stað. Forsenda fyrir þessu er sögð vera að undirritaður hefði verið kaupsamningur um hlutafé milli íslenska ríkisins og hóps fjárfesta, þar á meðal Eglu hf., um kaup fjárfestahópsins á 45,8% hlut í Búnaðarbanka Íslands.

Önnur efnisgrein aðfararorðanna fjallar nánar um hlutafjárhækkunina í Eglu hf. Hún er sögð mundu verða í tveimur skrefum sem aftur tengdust þeim tveimur skrefum í greiðslu kaupverðs og afhendingu hluta sem kveðið var á um í kaupsamningnum um BÍ. Þannig átti fyrra skref hlutafjárhækkunar í Eglu hf. að eiga sér stað við fyrri greiðslu og afhendingu hlutabréfa samkvæmt kaupsamningnum um BÍ sem skyldi fara fram innan 30 daga frá undirritun hans. Hlutur Eglu hf. í þeirri greiðslu nam 15.313.434 Bandaríkjadöllum og 1.969.488.580 íslenskum krónum. Sú greiðsla var því sögð leiða til hlutafjárframlags (e. „capital contribution“) að fjárhæð 20.050.184 Bandaríkjadaliir (7.656.717 Bandaríkjadaliir að viðbættum 981.744.290 íslenskum krónum) af hálfu Hauck & Aufhäuser (e. „on the Bank’s behalf“). Síðara skref hlutafjárhækkunar í Eglu hf. átti að eiga sér stað við síðari greiðslu og afhendingu hlutabréfa samkvæmt kaupsamningnum um BÍ sem skyldi fara fram ekki síðar en 20. desember 2003. Hlutur Eglu hf. í þeirri greiðslu nam allt að 26.808.375 Bandaríkjadöllum. Sú greiðsla var því sögð leiða til hlutafjárframlags að fjárhæð allt að 13.404.187,50 Bandaríkjadöllum af hálfu Hauck & Aufhäuser (e. „on the Bank’s behalf“).

Í þriðju efnisgrein aðfararorðanna var kveðið á um það að samkomulagið tæki til hluta í Eglu hf., eða hlutfallslega jafns fjölda (það er 50%) af hlutum Eglu hf. í BÍ og öðrum eignum Eglu hf., færi svo að félagið yrði leyst upp.

Í fimmtu efnisgrein aðfararorðanna kom fram að Hauck & Aufhäuser vildi áskilja sér rétt til þess að skylda Welling & Partners Limited til að kaupa hluti bankans í Eglu hf. við tiltekna aðstæður sem lýst væri nánar í samningnum.

Í sjöttu efnisgrein aðfararorðanna sagði að eftir tímabil áskilnaðar um óbreytt eignarhald (e. „lock-up period“) í 21 mánuð væri bankanum frjálst að ráðstafa hlutum sínum í Eglu hf. Hér var vísað til skilyrðis í grein 11.3 í endanlegum kaupsamningi íslenska ríkisins við S-hópin um óbreytt eignarhald.

Aðrar efnisgreinar aðfararorðanna telst ekki sérstök þörf að rekja nánar.

5.5.1.2 Efnisákvæði

Söluréttarsamningurinn hafði að geyma 16 greinar með efnisákvæðum, mörg hver nánar

„WHEREAS, the shares in EGLA, or proportional number (50%) of shares in BUNADARBANKI and other assets held by EGLA should EGLA be dissolved, will hereinafter be called the Shares;

[...]

WHEREAS, the Bank wishes to have the right to require that WELLING & PARTNERS LIMITED purchases the Shares under certain circumstances as hereinafter described.

[...]

WHEREAS, after the expiry of the lock-up period of 21 months the Bank is free to dispose of its shares in EGLA.“

- Úr aðfararorðum söluréttarsamningsins milli Welling & Partners og Hauck & Aufhäuser, dags. 16. janúar 2003.

109. Fyrir utan þá umfjöllun sem hér kemur fram er minnt á að afrit baksamninganna í endanlegri gerð eru birt með skýrslu þessari. Þá er minnt á að í kafla 5.4.1 var með almennum hætti gerð grein fyrir því hvað báðir samningarnir fólu í sér. Vísast þangað um þær upplýsingar en hér er gerð nánari grein fyrir einstökum ákvæðum þeirra.

greind niður í staflíði. Sem fyrr eru aðeins raktar nánar þær greinar samningsins og einstök ákvæði í staflíðum þeirra sem skipta máli hér.

Fyrsta grein samningsins hafði yfirskriftina „Söluréttur“ (e. „Put“). Í a-lið hennar var kveðið á um veitingu söluréttar (e. „Grant of Put“). Samkvæmt því ákvæði veitti Welling & Partners bankanum óafturkræfan rétt og valrétt (e. „the irrevocable right and option (the Put)“) til að krefjast þess af Welling & Partners að félagið keypti alla, en ekki minna en það, (e. „all (but not less than all)“) hluti bankans í Eglu hf. hvenær sem væri innan þrjátíu daga frá því að það skilyrði sem kveðið var á um í 3. gr. samningsins kæmi fram. Það skilyrði skírskotaði til hins 21 mánaðar lágmarkstíma eignarhalds Eglu hf. á hlutunum í BÍ samkvæmt kaupsamningi S-hópsins við ríkið um BÍ en sá tímafrestur gildi frá undirritun þess samnings. Um kaupverð fyrir hlutina var vísað til b-liðar greinarinnar og um form- og framkvæmdaratriði varðandi söluréttinn til c-liðar greinarinnar. Í b-lið 1. gr. samningsins var kveðið á um „söluréttarverðið“ (e. „Put Price“). Heildarkaupverð Welling & Partners fyrir hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. við beitingu söluréttarins skyldi vera fjárhæð jöfn hlutfjárframlagi bankans til Eglu hf. Fjárhæðin skyldi þó aldrei vera hærri en 33.454.372 Bandaríkjadalir nema þó að viðbættum öllum frekari kostnaði og vaxta-kostnaði, þar á meðal fjármagnskostnaði, sem gæti hafa fallið á bankann við fjármögnun á framlögum sínum til Eglu hf. Óþarft er að rekja hér sérstaklega ákvæði c-liðar 1. gr. samningsins um formsatriði við beitingu kaupréttarins enda reyndi ekki á þau eins og framkvæmd samningsins varð á endanum, svo sem síðar greinir nánar frá.

Önnur grein samningsins hafði yfirskriftina „Forkaupsréttur“ (e. „Pre – emption right“).¹¹⁰ Samkvæmt a-lið hennar veitti bankinn Welling & Partners Limited forkaupsrétt, án þess að áhrif hefði á 8. gr. samningsins (sjá síðar um ákvæði þeirrar greinar), til þess að kaupa hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. fyrir fjárhæð jafnháa söluréttarverðinu (sjá áður um það hugtak samkvæmt samningnum) í því tilviki ef bankanum hefði verið gert gilt tilboð í hlutina, óháð fjárhæð slíks tilboðs. Í b-lið 2. gr. voru form- og framkvæmdarákvæði um forkaupsréttinn. Ekki telst ástæða til að rekja þau hér.

Þriðja grein samningsins hafði að geyma eina skilyrði þess að Hauck & Aufhäuser mætti beita sölurétti sínum. Ákvæðið mælti fyrir um að óháð öllum öðrum ákvæðum samningsins gæti bankinn ekki beitt sölurétti sínum fyrr en við lok tuttugasta og fyrsta mánaðar sem liði eftir undirritun kaupsamnings um hlut ríkisins í BÍ, með fyrirvara um ákvæði 15. gr. samningsins (sjá síðar um ákvæði þeirrar greinar).

Fjórða og fimmta grein samningsins fjölluðu um ýmis atriði, flest lagalegs eðlis og gagnkvæm, sem aðilar samningsins lýstu yfir eða ábyrgðust gagnvart hinum. Fjórða greinin hafði að geyma yfirlýsingar Hauck & Aufhäuser í þessu sambandi en sú fimmta yfirlýsingar Welling & Partners. Ekki er þörf á að rekja þessi ákvæði í smáatriðum hér. Þess skal þó getið að í samhljóða greinum með yfirskriftinni „samþykki stjórnvalda“ (e. Governmental Approvals) kom annars vegar fram í d-lið 4. gr. sú yfirlýsing Hauck & Aufhäuser að bankinn tæki enga ábyrgð á kröfum um slíkt samkvæmt íslenskum lögum og hins vegar, í d-lið 5. gr., yfirlýsing Welling & Partners sem efnislega kvað meðal annars á um að ekki þyrfti að upplýsa eða afla samþykkis neinna íslenskra yfirvalda vegna Welling & Partners Limited í tengslum við gerð samningsins eða framkvæmd þeirra ráðstafana sem hann gerði ráð fyrir að öðru leyti en því að kaup félagsins, eða aðila sem það hefði tilnefnt, á hlutunum myndu verða háð samþykki Fjármálaeftirlitsins á Íslandi og að öll ábyrgð á að afla slíks samþykkis lægi hjá Welling & Partners Limited.

Sjötta grein samningsins bar yfirskriftina „Skaðleysisgreiðslur“ (e. „Indemnification“).¹¹¹ Hún kvað á um að, með fyrirvara um önnur ákvæði greinarinnar, skyldi Welling & Partners frá og með sölu bréfanna samkvæmt sölurétti bankans ábyrgjast skaðleysi bankans af í fyrsta lagi hvers kyns tapi eða tjóni sem leiddi af broti eða ágalla á yfirlýsingum eða ábyrgðum

110. Réttindi eins og þau sem þessi grein samningsins lýsir virðast raunar jafnan vera kölluð á ensku „pre-emption rights“. Þá er forkaupsréttur í venjulegum skilningi, a.m.k. miðað við almenna merkingu hugtaksins í íslensku lagamáli, jafnan kallaður á ensku „right of first refusal“. Á hinn bóginn þykir ekki ástæða til að velta hér frekar vöngum yfir hugtakanotkun þar sem því þykir mega slá föstu að íslenska hugtakið forkaupsréttur eigi hér við, og í öllu falli betur en nokkurt annað hugtak um óbein eignarréttindi, miðað við efni samningsins og forsendur aðila hans eins og þær endurspeglast í ákvæðum samningsins sem og gögnum rannsóknarnefndarinnar að öðru leyti.

111. Enska orðið „indemnification“ tekur bæði yfir „skaðabætur“ og „skaðleysisgreiðslur“ en síðari þýðingin þykir eiga betur við hér.

„1. Put

(a) Grant of Put. WELLING & PARTNERS LIMITED hereby grants to the Bank the irrevocable right and option (the Put), subject to the satisfaction of the condition set forth in Section 3, to require WELLING & PARTNERS LIMITED to purchase all (but not less than all) of the Shares at any time during the thirty calendar days following the satisfaction of the condition set forth in Section 3, for a purchase price determined as provided in paragraph (b) below [...]

(b) Put Price. The aggregate purchase Price to be paid by WELLING & PARTNERS LIMITED for the Shares upon exercise of the Put shall be an amount equal to the Bank's contribution to EGLA, by means of subscription for share capital, not exceeding, in any event, a maximum amount of USD 33,454,372,- however, plus any further costs and interest expenditure, including cost of carry that might have incurred for the bank in the course of the financing of its contributions to EGLA [...]

- Úr 1. gr. söluréttarsamningsins milli Welling & Partners og Hauck & Aufhäuser, dags. 16. janúar 2003.

„2. Pre – emption Right

(a) Grant of Pre – emption Right. The Bank hereby grants to WELLING & PARTNERS LIMITED the Pre – emption Right, without prejudice to Clause 8 of this Agreement, to acquire the Shares for an amount equal to the Put Price, - in case the Bank has received a valid offer for the Shares, irrespective of the value of the offer in question.“

- Úr 2. gr. söluréttarsamningsins milli Welling & Partners og Hauck & Aufhäuser, dags. 16. janúar 2003.

Welling & Partners í samningnum, en þó því aðeins að slíks skaðleysis væri krafist innan nánar tilgreindra tímamarka, og í öðru lagi hvers konar vanrækslu Welling & Partners á að efna skyldur samkvæmt samningnum. Greinin hafði svo að geyma nánari ákvæði um, einkum með skírskotunum til þýskra laga, hvernig bæri að túlka ábyrgðir og yfirlýsingar í samningnum en ekki þarf að rekja þau atriði hér.

„8. No Assignment of Shares. The Bank will not sell, pledge, hypothecate or otherwise dispose of the Shares, other than to WELLING & PARTNERS LIMITED and/or its designee upon the exercise of the Put as contemplated by this Agreement subject to Clause 15 of this Agreement.“

- Ákvæði 8. gr. í söluréttarsamningnum milli Welling & Partners og Hauck & Aufhäuser, dags. 16. janúar 2003.

Áttunda grein samningsins bar yfirskriftina „Ekkert framsal á hlutum“ (e. „No Assignment of Shares“). Í henni skuldbatt Hauck & Aufhäuser sig til að hvorki selja, kvaðabinda, veðsetja né ráðstafa með öðrum hætti hlutum sínum í Eglu hf. öðru vísi en til Welling & Partners Limited og/eða fulltrúa (e. „designee“) þess við beitingu söluréttar samkvæmt samningnum, með fyrirvara um ákvæði 15. gr. samningsins.¹¹²

Níunda grein samningsins kvað á um að samningurinn skyldi líða undir lok sjálfkrafa við endanlegt framsal (e. „transfer“) hluta Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. til Welling & Partners eða fulltrúa þess.

Tíunda grein samningsins fjallaði um hvert senda skyldi tilkynningar og önnur samskipti milli aðila samningsins. Fyrir bankann var þar gefið upp heimilisfang bankans í München ásamt nánari áritun („Partners' Office/Financial Investments“) og viðtakendurnir Martin Zeil og annar starfsmaður bankans sem annars kemur ekki fyrir í gögnum rannsóknarnefndarinnar. Fyrir Welling & Partners var Karim Van den Ende tilgreindur sem viðtakandi af hálfu félagsins og í því sambandi gefið upp nánar tilgreint pósthólf í Lúxemborg.

Þrettánda grein samningsins fjallaði um framsal og síðari réttahafa (e. „Assignment; Successors“). Í henni kom fram að réttindi og skyldur samkvæmt samningnum yrðu ekki fram-seldar eða faldar öðrum án fyrirfram skriflegs samþykkis hins aðila samningsins, nema hvað „kaupandinn“ (e. „the Purchaser“) mátti framselja og fela sérhver réttindi sín eða skyldur samkvæmt samningnum til sérhvers tengds aðila síns.¹¹³

Fjórtaða grein samningsins bar yfirskriftina „Ógjaldfærni bankans“ (e. „Insolvency of the Bank“) og kvað á um það að ef Hauck & Aufhäuser yrði ógjaldfær eða aðgerðir eftirlits-aðila hæfust gegn bankanum samkvæmt nánar tilgreindum ákvæðum þýskra bankalaga myndi sölurétturinn virkjust sjálfkrafa, það er eignarhald hluta í Eglu hf. myndi færast til Welling & Partners í skiptum fyrir söluréttarverðið.

Fimmtánda grein samningsins hafði að yfirskrift „Ógjaldfærni Eglu hf. og/eða Búnaðarbanka Íslands/Ógildi eða innlausn hluta“ (e. „Insolvency of EGLA and/or BUNADARBANKI/Nullification or Redemption of Shares“). Í greininni var kveðið á um það að yrði Eglu hf. og/eða Búnaðarbankinn ógjaldfær eða gjaldþrota og/eða hlutir í þeim yrðu ógiltir eða sættu innlausn með lögformlegum hætti samkvæmt íslenskum lögum þá væri Hauck & Aufhäuser einhliða heimilt að beita söluréttinum samkvæmt 1. gr. samningsins án frekari fyrirvara og þar með yfirfæra eignarhald bréfanna til Welling & Partners. Í tilviki þess að söluréttinum væri beitt afsalaði Welling & Partners sér hvers konar andmælum, rétti eða vörnum sem kynnu að leiða af því að Búnaðarbankinn væri ógjaldfær og hlutir í honum kynnu að hafa glatað verðmæti sínu að fullu.

Sextánda grein samningsins hafði svo loks að geyma ákvæði um lög sem gilda skyldu um samninginn og gerðardóm (e. „Governing Law; Arbitration“). Samkvæmt greininni giltu þýsk lög um samninginn og skyldi leysa úr öllum ágreiningi á grundvelli hans fyrir gerðardómi samkvæmt ákvæðum sérstaks samkomulags þar um milli aðila.

Líkt og áður sagði skrifaði Karim Van den Ende undir samninginn f.h. Welling & Partners. Af hálfu Hauck & Aufhäuser skrifuðu tveir fulltrúar bankans undir og var annar þeirra Martin Zeil.

112. Ákvæði þeirrar greinar vörðuðu einungis heimildir Hauck & Aufhäuser vegna hugsanlegrar ógjaldfærni Eglu hf. eða Búnaðarbanka Íslands eða innlausn eða ógildi hluta í sömu félögum, nánar tiltekið óvænt og óvenjuleg atvik sem iðulega eru gerðir slíkir varnaglar um í viðskiptasamningum en sjaldnast reynir á. Að auki skipti sá varnagli í raun engu máli fyrir hið almenna framsalsbann þessarar greinar samningsins vegna nánara efnis ákvæða 15. gr. samningsins. Gerð er grein fyrir þeim nokkru síðar í meginmáli og vikið nánar að þessu atriði í samantektum og ályktunum nefndarinnar í lok kaflans.

113. Í samningnum er hvergi skýrt sérstaklega til hvers sé vísað með hugtakinu „Purchaser“ en af samhengi má telja ljóst að átt hafi verið við Welling & Partners (eða fulltrúa sem færi þá með réttindi Welling & Partners samkvæmt samningnum), þar sem Welling & Partners hefði í öllum tilvikum, það er bæði við beitingu söluréttar sem og ýtingu forkaupsréttar, verið eini hugsanlegi kaupandinn í samningssambandi aðila.

5.5.2 Veð- og tryggingasamningurinn (e. Pledge and Security Agreement)

5.5.2.1 Aðfararorð

Veð- og tryggingasamningurinn (jafnan kallaður samningurinn hér eftir) skiptist í tvo hluta, I og II. Aðfararorð koma fram í hluta I en efnisákvæði eru í hluta II. Hluti I geymir átta ótölusettar efnisgreinar með aðfararorðum sem nú verður nánar lýst, að því marki sem þýðingu telst hafa.

Í fyrstu efnisgreinum aðfararorðanna, nánar tiltekið fyrstu til og með fjórðu efnisgrein, er vísað til og lýst meginefni annarra samninga sem tengdust veð- og tryggingasamningnum. Fyrsta efnisgreinin vísar til söluréttarsamningsins með dagsetningu hans, 16. janúar 2003. Tekið er fram að hann fylgi með veð- og tryggingasamningnum og sé óaðskiljanlegur hluti hans (e. „forms an integral part of it“). Önnur efnisgreinin gerir grein fyrir að aðilum sé kunnugt um hluthafasamkomulag hluthafa Eglu hf., hluthafasamkomulag innan S-hópsins (e. „Shareholders' Agreement between the investor group“)¹¹⁴ og kaupsamning (e. „Share Purchase Agreement (Final Draft No 10)“) sem verði undirritaður milli S-hópsins og íslenska ríkisins (þ.e. kaupsamning um hlut ríkisins í BÍ), sérstaklega þær takmarkanir og skilmála sem varða framsal á hlutum í Eglu hf. sem og í Búnaðarbankanum. Í þriðju efnisgrein er því lýst að aðilum samningsins sé einnig kunnugt um kaupsamning um hlutafé (e. „Share Purchase Agreement“) milli núverandi hluthafa Eglu hf. (e. „the present shareholder of EGLA“) og bankans varðandi 50% af heildarhlutafé Eglu hf. að nafnvirði 10.000.000 krónur, þar sem kaupverð fyrir 50% hlut nemi 5.000.000 íslenskum krónum. Í fjórðu efnisgrein kemur svo fram að öll þessi samkomulög í núverandi drögum eða lokaútgáfum til undirskriftar (e. „execution copies“) fylgi samningnum.

Fimmta efnisgrein aðfararorðanna varðar það að aðilum samningsins sé kunnugt um „þá staðreynd“ að við beitingu söluréttarins sé Welling & Partners eða fulltrúa þess skylt að tilkynna um ætlun sína að kaupa hlut í BÍ gegnum Eglu hf. til Fjármálaeftirlitsins á Íslandi og að kaup á hlutum í Eglu hf. af hálfu Welling & Partners eða fulltrúa þess verði háð samþykki Fjármálaeftirlitsins á Íslandi.

Sjötta efnisgreinin segir að aðilar samningsins gangist undir og séu sammála um að gagnkvæm samkomulög þeirra séu háð takmörkunum og skilmálum samkvæmt fyrrnefndum samningum og lagafyrirmælum (e. „legal Regulations“).

Í sjöundu og áttundu efnisgrein aðfararorðanna er svo lýst meginefni samningsins. Sjöunda efnisgreinin fjallar um það að í samræmi við b-lið 1. greinar og b-lið 2. greinar söluréttarsamningsins sé Welling & Partners skylt, í því tilviki að söluréttur Hauck & Aufhäuser verði virkjaður, að borga Hauck & Aufhäuser kaupverð allt að hámarksfjárhæðinni 33.454.372 Bandaríkjadöllum, sem væri jafngildi hlutafjárframlags bankans til Eglu hf., að viðbættum þeim kostnaði sem skilgreindur væri „þar“ (það er væntanlega í fyrrnefndum ákvæðum söluréttarsamningsins), í skiptum fyrir framsal áðurnefndra hluta í Eglu hf. til Welling & Partners eða annars aðila sem Welling & Partners tilnefndi. Í áttundu efnisgreinin kemur svo fram að samningurinn miði að því að veita bankanum tryggingu fyrir kröfu hans til kaupverðsins á hendur Welling & Partners ef sölurétti yrði beitt sem og fyrir kröfu bankans til bóta vegna mismunar á kaupverði sem bankinn hafi borgað samkvæmt „kaupsamningnum“ (e. „Share Purchase Agreement“) og markaðsverðs hlutanna á hverjum tíma í gildistíð samningsins sem og í tilviki ógjaldfærni Eglu hf. og/eða Búnaðarbankans og/eða ógildi eða innlausnar hlutanna sem og í tilviki hvers konar skuldbindingar sem risi af kaupsamningnum við íslenska ríkið (e. „any obligation arising from the Share Purchase Agreement with the State of Iceland“).

5.5.2.2 Efnisákvæði

Í II. hluta veð- og tryggingasamningsins voru tíu greinar með efnisákvæðum, sumum hverjum greindum niður í stafliði. Líkt og með söluréttarsamninginn hér áður er aðeins gerð grein fyrir þeim ákvæðum veð- og tryggingasamningsins sem teljast hafa þýðingu að mati rannsóknarnefndarinnar.

„In accordance with Section 1 b.) and Section 2 b.) of the aforementioned Put Option Agreement, WELLING & PARTNERS LIMITED is obliged, in the case that the abovementioned Put Option is exercised, to pay the Bank a purchase price up to a maximum amount of

\$ 33,454,372 (in words: thirty three million four hundred fifty four thousand three hundred seventy two US dollars)

equal to the Bank's capital contribution to EGLA by means of subscription for share capital in EGLA plus the costs defined therein, in exchange for the transfer of the above-mentioned shares to WELLING & PARTNERS LIMITED or some other party or parties designated by WELLING & PARTNERS LIMITED.

The subject of this Agreement is the provision of security for the Bank's claim to the purchase price against WELLING & PARTNERS LIMITED in the case that the Put Option is exercised and the Bank's claim for compensation of the difference between the purchase price paid by the Bank pursuant to the Share Purchase Agreement and the actual market value of the shares during the lifetime of this Agreement and in case of involvency of EGLA and/or BUNADARBANKI and/or nullification or redemption of the shares and for any obligation arising from the Share Purchase Agreement with the State of Iceland.“

- Úr aðfararorðum veð- og tryggingasamningsins milli Welling & Partners og Hauck & Aufhäuser, dags. 16. janúar 2003.

114. Af samhengi og gögnum rannsóknarnefndarinnar að öðru leyti er ljóst að með orðunum „the investor group“ hér er vísað til S-hópsins.

„1. WELLING & PARTNERS LIMITED undertakes to the Bank to transfer the amount of \$35,454,372,- before the signing of the Share Purchase Agreement to its Account No. 206-71601-07 with the Bank, and not to dispose of this credit balance during the term of this Agreement. [...]

2. Regardless of the exercise of the aforementioned Put Option WELLING & PARTNERS LIMITED undertakes and guarantees to the Bank that WELLING & PARTNERS LIMITED will compensate, indemnify and hold harmless the Bank for any price fluctuations and price losses of the shares during the lifetime of this Agreement and for any loss and damage that the Bank might suffer in case of insolvency of EGLA and/or BUNADARBANKI and/or nullification or redemption of the shares as well as for the obligations the Bank has entered into by signing the Share Purchase Agreement with the present shareholder of EGLA and by signing the warranties in the Share Purchase Agreement with the Republic of Iceland.

[...]

4. Subject to the condition precedent that the Bank purchases the shares mentioned in Section I, WELLING & PARTNERS LIMITED hereby pledges the credit balance mentioned in Section II (1), including interest, to the Bank as collateral for all claims, and in particular the purchase price claim that the Bank has against WELLING & PARTNERS LIMITED under the Put Agreement mentioned in Section I, or that it will have in the case that the Put Option is exercised. Subject to the following sentence or this section the pledged credit balance shall though not exceed the Bank's exposure under the Share Purchase Agreement between the investor group and the Republic of Iceland and/or towards EGLA. The credit balance is also pledged – in equal rank – as collateral for all claims that the Bank has or will have against WELLING & PARTNERS LIMITED under this Agreement, particularly claims pursuant to Section II (2), (3), (6) and (8) of this Agreement.“

- Hluti ákvæða 1., 2. og 4. gr. veð- og tryggingasamningsins milli W&P og H&A, dags. 16. janúar 2003.

Í fyrstu grein samningsins var kveðið á um það að Welling & Partners skuldbyndi sig gagnvart bankanum til að millifæra 35.454.372 Bandaríkjadali, fyrir undirskrift kaupsamningsins (e. „the Share Purchase Agreement“), inn á bankareikning félagsins nr. 206-71601-07 hjá bankanum og að ráðstafa ekki þeirri innstæðu meðan samningurinn væri í gildi, fyrir utan greiðslu þóknana til bankans samkvæmt 8. gr. samningsins. Innstæðan skyldi ávöxtuð (e. „invested“) í samræmi við ákvæði sérstaks samkomulags milli aðila samningsins.¹¹⁵

Í annarri grein samningsins kom fram að óháð beitingu söluréttarins undirgengist Welling & Partners og ábyrgðist gagnvart bankanum að félagið myndi bæta og halda bankanum skaðlausum af hvers konar verðbreytingum og verðlækkun á „hlutunum“ (e. „the shares“ – það er hlutum í Eglu hf. eða Búnaðarbankanum) á gildistíma samningsins sem og af hvers konar tapi eða tjóni sem bankinn kynni að verða fyrir vegna ógjaldfærni Eglu hf. og/eða Búnaðarbankans og/eða ógildinga eða innlausn hlutanna sem og af skuldbindingum sem bankinn hefði gengist undir með því að undirrita samning um kaup á hlut í Eglu hf. og með því að undirrita ábyrgðaryfirlýsingar í kaupsamningnum við íslenska ríkið.

Í þriðju grein samningsins kom fram að óháð ákvæðum í a-lið 7. gr. samningsins, sem varðaði synjun eða vangetu bankans til að beita söluréttinum af ástæðum sem hann bæri ábyrgð á, væri samningsaðilum kunnugt um þá staðreynd að framkvæmd söluréttarins gæti orðið háð takmörkunum vegna löggjafar á Íslandi eða athafna þarlendrar stjórnvalda, svo sem ef Fjármálaeftirlitið myndi ekki samþykkja framsal hluta samkvæmt söluréttarsamningnum, sem bankinn bæri ekki ábyrgð á. Færi svo að beiting söluréttarins myndi ekki takast eða reynast ómöguleg innan tilskilins tíma vegna slíkra ástæðna skuldbatt Welling & Partners sig til að halda bankanum skaðlausum af kaupverði hlutanna. Í slíku tilviki væri bankanum heimilt að leysa til sín hina veðsettu innstæðu án frekari fyrirvara. Við það að leysa til sín hina veðsettu innstæðu myndi bankinn upp frá því varðveita hlutina í fjárvörslu fyrir Welling & Partners, í eigin nafni en fyrir reikning og að öllu leyti á áhættu Welling & Partners, þangað til framsal bréfanna og beiting söluréttarins yrði möguleg. Bankinn myndi eiga rétt á þóknun samkvæmt b-lið 8. gr. samningsins og Welling & Partners myndi halda bankanum skaðlausum af hvers kyns frekari kostnaði sem leiða myndi af varðveislu hlutanna í fjárvörslu fyrir Welling & Partners.

Fjórða grein samningsins kvað á um að háð þeirri forsendu að bankinn keypti hlutina sem fjallað væri um í I. hluta samningsins veðsetti Welling & Partners bankanum þar með innstæðuna sem minnst væri á í 1. gr. II. hluta samningsins, að meðtöldum vöxtum. Veðsetningin var til tryggingar öllum kröfum, og sérstaklega þá kröfunni um kaupverðið (e. „the purchase price claim“) sem bankinn ætti gagnvart Welling & Partners samkvæmt söluréttarsamningnum sem getið væri um í I. hluta samningsins, eða sem bankinn myndi hafa ef söluréttinum yrði beitt. Hin veðsetta innstæða skyldi þó ekki vera umfram fjárskuldbindingu (e. „exposure“) bankans samkvæmt kaupsamningi S-hópsins (e. „the investor group“)¹¹⁶ og íslenska ríkisins og/eða gagnvart Eglu hf. Hin veðsetta innstæða skyldi á sama hátt standa einnig til tryggingar öllum kröfum sem bankinn ætti eða kynni að eignast á hendur Welling & Partners á grundvelli veð- og tryggingasamningsins, sérstaklega þá kröfum samkvæmt 2., 3., 6. og 8. greinum II. hluta hans. Í lok þessarar greinar kom fram að aðilar samningsins væru sammála um að innstæðan yrði veðsett.

Í fimmtu grein samningsins kom fram að bankanum væri heimilt að leysa til sín hina veðsettu innstæðu ef og að því marki sem Welling & Partners vanefndi gjaldfallnar greiðslur samkvæmt söluréttarsamningnum og/eða veð- og tryggingasamningnum.

Í sjöttu og sjöundu grein samningsins komu fram gagnkvæmar ábyrgðir og yfirlýsingar aðila með svipuðum hætti og efni og áður var lýst í umfjöllun um söluréttarsamninginn.

Af hálfu Welling & Partners voru slíkar ábyrgðir og yfirlýsingar í sjöttu grein samningsins. Þar kom meðal annars fram (c-liður 6. gr.) að ef skilyrði væru uppfyllt fyrir því að bankinn leysti til sín veðið afsalaði Welling & Partners sér öllum mótbárum, vörnum og rétti til riftunar óháð því hvaða lagalegum grundvelli slíkt kynni að byggjast á. Þá sagði að Welling & Partners myndi halda bankanum skaðlausum af öllum kostnaði eða

115. Um hið síðastnefnda er rétt að fram komi að ekkert virðist hafa orðið úr gerð slíks samkomulags því Welling & Partners féll stuttu síðar frá kröfu til vaxta af innstæðunni. Um þetta var áður fjallað og vísað til þeirrar umfjöllunar.

116. Sjá fyrri athugasemd um merkingu þessa orðasambands.

skuldbindingum sem rísa kynnu á grundvelli samningsins og þá sérstaklega af tjóni eða kröfum sem þriðju aðilar héldu fram gagnvart bankanum eða sem kæmu upp gagnvart bankanum vegna vanrækslu á að fylgja, eða brotum gegn, ábyrgðum og yfirlýsingum félagsins samkvæmt þessari grein. Sérstaklega skyldi Welling & Partners endurgreiða bankanum allan lögfræðikostnað sem kæmi til af þessum sökum og skyldi þá standa skil á viðeigandi innborgunum eftir kröfu þar um.

Af hálfu Hauck & Aufhäuser voru fyrrgreindar ábyrgðir og yfirlýsingar í sjöundu grein samningsins. Þar kom fram í a-lið 7. gr. að ef bankanum væri ófært að framselja hlutina til Welling & Partners þegar sölurétti væri beitt eða ef sölurétti væri ekki beitt innan tilsetts tíma til beitingar hans (e. „the exercise period“), sem mælt væri fyrir um í a-lið 1. gr., sbr. 3. gr., söluréttarsamningsins, og fyrir því væru ástæður sem bankanum yrði um kennt, skyldi litið svo á að veðið yfir innstæðunni hjá bankanum væri fallið úr gildi. Í b-lið 7. gr. sagði að ef nánar tilgreindar aðgerðir þýskra eftirlitsyfirvalda á sviði fjármálaþjónustu hæfust gegn bankanum og leiddu til þess að bankanum væri ófært að endurgreiða hina veðsettu innstæðu myndi það virkja söluréttinn. Með öðrum orðum, leiða til framsals á eignarhaldi hlutanna í Eglu hf. til Welling & Partners eða annarra aðila sem félagið tilnefndi, í skiptum fyrir hina veðsettu innstæðu að því marki sem jafngilti fjárframlagi bankans til Eglu hf. og frekari skuldbindingum sem bankinn hefði undirgengist innan ramma þeirra viðskipta (e. „within the scope of this transaction“) á því tímamarki sem slíkar aðgerðir hæfust. Eftirstöðvar hinnar veðsettu innstæðu skyldu þá vera Welling & Partners til frjálsrar ráðstöfunar og lausar undan veðinu.

Í sjöundu grein samningsins voru til viðbótar tvö ákvæði í sérstökum efnisgreinum. Annað þeirra laut að þeim möguleika ef Eglu hf. myndi ekki kaupa hluti í Búnaðarbankanum. Þá skyldi litið svo á að veðið yfir innstæðunni hjá Hauck & Aufhäuser væri fallið niður fyrir utan þær skuldbindingar sem bankinn hefði þegar gengist undir gagnvart Eglu hf. eða væri ábyrgur fyrir samkvæmt kaupsamningnum við íslenska ríkið.¹¹⁷ Í þessu tilviki skyldu aðilar semja um hæfilega þóknun (e. „reasonable fee“) til bankans fyrir vinnu og kostnað fram að þeim tíma. Hitt ákvæðið laut að því að bankinn héldi Welling & Partners skaðlausu af þeim bótum eða kröfum (e. „damages or claims“) á hendur Welling & Partners sem leitt gætu af vanrækslu bankans á að framfylgja, eða brotum hans gegn, áður nefndum ábyrgðum og yfirlýsingum. Í öllum öðrum tilvikum gæti bankinn aðeins sætt ábyrgð vegna skyldna sinna samkvæmt samningnum í tilviki beins ásetnings eða stórkostlegrar vanrækslu (e. „wilful intent or gross negligence“).

Í áttundu grein samningsins var kveðið á um þóknun til Hauck & Aufhäuser vegna framkvæmdar samningsins. Hún skyldi nema samtals 1.000.000 evrum í tveimur jöfnum greiðslum sem nánar var kveðið á um. Skyldu 500.000 evrur greiðast innan einnar viku frá undirritun samningsins en aðrar 500.000 evrur við beitingu söluréttarins samkvæmt söluréttarsamningnum. Í þessari grein samningsins kom einnig fram, með vísan til nánar tilgreindra ákvæða þýskra skattalaga, að aðilar samningsins gerðu ráð fyrir (e. „the Parties to the Agreement assume“) að Welling & Partners væri ekki skylt að greiða virðisaukaskatt af þóknun til bankans eða að félagið bæri ekki skattskyldu. Jafnframt var kveðið á um að ef lagabreyting eða utanaðkomandi skattaleg endurskoðun hjá bankanum leiddi til þess að skatt þyrfti að greiða vegna þóknunarinnar undirgengist Welling & Partners að endurgreiða bankanum slíkan skatt. Fram kom einnig að greiðslan skyldi dregin af banka-reikningi Welling & Partners hjá bankanum, þeim hinum sama og hin veðsetta innstæða stóð á. Loks var tekið fram að það væri á ábyrgð Welling & Partners að ganga frá þeim framvirku gjaldeyrisviðskiptum sem nauðsynleg kynnu að vera til að tryggja greiðslu í evrum án gjaldeyrisáhættu.

Níunda grein samningsins laut að því að gildistími hans væri sá sami og söluréttarsamningsins. Einnig var kveðið á um heimild Hauck & Aufhäuser til að segja upp (e. „terminate“) samningnum við sérstakar og réttmætar aðstæður (e. „exceptionally for good cause“) ef Welling & Partners bryti gegn ábyrgðarskilmála eða yfirlýsingu samkvæmt 6. gr. samn-

117. Ekki kemur nánar fram í samningnum hvernig þetta tvennt átti fyrirsjáanlega að geta farið saman, það er annars vegar að Eglu hf. keypti ekki hluti í Búnaðarbankanum en hins vegar yrði samt sem áður fyrir hendi kaupsamningur við íslenska ríkið sem fæli í sér skuldbindingar af hálfu Hauck & Aufhäuser.

ingsins eða ef slíkur ábyrgðarskilmáli eða yfirlýsing reyndist vera röng.¹¹⁸ Í slíku tilvikum væri bankanum heimilt að segja upp söluréttarsamningnum við Welling & Partners og framselja hlutina til félagsins gegn endurgreiðslu kaupverðs þeirra.¹¹⁹

Undirritunarstaður samningsins var tilgreindur í Frankfurt am Main en áður var fjallað um vafa um eiginlegan stað og tíma undirritunar samningsins af hvorum aðila fyrir sig þó hins vegar teljist ljóst að undirritun hans fór fram og var lokið á tilgreindum degi, 16. janúar 2003. Áður kom einnig fram hverjir undirrituðu samninginn en það voru Karim Van den Ende af hálfu Welling & Partners og af hálfu Hauck & Aufhäuser tveir fulltrúar bankans, annar þeirra Martin Zeil.

5.5.3 Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar

Í þessum kafla hefur verið farið yfir efni baksamninganna í meginatriðum með íslenskum þýðingum eða, að öðrum kosti, lýsingum á helsta efni þeirra. Í samantekt á efni þessa kafla verður einblínt á þau ákvæði samninganna sem mesta þýðingu hafa fyrir efni skýrslunnar og þau dregin nánar saman, skýrð og eftir atvikum sett í samhengi við atvik málsins.

Líkt og áður var rakið voru baksamningarnir, annars vegar söluréttarsamningurinn og hins vegar veð- og tryggingasamningurinn, tengdir og óaðskiljanlegir samningar samkvæmt skýru orðalagi beggja þar um. Þetta leiddi einnig einfaldlega af efni þeirra. Gerð var almenn grein fyrir samningunum hvorum í sínu lagi í þessum kafla. Ekki verður hér alltaf vísað sérstaklega til einstakra ákvæða samninganna þegar fjallað er um efnisatriði þeirra en sömu efnisatriði hafa öll verið rakin hér á undan undir viðkomandi ákvæðum og því ætti ekki að fara á milli mála við hvaða ákvæði samninganna er átt hverju sinni. Í samræmi við orðanotkun (og orðskýringar) í baksamningunum sjálfum tekur umfjöllun hér um hluti í Eglu hf. (eða stundum einfaldlega „hluti“) einnig til undirliggjandi hluta í Búnaðarbankanum.¹²⁰

Við kaup S-hópsins á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum kom Hauck & Aufhäuser fram, og var kynntur, sem einn fjárfesta (og raunar stærsti einstaki fjárfestirinn) í þeim kaupum gegnum hlut sinn í Eglu hf. Ákvæði baksamninganna, sem gengu í gildi á sama tíma, fólu hins vegar í sér að „fjárfesting“ Hauck & Aufhäuser í Búnaðarbankanum gegnum Eglu hf. var í reynd ekki nema orðin tóm. Af baksamningunum leiddi að eignarhald Hauck & Aufhäuser á hlutum í Eglu hf. var frá upphafi aðeins tímabundið og takmarkað, og það að slíku marki að eignarhaldið var í raun bara að nafni til. Að öllu leyti sem máli skipti var tryggilega frá því gengið með ákvæðum baksamninganna að hlutirnir í Eglu hf. skyldu komast í eigu Welling & Partners Limited strax að liðnum þeim 21 mánuði sem áskilið var í kaupsamningnum um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum að óbreytt eignarhald yrði á hlutnum sem seldur var (e. „lock-up period“). Að þetta tímabili liði var eina skilyrði samningsins fyrir að Hauck & Aufhäuser mætti beita sölurétti sínum enda varð augljóslega ekki hjá því komist að taka tillit til ákvæða kaupsamningsins um Búnaðarbankann að þessu leyti hvort sem var.¹²¹ Sölurétturinn kvað á um að Hauck & Aufhäuser mætti krefjast þess að Welling & Partners keypti alla hlutina í Eglu hf. og ekki minna en hlutina alla. Bankinn hafði því enga heimild til að selja bara hluta af þessari „eign“ sinni heldur varð hann að selja hana alla. Hlutina í Eglu hf. mátti Hauck & Aufhäuser aukinheldur ekki selja til neins nema Welling & Partners því með sérstöku ákvæði um framsalsbann var girt fyrir það að Hauck & Aufhäuser ráðstafaði hlutunum með nokkrum öðrum hætti en til Welling & Partners (eða fulltrúa þess) með beitingu söluréttarins.

Ákvæði 3. gr. (um 21 mánaðar tímabilið áður en sölurétti yrði beitt) og 8. gr. (um framsalsbann) í söluréttarsamningnum höfðu bæði að geyma fyrirvara um 15. gr. sama samnings.

118. Í ákvæðinu var reyndar vísað til 4. gr. samningsins að þessu leyti. Þar sem efni þeirrar greinar varðaði veðsetningu innstæðunnar en ekki ábyrgðarskilmála og yfirlýsingar Welling & Partners en 6. gr. samningsins hafði hins vegar að geyma ábyrgðarskilmála og yfirlýsingar Welling & Partners gagnvart bankanum og bar yfirskrift í samræmi við það má telja ljóst að hér sé um misritun að ræða og átt hafi verið við 6. gr. samningsins.

119. Tíunda grein samningsins hafði loks að geyma ýmis formákvæði sem óþarft er að rekja nánar auk ákvæðis um að samningurinn lyti þýskum lögum og um gerðardómsmeðferð og -samkomulag, samsvarandi við lokaákvæði söluréttarsamningsins sem áður var rakið.

120. Eins og fram kom í fyrri umfjöllun um aðfararorð söluréttarsamningsins var í baksamningunum einfaldlega talað um „hlutina“ (e. „Shares“) og átt við þetta hvort tveggja.

121. Svo fór þó raunar að eigendaskiptum á hlutum í Eglu hf. frá Hauck & Aufhäuser til Welling & Partners á grundvelli baksamninganna var að hluta til komið fram fyrir lok þessa tímabils. Nánari grein er gerð fyrir því síðar í skýrslunni.

Sú grein fellur undir varnagla af þeim toga sem mun gjarnan finnast í viðskiptasamningum milli lögaðila, nánar tiltekið varðandi gjaldþrot eða annars konar atvik sem valdið geta því að lögaðili hætti að vera til og hvernig fari þá með samningsefnin. Ákvæði greinarinnar mæltu þó ekki fyrir um annað en það, í meginatriðum, að ef slík atvik kæmu upp varðandi Eglu hf. eða Búnaðarbankann myndi Hauck & Aufhäuser geta einhliða beitt sölurétti sínum samkvæmt 1. gr. söluréttarsamningsins og flutt eignarhald hlutanna til Welling & Partners. Í því fólst eðlilega einnig að Hauck & Aufhäuser gat þá krafist eða leyst til sín kaupverðið af hinni handveðsettu innstæðu Welling & Partners hjá bankanum (sjá hér á eftir) á grundvelli sömu greinar og eftir atvikum annarra ákvæða baksamninganna. Í 15. gr. söluréttarsamningsins var einnig mælt einnig fyrir um að Welling & Partners afsalaði sér öllum rétti eða andmælum sem gætu risið af því að hlutirnir hefðu glatað verðgildi sínu með öllu.¹²²

Ákvæði 14. gr. söluréttarsamningsins hafði að geyma sams konar varnagla og 15. gr. hans nema í þágu Welling & Partners. Ákvæði 14. gr. fólu efnislega í sér að ef Hauck & Aufhäuser yrði gjaldþrota eða sætti eftirlits- eða fullnustuaðgerðum samkvæmt þýskum bankalögum (væntanlega þá þess eðlis að geta teflt hag bankans í tvísýnu) myndi sölurétturinn virkjust sjálfkrafa og eignarhald hlutanna flytjast til Welling & Partners í skiptum fyrir söluréttarverðið. Þannig voru eigendaskipti að hlutunum enn frekar tryggð, hvernig sem færi.

Það kaupverð sem Welling & Partners skyldi gjalda Hauck & Aufhäuser fyrir hlutina í Eglu hf. (kallað „söluréttarverðið“ (e. Put Price) í baksamningunum) var skilgreint í orðum sem fjárhæð jöfn hlutafjárframlagi Hauck & Aufhäuser til Eglu hf. Það gat þó að hámarki orðið tiltekin fjárhæð, 33.454.372 Bandaríkjadalir eða sama fjárhæð og gert var ráð fyrir við undirskrift baksamninganna að þetta hlutafjárframlag yrði. Söluréttarverðið hafði þannig fastákveðið hámark samkvæmt baksamningunum en ekkert fastákveðið lágmark. Var með því augljóslega tekið tillit til þess að vegna síðari atvika kynni slíkt hlutafjárframlag að enda sem lægri fjárhæð, svo sem raunin varð eins og síðar segir frá. Welling & Partners bar þó að endurgjalda Hauck & Aufhäuser sérstaklega, það er eftir atvikum umfram þetta hámark, allan kostnað sem gæti hafa fallið á Hauck & Aufhäuser vegna fjármögnunar á slíku hlutafjárframlagi sínu. Af þessu má sjá að grunnforsendan var hér að Hauck & Aufhäuser átti alltaf að vera tryggður fyrir öllu sem bankanum bæri að leggja fram til Eglu hf. vegna fjárfestingar í Búnaðarbankanum og einnig öllum hugsanlegum kostnaði sem leiða kynni af fjármögnun slíkra fjárfirlaga.¹²³ Hauck & Aufhäuser átti hins vegar ekki að fá í sinn hlut neitt meira en það, vegna hámarksins sem sett var á söluréttarverðið. Má þannig af þessu einnig sjá að þýski bankinn afsalaði sér frá upphafi öllum hugsanlegum hagnaði vegna „fjárfestingar“ sinnar í hlutum í Eglu hf. og þar með Búnaðarbankanum.

Á móti þeim einhliða sölurétti sem Hauck & Aufhäuser hafði var svo í baksamningunum mælt fyrir um tilsvarendi rétt Welling & Partners til að knýja sjálft fram sölu hlutanna til félagsins. Það var gert með ákvæði um forkaupsrétt Welling & Partners. Welling & Partners átti samkvæmt því rétt á að kaupa hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. af bankanum fyrir fjárhæð jafnháa söluréttarverðinu (sbr. áður) ef bankanum hefði áður verið gert „gilt tilboð“ í hlutina og var forkaupsrétturinn óháður fjárhæð slíks tilboðs. Þessi réttur Welling & Partners var ekki háður neinum sérstökum skilyrðum öðrum en að um „gilt tilboð“ (sem ekki var skilgreint eða afmarkað nánar hvað þýddi) væri að ræða og var ákvæðið þannig mjög opið og óbundið í framkvæmd.¹²⁴

Sérstaka athygli ber að vekja á þeim áskilnaði forkaupsréttarákvæðisins að ekki skipti máli fjárhæð slíks tilboðs sem virkja myndi forkaupsrétt Welling & Partners. Virt í samhengi við hámark söluréttarverðsins til Hauck & Aufhäuser – sem um leið var einnig hámark þess verðs sem Welling & Partners bæri að greiða bankanum ef félagið nýtti forkaupsréttinn – fól sá áskilnaður í raun í sér að hagnaður af allri hugsanlegri verðhækkun hluta í Eglu hf. eða undirliggjandi hlutum í Búnaðarbankanum skyldi tilheyra Welling & Partners en ekki Hauck & Aufhäuser. Samkvæmt hinu áður nefnda sérstaka samkomulagi Welling & Partners við aflandsfélagið Serafin Shipping Corp. um skiptingu hagnaðar átti síðarnefnda félagið,

122. Sjá einnig umfjöllun hér á eftir um áhættu af hlutunum í Eglu hf.

123. Sjá nánari umfjöllun um þessi atriði í kafla 5.6.6.

124. Svo fór enda að stuðst var við þetta ákvæði í báðum tilvikum þess þegar eigendaskiptum að hlutunum frá Hauck & Aufhäuser til Welling & Partners var komið fram á síðari stigum, eins og nánar verður fjallað um síðar í skýrslunni.

sem var eins og áður segir í raunverulegri eigu Ólafs Ólafssonar, tilkall til helmings af öllum slíkum hugsanlegum hagnaði (nettóhagnaði) þess fyrrnefnda af viðskiptum með hluti í Eglu hf. á grundvelli baksamninganna. Samkomulagið undanskildi hins vegar einnig berum orðum slík helmingaskipti á hugsanlegu tapi Welling & Partners á hinu sama. Þannig var ljóst að Welling & Partners skyldi eitt bera áhættuna á öllu hugsanlegu tapi sem gæti orðið þegar baksamningarnir yrðu framkvæmdir samkvæmt efni sínu og eignarhald á hlutum í Eglu hf. færðist með slíkum viðskiptum yfir til félagsins. Hvort hagnaður eða tap yrði af slíkum viðskiptum hlaut augljóslega að ráðast af þróun hlutabréfaverðs Búnaðarbankans í millitíðinni eða, eins og síðar var reyndin, af þróun hlutabréfaverðs hins sameinaða banka, Kaupþings Búnaðarbanka hf. (og síðari arftaka hans) og þá vitaskuld þannig að ef og svo lengi sem verðmæti hlutanna færi niður fyrir það sem það stóð í þegar baksamningarnir voru gerðir yrðu þeir að öðru jöfnu ekki gerðir upp nema í tapi.¹²⁵

Líkt og áður hefur komið fram verður ekki annað ráðið af gögnum rannsóknarnefndarinnar en að Kaupþing hf. (eða Kaupthing Bank Luxembourg S.A.) hafi frá upphafi við gerð baksamninganna og allt til þess þegar þeir höfðu verið framkvæmdir samkvæmt efni sínu verið eigandi Welling & Partners. Að auki er ljóst af gögnum nefndarinnar að fjárhagsleg áhætta af hinni upphaflegu og með öllu ótryggðu um 35,5 milljóna Bandaríkjadala lánveitingu Kaupþings hf. til Welling & Partners (þá næstum 3 milljarðar króna) hvíldi ávallt öll á Kaupþingi hf. Það átti áfram við enda þótt með uppskiptingu lánsins á síðari stigum væri hluti af lánveitingunni að nafni til færður yfir til dótturfélagsins Kaupthing Bank Luxembourg S.A.¹²⁶ Eins og þegar hefur komið fram, og rakið er nánar hér á eftir í samantekt á ábyrgðar- og skaðleysisákvæðum Welling & Partners gagnvart Hauck & Aufhäuser í baksamningunum, var svo kirfilega búið þannig um hnúta að Hauck & Aufhäuser var undanþeginn kostnaði og áhættu af gerð og framkvæmd þeirra. Slíkur kostnaður og áhætta var á sama hátt alfarið lögð á herðar Welling & Partners.

Samkvæmt framansögðu bar Kaupþing hf. eitt, í gegnum Welling & Partners, annars vegar alla áhættu af andlagi baksamninganna sem slíku, það er þróun verðmætis hluta í Eglu hf./Búnaðarbankanum, og hins vegar af öllu sem máli gat talist skipta varðandi aðkomu Hauck & Aufhäuser að gerð og framkvæmd þeirra. Aðrir sem stóðu að baksamningunum báru hins vegar enga áhættu á neinu sem þá varðaði. Hauck & Aufhäuser var og yrði alltaf undanþeginn kostnaði og áhættu vegna „fjárfestingar“ sinnar og gat hvorki tapað né grætt á henni, heldur átti bara rétt á þóknun fyrir þjónustu sína. Ólafur Ólafsson, þá gegnum félag sitt Serafin Shipping Corp., var undanþeginn áhættu vegna nokkurs hugsanlegs taps við framkvæmd og uppgjör baksamninganna en átti hins vegar vegar tilkall til helmings af hugsanlegum hagnaði sem kynni þá að falla til. Hinn helmingurinn af slíkum hagnaði myndi þá standa eftir hjá Welling & Partners og þar með tilheyra Kaupþingi hf. (eða Kaupthing Bank Luxembourg S.A.).

Hér á undan hefur einkum verið dvalið við ákvæði söluréttarsamningsins. Ákvæði veð- og tryggingasamningsins lutu, eins og nafnið ber með sér, einkum að nánari ákvæðum um fjárhagsleg skipti aðila og tryggingar og ábyrgðir í því sambandi, sbr. einnig lýsingu á meginefni samningsins í sjöundu og áttundu efnisgrein aðfararorða hans.

Welling & Partners skuldbatt sig til að millifæra til Hauck & Aufhäuser, fyrir undirskrift baksamninganna, 35.454.372 Bandaríkjadali inn á bankareikning félagsins hjá bankanum og ráðstafa ekki þeirri innstæðu meðan samningurinn væri gildi fyrir utan greiðslu þóknana til bankans sem einnig voru ákveðnar í baksamningunum. Sjá má að þessi fjárhæð er sléttum tveimur milljónum Bandaríkjadala hærri en sú fjárhæð („söluréttarverðið“) sem Welling & Partners bar að hámarki að greiða bankanum fyrir hlutina. Með því virðist annars vegar hafa verið tekið tillit til hinnar samtals einnar milljónar evra umsömdu þóknunar til Hauck & Aufhäuser og hins vegar væntanlega einhvers konar frekari tryggingar til Hauck & Aufhäuser vegna uppgjors hugsanlegs kostnaðar, bóta eða ámóta greiðslna sem Welling & Partners gæti orðið ábyrgt fyrir gagnvart bankanum á grundvelli ýmissa ákvæða baksamninganna, sbr. nánar um þau hér á eftir. Eins og nánar var rakið fyrir í skýrslunni

125. Raunin varð hins vegar ekki sú, eins og vart þarf að rekja hér sérstaklega.

126. Sjá umfjöllun í kafla 5.6 um þessa uppskiptingu lánsins í mars-apríl 2003. Eins og þar kemur nánar fram ábyrgðist Kaupþing hf. gagnvart Kaupthing Bank Luxembourg S.A. allan þann hluta lánsins sem þá var að nafni til færður yfir til síðarnefnda félagsins.

var þessi fjárhæð lögð inn á bankareikning Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser með tveimur símgreiðslum Kaupþings hf. þangað dagana 13. og 16. janúar 2003 og síðar gengið frá láni Kaupþings hf. til Welling & Partners um þá sömu fjárhæð.

Fram kom einnig í veð- og tryggingasamningnum að innstæðan skyldi ávöxtuð (e. „invested“) í samræmi við sérstakt samkomulag þar um. Ekkert virðist hafa orðið af gerð slíks samkomulags þar sem Kaupþing hf., í nafni Welling & Partners, samþykkti stuttu eftir undirskrift samninganna tillögu Martin Zeil hjá Hauck & Aufhäuser um að falla frá kröfu til vaxta af innstæðunni. Það var gert með sérstakri skírskotun til þess að slík „núll-lausn“ (e. „zero-sum solution“) væri æskilegust milli aðila þar sem ekki myndi þá skapast neinn fjármagnskostnaður (e. „cost of carry“) vegna varðveislu Hauck & Aufhäuser á fjárhæðinni.¹²⁷

Welling & Partners veðsetti Hauck & Aufhäuser fyrrgreinda innstæðu til tryggingar öllum kröfum, og var þá eðlilega sérstaklega skírskotað til kröfu um kaupverð fyrir hlutina, sem Hauck & Aufhäuser kynni að eiga eða eignast gagnvart félaginu. Í veð- og tryggingasamningnum kom þó fram sambærilegur fyrirvari og í söluréttarsamningnum um það að veðsetningin takmarkaðist við endanlega fjárskuldbindingu Hauck & Aufhäuser vegna fjárframlaga sem bankanum bæri að greiða til Eglu hf. á grundvelli kaupsamnings S-hópsins og íslenska ríkisins. Var þar á sama hátt og áður tekið mið af því ef slík fjárframlög yrðu á endanum lægri heldur en séð var fyrir við undirskrift baksamninganna.

Veðsetning innstæðunnar tók einnig til kröfu Hauck & Aufhäuser um þóknun fyrir þjónustu sína sem og allra krafna sem Hauck & Aufhäuser ætti eða kynni að eignast á hendur Welling & Partners á grundvelli ábyrgðar- og skaðleysisákvæða sem Welling & Partners gekkst undir gagnvart bankanum með baksamningnum.

Slík ákvæði voru afar víðtæk, að ekki sé sagt nær tæmandi. Í 4. gr. veð- og tryggingasamningsins um veðsetninguna og hvað hún tryggði var skírskotað sérstaklega (en án takmörkunar á fyrrgreindri almennri ábyrgð Welling & Partners) til ákvæða 2., 3. og 6. gr. sama samnings, auk 8. gr. hans varðandi þóknun Hauck & Aufhäuser. Fyrrnefndu ákvæðin voru rakin efnislega hér á undan en til að draga þau saman ábyrgðist Welling & Partners með þeim gagnvart Hauck & Aufhäuser að halda bankanum skaðlausum meðal annars af (samkvæmt 2. gr.) hvers konar verðbreytingum og verðlækkun á hlutunum, hvers konar tapi eða tjóni sem kynni að leiða af ógjaldfærni Eglu hf. og/eða Búnaðarbankans og/eða ógildingum eða innlausum hlutanna og „skuldbindingum sem bankinn hefði gengist undir með því að undirrita samning um kaup á hlut í Eglu hf.“¹²⁸ Þá ábyrgðist Welling & Partners einnig að halda Hauck & Aufhäuser skaðlausum af undirritun ábyrgðaryfirlýsinga í kaupsamningnum við íslenska ríkið um hlutinn í Búnaðarbankanum. Samkvæmt 3. og 6. gr. tók ábyrgð Welling & Partners einnig til að halda þýska bankanum skaðlausum af tímabundnum ómöguleika eða töfum við að framkvæma söluréttinn vegna íslenskrar löggjafar eða stjórnvaldsaðgerða og hugsanlegum kostnaði fyrir Hauck & Aufhäuser sem kynni að leiða af slíku sem og öllum kostnaði eða skuldbindingum sem kynnu að rísa á grundvelli veð- og tryggingasamningsins, sérstaklega þá af tjóni eða kröfum þriðju aðila eða brotum gegn sérstökum ábyrgðum og yfirlýsingum Welling & Partners gagnvart bankanum samkvæmt þeirri grein, sem og öllum lögmannskostnaði sem kynni að koma til af þessum sökum.

Til viðbótar við þetta hafði söluréttarsamningurinn einnig að geyma sérstök og víðtæk skaðleysisákvæði af hálfu Welling & Partners gagnvart Hauck & Aufhäuser (sbr. einkum 6. gr. þess samnings) án þess að tilefni sé til að rekja þau að neinu marki hér í ljósi umfangs fyrrnefndra ákvæða í veð- og tryggingasamningnum um hið sama. Þó má nefna að skaðleysisyfirlýsing Welling & Partners gagnvart Hauck & Aufhäuser samkvæmt fyrrnefndri grein söluréttarsamningsins tók meðal annars til hvers konar vanrækslu félagsins á að efna hvers konar skyldur samkvæmt söluréttarsamningnum. Má sjá af því að þar var ekki síður um víðtæk ákvæði að ræða enda vandséð að lengra yrði gengið með slíkri ábyrgðaryfirlýsingu.

127. Fjallað er nánar um þetta atriði í tilteknu samhengi í kafla 5.6.6.

128. Ekki verður betur séð en að þessi ábyrgðarskilmáli hafi meðal annars getað tekið til Hauck & Aufhäuser bankans á 50% hlut í Eglu hf., það er 5.000.000 króna hlut í félaginu á nafnvirði, sem áttu sér stað um líkt leyti og verið var að gera baksamningana.

Þessi samantekt á ábyrgðar- og skaðleysisákvæðum baksamninganna af hálfu Welling & Partners gagnvart Hauck & Aufhäuser spannar yfir allt frá afmörkuðum og tiltölulega litlum þegar áföllnum kostnaði (sbr. til dæmis 5.000.000 króna hlutafjárkaup Hauck & Aufhäuser í Eglu hf.) til almennra og víðtækra eða takmarkalausra skaðleysisyfirlýsinga. Af fyrrgreindum ákvæðum baksamninganna verður ekki annað séð en að Hauck & Aufhäuser hafi verið sérstaklega undanþeginn öllum kostnaði sem og hugsanlegri fjárhagslegri áhættu vegna baksamninganna. Og á sama hátt að allur slíkur kostnaður og áhætta hafi með sama hætti verið lögð á herðar Welling & Partners.

Í 7. gr. veð- og tryggingasamningsins má segja að hafi verið einu ákvæði baksamninganna sem gerðu ráð fyrir þeim möguleika að ekki kynni að verða af kaupum Welling & Partners á hlutunum og mæltu fyrir um nánari úrlausn mála í því sambandi. Af efni þeirra ákvæða má telja ljóst að um hreina varnagla var að ræða ef upp kæmu ófyrirséð eða óviðráðanleg jaðartilvik eða alger trúnaðarrestur yrði milli aðila. Í því ljósi og hins vegar vegna þess að öll rás atvika í málinu samkvæmt gögnum nefndarinnar sýnir að meginstefnu fram á traust og hnökralaust samstarf aðila að baksamningunum frá upphafi til enda við að gera þá og síðar framkvæma til fulls samkvæmt efni sínu þykir ekki þörf á að draga þessi ákvæði saman hér. Látið er nægja að vísa til umfjöllunar á viðeigandi stað í kaflanum um þau.

Þóknun Hauck & Aufhäuser fyrir þjónustu sína sem fólst í gerð og framkvæmd baksamninganna var ákveðin 1.000.000 evrur sem fyrr segir. Síðar í skýrslunni er greint frá þeim upplýsingum sem fram hafa komið með rannsókn nefndarinnar um greiðslu þóknana til Hauck & Aufhäuser.

5.6 Önnur atvik á árinu 2003

Í þessum kafla er gerð grein fyrir atvikum varðandi baksamningana og framkvæmd þeirra síðar á árinu 2003, samkvæmt gögnum og upplýsingum rannsóknarnefndar, og eftir atvikum einnig framkvæmd kaupsamnings S-hópsins og íslenska ríkisins. Í einstökum köflum hér á eftir, sem eru í tímaröð, er meðal annars fjallað um tvær kaupsamningsgreiðslur S-hópsins til íslenska ríkisins árið 2003, annars vegar í mars og hins vegar desember það ár, uppskiptingu láns Kaupþings hf. til Welling & Partners auk fleiri einstakra atriða sem varpa ljósi á rannsóknarefnið.

5.6.1 Fyrri greiðsla Eglu hf. til íslenska ríkisins samkvæmt kaupsamningi um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum

Samkvæmt kaupsamningi íslenska ríkisins og Eglu hf. o.fl. (S-hópsins) um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum skyldi kaupverðið innt af hendi í tveimur lotum, þ.e. með tveimur aðskildum greiðslum á fyrirfram ákveðnum tímamörkum, sbr. einkum 3. – 5. gr. samningsins. Fyrri hluti kaupverðsins, sem var að hluta í íslenskum krónum og að hluta í Bandaríkjadöllum, skyldi greiddur að fram komnum hinum síðasta af tilteknum áföngum sem kveðið var á um í grein 5.1.1 í samningnum. Einn af þeim var að Fjármálaeftirlitið hefði samþykkt að kaupendur færu með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar sendi Guðmundur Hjaltason tölvupóst til Martin Zeil síðdegis 17. mars 2003, með afritum á Peter Gatti, Ólaf Ólafsson og Ralf Darpe, og tilkynnti að Fjármálaeftirlitið á Íslandi hefði samþykkt umsókn kaupenda samkvæmt framangreindu. Því þyrfti að standa íslenska ríkinu skil á fyrri hluta kaupverðsins. Í tölvupóstinum gerði Guðmundur svo grein fyrir hlutdeild Hauck & Aufhäuser í greiðslu Eglu hf. á þeim hluta fyrstu greiðslunnar sem Eglu hf. bar að greiða og sendi greiðsluupplýsingar. Sem fyrr sagði var greiðslunni skipt í íslenskar krónur og Bandaríkjadali. Um þetta sagði í tölvupóstinum:

„The FSA in Iceland has approved our application and therefore, we need to transfer the money to the Government's account. The payment for the first tranche should be in two portions:

1. The payment in ISK in the amount of USD 12,000,000, which corresponds to ISK 981.744.290 should be sent to the account below:

[Felldar út greiðsluupplýsingar um bankareikning – viðbót RNA]

As you remember, Kaupthing had a USD/ISK forward to hedge the value of USD against ISK. They will forward the value in ISK to us to pay to the government.

It would be best to send this immediately in order to have the amount on correct accounts by Friday [21. mars 2003 – viðbót RNA].

[...]

2. The payment in USD in the amount of USD 7.656.717 should be sent directly to:

[Felldar út greiðsluupplýsingar um bankareikning – viðbót RNA]

Explanation: „Egla’s portion of share purchase in B.I.“

This payment has to be in the above account no later than Friday [21. mars 2003 – viðbót RNA]. I understand it takes at least three days to clear the payment, so this assumably has to be sent immediately.“

Að teknu tilliti til heildarfjárhæðar fyrstu greiðslunnar samkvæmt grein 4.2 í kaupsamningnum um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum koma þær fjárhæðir sem Guðmundur óskaði eftir að Hauck & Aufhäuser greiddi heim og saman við það eiginfjárframlag sem leiddi af ákvæðum kaupsamningsins að Hauck & Aufhäuser bæri að leggja fram vegna þessarar fyrri greiðslu kaupverðsins.¹²⁹

Eins og fram kemur í tölvupóstinum minnti Guðmundur á varðandi fyrri hluta greiðslunnar að Kaupþing hf. hefði með framvirkum samningi varið gjaldeyrisáhættu vegna Bandaríkjadals og íslenskrar krónu.¹³⁰ Það hann því Hauck & Aufhäuser að greiða þann hluta greiðslunnar, það er fjárhæðina í Bandaríkjadöllum sem tilgreind var, til Kaupþings hf. Kaupþing hf. myndi svo sjá um að koma greiðslunni í íslenskum krónum til Eglu hf. og Egla hf. borga íslenska ríkinu hina umsömdu greiðslu samkvæmt kaupsamningnum.

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar áframsendi Guðmundur Hjaltason þennan tölvupóst til Bjarka Diego að morgni næsta dags, 18. mars 2003, kl. 9.31. Bjarki Diego áframsendi svo aftur tölvupóstinn umsvifalaust (á sömu mínútu) til Eggerts J. Hilmarssonar, starfsmanns KBL, og bætti við eftirfarandi athugasemd:

„Sæll Eggert,

Það þarf að senda greiðslufyrirmæli skv. neðangreindu frá Welling & Partners til Hauck & Aufhäuser í München.

Hef samband vegna þessa.“

Samkvæmt þessum fyrirmælum Bjarka til Eggerts átti Welling & Partners að gefa Hauck & Aufhäuser greiðslufyrirmæli samkvæmt þeim fjárgreiðslum vegna kaupa á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum sem Guðmundur Hjaltason gerði grein fyrir í hinum áframsenda tölvupósti. Þeim tölvupósti var upphaflega í beint til Peter Gatti hjá Hauck & Aufhäuser en hins vegar áframsendi Guðmundur hann næsta morgun til Bjarka Diego hjá Kaupþingi hf. – sem hafði ekkert opinberlega að gera með þessa greiðslu eða annað varðandi uppgjör til íslenska ríkisins á greiðslum S-hópsins fyrir hlutinn í Búnaðarbankanum. Bjarki sendi síðan tölvupóstinn umsvifalaust áfram til Eggerts J. Hilmarssonar hjá KBL með áður nefndum fyrirmælum.

Framangreint verður varla skilið á annan hátt en svo að Welling & Partners hafi átt að greiða til Hauck & Aufhäuser, út af bankareikningi aflandsfélagsins hjá sama banka, þá fjárhæð sem Hauck & Aufhäuser bar að standa skil á til íslenskra yfirvalda vegna þessarar fyrri kaupsamningsgreiðslu S-hópsins. Kemur þá ekki annar bankareikningur Welling &

129. Samkvæmt tilvísari grein 4.2 í kaupsamningnum um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum voru fjárhæðirnar, sem greiða skyldi í íslenskum krónum annars vegar og Bandaríkjadöllum hins vegar, í þessari fyrri greiðslu samtals, þ.e. fyrir allan S-hópin, 4.243.436.857 íslenskar krónur og 33.094.968 Bandaríkjadalir. Eiginfjárframlag í kaupnum skyldi vera a.m.k. 65% fyrir Eglu hf. samkvæmt 7. gr. kaupsamnings um Búnaðarbankann. Hlutdeild Eglu hf. í kaupnum var um 71,2% og Hauck & Aufhäuser var sagður eiga 50% í Eglu hf. Samkvæmt því gerði kaupsamningurinn um Búnaðarbankann ráð fyrir því að Hauck & Aufhäuser keypti um 35,6% af þeim hlut í Búnaðarbankanum sem seldur var. Hlutur bankans í fyrrnefndum fjárhæðum fyrri greiðslunnar var því reiknaður samkvæmt því hlutfalli.

130. Í kafla 5.4 hér á undan kom fram að Hauck & Aufhäuser hafði óskað eftir þessari gjaldeyrisvörn við gerð baksamninganna og fengið upplýsingar af því tilefni um að Kaupþing hf. myndi sjá um að koma henni upp.

Partners til greina en sá sem hin handveðsetta innstæða stóð á. Þetta bendir þannig til þess að Welling & Partners hafi verið ætlað að greiða að fullu, af hinni handveðsettu innstæðu, fyrir hlutdeild Hauck & Aufhäuser í þessari fyrri greiðslu til ríkisins fyrir hlutinn í Búnaðarbankanum.

Á hinn bóginn liggja ekki fyrir í gögnum rannsóknarnefndar frekari upplýsingar um hvernig atvik urðu endanlega með þessa greiðslu, einkum þá hvort þessi fyrirmæli Bjarka hafi leitt til sendingar slíkra greiðslufyrirmæla af hálfu Welling & Partners til Hauck & Aufhäuser eða, sem mestu skiptir, hvort umrædd greiðsla hafi í reynd runnið af hinni handveðsettu innstæðu í samræmi við slíkar ráðagerðir.¹³¹

5.6.2 Uppskipting láns Kaupþings hf. til Welling & Partners Limited

Gögn rannsóknarnefndarinnar sýna að í mars 2003 var 35.454.372 Bandaríkjadala láni Kaupþings hf. til Welling & Partners samkvæmt lánsamningi, dags. 13. janúar 2003, skipt upp og breytt. Lánið var þannig brotið niður í fleiri og lægri einstök lán, Kaupthing Bank Luxembourg S.A. varð að nafni til lánveitandi að hluta slíkra lána og önnur aflandsfélög voru að hluta til sett sem lántakar hjá Kaupþingi hf. og KBL en um leið gerð að „framlánveitendum“ til Welling & Partners á sömu fjárhæðum og kjörum. Þau aflandsfélög voru þannig í reynd ekki annað en óvirkir milliliðir í skuld sambandi á milli Kaupþings hf. og KBL annars vegar og Welling & Partners hins vegar. Umrædd aflandsfélög voru svo í eigu enn annars aflandsfélags.

Þessar breytingar fólu hins vegar ekki í sér neinar eiginlegar fjármagnshreyfingar milli viðkomandi aðila, engar skilmálabreytingar sem máli skiptu og enga endurgreiðslu á láninu heldur var öll upprunalega lánsfjárhæðin eftir sem áður útistandandi og á endanlega áhættu Kaupþings hf. að breytingunum loknum. Eftir sem áður stóðu heldur engin veð til tryggingar lánunum. Með öðrum orðum var hér í reynd einungis um að ræða formbreytingu á hinu upphaflega láni. Á bak við aflandsfélögin sem hér komu inn í myndina voru líka eftir sem áður sömu menn og tengdust hinum upprunalegu gerningum en Karim Van den Ende útvegaði KBL og Kaupþingi hf. aflandsfélög undir sinni stjórn til að koma þessum breytingum í kring.

Í þessum kafla verður grein gerð fyrir þessari uppskiptingu lánsins að því marki sem þýðingu hefur, fyrst og fremst þá til að gefa nauðsynlegt samhengi fyrir síðari umfjöllun um uppgreiðslu þeirra lána sem urðu til með skiptingu upphaflega lánsins.¹³²

Síðdegis 18. mars 2003, eða sama dag og Bjarki Diego sendi Eggerti J. Hilmarssyni tölvupóstinn um greiðslufyrirmæli Welling & Partners til Hauck & Aufhäuser sem gerð var grein fyrir hér á undan, sendi Bjarki annan tölvupóst til Eggerts. Sá tölvupóstur hafði ekkert efni í meginmáli en bar yfirskriftina „Book1.xls“. Honum fylgdi Excel-skjal í viðhengi með sama nafni. Í Excel-skjalinu var tafla þar sem gerð var grein fyrir ráðagerð um uppskiptingu á láni Kaupþings hf. til Welling & Partners Limited með svofelldum hætti:

Kaupþing banki lánar	Welling & Partners Inc.	10.031.290
Kaupþing banki lánar	Atros Inc.	8.200.000
	Samtals	18.231.290
Kaupthing Bank Luxembourg lánar	Roven Inc.	11.500.000
Kaupthing Bank Luxembourg lánar	Welling & Partners Inc.	2.000.000
Kaupthing Bank Luxembourg lánar	Atros Inc.	4.000.000
	Samtals	17.500.000
	Samtals lánveiting	35.731.290
		35.731.290
Kaupþing banki hf. veitir Kaupthing Bank Luxembourg ábyrgð að fjárhæð \$ 17.500.000		
Roven Inc. lánar Welling & Partners Inc.		11.500.000
Atros Inc. lánar Welling & Partners Inc.		12.200.000

131. Vikið verður nánar að þessu atriði í kafla með samantekt og ályktunum nefndarinnar í lok þessa kafla.

132. Sú uppgreiðsla átti sér stað rúmu ári síðar eða í maí 2004. Sjá kafla 5.7.

Þessi ráðagerð um uppskiptingu lánsins var að meginstefnu hin sama og gögn rannsóknarnefndar benda til að hafi að endingu verið framkvæmd, sbr. lýsingu á meginatriðum hennar í upphafi þessa kafla, utan þess að önnur aflandsfélög en hér eru nefnd voru skráð fyrir umræddum lánum.

Síðar þetta sama kvöld, 18. mars 2003, sendi Bjarki annan tölvupóst til Eggerts og spurði hvenær Eggert myndi gefa honum upplýsingar um félög sem „tækju við“ láni Welling & Partners Ltd. Af því má ráða að strax hafi þá verið miðað við að það yrðu önnur félög heldur en þau sem Bjarki hafði gert ráð fyrir í ofangreindri töflu að „tækju við“ láninu.

„Hvenær geturðu gefið mér upplýsingar um félög sem munu taka við láni WP?“

Eggert svaraði þessum tölvupósti snemma morguninn eftir, 19. mars 2003, með þeim orðum að hann fengi „væntanlega staðfestingu á eftir“. Síðdegis þennan dag sendi hann Bjarka annað svar við póstinum og gaf upp nöfn þeirra tveggja félaga sem nota skyldi í þessum tilgangi. Þau voru félag Karim Van den Ende, KV Associates S.A., sem ítrekað kemur hér við sögu, og annað félag undir stjórn Van den Ende, Allan Corporation. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Eggert J. Hilmarsson gaf í tölvupóstinum voru bæði félögin skráð á eyrkinu Niue í Suður-Kýrrahafi, með sama heimilisfang og pósthólf og bæði með Karim Van den Ende sem skráðan stjórnanda (e. „director“). Eggert lét fylgja þá athugasemd að bæði félögin yrðu lántakendur og Karim Van den Ende myndi skrifa undir samninga í eigin nafni.

- Bjarki Diego í tölvupósti til Eggerts J. Hilmarssonar 18. mars 2003 kl. 22.03.

Nokkrum dögum síðar, eða 21. mars 2003, sendi Eggert J. Hilmarsson öðrum starfsmanni KBL tölvupóst og bað um að útfyllt yrðu eyðublöð vegna stofnunar bankareikninga fyrir KV Associates S.A. og Allan Corporation. Tölvupósturinn hafði að geyma sömu upplýsingar um félögin og Eggert hafði áður sent Bjarka. Fáeinum dögum eftir þetta, 26. mars 2003, sendi Bjarki Diego tölvupóst til starfsmanns fyrirtækjaþjónustu Kaupþings. Tölvupósturinn hafði ekkert efni en honum fylgdi í viðhengi Excel-skjal með heitinu „lending.xls“.

Þetta Excel-skjal hafði að geyma sömu upplýsingar og áður nefnt Excel-skjal með heitinu „Book1.xls“ sem Bjarki hafði sent Eggerti 18. mars 2003, utan þess að nú var textinn á ensku og aflandsfélögin KV Associates S.A. og Allan Corporation voru komin í stað þeirra tveggja aflandsfélaga sem upphaflega var getið um í skjalinu. Þannig breytt leit fyrrnefnt Excel-skjal, „lending.xls“, sem Bjarki sendi samstarfsmanni sínum svona út:

Kaupþing banki lends	Welling & Partners Inc.	10.031.290
Kaupþing banki lends	KV Associates S.A.	8.200.000
	Total	18.231.290
Kaupthing Bank Luxembourg lends	Allan Corporation	11.500.000
Kaupthing Bank Luxembourg lends	Welling & Partners Inc.	2.000.000
Kaupthing Bank Luxembourg lends	KV Associates	4.000.000
	Total	17.500.000
	Total Lending	35.731.290
		35.731.290
Kaupþing banki hf. grants Kaupthing Bank Luxembourg a guarantee in the amount of \$ 17.500.000		
Allan Corportion lends	Welling & Partners Inc.	11.500.000
KV Associates lends	Welling & Partners Inc.	12.200.000

Daginn eftir, 27. mars 2003, sendi starfsmaður fyrirtækjaþjónustu Kaupþings hf. tölvupóst til Bjarka Diego og tilkynnti honum að lánaskjöl vegna uppskiptingar láns Welling & Partners væru nánast tilbúin. Þennan dag og þann næsta áttu Bjarki, Eggert og áður nefndur starfsmaður fyrirtækjaþjónustu Kaupþings hf. í frekari tölvupóstsamskiptum um skjalagerð vegna uppskiptingar lánsins. Eins og áður kom fram eru hinir endanlegu lánsamningar allir dagsettir 28. mars 2003. Efni þeirra er í aðalatriðum hið sama og sett var fram í töflunni hér á undan utan þess að fjárhæð láns Kaupþings hf. til KV Associates S.A. var um 347 þúsund Bandaríkjadöllum hærri en þar var gert ráð fyrir.¹³³ Gerð er stuttlega nánari grein fyrir samningunum í rammagrein hér næst á eftir.

133. Hugsanlega skýrist mismunur þessi af lántökugjaldi (eða ámóta kostnaði) sem lagðist við höfuðstól. Það atriði skiptir þó ekki máli í heildarsamhenginu hér.

Nýir lánessamningar við uppskiptingu á láni Kaupþings hf. til Welling & Partners Limited í mars-apríl 2003

Uppskipting á láni Kaupþings hf. til Welling & Partners Limited frá 13. janúar 2003 var gerð með nýjum lánessamningum Kaupþings hf. og KBL við aflandsfélögin KV Associates S.A., Allan Corporation og Welling & Partners Limited. Þessi gerningar fólu í sér að fyrrgreindu upphaflegu láni Kaupþings hf. til Welling & Partners Limited var skipt upp í smærri lán sem Kaupþing hf. og KBL skiptu með sér samhliða því að Kaupþing hf. ábyrgðist allar lánveitingar sem KBL tók á sig. Welling & Partners var að hluta til áfram lánað beint en fyrrgreind aflandsfélög, sem lántakar að nafni til og „framlánveitendur“ á sömu fjárhæðum til Welling & Partners, voru einnig sett á milli Welling & Partners og lánveitenda. Uppskiptingin fól nánar tiltekið í sér að þessi lán komu í stað hins upphaflega láns:

- Kaupþing hf. lánaði Welling & Partners Limited 10.031.290 Bandaríkjadali. Karim Van den Ende skrifaði undir fyrir hönd Welling & Partners Limited. Sigurður Einarsson og Þórður Jónsson skrifuðu undir fyrir hönd Kaupþings hf.
- Kaupþing hf. lánaði KV Associates S.A. 8.546.970 Bandaríkjadali. Karim Van den Ende skrifaði undir fyrir hönd KV Associates S.A. Sigurður Einarsson og Þórður Jónsson skrifuðu undir fyrir hönd Kaupþings hf.
- KBL lánaði Allan Corporation 11.500.000 Bandaríkjadali. Karim Van den Ende skrifaði undir fyrir hönd Allan Corporation. Tveir starfsmenn KBL skrifuðu undir fyrir hönd KBL, annar var Peter Raun en hin undirskriftin er ólæsileg.
- KBL lánaði Welling & Partners Limited 2.000.000 Bandaríkjadali. Karim Van den Ende skrifaði undir fyrir hönd Welling & Partners Limited. Tveir starfsmenn KBL skrifuðu undir fyrir hönd KBL, annar var Peter Raun en hin undirskriftin er ólæsileg.
- KBL lánaði KV Associates S.A. 4.000.000 Bandaríkjadali. Karim Van den Ende skrifaði undir fyrir hönd KV Associates S.A. Tveir starfsmenn KBL skrifuðu undir fyrir hönd KBL. Annar þeirra var Peter Raun en hin undirskriftin er ólæsileg.
- Allan Corporation lánaði Welling & Partners Limited 11.500.000 Bandaríkjadali. Karim Van den Ende skrifaði undir fyrir bæði félögin.
- KV Associates S.A. lánaði Welling & Partners Limited 12.200.000 Bandaríkjadali. Karim Van den Ende skrifaði undir fyrir bæði félögin.

Allir lánessamningarnir voru dagsettir 28. mars 2003 og með gjalddagann 13. janúar 2005.

Líkt og áður kom fram fól þessi uppskipting á hinu upphaflega láni ekki í sér neinar eiginlegar fjármagnshreyfingar milli framangreindra aðila, engar skilmálabreytingar sem máli skiptu og enga endurgreiðslu á hinu upphaflega láni heldur var hér einungis um að ræða formbreytingu á því.

Rétt er að fram komi að lokum að gerningar sem tengdust þessari uppskiptingu lánsins eru sem fyrr segir dagsettir 28. mars 2003. Hins vegar benda gögn rannsóknarnefndarinnar til þess að skjalagerð og undirritanir vegna uppskiptingarinnar hafi að minnsta kosti að hluta til ekki klárast fyrr en í apríl sama ár og einhverjir þessara gerninga því verið dagsettir aftur í tímann.

5.6.3 Hlutfjárhækkun Eglu hf. vegna fyrri kaupsamningsgreiðslu til íslenska ríkisins

Með ákvörðun hluthafafundar Eglu hf. 25. mars 2003 var hlutfé Eglu hf. hækkað um 3.278.000 krónur að nafnvirði á genginu 999,7150888. Hlutfjárhækkunin var því alls 3.277.066.061 króna að raunvirði. Þetta var gert til að mæta áskildu eiginfjárframlagi hluthafa vegna fyrstu greiðslu Eglu hf. á kaupverðinu fyrir hlutinn í Búnaðarbankanum til íslenska ríkisins. Sú greiðsla hafði átt sér stað nokkrum dögum áður, eins og rakið var í kafla 5.6.1. Þar kom einnig fram að Guðmundur Hjaltason hafði tilkynnt Hauck & Aufhäuser með tölvupósti 18. mars 2003 um hlutdeild bankans í greiðslunni og sent greiðslufyrirmæli vegna hennar. Hann tók þá fram að greiðslur í nafni Hauck & Aufhäuser yrðu að hafa borist inn á viðkomandi bankareikninga 21. mars s.á. Þetta er í samræmi við fundargerð

áðurnefnds hluthafafundar Eglu hf. en þar var þess getið að greiðslur í Bandaríkjadöllum sem hluthafar hefðu þegar greitt til félagsins skyldu miðaðar við sama gengi Bandaríkjadals og miðað var við „þegar hluthafar lánuðu félaginu þann 21. mars sl.“¹³⁴

Rétt er að fram komi að í fundargerð umrædds hluthafafundar Eglu hf. er í engu getið um Welling & Partners Limited eða að öðru leyti um þau atvik og þá aðila sem tengdust baksamningunum um hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. Í upphafi fundargerðarinnar er getið um að fundinn hafi setið Ólafur Ólafsson, formaður stjórnar Eglu hf., sem jafnframt hafi tekið að sér fundarstjórn, og Kristján Loftsson en auk þeirra Finnur Ingólfsson f.h. Vátryggingafélags Íslands hf. og Guðmundur Hjaltason f.h. Kers hf., sem einnig hafi farið með umboð til þess að fara með „hluti Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGAA“.

5.6.4 Fyrirspurnir endurskoðenda í sameiningarferli Kaupþings hf. og Búnaðarbankans um málefni Welling & Partners Limited og KV Associates S.A.

Sameining Kaupþings hf. og Búnaðarbankans átti sér stað í maí 2003. Aðdragandi sameiningarinnar virðist meðal annars hafa falið í sér, líkt og ekki þarf að koma á óvart, áreiðanleikakönnun á málefnum beggja félaga sem meðal annars endurskoðendur komu að. Af gögnum rannsóknarnefndar má sjá að endurskoðunarskrifstofan Deloitte & Touche á Íslandi (hér eftir D&T) átti þátt í því verki. Meðal gagna rannsóknarnefndar eru einnig afrit af tölvupóstsamskiptum sem stjórnendur Kaupþings hf. áttu sín á milli seint í apríl 2003 varðandi tiltekna fyrirspurnir sem endurskoðendur D&T höfðu beint til starfsmanna bankans. Hinn fyrsta af þessum tölvupóstum sendi Steingrímur Káráson laust eftir hádegi 25. apríl 2003 til Hreiðars Mús Sigurðssonar og Sigurðar Einarssonar, með afritum á Þórð Jónsson og Bjarka Diego. Yfirskrift tölvupóstsins var „Félög sem vantar upplýsingar um tryggingar og ábyrgðir“. Tölvupósturinn hljóðaði svo:

„D&T vildu að ég upplýsti þá um hvaða tryggingar væru til staðar fyrir lánum eftirfarandi aðila:

[...]

KV Associates SA

Welling & Partners Ltd.

Þeir eru búnir að spyrja mig, ÞJ og BD en ekki fengið nógu greinargóð svör. Spurning hvað við getum sagt þeim?“¹³⁵

Þórður Jónsson, einn viðtakenda ofangreinds tölvupósts, sendi tæpum hálf tíma síðar tölvupóst af þessu sama tilefni til Sigurðar Einarssonar, með afriti á Bjarka Diego. Yfirskrift tölvupóstsins var: „Spurningar vegna DD“.¹³⁶ Í tölvupóstinum greindi Þórður frá fyrirspurnum endurskoðendanna og einnig frá svörum sínum við þeim fyrirspurnum. Tölvupósturinn hljóðaði svo:

„Endurskoðendurnir eru að spyrja um 4 aðila sem væntanlega verður beint til ykkar:

[...]

KV Associates S.A. og Welling and Partners: Sagði að hvoru tveggja væru félög sem sannreynt hefði verið að ættu talsverðar eignir og að negative pledge væri í þeim.

Vildi að þið vissuð hvað ég hefði sagt.“

Síðdegis þennan dag sendi Bjarki Diego svar við fyrrgreindum tölvupósti Steingríms Kárásonar. Tölvupósturinn með svari Bjarka var einungis sendur Steingrími og Sigurði Einarssyni en afrit sent á Magnús Guðmundsson hjá KBL. Tölvupóstur Bjarka hljóðaði svo:

„Hvað varðar Welling & Partners Ltd. þá er staðan sem hér segir:

134. Í umfjöllun í kafla 5.6.1 um fyrrgreindan tölvupóst Guðmundar var í beinu framhaldi rakinn tölvupóstur Bjarka Diego til Eggerts J. Hilmarssonar hjá KBL sama dag um að Welling & Partners Limited þyrfti að senda Hauck & Aufhäuser greiðslufyrirmæli vegna þessara greiðslna. Eins og fram kom virðist ekki annað verða ráðið af þeim tölvupósti en að Welling & Partners hafi í reynd verið ætlað að standa straum af þessari greiðslu í nafni Hauck & Aufhäuser en óyggjandi gögn um endanleg atvik kringum þessa greiðslu skorti þó til að nánar væri unnt að fjalla um eða álykta í því sambandi. Vikið er nánar að þessu atriði í kafla 5.6.6.

135. Felld eru út nöfn lögaðila sem varða ekki efni skýrslunnar.

136. „DD“ stendur fyrir enska hugtakið „Due Diligence“, á íslensku „áreiðanleikakönnun“.

„Spurning hvað við getum sagt þeim?“

- Steingrímur Káráson í tölvupósti til Hreiðars Mús Sigurðssonar, Sigurðar Einarssonar, Bjarka Diego og Þórðar Jónssonar 25. apríl 2003 varðandi fyrirspurnir endurskoðenda, sem unnu að gerð áreiðanleikakönnunar vegna sameingar Kaupþings og Búnaðarbankans, um lán Kaupþings til KV Associates S.A. og Welling & Partners Limited.

„Sagði að hvoru tveggja væru félög sem sannreynt hefði verið að ættu talsverðar eignir og að negative pledge væri í þeim. Vildi að þið vissuð hvað ég hefði sagt.“

- Þórður Jónsson í tölvupósti til Sigurðar Einarssonar og Bjarka Diego 25. apríl 2003 varðandi fyrirspurnir endurskoðenda um lán Kaupþings til KV Associates S.A. og Welling & Partners Limited.

„Kaupþing banki hf. hefur lánað Welling & Partners Ltd. \$10,031,290. [...] Kaupþingi banka er kunnugt um að félagið eigi eignir sem standa undir framangreindum skuldbindingum.

[...]

Kaupþing banki hf. hefur lánað KV Associates S.A. \$8,546,970. [...] Kaupþingi banka er kunnugt um að félagið eigi eignir sem standa undir framangreindum skuldbindingum.“

- Bjarki Diego í tölvupósti til Steingríms Kárasonar, Sigurðar Einarssonar og Magnúsar Guðmundssonar 25. apríl 2003 varðandi tillögu Bjarka að svari við fyrirspurnum endurskoðenda um lán Kaupþings hf. til Welling & Partners Ltd. og KV Associates S.A.

Kaupþing banki hf. hefur lánað Welling & Partners Ltd. \$10,031,290.

Welling & Partners Ltd. er fjárfestingarfélag og er tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum að festa kaup á og eiga hlutabréf, skuldabréf og annars konar verðbréf og kröfur, lánastarfsemi og önnur starfsemi tengd fjárfestingum.

Kaupþingi banka er kunnugt um að félagið eigi eignir sem standa undir framangreindum skuldbindingum. Lánið er að öðru leyti tryggt með „Negative Pledge“-ákvæði í lánsamningi aðila, auk annars konar „Covenants“ sem fela það m.a. í sér að Welling & Partners er óheimilt að veðsetja nokkrar eignir sínar eða ráðstafa þeim með öðrum hætti án samþykkis Kaupþings banka hf. Auk þess tryggja samningar sem gerðir hafa verið milli stjórnenda Welling & Partners Ltd. og Kaupthing Bank Luxembourg, að félagið muni ekki selja eignir sínar eða fara út í annars konar skuldbindingar sem áhrif gætu haft á efnahags- og rekstrarreikning þess nema til komi sérstakt samþykki starfsmanna Kaupthing Bank Luxembourg.

Hvað varðar KV Associates S.A. er staðan sem hér segir:

Kaupþing banki hf. hefur lánað KV Associates S.A. \$8,546,970.

KV Associates S.A. er einnig fjárfestingarfélag og er tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum hefðbundinn, þ.e. að festa kaup á og eiga hlutabréf, skuldabréf og annars konar verðbréf og kröfur, lánastarfsemi og önnur sambærileg starfsemi.

Kaupþingi banka er kunnugt um að félagið eigi eignir sem standa undir framangreindum skuldbindingum. Lánið er að öðru leyti tryggt með „Negative Pledge“-ákvæði í lánsamningi aðila, auk annars konar „Covenants“ sem fela það m.a. í sér að Welling & Partners [svo] er óheimilt að veðsetja nokkrar eignir sínar eða ráðstafa þeim með öðrum hætti án samþykkis Kaupþings banka hf. Auk þess tryggja samningar sem gerðir hafa verið á milli stjórnenda Welling & Partners Ltd. [svo] og Kaupthing Bank Luxembourg, að félagið muni ekki selja eignir sínar eða fara út í annars konar skuldbindingar sem áhrif gætu haft á efnahags- og rekstrarreikning þess nema til komi sérstakt samþykki starfsmanna Kaupthing Bank Luxembourg.“

Um klukkustund síðar áframsendi Bjarki síðastnefnt svar sitt á nýjan leik til sömu viðtakenda en nú með tvenns konar leiðréttingum. Annars vegar breytti hann þá bæði upplýsingunum um Welling & Partners Limited og KV Associates S.A. á þann hátt að þar sem áður stóð að „Kaupþingi banka [væri] kunnugt um“ að félögin ættu eignir sem stæðu undir skuldbindingum þeirra stóð í hinu leiðréttu svari um bæði félög einfaldlega að „félagið [ætti] eignir“ sem stæðu undir skuldbindingunum. Hins vegar leiðrétti Bjarki þá hinar augljósu misritanir í umfjöllun um KV Associates S.A., sem sjá má í ofangreindri tilvitnun til fyrra svars hans, þar sem nafn Welling & Partners Ltd. kom fram í stað KV Associates S.A.

Þetta leiðréttu síðara svar Bjarka við tölvupósti Steingríms Kárasonar áframsendi Bjarki Diego svo laust fyrir hádegi 28. apríl 2003 til Guðnýjar Örnú Sveinsdóttur, starfsmanns Kaupþings hf., með athugasemdinni „[m]eðf. sent skv. samtali“. Eftir hádegi sama dag sendi Eggert J. Hilmarsson hjá KBL tölvupóst til Bjarka með athugasemdinni „kíktu á þetta“. Tölvupóstinum fylgdi í viðhengi Word-skjal með heitinu „Confirmation-welling“. Skjalið hafði að geyma drög að bréfi frá Welling & Partners Limited til Kaupþings hf. með yfirskriftina „re: Loan Proceeds“. Efni draganna varðaði staðfestingu félagsins á ráðstöfun láns frá Kaupþingi hf. 28. mars 2003. Samkvæmt drögunum var bréfið stílað á Guðnýju Örnú Sveinsdóttur af hálfu bankans en gert ráð fyrir undirritun Karim Van den Ende af hálfu félagsins. Drögin að bréfinu hljóðuðu svo:

„Dear Ms. Sveinsdottir,

Upon your request I hereby confirm that Welling & Partners Limited have invested in unlisted securities for the proceeds of the loan taken with Kaupthing Bank hf., according to a Loan Agreement, duly signed on the 28th of March 2003, amounting to USD 10,231,290 (ten million thirty one thousand two hundred and ninety United States dollars).

As already agreed in the aforementioned Loan Agreement, in particular provision no. 12.1.5 Negative Pledge, the investment was performed with prior approval of Kaupthing Bank hf.“

Á meðal gagna rannsóknarnefndar er síðan tölvupóstur sem Eggert sendi hálf tíma síðar til Guðnýjar Örnú. Tölvupósturinn ber með sér að framangreind drög að bréfi hafi fylgt með honum í viðhengi. Í tölvupóstinum kom fram:

„Meðfylgjandi er yfirlýsing sem óskað er eftir frá Welling & Partners Limited. Vinsamlegast staðfestu við mig ef þetta er það sem óskað hefur verið eftir svo fá megi samskonar yfirlýsingu frá KV...“

Guðný Arna sendi Eggerti svar við þessum tölvupósti síðar um daginn. Það hljóðaði svo:

„stoppum hér, kappinn er á leiðinni til mín, ég sagði að málið væri ekki nema mánaðargamalt og því ætti ekki að vera nein hætta í þessu mati, ég held að við bíðum alla vega í bili með frekari aðgerðir“

Að kvöldi þessa dags, 28. apríl 2003, sendi Bjarki Diego svo Eggerti svohljóðandi tölvupóst:

„Samkvæmt mínum útreikningum [er] þetta verðmæti eigna KV og WP sem eru undirliggjandi til tryggingar láninu:

Welling & Partners – u.þ.b. \$17,3 milljónir

KV – u.þ.b. \$14,8 milljónir

Þarf að athuga þetta betur – þetta er of gott til að vera satt !!“

Um 20 mínútum síðar sendi Bjarki hins vegar svohljóðandi tölvupóst til Guðnýjar Örnú:

„Samkvæmt mínum upplýsingum eru þetta verðmæti eigna KV og WP sem eru undirliggjandi til tryggingar viðkomandi lánnum:

Welling & Partners – u.þ.b. \$10,5 milljónir

KV – u.þ.b. \$8,9 milljónir

Var reyndar rétt í þessu að tala við Hreiðar sem sagði mér að ákveðið hefði verið á fundi með BÍ sl. mánudag að miða DD við áramótin, en gera ekki könnun á því sem gerst hefur eftir áramót !!“

Í niðurlagi tölvupóstsins má telja ljóst að Bjarki vísi til samtals við Hreiðar Má Sigurðsson. Af lýsingunni má ráða að Bjarki hafi á grundvelli þessara upplýsinga frá Hreiðari talið að lánveiting Kaupþings hf. til Welling & Partners Limited vegna baksamninganna um hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu, sem síðar var skipt upp með þeim hætti sem gerð hefur verið grein fyrir, yrði ekki hluti af því sem áreiðanleikakönnun vegna sameiningar Kaupþings hf. og Búnaðarbankans myndi beinast að. Samhliða sendingu þessa tölvupósts til Guðnýjar sendi Bjarki á ný tölvupóst til Eggerts þar sem hann leiðrétti upplýsingar í fyrri tölvupósti hans til Eggerts um verðmæti „undirliggjandi eigna“ aflandsfélaganna tveggja. Tölvupósturinn hljóðaði svo:

„Auðvitað var þetta of gott til að vera satt,

þetta er svona:

WP \$10,9 milljónir

KV \$8,9 milljónir“

Guðný Arna sendi svo tölvupóst skömmu síðar og leiðrétti fyrrgreindan skilning Bjarka, samkvæmt samtali hans við Hreiðar Má Sigurðsson, á umfangi áreiðanleikakönnunar í sameingarferli Kaupþings hf. og Búnaðarbankans:

„jú það stendur í samningnum að skoða stórar breytingar (yfir 100 millj) og þetta dettur þar undir“

Snemma morguns næsta dag, 29. apríl 2003, sendi Eggert J. Hilmarsson tölvupóst til Guðnýjar Örnú með yfirskriftinni „Confirmation“. Tölvupóstinum fylgdu í viðhengi breytt drög að því bréfi sem áður var vitnað til frá Welling & Partners til Guðnýjar Örnú

f.h. Kaupþings hf. um staðfestingu á ráðstöfun láns frá Kaupþingi hf. 28. mars 2003. Tölvupósturinn hljóðaði svo:

„Þá vona ég að Due Diligence maðurinn verði ánægður.

Þetta er komið með value og hana nú.

Ég held að það væri ekki verra ef þú skrifaðir bréf á sitthvort félagið, formlega, þar sem óskað er eftir umræddum upplýsingum ... fyrir fælinn.

Ef þetta er í góðu lagi þá gefur Karim út sambærilega staðfestingu fyrir KV.“

Viðhengið með tölvupóstinum hafði eins og áður sagði að geyma breytt drög að þeirri staðfestingu Welling & Partners Limited til Kaupþings hf. sem samskipti þessi vörðuðu. Hin breyttu drög hljóðuðu svo:

„Dear Ms. Sveinsdóttir,

Upon your request it is hereby confirmed that Welling & Partners Limited has for the proceeds of the loan taken with Kaupthing Bank hf., according to a Loan Agreement, duly signed on the 28th of March 2003, invested in securities according to the objectives for which the Company was established. The main objectives according to the Memorandum of Association of the Company are: To carry on the business of an investment company and for that purpose to acquire and to hold share stocks, debentures, debentures stocks, bonds, notes, obligations or securities, and to subscribe for the same subject to such terms and conditions (if any) as may be thought fit.

It is confirmed as well that the current value of the acquired investment is USD 10,9 million (ten million nine hundred thousand United States dollars) and is covering in full the principal amount of the Loan together with all unpaid accrued interest and any other expenses payable.

As already agreed in the aforementioned Loan Agreement, in particular provision no. 12.1.5. Negative Pledge, the investment was performed with prior approval of Kaupthing Bank hf.“

Af samanburði þessarar útgáfu skjalsins við fyrri útgáfu þess má sjá að lýsingu á ráðstöfun lánsins hefur verið breytt frá því að fjárfest hafi verið í „óskráðum verðbréfum“ (e. „unlisted securities“) eins og stóð í fyrri útgáfunni yfir í að fjárfest hafi verið í „verðbréfum í samræmi við tilgang félagsins“ (e. „securities according to the objectives for which the Company was established“). Einnig hefur fjárhæð lánsins verið tekin út og hinum nýfengnu upplýsingum frá Bjarka Diego um stöðu fjárfestingarinnar verið bætt við.

Rannsókn nefndarinnar hefur ekki leitt í ljós gögn eða upplýsingar um hvort þeim svörum til endurskoðenda D&T sem starfsmenn Kaupþings hf. lögðu grunn að með framangreindum tölvupóstsamskiptum var í reynd komið á framfæri við endurskoðendurna. Augljóslega liggur þar með ekkert nánar fyrir um hvers efnis þau hafi þá endanlega verið, með hvaða hætti það hafi verið gert og annað í því sambandi. Óháð því hvernig fór með veitingu slíkra svara á endanum standa hins vegar samskiptin og efni þeirra fyrir sínu sem heimild varðandi baksamningana, framkvæmd þeirra og afstöðu hlutaðeigandi einstaklinga til sömu atriða. Nánar verður vikið að því í samantekt og ályktunum rannsóknarnefndar um efni kaflans.

5.6.5 Síðari greiðsla Eglu hf. til íslenska ríkisins samkvæmt kaupsamningi um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum

Samkvæmt kaupsamningi S-hópsins við íslenska ríkið um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum bar kaupendum að inna af hendi síðari greiðslu af tveimur fyrir hlutinn í síðasta lagi 20. desember 2003. Á meðal gagna rannsóknarnefndar er tölvupóstur á ensku sem Guðmundur Hjaltason sendi 11. desember 2003 til forsvarsmanna allra aðila að S-hópnum, það er Ólafs Ólafssonar (Ker hf./Egla hf.), Finns Ingólfssonar (VÍS hf.), Margeirs Daníelssonar (Samvinnulífeyrissjóðurinn) og Axels Gíslasonar (Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar) auk fleiri manna. Tölvupósturinn ber ekki með sér að hafa verið sendur til neins fulltrúa Hauck & Aufhäuser. Í tölvupóstinum var vísað til meðfylgjandi áætlunar (e. „schedule“) um síðari greiðslu kaupverðs fyrir hlutinn í Búnaðarbankanum og greiðslufyrirmæla fyrir bankareikning íslenska ríkisins sem greiða skyldi inn á. Slík greiðslufyrirmæli komu fram

„Þá vona ég að Due Diligence maðurinn verði ánægður.

Þetta er komið með value og hana nú.“

- Eggert J. Hilmarsson í tölvupósti til
Guðnýjar Örnú Sveinsdóttur 29. apríl 2003
varðandi fyrirsögnir endurskoðenda um lán
Kaupþings hf. til Welling & Partners Limited
og KV Associates S.A.

í tölvupóstinum. Guðmundur gat þess í tölvupóstinum að greiðslur þyrftu að hafa borist inn á reikninginn í síðasta lagi 20. desember 2003 og að ríkisstjórnin væri mjög áfram um að engar tafir yrðu á þeim.

Í umræddri áætlun um síðari greiðslu kaupverðsins var lýst skiptingu greiðslunnar milli kaupenda. Í henni kom meðal annars fram að hlutur Hauck & Aufhäuser í eiginfjárgreiðslu Eglu hf. (greiðsla með eigin fé skyldi nema a.m.k. 65% af greiðslu Eglu hf. samkvæmt kaupsamningnum um Búnaðarbankann) reiknaðist sem 12.938.792,31 Bandaríkjadalur.

Sem fyrr sagði var enginn fulltrúi Hauck & Aufhäuser meðal viðtakenda að þessum tölvupósti Guðmundar Hjaltasonar 11. desember 2003. Gögn rannsóknarnefndarinnar bera hins vegar með sér að 11 dögum síðar eða 22. desember 2003, það er tveimur dögum eftir að greiðslur höfðu í síðasta lagi átt að berast til íslenska ríkisins, hafi Guðmundur áframsent tölvupóstinn til Martin Zeil hjá Hauck & Aufhäuser án þess að bæta við neinum athugasemdum.

Þó svo enginn fulltrúi Hauck & Aufhäuser væri meðal viðtakenda að framangreindum tölvupósti Guðmundar Hjaltasonar 11. desember 2003 um síðari greiðslu S-hópsins til íslenska ríkisins sýna þó gögn rannsóknarnefndar að á sama tíma átti Guðmundur í tölvupóstsamskiptum við Martin Zeil hjá Hauck & Aufhäuser. Þau tölvupóstsamskipti vörðuðu tiltekna tillögu Guðmundar vegna fyrirhugaðrar hlutafjárhækkunar Eglu hf. í tilefni af síðari greiðslunni til íslenska ríkisins.¹³⁷ Guðmundur sendi Zeil þessa tillögu í tölvupósti 12. desember 2003, með afriti til Ólafs Ólafssonar. Í meginatriðum gekk hún út á það að vegna hagstæðrar gengisþróunar hlutabréfa í KB banka væri eiginfjárlutfall Eglu hf. um 72% sem Guðmundur kvað vera um 1,2 milljörðum íslenskra króna eða 16 milljónum Bandaríkjadala hærra en krafist væri (það er samkvæmt kröfu um að lágmarki 65% eiginfjárfjármögnun Eglu hf. í kaupsamningnum um Búnaðarbankann).¹³⁸ Guðmundur kvaðst hafa fengið samþykki íslenska ríkisins fyrir því að falla frá þessari kröfu um 65% eiginfjárfjármögnun vegna síðari greiðslunnar. Það þýddi að sögn Guðmundar að hægt væri að „lækka“ síðari greiðsluna um nálægt 16 milljónir Bandaríkjadala. Guðmundur stakk þó upp á að heildar eiginfjárgreiðslan yrði lækkuð um 12 milljónir Bandaríkjadala en 4 milljónum Bandaríkjadala yrði haldið sem vörn gegn hugsanlegri gengislækkun. Guðmundur óskaði eftir því að Zeil ihugaði þetta og léti sig vita hvort hann samþykkti.

Zeil svaraði samdægurs með tölvupósti til Guðmundar og afriti á Ólaf Ólafsson. Óþarft þykir að rekja efni svars Zeil nánar, einkum þá vegna þess að í svari Guðmundar til Zeil daginn eftir, 13. desember 2003, með afrit á Ólaf Ólafsson sem fyrr, dró Guðmundur tillöguna til baka með eftirfarandi skýringum:

„We need the money to pay the government for the second portion, but subsequently we might be able to reduce to equity to 65% by selling shares in the bank. The reduction is approx. USD 16. [svo] Suggest that we complete the payment as originally planned and come back to this issue later.“

Þessar skýringar Guðmundar vörðuðu meðal annars að nota þyrfti peningana til að borga íslenska ríkinu aðra greiðsluna (það er þá greiðslu sem verið var að framkvæma um þessar mundir og fjallað hefur verið um í þessum kafla) en síðar yrði hægt að minnka eiginfjárlutfallið niður í 65% með því að selja hlutabréf í bankanum, það er Kaupþingi Búnaðarbanka hf. Guðmundur lagði til að að greiðslan yrði kláruð eins og upphaflega var ætlað en síðar mætti taka aftur upp þetta málefni.

Rannsóknarnefnd hefur ekki nánari gögn eða upplýsingar um hvað fólst í þeim orðum Guðmundar Hjaltasonar í síðastnefndum tölvupósti að klára ætti greiðslu Eglu hf. eins og „upphaflega var ætlað“. Vikið er nánar að atriðum varðandi kaupsamningsgreiðslur Eglu hf. (og S-hópsins) til íslenska ríkisins í samantekt og ályktunum um efni þessa kafla hér næst á eftir.

137. Fyrr í skýrslunni er fjallað um samsvarandi hlutafjárhækkun Eglu hf. í mars 2003 vegna fyrri greiðslunnar til íslenska ríkisins sem átti sér stað um það leyti.

138. Sjá nánari umfjöllun um efnisákvæði kaupsamningsins 16. janúar 2003 um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum í kafla 3 í skýrslunni.

5.6.6 Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar

Í kaflanum var gerð grein fyrir uppskiptingu hins upphaflega láns Kaupþings hf. til Welling & Partners. Óþarft þykir að draga þau atriði sérstaklega saman hér umfram það sem gert var í viðkomandi umfjöllun. Hún veitir nauðsynlegt samhengi fyrir síðari umfjöllun um uppgreiðslur allra áhvílandi lána Welling & Partners í maí 2004.

Einnig var fjallað um fyrirspurnir endurskoðenda við áreiðanleikakönnun í tengslum við fyrirhugaðan samruna Kaupþings hf. og Búnaðarbankans til stjórnenda og starfsmanna Kaupþings hf. varðandi skuldir og tryggingar aflandsfélaganna Welling & Partners og KV Associates S.A. gagnvart Kaupþingi hf.¹³⁹ Umfjöllunin varpaði ljósi á hvernig viðkomandi stjórnendur og starfsmenn Kaupþings hf. höfðu varann á gagnvart slíkum fyrirspurnum og stilltu saman strengi um hvernig skyldi svara þeim. Eins og tekið var fram í niðurlagi þeirrar umfjöllunar er með öllu óvíst hvort eða þá hvernig slík svör voru að endingu gefin, hvað þá hvers efnis þau hafi þá endanlega verið, en gögnin sem slík standa óháð því til vitnis um viðhorf og fyrirætlanir viðkomandi starfsmanna Kaupþings hf. í þessum efnunum.

Þau svör og yfirlýsingar sem þannig voru a.m.k. undirbúnar innan viðkomandi hóps starfsmanna Kaupþings hf. vegna fyrirspurna endurskoðendanna lutu í meginatriðum að því að félögin ættu „eignir“ eða „undirliggjandi eignir“ sem stæðu undir lánunum. Þau lutu einnig að því að veðsetningarbann (e. negative pledge), auk annars konar takmarkana í lánessamningum á ráðstöfunarrétti yfir eignunum, tryggðu nægilega hagsmuni Kaupþings hf. vegna lánanna. Í hinum undirbúnu svörum og yfirlýsingum var að auki skírskotað til „fjárfestingar“ Welling & Partners fyrir andvirði lánsins frá Kaupþingi hf.¹⁴⁰

Að mati rannsóknarnefndarinnar gat þessi orðanotkun um „eign“ og „fjárfestingu“ Welling & Partners, og á sinn hátt einnig útreikningar um stöðu þeirrar fjárfestingar sem starfsmennirnir sendu á milli sín, ekki staðið fyrir annað en rétt félagsins samkvæmt baksamningunum til hluta Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. – og þar með í Búnaðarbankanum eða, áður en langt um liði á þessum tíma (seint í apríl 2003), í sameinuðum banka Kaupþings hf. og Búnaðarbankans.

Loks var í þessum kafla gerð grein fyrir þeim gögnum og upplýsingum rannsóknarnefndar sem liggja fyrir um báðar greiðslur Eglu hf. (samhliða öðrum í S-hópnum) til íslenska ríkisins á grundvelli kaupsamningsins um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum, það er fyrri greiðsluna í mars 2003 og síðari greiðsluna í desember sama ár. Þessum greiðslum tengdust svo hlutafjárhækkunir Eglu hf. á sömu tímum í því skyni að fjármagna greiðslurnar. Vikið var stuttlega að fyrri hlutafjárhækkuninni í kaflanum.

Sú umfjöllun tengist atriðum sem líta verður endanlega á sem óupplýst í rannsókn nefndarinnar, annars vegar um fjármögnun þessara tveggja kaupsamningsgreiðslna Hauck & Aufhäuser til íslenska ríkisins og hins vegar um nánari ráðstöfun hinnar handveðsettu innstæðu Welling & Partners hjá þýska bankanum. Nefndin telur umrædd atriði ekki hafa meginþýðingu í rannsókn nefndarinnar en telur engu að síður rétt vegna samhengis að draga þau hér stuttlega saman.

Líkt og áður hefur komið fram var grunnforsenda baksamninganna sú að tryggja Hauck & Aufhäuser skaðleysi af öllum hugsanlegum fjárframlögum til Eglu hf. vegna fjárfestingar þess félags í Búnaðarbankanum. Í aðfararorðum söluréttarsamningsins var gerð grein fyrir því að slík fjárframlög sem Hauck & Aufhäuser bæri að greiða myndu koma til með hlutafjárhækkunum í Eglu hf. og verða í tvennu lagi. Það var í samræmi við ákvæði kaupsamnings S-hópsins og íslenska ríkisins um tvískiptingu greiðslna fyrir hlutinn í Búnaðarbankanum. Aðfararorðin greindu nánar frá tímasetningum og fjárhæðum slíkra tveggja fjárframlaga sem Hauck & Aufhäuser bæri að greiða og gengu þær ráðagerðir eftir í meginatriðum. „Söluréttarverðið“ (e. Put Price) samkvæmt baksamningunum (og þar

139. Síðarnefnda félagið var í hópi þeirra aflandsfélaga sem gerð voru að „lántökum“ við uppskiptingu hins upphaflega láns til Welling & Partners.

140. Var þá einskis getið um hið upphaflega lán til félagsins sem skömmu áður, fyrir uppskiptingu þess, hafði numið meira en þrefalt hærri fjárhæð. Einnig var í engu vikið að tengslunum milli Welling & Partners og KV Associates S.A. eða tildrögum og tengslum lánveitinga Kaupþings hf. til félaganna. Þau atvik má kalla augljós í ljósi fyrri umfjöllunar í skýrslunni. Þannig var KV Associates S.A. aðeins milliliður til málamynda, og nýorðinn slíkur í ofanálæg, í skuldasambandi Welling & Partners og Kaupþings hf. Það skuldasamband hafði ekki tekið neinum breytingum sem máli skiptu með uppskiptingu hins upphaflega láns nokkru áður.

með einnig hugsanlegt kaupverð Welling & Partners á grundvelli forkaupsréttar þess) var þessu til samræmis ákvarðað í orðum sem „fjárhæð jöfn hlutafjárframlagi Hauck & Aufhäuser til Eglu hf.“ Fjárhæð hinnar handveðsettu innstæðu Welling & Partners tók einnig samkvæmt þessu mið af þeirri fjárhæð sem við gerð baksamninganna var gert ráð fyrir að þetta hlutafjárframlag myndi nema, það er rúmlega 33,5 milljónir Bandaríkjadala, að viðbættum tveimur milljónum Bandaríkjadala vegna þóknunar Hauck & Aufhäuser og hugsanlegs frekari kostnaðar sem Welling & Partners kynni að verða ábyrgt fyrir gagnvart Hauck & Aufhäuser.

Hin handveðsetta innstæða stóð meðal annars til tryggingar fjárskuldbindingum Hauck & Aufhäuser vegna fyrrnefndra fjárframlaga til Eglu hf. sem bankinn yrði með tíð og tíma krafinn um. Í niðurlagi aðfararorða veð- og tryggingasamningsins var tilgangi samningsins um tryggingar til handa Hauck & Aufhäuser lýst með samandregnum hætti, meðal annars svo að Hauck & Aufhäuser hefði tryggingu fyrir annars vegar kaupverði hluta í Eglu hf. gagnvart Welling & Partners ef söluréttur væri nýttur og hins vegar hvers konar skuldbindingu sem risi af kaupsamningnum við íslenska ríkið (e. „any obligation arising from the Share Purchase Agreement with the State of Iceland“).

Fyrrgreind óupplýst atriði varðandi fjármögnun kaupsamningsgreiðslna Hauck & Aufhäuser til íslenska ríkisins og ráðstöfun hinnar handveðsettu innstæðu eru í hnotskurn eftirfarandi: Annars vegar hvort Hauck & Aufhäuser hafi hugsanlega með sjálfstæðum og utanaðkomandi hætti fjármagnað tímabundið umræddar tvær kaupsamningsgreiðslur í nafni bankans til íslenska ríkisins eða hins vegar hvort þær hafi, með milligöngu Welling & Partners, einfaldlega verið greiddar af hinni handveðsettu innstæðu, hvor á sínum tíma.¹⁴¹

Til að gera langa sögu stutta telur rannsóknarnefndin að fyrirliggjandi gögn nefndarinnar sem þessu tengjast gætu bent til þess að atvik hafi í reynd verið með þeim hætti að umrædd fjárframlög Hauck & Aufhäuser til Eglu hf. hafi verið fjármögnuð, hvor fyrir sig, með hinni handveðsettu innstæðu og greidd af henni. Það sem helst fengi stutt það fer hér á eftir.

Í því sambandi má í fyrsta lagi horfa til þess að hin handveðsetta innstæða stóð ekki aðeins til tryggingar kröfu Hauck & Aufhäuser til kaupverðs frá Welling & Partners þegar eigendaskipti færu fram á grundvelli sölu- eða forkaupsréttar samkvæmt baksamningunum. Hún stóð jafnframt til tryggingar kröfu bankans vegna hvers konar skuldbindingar sem risi af kaupsamningnum við íslenska ríkið um hlutinn í Búnaðarbankanum. Af sjálfu sér leiðir að kaupsamningsgreiðslur kaupenda samkvæmt þeim samningi urðu taldar til slíkra skuldbindinga. Baksamningarnir gerðu því einnig ráð fyrir að innstæðan stæði til tryggingar skuldbindingum Hauck & Aufhäuser vegna slíkra greiðslna.

Í öðru lagi má líta til tölvupóstsamskipta Martin Zeil og Bjarka Diego 20. janúar 2003, eða fjórum dögum eftir undirskrift baksamninganna. Þau vörðuðu hvernig skyldi fara með ávöxtun hinnar handveðsettu innstæðu, sem baksamningarnir gerðu ráð fyrir sérstöku samkomulagi aðila um.¹⁴² Zeil lagði þá til við Kaupþingsmenn, sem vitaskuld fóru með málefni Welling & Partners í reynd, að einfaldasta lausnin væri að engir vextir væru greiddir af innstæðunni til að ekki skapaðist neinn fjármagnskostnaður (e. „cost of carry“) vegna þess. Bjarki tilkynnti Zeil síðar þennan dag í nafni Welling & Partners að þetta væri samþykkt, með þeirri athugasemd að þar með myndi enginn fjármagnskostnaður fylgja vörslum Hauck & Aufhäuser á innstæðunni og þetta væri „hin einfalda „núll-niðurstaða““. Líkt og áður hefur komið fram lá á bak við þessi skoðanaskipti og samkomulag Zeil og Bjarka að Welling & Partners hafði undirgengist í baksamningunum að tryggja Hauck & Aufhäuser skaðleysi af öllum fjármagnskostnaði vegna baksamninganna. Af þessu sést að aðilar baksamninganna fylgdu hinni einföldu „núll-niðurstöðu“ sín á milli varðandi vaxtakostnað af hinni veðsettu innstæðu, sérstaklega til að forðast að fjármagnskostnaður skapaðist hjá Hauck & Aufhäuser. Í því ljósi mætti einnig telja líkur á að sömu stefnu hefði verið fylgt varðandi hugsanlegan (og líklega mun hærri) fjármagnskostnað sem skapast hefði ef Hauck & Aufhäuser hefði fjármagnað kaupsamningsgreiðslur sínar til íslenska

141. Á bak við þessi álitæfni býr að sjálfsgöðu endanlega spurningin um það hvort Hauck & Aufhäuser hafi yfirhöfuð átt nokkurn þátt í því, á neinum tíma og í neinum skilningi, að fjármagna hlutdeild Eglu hf. í kaupunum á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.

142. Sjá nánar í kafla 5.4.8.

ríkisins gegnum Eglu hf. um lengri eða skemmri tíma með sjálfstæðum og utanaðkomandi hætti. Með sama hætti mætti þá telja síðarnefnda möguleikann ósennilegan í ljósi þess að einmitt sú fjárhæð sem þurfti, eyrnamerkt þessum sama tilgangi, lá vaxtalaus sem innstæða á reikningi hjá bankanum sjálfum.

Í þriðja lagi mætti á grundvelli gagna nefndarinnar færa rök fyrir því að þegar kom að því að Hauck & Aufhäuser bar að reiða fram hina fyrri af þessum kaupsamningsgreiðslum hafi einmitt komið fram fyrir mæli um að sú greiðsla skyldi fjármögnuð með tilsvarendi hluta hinnar handveðsettu innstæðu. Af gögnum nefndarinnar varðandi fyrri kaupsamningsgreiðslu Eglu hf. til íslenska ríkisins má þannig sjá að Guðmundur Hjaltason, sem sá um að tilkynna Hauck & Aufhäuser um hlut bankans í þeirri greiðslu, sendi slíka tilkynningu strax næsta dag til Bjarka Diego hjá Kaupþingi hf. sem opinberlega varðaði þetta málefni ekki með neinum hætti. Bjarki áframsendi svo sömu tilkynningu umsvifalaust til Eggerts J. Hilmarssonar hjá KBL með þeim fyrir mælum, sem skírskotudu til tilkynningarinnar, að það þyrfti að „senda greiðslufyrirmæli skv. neðangreindu frá Welling & Partners til Hauck & Aufhäuser í Munchen“.¹⁴³ Eins og nánar var lýst í tilvísuðum fyrri kafla skýrslunnar telur rannsóknarnefnd að minnsta kosti ljóst af þessu að Bjarki hafi þannig gefið fyrir mæli um að þessi kaupsamningsgreiðsla Hauck & Aufhäuser skyldi með milligöngu Welling & Partners greidd af hinni handveðsettu innstæðu. Ekkert liggur hins vegar nánar fyrir í gögnum rannsóknarnefndar um frekari samskipti þessu tengd, þar á meðal hvort þessi fyrir mæli Bjarka hafi verið framkvæmd og þá hvernig.

Enda þótt framangreind gögn gefi þannig vísbendingu um að kaupsamningsgreiðslur Hauck & Aufhäuser til íslenska ríkisins hafi verið fjármagnaðar með hinni handveðsettu innstæðu verður hér sem fyrr að leggja áherslu á að gögnin geta ekki talist óyggjandi um þetta. Önnur gögn nefndarinnar varpa heldur ekki óyggjandi ljósi á þetta. Þar með verður að líta á þetta atriði sem óupplýst í rannsókn nefndarinnar. Nefndin telur heldur ekki nægar forsendur liggja fyrir til að ályktað verði með fullnægjandi hætti um hvernig þessu kynni í reynd að hafa verið farið.

Hvað sem öllu líður um framangreint er þó jafnframt ljóst að óvissa um þetta tiltekna atriði hefur þegar allt kemur til alls engin teljandi áhrif á grundvallarniðurstöðu nefndarinnar varðandi fjármögnun á þátttöku Hauck & Aufhäuser í kaupunum á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.

Þannig liggur fyrir að alveg óháð því hvort eða hversu líklegt megi telja að Hauck & Aufhäuser hafi hugsanlega fjármagnað með sjálfstæðum og utanaðkomandi hætti kaupsamningsgreiðslur bankans til íslenska ríkisins breytir það engu um að leggja verður til grundvallar hér að aðrir aðilar en Hauck & Aufhäuser, og þá Kaupþing hf., hafi í reynd veitt þá fjármögnun, í mesta lagi þá eftir að þýski bankinn hefði tímabundið lagt út fyrir slíkum kostnaði.

Þetta leiðir af þeirri einföldu ástæðu, sem nánari grein var gerð fyrir í umfjöllun um efni baksamninganna hér á undan, að Hauck & Aufhäuser var undir öllum kringumstæðum tryggt skaðleysi samkvæmt baksamningunum bæði af slíkum fjárframlögum sem og öllum hugsanlegum fjármagnskostnaði vegna þeirra. Að endingu hefði því Welling & Partners eftir sem áður borið allan þann kostnað og fjármögnunin að öllu leyti í reynd þannig ekki verið bankans heldur Welling & Partners og þar með Kaupþings hf.

Samkvæmt framangreindu má þannig á grundvelli gagna rannsóknarnefndarinnar álykta eftirfarandi um fjármögnun á þátttöku Hauck & Aufhäuser gegnum Eglu hf. í kaupum á hlut ríkisins Búnaðarbankanum: Sú fjármögnun var að minnsta kosti í reynd og endanlega, ef ekki frá upphafi og að öllu leyti, frá Kaupþingi hf. en ekki Hauck & Aufhäuser sjálfum og ávallt, hvað sem öllu öðru líður, einungis á áhættu Kaupþings hf. en ekki Hauck & Aufhäuser.

5.7 Atvik á árinu 2004

Hér verður fyrst gerð grein fyrir gögnum og upplýsingum rannsóknarnefndar um aðdraganda og atvik varðandi sölu Eglu hf. á hlutabréfum í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. í

143. Sjá nánar í kafla 5.6.1.

febrúar 2004.¹⁴⁴ Sú sala tengdist svo með vissum hætti þeim atvikum sem mestu varða í þessum kafla skýrslunnar, það er fyrri viðskiptunum sem Welling & Partners og Hauck & Aufhäuser áttu á grundvelli baksamninganna með hlutina í Eglu hf. Þau viðskipti áttu sér stað í apríl 2004. Einnig er í kaflanum fjallað um lítils háttar lækkingu sem gerð var á fyrri hluta árs 2004 á hinu svokallaða „söluréttarverði“ samkvæmt baksamningunum. Þá er í kaflanum gerð grein fyrir uppgreiðslu allra áhvílandi skulda Welling & Partners við Kaupþing hf., það er í gegnum uppgreiðslu lánanna sem orðið höfðu til við uppskiptingu hins upphaflega láns Kaupþings hf. til félagsins í janúar 2003. Loks er fjallað um tiltekin atvik í desember 2004 varðandi fyrirhuguð viðskipti á þeim tíma, sem ekki varð af, með eftirstandandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf.

5.7.1 Minnisblað Ólafs Ólafssonar í janúar 2004 um ráðstöfun á hlutum Eglu hf. í Kaupþingi-Búnaðarbanka hf. og hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf.

Samkvæmt kaupsamningi íslenska ríkisins og S-hópsins um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum voru tilteknar takmarkanir á ráðstöfun hins keypta hlutar, eða kvaðir um óbreytt eignarhald, settar af hálfu ríkisins sem seljanda. Um þetta hefur áður verið fjallað. Í meginatriðum lutu þær að því að S-hópnum var óheimilt að ráðstafa tilteknum hluta hinna keyptu hluta, sem samanlagt námu 33,3% af útgefnu hlutafé Búnaðarbankans, í 21 mánuð frá undirskrift kaupsamningsins.¹⁴⁵ Á hinn bóginn var S-hópnum heimilt án takmarkana að ráðstafa afganginum af hinum keypta hlut en hann nam í heildina 45,8% af útgefnu hlutafé Búnaðarbankans eins og komið hefur fram. S-hópnum var samkvæmt þessu heimilt að ráðstafa án sérstakra takmarkana 12,5% af útgefnu hlutafé Búnaðarbankans.

Á meðal gagna rannsóknarnefndar er skjal dagsett 14. janúar 2004 sem ber með sér að stafa frá Ólafi Ólafssyni. Það ber yfirskriftina „Minnisblað“ og fjallar um fyrirhugaða sölu á hlutum Eglu hf. í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. og ráðstöfun á hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. Minnisblaðið hljóðar svo:

„Egla hf. selur sig niður í Kaupþing – Búnaðarbanki hf. í samræmi við heimildir (% og tímasetningar) í samningi við ríkisstjórnina.

Egla hf. greiðir Hauck & Aufhäuser söluandvirði hluta í KB, að frádregnum skatti og söluþóknun. (skattar 10% og þóknun og kostnaður allt að 3%).

Þegar búið er að greiða upp allan eignarhluta Hauck & Aufhäuser, með því að selja það sem selja má, er hugsanlegt að Ker hf. auki sinn hlut með því að kaupa Hauck & Aufhäuser alfarið út úr Eglu ehf. [svo]

Ganga þarf frá tilkynningu inn á verðbréfaþing vegna þessara viðskipta.

Gengið verður í sölu eftir 12. febrúar, þegar uppgjörin hafa verið birt.

Heimilt að selja:

Heildar eign Eglu [svo] ¹⁴⁶		63.337.092,00 hlutir
Má selja strax	27,29% (12,5%)	17.830.492,40 hlutir
Má selja með leyfi	12,71% (5,82%)	<u>8.304.344,39 hlutir</u>
	40%	26.134.836,79 hlutir
Óselt m.v. 16. okt. 04	60%	39.202.255,21 hlutir
Eignarhlutir H&A eftir fyrri sölu	10%	6.533.709,21 hlutir“

Líkt og sjá má af efni þessa minnisblaðs Ólafs Ólafssonar er í því gerð áætlun um sölu Eglu hf. á hlutum í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. miðað við svigrúm til þess vegna áðurnefndra takmarkana á ráðstöfun hluta í bankanum samkvæmt kaupsamningnum við íslenska ríkið

144. Kaupþing Búnaðarbanki hf. tók upp heitið KB banki um áramótin 2003-2004 en fyrra heiti bankans kemur þó víða fyrir í gögnum rannsóknarnefndarinnar, sem og opinberum gögnum, frá og með þeim tíma. Í umfjöllun hér á eftir koma því bæði heitin fyrir að nokkru marki.

145. Þrátt fyrir þetta var þó heimilt með leyfi íslenskra stjórnvalda að selja hlut sem nam 5,82% af útgefnu hlutafé Búnaðarbankans, með tilteknum nánari skilyrðum sem ekki er þörf að rekja hér.

146. Heildareign Eglu hf. í Kaupþingi – Búnaðarbanka hf. var samkvæmt öðrum gögnum rannsóknarnefndarinnar 65.337.092 hlutir. Sú tala samræmist þeim tölum sem koma fram neðar í minnisblaðinu (26.134.836,79 hlutir og 39.202.255,21 hlutir). Hér er því líklega um innsláttarvillu að ræða og rétt tala hér líklega fyrrnefnd tala um heildareign Eglu hf. í bankanum á þessum tíma.

„Egla hf. selur sig niður í Kaupþing – Búnaðarbanki hf. í samræmi við heimildir (% og tímasetningar) í samningi við ríkisstjórnina.

Egla hf. greiðir Hauck & Aufhäuser söluandvirði hluta í KB, að frádregnum skatti og söluþóknun. (skattar 10% og þóknun og kostnaður allt að 3%).

Þegar búið er að greiða upp allan eignarhluta Hauck & Aufhäuser, með því að selja það sem selja má, er hugsanlegt að Ker hf. auki sinn hlut með því að kaupa Hauck & Aufhäuser alfarið út úr Eglu ehf. [svo]“

- Úr minnisblaði Ólafs Ólafssonar, dags. 14. janúar 2004, um fyrirhugaða sölu á hlutum Eglu hf. í Kaupþingi-Búnaðarbanka hf. og ráðstöfun á hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf.

um hlutinn í Búnaðarbankanum. Minnisblaðið ber einnig með sér að til hafi staðið að selja niður þá hluti í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. sem töldust tilheyra Hauck & Aufhäuser gegnum Eglu hf. og greiða Hauck & Aufhäuser söluandvirðið eða með öðrum orðum að í reynd væri Hauck & Aufhäuser að „selja sig niður“ í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. Þá er í minnisblaðinu vikið að því að þessu næst væri hugsanlegt að Ker hf. keypti Hauck & Aufhäuser alfarið út úr Eglu hf.

Í síðari hluta minnisblaðsins er þessi áætlun sett fram í nánari tölulegum atriðum. Meðal annars er gert ráð fyrir að selja megi um 17.830.492 hluti strax og stendur innan sviga í samhengi við þá ráðagerð áður nefnt 12,5% hlutfall hlutafjár í Búnaðarbankanum samkvæmt kaupsamningi S-hópsins og ríkisins sem ekki var bundið neinum takmörkunum um ráðstöfun. Sjá má að minnisblaðið gerir að auki ráð fyrir að heimild til að selja 5,82% hlut til viðbótar með ákveðnum skilyrðum yrði nýtt til fullnustu og þannig yrðu seldir samanlagt um 26.134.837 hlutir. Samkvæmt því var gert ráð fyrir að þegar 21 mánaðar tímabilið með takmörkunum á ráðstöfunum samkvæmt kaupsamningi S-hópsins og íslenska ríkisins rynni út 16. október 2004 ætti Eglu hf. rúmlega 39 milljónir hluta í bankanum og af því ætti Hauck & Aufhäuser óbeint um 6,5 milljónir hluta eftir fyrri sölur.

Eins og fram kemur í umfjöllun í þessum kafla gekk framangreind áætlun sem sett var fram í minnisblaði Ólafs Ólafssonar í meginatriðum eftir á næstu mánuðum að því undanskildu að Eglu hf. seldi ekki jafnmikið af hlutum í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. og gert var ráð fyrir í minnisblaðinu. Þar með minnkaði eignarhlutur sem Hauck & Aufhäuser taldist eiga í Eglu hf./Kaupþingi Búnaðarbanka hf. ekki jafnmikið og gengið var út frá í minnisblaðinu að yrði raunin á áliðnu ári 2004.

5.7.2 Eglu hf. selur hluti í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.

Síðdegis 20. febrúar 2004 birtist eftirfarandi tilkynning á heimasíðu Kauphallar Íslands undir yfirskriftinni „Kaupþing Búnaðarbanki – Innherjaviðskipti“:

Eglu hf. hefur í dag, 20. febrúar, selt 17.832.176 hluti í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. á genginu 265 á hlut. Beinn eignarhlutur félagsins fyrir söluna nam 65.337.091 hlutum, eða 14,83%, en nemur 47.504.915 hlutum, eða 10,78%, eftir söluna.

Þýski bankinn Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA var eigandi að 50% hlut í Eglu hf. og mun eignarhlutur hans í því félagi minnka en eignarhluti Kers hf., sem átti fyrir 49,5% hlut í Eglu hf., vaxa að sama skapi. Vátryggingafélag Íslands hf. (VÍS) á 0,5% eignarhlut í Eglu hf. Þessi sala er í samræmi við stefnu Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA, um að minnka eignarhlut sinn í bankanum eins og tilkynnt var þegar kaup á bréfunum áttu sér stað.

Eglu hf. er fruminnherji í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. í krafti eignaraðildar félagsins sbr. 1. tl. 2. mgr. 43. gr. laga nr. 33/2003. Tilkynningin er gerð í samræmi við 47. gr. laga nr. 33/2003.

Söluverð á hlutunum samkvæmt upplýsingum í tilkynningunni um fjölda þeirra og gengi í viðskiptunum var 4.725.526.640 krónur. Sé þessi tilkynning borin saman við minnisblað Ólafs Ólafssonar sem áður var rakið má sjá að gert var ráð fyrir sendingu slíkrar tilkynningar í minnisblaðinu og einnig að sala Eglu hf. tók nokkurn veginn til þeirra hluta í bankanum sem félaginu var heimilt að selja án takmarkana, eða um 17,8 milljóna hluta, líkt og rakið var í minnisblaðinu.¹⁴⁷ Þá hefur salan átt sér stað á þeim tíma sem gert var ráð fyrir í minnisblaðinu („eftir 12. febrúar“).

Í annarri efnisgrein tilkynningarinnar kemur fram að Hauck & Aufhäuser „[hafi verið] eigandi að 50% hlut í Eglu hf. og [myndi] eignarhlutur hans í því félagi minnka en hlutur Kers hf. [...] vaxa að sama skapi“. Fram kemur síðan að þetta hafi verið í samræmi við yfirlýsta stefnu Hauck & Aufhäuser um að „minnka eignarhlut sinn“ í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.

Orðalag tilkynningarinnar er að þessu leyti nokkuð óljóst og erfitt að slá fastri nákvæmri merkingu þess. Að öllu virtu virðist þetta helst verða skilið svo að tilkynningin hafi að þessu

147. Í minnisblaðinu eru þeir hlutir tilgreindir 17.830.492,40 hlutir en samkvæmt tilkynningunni voru seldir 17.832.176 hlutir. Á milli munar 1684 hlutum.

leyti átt að gefa til kynna að sala Eglu hf. hafi verið af þeim hlutum félagsins í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. sem taldir voru tilheyra Hauck & Aufhäuser gegnum Eglu hf. en að sameigandi Hauck & Aufhäuser að Eglu hf., Ker hf., myndi áfram halda á hlutum sem félagið ætti gegnum Eglu hf. í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. og auka hlut sinn í Eglu hf. í öðrum og ótilgreindum síðari viðskiptum við Hauck & Aufhäuser. Áður nefnt minnisblað Ólafs Ólafssonar gengur enda í sömu átt og eins og síðar verður rakið áttu sér síðar stað einmitt slík viðskipti milli Hauck & Aufhäuser og Kers hf.

Samkvæmt gögnum og upplýsingum rannsóknarnefndarinnar hafði Kaupþing Búnaðarbanki hf. milligöngu um þessi hlutabréfaviðskipti. Verðbréfamiðlari hjá bankanum sá samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar um að framkvæma viðskiptin og um að tilkynna þau í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands. Af gögnum rannsóknarnefndar má ráða að bankinn hafi keypt bréfin af Eglu hf. inn á sínar bækur og svo selt þau áfram samdægurs til dreifðs hóps fjárfesta, þar á meðal einstaklinga, fyrirtækja og lífeyris- og verðbréfasjóða, í flestum tilvikum á sama gengi, 265, og í hinum tilkynntu viðskiptum. Stærstan hluta bréfanna, næstum 11 milljónir hluta, keypti bankinn sjálfur eða einingar (sjóðir eða deildir) innan hans.

Söluhagnaður af hlutabréfasöluinni, sem nam 4.701.898.757 krónum að frádregnum kostnaði og þóknun bankans, var lagður inn á bankareikning Eglu hf. hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 25. febrúar 2004. Í umfjöllun síðar í þessum kafla verður gerð grein fyrir endanlegri ráðstöfun þessara fjármuna samkvæmt gögnum og upplýsingum rannsóknarnefndarinnar þar að lútandi.

5.7.3 Ósk Eglu hf. til viðskiptaráðherra um heimild félagsins eða hluthafa þess til að eiga viðskipti með hluti í félaginu

Fyrir í skýrslu þessari var gerð grein fyrir erindi Kristins Hallgrímssonar hæstaréttarlögmanns fyrir hönd Eglu hf. til viðskiptaráðherra 27. febrúar 2004, eða viku eftir birtingu fyrrgreindrar tilkynningar um sölu Eglu hf. á hlutum í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. Þar var óskað eftir því að „[Egla hf.] og/eða núverandi hluthafar í Eglu hf. [fengju] heimild til að eiga viðskipti sín í milli með hluti í Eglu hf.“ Í erindinu sagði nánar tiltekið:

„Til stendur, ef umbeðið samþykki verður veitt, að Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGAA minnki hlut sinn í félaginu með sölu á hluta hluta sinna til annarra hluthafa félagsins og/eða Eglu hf. um tæp 33%, þannig að eignarhlutur Hauck & Aufhäuser minnki úr hlutum að nafnverði kr. 7.239.000,00, sem taka til 50% alls hlutafjár í félagsins, í hluti að nafnverði kr. 2.505.307,00, sem taka til 17,31% alls hlutafjár í Eglu hf.“

Viðskiptaráðherra veitti umbeðið samþykki við erindinu 8. mars 2004. Í kafla 5.7.5 hér á eftir er nánar fjallað um þau viðskipti með hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. sem áttu sér stað í kjölfarið. Fyrst verður vikið að tvennu öðru sem einnig átti sér stað á þessum tíma.

5.7.4 Kaupverð samkvæmt söluréttarsamningnum lækkað. Tölvupóstsamskipti Hreiðars Más Sigurðssonar og Ralf Darpe hjá Sociétés Générale

5.7.4.1 Lækkun kaupverðs samkvæmt söluréttarsamningnum

Í umfjöllun um baksamningana tvo hér á undan var getið um að þeir fólu í sér þann möguleika að hið svonefnda „söluréttarverð“ (e. Put Price) samkvæmt söluréttarsamningnum, og hin handveðsetta innstæða þar með, kynni að lækka frá því sem gert var ráð fyrir í baksamningunum. Líkt og nánar kom fram þar var ákvæði um þetta sett inn í söluréttarsamninginn seint í samningagerðinni að ósk Kaupþings hf.¹⁴⁸

Gögn rannsóknarnefndar sýna að með gerð sérstaks viðauka við söluréttarsamninginn, dagsettum 8. mars 2004, var söluréttarverðið lækkað nokkuð. Af gögnum rannsóknarnefndarinnar má hins vegar ráða að viðaukinn hafi í reynd verið gerður nokkrum vikum síðar en dagsettur aftur í tímann. Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar kom það álitafni sem leiddi til gerðar viðaukans þannig fyrst upp í áliðnum apríl 2004. Þá var

148. Eins og fram hefur komið tók hugtakið „söluréttarverð“ (e. Put Price) í baksamningunum til kaupverðs Welling & Partners fyrir hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf., hvort heldur á grundvelli ákvæða samninganna um sölurétt Hauck & Aufhäuser eða forkaupsrétt Welling & Partners.

verið var að ganga frá fyrstu kaupum Welling & Partners á hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á grundvelli forkaupsréttar félagsins samkvæmt söluréttarsamningnum og öðrum ákvæðum baksamninganna, og samhliða sölu Hauck & Aufhäuser fyrir hönd Welling & Partners á sömu hlutum til Kers hf. á grundvelli tilboðs þess félags sem virkjað hafði forkaupsréttarákvæði Welling & Partners.¹⁴⁹

Frumkvæði að gerð viðaukans kom frá Hauck & Aufhäuser, nánar tiltekið með tölvupósti Martin Zeil 21. apríl 2004 til Guðmundar Hjaltasonar og afrits til Magnúsar Guðmundssonar, framkvæmdastjóra KBL. Tölvupóstur Zeil ber með sér að hafa verið sendur þegar verið var að ganga frá síðastnefndum viðskiptum Welling & Partners Limited og Hauck & Aufhäuser með hluti í Eglu hf. Tölvupósturinn hljóðaði svo í heild sinni:

„Dear Guðmundur,

dear Magnus,

in the course of the settlement of the present transaction¹⁵⁰ we have discovered the following:

The Put Price agreed to in the Put Option Agreement is USD 33.454.372,-- The proportional price for the 4.676.957 shares was adjusted accordingly, whereby the correct number would be USD 21.614.869,75 (=64,61%) instead of USD 21.614.864,75 as indicated in the letter of Welling & Partners, but that is no real problem.

The main point is that we have paid for the two stages of acquisition in fact an aggregate amount of (only) USD 33.006.956,26 according to the requests by EGLA. Thus, by sticking to the agreed amount a profit of USD 450.000,-- would remain with our bank.

The only way to solve this „problem“ would be to create an amendment to the Put Option Agreement to adjust the original Put Price to the amount we have really afforded for the EGLA shares. In this case, of course, the instructions by Welling & Partners would have to be actualised as well.

Please let me know your opinion with regard to the above.“

Efnislega kemur fram í tölvupóstinum sú ábending Zeil að heildargreiðslur Hauck & Aufhäuser samkvæmt óskum Eglu hf. í tengslum við hlutafjárhækkningar Eglu hf. til að standa straum af greiðslum til íslenska ríkisins samkvæmt kaupsamningnum um hlut ríkisins í Búnaðarbankanum hafi ekki numið nema 33.006.956,26 Bandaríkjadöllum. Sú fjárhæð væri um 450.000 Bandaríkjadöllum lægri heldur en söluréttarverðið eins og það hafi verið ákveðið í söluréttarsamningnum (33.454.372 Bandaríkjadöllum). Zeil benti á að ef hinu umsamda söluréttarverði væri samt sem áður fylgt myndi það leiða af sér að hagnaður sem næmi þessum mismun yrði eftir hjá Hauck & Aufhäuser. Eina leiðin til að leysa það „vandamál“ (sem Zeil kallaði svo innan gæsalappa) væri að breyta upphaflega söluréttarverðinu.

Gögn rannsóknarnefndar geyma ekki frekari samskipti aðila um þessa ábendingu Martin Zeil en fyrir liggur að viðaukinn var gerður með breyttu söluréttarverði í samræmi við hana, sömu fjárhæðar og Zeil benti á að heildargreiðslur Hauck & Aufhäuser vegna Eglu hf. hefðu numið.

Viðaukinn við söluréttarsamninginn hafði yfirskriftina „Amendment to a Put Option Agreement dated and signed on January 16, 2003“ og var sem fyrr segir dagsettur 8. mars 2004. Sömu menn skrifuðu undir hann og baksamningana milli sömu aðila, það er Karim Van den Ende af hálfu Welling & Partners og tveir fulltrúar Hauck & Aufhäuser, annar þeirra Martin Zeil. Samkvæmt viðaukanum lækkaði söluréttarverðið úr 33.454.372 Bandaríkjadöllum og skyldi í staðinn verða 33.006.956,26 Bandaríkjadöllum.

Í viðaukanum, sem var um ein og hálf blaðsíða að lengd, voru reifuð helstu ákvæði söluréttarsamningsins í nokkrum efnisgreinum áður en kom að hinni eiginlegu breytingu á söluréttarverðinu. Óþarft þykir að rekja það efni viðaukans hér. Í sjöttu, sjöundu og áttundu efnisgrein viðaukans var svo mælt fyrir um hina eiginlegu breytingu á söluréttarverðinu og lýst ástæðum hennar. Þessar efnisgreinar viðaukans hljóðuðu svo:

149. Frá þessu segir nánar í kafla 5.7.5 hér á eftir.

150. Sjá meginmál næst á undan tilvitnuninni og kafla 5.7.5 um skýringu á því til hvaða viðskipta er vísað hér.

„WHEREAS, the equity of EGLA increased in value due to favourable market developments on the acquired shares in Kaupthing Bunadarbanki hf. leading to the capital contribution of up to USD 12.956.772,26 on the Bank's behalf, during the Second Stage of the capital contribution.

NOW, THEREFORE, the Parties hereto agree to modify Clause 1 b) (Put Price) by decreasing the maximum amount to be paid by WELLING & PARTNERS LIMITED for the Shares upon exercise of the Put from being USD 33.454.372 to be USD 33.006.956,26.

THEREFORE, Clause 1 b) shall read as follows:

„(b) Put Price. The aggregate purchase price to be paid by WELLING & PARTNERS LIMITED for the Shares upon exercise of the Put shall be an amount equal to the Bank's contribution to EGLA, by means of subscription for share capital, not exceeding, in any event, a maximum amount of USD 33.006.956,26 however, plus any further costs and interest expenditure, including cost of carry that might have incurred for the Bank in the course of the financing of its contributions to EGLA provided that the calculation of such costs shall be itemized and fully disclosed by the Bank to WELLING & PARTNERS LIMITED – (the „Put Price“).“

Líkt og þarna kemur nánar fram var ástæða þessarar lækkunar á söluréttarverðinu sögð vera sú að eigið fé Eglu hefði hækkað vegna hagstæðrar markaðsþróunar hinna keyptu hlutabréfa í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.¹⁵¹ Það leiddi til hlutafjárframlags Hauck & Aufhäuser við síðari hlutafjárukningu Eglu hf. að fjárhæð allt að 12.956.772,26 Bandaríkjadöllum, þ.e. lægra en kveðið var á um í söluréttarsamningnum. Af þeirri ástæðu hefðu aðilar ákveðið að breyta ákvæði söluréttarsamningsins um söluréttarverðið með þeim hætti sem þar var gerð grein fyrir.

5.7.4.2 Tölvupóstsamskipti Ralf Darpe og Hreiðars Mús Sigurðssonar í mars 2004

Í mars 2004 áttu sér einnig stað samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar tölvupóstsamskipti milli annars vegar Hreiðars Mús Sigurðssonar, þá forstjóra KB banka, og hins vegar Ralf Darpe, starfsmanns Soci t  G n rale. S  s ðarnefndi kom samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar að undirb ningi og ger  baksamninganna með þeim hætti sem  ður hefur veri  raki ,  samt Michael Sautter, samstarfsmanni Darpe hj  franska bankanum. R tt er   gera stuttlega grein fyrir efni þessara tölvup stsamskipta   hluta til.

G gn rannsóknarnefndarinnar s na   16. mars 2004 sendi Ralf Darpe tölvup st til Hrei ars M s. Meginefni hans var a i hugmyndir Darpe um hugsanleg vi skipti e a samstarf milli Soci t  G n rale og KB banka. Ekki er tilefni til   rekja þa  efni hans h r. Hins vegar komu   upphafi hans fram eftirfarandi athugasemdir sem var a efni sk rslunnar:

„Dear Hreidar,

I could not reach you by phone, hope you are well and everything goes fine in Iceland. When I look at your share price it seems that our transaction was the right thing to do. Congratulations for so much value creation! When I talk to Olafur he seems to be quite happy too. Hope you liked the Acrylic Tombstone that I sent last year ...“

„[...] When I look at your share price it seems that our transaction was the right thing to do. Congratulations for so much value creation! When I talk to Olafur he seems to be quite happy too. [...]“

Darpe getur þess þarna   þegar liti  s  til hlutab r faver s KB banka vir ist vi skipti þeirra hafa veri  vel heppnu  (e. „the right thing to do“) og  skar Hrei ari til hamingju með svo mikla ver m task pun. Lj st er   Darpe v sar þarna til baksamninganna. Hann nefnir einnig   af samt lum vi  „ laf“ vir ist hann vera ansi  n g ur l ka. V st m  telja af samhengi   þarna er  tt vi   laf  lafsson. Loks minnst Darpe   „the Acrylic Tombstone“ (b kstaflaga: „plastlegsteininn“) sem hann hafi sent  ri    undan og kve st vona   Hrei ari M  hafi l ka  hann.¹⁵²

- Ralf Darpe   tölvup sti til Hrei ars M s Sigur ssonar 16. mars 2004.

Af g gnum rannsóknarnefndarinnar ver ur r  i    Hrei ar M r svara i ekki þessum tölvup sti Darpe strax. Darpe  treka i hann þv  þremur d gum s  ar, 19. mars 2004. Þessum s  ari tölvup sti Darpe svara i Hrei ar M r um h el með tölvup sti sama dag.  

151.   ur   vi aukanum kom fram   hlutab r fin   B na arbankanum v ru n  hlutab r f   hinum sameina a banka.

152. Eftir þv  sem rannsóknarnefndin kemst n st munu sl kir gripir vera eins konar  letra ir hei urs- e a minningarskildir  r gl eru har plasti, e a  letru  skj l inni   gl erri har plastsskel, sem vir ist þ kktast    tb nir s u og afhentir manna   milli   vi skiptal finu til   minnst  fanga e a  rangurs   vi skiptum.

niðurlagi hans þakkaði Hreiðar fyrir og kvaðst vonast til að þeir gætu átt einhver viðskipti saman á þessu ári svo Darpe gæti heimsótt hann á nýja skrifstofu hans og „kíkt á lundann“ (e. „take a look at the puffin“) sem hann hefði á skrifborðinu sínu. Vitnað er til þessara orða í niðurlagi tölvupósts Hreiðars á frummáli hér til hliðar.¹⁵³

5.7.5 Fyrri viðskipti Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners á grundvelli baksamninganna: Kauptilboð Kers hf. virkjar forkaupsrétt Welling & Partners

Líkt og fram hefur komið í umfjöllun um efni söluréttarsamningsins hafði samningurinn ekki aðeins að geyma ákvæði um sölurétt Hauck & Aufhäuser á hlutum sínum í Eglu hf. til Welling & Partners heldur einnig ákvæði um forkaupsrétt Welling & Partners að hlutunum. Ákvæðið um forkaupsrétt Welling & Partners var í b-lið 2. gr. söluréttarsamningsins. Samkvæmt því veitti bankinn Welling & Partners Limited forkaupsrétt til þess að kaupa hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. fyrir fjárhæð jafnháa „söluréttarverðinu“ (e. „Put Price“), það er 33.454.372 Bandaríkjadali, í því tilviki ef bankanum hefði verið gert gilt tilboð í hlutina. Sérstaklega var tekið fram í ákvæðinu að forkaupsrétturinn og kaupverð samkvæmt honum væri óháð fjárhæð slíks tilboðs.

Að endingu var það ekki söluréttur Hauck & Aufhäuser heldur forkaupsréttur Welling & Partners sem notaður var til að koma fram þeim eigendaskiptum að hlutunum, frá Hauck & Aufhäuser til Welling & Partners, sem baksamningunum var einkum ætlað að tryggja. Það var gert í tveimur aðskildum atrennum, fyrst í apríl 2004 en svo í júní 2005.¹⁵⁴

Eins og nánar greinir frá hér á eftir var tilboð Kers hf. til Hauck & Aufhäuser í hluti bankans í Eglu hf. í apríl 2004 undanfari að þessari fyrri sölu bankans á sömu hlutum til Welling & Partners. Það tilboð Kers hf. virkjaði forkaupsrétt Welling & Partners og leiddi til þess að Welling & Partners keypti hlutina af Hauck & Aufhäuser. Þýski bankinn seldi þá svo jafnskjótt til Kers hf. í eigin nafni en í reynd einungis sem fjárvörsluaðili fyrir Welling & Partners og þannig fyrir reikning og á áhættu Welling & Partners. Með þeim hætti var búið svo um hnútana formlega og út á við, þar á meðal í skjalagerð vegna viðskiptanna gagnvart kaupandanum Keri hf., að svo virtist sem Hauck & Aufhäuser væri sjálfur að selja eigin hluti í Eglu hf. á meðan bankinn hafði í reynd þegar selt hlutina Welling & Partners og stóð einungis að sölunni sem milliliður fyrir hönd þess félags samkvæmt fyrirmælum þess.

Þessum atvikum verður nú nánar lýst.

5.7.5.1 *Martin Zeil sendir Guðmundi Hjaltasyni endanleg drög að tilboði Kers hf. í hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf.*

Á meðal gagna rannsóknarnefndar er tölvupóstur sem Guðmundur Hjaltason sendi 13. apríl 2004 til starfsmanns Samskipa hf. ásamt fyrirmælum um frágang bréfs til útsendingar.¹⁵⁵ Með tölvupóstinum fylgdi Word-skjal í viðhengi sem hafði að geyma drög að bréfi stíluðu á Martin Zeil hjá Hauck & Aufhäuser. Meginmál bréfsins var svohljóðandi:

„As we have discussed, Ker hf. is willing to give an offer to Hauck & Aufhäuser to buy shares in Eglu hf. in the amount ISK 4,676,957, which is 32.3% of the nominal value of the share capital in Eglu hf. After the transaction, Hauck & Aufhäuser share capital in Eglu hf. amounts to ISK 2,562,043 or 26.14% [svo] of outstanding share capital.

The offered purchase price is USD 59,656,026.

This offer is valid until 31 March 2004. [svo]“¹⁵⁶

153. Eins og oft hefur komið fram kemur orðið „Puffin“ eða „Lundi“ víða fyrir í gögnum rannsóknarnefndar sem rakin hafa verið, bæði sem viðurnefni verkefnisins um baksamningana og viðurnefni fyrir Kaupþing hf. við gerð þeirra.

154. Rétt er að nefna í því sambengi að samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar voru ráðagerðir uppi um að síðari salan færi fram kringum áramótin 2004-2005 en þær gengu ekki eftir. Nánar er fjallað um það í kafla 5.7.7.

155. Tölvupósturinn hafði ekkert efni en yfirskrift hans var einfaldlega „Haus“. Má ráða af því að Guðmundur hafi með tölvupóstinum og yfirskrift hans falið starfsmanni Samskipa hf. að setja meðfylgjandi viðhengi með tölvupóstinum á merkt bréfsefni.

156. Líkt og sést af niðurlagi tilvitnaðs texta var tilboðinu markaður gildistími aftur í tímann og virðist þar hafa verið um mistök að ræða eða ástæður þess annars ókunnar. Drögin að bréfinu voru sömuleiðis dagsett 20. mars 2004 af ókunnnum ástæðum. Ekki er þörf á að fjalla nánar um þessi atriði af ástæðum sem í ljós koma í framhaldinu, nánar tiltekið að hið endanlega tilboð var ekki með þessum dagsetningum.

Gögn rannsóknarnefndar veita ekki frekari upplýsingar um hvort eða hvenær bréfið sem þessi drög lúta að var sent í endanlegri mynd. Hins vegar er í gögnum rannsóknarnefndarinnar tölvupóstur frá Martin Zeil til Guðmundar Hjaltasonar, dagsettur degi síðar eða 14. apríl 2003. Af þessum tölvupósti má ráða að drögum Guðmundar að tilboði Kers hf. hafi, með áður nefndu bréfi eða öðrum hætti, verið komið á framfæri við Hauck & Aufhäuser. Nánar tiltekið varðaði tölvupóstur Zeil einmitt slíkt tilboð, efnislega samsvarandi því sem Guðmundur hafði útbúið. Aukinheldur fylgdu honum í viðhengjum bæði drög að tilboði Kers hf. til Hauck & Aufhäuser sem og drög að kaupsamningi um hlutina milli Kers hf. og Hauck & Aufhäuser. Tölvupóstur Zeil til Guðmundar hljóðaði svo:

„Please find enclosed a draft for the offer to be issued by KER and a draft for the purchase contract between KER and Hauck & Aufhäuser in the further course of the transaction.

I assume that as soon as we receive the offer I can take the further steps towards the other party involved and that this party is instructed accordingly.“

Í fyrri hluta tilvitnaðs tölvupósts Zeil til Guðmundar Hjaltasonar er vikið að drögum að tilboðinu og kaupsamningnum sem áður var minnst á. Í síðari hluta tölvupóstsins kemur hins vegar fram að Zeil reikni með því að jafnskjótt og Hauck & Aufhäuser taki á móti tilboðinu geti hann tekið næstu skref gagnvart „hinum aðilanum sem á hlut að máli“, sem Zeil nefnir svo, og að „sá aðili fái viðeigandi fyrirmæli“.

Ljóst má telja að með þessum ónefnda aðila var átt við Welling & Partners Limited eða Karim Van den Ende fyrir hönd þess félags – eða ef til vill fyrst og fremst Kaupþing hf. sem í raun stóð þar á bak við. Með „viðeigandi fyrirmælum“ (e. „instructed accordingly“) má á sama hátt telja ljóst að skírskotað hafi verið til forkaupsréttarákvæða söluréttarsamningsins og þess ferlis sem þau gerðu ráð fyrir að fylgja skyldi við framkvæmd þeirra.

Fyrri viðhengið með tölvupósti Zeil hafði að geyma ný drög að tilboði Kers hf. til Hauck & Aufhäuser í hluti bankans í Eglu hf., stíluð á bankann á heimilisfang hans í Frankfurt með Peter Gatti og Martin Zeil sem viðtakendur af hans hálfu. Efst í skjalinu stóð innan sviga: „(On the letterhead of KER)“. Yfirskrift tilboðsins samkvæmt drögum var „Your participation in Eglu hf.“ Tilboðið sjálft hljóðaði svo samkvæmt drögum:

„Dear Mr. Gatti,

dear Mr. Zeil,

with reference to the previous discussions we hereby extend to you an irrevocable and binding offer to acquire and buy shares in the nominal amount of ISK 4.676.970,00 in EGLA hf. equalling 32.3% of the aggregate share capital of EGLA hf. for the purchase price of

USD 59.656.025,54

(i.w.: USD fifty-nine million sixhundred fifty-six thousand and twenty five 54/100).

This offer is valid until April 30, 2004.

After the transaction Hauck & Aufhäuser will hold shares in the nominal amount of ISK 2.562.043,00 in EGLA hf., equalling 17,7% of the aggregate share capital of EGLA hf.

Best regards,“

Ef þessi tilboðsdrög eru borin saman við þau sem Guðmundur Hjaltason sendi til starfsmanns Samskipa hf. daginn áður má sjá að fjöldi hluta í Eglu hf., prósentur hlutafjár í félaginu og tilboðsfjárhæðin eru mjög áþekkt. Í tilboðsdrögum Zeil er hins vegar leiðréttur eftirstandandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. eftir hin fyrirhuguðu viðskipti.¹⁵⁷

Tölvupósti Zeil fylgdu einnig í viðhengi drög að kaupsamningi milli Hauck & Aufhäuser og Kers hf. um hlutina á grundvelli þessa tilboðs, það er um sama fjölda hluta og á sama verði. Óþarft þykir að rekja þau drög hér sérstaklega.

157. Enda virðast viðkomandi tölur í tilboðsdrögum Zeil (32,3% og 17,7%) í samræmi við það að Hauck & Aufhäuser var (formlega) eigandi að samtals 50% hlutafjár í Eglu hf. á þeim tíma en sömu tölur í tilboðsdrögum Guðmundar (32,3% og 26,14%) samræmast því ekki.

„I assume that as soon as we receive the offer I can take the further steps towards the other party involved and that this party is instructed accordingly.“

- Martin Zeil í tölvupósti til Guðmundar Hjaltasonar 14. apríl 2003.

5.7.5.2 Guðmundur Hjaltason sendir Magnúsi Guðmundssyni hjá KBL og Hauck & Aufhäuser tilboð Kers hf. Hauck & Aufhäuser tilkynnir Welling & Partners um tilboðið

Gögn rannsóknarnefndar sýna að sama dag og Zeil sendi Guðmundi Hjaltasyni framan- greind drög að tilboði Kers hf. í hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf., 14. apríl 2004, sendi Guðmundur tilboð sama efnis til Magnúsar Guðmundssonar, framkvæmdastjóra KBL. Hið endanlega tilboð var að öllu leyti óbreytt frá framangreindum tilboðsdrögum Martin Zeil en ritað á bréfsfni Kers hf. og undirritað af Guðmundi.

Sama dag, 14. apríl 2004, er einnig dagsett bréf, sem er meðal gagna rannsóknarnefndar- innar, frá Hauck & Aufhäuser til Welling & Partners Limited, með Karim Van den Ende skráðan sem viðtakanda. Bréfið ber yfirskriftina „Put Option Agreement dated January 16, 2003“ og hljóðar svo:

„Dear Mr. Van den Ende,

pursuant to Clause 2 b) of the aforesaid agreement we hereby give notice that we have received a binding offer by Ker hf., Reykjavik, to buy shares in the nominal amount of ISK 4.676.957,00 in EGLA hf. (= 32.3% of the aggregate share capital of EGLA hf.) for the purchase price of USD 59.656.025,54. Please find enclosed a copy of the offer by KER hf.

You are kindly requested to let us know at your earliest convenience if you wish to exercise your Pre-Emptive Right pursuant to Clause 2 a) of the aforesaid agreement with regard to the above mentioned number of shares and, if that is the case, to notify the exercise of your Right to us accordingly. The shares which are subject to the offer equal a portion of 64,61% of our aggregate participation in EGLA hf. The proportional put price according to Clause 2 a) of the agreement would be USD 21.325.794,44.“

Líkt og getið var um í bréfinu fylgdi því afrit af tilboði Kers hf., sama efnis og áður hefur verið lýst. Samkvæmt ofangreindu var í bréfinu, með vísan til b-liðar 2. gr. söluréttarsam- ningsins, tilkynnt um að bankinn hefði fengið tilboð Kers hf. í hendur. Tilboðinu var lýst nánar og óskað eftir að Welling & Partners léti vita við fyrsta tækifæri hvort félagið hygðist nýta sér forkaupsrétt sinn samkvæmt a-lið 2. gr. söluréttarsamningsins og ef svo væri að tilkynna beitingu forkaupsréttarins til bankans með viðeigandi hætti. Jafnframt var tilkynnt að hlutir sem tilboðið beindist að jafngiltu 64,61% af heildareign Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. Kaupverð bréfanna í samræmi við það hlutfall og söluréttarverðið samkvæmt söluréttarsamningnum (e. „the proportional put price“) myndi vera 21.325.794,44 Banda- ríkjadalir.¹⁵⁸ Eins og ráða má af bréfi Hauck & Aufhäuser var ekki veittur ákveðinn frestur til að svara erindinu heldur þess óskað að Welling & Partners svaraði „við fyrsta tækifæri“.

Áður en vikið er að svari Welling & Partners við þessu bréfi er rétt að gera stuttlega grein fyrir tilteknu skjali úr gögnum rannsóknarnefndar. Það varpar annars vegar ljósi á aðkomu og umsýslu Kaupthing Bank Luxembourg S.A. í þessu ferli og hins vegar á tölulega þætti sem hlutaðeigandi aðilar veltu fyrir sér á þessum tíma, það er þegar fyrri viðskipti Welling & Partners og Hauck & Aufhäuser með hluti í Eglu hf. á grundvelli baksamninganna voru í burðarliðnum.

158. Til að varpa ljósi á samhengi og tímaröð gagna um atvik á þessum tíma er eftirfarandi athugasemd sett fram til skýringar: Í tilvitnuðu bréfi Hauck & Aufhäuser er söluréttarverðið ekki tilgreint með beinum hætti. Af þeim tölum sem koma fram í bréfinu má þó leiða að miðað er við 33.006.956,26 Bandaríkjadalir sem fullt söluréttarverð (21.325.794,44 / 0,6461). Söluréttarverð samkvæmt söluréttarsamningnum var hins vegar upphaflega hærra eða 33.545.372 Bandaríkjadalir. Því var fyrst breytt með gerð hins sérstaka viðauka til að lækka söluréttarverðið. Um það var fjallað í kafla 5.7.4 hér á undan. Tók þá söluréttarverðið lækkun og varð 33.006.956,26 Bandaríkjadalir eða sama fjárhæð og miðað var við í tilvitnuðu bréfi Hauck & Aufhäuser. Í sama kafla kom fram að þessi lækkun á söluréttarverðinu með gerð viðaukans getur fyrst hafa átt sér stað eftir 21. apríl 2004 en þann dag vakti Martin Zeil athygli á, í tölvupósti til Guðmundar Hjaltasonar og Magnúsar Guðmundssonar, að greiðslur Hauck & Aufhäuser við hlutafjárhækkanir Eglu hf. hefðu í reynd aðeins numið þessari lægri fjárhæð. Vitnað er nánar til tölvupósts Zeil í áður nefndum kafla. Meðal annars kemur fram í honum sú athugasemd Zeil að ef gerður yrði viðauki við söluréttarsamninginn þar sem söluréttarverðið yrði lækkað í samræmi við ábendingu hans leiddi af því að uppfæra yrði einnig fyrirmæli Welling & Partners (e. „In this case, of course, the instructions by Welling & Partners would have to be actualised as well.“). Einnig má ráða af inngangi tölvupósts Zeil að við undirbúning þessara viðskipta hafi hið hlutfallslega söluréttarverð við forkaupsréttarviðskiptin fyrst verið reiknað samkvæmt hinu upphaflega og hærra fulla söluréttarverði. Af samhengi þessara gagna má telja ljóst að þau bréfaskepti sem hér eru rakin milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners um beitingu forkaupsréttar hafa verið „uppfærð“ (e. „actualised“) að þessu leyti, þ.e. varðandi hið hlutfallslega söluréttarverð, samhliða eða eftir að að viðaukinn um lækkun söluréttarverðsins var gerður en upphaflegar dagsetningar þeirra þá verið látnar halda sér.

5.7.5.3 *Excel-skjal Eggerts J. Hilmarssonar hjá KBL með útreikningum varðandi tilboð Kers hf.*

Á meðal gagna rannsóknarnefndarinnar er afrit tölvupósts sem ber með sér að hafa verið sendur 20. apríl 2004 til Eggerts J. Hilmarssonar hjá KBL.¹⁵⁹ Tölvupósturinn hafði yfirskriftina „Loan set-up.xls“ og geymdi ekkert efni í meginmáli. Með honum fylgdi Excel-skjal í viðhengi með framangreindu heiti. Excel-skjalið hafði að geyma eftirfarandi töflu:

		28.3.2003	20.4.2004
		USD	USD
Kaupþing banki lends	Welling & Partners Inc.	10.031.290	11.311.529,93
Kaupþing banki lends	K.V.Associates	8.546.970	9.637.773,25
	Total KB Banki	18.578.260	20.949.303,18
Kaupthing Bank Luxembourg lends	Allan Inc.	11.500.000	12.022.817,37
Kaupthing Bank Luxembourg lends	Welling & Partners Inc.	2.000.000	2.090.924,76
Kaupthing Bank Luxembourg lends	K.V. Associates	4.000.000	4.181.849,52
	Total KTL	17.500.000	18.295.591,65
	Total Borrowing	36.078.260	39.244.894,83
		35.731.290	
Kaufþing banki hf. grants Kaufþing Bank Luxembourg a gurantee value \$ 17.500.000			
Allan Inc. lends	Welling & Partners Inc.	11.500.000	
K.V. Associates lends	Welling & Partners Inc.	12.200.000	
	Sale Price		59.656.025,54
	Deposit		34.922.480,89
	Put Price		21.614.864,75
	Cost		
	Balance		<u>72.963.641,68</u>
	Loans		39.244.894,83
	Net Balance		33.718.746,85
H&A is entitled to receive an a fee for exercising the Put Option Agreement:			EUR 500.000

Sjá má að þetta skjal er að stofni til sama Excel-skjal og það sem fjallað var um og birt í kafla 5.6.2 varðandi uppskiptingu hins upphaflega láns Kaupþings hf. til Welling & Partners í mars-apríl 2003. Heiti þess þá var „lending.xls“. Munurinn á milli skjalanna felst einkum í að búið er að bæta við efni skjalsins sem hér segir: Í fyrsta lagi dálki með yfirskriftinni „20.4.2004“ hægra megin við dálkana sem fyrir voru, í öðru lagi nýrri töflu í neðri hluta skjalsins hægra megin og í þriðja lagi athugasemd neðarlega til vinstri um 500.000 evra þóknun Hauck & Aufhäuser fyrir að framkvæma söluréttarsamninginn. Annað efni skjalsins er í meginatriðum eins, þótt vissar minni háttar breytingar og leiðréttingar mætti benda á.¹⁶⁰ Fjallað er nánar um tvær fyrirnefndu viðbæturnar í skjalinu hér á eftir.

Dálkur sem bætt hefur verið við hægra megin við upphaflegu dálkana hefur yfirskriftina „20.4.2004“ eða sömu dagsetningu og tölvupósturinn sem Excel-skjalið var sent með. Í hinum nýja dálki eru lánveitingarnar til aflandsfélaganna þriggja uppreiknaðar miðað við fyrrgreindan dag, sem og heildarlánveitingar hvors banka fyrir sig og samtala allra lánveitinganna.

Í töflunni neðarlega til hægri í skjalinu, sem einnig hefur verið bætt við frá fyrri útgáfu skjalsins, eru tveir dálkar með nánar auðkenndum línunum.

Í vinstri dálkinum eru færðar inn upplýsingar og útreikningar sem greinilega tengjast þeim kaupum Welling & Partners Limited á hlutum í Eglu hf. af Hauck & Aufhäuser á grundvelli forkaupsréttarins sem voru í burðarliðnum á þessum tíma. Fjárhæðir eru augsýnilega í Bandaríkjadöllum. Fram kemur kaupverðið samkvæmt tilboði Kers hf. („Sale Price“ – 59.656.025,54), staða hinnar handveðsettu innstæðu Welling & Partners hjá Hauck

159. Sendandi er nánar tilgreindur af netfangi með lúxemborgískri endingu („.lu“) en rannsóknarnefnd hefur ekki nánari upplýsingar um hver sá sendandi kunni að vera.

160. Helstu breytingarnar eru leiðrétting, eða endanleg fjárhæð, á lánveitingu Kaupþings banka hf. til KV Associates S.A. (sjá nánar athugasemd um það í kafla 5.6.2) og þar með tilsvareandi hækkun heildarlánveitinga (e. „Total Borrowing“). Einnig hefur verið breytt nafni annars aflandsfélagsins sem voru að hluta til milliliðir í hinu nýja lánaskipulagi, það er „Allan Corporation“ (sem var rétt heiti aflandsfélagsins og notað í fyrri útgáfu skjalsins) er í þessari síðari útgáfu skjalsins nefnt „Allan Inc.“

& Aufhäuser („Deposit“ – 34.922.480,89),¹⁶¹ kaupverð samkvæmt forkaupsrétti Welling & Partners („Put Price“ – 21.614.864,75),¹⁶² eignastaða Welling & Partners („Balance“ – 72.963.641,68),¹⁶³ áhvílandi lán Welling & Partners („Loans“ – 39.244.894,83) og loks nettóeignastaða Welling & Partners („Net Balance“ – 33.718.746,85).¹⁶⁴

Í dálknum hægra megin í töflunni er hins vegar reiknað út hver staða Welling & Partners hefði verið miðað við það ef viðskiptin hefðu varðað alla hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á sömu kjörum og hið fyrirliggjandi tilboð Kers hf. kvað á um.¹⁶⁵ Hlutfallslega er þá reiknað út í upphafi að söluverð allra hlutanna hefði verið 92.907.666,56 Bandaríkjadalar. Útreikningar sem koma þar á eftir byggja síðan á sömu forsendum og í vinstri dálkinum og má vísa til skýringa með þeim hér á undan, að breyttu breytanda. Sjá má að áhvílandi lán á Welling & Partners eru jöfnuð upp og áætluð 40 milljónir Bandaríkjadala, væntanlega þá að teknu tilliti til frekari hækkunar þeirra í óákveðinn tíma. Miðað við þessar forsendur er komist að þeirri niðurstöðu að nettóeignastaða Welling & Partners eftir slík ímynduð viðskipti með alla hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. hefði numið 53.775.795,45 Bandaríkjadöllum. Sú fjárhæð virðist svo vera umreiknuð, miðað við gengi Bandaríkjadals sem tilgreint er 74 (krónur fyrir hvern Bandaríkjadala), í 3.979.408.863,28 íslenskar krónur.¹⁶⁶ Neðst er svo greinilega deilt í síðastnefnda tölu með tveimur og fundin út talan 1.989.704.431,64 sem hlýtur þá einnig að standa fyrir fjárhæð í íslenskum krónum.

Með öðrum orðum er í þessum síðastnefnda dálki töflunnar reiknuð út eignastaða Welling & Partners á þessum tímapunkti ef tilboð Kers hf. hefði tekið til allra hluta Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. sem baksamningarnir vörðuðu og hvernig þær eignir hefðu deilt í tvennt.

Víkur þá að svari Welling & Partners við áðurnefndu bréfi Hauck & Aufhäuser.

5.7.5.4 Welling & Partners tilkynnir Hauck & Aufhäuser um beitingu forkaupsréttar

Líkt og áður var getið um sendi Hauck & Aufhäuser 14. apríl 2004 bréf til Karim Van den Ende fyrir hönd Welling & Partners með tilkynningu um tilboð Kers hf. í hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. Þar var óskað eftir því að Welling & Partners tilkynnti bankanum við fyrsta tækifæri hvort félagið hygðist beita forkaupsrétti sínum og þá með hvaða hætti. Svör Welling & Partners bárust Hauck & Aufhäuser með tveimur bréfum Welling & Partners sem dagsett voru 20. apríl 2004 eða sama dag og áðurnefndur tölvupóstur og Excel-skjal frá Eggerti J. Hilmarssyni hjá KBL.

Bréfin voru stíluð á Martin Zeil sem viðtakanda af hálfu Hauck & Aufhäuser og bæði undirrituð af Karim Van den Ende fyrir hönd Welling & Partners. Vitnað er til bréfanna tveggja í heild sinni hér á eftir og efni hvors fyrir sig nánar þýtt og dregið saman að því marki sem þörf krefur.

Annað bréfanna bar yfirskriftina „re : Put Option Agreement / Fiduciary Agent“. Það hljóðaði svo:

161. Þessi fjárhæð er um 531 þúsund Bandaríkjadöllum lægri en innstæðan nam við undirskrift baksamninganna. Ekki er nákvæmlega ljóst hvað veldur mismuninum en minna má á að Hauck & Aufhäuser átti samkvæmt baksamningunum rétt á 1.000.000 evra þóknun fyrir að standa að gerð þeirra, þar af 500.000 evrum innan viku frá undirskrift baksamninganna (og öðrum 500.000 evrum þegar söluvéttinum væri beitt). Í Excel-skjalinu er einnig sérstaklega tekið fram að Hauck & Aufhäuser hafi á þessu tímamarki átt (ennþá) rétt á 500.000 evra þóknun. Líklegt má því telja að framangreindan mismun á innstæðunni megi rekja til greiðslu fyrri helmingis umsaminna þóknunar til Hauck & Aufhäuser.

162. Sjá má að þessi fjárhæð er nokkru hærri en kaupverðið samkvæmt forkaupsrétti Welling & Partners sem gefið var upp af Hauck & Aufhäuser til Welling & Partners í bréfi til félagsins 14. apríl 2004. Hér eiga við sömu skýringar og áður hafa verið raktar um lækkun fjárhæða í þessum viðskiptum. Nánar tiltekið er skýringin hér sú að umrædd fjárhæð í Excel-skjalinu er reiknuð sem hlutfall af hinu upphaflega og fulla söluverði (33.454.372 Bandaríkjadöllum) en ekki lækkaða söluverðinu (33.006.956,26 Bandaríkjadöllum) enda eru skjölin sem hér er fjallað um, þ.e. tölvupósturinn og Excel-skjalið frá 20. apríl 2004, dagsett einum degi á undan þeim tölvupósti Martin Zeil þar sem fyrst var bent á að lækka gæti þurft söluverðið vegna þess að greiðslur Hauck & Aufhäuser hefðu verið lægri í reynd. Nánar er annars vísað til fyrri skýringa á þessum atriðum.

163. Samanlagt kaupverð Kers hf. („Sale Price“) og innstæða Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser („Deposit“) að fráregnum kaupverði samkvæmt forkaupsrétti Welling & Partners („Put Price“).

164. Eignastaða Welling & Partners („Balance“) að fráregnum áhvílandi lánnum félagsins („Loans“).

165. Þetta má sjá af því að í næstu tveimur reitum fyrir ofan dálkinn er deilt í verð hlutanna samkvæmt tilboði Ker hf. (59.656.025,54) með hlutfallstölunni 0,6421 (sem stendur fyrir 64,21% af hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. en er raunar röng og átti að vera 0,6461, sbr. fyrri umfjöllun í þessum kafla og kafla 5.7.4). Þannig var fengin út talan 92.907.686,56 sem stæði þá fyrir söluverð í ímynduðum viðskiptum um alla hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á sama verði og hið fyrirliggjandi tilboð í um 64% hlutanna gerði ráð fyrir. Eftirfarandi útreikningar í dálknum byggja síðan á þessari ímynduðu tölu.

166. Samkvæmt upplýsingum um opinbera gengisskráningu sem aðgengilegar eru á heimasíðu Seðlabanka Íslands var miðgengi Bandaríkjadals 73,15 þann 20. apríl 2004.

„Dear Mr. Zeil,

Please find enclosed a letter in which we (Welling & Partners Limited) submit our notification to your Bank in order to exercise our Pre-emptive Rights according to the Put Option Agreement, cf. Clause 2, an agreement duly signed on the 16th of January 2003 between ourselves and your Bank.

In relation to the offer made by Ker hf. to acquire and to buy shares in the nominal amount of ISK 4,676,957,- in EGLA hf. (the „Shares“) and in relation to the exercise of the Pre-emptive Rights, our Company wishes your Bank to act – with effect from the transfer of the Shares pursuant to Clause 2b of the Put Option Agreement – as a Fiduciary Agent on our behalf, and therefore to accept the offer from Ker hf. and sell these Shares in the name of your Bank but for the account and at the risk of our Company.

Your Bank's obligation is limited to the performance of selling the Shares and to deliver the consideration received in exchange for the Shares into the account of our Company with your Bank. In course of its duties your Bank will consequently sign all relevant agreements and documents and perform the notification to EGLA hf. in order to transfer the ownership of the shares to Ker hf., as the Shares have not been issued.

We hereby confirm that the Put Option Agreement and its stipulations remain unchanged and in force with regard to the residual number of Shares in EGLA hf.

Do not hesitate to contact us for any complementary query on the matter.“

Í bréfi þessu er í upphafi vísað til hins bréfsins, sem gerð eru skil hér á eftir, og sagt að með því tilkynni Welling & Partners bankanum um beitingu forkaupsréttar samkvæmt 2. gr. söluréttarsamningsins. Því næst er vísað annars vegar til tilboðs Kers hf. í hluti að nafnvirði 4.676.957 íslenskra króna í Eglu hf. og hins vegar til forkaupsréttar félagsins og óskað eftir að bankinn tæki að sér, frá og með framsali hlutanna til Welling & Partners samkvæmt ákvæðum b-liðar 2. gr. söluréttarsamningsins (sem jafnframt áskildi að Welling & Partners greiddi fyrir hlutina samhliða slíku framsali), hlutverk fjárvörslumanns (e. „Fiduciary Agent“) fyrir Welling & Partners. Sem slíkur átti bankinn þá að samþykkja tilboð Kers hf. og selja hlutina í nafni bankans en fyrir reikning og á ábyrgð Welling & Partners. Einnig var tekið fram í bréfinu að skyldur bankans í slíku hlutverki takmörkuðust við að standa að sölu hlutanna og að greiða söluandvirði þeirra inn á bankareikning Welling & Partners hjá bankanum. Bankanum var jafnframt falið að skrifa undir alla viðkomandi samninga og skjöl og standa að tilkynningu til Eglu hf. í því skyni að yfirfæra eignarhald hlutanna til Kers hf., þar sem hlutabréf vegna þeirra hefðu ekki verið gefin út.

Hitt bréfið, sem vísað var til í því fyrrnefnda, bar yfirskriftina „re : Put Option Agreement dated January 16, 2003“. Það hljóðaði svo:

„Dear Mr. Zeil,

With reference to your notification letter in which it is required that you are notified in the event that our company wishes to exercise its Pre-emptive Right according to Clause 2 in the above-mentioned Put Option Agreement, we hereby make the following statement.

According to Clause 2 b) of the aforementioned Put Option Agreement, we hereby notify to yourselves that we wish to exercise our Pre-emptive Rights in relation to an offer made by Ker h.f. where this company wishes to acquire and buy shares in the nominal amount of ISK 4.676.957,- in EGLA hf., equalling 32,3% of the aggregate share capital of EGLA hf.

The current participation in EGLA hf. is the nominal amount of ISK 7.239.000 shares, therefore the offer represents 64,61% of the participation that the Bank currently holds in EGLA hf. In consequence, the Put Price shall be in the same proportion as the offer and therefore be equal to USD 21.325.794,44, which shall be debited from our account with your bank.“

Meginefni þessa bréfs var yfirlýsing Welling & Partners til Hauck & Aufhäuser um að félagið óskaði eftir að beita forkaupsréttinum, í samræmi við áður nefnt ákvæði söluréttarsamningsins, í tilefni af tilboði Kers hf. í fyrrnefnda hluti í Eglu hf. sem jafngiltu

„[O]ur Company wishes your Bank to act [...] as a Fiduciary Agent on our behalf, and therefore to accept the offer from Ker hf. and sell these Shares in the name of your Bank but for the account and at the risk of our Company.

[...]

Your Bank's obligation is limited to the performance of selling the Shares and to deliver the consideration received in exchange for the Shares into the account of our Company with your Bank.“

- Úr bréfi Welling & Partners Limited til Hauck & Aufhäuser 14. apríl 2004 varðandi beitingu forkaupsréttar félagsins að hlutum bankans í Eglu hf.

„[...] we hereby notify to yourselves that we wish to exercise our Pre-emptive Rights in relation to an offer made by Ker h.f. where this company wishes to acquire and buy shares in the nominal amount of ISK 4.676.957,- in EGLA hf., equalling 32,3% of the aggregate share capital of EGLA hf.

[...]

[...] the Put Price shall be in the same proportion as the offer and therefore be equal to USD 21.325.794,44, which shall be debited from our account with your bank.“

- Úr bréfi Welling & Partners Limited til Hauck & Aufhäuser 14. apríl 2004 varðandi beitingu forkaupsréttar félagsins að hlutum bankans í Eglu hf.

32,3% af heildarhlutafé félagsins. Fram kom einnig að heildareign Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. fyrir viðskiptin næmi 7.239.000 hlutum að nafnvirði í íslenskum krónum. Þar með beindist tilboðið að 64,61% af þáverandi eign bankans í félaginu. Fyrir vikið skyldi söluréttarverðið (e. „the Put Price“), eða kaupverð Welling & Partners fyrir hlutina, vera í sama hlutfalli og tilboðið og nema 21.325.794,44 Bandaríkjadöllum sem skyldu greiðast af bankareikningi félagsins hjá bankanum.

Af gögnum rannsóknarnefndar verður ráðið að þessi viðskipti hafi gengið eftir á þann hátt sem framangreind gögn gerðu ráð fyrir.

Engar upplýsingar virðast hafa birst opinberlega um kaup Kers hf. á hlutunum í Eglu hf. á þeim tíma sem þau viðskipti áttu sér stað, að minnsta kosti ekki ef horft er til fréttu í fjölmiðlum. Þykir þá mega líta fram hjá þeim óljósu og ónákvæmu upplýsingum sem óbeint komu fram í fréttatilkynningu um sölu Eglu hf. á hlutum í KB banka í febrúar þetta sama ár eða um tveimur mánuðum áður og voru teknar upp í stuttum frásögnum fjölmiðla af þeim viðskiptum, þ.e. um að Hauck & Aufhäuser hygðist minnka hlut sinn í KB banka og Ker hf. bæta við sig „að sama skapi“. Eins og gefur að skilja komu alls engar upplýsingar fram á þessum tíma eða síðar um aðild Welling & Partners að þessum viðskiptum.

Kaupverð í þessum kaupum Kers hf. á hlutum í Eglu hf. af Hauck & Aufhäuser var fjármagnað með afrakstri þeirrar sölu Eglu hf. á hlutum í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. 20. febrúar 2004 sem gerð var grein fyrir í kafla 5.7.2.¹⁶⁷ Eins og þar kom fram var nettóhagnaður af sölnunni, 4.701.898.757 krónur, lagður inn á bankareikning Eglu hf. hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. 25. febrúar 2004.¹⁶⁸ Um einni viku síðar, 3. mars s.á. og næstu daga, virðist öll fjárhæðin hafa verið lögð inn á bankareikninga í eigu Kaupþings Búnaðarbanka hf. Tveimur mánuðum síðar, 13. maí 2004, sýna svo gögn rannsóknarnefndar að bankinn sendi í nafni Eglu hf. símgreiðslu að fjárhæð 59.766.308,84 Bandaríkjadali til Hauck & Aufhäuser í Frankfurt.¹⁶⁹ Skýring með símgreiðslunni var: „Payment according to share purchase agreement dated 11 May 2004“.¹⁷⁰

Af ofangreindum gögnum og upplýsingum má sjá að tilboð Kers hf. í hlutina í Eglu hf. nam 59.656.025,54 Bandaríkjadöllum og skyldi sú fjárhæð renna óskipt til Welling & Partners. Samkvæmt því sem fram kom um greiðslu kaupverðsins hér næst á undan nam það endanlega nokkru hærri fjárhæð (á milli fjárhæðanna munar 110.283 Bandaríkjadöllum).¹⁷¹ Í fyrrgreindum bréfaskiptum Welling & Partners og Hauck & Aufhäuser kom einnig fram að kaupverð sem Welling & Partners bar að greiða fyrir hlutina hafi reiknast sem 21.325.794,44 Bandaríkjadali og skyldi dragast af reikningi félagsins hjá bankanum.¹⁷² Mismunur á söluandvirði hlutanna sem rann til Welling & Partners og því kaupverði sem félaginu bar að greiða á móti fyrir sömu hluti nam því 38.440.514 Bandaríkjadöllum.

Í umfjöllun hér á eftir um uppgreiðslur lána Welling & Partners sem áttu sér stað í beinu framhaldi af þessum fyrri viðskiptum á grundvelli baksamninganna kemur svo nánar fram hverjar voru eftirstöðvar þeirra tæplega 60 milljóna Bandaríkjadala, sem samkvæmt ofangreindu runnu til Welling & Partners í þeim viðskiptum, þegar slík áhvílandi lán félagsins höfðu að fullu verið greidd upp.

167. Varðandi ráðstöfun á þessum afrakstri hlutabréfasölnunnar til greiðslu kaupverðs í þessum viðskiptum fáeinum mánuðum síðar má einnig nefna að í bréfaskiptum af hálfu Eglu hf. við Fjármálaeftirlitið í mars 2006, sem eru meðal gagna rannsóknarnefndarinnar, virðast upplýsingar um hið sama hafa verið veittar Fjármálaeftirlitinu, þ.e. að söluandvirði úr umræddri hlutabréfasölu hefði verið „að mestu ráðstafað til kaupa á 23,86% [svo] hluta Hauck & Aufhäuser í Eglu hf.“

168. Fyrir þá innborgun var staða bankareikningsins 0 kr.

169. Sú fjárhæð jafngilti þá 4.434.660.116 íslenskum krónum miðað við miðgengi Bandaríkjadals þann dag samkvæmt opinberri gengisskráningu Seðlabanka Íslands.

170. Við rannsókn nefndarinnar kom ekki fram kaupsamningur um þessi viðskipti með þessari dagsetningu. Vakin er athygli á því að hér á eftir er fjallað um hugsanlegt misræmi sem finna má í fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum um þessi fyrri kaup á hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf., nánar tiltekið varðandi kaupandann að hlutunum. Finna má gögn og upplýsingar sem tilgreina Eglu hf. sem kaupanda í viðskiptunum eða a.m.k. að upphaflega hafi verið ætlunin að hafa þann háttinn á. Um þetta visast nánar til umfjöllunar í næsta kafla.

171. Af augljósum ástæðum er miðað við þessa endanlegu fjárhæð söluandvirðisins, en ekki fjárhæð tilboðs Kers hf., í útreikningi hér á eftir. Við rannsókn nefndarinnar komu ekki fram sérstök gögn eða upplýsingar um ástæður þessa veigalilta munar milli fjárhæðanna en hann þykir enga þýðingu hafa fyrir meginatriði rannsóknarinnar.

172. Telja má ljóst að þar var um að ræða skírskotun til hinnar handveðsettu innstæðu á bankareikningi Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser.

5.7.5.5 Gögn rannsóknarnefndar um aðra ráðagerð um þessi viðskipti með Eglu hf. sem kaupanda en ekki Ker hf.

Rétt er að fram komi að lokum um þau viðskipti sem fjallað hefur verið um í þessum kafla að meðal gagna rannsóknarnefndar eru gögn sem benda til þess að aðilar þeirra, þ.e. starfsmenn Hauck & Aufhäuser og fulltrúar Kers hf., Guðmundur Hjaltason og Ólafur Ólafsson, hafi skömmu fyrr, eða í mars 2004, haft áform um að þessi viðskipti yrðu með öðrum hætti. Áður en sú leið var valin sem áður var lýst að láta Ker hf. gera Hauck & Aufhäuser tilboð í, og kaupa svo, umrædda hluti í Eglu hf., að nafni til af Hauck & Aufhäuser en í reynd af Welling & Partners, virðist þannig hafa staðið til að Eglu hf. en ekki Ker hf. gerði Hauck & Aufhäuser slíkt tilboð og keypti hlutina með sama hætti. Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar var þá fyrirhugað að slík viðskipti yrðu um sama fjölda hluta og á sama verði og í stuttu máli alveg hin sömu nema hvað Eglu hf. en ekki Ker hf. væri kaupandi.

Þessi ráðagerð virðist hafa verið langt komin samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum nefndarinnar. Meðal annars er í gögnum nefndarinnar að formi til fullfrágenginn kaupsamningur milli Eglu hf. og Hauck & Aufhäuser. Hann er undirritaður af Peter Gatti og Martin Zeil fyrir hönd Hauck & Aufhäuser en af Ólafi Ólafssyni fyrir hönd Eglu hf. og varðar nákvæmlega sams konar viðskipti að öllu leyti sem máli skiptir nema hvað Eglu hf. er kaupandi samkvæmt þeim samningi en ekki Ker hf. Þessi samningur er dagsettur 25. mars 2004 eða um mánuði áður en gengið var frá þeim viðskiptum Kers hf. og Hauck & Aufhäuser sem hér hefur verið lýst um sömu hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf.

Helst virðist hér verða ráðið að horfið hafi verið frá þessari ráðagerð um aðild Eglu hf. að viðskiptunum í þágu þess að láta Ker hf. standa að þessum viðskiptum við Hauck & Aufhäuser eins og nánar hefur verið lýst í þessum kafla. Þetta má annars vegar ráða af innbyrðis tímasetningum þessara gerninga en einkum þó af öðrum gögnum rannsóknarnefndarinnar og samhengi þeirra við þau gögn sem hér hafa verið rakin. Umrædd gögn benda til að Ker hf. hafi endanlega verið látið eiga aðild að þessum viðskiptum við Hauck & Aufhäuser en ekki Eglu hf., hvernig sem síðar hafi farið með ráðstöfun hinna keyptu hluta í Eglu hf. eða annars verið greint frá þessum viðskiptum út á við í einstökum tilvikum.

Ekkert haldbært kom fram við rannsókn nefndarinnar um ástæður á bak við þetta hugsanlega misræmi um hvort Ker hf. eða Eglu hf. hafi verið kaupandi í þessum viðskiptum um hluta af hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. Líkt og fyrr sagði telur rannsóknarnefnd fyrirbyggjandi gögn nefndarinnar og samhengi þeirra benda til að í raun hafi það verið Ker hf. Umfram það að benda á þetta atriði, svo sem hér hefur verið gert, telur rannsóknarnefndin annars óþarft að fjalla frekar um það enda hefur það ekki sjáanlega efnislega þýðingu fyrir meginatriði í rannsókn nefndarinnar.

5.7.6 Skuldir Welling & Partners greiddar upp að fullu

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar voru öll áhvílandi lán Welling & Partners greidd upp í maí 2004, það er í næsta mánuði eftir að samkomulag náðist um þau viðskipti sem lýst var í síðasta kafla og í sama mánuði og söluandvirðið í viðskiptunum var sent Hauck & Aufhäuser.

Gögn rannsóknarnefndarinnar sýna að í maí 2004 hófu Bjarki Diego, sem þá var orðinn framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs KB banka, og Eggert J. Hilmarsson, þá líkt og áður lögfræðingur hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A., að undirbúa og framkvæma uppgreiðslu lána Welling & Partners. Er þá bæði átt við bein og óbein lán KB banka (upphaflega Kaupþings hf.) og KBL sem hvíldu endanlega á félaginu.¹⁷³

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar átti uppgreiðsla lána Welling & Partners sér stað um og upp úr miðjum maí 2004 á þann hátt að Karim Van den Ende fyrir hönd Welling & Partners sendi Hauck & Aufhäuser skrifleg fyrirmæli um að framkvæmdar skyldu nánar tilgreindar símgreiðslur af bankareikningi félagsins hjá Hauck & Aufhäuser og inn á bankareikninga hjá KBL. Bankareikningar viðtakenda sem símgreiðslufyrirmæli

173. Sjá nánar umfjöllun í kafla 5.6.2 um uppskiptingu hins upphaflega láns Kaupþings hf. til Welling & Partners sem veitt var við gerð baksamninganna í janúar 2003. Aflandsfélögin KV Associates S.A. og Allan Corporation, voru sett á milli Welling & Partners annars vegar og hins vegar Kaupþings hf. og KBL sem lánveitenda við uppskiptingu lánsins í mars-apríl 2003. Þau voru í raun einungis óvirkir milliliðir í skuldasambandi Welling & Partners og bankanna tveggja. Líkt og fram kemur þar var þó öll endanleg áhætta vegna lánanna eftir sem áður hjá KB banka (upphaflega Kaupþings hf.).

Welling & Partners tilgreindu tilheyrðu Welling & Partners sjálfu, KV Associates S.A. og Allan Corporation. Símgreiðslurnar voru allar í Bandaríkjadöllum og námu samtals um 41,3 milljónum Bandaríkjadala. Af gögnum rannsóknarnefndarinnar er ljóst að símgreiðslurnar voru framkvæmdar, samtals að fyrrgreindri fjárhæð, og einnig að KBL hafði svo milligöngu um að koma fjármunum til KB banka til að greiða upp þau af áðurnefndum lánnum til aflandsfélaganna sem stóðu þá hjá þeim banka.

Höfuðstóll allra lána Kaupþings hf. og KBL til Welling & Partners og áðurnefndra tveggja aflandsfélaga sem voru milliliðir í lánveitingum bankanna tveggja til Welling & Partners nam rúmlega 36,1 milljón Bandaríkjadala, sbr. upplýsingar um fjárhæðir lánanna í kafla 5.6.2. Fjárhæðir fyrrnefndra símgreiðslufyrirmæla um uppgreiðslur lánanna stemma í meginatriðum við uppgreiðsluvirði lánanna á þessum tíma, það er höfuðstól með vöxtum og í sumum tilvikum kostnaði.¹⁷⁴ Ljóst er að með fyrrnefndum símgreiðslum greiddi Welling & Partners upp öll áðurnefnd áhvílandi lán KBL og Kaupþings hf. til félagsins.

Af gögnum rannsóknarnefndarinnar má ráða að Welling & Partners hafi gefið Hauck & Aufhäuser þau fyrirmæli að eftirstöðvar söluandvirðisins fyrir hlutina í Eglu hf., það er að frádregnum fyrrnefndum símgreiðslum vegna uppgreiðslu lána félagsins, yrðu ávaxtaðar með nánar tilteknum hætti. Af sömu gögnum sést að þær eftirstöðvar námu um 18,4 milljónum Bandaríkjadala.¹⁷⁵

5.7.7 Fyrirhuguð kaup „Kers hf. og/eða hluthafa Kers hf.“, sem gengu ekki eftir, á eftirstandandi hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf.

Hér á undan hefur komið fram að sala á hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. til Welling & Partners samkvæmt ákvæðum baksamninganna hafi farið fram í tveimur atrennum, annars vegar um það bil 2/3 hlutar í apríl-maí 2004 en eftirstandandi hlutirnir í júní-júlí 2005.¹⁷⁶ Gögn rannsóknarnefndar sýna hins vegar einnig að gerðar voru ráðstafanir til að síðari salan færi fram fyrr, nánar tiltekið á tímabilinu desember 2004 til febrúar 2005, án þess þó að slík viðskipti gengju eftir. Enda þótt viðskiptin hafi ekki gengið eftir á þeim tíma telur rannsóknarnefndin tilefni til að gera stuttlega grein fyrir atvikum að þessu leyti, og gögnum sem þau varða, í þessum kafla. Ástæða þess er einkum sú að gögn sem hér verða rakin varpa almennt séð ljósi á aðkomu KBL í undirbúningi bréfasendinga Welling & Partners til Hauck & Aufhäuser vegna forkaupsréttar Welling & Partners á grundvelli baksamninganna. Þau gögn, og önnur sem hér verða rakin, standa einnig í samhengi við gögn sem tengjast hinni endanlegu sölu á eftirstandandi hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. í júní 2005.

Á meðal gagna rannsóknarnefndar er afrit bréfs, ritað á bréfsefni Kers hf., dagsett 16. desember 2004 og stílað á Hauck & Aufhäuser á heimilisfang bankans í Frankfurt am Main. Bréfið tilgreinir Martin Zeil sem viðtakanda af hálfu bankans og undir það skrifar Guðmundur Hjaltason fyrir hönd Kers hf. Bréfið hljóðar svo:

„Dear Martin.

As we have discussed, Ker hf. and/or Ker's shareholders are willing to give an offer to Hauck & Aufhäuser to buy the shares in Eglu hf. in the nominal amount of ISK 2.562.043 which is 23,12% of the nominal value of the share capital in Eglu hf. After the transaction, Hauck & Aufhäuser will not own any share capital in Eglu hf.

The offered purchase price is ISK 4.275.000.000 or equivalent in USD. This price is based on the prevailing market price of the shares of Eglu hf. in KB bank at 448.

Based on the current exchange rate of ISK 63.75 for one USD the amount in USD is around 67 million.

This offer is valid until 31 December 2004.“

174. Um uppgreiðsluandvirðið má einnig til samanburðar vísa til töflunnar í Excel-skjali Eggerts J. Hilmarssonar, starfsmanns KBL, sem fjallað er um í kafla 5.7.5.3 en í henni er samanlagt uppgreiðsluandvirði lánanna miðað við 20. apríl 2004 tilgreint sem 39.244.894,83 Bandaríkjadalar.

175. Það er um 59,7 milljónir Bandaríkjadala að frádregnum um 41,3 milljónum Bandaríkjadala.

176. Fyrri sölonni hefur þegar verið lýst í kafla 5.7.5. Seinni sölonni verður lýst í kafla 5.8.2 hér á eftir.

Samkvæmt bréfinu bauðst Ker hf. og/eða hluthafar sama félags til að kaupa eftirstandandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. fyrir 4.275.000.000 krónur eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í Bandaríkjadöllum, sem tilgreind var um 67 milljónir Bandaríkjadala. Eftirstandandi eign Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. var tilgreind sem 2.562.043 hlutir að nafnvirði eða 23,12% af nafnvirði hlutafjár í félaginu.

Ráða má af gögnum rannsóknarnefndar að þessu tilboði Kers hf. og/eða hluthafa félagsins til Hauck & Aufhäuser hafi fylgt sams konar atburðarás varðandi fyrirhugaða beitingu forkaupsréttar Welling & Partners og átti sér stað eftir tilboð Kers hf. í apríl 2004 sem fjallað var um í kafla 5.7.5. Á meðal gagna rannsóknarnefndar er þannig afrit af bréfi frá Hauck & Aufhäuser til Karim Van den Ende fyrir hönd Welling & Partners sem er í meginatriðum sams konar og bréfið sem bankinn sendi félaginu eftir áður nefnt fyrra tilboð Kers hf. Umrætt bréf er dagsett 21. desember 2004 og er undirritað af Martin Zeil ásamt öðrum starfsmanni Hauck & Aufhäuser. Yfirskrift bréfsins er „Put Option Agreement dated January 16, 2003, and amended on March 08, 2004“. Það hljóðar svo:

„Dear Mr. Van den Ende,

pursuant to Clause 2 b) of the aforesaid agreement we hereby give notice that we have received a binding offer by KER hf., Reykjavik, to buy shares in the nominal amount of ISK 2.562.043 in EGLA hf. (= 23,12 % of the aggregate share capital of EGLA hf.) for the purchase price of USD 67.058.823,52. Please find enclosed a copy of the offer by KER hf.

You are kindly requested to let us know at your earliest convenience if you wish to exercise your Pre-emptive Right pursuant to Clause 2 a) of the aforesaid agreement with regard to the above mentioned number of shares and, if that is the case, to notify the exercise of this Right to us accordingly

The proportional put price according to Clause 2 a) of the aforementioned Agreement would be USD 11.681.161,82.

If you wish a settlement similar to the one accomplished in April 2004, you are kindly requested to provide us with the adequate instructions.

Please take in consideration, that the offer of KER hf. expires on Dec. 31. 2004 and therefore the purchase agreement has to be signed before that date.“

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar áttu Karim Van den Ende og Eggert J. Hilmarsson, starfsmaður KBL, í tölvupóstsamskiptum að kvöldi 22. desember 2004. Samskiptin vörðuðu drög að tveimur bréfum sem Van den Ende skyldi senda til Hauck & Aufhäuser. Í tölvupósti Eggerts til Van den Ende sagði nánar tiltekið:

„Hi Karim,

Please find the draft letters to be sent to Hauck & Aufhäuser today, duly signed by you.

Please overview them and give me a call when you are ready.“

Eggert gat þarna um drög að bréfum sem senda ætti Hauck & Aufhäuser þennan dag (þ.e. 23. desember 2004 þar sem tölvupóstur Eggerts var sendur eftir miðnætti aðfaranótt þess dags), undirritað af Van den Ende. Eggert óskaði þess að Van den Ende færi yfir þau og hringdi í Eggert þegar hann væri tilbúinn. Ljóst þykir að hér var átt við drög tveggja bréfa með svörum Welling & Partners til Hauck & Aufhäuser við áður nefndu bréfi bankans til félagsins, dags. 21. desember 2004. Einnig er ljóst að umrædd samskipti Eggerts og Van den Ende komu til vegna yfirferðar yfir drög að slíkum bréfum sem þegar lágu fyrir.¹⁷⁷

Á meðal gagna rannsóknarnefndar eru, í samræmi við ofangreint, afrit tveggja bréfa Welling & Partners til Hauck & Aufhäuser, dagsett 23. desember 2003, sem stíluð eru á Martin Zeil af hálfu bankans og undirritað af Karim Van den Ende af hálfu félagsins. Líkt og með bréf Hauck & Aufhäuser til Welling & Partners samkvæmt framangreindu eru svarbréf

177. Líkt og fram kom í upphafi kaflans var hér um að ræða fyrirhuguð viðskipti sem ekki urðu að veruleika. Engu að síður þykir rétt að rekja þau gögn sem hér eru rakin varðandi undirbúning þeirra. Rétt er að minna á að ástæða þess er að hluta til sú að bréfin hér eru næstum orðrétt samhljóða sams konar bréfum sem Welling & Partners sendi Hauck & Aufhäuser í júní 2005 þegar viðskiptin voru leidd til lykta. Um það er nánar fjallað í kafla 5.8.2.

Welling & Partners í meginatriðum eins að efni til og svarbréf félagsins til bankans í apríl 2004 varðandi beitingu forkaupsréttar félagsins þá. Annað bréfið ber yfirskriftina „re: Put Option Agreement / Fiduciary Agent.“ og hljóðar svo:

„Dear Mr. Zeil,

Please find enclosed a letter in which we (Welling & Partners Limited) submit our notification to your Bank in order to exercise our Pre-emptive Rights according to the Put Option Agreement, cf. Clause 2, an agreement duly signed on the 16th of January 2003, and amended on the 8th of March 2004, between ourselves and your Bank.

In relation to the offer made by Ker hf. and/or Ker's shareholders to acquire and to buy shares in the nominal amount ISK 2.562.043,- in EGLA hf. (the „Shares“) and in relation to the exercise of the Pre-emptive Rights, our Company wishes the Bank to act as a Fiduciary Agent and remain the exclusive owner of the Shares towards Ker hf. and/or Ker's shareholders and therefore to accept the offer from Ker hf. and/or Ker's shareholders and sell these in the name of the Bank but for the account and at the risk of our Company.

The Bank's obligation is limited to the performance of selling the Shares and to deliver the consideration received in exchange for the Shares into the account of the Company with your Bank. In course of its duties the Bank will consequently sign all relevant agreements and documents and perform the notification to EGLA hf. in order to transfer the ownership of the shares to Ker hf. and/or Ker's shareholders, as the Shares have not been issued.

Our Company wishes the Bank to accept the offer from Ker hf. and/or Ker's shareholders today or at the latest tomorrow, in order to conclude the transaction at the 30th of December or at the latest 31st of December 2004. The consideration received in exchange for the Shares shall be credited into the account of the Company in USD. As the offer is put forward in ISK, the amount in USD shall be based on the exchange rate of ISK for one USD at the date of payment by Ker hf. and/or Ker's shareholders.

Subsequent to this transaction your Bank will not hold any participation in EGLA hf. According to clause 9 of the Put Option Agreement the Agreement shall terminate automatically upon the final transfer of the Shares to our Company or its designee. We hereby confirm that upon the completion of the aforementioned transaction the Put Option Agreement is automatically terminated.

Do not hesitate to contact us for any complementary query on that matter.“

Þetta bréf er að meginefni, og að talsverðu leyti orðrétt, eins og bréf Welling & Partners til Hauck & Aufhäuser, dags. 20. apríl 2004. Að breyttu breytanda má því hér vísa til samantektar um efni þess bréfs í kafla 5.7.5.4. Rétt er að draga fram að hér sem fyrr gerðu fyrirmæli Welling & Partners ráð fyrir því að Hauck & Aufhäuser kæmi fram sem seljandi hlutanna gagnvart tilboðsgjafanum „Keri hf. og/eða hluthöfum Kers hf.“ Í því fólst að Hauck & Aufhäuser tæki tilboðinu í eigin nafni og seldi hlutina með öllum skjalafrágangi sem það útheimti en væri þó í reynd einungis fjárvörsluaðili fyrir Welling & Partners, fyrir reikning og á áhættu félagsins. Hvað þau fyrirmæli varðar er þetta bréf að einu leyti frábrugðið fyrra bréfinu. Hér var hnykkt frekar á þessu eðli erindisrekstrar Hauck & Aufhäuser fyrir Welling & Partners gagnvart tilboðsgjafanum með þeim orðum að bankinn kæmi eftir sem áður fram sem „eini eigandi hlutanna gagnvart Keri hf. og/eða hluthöfum Kers hf.“ (e. „remain the exclusive owner of the Shares towards Ker hf. and/or Ker's shareholders“) og gengi þannig frá sölunni.

Munurinn á milli þessa bréfs Welling & Partners og bréfsins í apríl 2004 liggur annars eðlilega einkum í því að um önnur viðskipti átti að vera að ræða. Einnig er í bréfinu (fjórða efnisgrein) vikið að atriðum varðandi tímasetningu viðskiptanna og gengi gjaldmiðla miðað við hvernig greiðslu kaupverðs yrði háttað. Þá er í niðurlagi bréfsins (fimmtu efnisgrein) vikið að því að með þessum fyrirhuguðu síðari viðskiptum hefði Hauck & Aufhäuser selt eftirstöðvar eignarhluta bankans í Eglu hf. og því leiddi af 9. gr. söluréttarsamningsins að samningurinn félli sjálfkrafa úr gildi við uppgjör þessara viðskipta.

Hitt bréfið frá Welling & Partners til Hauck & Aufhäuser, dags. 23. desember 2004, ber yfirskriftina „re : Put Option Agreement dated January 16, 2003, and amended on March 8 2004“. Það hljóðar svo:

„Dear Mr. Zeil,

With reference to your notification letter, dated December 21, 2004, in which it is required that you are notified in the event that our company wishes to exercise its Pre-emptive Right according to Clause 2 in the abovementioned Put Option Agreement, we hereby make the following statement.

According to Clause 2 b) of the aforementioned Put Option Agreement, we hereby notify to yourselves that we wish to exercise our Pre-emptive Right in relation to an offer made by Ker hf. and/or Ker's shareholders where this company (those companies) wish(es) to acquire and buy shares in the nominal amount of ISK 2.562.043,- in EGLA hf., equalling 23,12% of the aggregate share capital of EGLA hf.

The initial participation in EGLA hf. was the nominal amount of ISK 7.239.000 shares, whereof 64,61% of the participation has already been sold. The offer therefore represents 35,39% of the initial participation. In consequence, the Put Price shall be in the same proportion as the offer and therefore be equal to USD 11.681.161,82, which shall be debited from our account with your Bank.“

Þetta bréf er nánast orðrétt samhljóða sams konar tilkynningu Welling & Partners til Hauck & Aufhäuser í apríl 2004, sbr. kafla 5.7.5.4. Þar fyrir utan eru atriði sem eðli máls samkvæmt voru ólík, það er um fjölda hluta sem viðskiptin áttu að varða (2.562.043 hlutir að nafnvirði), hlutfall þeirra af heildarhlutafé Eglu hf. (23,12%) og kaupverðið samkvæmt forkaupsrétti Welling & Partners. Sem fyrr skyldi kaupverðið í samræmi við ákvæði baksamninganna vera hlutfall af söluréttarverðinu (e. „Put Price“), nánar tiltekið sama hlutfall (35,9%) og milli annars vegar fjölda þeirra hluta sem viðskiptin áttu að taka til og hins vegar upphaflegs fjölda hluta Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. (þarna tilgreindir 7.239.000 hlutir). Á sama hátt og áður var kveðið á um það að kaupverðið, 11.681.161,82 Bandaríkjadalir, skyldi tekið út af bankareikningi Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser sem ekki var nánar tilgreindur.

Af gögnum rannsóknarnefndar er sem fyrr segir ljóst að ekki varð af þessum fyrirhuguðu viðskiptum.¹⁷⁸ Þess í stað voru eftirstandandi hlutir Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. seldir um hálfu ári síðar, í júní 2005, og er nánari grein gerð fyrir þeim viðskiptum hér á eftir.

5.7.8 Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar

Rannsóknarnefndin telur ekki tilefni til að draga hér sérstaklega saman eða setja fram ályktanir um efni þessa kafla að því er varðar þá hlutabréfasölu Eglu hf. sem fram fór í febrúar 2004 eða aðdraganda hennar. Sama máli gegnir um gerð viðaukans við baksamningana um lækkun söluréttarverðsins í mars-apríl 2004 og þau tölvupóstsamskipti milli Ralf Darpe og Hreiðars Más Sigurðssonar í mars 2004 sem rakin voru. Umfjöllun um þessi atriði í kaflanum stendur þannig nægilega fyrir sínu að mati nefndarinnar, að teknu tilliti til meginviðfangsefna skýrslunnar. Þó er aðeins vikið að hlutabréfasölu í febrúar 2004 í tilteknu samhengi hér á eftir.

Í kaflanum er gerð grein fyrir fyrri viðskiptum Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners með hluti í Eglu hf. á grundvelli baksamninganna. Þau áttu sér stað í apríl-maí 2004. Út á við var þar um að ræða kaup Kers hf./Eglu hf. (sbr. hér á eftir) á sömu hlutum í Eglu hf. af Hauck & Aufhäuser. Lítið eða ekkert virðist hafa verið fjallað um þessi viðskipti opinberlega á þessum tíma. Þó má benda á að þau áttu sér stað áður en lágmarkstími eignarhalds

178. Nefna má að samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar var tilboðið raunar framlengt tvisvar sinnum, fyrst til loka janúar 2005 en síðan til loka febrúar sama ár, með nokkrum frekari samskiptum milli aðila af því tilefni. Af því má ráða að viðleitni til að láta viðskiptin ganga eftir hafi teygst sig nokkuð fram yfir áramótin án þess að ástæða sé til að rekja það frekar hér. Einnig má nefna hér að stjórnarfundargerðir Kers hf. frá þessum tíma sýna að þessi tilboðsgerð gagnvart Hauck & Aufhäuser kom upp og var rædd á vettvangi stjórnarinnar með tilteknum hætti sem ekki þarf að rekja nánar hér. Á sama hátt og áður bendir ekkert til þess að aðrir stjórnar- eða fyrirsvarsmenn Kers hf. en Ólafur Ólafsson og Guðmundur Hjaltason hafi þá haft vitneskju um baksamningana, rétt Welling & Partners samkvæmt þeim til hlutanna í Eglu hf. eða önnur atvik þessu tengd.

samkvæmt kaupsamningnum við íslenska ríkið um hlutinn í Búnaðarbankanum rann út en fyrir því var sótt um og fengin sérstök heimild viðskiptaráðherra, líkt og nánar kom fram í kaflanum.

Gerð var grein fyrir tilteknu hugsanlegu misræmi sem finna má um það hver hinn „opinberi“ kaupandi að hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. hafi þarna verið. Með því er átt við kaupandann sem að endingu eignaðist hlutina og átti þau viðskipti á yfirborðinu við Hauck & Aufhäuser sem seljanda hlutanna en í raun einungis í gegnum þýska bankann sem millilið fyrir Welling & Partners, sem áður hafði eignast hlutina með beitingu forkaupsréttar. Gögn rannsóknarnefndar benda til að sá kaupandi hafi í reynd verið Ker hf. en finna má önnur gögn, þar á meðal opinberlega aðgengileg gögn, sem tilgreina Eglu hf. sem kaupandann. Ekki er unnt að útiloka að einhverjar aðrar eða frekari ráðstafanir en rannsóknarnefnd hefur upplýsingar um hafi átt sér stað með eignarhald hlutanna eftir þau viðskipti sem hér var lýst. Óháð því hefur þetta atriði enga sérstaka þýðingu fyrir meginatriði í rannsókn nefndarinnar sem að þessu leyti er vitaskuld aðkoma Welling & Partners að þessum viðskiptum bak við tjöldin sem raunverulegs seljanda hlutanna og þess sem naut alls hagnaðar af viðskiptunum.

Af umfjöllun í kaflanum má sjá að eftir að Martin Zeil hjá Hauck & Aufhäuser og Guðmundur Hjaltason hjá Keri hf. höfðu sín á milli gengið frá tilboði Kers hf. og Guðmundur sent það til Hauck & Aufhäuser þá sendi Guðmundur afrit þess samdægurs, 14. apríl 2004, til Magnúsar Guðmundssonar hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Zeil hafði þá áður getið þess við Guðmund í tölvupósti að hann gerði ráð fyrir að um leið og hann fengi tilboðið gæti hann tekið næstu skref gagnvart „hinum aðilanum sem ætti hlut að máli“ og að „sá aðili fengi viðeigandi fyrirmæli“. Með því var augljóslega skírskotað til forkaupsréttar Welling & Partners og þess ferlis sem baksamningarnir gerðu ráð fyrir að hæfist þegar Hauck & Aufhäuser hefði tekið á móti slíku tilboði í hlutina.

Gögn sem rakin voru í kaflanum, það er Excel-skjal starfsmanns Kaupthing Bank Luxembourg S.A. frá 20. apríl 2004, sýna að tölulegar forsendur baksamninganna og viðskipta á grundvelli þeirra voru brotnar niður í helstu stærðir innan KBL á sama tíma og viðskiptin áttu sér stað. Þar á meðal voru hagnaðarútreikningar. Í samræmi við þá tvískiptingu hagnaðar sem frá upphafi var gert ráð fyrir vegna baksamninganna og viðskipta á grundvelli þeirra var þeim hagnaði sem þótti verða miðað við samkvæmt stöðu mála á þeim tímamarki deilt niður í tvennt og nam hvor helmingur tæpum tveimur milljörðum króna á þáverandi gengi samkvæmt þessum útreikningum.

Í kaflanum var gerð grein fyrir því að kaupverð Kers hf. fyrir hlutina (eða eftir atvikum Eglu hf., hvernig sem þessu var endanlega komið fyrir) var fjármagnað að fullu með megninu af afrakstri sölu Eglu hf. í febrúar 2004 á um 17,8 milljónum hluta í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. Fram kom í umfjöllun um þau viðskipti að endanlegir kaupendur að þeim hlutum voru að stærstum hluta (næstum að 2/3 hlutum) Kaupþing Búnaðarbanki hf. sjálfur eða einingar innan hans.

Gögn rannsóknarnefndarinnar sýna að til Welling & Partners runnu um 59,7 milljónir Bandaríkjadala við þessi fyrri viðskipti á grundvelli baksamninganna eða allt söluandvirðið sem greitt var til Hauck & Aufhäuser vegna viðskiptanna með símgreiðslu Kaupþings Búnaðarbanka hf. 13. maí 2004. Kaupverð Welling & Partners fyrir hlutina var sama hlutfall af hinu fastákveðna „söluréttarverði“, sbr. fyrri umfjöllun um efni baksamninganna, og hlutfall hinna seldu hluta í Eglu hf. af öllum hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. Kaupverðið reiknaðist samkvæmt því um 21,3 milljónir Bandaríkjadala. Gegn því kaupverði var hinni handveðsettu innstæðu Welling & Partners (eða tilsvareandi hluta hennar) ætlað að standa, eins og fram kemur einnig í fyrri umfjöllun um efni baksamninganna. Af gögnum nefndarinnar má telja ljóst að fyrrgreindar 59,7 milljónir Bandaríkjadala runnu óskertar inn á bankareikning Welling & Partners. Miðað við hvenær Kaupþing Búnaðarbanki hf. sendi þá fjárhæð til Hauck & Aufhäuser, það er um miðjan maí 2004, og þar með hvenær fjárhæðin hefur orðið tiltæk Welling & Partners, virðist sem hún hafi umsvifalaust verið notuð til að greiða upp allar áhvílandi skuldir Welling & Partners sem tengdust baksamningunum. Því var einnig nánar lýst í kaflanum. Ljóst er af gögnum rannsóknarnefndar að eftirstöðvar fyrrgreinds söluandvirðis, að aflokinni uppgreiðslu

allra áhvílandi lána Welling & Partners sem tengdust baksamningunum, námu um 18,4 milljónum Bandaríkjadala og var sú fjárhæð sett í ávöxtun á bankareikningum Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser.

Í kaflanum var loks fjallað um fyrirhuguð kaup „Kers hf. og/eða hluthafa Kers hf.“ á eftirstandandi hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. samkvæmt gögnum nefndarinnar sem einkum stafa frá desember 2004. Eins og þar kom fram þótti rétt að gera grein fyrir gögnum nefndarinnar um þau atriði, enda þótt kaupin hafi ekki gengið eftir. Einkum var það vegna þess hvaða ljósi þau varpa, ásamt öðrum gögnum nefndarinnar, á þátt Kaupthing Bank Luxembourg S.A. á bak við Welling & Partners í að framkvæma baksamningana samkvæmt efni sínu.

5.8 Atvik á árinu 2005

5.8.1 Kaupthing Bank Luxembourg kaupir aflandsfélögin Huntsmead Marketing Limited og Jeff Agents Corp.

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar vann Eggert J. Hilmarsson, lögfræðingur hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A., að því á fyrstu mánuðum ársins 2005 að ganga frá uppsetningu aflandsfélaga sem virðist hafa tengst framkvæmd og endanlegum lyktum baksamninganna, nánar tiltekið uppgjöri og ráðstöfun á hagnaði vegna viðskipta Welling & Partners með hluti í Eglu hf. á grundvelli baksamninganna. Sjá má af gögnum rannsóknarnefndar að Karim Van den Ende hefur sinnt því hlutverki fyrir KBL að finna aflandsfélög fyrir KBL á þessum tíma. Á meðal gagna rannsóknarnefndar er tölvupóstur þess síðarnefnda til Eggerts 2. febrúar 2005. Efni hans hljóðar svo:

„I found 3 more:

1. Great Oasis International Limited (05.09.2002)
2. Huntsmead Marketing Limited (16.09.2002)
3. Jeff Agents Corp. (17.09.2002)

Price: USD 4.860, 2005 fees included.

Option till end of the week also.“

Með tölvupóstinum tilkynnir Van den Ende Eggerti um að hann hafi fundið þau þrjú aflandsfélög sem nefnd eru ásamt því að greina frá verði þeirra.¹⁷⁹

Eggert og Van den Ende áttu aftur í tölvupóstsamskiptum um þetta síðar í febrúar en 21. þ.m. sendi Van Den Ende til Eggerts tölvupóst þar sem meðal annars kom fram að samkvæmt viðræðum þeirra í vikunni á undan hefði Van den Ende haft upp á þremur aflandsfélögum. Tvö þeirra voru hin sömu og í fyrri listanum frá Van den Ende, það er Huntsmead Marketing Limited (hér eftir einnig Huntsmead Marketing) og Jeff Agents Corp. (hér eftir einnig Jeff Agents) og voru jafnframt tilteknar stofndagsetningar þeirra. Í tölvupóstinum minnti Van den Ende jafnframt á að Welling & Partners væri stofnað 9. desember 2002, eða um þremur mánuðum síðar en fyrrnefnd tvö félög, sbr. nánari tilvitnun til þeirra orða hér til hliðar. Eggert svaraði þessum tölvupósti Van den Ende degi síðar, 22. febrúar 2005, og kvaðst frekar vilja fá félögin sem stofnuð væru á undan Welling & Partners. Van den Ende svaraði samdægurs og spurði hvort fyrstu tvö félögin, það er Huntsmead Marketing og Jeff Agents, myndu þá fullnægja óskum hans.

Önnur gögn rannsóknarnefndar sýna að KBL keypti þessi tvö aflandsfélög skömmu síðar, eða í byrjun mars 2005, og að seljandi þeirra beggja, í gegnum félag Karim Van den Ende, KV Associates S.A., var dótturfélag panamísku lögfræðistofunnar Mossack Fonseca.

Síðar í þessum kafla greinir nánar frá því hvaða þáttur þessum félögum virðist hafa verið ætlaður í framkvæmd baksamninganna og uppgjöri á milli þeirra aðila sem skipta áttu með sér hagnaði af viðskiptum Welling & Partners með hlutina í Eglu hf.

„Just to remind you, WP is aged
09.12.2002.“

- Karim Van den Ende í tölvupósti til Eggerts
J. Hilmarssonar, starfsmanns KBL, 21. febrúar
2005.

179. Rétt er að nefna að dagsetningar í sviga á eftir heiti hvers félags standa fyrir skráðan stofndag þeirra.

5.8.2 Síðari viðskipti Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners á grundvelli baksamninganna: Kauptilboð Kjalars ehf. o.fl. virkjar forkaupsrétt Welling & Partners

Áður hefur verið greint frá fyrri sölu á hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf., sbr. kafla 5.7.5, sem og ráðgerðri sölu á afgangi hlutanna í desember 2004 sem ekki varð að veruleika, sbr. kafla 5.7.7. Sala á afgangi hlutanna fór hins vegar að lokum fram í júní 2005 en atburðarásin í kringum hana var með alveg sama hætti í meginatriðum og áður var lýst með fyrri sölu. Hér á eftir er greint frá þessum síðari viðskiptum á grundvelli baksamninganna milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners í júní 2005.

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar má rekja þá atburðarás til þess þegar Hauck & Aufhäuser var sent eftirfarandi tilboð í eftirstandandi hluti bankans í Eglu hf. Bréf með tilboðinu var dagsett 6. júní 2005 og stílað á Martin Zeil fyrir hönd bankans:

„Dear Martin,

As we have discussed, Kjalars ehf. and four other shareholders of Ker are willing to give an offer to Hauck & Aufhäuser to buy the shares in Eglu hf. in the nominal amount of ISK 2.562.043 which is 23,12% of the nominal value of the share capital in Eglu hf. After the transaction, Hauck & Aufhäuser will not own any share capital in Eglu hf.

The offered purchase price is based on the market price of Eglu's hf. shares in KB banka [svo] as of 31 May 2005 (market price of around 528) and other assets of Eglu hf. less Eglu's hf. liabilities and obligations as of the same date. Attached is a balance sheet of Eglu hf., showing the assets, liabilities and the share of Hauck & Aufhäuser in Eglu hf. [svo]. The total purchase price is ISK 5.501 million. The purchase price will be paid in USD, based on the prevailing rate of exchange between the ISK and the USD at the date of the payment and it will be paid no later than 20 days after your acceptance.

This offer is valid until 30 June 2005.

Best regards,

On behalf of Kjalars ehf. and four other shareholders in Ker hf.

Ólafur Ólafsson“

Líkt og þarna kemur fram laut tilboðið að öllum eftirstandandi hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf., það er hlutum að nafnvirði 2.562.043 íslenskra króna sem tilgreint var sem 23,12% af hlutafé Eglu hf. Tilboðið hafði að geyma nánari útskýringar á forsendum tilboðsins (markaðsvirði hlutabréfa í KB banka o.fl.) sem ekki er þörf að rekja nánar. Kaupverðið samkvæmt tilboðinu var tilgreint sem um 5,5 milljarðar króna sem greitt yrði í Bandaríkjadöllum. Gildistími tilboðsins var settur til 30. júní 2005. Það var undirritað af Ólafi Ólafssyni en samkvæmt tilboðinu stóðu að því Kjalars ehf. og fjórir aðrir hluthafar í Keri hf. sem ekki voru nánar tilgreindir.

Tilboðið leiddi til sömu viðbragða af hálfu Hauck & Aufhäuser og við fyrri viðtökur bankans á tilboðum í hlutina í Eglu hf. Á meðal gagna rannsóknarnefndar er þannig afrit af bréfi Hauck & Aufhäuser til Karim Van den Ende fyrir hönd Welling & Partners sem ber með sér að hafa verið sent félaginu 9. júní 2005. Bréfið ber yfirskriftina „Put Option Agreement“ og vísar þannig til söluréttarsamningsins. Það hljóðar svo:

„Dear Mr. Van den Ende,

according to our mutual Put Option Agreement please find enclosed an offer by Kjalars ehf. and four other shareholders of Ker concerning our shares in Eglu.

You are kindly requested to give us the appropriate instructions, especially concerning your pre-emptive rights.

Please note that the transaction should be completed as soon as possible.“

Undir bréfið skrifa tveir starfsmenn Hauck & Aufhäuser sem ekki koma að öðru leyti við sögu í rannsókn þessari en tilgreint er í bréfinu að það komi frá lögfræðisviði Hauck & Aufhäuser og stendur nafn Martin Zeil þar undir. Eins og fram kemur í tilvitnuðum texta

„Kjalars ehf. and four other shareholders of Ker are willing to give an offer to Hauck & Aufhäuser to buy the shares in Eglu hf. in the nominal amount of ISK 2.562.043 which is 23,12% of the nominal value of the share capital in Eglu hf. After the transaction, Hauck & Aufhäuser will not own any share capital in Eglu hf. [...] The total purchase price is ISK 5.501 million. [...]“

- Úr tilboði Kjalars ehf. o.fl. til Hauck & Aufhäuser í júní 2005 varðandi eftirstandandi hluti bankans í Eglu hf.

„You are kindly requested to give us the appropriate instructions, especially concerning your pre-emptive rights.“

- Úr tilkynningu Hauck & Aufhäuser til Welling & Partners um tilboðs Kjalars ehf. o.fl. í júní 2005.

er vísað til söluréttarsamningsins og tilboðs Kjalars ehf. Welling & Partners er vinsamlegast beðið að gefa bankanum viðeigandi fyrirmæli, sérstaklega varðandi forkaupsrétt félagsins og tekið fram að ganga ætti frá viðskiptunum svo fljótt sem mögulegt væri.

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar sendi Karim Van den Ende tölvupóst með yfirskriftinni „WP“ til Eggerts J. Hilmarssonar hjá KBL sama dag og ofangreint bréf Hauck & Aufhäuser er dagsett, það er 9. júní 2005. Af tölvupóstinum má ráða að honum hafi fylgt afrit af fyrrnefndu bréfi Hauck & Aufhäuser. Eggert svaraði tölvupósti Van den Ende þremur dögum síðar eða að kvöldi 12. júní 2005:

„Hi Karim,

May I please ask you to draft a letter where W&P confirms that the company will utilize its preemption [svo] rights like the letter you did in December/January, except the price on the offer has changed.

I will not be in the office tomorrow. Can you please call me on my mobile in order to discuss and overview.“

Samkvæmt þessum tölvupósti óskaði Eggert eftir því að Van den Ende útbýggi drög að bréfi þar sem Welling & Partners staðfesti að félagið hygðist nýta forkaupsrétt sinn. Um það vísaði Eggert til sams konar bréfs sem Van den Ende hefði útbúið í „desember/janúar“ nema hvað verð tilboðsins í hlutina hefði breyst.¹⁸⁰ Eggert óskaði loks eftir því að Van den Ende hefði samband við hann í farsíma daginn eftir, það er 13. júní 2005, til að ræða og fara yfir drögin að bréfinu.

Í samræmi við þetta liggja fyrir meðal gagna rannsóknarnefndar tvö svarbréf Welling & Partners, dagsett 13. júní 2005, við áðurnefndu bréfi Hauck & Aufhäuser. Þau eru mjög keimlík fyrri bréfasendingum félagsins til bankans af samsvarandi tilefni. Bréfin eru bæði stíluð á Martin Zeil fyrir hönd bankans og undirrituð af Karim Van den Ende fyrir hönd Welling & Partners. Hér er að verulegu leyti um að ræða samhljóða texta og í fyrri bréfum Welling & Partners vegna beitingar forkaupsréttarins. Sem fyrir telur rannsóknarnefndin þó rétt að vitna til beggja bréfa í heild sinni og gera svo nánari grein fyrir efni þeirra, eftir atvikum þá með skírskotun til fyrri umfjöllunar.

Annað bréfið bar yfirskriftina „re: Put Option Agreement / Fiduciary Agent“. Það hljóðaði svo:

„Dear Mr. Zeil,

Please find enclosed a letter in which we (Welling & Partners Limited) submit our notification to your bank in order to exercise our Pre-emptive Rights according to the Put Option Agreement, cf. Clause 2, an agreement duly signed on the 16th of January 2003, and amended on the 8th of March 2004, between ourselves and our bank.

In relation to the offer made by Ker hf. [svo]¹⁸¹ and/or Ker's shareholders to acquire and to buy shares in the nominal amount ISK 2.562.043,- in EGLA hf. (the „Shares“) and in relation to the exercise of the Pre-emptive Rights, our company wishes the Bank to act as Fiduciary Agent and remain the exclusive owner of the Shares towards Ker hf. [svo] and/or Ker's shareholders and therefore to accept the offer from Ker hf. [svo] and/or Ker's shareholders and sell these in the name of the Bank but for the account and at the risk of our Company.

The Bank's obligation is limited to the performance of selling the Shares and to deliver the consideration received in exchange for the Shares into the account of the Company with your Bank. In course of its duties the Bank will consequently sign all relevant agreements and documents and perform the notification to EGLA hf. in order to transfer the ownership of the shares to Ker hf. [svo] and/or Ker's shareholders, as the Shares have not been issued.

„[O]ur Company wishes the Bank to act as Fiduciary Agent and remain the exclusive owner of the Shares towards Ker hf. [svo] and/or Ker's shareholders and therefore to accept the offer from Ker hf. [svo] and sell these in the name of the Bank but for the account and at the risk of our Company.

The Bank's obligation is limited to the performance of selling the Shares and to deliver the consideration received in exchange for the Shares into the account of our Company with your Bank.

Subsequent to this transaction your Bank will not hold any participation in EGLA hf. [...] We hereby confirm that upon the completion of the aforementioned transaction the Put Option Agreement is automatically terminated.“

- Úr bréfi Welling & Partners Limited til Hauck & Aufhäuser 13. júní 2005 varðandi beitingu forkaupsréttar félagsins að hlutum bankans í Eglu hf.

180. Með skírskotun til sams konar bréfs í „desember/janúar“ er ljóst að vísað var til þess þegar Van den Ende útbjó slíkt bréf í tengslum við hin fyrirhuguðu viðskipti á þeim tíma um eftirstandandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. sem ekki urðu að veruleika, sbr. kafla 5.7.7.

181. Í bréfinu er itrekað vísað til tilboðs „Kers hf.“ og er þar um augljósa misritun að ræða því að tilboðið sem samskiptin vörðuðu var frá Kjalari ehf. (ásamt fjórum ótilgreindum hluthöfum Kers hf.).

Our company wishes the Bank to accept the offer from Ker hf. [svo] and/or Ker's shareholders today or at the latest tomorrow, in order to conclude the transaction at the 30th of June 2005. The consideration received in exchange for the Shares shall be credited into the account of the Company in USD. As the offer is put forward in ISK, the amount in USD shall be based on the exchange rate of ISK for one USD at the date of payment by Ker hf. [svo] and/or Ker's shareholders.

Subsequent to this transaction your Bank will not hold any participation in EGLA hf. According to clause 9 of the Put Option Agreement the Agreement shall terminate automatically upon the final transfer of the Shares to our company or its designee. We hereby confirm that upon the completion of the aforementioned transaction the Put Option Agreement is automatically terminated.

Do not hesitate to contact us for any complementary query on that matter.“

Efni þessa bréfs er að meginstefnu hið sama og í þeim fyrri bréfum Welling & Partners til Hauck & Aufhäuser af samsvarandi tilefni sem áður hafa verið rakin, sérstaklega þá bréfinu sem Welling & Partners sendi í desember 2004 í tilefni af fyrirhuguðum viðskiptum þá um sömu hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. Hér nægir því að mestu að vísa til fyrri umfjöllunar og samantektar á efni þessara fyrri bréfa, einkum þess síðarnefnda.

Líkt og þar lúta fyrirmæli Welling & Partners til Hauck & Aufhäuser í þessu bréfi að því að bankinn kæmi fram gagnvart tilboðsgjafanum Kjalari ehf. í eigin nafni en í reynd sem fjárvörsluaðili fyrir Welling & Partners, fyrir reikning og á áhættu þess, og tæki þannig tilboðinu og seldi hlutina með öllum skjalafrágangi sem það útheimti.¹⁸² Líkt og í bréfi Welling & Partners í desember 2004 er hér einnig hnykkt á því varðandi þennan erindisrekstur Hauck & Aufhäuser fyrir Welling & Partners að bankinn kæmi fram sem eini eigandi (e. „exclusive owner“) hlutanna gagnvart tilboðsgjafanum og gengi þannig frá sölunni. Þess var óskað að tilboðið yrði samþykkt þennan dag, 13. júní 2005, eða í síðasta lagi daginn eftir til þess að ljúka mætti viðskiptunum 30. júní 2005.

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar samþykktu Peter Gatti og Martin Zeil fyrir hönd Hauck & Aufhäuser þennan sama dag formlega að bankinn tæki að sér hlutverk fjárvörsluaðila fyrir Welling & Partners samkvæmt fyrirmælum um sölu hlutanna í bréfi Welling & Partners.

Hitt bréfið, sem vísað var til í því fyrrnefnda, bar yfirskriftina „re: Put Option Agreement dated January 16, 2003, and amended on March 8, 2004“. Það hljóðaði svo:

„Dear Mr. Zeil,

With reference to your notification letter, dated June 9, 2005, in which it is required that you are notified in the event that our company wishes to exercise its Pre-emptive Right according to Clause 2 in the abovementioned Put Option Agreement, we hereby make the following statement.

According to Clause 2 b) of the aforementioned Put Option Agreement, we hereby notify to yourselves that we wish to exercise our Pre-emptive Rights in relation to an offer made by Ker hf. [svo]¹⁸³ and/or Ker's shareholders where this company (those companies) wish(es) to acquire and buy shares in the nominal amount of ISK 2.562.043,- in EGLA hf., equalling 23,12% of the aggregate share capital of EGLA hf.

The initial participation in EGLA hf. was the nominal amount of ISK 7.239.000 shares; whereof 64,61% of the participation has already been sold. The offer therefore represents 35,39% of the initial participation. In consequence, the Put Price shall be in the same proportion as the offer and therefore be equal to USD 11.681.161,82, which shall be debited from our account with your Bank.“

„The initial participation in EGLA hf. was the nominal amount of ISK 7.239.000 shares; whereof 64,61% of the participation has already been sold. The offer therefore represents 35,39% of the initial participation. In consequence, the Put Price shall be in the same proportion as the offer and therefore be equal to USD 11.681.161,82, which shall be debited from our account with your Bank.“

- Úr bréfi Welling & Partners Limited til Hauck & Aufhäuser 13. júní 2005 varðandi beitingu forkaupsréttar félagsins að hlutum bankans í Eglu hf.

Þetta bréf er, fyrir utan tilvísun til dagsetningar bréfs Martins Zeil frá 9. júní 2005, orðrétt eins – alveg niður í það að tilboðsgjafinn er hér ranglega tilgreindur Ker hf. – og sams

182. Sjá fyrri skýringu á augljósri misritun á nafni tilboðsgjafans, sem með réttu var Kjalari ehf., í tilvitnuðu bréfi Welling & Partners.

183. Sjá fyrri athugasemdir neðanmáls um misritun á nafni tilboðsgjafans í bréfinu.

konar bréf Welling & Partners vegna hinna fyrirhuguðu viðskipta kringum áramótin 2004-2005, sbr. kafla 5.7.7. Samskiptin vörðuð enda í báðum tilvikum sömu hluti í Eglu hf., sömu hlutfallstölur áttu við og þar með sama reiknaða kaupverð Welling & Partners, 11.681.161,82 Bandaríkjadalir.

Af gögnum rannsóknarnefndar er ljóst að þessi viðskipti gengu eftir með þeim hætti sem framangreind gögn gerðu ráð fyrir.

Á Íslandi birtust fréttir í fjölmiðlum af þessum viðskiptum 15. og 16. júní 2005, til dæmis í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, þess efnis að Kjalar ehf. hefði keypt umrædda hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. Fram kom í þeim fréttum að það félag væri í eigu Ólafs Ólafssonar og fjölskyldu hans. Kaupverð og stærð eignarhlutarins samkvæmt þessum fréttum var í samræmi við ofangreind gögn um viðskiptin, það er um 5,5 milljarðar króna og um 23% eignarhlutur. Í fréttunum er ekki getið um aðra kaupendur en Kjalar ehf.

Eins og gefur að skilja kom hvorki fram í fjölmiðlaumfjöllun um þessi viðskipti, né annars staðar opinberlega þá eða síðar, hvern þátt Welling & Partners hafði átt í þessum viðskiptum.

Greiðsla Kjalars ehf. til Hauck & Aufhäuser fyrir hlutina í Eglu hf. var samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar fjármögnuð að fullu með láni frá Íslandsbanka hf. Umsókn Kjalars ehf. þess efnis til Íslandsbanka hf. var samþykkt á fundi áhættunefndar bankans 22. júní 2005 og lánsamningur undirritaður 29. s.m. Samkvæmt honum var lánið eingreiðslulán til þriggja mánaða, í íslenskum krónum og erlendum myntum, að fjárhæð allt að jafnvirði 5,6 milljarða íslenskra króna. Trygging var veitt með handveði í hlutum í Eglu hf., þeim hinum sömu og lánið var veitt til að kaupa af Hauck & Aufhäuser, það er 2.562.043 hlutum í Eglu hf. Lántaki var Kjalar ehf. Með beiðni um útborgun lánsins, dags. 30. janúar 2005, óskaði Guðmundur Hjaltason fyrir hönd lántaka eftir því að lánið yrði greitt út miðað við nánar tilgreindar fjárhæðir í öllum mynthlutum lánsins. Þær voru jafnframt allar tilgreindar með jafnvirði í íslenskum krónum. Það nam samtals 5.501.000.000 krónum eða rúmum 5,5 milljörðum króna. Viðtakandi greiðslunnar var tilgreindur Kaupþing banki hf. með nánar tilgreindu reikningsnúmeri og kennitölu.

Greiðslan var bókuð inn á reikninga Kaupþings banka hf. 1. júlí 2005. Þar virðist hún hafa runnið til uppgjors á framvirkum samningum Kjalars ehf.¹⁸⁴ Sama dag sendi Kaupþing banki hf. síðan símgreiðslu til Hauck & Aufhäuser í Frankfurt að fjárhæð 83.912.826,49 Bandaríkjadalir. Skýring með greiðslunni var: „Purchase price for 23.12 percent of nominal value of ISK 2.562.043 of Eglu shares pursuant to agreement of 14 June 2005“. Ljóst er að þar var um ræða greiðslu Kjalars ehf. til Hauck & Aufhäuser á kaupverði fyrir hlutina í Eglu hf.

Líkt og áður kom fram skyldi allt söluandvirði hlutanna renna til Welling & Partners. Af gögnum rannsóknarnefndar er enn fremur ljóst að fyrrgreind símgreiðsla frá Kaupþingi banka hf., eða 83.912.826,49 Bandaríkjadalir, rann í reynd inn á bankareikning Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser. Í fyrrgreindum bréfaskiptum Welling & Partners og Hauck & Aufhäuser kom einnig fram að kaupverð sem Welling & Partners bar að greiða fyrir hlutina hafi reiknast sem 11.681.161,82 Bandaríkjadalir og skyldi dragast af reikningi félagsins hjá bankanum.¹⁸⁵ Mismunur á söluandvirði hlutanna sem rann til Welling & Partners og því kaupverði sem félaginu bar að greiða á móti fyrir sömu hluti nam því 72.231.664,67 Bandaríkjadöllum.

5.8.3 Hagnaður Welling & Partners af viðskiptum á grundvelli baksamninganna

Fjallað var um fyrri viðskipti Welling & Partners og Hauck & Aufhäuser með hluti í Eglu hf. á grundvelli baksamninganna í kafla 5.7.5 hér á undan. Eins og þar kom nánar fram var þá um 38,4 milljóna Bandaríkjadala mismunur á söluandvirðinu sem rann til Welling & Partners og því kaupverði sem félaginu bar að greiða samkvæmt baksamningunum. Um síðari viðskipti sömu aðila á grundvelli baksamninganna var fjallað í kafla 5.8.2 hér næst

184. Telja má líklegt að þeir framvirku samningar hafi þá verið gerðir á einhverju fyrra tímamarki til tryggingar á gjaldmiðla-áhættu þar sem lánið frá Íslandsbanka var greitt út í íslenskum krónum en greiðslan til Hauck & Aufhäuser skyldi vera í Bandaríkjadöllum.

185. Telja má ljóst að þar var um að ræða skírskotun til hinnar handveðsettu innstæðu á bankareikningi Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser.

á undan. Eins og þar kom nánar fram var þá um 72,2 milljóna Bandaríkjadala mismunur á söluandvirðinu sem rann til Welling & Partners og því kaupverði sem félaginu bar að greiða samkvæmt baksamningunum.

Samkvæmt þessu nam samanlagður mismunur á annars vegar kaupverði Welling & Partners fyrir hlutina í Eglu hf. samkvæmt ákvæðum baksamninganna og hins vegar söluandvirði sem rann til Welling & Partners vegna viðskipta með sömu hluti um 111 milljónum Bandaríkjadala.¹⁸⁶

Eins og nánar var rakið í kafla 5.7.8 varðandi fyrri viðskiptin var sömuleiðis í síðari viðskiptunum gert ráð fyrir því, í samræmi við ákvæði baksamninganna, að hin handveðsetta innstæða (eða tilsvarendi hluti hennar) stæði gegn því kaupverði sem Welling & Partners skyldi greiða fyrir hlutina í Eglu hf. í þeim viðskiptum (um 11,7 milljónir Bandaríkjadala). Líkt og í fyrri viðskiptunum rann svo söluandvirðið í hinum síðari (um 83,9 milljónir Bandaríkjadala), sem Hauck & Aufhäuser fékk þá sent sem meintur seljandi, óskert inn á bankareikning Welling & Partners hjá þýska bankanum.

Ljóst er því að með einum eða öðrum hætti rann hin handveðsetta innstæða, fjármögnuð með hinu upphaflega láni Kaupþings hf. til Welling & Partners í janúar 2003, til þess að vega að fullu upp á móti kaupverði Welling & Partners fyrir hlutina í Eglu hf. í báðum viðskiptunum á grundvelli baksamninganna, líkt og gert var ráð fyrir í baksamningunum frá upphafi.

Eftir fyrri viðskiptin, að lokinni uppgreiðslu allra áhvilandi lána Welling & Partners, stóðu um 18,4 milljónir Bandaríkjadala af söluandvirði hlutanna í Eglu hf. eftir á bankareikningum félagsins hjá Hauck & Aufhäuser, það er frá og með maí 2004.¹⁸⁷

Við síðari viðskiptin í júní-júlí 2005 rann allt söluandvirði hlutanna í Eglu hf., það er um 83,9 milljónir Bandaríkjadala, inn á bankareikninga Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser enda voru þá öll lán félagsins vegna baksamninganna uppgreidd.

Síðastnefndar fjárhæðir nema samanlagt 102,3 milljónum Bandaríkjadala og má líta á það sem hagnað Welling & Partners af viðskiptum á grundvelli baksamninganna.

Gögn rannsóknarnefndar sýna loks að síðari hluta árs 2005 stóðu samtals um 105 milljónir Bandaríkjadala á reikningum Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser.¹⁸⁸ Sú fjárhæð jafngilti um 6,8 milljörðum íslenskra króna miðað við skráð gengi Bandaríkjadals í lok júní 2005.

5.8.4 Ráðstafanir Kaupthing Bank Luxembourg S.A. í aðdraganda skiptingar hagnaðar Welling & Partners vegna viðskipta á grundvelli baksamninganna

Aður var greint frá kaupum Kaupthing Bank Luxembourg S.A. á aflandsfélögnum Huntsmead Marketing Limited og Jeff Agents Corp. snemma árs 2005. Á sama tíma og verið var að ganga frá síðari viðskiptunum á grundvelli baksamninganna, sbr. kafla 5.8.2, má sjá af gögnum rannsóknarnefndar að Eggert J. Hilmarsson hjá KBL og Karim Van den Ende hafa haft til meðferðar málefni aflandsfélaganna tveggja og samband þeirra við

186. Frá þeirri tölu þarf að draga endanlegan kostnað vegna lántöku Welling & Partners til að fjármagna hina handveðsettu innstæðu hjá Hauck & Aufhäuser við gerð baksamninganna í janúar 2003. Þar er átt við hið upphaflega um 35,5 milljóna Bandaríkjadala lán Kaupþings hf. sem síðar var skipt upp með þeim hætti sem gerð var grein fyrir í kafla 5.6.2. Þau lán sem komu til við uppskiptinguna voru svo greidd upp að fullu í maí 2004, strax eftir fyrri viðskiptin á grundvelli baksamninganna og þá með hluta söluandvirðis af hlutum í Eglu hf. sem rann til Welling & Partners í þeim viðskiptum sbr. kafla 5.7.5 og 5.7.6. Af umfjöllun og samhengi fjárhæða í síðastnefndum kafla má ætla að endanlegur kostnaður Welling & Partners af lántökunni hafi verið um 5-6 milljónir Bandaríkjadala.

187. Sjá nánar kafla 5.7.6. Líkt og þar kemur fram nam samanlögð uppgreiðsla skuldanna, það er höfuðstólsandvirði lánanna með vöxtum og kostnaði, um 41,3 milljónum Bandaríkjadala, sem dróst frá söluandvirðinu sem rann til Welling & Partners eftir fyrri viðskiptin (um 59,7 milljónir Bandaríkjadala). Eftir urðu því um það bil 18,4 milljónir Bandaríkjadala.

188. Munur á þessari fjárhæð og samanlögðum fjárhæðunum tveimur sem runnu inn á bankareikninga Welling & Partners eftir viðskiptin í apríl-maí 2004 og í júní-júlí 2005 (það er annars vegar 18,4 og hins vegar 83,9 eða samanlagt um 102,3 milljónir Bandaríkjadala) skýrist af um 3 milljóna Bandaríkjadala innstæðu sem stóð eftir auk síðastnefndra fjárhæða á bankareikningum Welling & Partners frá og með þessum tíma. Rannsóknarnefndin hefur ekki óyggjandi skýringar á hvernig hún var nánar til komin. Að hluta til mætti þó benda á þá augljósu staðreynd að a.m.k. 18,4 milljónir Bandaríkjadala höfðu þá verið til ávöxtunar á bankareikningum félagsins í rúmlega eitt ár. Einnig má þá benda á um 450 þúsund Bandaríkjadala lækkuð söluréttarverðsins frá því sem upphaflega var ráðgert (sjá kafla 5.7.4) og það að fjárhæð hinnar handveðsettu innstæðu var að nokkru marki höfð hærri en ella hefði þurft vegna tillits til hugsanlegra bóta- og kostnaðargreiðslna til Hauck & Aufhäuser (sjá kafla 5.5.2) sem ekki verður séð af gögnum rannsóknarnefndarinnar að komið hafi til greiðslu á meðan á gildistíma samninganna stóð. Fyrirnefnd atriði eru einungis nefnd sem hugsanlegar skýringar en annars hefur nefndin ekki óyggjandi upplýsingar um þetta atriði, sem enga teljandi þýðingu hefur fyrir meginatriði í rannsókn nefndarinnar.

Welling & Partners. Í tölvupósti Van den Ende til Eggerts 23. júní 2005 voru þannig sett fram málefni sem æskilegt væri að rædd yrðu á fyrirhuguðum fundi þeirra innan fárra daga. Í lista yfir þau málefni stóð meðal annars:

„2. Welling & Partners (+ Jeff Agents&Huntsmead Marketing) : deadline of 30.06.2005!“

Þetta má skilja svo að ræða hafi átt Welling & Partners og að auki hin aflandsfélögin tvö. Tímastofurinn sem þarna er vísað til að renna myndi út 30. júní 2005 virðist vera sami tímastofur og miðað var við vegna kaupa Kjalars ehf. á hlutunum í Eglu hf., sbr. kafla 5.8.2. Neðar í tölvupóstinum gat Van den Ende þess að sum önnur nánar tilgreind málefni í umræddum lista vörðuðu einkum tiltekinn samstarfsmann Eggerts hjá KBL. Einnig kom fram að Eggert gæti að vild breytt þessum drögum að dagskrá. Þá spurði Van den Ende fyrir hversu marga hann ætti að bóka á veitingastaðnum þar sem þeir stefndu á að hittast.

Eggert svaraði þessum tölvupósti fjórum dögum síðar, 27. júní 2005. Í svari hans kom fram:

„Regarding point 2 on the agenda (Welling & Partners) I would very much appreciate if we delete this one and discuss it later, i.e. just between me and you, as Olivier has not been involved before. Consequently, Jeff Agents & Huntsmead Marketing should be deleted.“

Að öðru leyti kvaðst Eggert ekki hafa athugasemdir við fyrirhugaða dagskrá fundarins. Van den Ende svaraði tölvupósti Eggerts samdægurs og staðfesti þessa breytingu á dagskrá fundarins.

Gögn rannsóknarnefndar sýna að fljótlega eftir framangreind samskipti Eggerts J. Hilmarssonar og Karim Van den Ende, eða um og eftir mitt ár 2005, hóf Eggert af hálfu Kaupthing Bank Luxembourg S.A., sem fyrr með fulltingi Karim Van den Ende, að skipuleggja nánar uppsetningu aflandsfélaga sem varðaði fyrirkomulag á eignarhaldi Welling & Partners. Má ráða af því að sú vinna hafi verið liður í undirbúningi á skiptingu þess hagnaðar sem fallið hafði til Welling & Partners vegna viðskipta á grundvelli baksamninganna. Baksamningarnir höfðu enda þá lokið hlutverki sínu og fallið formlega úr gildi með kaupum Welling & Partners á öllum eftirstandandi hlutum Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á grundvelli forkaupsréttar félagsins í júní 2005 og samhliða sölu Hauck & Aufhäuser á sömu hlutum til Kjalars ehf. í eigin nafni en fyrir hönd Welling & Partners, sbr. kafla 5.8.2.

5.8.4.1 *Uppsetning aflandsfélaga undirbúin. Kaupthing Bank Luxembourg S.A. kaupir Marine Choice Limited*

Á meðal gagna rannsóknarnefndarinnar er tölvupóstur Karim Van den Ende 1. september 2005 til Eggerts J. Hilmarssonar hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. með yfirskriftinni „vintage BVI company“.¹⁸⁹ Tölvupósturinn hljóðaði svo:

„Please find hereby 3 proposals of names for a BVI company dated before December 2002 (option on all 3 until next Monday) :

1. **Bagus Fashions Ltd.** (15.08.2002)
2. **Marine Choice Limited** (04.09.2002)
3. **Great Oasis International Limited** (05.09.2002)

Price : USD 4,900.- covering all fees from incorporation through 2005 (plus my EUR 1,000.- if you agree).

Just to remind you : W&P is aged 09.12.2002, Huntsmead 16.02.2002 [svo] and Jeff 17.09.2002.

Unfortunately, I had put the same director in the last companies but I can change this immediately : I have taken over a BVI company for my professional use called Jaeger Investors Corp. aged 25.01.2002. As I do not remember if I have signed something already

189. Með vissri einföldun má þýða það hugtak sem „árgangs-Tortólafélag“. Með hugtakinu mun vera átt við aflandsfélag skráð á Bresku-Jómfrúaejnum (þar sem Tortóla er helsta eyjan og sú sem einkum er tengd starfsemi aflandsfélaga) sem er eldra en eins árs, miðað við skráningardag þess, þegar það er keypt. Af almennum upplýsingum sem aðgengilegar eru á netinu má ráða að bak við kaup á slíku „árgangsfélagi“ liggja jafnan sú ástæða að þörf þyki á því að viðkomandi félag hafi verið til, það er formlega stofnsett en óvirkt, um lengri tíma.

on behalf of Huntsmead or Jeff Agents, I suggest that you confirm this to me and that Jaeger Investors subsequently becomes director in Huntsmead, meaning that the directors' situation would be the following:

- **W&P** : Remp Co. Ltd.
- **Huntsmead Marketing** : Jaeger Investors Corp.
- **Jeff Agents** : Allan Corporation
- **newco**: one of the 3 (you choose)“

Í þessum tölvupósti stakk Van den Ende upp á þremur „árgangs-Tortólafélögum“ sem Eggert J. Hilmarsson gat valið úr. Eitt þeirra var Marine Choice Limited. Öll voru stofnsett á undan Welling & Partners, Huntsmead Marketing og Jeff Agents.¹⁹⁰ Fram kom einnig að Van den Ende byði fram félag í hans eigu, Jaeger Investors Corp., sem stofnað væri 25. janúar 2002, til að vera skráður stjórnandi í Huntsmead Marketing. Í því samhengi tók Van den Ende fram að hann minntist þess ekki að hafa enn skrifað undir neitt af hálfu Huntsmead Marketing eða Jeff Agents. Í niðurlagi tölvupóstsins setti Van den Ende síðan fram hverjir stjórnendur félaganna gætu verið miðað við tillögu hans. Með „newco“ í þeirri upptalningu má telja ljóst að átt hafi verið við það nýja félag sem Eggert J. Hilmarsson veldi af þeim sem tilgreind voru í upphafi tölvupósts Van den Ende.

Eggert J. Hilmarsson svaraði þessum tölvupósti samdægurs með svofelldum hætti:

„Thanks Karim,

I will go for nr. 2, Marine Choice Limited.

Nothing has been signed yet by the Huntsmead or Jeff.

Regarding which shall be the director of the Marine I will confirm tomorrow, as I need to overview the file tonight at home.“

Eins og fram kemur í þessum tölvupósti valdi Eggert að taka félagið Marine Choice Limited.¹⁹¹ Í tölvupósti Eggerts kom jafnframt fram að „ekkert hefði enn verið undirritað“ af hálfu Huntsmead Marketing Limited eða Jeff Agents Corp. Var hann þar augljóslega að svara athugasemd Van den Ende í tölvupósti hans um að hann minntist þess ekki að hafa enn skrifað undir neitt af hálfu sömu félaga. Rétt er að nefna að í umfjöllun hér á eftir verða rakin gögn rannsóknarnefndar sem varpa nánara ljósi á samhengi þessara tilteknu samskipta Eggerts og Van den Ende.

Van den Ende sendi Eggerti tölvupóst þremur dögum síðar, 4. september 2005, með nánari samantekt á hvernig stjórn ofangreindra félaga skyldi háttáð. Í tölvupóstinum kom fram um þetta:

„Pursuant to our last conversation, I hereby summarize the situation we discussed:

- **W&P Ltd.** : director=Remp Co. Ltd., represented by Karim Van den Ende
- **Huntsmead Marketing** : director=Jaeger Investors Corp., represented by Joseph Collaro.
- **Jeff Agents** : director=Allan Corporation, represented by Karim Van den Ende.
- **Marine Choice** : director=Allan Corporation represented by Brigitte Stumm

I hope I got it right!“

Eggert svaraði tölvupóstinum snemma morguninn eftir með þeim hætti að þakka Van den Ende fyrir og að þetta liti mjög vel út. Af tölvupósti Van den Ende má ráða að í honum hafi verið gerð tillaga um aflandsfélög sem yrðu skráðir stjórnendur viðkomandi félaga

190. Í tilvitnuðum tölvupósti Van den Ende var stofndagur Huntsmead Marketing ranglega tilgreindur sem 16. febrúar 2002 en af öðrum gögnum rannsóknarnefndar, sbr. til dæmis kafla 5.8.1, er ljóst að félagið var stofnað 16. september 2002.

191. Rúmri viku síðar, eða 13. september 2005, sendi Van den Ende stofngögn Marine Choice Limited til Eggerts með tölvupósti ásamt afriti af reikningi dótturfélags panamísku lögfræðistofunnar Mossack Fonseca vegna kaupa á félaginu.

og hverjir kæmu fram fyrir hönd þeirra.¹⁹² Á sama hátt og áður greindi varpar umfjöllun hér á eftir nánara ljósi á samhengi þessara upplýsinga Van den Ende.

5.8.4.2 Ófullgerð skjöl Kaupthing Bank Luxembourg S.A. um raunverulegt eignarhald Huntsmead Marketing Limited og Jeff Agents Corp.

Á meðal gagna rannsóknarnefndar eru þrjú skjöl með yfirskriftinni „samkomulag við raunverulegan eiganda“ (e. „Beneficial Owner Agreement“) sem varða Huntsmead Marketing Limited og Jeff Agents Corp. Eitt þeirra tekur til fyrrnefnda félagsins en tvö til síðarnefnda félagsins. Þessi skjöl eru aðeins undirrituð að hluta og verður því að líta á þau sem ófullgerð drög að formi til. Hafa verður í huga þann fyrirvara við eftirfarandi umfjöllun um efni þeirra og er því vísað til þeirra sem draga að samkomulögum.

Í fyrsta lagi er þar um að ræða drög að samkomulagi milli annars vegar KV Associates S.A. (félag Karim Van den Ende sem komið hefur oft við sögu í skýrslunni í ýmsu samhengi) og hins vegar Kaupthing Bank Luxembourg S.A. um að KV Associates S.A. stýri félaginu Huntsmead Marketing fyrir raunverulegan eiganda þess, sem tilgreindur er sem KBL. Drögin bera dagsetninguna 16. september 2002 og eru undirrituð af Karim Van den Ende af hálfu KV Associates S.A. en óundirrituð af hálfu KBL sem raunverulegs eiganda.

Í öðru lagi er um að ræða drög að samkomulagi á milli sömu aðila um að KV Associates S.A. stýri félaginu Jeff Agents fyrir raunverulegan eiganda þess, sem tilgreindur er KBL. Þau drög eru eins hvað varðar undirritun og dagsetningu og hin fyrstnefndu, það er dagsett 16. september 2002 og undirrituð af Karim Van den Ende af hálfu KV Associates S.A. en óundirrituð af hálfu KBL sem raunverulegs eiganda.

Þriðju samkomulagsdrögin bera á hinn bóginn með sér að vera milli annars vegar KV Associates S.A. og hins vegar tveggja nafngreindra íslenskra kaupþýslumanna, Lýðs Guðmundssonar og Ágústs Guðmundssonar, og kveða á um að KV Associates S.A. stýri félaginu Jeff Agents fyrir raunverulega eigendur þess, sem tilgreindir eru þeir Ágúst og Lýður. Drögin bera dagsetninguna 29. janúar 2003 en eru á sama hátt og hin tvö fyrrnefndu aðeins undirrituð af hálfu KV Associates S.A., sem fyrr af Karim Van den Ende, en óundirrituð af hálfu hins tilgreinda gagnaðila, það er þeim Lýði og Ágústi Guðmundssonum sem raunverulega eiganda Jeff Agents samkvæmt samkomulagsdrögum.¹⁹³

Varðandi þessi gögn er í fyrsta lagi rétt að benda á að þar sem fyrir liggur að KBL keypti aflandsfélögin Huntsmead Marketing og Jeff Agents ekki fyrr en í byrjun mars 2005, eins og áður var rakið, liggur sömuleiðis ljóst fyrir að þessi samkomulagsdrög voru öll dagsett tvö til þrjú ár aftur í tímann. Sama á við um önnur gögn varðandi félögin sem síðar verða rakin.

Í öðru lagi ber drögum sem varða stjórn og raunverulegt eignarhald Jeff Agents ekki saman um raunverulegt eignarhald þess félags enda gera þau ráð fyrir ólíkum raunverulegum eigendum að því, annars vegar KBL en hins vegar Lýði og Ágústi Guðmundssonum. Eins og fram kom áður liggur einnig fyrir að hvorugt þessara draga að samkomulögum, í þeirri mynd sem þau liggja fyrir í gögnum rannsóknarnefndar, eru undirrituð af hálfu þess raunverulega eiganda Jeff Agents sem hvor fyrir sig tilgreina. Eins og þessi gögn liggja fyrir rannsóknarnefndinni eru þau því ófullkomin að þessu leyti. Af því leiðir að ekki er hægt að draga óyggjandi ályktanir af þessum gögnum um raunverulegt eignarhald Jeff Agents.¹⁹⁴

192. Aflandsfélögin Remp Co. Ltd. og Allan Corporation hafa bæði komið við sögu áður í skýrslunni. Eins og fram kemur í tölvupósti Van den Ende stóð fyrrnefnda félagið sem skráður „stjórnandi“ formlega á milli Karim Van den Ende og Welling & Partners. Síðarnefnda félagið gegndi í mars-apríl 2003 hlutverki í uppskiptingu á upphaflegu láni Kaupþings hf. til Welling & Partners frá janúar 2003, sjá kafla 5.6.2. Rannsóknarnefndin hefur ekki frekari haldberar upplýsingar um þá einstaklinga, Joseph Collaro og Brigitte Stumm, sem Van den Ende lagði til að kæmu fram fyrir hönd þeirra aflandsfélaga sem skráð væru stjórnendur umræddra félaga.

193. Rétt er að fram komi að rannsóknarnefndin beindi skriflegum fyrirspurnum til Lýðs og Ágústs um þessi atriði. Þær er að finna í viðauka með vefútgáfu skýrslunnar ásamt öðrum skriflegum fyrirspurnum nefndarinnar. Nánar er annars fjallað um þetta og getið um svör Lýðs og Ágúst við þeim fyrirspurnum í kafla 5.9.3.

194. Engu breytir í því sambandi þó samkomulagsdrögin tvö varðandi raunverulegt eignarhald Jeff Agents hafi mismunandi dagsetningar, það er annars vegar 16. september 2002 (þar sem KBL er tilgreindur raunverulegur eigandi) og hins vegar 29. janúar 2003 (þar sem Lýður og Ágúst Guðmundssonir eru tilgreindir raunverulegir eigendur). Í báðum tilvikum var um dagsetningar langt aftur í tímann að ræða, eins og rakið er nánar í meginmáli. Hinum fyrrnefndu var augsýnilega valin dagsetning um líkt leyti og Jeff Agents var stofnað – sem var þó raunar ekki fyrr en 17. september 2002, eða degi síðar en þau samkomulagsdrög voru dagsett. Síðarnefndu drögum var valin dagsetning skömmu eftir gerð baksamninganna í janúar 2003. Í ljósi þeirra vankanta á formi gagnanna, a.m.k. eins og þau liggja fyrir rannsóknarnefndinni, sem raktir eru í meginmáli telst þó ekki nægilegt tilefni hér til að fjalla sérstaklega um hugsanlega þýðingu hinna ólíku dagsetninga á

Það eitt liggur því fyrir hér eftir sem áður, hvað sem þessum gögnum líður og efni þeirra að öðru leyti, að KBL keypti Jeff Agents í mars 2005 og átti það frá þeim tíma án þess að fram hafi komið með rannsókn nefndarinnar nein gögn sem varpa óyggjandi ljósi á aðrar eða frekari ráðstafanir varðandi eignarhald þess.

5.8.4.3 Viðskiptaflétta Kaupthing Bank Luxembourg S.A. um eignarhald Welling & Partners. Jeff Agents Corp. eignast Welling & Partners

Líkt og áður var rakið keypti Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Huntsmead Marketing og Jeff Agents í mars 2005. Félögin voru bæði stofnuð í september 2002. Einnig kom áður fram að Eggert J. Hilmarsson hjá KBL hefði í tölvupóstsamskiptum við Karim Van den Ende í byrjun september 2005 tekið fram að af hálfu félaganna hefði enn ekki verið „skrifað undir neitt“ hjá KBL. Þá var rakinn tölvupóstur Van den Ende til Eggerts 4. september 2005 með upplýsingum um það meðal annars hvaða tilteknu önnur aflandsfélög yrðu skráðir stjórnendur þessara aflandsfélaga og hvaða einstaklingar myndu „koma fram“ fyrir hönd (e. „represent“) þeirra félaga – í annars ótilgreindum lögskiptum. Loks voru hér á undan rakin skjaladrög frá KBL, ófullgerð að formi til, sem vörðuðu eða áttu að varða raunverulegt eignarhald Jeff Agents og Huntsmead Marketing.

Af ofangreindum gögnum og umfjöllun um þau hér á undan má ráða að í byrjun september 2005 hafi verið í burðarliðnum viðskipti á milli umræddra félaga sem hafi átt að varða Welling & Partners. Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar var gengið frá gögnum um slík viðskipti á þann hátt að í september 2005 eða síðar gekkst KBL fyrir því að undirritaður var valréttarsamningur milli Huntsmead Marketing og Jeff Agents um kauprétt síðarnefnda félagsins að Welling & Partners af Huntsmead Marketing. Síðarnefnda félagið var í þeim samningi sagt 100% eigandi Welling & Partners. Greiðsla Jeff Agents fyrir félagið samkvæmt valréttarsamningnum skyldi vera 10.000 evrur. Samningurinn var dagsettur aftur í tímann til 30. janúar 2003. Kauprétturinn var ekki bundinn frekari skilyrðum og sagður óafturkræfur í samningnum. Í september 2002 eða síðar stóð KBL jafnframt fyrir því að gengið var frá tilkynningu um beitingu Jeff Agents á þessum kauprétti félagsins. Slík tilkynning fól í sér að Jeff Agents eignaðist félagið Welling & Partners gegn greiðslu á 10.000 evrum til Huntsmead Marketing. Skjöl þessu tengd voru dagsett aftur til 2. apríl 2004. Frá sama tíma var Jeff Agents skráð eini eigandi Welling & Partners í hlutaskrá félagsins.

Í rammagrein hér á eftir er greint nánar frá þessari viðskiptafléttu um eignarhald Welling & Partners með valréttarsamningi milli Huntsmead Marketing og Jeff Agents sem KBL virðist hafa séð um að gera og síðar láta framkvæma samkvæmt efni sínu.

Viðskiptaflétta Kaupthing Bank Luxembourg S.A. um eignarhald Welling & Partners: Valréttarsamningur milli Huntsmead Marketing Limited og Jeff Agents Corp. og tengd gögn

Á meðal gagna rannsóknarnefndar eru gögn um annars vegar valréttarsamning sem KBL bjó til á milli Huntsmead Marketing og Jeff Agents varðandi eignarhald Welling & Partners og hins vegar gögn um framkvæmd þess samnings. Þessum gögnum er nánar lýst í þessari rammagrein.

Umræddur valréttarsamningur er samningur milli Jeff Agents og Huntsmead Marketing sem ber yfirskriftina „Call Option Agreement“ eða „samningur um kauprétt“. Samningurinn er dagsettur 30. janúar 2003. Ljóst er af gögnum um hvenær KBL keypti aflandsfélögin og öðrum atvikum (sjá áður) að samningurinn hefur verið dagsettur meira en tvö og hálf ár aftur í tímann.

Samningurinn kvað á um að Huntsmead Marketing, sem sagt var eigandi 100% hlutfjár í Welling & Partners, veitti Jeff Agents skilyrðislausan og óafturkræfan rétt til að kaupa af seljanda allt hlutfé seljanda í Welling & Partners gegn greiðslu á 10.000 evrum (skilgreint sem „Option Exercise Price“ eða „kaupréttarverðið“). Tekið var fram í samningnum að aðeins mætti nýta kaupréttinn að öllu hlutfénu í Welling & Partners en ekki hluta þess. Til að nýta kaupréttinn þyrfti Jeff Agents að senda Huntsmead Marketing tilkynningu um nýtingu kaupréttar (e. „Call Exercise Notice“). Óútfyllt eyðublað eða sniðmát fyrir slíka tilkynningu fylgdi samningnum í

þessum samkomulagsdrögum. Sama á við um hugsanlegt sambengi þeirra dagsetninga við dagsetningar sem valdar voru á skjöl varðandi viðskiptafléttu með eignarhald Welling & Partners milli Huntsmead Marketing og Jeff Agents. Fjallað er um þau gögn síðar í kaflanum.

viðauka. Samningurinn kvað á um að nýting kaupréttarins skuldbindi Huntsmead Marketing til að selja og Jeff Agents til að kaupa allt hlutfé Welling & Partners. Þegar tilkynning um nýtingu kaupréttar hefði verið móttækin af Huntsmead Marketing skyldi Jeff Agents greiða kaupréttarverðið og Huntsmead Marketing á móti afhenda eða sjá til þess að Jeff Agents yrði afhent hlutabréf og eftir atvikum önnur gögn um eignarhald á Welling & Partners. Huntsmead Marketing veitti Jeff Agents jafnframt skilyrðislausan og óafturkræfan forkaupsrétt að félaginu fyrir fjárhæð jafnháa kaupréttarverðinu ef Huntsmead Marketing fengi gilt tilboð í félagið, óháð verðmæti hlutafjárins sem um ræddi (e. „the shares in question“).

Samningurinn er gerður af félaginu Jaeger Investors Corp. fyrir hönd Huntsmead Marketing, með undirskrift Joseph Collaro, og af félaginu Allan Corporation fyrir hönd Jeff Agents, með undirskrift Karim Van den Ende. Undirskriftirnar eru þannig í samræmi við áður nefndan tölvu- póst Van den Ende um hverjir yrðu fulltrúar umræddra félaga í komandi lögskiptum þeirra. Af gögnum rannsóknarnefndar er ljóst að þessi kaupréttarsamningur var saminn innan KBL.

Líkt og fram kom hér ofar fylgdi kaupréttarsamningnum í viðauka óútfyllt eyðublað eða sniðmát fyrir tilkynningu um beitingu kaupréttar samkvæmt honum.

Á meðal gagna rannsóknarnefndarinnar er afrit af undirritaðri tilkynningu um beitingu kaupréttar samkvæmt kaupréttarsamningnum, þar sem umrætt eyðublað eða sniðmát hefur augskýrlega legið til grundvallar. Tilkynningin er dagsett 2. apríl 2004. Á sama hátt og kaupréttarsamningurinn hefur hún því verið dagsett aftur í tímann um nálega eitt og hálf ár, að minnsta kosti. Er þá miðað við að hún getur líkt og kaupréttarsamningurinn fyrst hafa verið gerð eftir septemberbyrjun 2005.

Í tilkynningunni segir að með henni sé tilkynnt um beitingu kaupréttar samkvæmt áður nefndum kaupréttarsamningi varðandi eignarhald Welling & Partners. Einnig kemur fram að við viðtöku á greiðslu kaupréttarverðsins (sjá áður) skuli Huntsmead Marketing afhenda eða gangast fyrir afhendingu til Jeff Agents á hlutabréfum og eftir atvikum öðrum skjölum varðandi eignarhald Welling & Partners.

Tilkynningin er undirrituð fyrir hönd kaupanda, Jeff Agents, af Karim Van den Ende sem fulltrúa Allan Corporation og fyrir hönd seljanda, Huntsmead Marketing, af Joseph Collaro sem fulltrúa Jaeger Investors Corp. Einnig má ráða af gögnum rannsóknarnefndar að Huntsmead Marketing hafi sama dag, 2. apríl 2004, jafnframt gefið út kvittun til Jeff Agents fyrir viðtöku á kaupréttarverðinu, það er greiðslu að fjárhæð 10.000 evrur sem koma skyldi fyrir eignarhald Welling & Partners samkvæmt kaupréttarsamningnum.

Loks benda gögn rannsóknarnefndar til þess að frá og með þessum degi, 2. apríl 2004, hafi Jeff Agents verið skráð eini eigandi Welling & Partners samkvæmt hlutaskrá félagsins.

5.8.4.4 Samkomulag um hagnaðarskiptingu milli Welling & Partners og Marine Choice Limited

Áður hefur verið fjallað um aflandsfélag Ólafs Ólafssonar, Serafin Shipping Corp., sem var í umsjón Kaupthing Bank Luxembourg S.A.¹⁹⁵ Meðal annars hefur komið fram að í tengslum við gerð og undirskrift baksamninganna var útbúið „samkomulag um hagnaðarskiptingu“ milli Welling & Partners og Serafin Shipping Corp., dagsett 16. janúar 2003. Samkomulagið kvað á um að Welling & Partners og Serafin Shipping Corp. skyldu skipta með sér nettóhagnaði, en ekki neinu tapi, af hugsanlegri fjárfestingu í hlutum í Eglu hf. og öllum tengdum viðskiptum á þann hátt að Welling & Partners myndi greiða Serafin Shipping Corp. helming nettóhagnaðar síns af þessum viðskiptum.

Af gögnum rannsóknarnefndar er hins vegar ljóst að ekki kom til þess að Serafin Shipping Corp. gegndi þessu fyrirhugaða hlutverki sínu. Í síðasta lagi í maí 2005 hafði Serafin Shipping Corp. verið leyst upp. Líkt og áður var rakið með vísan til gagna rannsóknarnefndar keypti KBL hins vegar í byrjun september 2005 aflandsfélagið Marine Choice Limited, skráð á Tortóla á Bresku-Jómfrúaeyjum, af dótturfélagi panamísku lögfræðistofunnar Mossack Fonseca, með milligöngu félags Karim Van den Ende, KV Associates S.A. Gögn rannsóknarnefndar sýna að Marine Choice Limited var svo sett í stað Serafin Shipping Corp sem aðili að fyrrgreindu samkomulagi um hagnaðarskiptingu við Welling & Partners án þess að samkomulaginu væri efnislega breytt að öðru leyti.

195. Sjá kafla 5.4.2 og 5.4.5 – 5.4.7, einkum þann síðastnefnda um samkomulag Welling & Partners og Serafin Shipping Corp um hagnaðarskiptingu. Sjá einnig kafla 5.4.9 með samantektum og ályktunum rannsóknarnefndar vegna umfjöllunar í kafla 5.4.

Á meðal gagna rannsóknarnefndarinnar er þannig afrit samkomulags um hagnaðarskiptingu (e. „Agreement on Profit Sharing“) milli annars vegar Welling & Partners og hins vegar Marine Choice Limited. Samkomulagið er dagsett 30. janúar 2003. Samkvæmt því er ljóst, líkt og með mesta eða alla þá skjalagerð KBL sem rakin hefur verið í þessum kafla, að samkomulagið hefur verið dagsett aftur í tímann um meira en tvö og hálf ár. Samkomulagið er undirritað af Karim Van den Ende í nafni Remp Co. Ltd. fyrir hönd Welling & Partners en af Brigitte Stumm í nafni Allan Corporation fyrir hönd Marine Choice Limited.¹⁹⁶ Fyrir utan að kveða á um aðild Marine Choice Limited en ekki Serafin Shipping Corp og vera dagsett fjórtán dögum síðar (30. janúar 2003 í stað 16. janúar 2003) er samkomulag þetta orðrétt eins og hið fyrra samkomulag milli Welling & Partners og Serafin Shipping Corp.¹⁹⁷

Samkomulagið kvað þannig efnislega á um það að aðilar þess myndu skipta með sér nettóhagnaði, en ekki neinu tapi, af „hugsanlegri fjárfestingu“ í hlutum í Eglu hf. og öllum tengdum viðskiptum á þann hátt að Welling & Partners myndi greiða Marine Choice Limited helming nettóhagnaðar síns af slíkum viðskiptum. Fram kom einnig að KBL væri tilnefnt til að reikna út hagnað Welling & Partners og skipta þeirri fjárhæð (e. „settle the amount“) á milli aðila samkomulagsins.

5.8.4.5 Gögn um raunverulegt eignarhald Marine Choice Limited og upphaf viðskipta þess hjá KBL

Á meðal gagna rannsóknarnefndar er skjal sem hefur að geyma svonefnt samkomulag við raunverulegan eiganda (e. „Beneficial Owner Agreement“) fyrir Marine Choice Limited. Skjalið stafar frá KBL og er sams konar að efni og formi og önnur slík samkomulög sem áður hefur verið fjallað um í skýrslunni. Samkomulagið er gert á milli KV Associates S.A., margnefnds félags Karim Van den Ende, annars vegar og Ólafs Ólafssonar sem hins raunverulega eiganda Marine Choice Limited hins vegar.¹⁹⁸

Samkvæmt samkomulaginu var KV Associates S.A. falið að taka að sér, fyrir hönd og samkvæmt óskum hins raunverulega eiganda, stjórn Marine Choice Limited samkvæmt nánari ákvæðum samkomulagsins. Í sérstöku ákvæði kom fram að það væri skýr skilningur beggja aðila (e. „expressly understood“) að KV Associates S.A. kæmi fram sem vörsluaðili (e. „trustee“) af hálfu Ólafs en hann bæri fulla ábyrgð á öllu sem tengdist starfsemi félagsins (e. „assumes full responsibility for all aspects related to the corporate life of the Company“).

Önnur ákvæði samkomulagsins telst ekki sérstök þörf að rekja hér. Þó skal nefnt að meðal þeirra voru ákvæði um þóknun KV Associates fyrir þennan starfa, um fjármögnun hins raunverulega eiganda á rekstri félagsins og ákvæði sem fólu í sér að hinn raunverulegi eigandi bæri allan kostnað og áhættu af rekstri félagsins. Samkomulaginu var ætlað að gilda um óákveðinn tíma. Það var dagsett 29. janúar 2003 og því ljóst, samkvæmt því sem áður var rakið um hvenær KBL keypti Marine Choice Limited, að það var á sama hátt og önnur skjöl sem þessi kafli varðar dagsett aftur í tímann, nánar tiltekið um meira en tvö og hálf ár.

Samkomulagið ber undirritun beggja aðila þess, það er Karim Van den Ende fyrir hönd KV Associates S.A. og Ólafs Ólafssonar sem raunverulegs eiganda Marine Choice Limited.

Á meðal gagna rannsóknarnefndarinnar er einnig undirrituð yfirlýsing Ólafs Ólafssonar, dagsett í október 2005, um að hann væri raunverulegur eigandi eigna á bankareikningum Marine Choice Limited hjá KBL. Af því skjali (og fleiri gögnum rannsóknarnefndarinnar) má sjá að reikningsnúmer Marine Choice Limited hjá KBL var „401577“.

5.8.5 Welling & Partners greiðir Hauck & Aufhäuser þóknun að fjárhæð 750.000 evrur

Af atvikum á árinu 2005 sem þýðingu teljast hafa er loks rétt að geta þess að í desember 2005 krafði Hauck & Aufhäuser Welling & Partners um þóknun sem síðan var greidd af félaginu.

196. Sjá fyrri athugasemd um það háttalag að hafa annað afluðsfélag milli afluðsfélags og stjórnanda þess.

197. Vitnað er beint til þess samkomulags í kafla 5.4.7 og vísað þangað, að breyttu breytanda.

198. Hér má minna á að áður hafði verið í gildi sams konar samkomulag milli sama félags Karim Van den Ende og Serafin Shipping Corp, félags Ólafs Ólafssonar sem áður hafði verið ætlaður helningshlutur af skiptingu hagnaðar Welling & Partners af viðskiptum á grundvelli baksamninganna. Um það samkomulag var fjallað í kafla 5.4.2.

Á meðal gagna rannsóknarnefndarinnar er þannig afrit af bréfi Hauck & Aufhäuser til Karim Van den Ende fyrir hönd Welling & Partners, dags. 5. desember 2005. Bréfið er undirritað af Martin Zeil og öðrum starfsmanni bankans. Það ber yfirskriftina „Residual Fee for our activities“. Í bréfinu var með vísan til samninga aðila tilkynnt um að Hauck & Aufhäuser hefði hug á að krefja félagið um þóknun sem kölluð var „Residual Fee for 2005“ að fjárhæð 750.000 evrur. Þar sagði nánar tiltekið:

„Dear Mr. Van den Ende,

we refer to the mutual agreements and would like to invoice our activities as follows:

Residual Fee for 2005	\$	750.000,00“
-----------------------	----	-------------

Af gögnum rannsóknarnefndarinnar má sjá að Welling & Partners innti nokkru síðar af hendi greiðslu að þessari fjárhæð til Hauck & Aufhäuser.¹⁹⁹

5.8.6 Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar

Meginefnið í þessum kafla var tvíþætt, annars vegar síðari viðskiptin á grundvelli baksamninganna og hins vegar ráðstafanir Kaupthing Bank Luxembourg S.A. við uppsetningu á aflandsfélögum sem telja má ljóst að hafi tengst fyrirhugaðri skiptingu á hagnaði Welling & Partners af viðskiptum á grundvelli baksamninganna.

Síðari viðskiptunum á grundvelli baksamninganna var komið af stað með sama hætti og þeim fyrri, það er sendingu tilboðs til Hauck & Aufhäuser í eftirstandandi hluti bankans í Eglu hf. sem virkjuðu forkaupsrétt Welling & Partners í sömu hluti. Í þetta sinn var það „Kjalar ehf. og fjórir aðrir hluthafar Kers“ sem gerðu tilboðið. Tilboðið var sent Hauck & Aufhäuser, undirritað af Ólafi Ólafssyni, í byrjun júní 2005 og svo gengið frá viðskiptunum í sama mánuði. Það var gert með alveg sama hætti í meginatriðum og við fyrri viðskiptin í apríl-maí 2004. Ekki þarf að rekja aftur þann gang mála hér heldur vísast til ítarlegrar umfjöllunar hér á undan um þetta.

Þrátt fyrir tilgreiningu á „fjórum öðrum hluthöfum Kers“ í tilboðinu samhliða Kjalar ehf. verður ekki annað séð af síðari gögnum um þessi viðskipti en að hinn „opinberi“ eða „endanlegi“ kaupandi að hlutunum í Eglu hf. sem viðskiptin vörðuðu hafi verið einungis Kjalar ehf. Þetta verður a.m.k. ráðið af fréttum íslenskra fjölmiðla um viðskiptin. Ekki kom fram við rannsókn nefndarinnar neinn kaupsamningur milli Hauck & Aufhäuser og Kjalars ehf., og þá eftir atvikum hugsanlega fleiri aðila, um hlutina en af gögnum nefndarinnar sem rakin voru hér má ráða að hann hafi verið dagsettur 14. júní 2005. Hér gildir hið sama og um hið hugsanlega misræmi varðandi aðild Kers hf. eða Eglu hf. sem „opinbers“ eða „endanlegs“ kaupanda í fyrri viðskiptunum. Út frá rannsóknarefni nefndarinnar skiptir ekki meginmáli hver slíkur kaupandi eða kaupendur voru í þessum síðari viðskiptum heldur sem fyrr aðeins aðkoma Welling & Partners að viðskiptunum sem raunverulegs seljanda bréfanna bak við tjöldin.

Þessi síðari viðskipti voru fjármögnuð að fullu með skammtíma kúluláni frá Íslandsbanka, eins og nánar var rakið í kaflanum, samtals að fjárhæð um 5,5 milljarðar króna.²⁰⁰ Fjárhæðin var greidd út frá Íslandsbanka til Kaupþings banka hf. 1. júlí 2005 og umbreytt þar í Bandaríkjadali, að því er virðist á grundvelli framvirkra samninga Kjalars ehf. Samdægurs sendi Kaupþing banki hf. símgreiðslu til Hauck & Aufhäuser að fjárhæð um 83,9 milljónir Bandaríkjadala sem ljóst er að fól í sér greiðslu söluandvirðisins í þessum viðskiptum. Það rann svo í heild sinni til Welling og Partners, eins og nánar var rakið í kaflanum varðandi uppgjör félagsins og þýska bankans í þessum viðskiptum.

Í kaflanum voru einnig í sérstökum undirkafla dregin saman atriði varðandi endanlegan hagnað Welling & Partners af viðskiptum á grundvelli baksamninganna. Rétt þótti að

199. Af gögnum rannsóknarnefndar verður ekki ráðið með vissu hvort þessi greiðsla Welling & Partners til Hauck & Aufhäuser hafi staðið í sambengi við hina umsömdu þóknun bankans samkvæmt baksamningunum (samtals að fjárhæð 1.000.000 evrur eins og áður kom fram) eða verið henni til viðbótar. Greiðslur á hinna samningsbundnu þóknun skyldu vera tvær greiðslur að fjárhæð 500.000 evrur. Ljóst er af gögnum rannsóknarnefndar að önnur þeirra hafði þá þegar verið greidd. Það þýðir að af samningsbundnu þóknuninni stóðu þarna „aðeins“ 500.000 evrur eftir. Víkið er nánar að þessu atriði í samantekt og ályktunum nefndarinnar í lok þessa kafla.

200. Ekki telst hafa þýðingu hér, eins og rannsóknarefni nefndarinnar er afmarkað, að gera nánari grein fyrir afdrifum þessa láns á síðari stigum, svo langt sem gögn rannsóknarnefndar um það ná á annað borð.

gera það strax í kjölfar umfjöllunar um síðari viðskiptin. Vísast hér til þess kafla um atriði varðandi þann hagnað og fjárhæðir sem eftir stóðu á bankareikningum félagsins hjá Hauck & Aufhäuser þegar baksamningarnir höfðu verið framkvæmdir til fulls. Eftir stóð þá hins vegar að skipta þeim hagnaði sem þannig hafði fallið til. Umfjöllun hér á eftir í skýrslunni tekur einkum til atvika varðandi þá hagnaðarskiptingu. Með henni var leidd til lykta sú atburðarás sem hér hefur verið lýst og hófst með undirbúningi og gerð baksamninganna á síðari hluta árs 2002 og upphafi ársins 2003.

Meginefni síðari hluta kaflans laut að ráðstöfunum af hálfu Kaupthing Bank Luxembourg S.A. um það bil frá miðju ári 2005 sem ljóst þykir að stóðu í samhengi við slíka fyrirhugaða skiptingu á hagnaði vegna baksamninganna. Því var nánar lýst þegar KBL keypti í september 2005 aflandsfélag að nafni Marine Choice Limited, enn sem fyrr af félagi í eigu panamísku lögfræðistofunnar Mossack Fonseca, með milligöngu félags Karims Van den Ende, KV Associates S.A. Marine Choice Limited var svo í kjölfarið með afturvirkum hætti sett í staðinn fyrir Serafin Shipping Corp sem aðili að samkomulagi við Welling & Partners um skiptingu hagnaðar af fjárfestingu í hlutum í Eglu hf. Líkt og áður kvað samkomulagið á um að aðilar þess, nú Welling & Partners og Marine Choice Limited, myndu skipta með sér nettóhagnaði, en ekki neinu tapi, af „hugsanlegri fjárfestingu“ í hlutum í Eglu hf. og öllum tengdum viðskiptum á þann hátt að Welling & Partners myndi greiða Marine Choice Limited helming nettóhagnaðar síns af þessum viðskiptum. Efni samkomulagsins var annars áður lýst í skýrslunni og vitnað til þess beint. Raunverulegur eigandi Marine Choice Limited, líkt og áður að Serafin Shipping Corp, var Ólafur Ólafsson.

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar stóðu KBL og Karim Van den Ende á sama tíma að því, einnig með afturvirkum hætti, að ganga frá ýmsum skjölum milli aflandsfélaganna Jeff Agents og Huntsmead Marketing varðandi eignarhald á Welling & Partners, þar á meðal um tiltekna viðskiptafléttu sem fól í sér að fyrrnefnda félagið varð að endingu eitt eigandi að Welling & Partners. Í því sambandi ber að hafa í huga að sá helmingur nettóhagnaðar af viðskiptum á grundvelli baksamninganna sem ekki átti að renna til Ólafs Ólafssonar gegnum Marine Choice Limited myndi augsýnilega verða eftir hjá Welling & Partners. Eignarhald að því félagi þýddi því eignarhald á þessum helmingshlut í hagnaði á grundvelli baksamninganna.

Eins og rakið var nánar í kaflanum eru þau gögn sem gengið var frá í umræddri skjalagerð af hálfu KBL varðandi eignarhald Welling & Partners því marki brennd að vera ófullkomin að formi til, þ.e. óundirrituð að hluta. Gögnin geta þrátt fyrir þetta að vissu leyti staðið sem vísbendingar um það hvernig fara skyldi með þennan helmingshlut í hagnaði Welling & Partners sem þarna var undir. Þau atriði verða nánar rakin síðar, í samhengi við annað sem stefnir í sömu átt. Hins vegar er óþarfi að dvelja nánar við þessi gögn sem slík. Annars vegar hlýst það af fyrrgreindri ástæðu varðandi ófullkomið form þeirra. Hins vegar verða þessi gögn ekki með skýrum hætti tengd fyrirliggjandi gögnum rannsóknarnefndarinnar um endanlega ráðstöfun þess helmingshluta hagnaðarins sem þessi gögn virðast samkvæmt framangreindu hafa staðið í samhengi við.

Þetta kemur nánar fram í næsta kafla þar sem gerð verður nánari grein fyrir hinu endanlega uppgjöri á þessum hagnaði í ársbyrjun 2006.

Að endingu var í lok þessa kafla vikið að gögnum rannsóknarnefndar varðandi greiðslu Welling & Partners á umkrafinni þóknun til Hauck & Aufhäuser að fjárhæð 750.000 evrur. Sú greiðsla átti sér stað í desember 2005. Fyrri gögn rannsóknarnefndarinnar þykja sýna að Hauck & Aufhäuser hafði áður fengið að minnsta kosti greidda þá 500.000 evra þóknun sem bankinn átti rétt á samkvæmt baksamningunum strax eftir undirritun þeirra.²⁰¹ Samkvæmt þessu þykir ljóst, svo langt sem gögn rannsóknarnefndarinnar ná, að á þessum tímamarki hafði Hauck & Aufhäuser fengið greiddar að minnsta kosti 1.250.000 evrur frá Welling & Partners fyrir veitta þjónustu við gerð og framkvæmd baksamninganna, eða um 250.000 evrur umfram það sem bankinn átti upphaflega rétt á samkvæmt baksamningunum.

201. Hér má einkum vísa til Excel-skjals Eggerts Hilmarssonar hjá KBL frá 20. apríl 2004 sem birt er og nánar fjallað um í kafla 5.7.5.3. Af því skjali má ráða að Hauck & Aufhäuser hafði þá fengið greiddar 500.000 evrur fyrir þjónustu sína vegna baksamninganna og framkvæmdar þeirra. Nánar er vikið að þessu neðanmáls í umræddum kafla.

5.9 Atvik á árinu 2006

Þegar kom fram á árið 2006 höfðu baksamningarnir verið framkvæmdir til enda samkvæmt efni sínu og fallið úr gildi með síðari viðskiptunum á grundvelli baksamninganna í júní 2005 sem áður sagði frá. Áður hefur verið fjallað um meira en 102 milljóna Bandaríkjadala hagnað sem rann til Welling & Partners af viðskiptunum tveimur með hluti í Eglu hf. á grundvelli baksamninganna. Líkt og einnig kom fram í þeirri umfjöllun stóðu frá og með síðari hluta árs 2005 samtals um 105 milljónir Bandaríkjadala á bankareikningum Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser.

Í þessum kafla skýrslunnar verður nánar lýst hvernig þessum fjármunum var að endingu ráðstafað, samkvæmt þeim gögnum sem komið hafa fram við rannsókn nefndarinnar.

5.9.1 Welling & Partners greiðir 46,5 milljónir Bandaríkjadala til aflandsfélagsins Dekhill Advisors Ltd. í janúar 2006

Á meðal gagna rannsóknarnefndarinnar er afrit af bréfi Karim Van den Ende fyrir hönd Welling & Partners til Hauck & Aufhäuser, dags. 17. janúar 2006. Martin Zeil er sem fyrr tilgreindur viðtakandi af hálfu bankans. Bréfið bar yfirskriftina „re : our USD account with yourselves“. Í bréfinu komu fram fyrirmæli um greiðslu af bankareikningi Welling & Partners í Bandaríkjadöllum hjá Hauck & Aufhäuser og símgreiðslufyrirmæli vegna þeirrar greiðslu. Í bréfinu sagði um þetta:

„Dear Mr. Zeil,

We kindly require you to carry out the following payment by debiting our above mentioned account :

Currency and amount	USD 46,500,000.00 (Forty six million five hundred thousand US Dollars)
Bank account nr.	001-1-799574
Beneficiary	Banque Julius Baer & Co. CH – Zurich SWIFT: BAERCHZZ
Bank	The Chase Manhattan Bank USA – New York SWIFT: CHASUS33
Reference	for further credit Bank Julius Baer&Co, Geneva Branch CH41 0851 5030 2605 8200 1/Dekhill Advisors Ltd.“

Með þessu bréfi og símgreiðslufyrirmælunum sem það innihélt gaf Welling & Partners Hauck & Aufhäuser fyrirmæli um að greiða 46,5 milljónir Bandaríkjadala út af bankareikningi sínum hjá bankanum. Samkvæmt skráðu gengi Bandaríkjadals á þessum tíma jafngilti sú fjárhæð um 2,9 milljörðum íslenskra króna. Eftir nánara efni símgreiðslufyrirmælanna skyldi greiðslan send í gegnum tilgreindan bankareikning í útibúi svissneska bankans Julius Bär & Co í Zürich til endanlegs viðtakanda hjá útibúi sama banka í Genf sem tilgreindur var í tilvísun (e. „reference“) fyrirmælanna. Þar kom fram IBAN númer (það er alþjóðlegt bankareikningsnúmer) og nafn viðtakanda greiðslunnar, sem var félag að nafni Dekhill Advisors Ltd.

Af gögnum rannsóknarnefndar er ljóst að símgreiðslan var framkvæmd 18. janúar 2005 samkvæmt þessum fyrirmælum.

Í gögnum rannsóknarnefndar sem rakin hafa verið í fyrri köflum skýrslunnar kemur félagið Dekhill Advisors Ltd. hvergi annars staðar fyrir. Á meðal gagna rannsóknarnefndar að öðru leyti liggur einungis fyrir formlegt skráningarvottorð um félagið. Samkvæmt því var félagið stofnsett á Bresku-Jómfrúaejnum 25. júlí 2005 með númerinu „668854“. Rannsóknarnefndin hefur engar aðrar upplýsingar um þetta félag, þar á meðal ekki um stjórn þess eða eignarhald á neinum tíma eða þá afdrif þeirra 46,5 milljóna Bandaríkjadala sem sendir voru á svissneskan bankareikning þess 18. janúar 2005.

Rannsóknarnefndin hefur þannig ekki undir höndum nein gögn eða upplýsingar sem sýnt geta með beinum og óyggjandi hætti fram á það hver eða hverjir stóðu á bak við aflandsfélagið Dekhill Advisors Ltd. og hvað varð um framangreinda fjármuni eftir að þeir bárust á áður nefndan bankareikning félagsins.

Á hinn bóginn telur rannsóknarnefndin að önnur gögn nefndarinnar og öll sú atburðarás frá ársbyrjun 2003 sem rakin hefur verið fram að þessu hljóti að verða að virða svo að fyrir liggi að minnsta kosti tilteknar vísbendingar um hvaða aðilar má telja líklegast að hafi átt að njóta þess hluta hagnaðar af viðskiptum Welling & Partners á grundvelli baksamninganna sem hér um ræðir, hvað sem líður þætti hins annars óþekkta aflandsfélags Dekhill Advisors Ltd. Umfjöllun um þetta er sett fram í kafla 5.9.3 um samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar.

5.9.2 Welling & Partners lokar reikningum sínum hjá Hauck & Aufhäuser og greiðir alla eftirstandandi innstæðu félagsins hjá bankanum til aflandsfélagsins Marine Choice Limited

Af gögnum rannsóknarnefndarinnar verður ráðið að eftir fyrrgreinda 46,5 milljóna Bandaríkjadala greiðslu út af bankareikningi Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser til Dekhill Advisors Ltd. hafi staðið eftir á bankareikningnum um 58 milljónir Bandaríkjadala.

Á meðal gagna rannsóknarnefndarinnar er afrit af bréfi Karim Van den Ende fyrir hönd Welling & Partners til Hauck & Aufhäuser, dags. 20. febrúar 2006, með Martin Zeil tilgreindan viðtakanda af hálfu bankans. Bréfið bar yfirskriftina „re : our account with yourselves“. Bréfið hljóðar svo í heild sinni:

„Dear Mr. Zeil,

We hereby kindly require you

- to liquidate all positions on our account and/or sub-accounts with yourselves
- to convert, if required, all positions in USD
- to establish a detailed balance of our account and provide us therewith
- to close down our account in your books by transferring the remaining balance in USD as follows:

Bank account nr.	400-213125 ABA 021000021
Beneficiary	Kaupthing Bank Luxembourg S.A. (KAUP LULL)
Bank	JP Morgan Chase Bank USA – New York SWIFT: CHASUS33
Reference	401577

Do not hesitate to contact us for any complementary query on that matter.

We thank you for your good collaboration and remain

Sincerely,

Welling & Partners Limited

Remp Co Ltd.

by Karim Van den Ende

Director“

Með þessu bréfi og símgreiðslufyrirmælunum sem það innihélt gaf Karim Van den Ende fyrir hönd Welling & Partners fyrirmæli til Hauck & Aufhäuser um að innleysa allar stöður á reikningum og undirreikningum félagsins hjá bankanum. Þá skyldi breyta, ef með þyrfti, öllum innstæðum í Bandaríkjadali, taka saman og afhenda félaginu nákvæmt yfirlit um reikning félagsins hjá bankanum og loka að loka reikningi félagsins hjá bankanum

með því að senda eftirstandandi innstæðu félagsins í Bandaríkjadöllum samkvæmt þeim símgreiðslufyrirmælum sem á eftir fylgdu. Þau kváðu á um að fjármunirnir skyldu sendir á tilgreindan bankareikning í eigu KBL hjá JP Morgan Chase Bank í New York í Bandaríkjunum en endanlegur viðtakandi greiðslunnar var tilgreindur í tilvísun (e. „reference“) fyrirmælanna. Þar kom fram númerið „401577“ sem var reikningsnúmer aflandsfélags Ólaf Ólafssonar, Marine Choice Limited, hjá KBL.²⁰²

Í kafla 5.8.4.5 var gerð grein fyrir gögnum rannsóknarnefndar um raunverulegt eignarhald Marine Choice Limited og upphaf viðskipta þess hjá KBL eftir að KBL keypti félagið í september 2005. Einnig hefur komið fram að á þeim tíma var aflandsfélagið Allan Corporation, sem Brigitte Stumm var tilgreindur fulltrúi fyrir, skráður stjórnandi félagsins. Ljóst er af gögnum rannsóknarnefndar að þegar komið var fram í febrúar 2006 höfðu tilteknir starfsmenn KBL tekið við stjórn Marine Choice Limited af fyrrnefndri konu. Einnig er ljóst af gögnum rannsóknarnefndar að Ólafur Ólafsson var eftir sem áður raunverulegur eigandi félagsins og skráður réttthafi að reikningi félagsins hjá bankanum nr. 401577. Hélt sú skipan svo langt sem gögn rannsóknarnefndarinnar um þessi efni ná eða a.m.k. fram á síðari hluta árs 2008.

Samkvæmt upplýsingum rannsóknarnefndar var fyrst formlega og endanlega gengið frá stofnun og opnun reiknings Marine Choice Limited hjá KBL nr. 401577 þann 22. febrúar 2006 eða um sama leyti og framangreind fyrirmæli voru gefin um að greiða til Marine Choice Limited eftirstöðvar innstæðu Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser. Gögn rannsóknarnefndar sýna svo að tveimur dögum síðar, 24. febrúar 2006, runnu 57,5 milljónir Bandaríkjadala inn á þann bankareikning félagsins eða undirreikninga hans. Sú fjárhæð jafngilti um 3,8 milljörðum króna samkvæmt skráðu gengi Bandaríkjadals á þeim degi.

Gögn rannsóknarnefndarinnar sýna enn fremur að síðastnefndan dag, 24. febrúar 2006, var innan KBL annars vegar gengið frá skriflegu samkomulagi um eignastýringu á milli KBL og Marine Choice Limited, sem tveir starfsmenn KBL undirrituðu sem stjórnarmenn af hálfu Marine Choice Limited. Hins vegar var stórum hluta fyrrgreindra fjármuna félagsins ráðstafað til fjárfestingar í dreifðu safni ýmissa erlendra hlutabréfa fyrir hönd þess. Ekki verður séð af gögnum rannsóknarnefndarinnar að félagið Marine Choice Limited hafi á þessu stigi fengið neina fjármuni annars staðar frá eða búið yfir neinum fjármunum áður en það tók á móti greiðslunni frá Welling & Partners. Varðandi hið síðarnefnda má hafa í huga það sem áður kom fram um það hvenær bankareikningurinn var fyrst stofnaður og opnaður.

Þess má loks geta að gögn rannsóknarnefndar varpa ljósi á ávöxtun og ráðstöfun eigna og fjármuna Marine Choice Limited í stýringu KBL næstu mánuði og ár eftir þetta, eða fram á síðari hluta árs 2008. Þau gögn sýna meðal annars beina aðkomu Ólafs Ólafssonar sem raunverulegs eiganda félagsins að ýmsum fjárhagslegum gerningum milli félagsins og bankans á því tímabili. Ekki er þó tilefni til að rekja þau atriði frekar hér, í ljósi þess hvernig umboð rannsóknarnefndarinnar er afmarkað.

5.9.3 Samantekt og ályktanir rannsóknarnefndar

Samanlagðar greiðslur sem gerð var grein fyrir í þessum kafla af bankareikningi Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser til Dekhill Advisors Ltd. og Marine Choice Limited námu um 104 milljónum Bandaríkjadala. Það er nálægt þeirri fjárhæð sem hér á undan kom fram að líta mætti á sem hagnað af viðskiptum Welling & Partners með hluti í Eglu hf. á grundvelli baksamninganna. Í umfjöllun hér á undan um hagnað félagsins af þeim viðskiptum var gerð grein fyrir hugsanlegum skýringum á því að litlu hærri fjárhæð stóð að endingu inni á bankareikningum félagsins heldur en sem nam einungis þessum afmarkaða hagnaði af viðskiptunum hvorum um sig. Þar sem tiltölulega litlu munar telur rannsóknarnefndin hins vegar ekki þörf á að fjalla frekar um það atriði.²⁰³

Gögn rannsóknarnefndarinnar sem rakin hafa verið í skýrslunni sýna fram á að hagnaði af viðskiptum Welling & Partners á grundvelli baksamninganna var ætlað að skiptast, og

202. Sjá kafla 5.8.4.5.

203. Sjá nánar um þetta í kafla 5.8.3, einkum umfjöllun og skýringar neðanmáls.

skiptist í reynd, í grófum dráttum í tvennt. Rúmur helmingur rann til Marine Choice Limited, og þar með Ólafs Ólafssonar sem raunverulegs eiganda þess félags. Tæpur helmingur rann til annarra aðila. Í gögnum rannsóknarnefndar liggja ekki fyrir óyggjandi upplýsingar um hverjir þeir voru. Þar sem fyrir liggur að öllum eignum Welling & Partners var skipt á milli Marine Choice Limited og Dekhill Advisors Ltd. má telja ljóst að þeir aðilar sem njóta áttu þessa hagnaðar á móti Ólafi Ólafssyni hafi fengið skerf sinn í gegnum Dekhill Advisors Ltd. með einhverjum hætti. Ef mat er lagt á það hverjir þeir aðilar kynnu helst að hafa verið telur rannsóknarnefndin einkum mega horfa til eftirfarandi atriða.²⁰⁴

Baksamningarnir um hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. voru undirbúnir og frágengnir í janúar 2003 í þríhliða samstarfi Hauck & Aufhäuser, Kaupþings hf. og manna sem ljóst þykir að sinntu því verkefni af hálfu og í þágu Ólafs Ólafssonar, einkum þá Guðmundi Hjaltasyni. Strax á þeim tíma voru gerðar ráðstafanir með hvernig skyldi fara með hagnað vegna viðskipta með þá hluti í Eglu hf. sem baksamningarnir vörðuðu og opinberlega töldust tilheyrja þýska bankanum. Í fyrsta lagi tryggðu baksamningarnir sjálfir Welling & Partners allan hugsanlegan hagnað af viðskiptum með hlutina. Kaupþing hf. (eða Kaupthing Bank Luxembourg S.A.) átti það félag á þeim tímamarki og, eins langt og gögn rannsóknarnefndar ná, allar götur síðan meðan þau atvik gerðust sem skýrslan varðar. Í öðru lagi var gengið frá sérstöku samkomulagi um hagnaðarskiptingu sem efnislega tryggði aflandsfélagi í eigu Ólafs Ólafssonar (þá Serafin Shipping Corp. en síðar Marine Choice Limited eins og rakið hefur verið) tilkall til helmings af nettóhagnaði Welling & Partners vegna slíkra viðskipta. Aflandsfélög Ólafs Ólafssonar voru hins vegar í þessum samkomulögum um hagnaðarskiptingu sérstaklega undanþegin nokkru tapi sem kynni að verða á slíkum viðskiptum og skyldi slíkt tap þannig falla á Welling & Partners eitt ef þannig færi. Endanlega hefði þá það tap þá lent á Kaupþingi hf. sem fjármagnaði eitt og bar alla fjárhagslega áhættu á gerð baksamninganna.

Síðari atvik sem hér hafa verið rakin um ráðstafanir sem tengdust baksamningunum og framkvæmd samninganna samkvæmt efni sínu á árunum 2004 og 2005, einkum þá viðskiptin tvö með hluti í Eglu hf. á grundvelli þeirra, sýna að Kaupþing hf. (og Kaupthing Bank Luxembourg S.A.) hafði umsjón með öllu því ferli í meginatriðum, eftir atvikum þá gegnum málamyndastjórnanda Welling & Partners, Karim Van den Ende. Gögn rannsóknarnefndarinnar sýna að Van den Ende rukkaði KBL um þann kostnað sem féll til vegna slíkra ráðstafana og að þessi þjónusta hans við KBL var gegn þóknun. Á síðari hluta árs 2005, þegar baksamningarnir höfðu verið framkvæmdir til fulls og fallið úr gildi, lagði KBL grunn að uppsetningu aflandsfélaga sem varðaði eignarhald Welling & Partners. Til þess voru notuð „ný“ aflandsfélög, Huntsmead Marketing Limited og Jeff Agents Corp., sem KBL virðist hafa útvegað fyrir á því ári í þessum sérstaka tilgangi.

Gögn og skjaladrög sem þetta varða fólu í meginatriðum í sér annars vegar að annað þessara aflandsfélaga, Jeff Agents Corp., skyldi verða eigandi Welling & Partners með tiltekinni viðskiptafléttu milli þeirra sem lýst var nánar hér á undan. Sú viðskiptaflétta virðist samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar hafa verið framkvæmd með formlegum hætti.

Hins vegar eru í gögnum rannsóknarnefndarinnar ein skjaladrög sem varða raunverulegt eignarhald Huntsmead Marketing Limited og tvö skjaladrög varðandi raunverulegt eignarhald Jeff Agents Corp. Þessi skjaladrög eru öll óundirrituð að hluta og því ófullkomin að formi til. Af þessum sökum, líkt og áréttá ber hér, telst ekki unnt að byggja á þessum gögnum samkvæmt sjálfu efni þeirra.²⁰⁵

Rétt er að fram komi hvað varðar skjaladrögin sem gerðu ráð fyrir raunverulegu eignarhaldi Lýðs og Ágústss Guðmundssona, að með bréfum til þeirra beggja, dags. 15. mars 2017, beindi rannsóknarnefndin skriflegum fyrirspurnum til þeirra um þessi atvik málsins. Viðkomandi atvikum úr þessum kafla skýrslunnar var þar lýst í meginatriðum og meðal annars óskað eftir að þeir veittu nefndinni allar upplýsingar sem þeir kynnu að hafa vitneskju um varðandi félögin Jeff Agents Corp. og Dekhill Advisors Limited, þar á meðal um raunverulegt eignarhald þeirra eða hverjir kynnu á öðrum grundvelli að hafa verið haghafar að eignum félaganna. Í samhljóða svörum Lýðs og Ágústss við þessum fyr-

204. Hér eru dregin saman án sérstakra tilvísana ýmis atriði sem öll hafa verið nánar reifuð og rökstudd í fyrri umfjöllun.

205. Sjá nánari umfjöllun um þetta í kaflanum.

irspurnum, sem bárust nefndinni með bréfum þeirra beggja, dags. 21. mars 2017, kom fram að þeim ræki ekki minni til þessara atriða eða annarra sem umræddar fyrirspurnir nefndarinnar beindust að.²⁰⁶

Þegar framangreind atriði eru virt, og að öðru leyti öll aðkoma Kaupþings hf. (og KBL) að baksamningunum og tengdum atvikum sem skýrslan varðar, er það afstaða rannsóknarnefndarinnar að telja megi annað verulega ólíklegt en að sá hagnaður af viðskiptum á grundvelli baksamninganna sem skyldi heyra til Welling & Partners, og var ráðstafað til aflandsfélagsins Dekhill Advisors Ltd. samkvæmt framangreindu, hafi endanlega runnið til aðila sem tengdust Kaupþingi hf. eða KBL eða að minnsta kosti að starfsmenn Kaupþings hf. og KBL hafi á einhverju stigi haft vitneskju um hverjir nutu þessa ávinnings sem rann til Dekhill Advisors Limited.²⁰⁷

Ítreka ber að um þetta hefur nefndin þó engar óbyggjandi upplýsingar og að hér er um að ræða ályktun nefndarinnar á grundvelli þeirra atriða sem hér voru tekin saman og niðurstaðna í skýrslunni að öðru leyti.

Rétt er að taka loks fram í þessu sambandi að við rannsókn nefndarinnar hafa engin gögn eða upplýsingar komið fram sem varpað gætu ljósi á hugsanlega vitneskju eða aðkomu þáverandi stjórnar eða hluthafa Kaupþings hf. að þeim atvikum sem skýrslan varðar og þannig engar upplýsingar komið fram sem bent gætu til þess að einstaklingar úr þeim hópi hafi átt hér hlut að máli.

206. Fyrirspurnabréf nefndarinnar til Lýðs og Ágústs sem og svarbréf þeirra eru birt ásamt öðrum slíkum bréfum nefndarinnar og svarbréfum við þeim í viðauka með vefútgáfu skýrslunnar.

207. Rétt er að taka fram að í kafla 6 hér á eftir eru nánar rakin svör Sigurðar Einarssonar, Hreiðars Mús Sigurðssonar, Bjarka Diego, Steingríms Kárasonar og Magnúsar Guðmundssonar, sbr. bréf hvers fyrir sig til rannsóknarnefndarinnar, öll dags. 20. mars 2017, við fyrirspurnum rannsóknarnefndar um atriði varðandi Dekhill Advisors Limited og fjárhagslegan ávinning af viðskiptum á grundvelli baksamninganna, sbr. bréf rannsóknarnefndar til hvers þeirra fyrir sig, öll dags. 13. mars 2017. Í meginatriðum svöruðu sumir þeirra ekki fyrirspurnum varðandi félagið en aðrir höfnuðu að kannast við eða muna eftir nokkru varðandi félagið. Þá má aftur vísa til viðauka með vefútgáfu skýrslunnar þar sem öll fyrirspurnabréf nefndarinnar og svör viðkomandi einstaklinga við þeim eru birt.



BÚNADARBANKI ÍSLANDS



6. ÁGRIP UM MEGINNIÐURSTÖÐUR SKÝRSLUNNAR

Við sölu íslenska ríkisins á 45,8% hlut í Búnaðarbanka Íslands hf. til hins svonefnda S-hóps, þ.e. Eglu hf. og fleiri aðila, í janúar 2003 voru íslensk stjórnvöld og um leið íslenskur almenningur blekkt um þátt þýska bankans Hauck & Aufhäuser í þeim kaupum.

Við þessi kaup og í aðdraganda þeirra var kynnt fyrir íslenskum stjórnvöldum og almenn- ingi að Hauck & Aufhäuser væri gegnum helmings eignarhlut í Eglu hf. á meðal fjárfesta í Búnaðarbankanum í þessum viðskiptum og þá raunar stærsti einstaki fjárfestirinn með meira en þriðjungshlut í viðskiptunum. Upplýsingar sem gefnar voru af hálfu kaupenda í viðskiptunum að þeim loknum, bæði gagnvart íslenskum stjórnvöldum og opinberlega í fjölmiðlum, voru á sama veg. Í bréfi umboðsmanns S-hópsins til Fjármálaeftirlitsins, dags. 17. febrúar 2003, var því enn fremur lýst sérstaklega yfir að umbjóðendum hans, það er kaupendum að hlut ríkisins í Búnaðarbankanum, væri ekki kunnugt um að í gildi væru samningar milli annarra en þeirra um ráðstöfun hluta í Búnaðarbankanum, um það hvernig beita skyldi atkvæðisrétti eða „um nokkuð það sem varðar eignarhald og þann rétt og þær skyldur sem slíkt eignarhald veitir“. Í sama bréfi sagði enn fremur að samkvæmt upplýsingum Hauck & Aufhäuser ætlaði „bankinn að fjármagna kaupin með eigin fé, þ.e. nota óbundna fjármuni til fjárfestinga“.²⁰⁸

Rannsóknarnefnd Alþingis telur hafið yfir allan vafa að Hauck & Aufhäuser var ekki raunverulega fjárfestir í þessum viðskiptum. Því fór fjarri og stóð í reynd aldrei til. Eins og lýst hefur verið í skýrslu nefndarinnar liggur fyrir að áður en skrifað var undir samning S-hópsins og íslenska ríkisins um kaup á Búnaðarbankanum 16. janúar 2003, voru með leynd gerðar ráðstafanir sem fólu í sér og tryggðu að eignarhald Hauck & Aufhäuser á hlutunum í Eglu hf. og þar með fjárfesting þýska bankans í Búnaðarbankanum var ekki nema að nafni til og til málamynda. Opinber þátttaka þýska bankans var einungis tímabundið yfirvarp fyrir endanleg yfirráð, áhættu og ávinning annarra aðila af sömu hlutum í Eglu hf og þar með í Búnaðarbankanum.

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar má rekja undirbúning þessara ráðstafana að minnsta kosti aftur til miðs desembermánaðar 2002. Þeim var síðan komið til leiðar með tveimur skriflegum samningum um hlutina í Eglu hf. milli annars vegar Hauck & Aufhäuser og hins vegar aflandsfélags, Welling & Partners Limited, sem aflað var sérstaklega í þessu skyni og íslenska fjármálfyrirtækið Kaupþing hf. stóð í reynd á bak við.

Þessir samningar voru undirritaðir á erlendri grundu 16. janúar 2003, eða sama dag og kaupsamningur íslenska ríkisins og S-hópsins var undirritaður í Reykjavík. Gerð og lokafrágangur þeirra hófst í síðasta lagi tæpri viku áður, 10. janúar 2003, og átti sér stað með þríhliða samvinnu fulltrúa Hauck & Aufhäuser, starfsmanna Kaupþings hf. og dótturfélags þess Kaupthing Bank Luxembourg S.A. og síðan manna sem telja verður ljóst að komu að því verki af hálfu og í þágu Ólafs Ólafssonar, þáverandi forstjóra Samskipa hf., stjórnarmanns í Keri hf. og helsta forsvarsmanns S-hópsins. Þannig var samhliða þessum samningum meðal annars gengið frá ráðstöfunum sem tryggðu Ólafi, í gegnum aflandsfélag sem hann var raunverulegur eigandi að, helming þess nettóhagnaðar sem kynni að falla til Welling & Partners Limited vegna viðskipta með hlutina í Eglu hf. á grundvelli hinna leynilegu samninga.

Framangreind atburðarás var í grófum dráttum þannig að fáeinum dögum fyrir undirskrift kaupsamningsins milli íslenska ríkisins og S-hópsins keypti Kaupthing Bank Luxembourg S.A. í Lúxemborg, dótturfélag Kaupþings hf. á Íslandi, fyrrgreint aflandsfélag, Welling & Partners, sem skráð var á Bresku-Jómfrúaejum. Welling & Partners gerði síðan skriflegu samningana tvo við Hauck & Aufhäuser sem vikið er að hér að framan.

208. Í bréfi umboðsmanns S-hópsins er samhliða vísað til þess sem virðist vera yfirlýsing þýska bankans á ensku en hún var svohljóðandi: „Hauck & Aufhäuser will finance its purchase from its own resources - meaning that it will use its free assets to purchase the shares in Egla.“

Í skýrslu nefndarinnar er jafnan vísað sameiginlega til þessara tveggja samninga sem baksamninganna. Annars vegar var þar um að ræða söluréttarsamning sem tryggði í meginatriðum eigendaskipti frá Hauck & Aufhäuser til Welling & Partners á hlutunum í Eglu hf. um leið og tiltekin skilyrði um lágmarkstíma eignarhalds samkvæmt kaupsamningi S-hópsins og íslenska ríkisins voru uppfyllt. Samkvæmt söluréttarsamningnum yrði þessari niðurstöðu annaðhvort komið til leiðar með því að þýski bankinn nýtti sölurétt eða aflandsfélagið forkaupsrétt en um hvort tveggja hafði söluréttarsamningurinn að geyma sérstök ákvæði. Að auki var þar búið svo um hnútana að Hauck & Aufhäuser gæti ekki selt neinum öðrum en Welling & Partners hluti sína í Eglu hf.

Samhliða þessum samningi gerðu Welling & Partners og Hauck & Aufhäuser síðan veð- og tryggingarsamning. Hann fól í sér að Welling & Partners lagði inn á bankareikning félagsins hjá þýska bankanum, sem gagnert var stofnaður í þessu skyni, áætlað andvirði allra fjárframlaga til Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser bæri síðar að inna af hendi vegna hlutdeildar Eglu hf. í kaupverði Búnaðarbankans. Sú fjárhæð var áætluð um 33,5 milljónir Bandaríkjadala. Að auki tók fjárhæðin mið af þóknun Hauck & Aufhäuser fyrir að standa að þessum viðskiptum, sem ákveðin var 1.000.000 evrur í baksamningunum, og óvissum hugsanlegum kostnaði sem Welling & Partners gæti orðið ábyrgt fyrir gagnvart Hauck & Aufhäuser á grundvelli nánast takmarkalausra skaðleysis- og ábyrgðaryfirlýsinga aflandsfélagsins gagnvart þýska bankanum í baksamningunum. Samtals nam því fjárhæðin um 35,5 milljónum Bandaríkjadala.

Þessa fjárhæð sendi Kaupþing hf. inn á bankareikning aflandsfélagsins hjá Hauck & Aufhäuser fyrir undirskrift baksamninganna. Í kjölfar þess var útbúinn lánessamningur milli Kaupþings hf. og aflandsfélagsins um þá fyrirgreiðslu. Lánið var veitt og greitt út frá Kaupþingi hf. án nokkurra veðtrygginga. Öll fjárhæðin var sett Hauck & Aufhäuser að handveði til tryggingar því að þýski bankinn bæri enga fjárhagslega áhættu af aðkomu sinni að einkavæðingu Búnaðarbankans hf. Fjárhæðin skyldi svo jafnframt standa straum af kaupverði Welling & Partners fyrir hlutina þegar baksamningarnir yrðu framkvæmdir samkvæmt efni sínu.

Af ákvæðum baksamninganna leiddi loks síðast en ekki síst að allur hugsanlegur fjárhagslegur ávinningur af hlutunum í Eglu hf. myndi renna til Welling & Partners en ekki til eiganda þeirra að nafninu til, Hauck & Aufhäuser.

Baksamningarnir þýddu að Hauck & Aufhäuser fór aldrei í reynd með þau umráð hluta í Búnaðarbanka Íslands hf. gegnum eignarhald sitt í Eglu hf. sem fylgja raunverulegri fjárfestingu. Þegar fulltrúi Hauck & Aufhäuser undirritaði samninga við íslenska ríkið hafði bankinn fyrirfram skuldbundið sig með undirskrift baksamninganna nokkrum klukkustundum áður til að selja Welling & Partners hlut sinn um leið og unnt var, og jafnframt firrt sig allri áhættu og von um hagnað af þeirri fjárfestingu sem bankinn hafði tekið þátt í opinberlega að nafninu til. Af gögnum rannsóknarnefndar verður ekki annað séð en að fjárhagslegur ávinningur bankans hafi takmarkast við þóknun að fjárhæð ein milljón evra. Telja verður ljóst að sú þóknun var endurgjald fyrir að koma fram sem fjárfestir í Búnaðarbanka Íslands hf. í gegnum Eglu hf. Þótt bankinn væri alls ekki raunverulegur fjárfestir.

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar var aflandsfélagið Welling & Partners, gagnaðili Hauck & Aufhäuser í fyrrnefndum baksamningnum, í eigu Kaupþings hf. eða dótturfélagsins Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Jafnframt lánaði Kaupþing hf. Welling & Partners með þeim hætti sem áður var getið, án nokkurra haldbærra trygginga. Að auki féll Kaupþing hf., í nafni Welling & Partners, frá öllum vöxtum vegna innstæðunnar hjá Hauck & Aufhäuser. Kaupþing hf. eitt bar því alla áhættu af því ef hlutabréfaverð í Búnaðarbankanum þróaðist á verri veg heldur en það stóð þegar baksamningarnir voru gerðir. Sú verðþróun var vitaskuld forsenda þess hvernig færi með hugsanlegan ávinning af þessum leynilegu gerningum og síðari viðskiptum á grundvelli þeirra.

Welling & Partners innleysti hluti sína í Eglu hf. á grundvelli baksamninganna og tók þann ávinning sem því fylgdi með tvennum viðskiptum, annars vegar í apríl-maí 2004 og hins vegar í júní-júlí 2005. Þau viðskipti áttu sér í báðum tilvikum stað bak við tjöldin í tengslum við það þegar Hauck & Aufhäuser stóð í eigin nafni út á við, sem opinber eigandi

hlutanna, að sölu þeirra til annarra aðila en í reynd einungis sem fjárvörsluaðili fyrir Welling & Partners, fyrir reikning og á áhættu þess. Söluandvirðið sem viðkomandi kaupendur greiddu fyrir hlutina rann því ekki til Hauck & Aufhäuser heldur óskipt til Welling & Partners. Samanlagður mismunur á fastákveðnu kaupverði Welling & Partners fyrir hlutina samkvæmt ákvæðum baksamninganna og söluandvirðinu í þessum viðskiptum nam um 111 milljónum Bandaríkjadala. Þessi mismunur kom til vegna hækkunar á markaðsvirði hlutabréfa í Búnaðarbanka Íslands hf., síðar Kaupþingi Búnaðarbanka hf. og KB Banka hf., í kjölfar samruna Kaupþings hf. og Búnaðarbankans, frá því að kaupsamningurinn milli S-hópsins og ríkisins – og einnig baksamningarnir – voru undirritaðir 16. janúar 2003.

Af gögnum rannsóknarnefndar má sjá að samanlagður hagnaður Welling & Partners af þessum tvennum viðskiptum með hluti í Eglu hf. á grundvelli baksamninganna hafi numið að lágmarki 102 milljónum Bandaríkjadala.

Þrátt fyrir að Kaupþing hf. hafi samkvæmt framangreindu lánað Welling & Partners að fullu og án veðtrygginga þá fjármuni sem þurfti til að efna baksamninganna, verið eigandi félagsins og borið alla fjárhagslega áhættu af baksamningum þess við Hauck & Aufhäuser verður þó ekki séð af gögnum rannsóknarnefndar að fjárhagslegur ávinningur Welling & Partners hafi á sama hátt alfarið átt að tilheyra Kaupþingi hf. Líkt og áður var getið um sýna gögn rannsóknarnefndar að gert var sérstakt samkomulag um endanlega skiptingu hagnaðar milli Welling & Partners og aflandsfélagsins Marine Choice Limited, sem skráð var á Tortóla á Bresku-Jómfrúaeyjum. Þetta félag keypti Kaupthing Bank Luxembourg S.A. að því er virðist sérstaklega í þessu skyni í september 2005 af dótturfélagi panamísku lögfræðistofunnar Mossack Fonseca. Raunverulegur eigandi Marine Choice Limited var Ólafur Ólafsson.

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar millifærði Hauck & Aufhäuser þann 24. febrúar 2006 samkvæmt beiðni Welling & Partners eftirstöðvar innstæðu Welling & Partners að fjárhæð 57,5 milljóna Bandaríkjadala inn á reikning Kaupthing Luxembourg S.A. hjá JP Morgan Chase Bank í New York. Í símgreiðslufyrirmælum var reikningsnúmer fyrrgreinds félags Ólafs Ólafssonar tilgreint sem endanlegur viðtakandi fjármunanna. Jafnframt er ljóst að hjá Kaupthing Bank Luxembourg runnu þessir fjármunir fáeinum dögum síðar inn á bankareikning félagsins þar og var ráðstafað til ýmissa fjárfestinga beint í kjölfarið.

Rúmlega mánuði áður, eða 18. janúar 2006, millifærði Hauck & Aufhäuser samkvæmt beiðni Welling & Partners 46,5 milljónir Bandaríkjadala inn á reikning aflandsfélags með heitinu Dekhill Advisors Ltd. Sú símgreiða var send í gegnum tilgreindan bankareikning í útibúi svissneska bankans Julius Bär & Co í Zürich til Dekhill sem endanlegs viðtakanda hjá útibúi sama banka í Genf. Rannsóknarnefnd Alþingis hefur ekki tekist að afla upplýsinga um raunverulega eigendur þess félags eða afdrif þessara fjármuna eftir þetta.

Telja verður að vegna áhrifa baksamninganna sem hér er lýst hafi því í reynd farið víðs fjarri að Hauck & Aufhäuser væri fjárfestir í Búnaðarbankanum í gegnum Eglu hf. með þeim hætti sem gefinn var til kynna bæði gagnvart stjórnvöldum og í fjölmiðlum. Ljóst er einnig að þessum baksamningum, áhrifum þeirra og síðari framkvæmd var haldið leyndum bæði fyrir stjórnvöldum og almenningi.

Að auki liggur fyrir af opinberum gögnum, eins og rakið var í 4. kafla skýrslunnar, að frá einkavæðingu Búnaðarbankans hafa ítrekað komið fram efasemdir í fjölmiðlum og opinberri umræðu um hvort aðkoma Hauck & Aufhäuser hefði í reynd verið með þeim hætti sem kynnt var gagnvart stjórnvöldum og í fjölmiðlum á sínum tíma. Slík umræða hefur jafnframt komið fram á vettvangi Alþingis og leitt ítrekað til athugana opinberra stofnana. Á sama hátt liggur fyrir að fulltrúar Hauck & Aufhäuser og Eglu hf., einkum þeir Peter Gatti, framkvæmdastjóri og meðeigandi hjá bankanum, og Guðmundur Hjaltason, framkvæmdastjóri Eglu hf., hafa ítrekað borið slíkar efasemdir og staðhæfingar til baka á opinberum vettvangi. Eins og rakið hefur verið hér, og nánar kemur fram í 5. kafla skýrslunnar, er ljóst af gögnum rannsóknarnefndar að báðir þessir menn höfðu samt sem áður fulla vitneskju um tilvist og efni baksamninganna.

Af gögnum rannsóknarnefndar verður ekki annað ráðið en að vitneskja um baksamninganna hafi takmarkast við fámennan hóp einstaklinga sem ýmist stóðu að eða fylgdust með gerð samninganna í upphafi, önnuðust síðan framkvæmd þeirra eða nutu að lokum ávinnings á grundvelli þeirra með þeim hætti sem lýst hefur verið.

Í þeim hópi voru í fyrsta lagi Ólafur Ólafsson og einstaklingar sem ljóst þykir að komu fram sem fulltrúar eða trúnaðarmenn hans við gerð baksamninganna. Þeir einstaklingar voru í fyrsta lagi, og sérstaklega, Guðmundur Hjaltason, framkvæmdastjóri Eglu hf. og starfsmaður Samskipa hf., en í öðru lagi Ralf Darpe og Michael Sautter, báðir starfsmenn bankans Société Générale. Af þeim gögnum og upplýsingum sem rannsóknarnefnd hefur aflað verður ráðið að enda þótt Darpe og Sautter hafi í söluferli Búnaðarbankans komið formlega fram af hálfu Société Générale sem ráðgjafar S-hópsins hafi aðkoma þeirra þó einkum í reynd verið í þágu Ólafs Ólafssonar, ekki síst þá við gerð baksamninganna og að því er virðist einnig við að koma á viðskiptasambandi Ólafs og Kaupþingsmanna við Hauck & Aufhäuser.

Eins og áður hefur komið fram ritaði rannsóknarnefndin Ólafi og Guðmundi hvorum um sig bréf, dags. 13. mars 2017, þar sem kynntar voru upplýsingar og meginatriði úr gögnum nefndarinnar í tengslum við gerð baksamninganna, það er um sjálfa gerð þeirra og efni þeirra og áhrif. Einnig kom fram að nefndin hefði undir höndum gögn sem vörpuðu ljósi á síðari framkvæmd samninganna samkvæmt efni sínu, þar á meðal viðskipti milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners sem síðar hafi farið fram á grundvelli baksamninganna með viðkomandi hluti í Eglu hf. og um síðara fjárhagslegt uppgjör á hagnaði vegna slíkra viðskipta. Í því sambandi var ákveðnum fyrirspurnum beint til þeirra.

Í svarbréfi Ólafs Ólafssonar til rannsóknarnefndar, dags. 20. mars 2017, sagði að eftir því sem hann kæmist næst hefði Michael Sautter annast öll samskipti fyrir hönd Hauck & Aufhäuser gagnvart Kaupþingi. Í bréfinu kvaðst Ólafur jafnframt ekki hafa tekið þátt í viðræðum um gerð samninganna og að enginn fulltrúi á hans vegum hefði verið aðili að þeim. Hann hefði enn fremur „ekkert innlegg“ haft „í samningaviðræðurnar“ og „ekki séð þá samninga sem samningsaðilar gengu frá sín á milli“. Af þeim sökum væri hann „ekki í aðstöðu til að svara spurningum um samninga Kaupþings og Hauck & Aufhäuser“. Síðan sagði í bréfi Ólafs:

„Ef mér hafa borist upplýsingar um eða afrit af tölvupóstsamskiptum milli fulltrúa Hauck & Aufhäuser og Kaupþings þar sem viðskiptin voru til umræðu þá rekur mig ekki minni til þess. Hvorki ég né fyrirtæki í beinni eða óbeinni eigu minni voru aðilar að samningnum. Samningarnir voru eðli málsins samkvæmt alfarið á forræði þeirra sem þá undirrituðu. Hafi efni þeirra verið tilkynningaskýlt hér landi eða erlendis þá var það hlutverk samningsaðilanna að upplýsa um efni þeirra. Rétt er að taka fram að fulltrúar S-hópsins voru aldrei spurðir um fjármögnun Hauck & Aufhäuser. Öll samskipti við ríkið voru í samræmi við þá samninga sem undirritaðir voru og öllum spurningum sem beint var að hópnum var svarað með fullnægjandi hætti.“

Í bréfi Guðmundar Hjaltasonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Eglu hf., til rannsóknarnefndar, dags. 20. mars 2017, sagði að eftir því sem hann kæmist næst hefði Michael Sautter annast „öll samskipti fyrir hönd Hauck & Aufhäuser gagnvart Kaupþingi“. Síðan sagði:

„Við lestur bréfs [rannsóknarnefndar] frá 13. mars sl. rifjaðist upp að líklega var undirrituðum kunnugt um viðræður milli þýska bankans og Kaupþings. Hugsanlega hafi ég verið cc. í tölvupóstsamskiptum milli aðila og jafnvel veitt álit á samningsdrög. Mikilvægt er hins vegar að hafa í huga að ég hafði ekkert umbod til að koma fram fyrir hönd annars hvors samningsaðilans við samningsgerðina. Samninga þá sem samningsaðilar gengu frá sín á milli hef ég ekki séð. Af þessum sökum er ég ekki í aðstöðu til að svara spurningum um samninga Kaupþings og Hauck & Aufhäuser. Samningarnir voru eðli málsins samkvæmt alfarið á forræði þeirra aðila sem þá undirrituðu. Hafi efni þeirra verið tilkynningarskýlt hér á landi eða erlendis þá var það hlutverk samningsaðilanna að upplýsa um efni þeirra. Rétt er að taka fram að fulltrúar S-hópsins voru aldrei spurðir um fjármögnun Hauck & Aufhäuser. Öll samskipti við ríkið voru í samræmi við þá samninga sem undirritaðir voru og öllum spurningum sem beint var að hópnum var svarað með fullnægjandi hætti.“

Með vísan til þeirra gagna sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum og rakin hafa verið og birt í 5. kafla þessarar skýrslu telur rannsóknarnefndin í sjálfu sér ekki tilefni til að taka sérstaka nánari afstöðu til þeirra sjónarmiða sem fram koma í bréfum Ólafs og Guðmundar og vitnað er til hér að framan. Telja verður að gögn rannsóknarnefndar sýni meðal annars svo að ekki verður um villst að Ólafur Ólafsson hafi ekki aðeins verið upplýstur um gerð baksamninganna heldur hafi hann einnig frá upphafi átt að njóta, og notið í reynd, fjárhagslegs ávinnings af þeim. Þá telur nefndin rétt að minna á að í tölvupósti Ralf Darpe til Ólafs Ólafssonar, dags. 17. desember 2017, sem sendur var með afriti á Michael Sautter og rakinn er í 5. kafla, var Ólafur spurður sérstaklega, í tilteknu samhengi sem nánar er rakið þar, hvort bóka ætti hótélherbergi fyrir „the Puffin“ eða „lundann“. Af gögnum rannsóknarnefndar, m.a. skjaladrögum aðila og samskiptum sem tengjast baksamningunum er ljóst að með viðurnefninu „Puffin“ var vísað til Kaupþings hf. eða þess verkefnis sem fólst í baksamningunum.

Að því er snertir aðkomu Guðmundar Hjaltasonar í ljósi fyrrgreindra svara hans telur rannsóknarnefndin nægja að vísa til þeirra ítarlegu upplýsinga og gagna sem rakin eru og birt í 5. kafla skýrslunnar um beinan og verulegan þátt hans í gerð baksamninganna frá upphafi til enda.

Rannsóknarnefndin telur rétt að taka fram að í gögnum hennar hefur ekkert komið fram um að aðrir einstaklingar sem voru í forsvari fyrir aðila innan S-hópsins, þ.e. þeir Kristján Loftsson, stjórnarformaður Kers hf., Margeir Daníelsson, framkvæmdastjóri Samvinnulífeyrissjóðsins, Finnur Ingólfsson, framkvæmdastjóri VÍS hf. og Axel Gíslason, framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga, hafi á nokkru stigi haft vitneskju um gerð, tilvist, áhrif eða síðari framkvæmd þeirra baksamninga sem hér um ræðir.

Af gögnum rannsóknarnefndarinnar telur nefndin einnig hafið yfir allan vafa að tilteknir starfsmenn Kaupþings hf. og Kaupthing Bank Luxembourg S.A hafi annars vegar átt beinan og verulegan þátt í eða hins vegar haft vitneskju um baksamninganna og gerð þeirra. Ljóst er að drög að baksamningunum voru m.a. samin og fullgerð af Bjarka Diego, sem starfaði sem lögfræðingur í Kaupþingi hf. á þessum tíma. Þá fylgdust ýmsir stjórnendur Kaupþings hf. og dótturfélags þess í Lúxemborg með gerð samninganna og tóku ákvarðanir um ráðstafanir sem tengdust þeim og framkvæmd þeirra. Þar á meðal voru Hreiðar Már Sigurðsson, þáverandi aðstoðarforstjóri Kaupþings hf., Steingrímur Kárason, yfirmaður áhættustýringar í Kaupþingi hf., og Kristín Pétursdóttir, forstöðumaður fjárstýringar Kaupþings hf., eins og rakið er í 5. kafla skýrslunnar.

Rannsóknarnefndin sendi einstaklingum úr ofangreindum hópi fyrrverandi starfsmanna Kaupþings hf. einnig bréf með fyrirspurnum, samsvarandi þeim sem áður voru nefnd varðandi Ólaf Ólafsson og Guðmund Hjaltason. Í svarbréfi Hreiðars Márs til rannsóknarnefndarinnar, dags. 20. mars 2017, kom fram að við lestur á bréfi nefndarinnar „rifjaðist eitthvað upp um lánaviðskiptin“ en að hann treysti sér ekki til að svara spurningum nefndarinnar vegna þess tíma sem liðinn væri frá atvikum málsins án þess að hafa fullan aðgang að gögnum þess. Í bréfi Bjarka Diego, dags. 20. mars 2017, var enn fremur vísað til þess hversu langt væri um liðið frá atvikum málsins og hann gæti því ekki sagt til um eða svarað fyrir þau atriði sem fyrirspurnir nefndarinnar til hans beindust að. Í bréfi Steingríms Kárasonar, dagsettu sama dag, kvaðst hann ekki muna með neinni vissu eftir þeim atriðum sem fyrirspurnir nefndarinnar lutu að þannig að hann treysti sér til að svara þeim með áreiðanlegum hætti. Í bréfi Kristínar Pétursdóttur, dags. 21. mars 2017, sagði að ekki væri útilokað að hún hafi átt einhverja aðkomu að einstökum samningum eða ráðstöfunum sem lýst var í bréfinu þegar hún starfaði hjá Kaupþingi en vegna hins langa tíma sem liðið hefði væri erfitt að segja til um það með afgerandi hætti.

Að mati nefndarinnar liggur fyrir að Sigurður Einarsson, þáverandi forstjóri Kaupþings, fékk sendar upplýsingar í tölvupóstum um lánveitingu Kaupþings til Welling & Partners og fyrirmæli um símgreiðslur vegna þess láns inn á reikning félagsins hjá Hauck & Aufhäuser. Af gögnum rannsóknarnefndar verður hins vegar ekki ráðið með óyggjandi hætti hvort Sigurður hafi á þeim tíma öðlast vitneskju um gerð baksamninganna og efni þeirra, enda verður hvorki séð að hann hafi komið að ráðstöfunum þeim tengdum eða sent öðrum

upplýsingar eða fyrirmæli þar um. Í bréfi Sigurðar til nefndarinnar, dags. 20. mars 2017, kvaðst hann því miður ekki geta aðstoðað nefndina við að svara þeim spurningum sem að honum væri beint.

Á hinn bóginn er ljóst að hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. höfðu bæði Magnús Guðmundsson, annar framkvæmdastjóra bankans, og Eggert J. Hilmarsson, lögfræðingur hjá bankanum, vitneskju um gerð baksamninganna, auk þess að taka virkan þátt í ráðstöfunum sem þeim tengdust og síðari framkvæmd þeirra. Í því sambandi nutu þeir aðstoðar Karim Van den Ende hjá félaginu KV Associates S.A. sem útvegaði félagið Welling & Partners, auk þess að annast ýmsa umsýslu í tengslum við félagið og framkvæmd baksamninganna með þeim hætti sem rakið er í þessari skýrslu. Í bréfi til nefndarinnar, dags. 20. mars 2017, kvaðst Magnús ekki minnst atriða um gerð baksamninganna og framkvæmd þeirra. Eins og rakið er í 1. kafla skýrslunnar kom Eggert þeirri afstöðu á framfæri við nefndina að honum væri ekki unnt að svara neinum fyrirspurnum nefndarinnar vegna reglna um bankaleynd í Lúxemborg.

Ekkert í gögnum rannsóknarnefndar bendir til þess að nefndarmenn í framkvæmdanefnd um einkavæðingu, starfsmenn nefndarinnar, ráðherrar sem sátu í ráðherranefnd um einkavæðingu eða raunar nokkur annar fulltrúi eða starfsmaður íslenskra stjórnvalda eða stofnana þeirra hafi á nokkru stigi haft vitneskju um hver aðkoma Hauck & Aufhäuser að kaupum á hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. hafi verið í reynd og þá með hvaða hætti staðið var að þeim málum bak við tjöldin af hálfu Ólafs Ólafssonar, Guðmundar Hjaltasonar, tiltekinna starfsmanna Kaupþings hf., svo og einstakra starfsmanna Kaupthing Bank Luxembourg S.A og Hauck & Aufhäuser. Þá hefur ekkert komið fram við rannsókn nefndarinnar sem bent gæti til þess að neinn þessara aðila hafi haft hugmynd um að fjárhagslegur ávinningur af viðskiptum með þá hluti í Eglu hf. sem Hauck & Aufhäuser var í orði kveðnu eigandi að hafi frá upphafi verið áskilinn og í reynd á endanum runnið til aflandsfélags í eigu Ólafs Ólafssonar og aflandsfélagsins Dekhill Advisors Ltd.

Við rannsókn nefndarinnar komu ekki fram upplýsingar um raunverulega eigendur síðastnefnda félagsins. Með vísan til þess að Kaupþing hf. lagði fram fjármuni til þeirra viðskipta sem baksamningarnir lutu að, bar í reynd alla fjárhagslega áhættu af baksamningunum og að öðru leyti annars sem rakið hefur verið í skýrslunni varðandi þátt starfsmanna Kaupþings hf. í gerð og síðari framkvæmd hinna leynilegu baksamninga telur nefndin þó að líkur standi til þess að Kaupþing sjálf eða aðilar því tengdir hafi verið raunverulegir eigendur Dekhill Advisors eða notið þeirra fjármuna sem þangað runnu. Í bréfi Hreiðars Más Sigurðssonar sem vitnað er til hér að framan kvaðst hann aldrei hafa heyrt minnst á þetta félag fyrr en í bréfi nefndarinnar. Svör Bjarka Diego og Magnúsar Guðmundssonar í fyrrnefndum bréfum þeirra sama dag voru á sömu leið. Í svarbréfum Sigurðar Einarssonar, Kristínar Pétursdóttur og Steingríms Kárasonar var spurningum nefndarinnar um Dekhill Advisors ekki svarað sérstaklega. Í bréfum Sigurðar Einarssonar, Hreiðars Más Sigurðssonar, Steingríms Kárasonar og Magnúsar Guðmundssonar var hins vegar fullyrt að þeir hefðu aldrei sjálfir notið fjárhagslegs ávinnings af viðskiptum sem tengdust þeim baksamningnum sem fyrirspurnir til þeirra lutu að. Þá hafa þeir Lýður og Ágúst Guðmundssynir svarað fyrirspurnum nefndarinnar um félagið á þann veg að þá reki ekki minni til atriða sem því tengjast.

Ofangreind bréf rannsóknarnefndarinnar og svör við þeim eru birt í viðauka með vefútgáfu skýrslunnar.

Í íslensku lagamáli nær hugtakið blekking almennt til þess að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd manns um einhver atvik. Telja verður raunar að almennur skilningur á þessu hugtaki sé í meginatriðum á sömu lund. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að þau gögn sem rakin hafa verið og birt í þessari skýrslu, og þau atvik sem umrædd gögn varpa skýru og ótvíræðu ljósi á, sýni fram á svo ekki verði um villst að íslensk stjórnvöld hafi á sínum tíma verið blekkt um aðkomu Hauck & Aufhäuser að þeirri einkavæðingu Búnaðarbanka Íslands hf. sem lokið var með kaupsamningi 16. janúar 2003. Á sama hátt varpar skýrsla þessi að mati nefndarinnar skýru og ótvíræðu ljósi á hverjir stóðu að þeirri blekkingu, komu henni fram og héldu svo við æ síðan, ýmist með því að leyna vitneskju sinni um raunverulega aðkomu Hauck & Aufhäuser eða halda öðru fram gegn betri vitund.

BÚNDI
BANKINN

ALPÝÐUBANDALAGIÐ

BANKI

VÍSIR

NORRENA

3



7. VIÐAUKAR (PRENTÚTGÁFA)

Viðauki 1 Söluréttarsamningur (e. „Put Option Agreement“), dags. 16. janúar 2003, milli Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA og Welling & Partners Limited.

Put Option Agreement

PUT OPTION AGREEMENT, dated as of 16th of January, 2003 (this "Agreement"), between Welling & Partners Limited, Akara Bldg., 24 De Castro Street, Wickhams Cay I, Road Town, Tortola, British Virgin Islands, a British Virgin Island limited liability company ("WELLING & PARTNERS LIMITED"), and Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA, Kaiserstrasse 24, D-60311, Frankfurt am Main, Germany, a German bank, incorporated as a partnership limited by shares under the laws of Germany (the "Bank").

WITNESSETH:

WHEREAS, the Bank has – under the condition precedent that a Share Purchase Agreement between the Republic of Iceland and the investor group, including EGLA, a corporation with shares, incorporated under Icelandic law – hereinafter called "EGLA" - has been signed, by the Closing of which the investor group will acquire 45.8 % of the share capital of BUNADARBANKI, a bank under the laws of the Republic of Iceland - committed itself to acquire 50% of the nominal share capital of EGLA after a capital increase of its nominal share capital from ISK 10,000,000,--- has taken place- , on the basis of an Shareholder agreement, dated as of January 16th of January 2003 (the "Shareholders' Agreement"), entered into with Ker hf. and VÍS hf. (as defined in the Shareholders' Agreement);

WHEREAS, the share capital increase will be in two steps, the First Stage whereby the delivery of the shares shall take place within 30 days of the signature of the Purchase Agreement, subject to a payment of USD 15,313,434 and ISK1,969,488,580 by EGLA and fulfilment of other conditions stipulated in the Purchase Agreement, leading to the capital contribution of USD 20,050,184 (USD 7,656,717 plus ISK 981,744,290) on the Bank's behalf, and the Second Stage, whereby the delivery of shares shall take place no later than 20 December 2003, subject to the fulfilment of conditions under the Purchase Agreement, one of the conditions being a payment of up to USD 26,808,375 by EGLA, leading to the capital contribution of up to USD 13,404,187.50 on the Bank's behalf;

WHEREAS, the shares in EGLA, or proportional number (50%) of shares in BUNADARBANKI and other assets held by EGLA should EGLA be dissolved, will hereinafter be called the "Shares";

WHEREAS, after the date of the Deferred Closing of the aforementioned Share Purchase Agreement with the Republic of Iceland - hereinafter called "the Purchase Agreement" -, the investor group will own 45.8 % of the share capital in BUNADARBANKI.

WHEREAS, the Bank wishes to have the right to require that WELLING & PARTNERS LIMITED purchases the Shares under certain circumstances as hereinafter described.

WHEREAS, after the expiry of the lock-up period of 21 months the Bank is free to dispose of its shares in EGLA.

1

WHEREAS the Parties hereto are aware of the fact that upon exercise of the Put Option WELLING & PARTNERS LIMITED or the transferee designated by WELLING & PARTNERS LIMITED to the Bank is obliged to notify its intention to acquire a stake in BUNADARBANKI through EGLA to the Financial Supervisory Authority of Iceland and that the acquisition of the Shares by WELLING & PARTNERS LIMITED or the transferee designated by WELLING & PARTNERS LIMITED will be subject to approval by the Financial Supervisory Authority of Iceland.

WHEREAS, the Parties hereto are aware of the restrictions and provisions with respect to the transfer of the Shares and the shares in BUNADARBANKI by the stipulations of the Purchase Agreement.

NOW, THEREFORE, in consideration of the promises and the mutual agreements set forth herein and under the condition precedent that the Bank has acquired the Shares in EGLA, the parties hereto hereby agree as follows:

1. Put

(a) Grant of Put. WELLING & PARTNERS LIMITED hereby grants to the Bank the irrevocable right and option (the "Put"), subject to the satisfaction of the condition set forth in Section 3, to require WELLING & PARTNERS LIMITED to purchase all (but not less than all) of the Shares at any time during the thirty calendar days following the satisfaction of the condition set forth in Section 3, for a purchase price determined as provided in paragraph (b) below and upon notice as provided in paragraph (c) below.

(b) Put Price. The aggregate purchase price to be paid by WELLING & PARTNERS LIMITED for the Shares upon exercise of the Put shall be an amount equal to the Bank's contribution to EGLA, by means of subscription for share capital, not exceeding, in any event, a maximum amount of USD 33,454,372,- however, plus any further costs and interest expenditure, including cost of carry that might have incurred for the Bank in the course of the financing of its contributions to EGLA provided that the calculation of such costs shall be itemized and fully disclosed by the Bank to WELLING & PARTNERS LIMITED - (the "Put Price").

(c) Notice and Exercise of Put. The Put shall be exercisable by delivery in accordance with the provisions of Section 10 of a Notice of Put, duly executed by the Bank, specifying that the Bank is exercising its rights under this Agreement and specifying the date of the Put Closing (the "Notice of Put"). The closing of the purchase of the Shares upon exercise of the Put (the "Put Closing") shall occur at the headquarters of the Bank at 10:00 a.m. local time on a date selected by the Bank that is five Business Days after the Notice of Put is given. At the Put Closing (i) the Bank shall Transfer all of the Shares to WELLING & PARTNERS LIMITED and/or its designee and deliver to WELLING & PARTNERS LIMITED a certificate of the duly authorized officers of the Bank stating that the representations and warranties of the Bank contained in Section 4 are true and correct on the date of the Put Closing, as though made on such date, and (ii) WELLING & PARTNERS LIMITED and/or its designee shall deliver to the Bank the Put Price by wire transfer of immediately

available funds (without any deduction for bank charges imposed upon the payor by the originating bank, all of which shall be the sole responsibility of the payor) to the account set forth in Exhibit 1 hereto, and a certificate of the duly authorized officers of WELLING & PARTNERS LIMITED stating that the representations and warranties of WELLING & PARTNERS LIMITED contained in Section 5 are true and correct on the date of the Put Closing as though made on such date.

For purposes of this Agreement: "Business Day" means any day other than a Saturday, Sunday or other day on which commercial banks in Frankfurt, Germany are authorized or required to be closed; and "Transfer" shall mean the valid transfer of title of the Shares under the applicable laws in the respective jurisdiction.

2. Pre-emptive Right

(a) Grant of Pre-emptive Right. The Bank hereby grants to WELLING & PARTNERS LIMITED the Pre-emptive Right, without prejudice to Clause 8 of this Agreement, to acquire the Shares for an amount equal to the Put Price, - in case the Bank has received a valid offer for the Shares, irrespective of the value of the offer in question.

(b) Notification. The Bank shall give WELLING & PARTNERS a written notice if it receives an Offer for the Shares, within 5 Business Days it receives such an offer, without prejudice to Clause 8 of this Agreement, granting WELLING & PARTNERS the right to exercise its pre-emptive right, pursuant to Clause 2 a). WELLING & PARTNERS shall within ten Business Days of receiving such notice, notify to the Bank if it wishes to exercise the Pre-emptive Right. The closing of the purchase of the Shares upon exercise of the Pre-emptive Right (the "Closing") shall occur at the headquarters of the Bank at 10:00 a.m. local time on a date selected by the Bank that is five Business Days after the notice of the exercise of the Pre-emptive Right is given. At the Closing (i) the Bank shall Transfer all of the Shares to WELLING & PARTNERS LIMITED and/or its designee and deliver to WELLING & PARTNERS LIMITED a certificate of the duly authorized officers of the Bank stating that the representations and warranties of the Bank contained in Section 4 are true and correct on the date of the Closing, as though made on such date, and (ii) WELLING & PARTNERS LIMITED and/or its designee shall deliver to the Bank the Put Price by wire transfer of immediately available funds (without any deduction for bank charges imposed upon the payor by the originating bank, all of which shall be the sole responsibility of the payor) to the account set forth in Exhibit 1 hereto, and a certificate of the duly authorized officers of WELLING & PARTNERS LIMITED stating that the representations and warranties of WELLING & PARTNERS LIMITED contained in Section 5 are true and correct on the date of the Closing as though made on such date.

3. Condition to Exercise of Put. Notwithstanding any other provision of this Agreement, the Put shall not be exercisable by the Bank before the end of the twenty first month after the signing of the Purchase Agreement subject to Clause 15 of this Agreement.

4. Representations of the Bank: The Bank hereby represents and warrants to WELLING & PARTNERS LIMITED as follows:

(a) Due Organisation. Authorization. The Bank is a bank incorporated as a partnership limited by shares, duly organized, validly existing and in good standing under the laws of Germany. The execution, delivery and performance by the Bank of this Agreement, and the consummation by the Bank of the transactions contemplated hereby, have been duly authorized by all necessary corporate action on its part.

(b) Enforceability.etc. This Agreement has been duly executed and delivered by the Bank. This Agreement constitutes a legal, valid and binding obligation of the Bank, enforceable against the Bank in accordance with its terms, provided, however, that the Bank assumes no liability whatsoever as to the enforceability of the Agreement under the laws of the Republic of Iceland.

(c) No Conflicts. The execution, delivery and performance of this Agreement by the Bank and the consummation by Bank of the transactions contemplated hereby will not (i) result in a violation of, be in conflict with or constitute a default (with or without notice or lapse of time or both) under (A) any German law applicable to the Bank, (B) any provision of its organizational documents, (C) any order or judgement of any court or other agency of government applicable to it or any of its assets.

(d) Governmental Approvals. Except as those mentioned in the Shareholders' Agreement thereto no consent, approval, order or authorization of, or registration, declaration or filing with, any court, administrative agency or commission or other governmental authority or instrumentality, including German federal or state laws required to be obtained or made by or with respect to the Bank in connection with its execution and delivery of this Agreement or the consummation of the transactions contemplated hereby. The Bank assumes no liability, whatsoever, as to any requirements of the laws of the Republic of Iceland.

(e) Title to the Shares. The Bank owns the Shares free and clean of any Liens. The Transfer of the Shares following the exercise of the Put as contemplated by this Agreement will transfer good and valid title in the Shares to WELLING & PARTNERS LIMITED and/or its designees, free and clean of all Liens, provided, however, that the Bank assumes no liability for the validity of such transfer under the laws of the Republic of Iceland, particularly not for the approval by the Financial Supervisory Authority of Iceland for the acquisition by WELLING & PARTNERS LIMITED or the transferee designated by WELLING & PARTNERS LIMITED and for any legal implications and restrictions that may arise in case of insolvency of EGLA and/or BUNADARBANKI and/or the nullification or redemption of the shares or from the Shareholders' Agreement between the Investor Group and between the EGLA shareholders or from the Articles of Association of EGLA.

5. Representations of WELLING & PARTNERS LIMITED. WELLING & PARTNERS LIMITED hereby represents and warrants to the Bank as follows:

(a) Due Organization. Authorization. WELLING & PARTNERS LIMITED is a limited liability company duly organized and validly existing under the laws of the British Virgin Islands. The execution, delivery and performance by WELLING & PARTNERS LIMITED of this Agreement, and the consummation by the WELLING

4
W. / S

& PARTNERS LIMITED of the transactions contemplated hereby, have been duly authorized by all necessary corporate action on its part.

(b) Enforceability, etc. This Agreement has been duly executed and delivered by WELLING & PARTNERS LIMITED. This Agreement constitutes a legal, valid and binding obligation of WELLING & PARTNERS LIMITED, enforceable against WELLING & PARTNERS LIMITED in accordance with its terms.

(c) No Conflicts. The execution, delivery and performance of this Agreement by WELLING & PARTNERS LIMITED and the consummation by WELLING & PARTNERS LIMITED of the transactions contemplated hereby will not (i) result in a violation of, be in conflict with or constitute a default (with or without notice or lapse of time or both) under (A) any law applicable to WELLING & PARTNERS LIMITED and the laws of the Republic of Iceland, (B) any provision of its organizational documents, (C) any order or judgment of any court or other agency of government applicable to it or any of its assets, or (D) any contractual restriction binding on or effecting it or any of its assets, or (ii) result in the creation or imposition of any Lien upon any of its assets.

(d) Governmental Approvals. No consent, approval, order or authorization of, or registration, declaration or filing with, any court, administrative agency or commission or other governmental authority or instrumentality, including British Virgin Island law and the laws of the Republic of Iceland, or otherwise, is required to be obtained or made by or with respect to WELLING & PARTNERS LIMITED in connection with its execution and delivery of this Agreement or the consummation of the transactions contemplated hereby except that the acquisition of the Shares by WELLING & PARTNERS LIMITED or by the transferee designated by WELLING & PARTNERS LIMITED will be subject to approval by the Financial Supervisory Authority of Iceland and that the full and entire responsibility to obtain such approval rests exclusively with WELLING & PARTNERS LIMITED.

(e) Litigation. No lawsuit, claim, proceeding or investigation is pending or threatened by or against WELLING & PARTNERS LIMITED or any of its properties, assets, operations, businesses or prospects, which relates to the transfers contemplated by this Agreement.

6. Indemnification. Subject to the other provisions of this Section 6 from and after the Put Closing, WELLING & PARTNERS LIMITED shall indemnify, defend and hold harmless the Bank against any and all Losses resulting from, arising out of or attributable to (i) any breach or inaccuracy of a representation or warranty of WELLING & PARTNERS LIMITED contained in this Agreement (but only if such indemnity is sought during a limitations period of three (3) years after the day of the Put Closing (hereinafter the "Limitations Period")), (ii) any failure by WELLING & PARTNERS LIMITED to materially perform or comply with any agreement or obligation contained in this Agreement.

The representations and warranties within the meaning of this Agreement and the indemnification in relation thereto constitute special agreements and guarantees negotiated and agreed upon between the Parties specifically for the purpose of this transaction (§ 311 (1) German Civil Code); accordingly indemnification under the

5
K / 5

terms of this Agreement does not require intent (*Vorsatz*) or negligence (*Fahrlässigkeit*) of the Party which is in breach of the respective representation and warranty and § 280 (1) (2) of the German Civil Code shall not apply. WELLING & PARTNERS LIMITED acknowledges that its representations and warranties contained in this Agreement constitute a guaranty within the meaning of §§ 276 (1), 443, 444 German Civil Code. The parties further agree that the provisions of §§ 434 through 453 of the German Civil Code relating to defects in quality or in title shall not apply to any representation or warranty contained in this Agreement, except (i) in the event of intent or fraudulent intent (*Vorsatz oder Arglist*) or (ii) where a claim arises because the title to any Share has not been transferred free of Liens and rights of a third party, provided, however, that the Bank assumes no liability for any obstacles or objections against the transfer arising from the laws of the Republic of Iceland.

7. Further Actions. Each party hereto shall take any and all such actions, including but not limited to signing proxies or powers of attorney with respect to voting the Shares, and execute and deliver such further agreements, consents, instruments and other documents, as may be necessary from time to time to give effect to the provisions and purposes of this Agreement and, following the Put Closing, as the case may be, to effect and evidence the transfer of ownership of the Shares to WELLING & PARTNERS LIMITED and/or its designee.

8. No Assignment of Shares. The Bank will not sell, pledge, hypothecate or otherwise dispose of the Shares, other than to WELLING & PARTNERS LIMITED and/or its designee upon the exercise of the Put as contemplated by this Agreement subject to Clause 15 of this Agreement.

9. Termination. This Agreement shall terminate automatically upon the final transfer of the Shares to WELLING & PARTNERS LIMITED or its designee.

10. Notices.

(a) Addresses. Any notices and other communications of the parties to this Agreement shall be delivered by hand or sent by registered mail, air mail or telefax to the following addresses:

If to the Bank, to:

Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA
Partners' Office/Financial Investments
Att.: Martin Zeil and/or Robert Sprogies
Löwengrube 18, D-80333 München
Fax: 0049-89-2393-2039
Tel: 0049-89-23932032
e-mail: recht.m@hauck-aufhaeuser.de

If to WELLING & PARTNERS LIMITED, to:

Welling & Partners Limited,
c/o Karim Van den Ende,
P.O. Box 109,

6
H. S.

L - 2011 Luxembourg,
Luxembourg
Fax: + 352 25 48 34
Tel: + 352 821 266 143
email: kva@pt.lu

(b) Notices. All notices and other communications required or permitted to be given under this Agreement shall be in writing and shall be deemed to have been given (i) in the case of personal delivery, upon delivery, (ii) in the case of registered mail or air mail, on the fifth Business Day after deposit in the mail system (following the day on which the notice was posted), (iii) in the case of deposit with an internationally recognized courier service, on the third Business Day following such deposit, and (iv) in the case of transmission by telefax, on the day on which it was transmitted, if receipt is confirmed by telephone; provided, however, that if the delivery by hand or by telefax takes place after 6:00 p.m., the notice shall be deemed to have been delivered at 9:00 a.m. on the following Business Day. The times stated in this Section refer to local time in the recipient's country.

11. Entire Agreement. This Agreement embodies all of the understandings and obligations of the parties hereto with respect to the subject matter hereof, and supersedes and replaces all prior agreements and understandings among the parties hereto with respect to the subject matter hereof.

12. Amendments. No amendment or modification of this Agreement shall be valid or effective unless evidenced by an instrument in writing signed by the parties hereto.

13. Assignment; Successors. Neither the rights nor the obligations of any of the parties hereto shall be assigned or delegated without the prior written consent of the other party, except that the Purchaser may assign and delegate any and all of its rights or obligations hereunder to any affiliate thereof. This Agreement shall inure to the benefit of, and be binding on and enforceable against, the parties hereto and their respective successors and permitted assigns.

14. Insolvency of the Bank. In case insolvency or supervisory proceedings pursuant to Art. 45, 46, 46 a, 46b or 47 of the German Bank Act should be launched against the Bank, the Put Option will be triggered automatically, i.e. transfer ownership on the shares of EGLA to WELLING & PARTNERS LIMITED, in return for the Put Price.


15. Insolvency of EGLA and/or BUNADARBANKI /Nullification or Redemption of Shares.

Should EGLA and/or BUNADARBANKI become insolvent or bankrupt and/or should the shares be nullified or redeemed by legal proceedings under Icelandic law, the Bank, at its sole discretion, is entitled to exercise the Put Option according to Clause 1 of this Agreement without further notice, thereby transferring ownership of the shares to WELLING & PARTNERS LIMITED. In the case of the exercise of the Put Option, WELLING & PARTNERS LIMITED will waive any objection, right or defence that may arise from the fact that BUNADARBANKI is in insolvency and the shares might have lost their value completely.


7
W

16. Governing Law: Arbitration. THIS AGREEMENT SHALL BE GOVERNED BY AND CONSTRUED AND ENFORCED IN ACCORDANCE WITH THE LAWS OF THE FEDERAL REPUBLIC OF GERMANY, REGARDLESS OF THE LAW THAT MIGHT OTHERWISE GOVERN UNDER APPLICABLE CONFLICTS OF LAW PRINCIPLES. ALL DISPUTES ARISING OUT OF OR IN CONNECTION WITH THIS AGREEMENT SHALL BE FINALLY SETTLED BY ARBITRATION UNDER THE TERMS OF A SPECIAL ARBITRATION AGREEMENT TO BE SIGNED AND EXECUTED BY EACH OF THE PARTIES HERETO. IN WITNESS WHEREOF, the parties hereto have executed this Agreement by their authorized representatives as of the date first above written.

Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA



Welling & Partners Limited



Karin van der Ende

Viðauki 2 Veð- og tryggingasamningur (e. „Pledge and Security Agreement“), dags. 16. janúar 2003, milli Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA og Welling & Partners Limited.

Pledge and Security Agreement

between
Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA, Kaiserstrasse 24, D-60311, Frankfurt am Main,
Germany

- hereinafter referred to as the "Bank"-

and

Welling & Partners Limited, Akara Bldg., 24 De Castro Street, Wickhams Cay I, Road
Town, Tortola, British Virgin Islands

- hereinafter referred to as "WELLING & PARTNERS LIMITED" -

I.

The Parties to the Agreement refer to the Put Option Agreement dated January 16th 2003 between the Bank and WELLING & PARTNERS LIMITED, regarding 50% of the nominal share capital of EGLA hf. after a share capital increase by the board of directors as authorized in the Articles of Association pursuant to Clause 41 of Act respecting Public limited companies nr. 2/1995 or proportional number (50%) of shares in BUNADARBANKI and other assets held by EGLA should EGLA be dissolved – hereinafter called "the shares". The Put Option Agreement is attached to this Agreement and forms an integral part of it.

The Parties hereto are furthermore aware of the Shareholders' Agreement signed by the shareholders of EGLA and the Shareholders' Agreement between the investor group and the Share Purchase Agreement (Final Draft No 10) to be signed between the investor group and the Republic of Iceland, in particular of the restrictions and provisions with respect to the transfer of the Shares in EGLA hf. as well as in BUNADARBANKI.

The Parties hereto are also aware of the Share Purchase Agreement between the present shareholder of EGLA and the Bank concerning 50% of EGLA's total share capital in the nominal value of ISK 10.000.000,--, the acquisition price for 50% of the share capital amounting to ISK 5.000.000,--, and of the Shareholders' Agreement signed between the shareholders of EGLA.

All Agreements in their actual drafts or execution copies are attached to this Agreement.

The Parties hereto are also aware of the fact that upon exercise of the Put Option WELLING & PARTNERS LIMITED or the transferee designated by WELLING & PARTNERS LIMITED to the Bank is obliged to notify its intention to acquire a stake in BUNADARBANKI through EGLA to the Financial Supervisory Authority of Iceland and that the acquisition of the Shares by WELLING & PARTNERS LIMITED or the transferee designated by WELLING & PARTNERS LIMITED will be subject to approval by the Financial Supervisory Authority of Iceland.

The Parties hereto accept and agree that their mutual agreements are subject to the restrictions and provisions under the aforementioned Agreements and legal Regulations.

In accordance with Section 1 b.) and Section 2 b.) of the aforementioned Put Option Agreement, WELLING & PARTNERS LIMITED is obliged, in the case that the above-mentioned Put Option is exercised, to pay the Bank a purchase price up to a maximum amount of

\$ 33,454,372 (in words: thirty three million four hundred fifty four thousand three hundred seventy two US dollars)

equal to the Bank's capital contribution to EGLA by means of subscription for share capital in EGLA plus the costs defined therein, in exchange for the transfer of the above-mentioned shares to WELLING & PARTNERS LIMITED or some other party or parties designated by WELLING & PARTNERS LIMITED.

The subject of this Agreement is the provision of security for the Bank's claim to the purchase price against WELLING & PARTNERS LIMITED in the case that the Put Option is exercised and the Bank's claim for compensation of the difference between the purchase price paid by the Bank pursuant to the Share Purchase Agreement and the actual market value of the shares during the lifetime of this Agreement and in case of insolvency of EGLA and/or BUNADARBANKI and/or nullification or redemption of the shares and for any obligation arising from the Share Purchase Agreement with the State of Iceland.

ii.

This having been established, the Parties to the Agreement agree the following:

1. WELLING & PARTNERS LIMITED undertakes to the Bank to transfer the amount of \$35.454.372,- before the signing of the Share Purchase Agreement to its Account No. 206-71601-07 with the Bank, and not to dispose of this credit balance during the term of this Agreement, apart from payment of fees to the Bank pursuant to Clause 8 of this Agreement. The credit balance will be invested in accordance with the provisions of a separate agreement between the Parties to this Agreement.
2. Regardless of the exercise of the aforementioned Put Option WELLING & PARTNERS LIMITED undertakes and guarantees to the Bank that WELLING & PARTNERS LIMITED will compensate, indemnify and hold harmless the Bank for any price fluctuations and price losses of the shares during the lifetime of this Agreement and for any loss and damage the Bank might suffer in case of insolvency of EGLA and/or BUNADARBANKI and/or nullification or redemption of the shares as well as for the obligations the Bank has entered into by signing the Share Purchase Agreement with the present shareholder of EGLA and by signing the warranties in the Share Purchase Agreement with the Republic of Iceland.
3. Notwithstanding the provisions in Clause 7 (a) of this Agreement, which relates to the Bank's unwillingness or inability to exercise the Put Option because of reasons which rest with its own responsibility the Parties hereto are aware of the fact that the performance of the Put Option could be subject to restrictions by or future legislation of the Republic of Iceland or its Authorities, such as if the Financial Supervisory Authority would not approve the transfer of shares under the Put Option Agreement, the Bank is not responsible and liable for. Should the performance of the Put Option fail or be impossible within the exercise period by virtue of a cause or reason as pointed out above, WELLING & PARTNERS LIMITED will indemnify the Bank from the purchase price for the Shares. In this case the Bank is entitled to realise the pledged credit balance without further notice. Upon realisation of the pledged credit balance the Bank will henceforth hold the Shares in trust for WELLING & PARTNERS LIMITED, in its own name but for the account and the entire risk of WELLING & PARTNERS LIMITED until the transfer of the Shares and the performance of the Put Option will become possible. The Bank will be entitled to the fee pursuant to Clause (8 b) of this Agreement and WELLING & PARTNERS LIMITED will indemnify the

Bank from any further costs that will be incurred by the holding of the Shares in trust for WELLING & PARTNERS LIMITED.

4. Subject to the condition precedent that the Bank purchases the shares mentioned in Section I, WELLING & PARTNERS LIMITED hereby pledges the credit balance mentioned in Section II (1), including interest, to the Bank as collateral for all claims, and in particular the purchase price claim that the Bank has against WELLING & PARTNERS LIMITED under the Put Agreement mentioned in Section I, or that it will have in the case that the Put Option is exercised. Subject to the following sentence of this section the pledged credit balance shall though not exceed the Bank's exposure under the Share Purchase Agreement between the investor group and the Republic of Iceland and/or towards EGLA. The credit balance is also pledged – in equal rank - as collateral for all claims that the Bank has or will have against WELLING & PARTNERS LIMITED under this Agreement, particularly claims pursuant to Section II (2),(3) (6) and (8) of this Agreement.

The Parties to the Agreement agree to the creation of the pledge.

5. The Bank is entitled to realise the pledged credit balance if and to the extent that WELLING & PARTNERS LIMITED defaults on payments due under the Put Option Agreement and/or this Agreement. The Bank is obliged to give WELLING & PARTNERS LIMITED notice of its intended realisation of at least one week. No such notice of the intended realisation of the pledge is needed if WELLING & PARTNERS LIMITED has discontinued payments or if application has been made to open insolvency or other debt settlement proceedings on their assets.

6. WELLING & PARTNERS LIMITED warrants and guarantees to the Bank,

- a.) that it is entitled under the law of the British Virgin Islands to conclude this Agreement and that no statutory or other legal provisions, and in particular no supervisory law or exchange control provisions of the Republic of Iceland stand in the way of the implementation of this Agreement and of the Put Option Agreement mentioned in Section I;
- b.) that neither this Agreement nor the Put Option Agreement mentioned in Section I infringe against contractual or other civil law obligations on the part of WELLING & PARTNERS LIMITED;
- c.) that in the case of the preconditions for realisation of the pledge being fulfilled, it waives all objections, defences and rights of rescission, regardless of the legal reason for these.

WELLING & PARTNERS LIMITED shall indemnify the Bank against all costs and obligations arising under this Agreement and in particular against such damages and claims brought against the Bank by third parties or arising at the Bank as a result of the failure to comply with or infringement of the above-mentioned warranties and guarantees. In particular, WELLING & PARTNERS LIMITED will reimburse the Bank for all legal costs arising in this context and will make corresponding advance payments on request.

7. The Bank warrants and guarantees to WELLING & PARTNERS LIMITED,

- a.) that, in the case that the Bank is unable to transfer the shares to WELLING & PARTNERS LIMITED when the Put Option is exercised or if the Put Option is not exercised within the exercise period, as stipulated in Clause 1 (a), cf. Clause 3 of The Put Option Agreement - because of reasons which rest with the Bank's responsibility -, the pledge over the credit balance with the Bank will be treated as having expired;
- b.) that, in the case that the Bundesanstalt für Finanzdienstleistungen (BAFin - Federal Securities Supervisory Office) institutes or takes measures in accordance with Sections 45, 46, 46 a, 46 b or 47 *Kreditwesengesetz* (KWG - German Banking Act) against the Bank with the result that the Bank is unable to repay the pledged credit balance, it will trigger the Put Option, i.e. transfer ownership on the shares of EGLA to WELLING & PARTNERS LIMITED or some other party or parties designated by WELLING & PARTNERS LIMITED, in return for the pledged credit balance equal to the Bank's contribution to EGLA and further obligations the Bank has entered into within the scope of this transaction at the time such measures are taken. The remains of the pledged credit balance shall be at WELLING & PARTNERS disposal (free of pledge).

In case EGLA does not acquire the shares in BUNADARBANKI the pledge over the credit balance with the Bank will be treated as having expired, except for those obligations the Bank has already undertaken towards EGLA or is liable for under the Share Purchase Agreement with the State of Iceland. In this case the Parties will negotiate a reasonable fee for the Bank to cover its efforts and expenses until then.

The Bank shall indemnify WELLING & PARTNERS LIMITED against such damages and claims incurred by or brought against WELLING & PARTNERS LIMITED as a result of the failure to comply with or infringement of the above-mentioned warranties and guarantees.

In all other cases, the Bank will only be liable in fulfilling its duties under this Agreement in cases of wilful intent and gross negligence.

8. The Bank shall receive payment in the total amount of € 1.000.000,- for implementing this Agreement; this payment is due as follows:
- a.) € 500.000,- within one week of the conclusion of this Agreement
- b.) € 500.000,- on the exercise of the Put Option under the above-mentioned Put Option Agreement.

With regard to the relevant provisions of the *Umsatzsteuergesetz* (UStG - Value Added Tax Act), i.e. Section 3 a (3) and (4), and Section 4 no. 8 d.), e.) and f.) UStG, the Parties to the Agreement assume that WELLING & PARTNERS LIMITED is not eligible to pay VAT on the remuneration to be paid to the Bank, or that it is tax-exempt. If, as a result of a change in the law or in the course of an external tax audit at the Bank, VAT becomes due or is assessed in a legally binding form on the remuneration, WELLING & PARTNERS LIMITED undertakes to reimburse the Bank for this tax.

WELLING & PARTNERS LIMITED undertakes to transfer the remuneration when due to the Bank's account, account no. 502 209 00, at Landeszentralbank Hessen (Bank Code: 500 000 00).

The payments shall be withdrawn from Account No. 206-71601-07 with the Bank, as instructed from WELLING & PARTNERS LIMITED.

It is the responsibility of WELLING & PARTNERS LIMITED to arrange for the currency forward agreements which might be necessary to ensure the payment in EURO without currency risks.

9. This agreement has been firmly concluded for the duration of the Put Option Agreement between WELLING & PARTNERS LIMITED and the Bank. Regular termination is ruled out. However, the Bank is entitled to terminate the Agreement exceptionally for good cause if WELLING & PARTNERS LIMITED infringes against a warranty or guarantee as laid down in Section 4 of this Agreement, or if such a warranty or guarantee proves to be incorrect. In this case the Bank is entitled to terminate the Put Option Agreement with WELLING & PARTNERS LIMITED and to transfer the shares to WELLING & PARTNERS LIMITED against reimbursement of the purchase price.
10. Changes and additions to this Agreement must be in writing; this also applies to any change to this requirement of written form.


If a provision of this Agreement is unenforceable or unperformable, this does not affect the validity of the remaining provisions. The Parties to the Agreement will replace the unenforceable or unperformable provision with a regulation that most closely approximates to the economic intent of the unenforceable or unperformable provision in a legally permissible manner.

THIS AGREEMENT SHALL BE GOVERNED BY AND CONSTRUED AND ENFORCED IN ACCORDANCE WITH THE LAWS OF THE FEDERAL REPUBLIC OF GERMANY, REGARDLESS OF THE LAW THAT MIGHT OTHERWISE GOVERN UNDER APPLICABLE CONFLICTS OF LAW PRINCIPLES. ALL DISPUTES ARISING OUT OF OR IN CONNECTION WITH THIS AGREEMENT SHALL BE FINALLY SETTLED BY ARBITRATION UNDER THE TERMS OF A SPECIAL ARBITRATION AGREEMENT TO BE SIGNED AND EXECUTED BY EACH OF THE PARTIES HERETO.


IN WITNESS WHEREOF, the parties hereto have executed this Agreement by their authorized representatives as of the date first above written.

Frankfurt am Main, January 16th 2003

For and on behalf of Mauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA:



For and on behalf of Welling & Partners Limited:



Konim van den Ende

Viðauki 3 Kaupsamningur um hlutafé milli íslenska ríkisins og Eglu hf., Samvinnu-
lífeyrissjóðsins, Vátryggingarfélags Íslands hf. og Eignarhaldsfélagsins
Samvinnutryggingar – Gerður 16. janúar 2003.

KAUPSAMNINGUR um hlutafé

milli

íslenska ríkisins

og

Eglu hf.,

Samvinnulífeyrissjóðsins,

Vátryggingarfélags Íslands hf.

og

Eignarhaldsfélagsins Samvinnutryggingar

Gerður 16. janúar 2003

Staðfest eftir
Eglu hf.
LOGOS
SAMVINNU-
LÍFEYRIS-
SJÓÐSINS
VÁTRYGGINGAR-
FÉLAGS ÍSLANDS
HF.
EIGNARHALD-
SFÉLAGSINS
SAMVINNUTRYGGINGAR

Við undirritaðir, viðskiptaráðherra, f.h. Íslenska ríkisins, hér eftir nefndur seljandi, og sem kaupendur:

Egla hf., kt. 551102-2030, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, en eigendur alls hlutafjár í Eglu hf. eru Ker hf., kt. 500269-4649, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGAA, Kaiserstrasse 24, 60311 Frankfurt, Þýskalandi, og Vátryggingafélag Íslands hf., 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík,

Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, kt. 550269-0589, Ármúla 3, Reykjavík,

Samvinnulífeyrissjóðurinn, kt. 430269-0389, Kringlunni 7, Reykjavík og

Vátryggingafélag Íslands hf., 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík, hér eftir sameiginlega nefndir kaupendur, gerum með okkur eftirfarandi:

KAUPSAMNING UM HLUTAFÉ:

Forsendur:

- a) Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands hefur með erindisbréfi, dagsettu 14. febrúar 1996, falið framkvæmdanefnd um einkavæðingu að annast sölu ríkiseigna og þar á meðal hluti Íslenska ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf., með það að markmiði að draga úr umsvifum ríkisrekstrar, auka hagkvæmni í opinberum rekstri og þar með að nýta betur ráðstöfunarfé ríkisins, efla innlendan hlutabréfamarkað og bæta fjárhagsstöðu ríkissjóðs, og
- b) kaupendur hyggjast eignast virkan eignarhluta í Búnaðarbanka Íslands hf. og taka virkan þátt í uppbyggingu bankans í framtíðinni með virkri eignaraðild um ótiltekinn tíma, og
- c) aðilar hafa undirritað "Samkomulag" "Heads of Agreement", dagsett 15. nóvember 2002, sbr. fylgiskjal nr. 1, þar sem lagður var grunnur að þeim samningi sem aðilar hafa hér með ákveðið að gera sín á milli, og
- d) aðilar eru sammála um að í eftirfarandi samningi sé fjallað um ein kaup kaupenda á tilteknum hlut seljanda í Búnaðarbanka Íslands hf., þótt afhending hins seida og greiðsla fyrir það sé innt af hendi á mismunandi tímum.

1. Skilgreiningar:

Eftirtalin hugtök skulu í samningi þessum hafa þá merkingu sem hér að neðan greinir:

Kaupendur: Egla hf., kt. 551102-2030, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, kt. 550269-0589, Ármúla 3, Reykjavík, Samvinnulífeyrissjóðurinn, kt. 430269-0389, Kringlunni 7, Reykjavík og Vátryggingarfélag Íslands hf., 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Seljandi: Íslenska ríkið er seljandi samkvæmt samningi þessum og kemur viðskiptaráðherra fram fyrir hönd Íslenska ríkisins.

✓ 1A. 
1

Hluthafar Eglu hf.: Ker hf., Hauck & Aufhaeuser Privatbankiers KGAA og Vátryggingafélag Íslands hf., eru eigendur alls hlutfjár í Eglu hf.

Hlutirnir: Hlutabréf seljanda í Búnaðarbanka Íslands hf., kt. 490169-1219, Austurstræti 5, 155 Reykjavík, að nafnverði kr. 2.481.542.021 –tveirmilljarðarfjögurhundruðáttatíuog einmilljónfimmhundruðfjörutíuogtvöþúsund21/1000-.

Kaupin: Samningur seljanda og kaupanda um kaup á **Hlutunum** í fyrstu og annarri lotu

Fyrsta lota: Er afhending þeirra hluta sem afhenda skal innan 30 daga frá undirritun kaupsamnings þessa, að uppfylltum skilyrðum samningsins, eða 1.488.925.213 –einnmilljarðfjögurhundruðáttatíuogáttamilljónirniuhundruðtuttuguogfimmþúsundtvöhundruðogþrettán- hluti, eða um það bil 27,48% útgefins hlutfjár í Búnaðarbanka Íslands hf.

Önnur lota: Er afhending þeirra hluta sem afhenda skal þegar kaupandi óskar en þó eigi síðar en 20. desember 2003, að uppfylltum skilyrðum samnings þessa, það er seljandi skal afhenda kaupanda 992.616.808 – níuhundruðníutíuogtværmilljónirsexhundruðogsextánþúsundáttahundruðogátta - hluti, eða um það bil 18,32% útgefins hlutfjár í Búnaðarbanka Íslands hf.

Kaupverð fyrstu lotu: Kaupverð þeirra hluta sem afhenda skal í fyrstu lotu er kr. 4.243.436.857 krónurfjórirmilljarðartvöhundruðfjörutíuogþrjarmilljónirfjögurhundruðþrjátíuogsexþúsundáttahundruðfimmtíuogsjö og US\$ 33.094.968,00 - US\$þrjátíuogþrjarmilljónirniutíuogfjögurþúsundníuhundruðsextíuogátta. -

Kaupverð annarrar lotu: Kaupverð þeirra hluta sem afhenda skal í annarri lotu er US\$57.107.230,19 - US\$fimmtíuogsjömilljónireitthundraðogsjöþúsundtvöhundruðogþrjátíu19/100-. Kaupverðið í annarri lotu skal þó hækka um 1,55313% miðað við ár reiknað frá og með undirritun samnings þessa til greiðsludags.

Efndatími fyrstu lotu: Efndatími fyrstu lotu telst vera sá dagur sem greiðsla kaupverðs og afhending þeirra hlutabréfa sem afhenda skal í fyrstu lotu fer fram.

Efndatími annarrar lotu: Efndatími annarrar lotu telst vera sá dagur sem greiðsla kaupverðs og afhending þeirra hlutabréfa sem afhenda skal í annarri lotu fer fram.

Hluthafasamkomulag: Hluthafasamkomulag kaupanda, sbr. fylgiskjal nr. 4

Samkomulag / "Heads of Agreement" : Samkomulag seljanda og kaupanda, dagsett 15. nóvember 2002, sbr. fylgiskjal nr. 1.

Bankadagar: Þeir dagar, sem bankar í Reykjavík og Frankfurt eru opnir og stunda viðskipti.

2. Hið selda

2.1 Seljandi lofar að selja og kaupendur lofa að kaupa með þeim skilmálum sem fram koma í samningi þessum, meginhluta hluta seljanda í Búnaðarbanka Íslands hf., kt. 490169-1219, Austurstræti 5, 155 Reykjavík, það er hluti að nafnverði kr. 2.481.542.021 - tveirmilljarðarfjögurhundruðáttatíuog einmilljónfimmhundruðfjörutíuogtvöþúsundogtuttuguog ein -

2.2 Útgefið hlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf. er að nafnvirði kr. 5.418.214.020 – fimmmilljarðarfjögurhundruðogátjánmilljónirtvöndruð-ogfjórtánþúsundogtuttugu -. Hið selda er því um það bil 45,8% af útgefnu hlutafé Búnaðarbanka Íslands hf.

2.3. Kaupendur kaupa framangreinda hluti í eftirgreindum innbyrðis hlutföllum:

A. Eglu hf.	71,186438%
B. Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar	7,627119%
C. Samvinnulífeyrissjóðurinn	8,474579%
D. Vátryggingafélag Íslands hf.	12,711864%

Ker hf. er eigandi 49,5% hlutafjár í Eglu hf., Hauck & Aufhaeuser Privatbankiers KGAA er eigandi 50% hlutafjár í Eglu hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. er eigandi að 0,5% hlutafjár í Eglu hf.

3. Afhending

3.1 Hið selda skal afhent kaupendum í tveimur hlutum, hér eftir vísað til sem fyrsta og önnur lota (það er "upphafleg kaup" og "kaupskuldbinding" samkvæmt Samkomulaginu), að mótttekinni greiðslu samkvæmt kafla 4, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins og að sendri tilkynningu til systurstofnunar Fjármálaeftirlitsins í Luxembourg, Commission de Surveillance du Secteur Financier, og að uppfylltum öðrum skilyrðum seljanda, í samræmi við neðangreint:

3.1.1 Í fyrstu lotu, eða innan 30 daga frá undirritun kaupsamnings þessa, að uppfylltum skilyrðum samningsins, skal seljandi afhenda kaupanda 1.488.925.213 –einnmilljarðfjögurhundruðáttatíuogáttamilljónirníu-hunduðtuttuguogfimmþúsundtvöndruðogbrettán- hluti, eða um það bil 27,48% útgefins hlutafjár í Búnaðarbanka Íslands hf.

3.1.2 Í annarri lotu, þegar kaupandi óskar en þó eigi síðar en 20. desember 2003, að uppfylltum skilyrðum samnings þessa, skal seljandi afhenda kaupanda 992.616.808 –níuhundruðnítíuogtværmilljónirsexhundruðog-sextánþúsundáttahundruðogátta - hluti, eða um það bil 18,32% útgefins hlutafjár í Búnaðarbanka Íslands hf.

3.2 Kaupendur taka við öllum réttindum og skyldum samkvæmt hinum seldu hlutum, þ.m.t. atkvæðisrétti, frá og með afhendingu hlutanna.

3.3 Seljandi skal annast tilkynningar á eigendaskiptum á framangreindum hlutabréfum til Búnaðarbanka Íslands hf.

4. Kaupverð

4.1 Kaupverð þeirra hluta sem afhenda skal í fyrstu lotu er ákveðið bæði í íslenskum krónum (kr.) og Bandaríkjadöllum (US\$), en kaupverð þeirra hluta sem afhenda skal í annarri lotu eingöngu í Bandaríkjadöllum. Gengi hlutanna er mismunandi eftir því hvenær þeir eiga að greiðast og verða afhentir, allt eins og nánar greinir hér á eftir.

4.2 Umsamið gengi hlutabréfa Búnaðarbanka Íslands hf., sem afhenda skal í fyrstu lotu, að nafnverði kr. 893.355.127, er kr. 4,75 fyrir hvern hlut sem

VIA 

greiddur er í kr., en fyrir hluti að nafnvirði kr. 595.570.086, US\$ 55,569 fyrir hverja 1.000 hluti sem greiddir eru í US\$. Kaupverð þeirra hluta sem afhenda skal í fyrstu lotu er því kr. 4.243.436.857 - krónurfjórirmilljarðartvöfundruðfjörutíuogþrjámilljónir-fjögurhundruðþrjátíuogsexþúsundáttahundruðfimmtíuogsjö - og US\$ 33.094.968,00 -US\$þrjátíu- ogþrjámilljónirníutíuogfjögurþúsundníuhundruðsextíuogátta-.

- 4.3 Umsamið gengi hlutabréfa Búnaðarbanka Íslands hf., sem afhenda skal í annarri lotu, að nafnvirði kr. 992.616.808, er US\$ 57,532 fyrir hverja 1.000 hluti. Kaupverð þeirra hluta sem afhenda skal í annarri lotu er því US\$57.107.230,19 - US\$fimmtíuogsjömilljónireitthundraðogsjöþúsundtvöfundruðogþrjátíu19/00-. Kaupverðið í annarri lotu skal þó hækka um 1,55313% miðað við ár reiknað frá og með undirritun samnings þessa til greiðsludags.
- 4.4 Kaupverðið er samþykkt af kaupendum út frá þeim almennu upplýsingum um Búnaðarbanka Íslands hf. sem fyrir liggja á markaði ásamt kynningu sem kaupendur hafa fengið hjá stjórnendum Búnaðarbanka Íslands hf., en framangreindar upplýsingar eru ekki innherjaupplýsingar, auk þess sem kaupendum hefur nokkrum dögum fyrir undirritun kaupsamnings þessa verið kynnt niðurstaða áreiðanleikakönnunar sem endurskoðunarfirmað PricewaterhouseCoopers hefur unnið síðustu vikur fyrir Búnaðarbanka Íslands hf. í tilefni af fyrirhugaðri sölu hluta samkvæmt kaupsamningi þessum. Seljandi ber enga ábyrgð á neinum þeim upplýsingum sem kaupendur byggja verðmat sitt á, óháð því frá hverjum eða hvaðan slíkar upplýsingar eru komnar.

5. Greiðsla kaupverðsins

5.1 Kaupverðið greiðist þannig:

5.1.1 Kaupverð þeirra hluta sem afhenda skal í fyrstu lotu, kr. 4.243.436.857 og US\$ 33.094.986, greiðist að fullu innan 30 daga frá eftirtöldu sem síðast gerist:

- i) Undirritun samnings þessa,
- ii) samþykki Fjármálaeftirlitsins og að sendri tilkynningu systurstofnunar Fjármálaeftirlitsins í Luxembourg, Commission de Surveillance du Secteur Financier, og,
- iii) fullnægju annarra skilyrða samnings þessa, sem fram koma í kafla 9.

5.1.2 Kaupverð þeirra hluta sem afhenda skal í annarri lotu, US\$57.107.230,19, uppreiknað í samræmi við vaxtagreiðslur samkvæmt grein 4.3, greiðist að fullu í síðasta lagi hinn 20. desember 2003, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins og að sendri tilkynningu til systurstofnunar Fjármálaeftirlitsins í Luxembourg, Commission de Surveillance du Secteur Financier, og að uppfylltum öðrum skilyrðum samnings þessa.

5.2 Seljandi skal hið minnsta fimm bankadögum fyrir gjalddaga fyrstu lotu tilnefna bankareikning sem kaupendur skulu greiða kaupverðið inn á.

W. H. Ma

6. Arður af þeim hlutum sem afhenda skal

- 6.1 Seljandi skal eiga rétt til arðs og allra annarra greiðslna af hinum seldu hlutum sem afhenda skal í annarri lotu á meðan hann er eigandi þeirra.
- 6.2 Arður sem seljandi fær í hendur frá Búnaðarbanka Íslands hf. af þeim hlutum sem hér um ræðir, skal dreginn frá og koma til frádráttar greiðslu fyrir þá hluti sem afhenda skal í annarri lotu.
- 6.3 Verði efnatími fyrstu lotu samkvæmt gr. 5.1.1 ekki kominn, þegar arður verður greiddur af þeim hlutum, sem afhenda á í fyrstu lotu, er seljanda skylt að halda arðgreiðslu til afhendingar til kaupenda, þegar fyrsta lota samnings hefur verið efnd. Verði samningurinn ekki efndur að þessu leyti af einhverjum ástæðum fellur niður þessi skylda seljanda til þess að halda arðgreiðslu til afhendingar til kaupenda.
- 6.4 Við útreikning á frádrætti frá kaupverði samkvæmt ofangreindu skal miða við gengi US\$/ISK eins og það er skráð á þeim degi sem arður er greiddur út.

7. Fjármögnun kaupenda

- 7.1 Kaupendur skuldbinda sig til að fjármagna kaupin sem hér segir:
 - 7.1.1 Samvinnulífeyrissjóðurinn og Vátryggingafélag Íslands hf. greiða hlutfallslegt kaupverð sitt af óbundnu eigin fé.
 - 7.1.2 Eignarhaldsfélagið Samvinnuþryggingar fjármagnar sinn hluta kaupverðsins með lánum allt að 35% af sínum hluta kaupverðsins, en eftirstöðvarnar með sölu eigna, annarra en hluta sinna í Búnaðarbanka Íslands hf., eða veðsetningu eigna.
 - 7.1.3 Egla hf. fjármagnar sinn hluta að minnsta kosti 65% með eigin fé, en allt að 35% með lánsfé í samræmi við grein 7.3.
- 7.2 Kaupendum er óheimilt að fjármagna kaupin með þátttöku Búnaðarbanka Íslands hf., hvort sem er beinni fjármögnun Búnaðarbanka Íslands hf. eða óbeinni í formi ábyrgða eða nokkurra skuldbindinga af hálfu Búnaðarbanka Íslands hf., hvort sem er í heild eða að hluta. Þrátt fyrir ofangreint getur Eignarhaldsfélagið Samvinnuþryggingar fengið fjármögnun á hluta af kaupum á þeim hlutum sem Eignarhaldsfélagið Samvinnuþryggingar kaupir samkvæmt samningi þessum, ef núverandi bankastjórn óskar eftir því að veita slíkt lán í samkeppni við aðrar lánastofnanir á innlendum fjármálamarkaði, svo fremi sem slík fjármögnun nemi ekki meira en 35% af heildarkaupverði hluta Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþryggingar.
- 7.3 Eins og fram kemur í grein 7.1 fjármagnar Egla hf. sinn hluta að minnsta kosti 65% með eigin fé og allt að 35% með lánsfé. Eigendur hlutafjár í Eglu hf. eru Ker hf. 49,5%, Hauck & Aufhaeuser Privatbankiers KGAA 50% og Vátryggingafélag Íslands hf. 0,5%. Hluthafar í Eglu hf. ábyrgjast hver fyrir sig það framlag sitt til eigin fjár Eglu hf., sem nauðsynlegt er til þess að fjármagna kaup Eglu hf. í fyrstu og annarri lotu. Lánsfé til Eglu hf. verður lagt fram af íslenskum banka á kjörum lánsloforðs, sem leggja skal fram eigi síðar en 3. febrúar 2003. Kjörum þessa lánsloforðs geta hvorki Egla hf. né viðkomandi íslenskur banki breytt án skriflegs samþykkis seljanda fyrr en kaupverð annarrar lotu hefur verið greitt. Lánsloforð þetta

skal m.a. fela í sér skilyrðislausu skuldbindingu af hálfu viðkomandi íslensks banka til Eglu hf. vegna þeirra skuldbindinga sem hvíla á Eglu hf. samkvæmt samningi þessum, og að Eglu hf. geti eingöngu nýtt sér lánsféð til þess að greiða 35% af skuldbindingu sinni samkvæmt fyrstu og annarri lotu kaupanna án frekari skilyrða. Eglu hf. skuldbindur sig til þess að nýta fé samkvæmt lánslofordinu eða lánasamningi, gerðum samkvæmt því, eingöngu til þess að greiða 35% hluta í fyrstu og annarri lotu, en 65% kaupverðsins greiðir Eglu hf. með eigin fé, eins og fram kemur í grein 7.1.3.

8. Ábyrgðir seljanda

- 8.1 Seljandi lýsir því hér með yfir og ábyrgist að hinir seldu hlutir séu í eigu seljanda og seldir án nokkurra kvaða eða takmarkana annarra en getur í samþykktum félagsins og þeirra sem fram koma í samningi þessum. Þessi grein 8.1 er tæmandi um þau atriði sem seljandi ábyrgist.

9. Skilyrði seljanda

- 9.1 Kaupsamningur þessi er af hálfu seljanda háður eftirfarandi skilyrðum:
- 9.2 Að hlutir þeir sem afhenda skal í fyrstu lotu, og þar að auki 5,82% af útgefnu hlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf. sem afhentir verða í annarri lotu, eða samtals 33,3% af útgefnu hlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf., verði áritaðir um að kaupanda sé óheimilt, nema með skriflegu samþykki seljanda, að framselja, veðsetja þannig að hægt verði að ganga að veðinu fyrr en að liðnum tuttugu og einum mánuði frá undirritun samnings þessa, eða ráðstafa hlutunum, eða réttindum samkvæmt þeim, í tuttugu og einn mánuð frá undirritun samnings þessa, sbr. grein 11.1, sbr. texta í fylgiskjali nr. 3. Komi til veðsetningar hinna seldu hluta af hálfu kaupanda, þá skal tryggt að veðsamningurinn taki fullt tillit til framangreindrar kvaðar, þannig að ekki sé hægt að ganga að ofangreindum hlutum þrátt fyrir hugsanlegar vanefndir kaupanda, fyrr en þær hömlur sem eru á ráðstöfun ofangreindra hluta eru fallnar niður. Hlutir kaupanda skulu áritaðir í samræmi við ofangreint í hlutfalli við eignarhlut þeirra samkvæmt grein 2.3.
- 9.3 Að samþykktir Eglu hf. endurspegli þær takmarkanir sem hvíla á ráðstöfun hluta í félaginu og takmarkanirnar verði áritaðar á alla útgefna hluti í Eglu hf., sbr. greinar 11.3, 11.4 og 11.7, sbr. fylgiskjal nr. 2.
- 9.4 Að kaupendur leiti samþykkis Fjármálaeftirlitsins við því að kaupendur eignist virkan eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. og Fjármálaeftirlitið samþykki, án verulegra skilyrða, ráðstöfun þeirra hluta sem hér um ræðir og að tilkynning hafi verið send til systurstofnunar Fjármálaeftirlitsins í Luxembourg, Commission de Surveillance du Secteur Financier. Kaupendur skulu tilkynna seljanda skriflega um viðbrögð ofangreindra aðila um leið og kaupendur fá slíkar upplýsingar í hendur og afhenda seljanda afrit af öllum tilkynningum og samskiptum við ofangreinda aðila.
- 9.5 Að kaupendur hafi gert með sér hluthafasamkomulag í samræmi við kafla 12 sem seljandi hefur samþykkt sérstaklega.
- 9.6 Komi til þess að kaupendur selji þriðja aðila allt að 5,82% hlut af útgefnu hlutafé Búnaðarbanka Íslands hf. af þeim 33,3% hlut sem getið er í grein

9.2, hér að framan, þá er það skilyrði af hálfu seljanda að viðkomandi þriðji aðili verði bundinn af öllum skyldum kaupenda samkvæmt samkomulagi þessu með sama hætti og kaupendur.

- 9.7 Að lánsloforð í samræmi við grein 7.3, sem fullnægjandi er að mati seljanda, verði lagt fram eigi síðar en 3. febrúar 2003. Verði ofangreint lánsloforð ekki lagt fram innan ofangreinds frests, skal það teljast veruleg vanefnd af hálfu Eglu hf. og er seljanda þá heimilt að rifta samningi þessum hvað snertir Eglu hf., sbr. þó 13. kafli.
- 9.8 Kaupendur lýsa því hér með yfir að þeir séu sé félög stofnuð og starfrækt í samræmi við íslensk lög.

10. Meðferð atkvæðisréttar fram að annarri lotu

- 10.1 Í ljósi þess að samkvæmt samningi þessum munu kaupendur eigi síðar en 20. desember 2003, eiga 45,8% hlut í Búnaðarbanka Íslands hf., skal seljandi, við beitingu atkvæðisréttar sem fylgir þeim hlutum sem afhenda skal í annarri lotu, hafa samráð við kaupendur með það að markmiði að samkomulag náist milli aðila um kjör á bankaráði Búnaðarbanka Íslands hf. sem og aðrar meiriháttar ákvarðanir sem teknar kunna að verða á hluthafafundum þar til þeir hlutir sem afhenda skal í annarri lotu hafa verið afhentir.
- 10.2 Ofangreint felur ekki í sér framsal atkvæðisréttar sem fylgir þeim hlutum sem afhenda skal í annarri lotu.

11. Takmarkanir á ráðstöfun hlutanna

- 11.1 Kaupendum, í heild eða hverjum fyrir sig, er óheimilt, nema að fengnu skriflegu samþykki seljanda, að selja, eða ráðstafa á annan hátt, þeim hlutum sem afhentir verða í fyrstu lotu, og 5,82% útgefnu hlutafé Búnaðarbanka Íslands hf., sem hluta af þeim hlutum sem afhentir verða í annarri lotu, eða samtals 33,3% af útgefnu hlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf., eða veðsetja hlutina þannig að hægt verði að ganga að veðinu fyrr en að liðnum tuttugu og einum mánuði frá undirritun samnings þessa eða selja, ráðstafa eða veðsetja réttindi samkvæmt þeim, í tuttugu og einn mánuð frá undirritun samnings þessa. Kaupendum er hins vegar frjálst að ráðstafa 12,5% af útgefnu hlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf. sem afhent er í annarri lotu.
- 11.2 Þrátt fyrir ofangreint er kaupendum þó heimilt að framselja samtals allt að 5,82% af útgefnu hlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf., til þriðja aðila sem undirgengst allar þær skuldbindingar sem kaupendur hafa undirgengist samkvæmt samningi þessum, fylgiskjölum og öðrum samningum tengdum þeim viðskiptum sem hér um ræðir, þannig að hann verði jafnsettur kaupendum gagnvart seljanda við kaup á ofangreindum hlutum. Áður en til framsals ofangreindra hluta getur komið skal seljanda tilkynnt skriflega og sannanlega um fyrirhuguð aðilaskipti og seljanda afhent undirritað fyrirvaralaust og óskilyrt samþykki viðkomandi kaupanda við því að undirgangast ofangreindar skuldbindingar gagnvart seljanda, sbr. fylgiskjal 5.
- 11.3 Hluthöfum Eglu hf., er einnig óheimilt að selja, veðsetja eða ráðstafa á annan hátt, hlutum sínum í Eglu hf., eða réttindum samkvæmt þeim, í

tuttugu og einn mánuð frá undirritun samnings þessa, nema að fengnu skriflegu samþykki seljanda. Þrátt fyrir þetta ákvæði getur Vátryggingafélag Íslands hf. selt sinn hlut í Eglu hf., að hluta eða öllu leyti, til annarshvors eða beggja annarra hluthafa í Eglu hf. Ofangreindar hömlur skulu gilda um alla nýja hluti í Eglu hf. hvort sem er með útgáfu nýrra hluta eða með útgáfu jöfnunarhluta. Jafnframt skal Eglu hf. og hluthöfum Eglu hf. óheimilt að selja nýja hluti í Eglu hf. til aðila sem ekki er hluthafi í Eglu hf. í tuttugu og einn mánuð frá undirritun samnings þessa, nema að fengnu skriflegu samþykki seljanda.

- 11.4 Hluthöfum Eglu hf. er óheimilt að slíta félaginu án skriflegs samþykkis seljanda fyrr en að liðnum tuttugu og einum mánuði frá undirritun samnings þessa nema þær hömlur sem eru á ráðstöfun hluta á hinum seldu hlutum verði fyrr niður fallnar. Slíku samþykki skal ekki aftur haldið án málefnalegra ástæðna ef fyrirhuguð slit eru í tengslum við yfirfærslu réttinda og skyldna kaupanda í annað félag í eigu hluthafanna. Samþykktir Eglu hf. skulu hafa að geyma ákvæði til staðfestingar ofangreindu, sbr. fylgiskjal nr. 2.
- 11.5 Ákvæði greinar 11.1 skulu þó ekki standa í vegi fyrir hugsanlegum samruna Búnaðarbanka Íslands hf. við önnur fjármálafyrirtæki, eða yfirtöku annarra fjármálafyrirtækja á Búnaðarbanka Íslands hf., þar sem hlutir í öðru fjármálafyrirtæki koma í stað hluta kaupanda í Búnaðarbanka Íslands hf., að því gefnu að hlutir kaupanda í hinu sameinaða félagi eða yfirtökufélaginu verði háðir þeim takmörkunum sem fram koma hér að ofan. Óski kaupendur eftir undanþágu frá ákvæðum grein 11.1 um sölu eða ráðstöfun á hlutunum eftir sameiningu Búnaðarbanka Íslands hf. við annað fjármálafyrirtæki innan tuttugu og eins mánaðar frá undirritun samnings þessa, skal seljandi, meðal annarra málefnalegra sjónarmiða, líta til þess við mat á undanþágubeiðni, hvort markmið samnings þessa hafi náðst og hvort kaupendur hafi með eignarhluta sínum virk áhrif í sameinuðu félagi.
- 11.6 Hlutir þeir sem hér um ræðir skulu áritaðir um ofangreindar takmarkanir á viðskiptum með þá með skráningu í skráningarkerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Hið sama skal gilda um hluti kaupanda í sameinuðu félagi eða yfirtökufélagi, sbr. grein 11.5, ef svo ber undir. Í fylgiskjali nr. 3 er að finna texta sem árita skal á hluti þá sem hér um ræðir. Hlutaskrá Búnaðarbanka Íslands hf. skal jafnframt tilkynnt um ofangreindar hömlur og skal athugasemd þar um skráð í hlutaskrá félagsins.
- 11.7 Samþykktir Eglu hf. skulu endurspegla þær kvaðir sem gilda um ráðstöfun hluta í félaginu og allir útgefnir hlutir í Eglu hf. skulu jafnframt áritaðir um kvaðirnar. Í fylgiskjali nr. 2 er að finna ákvæði sem koma skulu fram í samþykktum Eglu hf. og árita skal á hlutina.
- 11.8 Viðskiptaráðherra kemur fram fyrir hönd seljanda vegna þeirra tilvika sem leita þarf samþykkis seljanda samkvæmt samningi þessum.

12. Hluthafasamkomulag kaupanda

- 12.1 Kaupendur hafa gert með sér hluthafasamkomulag það sem fram kemur í fylgiskjali nr. 4. Markmið hluthafasamkomulagsins er að tryggja að kaupendur komi fram sem einn aðili, kjölfestufjórðing, í tengslum við eignarhald þeirra á hlutum þeim sem hér um ræðir.

- 12.2 Samkvæmt hluthafasamkomulaginu skulu kaupendur koma fram sem einn hluthafi í Búnaðarbanka Íslands hf. og skulu ávallt beita samhlöðum og óskiptum atkvæðisrétti sínum sameiginlega á hluthafafundum, og áhrifum innan stjórnar félagsins.
- 12.3 Eins og fram kemur í grein 9.2 og 11.2 er kaupendum heimilt að selja allt að 5,82% af útgefnu hlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf. til þriðja aðila, þrátt fyrir þær takmarkanir sem fram koma í grein 9.2 og 11.1 um ráðstöfun á 33,3% hlut kaupenda í Búnaðarbanka Íslands hf. Kaupandi að ofangreindum hlut skal vera bundinn af hluthafasamkomulagi því sem hér um ræðir með sama hætti og kaupendur. Kaupendur skulu áður en slíkt framsal öðlast gildi afhenda seljanda skriflega skuldbindingu slíks kaupanda, sbr. fylgiskjal 5.
- 12.4 Hluthafasamkomulagi þessu verður ekki breytt, það ógilt eða afturkallað, í heild eða að hluta, nema með skriflegu samþykki seljanda, fyrr en að liðnum tuttugu og einum mánuði frá undirritun samnings þessa, nema önnur ákvæði þessa samnings eigi við sem fellir niður framangreinda kvöð á hlutunum.

13. Vanefndir kaupenda o.fl.

- 13.1 Vanefni kaupendur greiðslur samkvæmt samningi þessum, að hluta eða öllu leyti, eða önnur ákvæði samningsins, hvort sem um er að ræða einstakan kaupanda, hluta kaupenda eða kaupendur í heild, er seljanda heimilt að rifta kaupunum gagnvart þeim sem vanefnir, að undangenginni skriflegri viðvörðun þar sem viðkomandi kaupanda er veittur 14 daga frestur til að bæta úr vanefnd sinni. Slík viðvörðun skal send viðkomandi kaupanda skriflega og sannanlega og afrit slíkrar viðvörðunar skal senda öðrum kaupendum.
- 13.2 Kaupendur bera ekki ábyrgð á vanefndum meðkaupenda sinna. Komi hins vegar til lögmætrar riftunar á hluta kaupanna, þá skal öðrum kaupendum boðið að bæta úr vanefnd viðkomandi kaupanda, hlutfallslega miðað við hlutdeild þeirra í kaupum á hlutum í Búnaðarbanka Íslands hf. samkvæmt kaupsamningi þessum. Öðrum kaupendum skal boðinn ofangreindur réttur með formlegum og sannanlegum hætti og gefinn 14 daga frestur til að ákveða hvort þeir muni neyta réttarins og aðrir 14 dagar til þess að greiða kaupverðið. Neyti ekki allir kaupendur sem ekki hafa vanefnt samning þennan ofangreindan rétt eykst hlutfallslegur réttur annarra kaupenda.
- 13.3 Vanefndir hluthafa Eglu hf. jafngilda vanefndum Eglu hf. pro rata við eignarhluta hvers hluthafa. Brjóti einn eða fleiri hluthafar Eglu hf. gegn þeim skuldbindingum sem á þeim eða Eglu hf. hvíla samkvæmt samningi þessum, fyrir 16. október 2004, er seljanda heimilt að rifta kaupunum við Eglu hf. fyrirvaralaust. Eiga þá við ákvæði greinar 13.2 um úrbótarétt annarra kaupenda
- 13.4 Verði gert árangurslaust fjárnám hjá einum eða fleiri kaupendum, fari kaupendur fram á greiðslustöðvun eða nauðasamninga, komi fram krafa um gjaldþrotaskipti, ákveði hluthafar Eglu hf. að slíta félaginu án undangengins samþykkis seljanda, er seljanda heimilt að rifta samningi þessum fyrirvaralaust gagnvart viðkomandi kaupanda.
- 13.5 Komi til þess að seljandi hafi heimild til að rifta samningi þessum vegna vanefnda kaupenda, skal fallin niður skylda seljanda til að afhenda

viðkomandi kaupanda þá hluti í Búnaðarbanka Íslands hf. sem ekki hafa verið afhentir við riftun, og fer þá um afleiðingar riftunar eftir reglum íslensks kröfuréttar.

14. Samskipti aðila

- 14.1 Öll samskipti aðila sem tengjast samningi þessum skulu vera skrifleg og skal senda allar tilkynningar sannanlega á neðangreind heimilisföng:

Íslenska ríkið

Fjármálaráðuneytið og
viðskiptaráðuneytið
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Kaupendur

Egla hf.
Berist til: Kers hf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Vátryggingafélag Íslands hf.
Ármúla 3
108 Reykjavík

Samvinnulífeyrissjóðurinn
Húsi verslunarinnar
Kringlunni
103 Reykjavík

Eignarhaldsfélagið Samvinnuþryggingar
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

- 14.2 Tilkynningar sendar til aðila samnings þessa á ofangreind heimilisföng teljast birtar fyrir viðkomandi aðilum með fullnægjandi hætti.

15. Birting upplýsinga

- 15.1 Efni samnings þessa er trúnaðarmál og skulu samningsaðilar ekki upplýsa þriðja aðila um efni samnings þessa nema lög kveði á um annað, sbr. upplýsingalög nr. 50/1996.
- 15.2 Aðilar skuldbinda sig til að samræma allar tilkynningar til fjölmiðla og annarra aðila í tengslum við samning þennan.

16. Breytingar og viðbætur við samning þennan

- 16.1 Hvers kyns breytingar eða viðbætur við samning þennan skulu gerðar skriflega og vera undirritaðar af samningsaðilum.

17. Framsal réttinda

- 17.1 Kaupendum er óheimilt að framselja þau réttindi eða skyldur sem fram koma í samningi þessum í bága við efni hans eða ráðstafa þeim á annan hátt, án skriflegs samþykkis seljanda.

18. Varnarping og lagavai

- 18.1 Samningur þessi er milli Íslenskra aðila og er skrifaður á íslenska tungu. Íslensk lög gilda um samning þennan.
- 18.2 Öll mál sem rísa kunna vegna samnings þessa verða eingöngu borin íslenska dómstóla.


19. Ábyrgð á undirritun

- 19.1 Þeir sem rita undir samning þennan fyrir hönd kaupenda og hluthafa í Eglu hf., ábyrgjast persónulega að hafa umboð til að skuldbinda viðkomandi aðila með undirritun sinni, eins og samningurinn gerir ráð fyrir, og skulu viðkomandi framvísa skriflegu umboði sínu í samræmi við ofangreint hvenær sem seljandi óskar þess.

20. Undirritun og eintök samnings

- 20.1 Öllu framanrituðu til staðfestu rita fulltrúi seljanda og fulltrúar kaupenda nöfn sín undir samning þennan í votta viðurvist.
- 20.2 Jafnframt árita allir hluthafar Eglu hf. samning þennan til staðfestingar þeirra skuldbindinga sem fram koma í köflum 7, 9, 11, 12 og 13.
- 20.3 Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og skulu kaupendur halda einu eintaki og seljandi öðru.

Reykjavík, 16. janúar 2003




Valgerður Svverrisdóttir,
viðskiptaráðherra,
F.h. íslenska ríkisins




Ólafur Ólafsson
F.h. Eglu hf.


Staðfest




Geir H. Haarde,
fjármálaráðherra,
f.h. íslenska ríkisins



Margrét Daníelsson
F.h. Samvinnulífeyrissjóðsins



Finnur Ingólfsson
F.h. Vátryggingafélags Íslands hf.




Axel Gíslason
F. h. Eignarhaldsfélagsins
Samvinnutryggingar




Undirritaðir, eigendur alls útgefins hlutfjár í Eglu hf., árita hér með samning þennan til staðfestingar þeim ákvæðum er varða Eglu hf. og fram koma í köflum 9, 11, 12 og 13 hér að ofan, ásamt því að ábyrgjast að þær breytingar sem gera skal á samþykktum Eglu hf., sbr. fylgiskjal nr. 2, verði gerðar á löglegum hluthafafundi og breytingarnar skráðar hjá hlutafélagaskrá fyrir afhendingu þeirra hluta sem afhenda á í fyrstu lotu og eigi síðar en 31. janúar 2003. Ennfremur ábyrgjumst við sem eigendur alls útgefins hlutfjár í Eglu hf. að leggja félaginu til eigið fé samkvæmt kafla 7, þannig að eiginfjárlutfall félagsins sé 65% í samræmi við eignarhluta hvers hluthafa.


The undersigned owners of all the issued shares in Eglu hf. hereby attach their signatures to this Agreement in acceptance of the provisions relating to Eglu hf. included in Articles 9, 11, 12 and 13 above and in confirmation that the amendments to be made to the Articles of Association of Eglu hf., as further described in Annex 2, will be made at a lawful shareholders' meeting and that the amendments will be registered at the Register of Companies prior to the delivery of the Shares to be delivered in the First Stage, and no later than 31 January 2003. Furthermore, we undertake, as the owners of all the issued shares in Eglu hf., to contribute equity to the Company pursuant to Article 7, in proportion to the share of each shareholder, so that the equity ratio of the Company stands at 65%.



Peter Gatti,
F.h. Hauck & Aufhaeuser Privatbankiers KGAA




Kristján Loftsson,
F.h. Kers hf.




Finnur Ingólfsson
F. h. Vátryggingafélag Íslands hf.

Vitundarvottar að rétttri
dagsetningu og undirskriftum aðila:



Nafn og kennitala



Nafn og kennitala

Viðauki 4 Skrá yfir þá sem gáfu skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni á grundvelli laga nr. 68/2011

Tilgreind eru nöfn skýrslugjafa, dagsetning skýrslutöku og staðsetning eða annars form skýrslutöku. Símaskýrslur voru eðli máls samkvæmt einungis teknar upp í hljóði en aðrar skýrslur í hljóði og mynd. Fram koma stöður eða starfsheiti skýrslugjafa sem hér hafa þýðingu, frá þeim tíma þegar atvik gerðust sem skýrslutökur vörðuðu. Nánari grein er gerð fyrir rannsókn nefndarinnar, þar með töldum skýrslutökum, í 1. kafla skýrslunnar.

1. Benedikt Árnason, skrifstofustjóri hjá viðskiptaráðuneytinu, 15. nóvember 2016, Þjóðmenningarhús.
2. Skarphéðinn Berg Steinarsson, starfsmaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu, 15. nóvember 2016, Þjóðmenningarhús.
3. Ármann Þorvaldsson, forstöðumaður fyrirtækjaþjónustu Kaupþings hf., 15. nóvember 2016, Þjóðmenningarhús.
4. Guðmundur Ólason, starfsmaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu, 15. nóvember 2016, símaskýrsla.
5. Páll Magnússon, kaupsýslumaður, 29. desember 2016, starfsstöð rannsóknarnefndar.
6. Ólafur Davíðsson, formaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu, 29. desember 2016, starfsstöð rannsóknarnefndar.
7. Jón Kristjánsson, kaupsýslumaður, 29. desember 2016, starfsstöð rannsóknarnefndar.
8. Hreiðar Már Sigurðsson, aðstoðarforstjóri Kaupþings hf. og síðar forstjóri Kaupþings Búnaðarbanka hf./KB banka hf./Kaupþings banka hf., 30. janúar 2017, Héraðsdómur Reykjavíkur.
9. Ólafur Ólafsson, forstjóri Samskipa hf., stjórnarmaður í Keri hf. og Eglu hf. og helsti forsvarsmáður S-hópsins, 30. janúar 2017, Héraðsdómur Reykjavíkur.
10. Sigurður Einarsson, forstjóri Kaupþings hf. og síðar stjórnarformaður Kaupþings Búnaðarbanka hf./KB banka hf./Kaupþings banka hf., 1. febrúar 2017, Héraðsdómur Reykjavíkur.
11. Guðmundur Hjaltason, framkvæmdastjóri hjá Samskipum hf., síðar forstjóri Kers hf. og framkvæmdastjóri Eglu hf., 8. febrúar 2017, Héraðsdómur Reykjavíkur.
12. Bjarki Diego, starfsmaður fyrirtækjaþjónustu Kaupþings hf., 21. febrúar 2017, Þjóðmenningarhús.
13. Margeir Danielsson, framkvæmdastjóri Samvinnulífeyrissjóðsins og stjórnarmaður í Keri hf., 21. febrúar 2017, Þjóðmenningarhús.
14. Finnur Ingólfsson, forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf., 21. febrúar 2017, Þjóðmenningarhús.
15. Kristín Pétursdóttir, forstöðumaður fjárstýringar Kaupþings hf., 24. febrúar 2017, Þjóðmenningarhús.
16. Kristján Loftsson, stjórnarformaður Kers hf., 24. febrúar 2017, Þjóðmenningarhús.
17. Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Kaupthing Bank Luxembourg S.A., 24. febrúar 2017, Þjóðmenningarhús.
18. Steingrímur P. Káráson, forstöðumaður áhættustýringar Kaupþings hf., 24. febrúar 2017, símaskýrsla.